# Stjórnartíðindi
# 1985 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 493 og 998.
Gallar á bls. 508, 515, 589, 843-844, 967, 1000, og 1007.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 348 8. október 1976 um happdrætti Háskóla Íslands.**

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 200,00 í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða kr. 2.400,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 13 13. apríl 1973 um happdrætti Háskóla Íslands, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 377 13. ágúst 1984.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júlí 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

5. júlí 1985 Nr. 274

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Kleppsmýrarvegur verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Elliðavog.
2. Súðarvogur verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann víki fyrir umferð um Kleppsmýrarveg og Elliðavog.
3. Einstefnuakstur verður á Laufásvegi frá Bókhlöðustíg að Skálholtsstíg og bifreiðastöður leyfðar beggja vegna á götunni á þeim kafla.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. þ. m.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. júlí 1985.*

**Sigurjón Sigurðsson.**



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

# REGLUR

## um hreindýraveiðar árið 1985.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 550 hreindýr í Norður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1985. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Fjallahreppur | 3 | hreindýr |
| 2. | Skeggjastaðahreppur | 3 | — |
| 3. | Vopnafjarðarhreppur | 9 | — |
| 4. | Fljótsdalshreppur | 35 | — |
| 5. | Jökuldalshreppur | 35 | — |
| 6. | Fellahreppur | 16 | — |
| 7. | Tunguhreppur | 16 | — |
| 8. | Hlíðarhreppur | 6 | — |
| 9. | Hjaltastaðahreppur | 24 | — |
| 10. | Borgarfjarðarhreppur | 50 | — |
| 11. | Seyðisfjarðarhreppur | 4 | — |
| 12. | Seyðisfjörður | 4 | — |
| 13. | Skriðdalshreppur | 26 | — |
| 14. | Vallahreppur | 26 | — |
| 15. | Egilsstaðahreppur | 12 | — |
| 16. | Eiðahreppur | 16 | — |
| 17. | Mjóafjarðarhreppur | 18 | — |
| 18. | Norðfjarðarhreppur | 60 | — |
| 19. | Helgustaðahreppur | 60 | — |
| 20. | Eskifjörður | 14 | — |
| 21. | Reyðarfjarðarhreppur | 18 | — |
| 22. | Búðahreppur | 4 | — |
| 23. | Stöðvarhreppur | 4 | — |
| 24. | Breiðdalshreppur | 14 | — |
| 25. | Beruneshreppur | 14 | — |
| 26. | Búlandshreppur | 8 | — |
| 27. | Geithellnahreppur | 14 | — |
| 28. | Bæjarhreppur | 8 | — |
| 29. | Nesjahreppur | 6 | — |
| 30. | Hafnarhreppur | 3 | — |
| 31. | Mýrahreppur | 20 | — |
| | Samtals | 550 | hreindýr |

3. gr.

Auk þeirra hreindýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. þ. h. og koma þau dýr ekki til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs en hver hreppsnefnd (bæjarstjórn) skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð, enda greiði hann þóknun þeim mönnum sem eru hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar, sbr. 5. gr. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa og kaupstaða, sem nefndir eru í 2. gr., nema samkomulag verði um það að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir fasta þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra hafa ekki heimild til að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga að nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á að skv. lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, sbr. og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, varða sektum samkvæmt lögum nr. 75/1982.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 326/1984 um hreindýraveiðar árið 1984.

*Menntamálaráðuneytið, 15. júlí 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Runólfur Þórarinsson.*

Nr. 276 9. júlí 1985

# GJALDSKRÁ

**fyrir Hitaveitu Reykhólahrepps.**

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Reykhólahrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemill er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald fyrir hvern hemil á mánuði .......... kr. 150.00.
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils .......... kr. 255.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin þriðja hvern mánuð. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Reykhólahrepps skulu vera .......... kr. 17.000,00 fyrir hvert einbýlishús.

7. gr.

Strax að lokinni tengingu heimæðar er heimæðagjaldið gjaldfallið.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1985. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykhólahrepps, nr. 773, 5. desember 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. júlí 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

8. júlí 1985 Nr. 277

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Eyra**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns ........ kr. 37,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

a) fyrir mæla til og með ¾“—1“ ........ kr. 393,00
b) fyrir mæla til 1¼“—2“ ........ kr. 786,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald .......... kr. 230,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

| Rúmmál húsa (utanmál) | Heimæðagjald | | |
|---|---|---|---|
| Allt að 500 $m^3$ | kr. | 29 900,00 | + 60,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| 500—2000 $m^3$ | kr. | 60 100,00 | fyrir 500$m^3$+ 40,20 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000—6000 $m^3$ | kr. | 121 000,00 | fyrir 2000$m^3$+ 30,20 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 6000$m^3$ | kr. | 240 000,00 | fyrir 6000$m^3$+ 23,90 kr/$m^3$ þar yfir |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta .......... kr. 5 200,00

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni .......... 405,00

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 22. júlí 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 488, 19. desember 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 8. júlí 1985*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

8. júlí 1985 Nr. 278

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhreppi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu koma á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heitavatnsins eru sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | kr. | 83,30 |
| b. | Vatnsgjald á mánuði | kr. | 665,00 |

fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimaæð.

| | |
|---|---|
| Eldra hús: | Kr. |
| Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka ........ | 19 181,00 |
| Rúmmetragjald 0—300 m³ án gjalds | |
| gjald umfram 300 m³—1000 m³ ........ | 33,00 pr/m³ |
| gjald umfram 1000 m³ ........ | 22,00 pr/m³ |
| | |
| Ný hús (nýbyggingar): | |
| Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka ........ | 43 700,00 |
| Rúmmetragjald 0—300 m³ án gjalds | |
| gjald umfram 300 m³—1000 m³ ........ | 33,00 pr/m³ |
| gjald umfram 1000 m³ ........ | 22,00 pr/m³ |

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er ........ kr. 184,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrábreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 22. júní 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 661, 5. september 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 8. júlí 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

16. júlí 1985 Nr. 279

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Sauðárkróks**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ........ kr. 313,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

### 6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (utanmál) | Heimæðargjald | | |
|---|---|---|---|
| 400—2 000 $m^3$ = | 34 398,00 kr. fyrir | 400 $m^3$ | 26,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000—6 000 $m^3$ = | 77 860,00 kr. fyrir | 2 000 $m^3$ | 24,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| 6 000—10 000 $m^3$ = | 172 536,00 kr. fyrir | 6 000 $m^3$ | 21,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 10 000 $m^3$ = | 259 896,00 kr. fyrir | 10 000 $m^3$ | 17,00 kr/$m^3$ þar yfir |

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

### 7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## IV. KAFLI

### 8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera ................ kr. 14,00

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 3/4" ........................................ kr. 130,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1"—2½" .................................. kr. 291,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri ............................... kr. 592,00 pr. mán.

### 9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

### 10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 209 20. maí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. júlí 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

9. júlí 1985 Nr. 280

# GJALDSKRÁ

**fyrir Hitaveitu Laugaráss, Laugarási Biskupstungum.**

1. gr.

Hitaveitan sér um dreifingu á heitu vatni á orkuveitusvæði sínu og innheimtir gjald fyrir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur notendum sínum í té það vatnsmagn, sem samið hefur verið um við Laugaráslæknishérað eða Biskupstungnahrepp og hitaveituna.

3. gr.

Hitaveitan stillir hámarksrennsli til hvers notanda. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir dreifingu heita vatnsins við hámarksstillingu. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki skemmri tíma en 2 mánuði samfellt og ekki lengri tíma en 6 mánuði.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta inntaksstillingu þeirri, sem um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir inntaksstillingu eftir óskum notenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið en síðan að jafnaði einungis einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitustjóra fyrir 1. janúar ár hvert. Skylt er notanda að tilkynna hitaveitustjóra um breytingar á hitakerfum, sem raskað geta mælingu.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

Garðyrkjustöðvar .......... kr. 52.00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar .......... kr. 325.00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús .......... kr. 146.00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra. Ekki má tvíreikna gjald af vatni.

Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en framan greinir, ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessarri.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkvæmt 5. gr. eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fyrir janúar — febrúar | 25. febrúar eindagi 5. mars. |
| Fyrir mars — apríl | 25. apríl eindagi 5. maí. |
| Fyrir maí — júní | 25. júní eindagi 5. júlí. |
| Fyrir júlí — ágúst | 25. ágúst eindagi 5. september. |
| Fyrir september — október | 25. október eindagi 5. nóvember. |
| Fyrir nóvember — desember | 25. desember eindagi 5. janúar. |

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu fyrir eindaga.

Heimilt er að taka hæstu leyfilega dráttarvexti af gjöldum, sem eru í vanskilum.

7. gr.

Tengigjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa, annarra en gróðurhúsa, og vera sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar, allt að 400 rúmmetrum | 47 000,00 |
| og af hverjum rúmmetra þar fram yfir | 35,00 |
| Iðnaðarhús allt að 400 rúmmetrum | 47 000,00 |
| og af hverjum rúmmetra þar fram yfir | 10,00 |
| allt að 2000 rúmmetrum. Sé um stærri hús að ræða koma til sérsamningar við stjórn hitaveitunnar, enda sé þá tekið tillit til vatnsnotkunar. | |
| Stofngjöld til garðyrkju skal miða við vatnsmagn og vera sem hér segir: | |
| Fyrir hvern mínútulítra | 1 100,00 |

8. gr.

Hitaveitan leggur dreifikerfi að lóðamörkum og setur þar stillingu fyrir hámarksrennsli, samkvæmt 3. gr.

Hitaveitunni er heimilt að setja hemla á inntöku íbúðarhúsa.

Allar heimæðar skulu lagðar á kostnað notenda. Í skipulögðum íbúðarhúsahverfum leggur hitaveitan heimæðar inn fyrir vegg íbúðarhúsa og greiðir notandi fyrir samkvæmt reikningi, en aðrar heimæðar er notanda heimilt að leggja undir eftirlit hitaveitustjóra. Telji hitaveitustjóri frágang eða efni heimæðar ófullnægjandi getur hitaveitan neitað viðkomandi um vatn þar til úr hefur verið bætt.

9. gr.

Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta hitaveitugjöldum, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir rennsli heita vatnssins að býli eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 970.00 í hvert sinn.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessarri má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitustjóra eða starfsmönnum hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum lokum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er notendum hitaveitunnar skylt að hlýta tafarlaust fyrirmælum hitaveitustjóra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrábreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 208 frá 20. maí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. júlí 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

17. júlí 1985 Nr. 281

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Blönduóss

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blöndóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

## II. KAFLI

### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | 75,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín. l. í hámarks stillingu hemils | 750,00 |
| c. Vatnsgjald um rennslismæli fyrir hvern rúmmetra vatns | 37,00 |

### 5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

| | |
|---|---|
| A | 1,00/1,0 |
| B | 0,95/1,3 |
| C | 0,90/1,7 |
| D | 0,85/2,8 |

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1,0.

### 6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

## III. KAFLI

### 7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (utanmál) | Heimæðargjald |
|---|---|
| Allt að 300 $m^3$ | 38 996,00 kr. |
| 300— 2 000 $m^3$ | 38 996,00 kr. fyrir 300 $m^3$ og 35,80 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000— 6 000 $m^3$ | 99 914,00 kr. fyrir 2 000 $m^3$ og 28,50 kr/$m^3$ þar yfir |
| 6 000—10 000 $m^3$ | 213 741,00 kr. fyrir 6 000 $m^3$ og 23,20 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 10 000 $m^3$ | 306 488,00 kr. fyrir 10 000 $m^3$ og 20,00 kr/$m^3$ þar yfir |

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 4 216,00.

### 8. gr.

Gjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

## IV. KAFLI

### 9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara.

Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulítra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 750,00.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 110, 27. febrúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. júlí 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring**

*Guðrún Skúladóttir.*

16. júlí 1985 Nr. 282

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Hveragerðis.**

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 799/1983 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:
   1. Gróðurhús 100 $m^2$ og stærri .............................. kr. 420,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
   2. Önnur hús .............................................. kr. 167,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjöld:
   1. Gróðurhús ............................................... kr. 99,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
   2. Önnur hús .............................................. kr. 278,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin til greiðslu í hverjum mánuði og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 $m^3$ að utanmáli ................................ kr. 27 800,00
Hús 300—2000 $m^3$ að utanmáli ................................. kr. 27 800,00
fyrir 300 $m^3$ og ............................................. kr. 20,70
á hvern rúmmetra þar yfir.
Hús stærra en 2000 $m^3$ að utanmáli ........................... kr. 63 300,00
fyrir 2000 $m^3$ og ............................................ kr. 17,25
á hvern rúmmetra þar yfir.
Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki ... kr. 2 580,00

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 216 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 240,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi 1. ágúst 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 135 21. mars 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. júlí 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

28. júní 1985 Nr. 283

# REGLUGERÐ

## um gatnagerðargjöld í Flateyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps er heimilt að leggja á gatnargerðargjöld í sveitarfélaginu eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar: A-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við undirbyggingu götu með vatns- og holræsislögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götu og að ganga endanlega frá gangstétt.

3. gr.

Húseigendur í Flateyrarhreppi skulu greiða til hreppssjóðs Flateyrarhrepps gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. $m^3$ eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands.

4. gr.

Álagning A-gjalda og B-gjalda skal vera sem hér segir:

| | A-gjald | B-gjald |
|---|---|---|
| Einbýlishús, keðjur og parhús á einni hæð | 2.0% | 3.0% |
| Tvíbýlishús, raðhús og íbúðarhús á tveimur hæðum | 1.5% | 2.0% |
| Fjölbýlishús | 1.0% | 1.5% |
| Verslanir og skrifstofubyggingar | 2.0% | 3.0% |
| Opinberar byggingar | 2.0% | 3.0% |
| Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði | 1.0% | 1.5% |
| Bifreiðageymslur | 1.0% | 1.3% |

Auk þessa gjalds skal lóðarhafi greiða í gatnagerðargjöld kr. 30.000 af hverjum fermetra lóðar.

5. gr.

Við álagningu A-gjalda fyrir íbúðarbyggingar skal miða við stærð húss skv. samþykktum uppdráttum. Ef ekki er fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur skal miða við þá stærð húss, sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð:

1. Einbýlishús ..................... $500m^3$
2. Tvíbýlishús og raðhús ..................... $400m^3$
3. Fjölbýlishús ..................... $200m^3$

Í öðrum byggingum skal við útreikninga lágmarksrúmmáls til A-gjalds miðað við lofthæð 3.3 m að innanmáli, nema uppdráttur sýni annað. Miða skal við nýtingarhlutfall lóðar 0.3—0.5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

Við álagningu B-gjalda skal miða við lágmarksstærð húseigna $250m^3$.

Hafi ákvæðum þessarar greinar um lágmarksstærðir verið beitt við álagningu gatnagerðargjalds, skulu viðbyggingar vera gjaldfrjálsar að svo miklu leyti sem þær falla enn innan lágmarksstærðanna.

6. gr.

A-gjöld skv. 4. grein miðast við vísitölu byggingarkostnaðar skv. útreikningi Hagstofu Íslands, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd. Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar greiðist þegar byggingarleyfi er veitt. Þó er hreppsnefnd heimilt að veita gjaldfrest á A og B gjöldum í allt að 1 ár frá fokheldisstigi.

7. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla A-gjalds áskilin skv. reglugerð þessari, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni. Hafi byggingarleyfi verið veitt í byggingarnefnd og aðeins hluti þess notaður innan tilskilins byggingarfrests, skal við endurnýjun leyfisins greiða fullt gjald af þeim hluta, sem endurnýjaður er, eins og það er þá, að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem áður var greitt af sama áfanga.

8. gr.

Lóðin er veitt í því ástandi, sem hún er í við afhendingu, og á lóðarhafi engar kröfur á hendur sveitarfélaginu síðar vegna ástands hennar. Lóðarhafi skal hlíta byggingarskilmálum, ef settir eru, svo og öllum þeim lögum og reglum, sem til greina kunna að koma.

9. gr.

Byggingarfrestur er 12 mánuðir, það er að segja, að lóð fellur aftur til sveitasjóðs hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan þess tíma frá veitingu hennar, nema veitingin hafi verið háð öðrum skilmálum um byggingrfrest. Framkvæmdir teljast hafnar, er undirstöður

hafa verið steyptar. Noti lóðarhafi ekki veitta lóð, skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi svo sem hér segir:

Eftir 6 mánuði endurgreiðast 50%.

Eftirstöðvarnar endurgreiðast eftir 12. mánuði.

Verði lóðin veitt að nýju innan þess tíma, skal fyrri lóðarhafi fá gatnagerðargjaldið endurgreitt, þegar greiðsla skv. þeirri úthlutun fer fram.

10. gr.

Innheimta skal B-gjald af fasteignum, sem skráðar eru við götukafla, sem hverju sinni er lagt á bundið slitlag. B-gjöld skv. 4. gr. skal miða við þá vísitölu byggingarkostnaðar sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram við hlutaðeigandi götu. Nú breytist vísitala meðan verk er unnið og skal þá miða við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

11. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefir verið lögð bundnu slitlagi skal innheimta bæði A-gjald og B-gjald af viðkomandi byggingu. Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal innheimta gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldi reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

12. gr.

Gatnagerðargjald, B-gjald skv. 4. gr. greiðist þannig að 20% greiðist út á framkvæmdaárinu með gjalddaga skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni. Eftirstöðvar, 80% gjaldsins, greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjalddagi afborgana er 1. júlí ár hvert. Ársvextir eru hæstu lögleyfðir vextir og greiðast þeir eftir á, á sömu gjalddögum. Lokagreiðsla, þ. e. síðustu 20% gjaldsins, falla þó ekki í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu, sem viðkomandi fasteign er skráð við.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að veita rýmri gjaldfrest, þegar um er að ræða fasteignir þeirra aðila sem njóta ívilnunar í fasteignaskatti sbr. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga. Skilyrði fyrir gjaldfresti er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi fasteign. Ef um gjaldfrest er að ræða miðast gatnagerðargjaldið við þá vísitölu, sem er í gildi þegar gjaldið er innheimt.

14. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla skv. 4. gr. hvern fyrir sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

15. gr.

Gatnagerðargjaldi fyrir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og dráttarvöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 78 frá 15. mars 1976 um gatnagerðargjöld í Flateyrarhreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi.**

## I. KAFLI

**Gatnagerðargjöld A.**

Um þátttöku lóðarhafa við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Vatnsleysustrandarhreppi skal greiða gatnagerðargjöld til sveitarsjóðs samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

A-gjald vegna nýbyggingar skal miða við ákveðinn hundraðshluta byggingarkostnaðar á rúmmetra í fjölbýlishúsi sbr. 5. gr. laga nr. 51/1974, eins og hann er hverju sinni skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu | 5,0% |
| Raðhús og tvíbýlishús | 3,5% |
| Fjölbýlishús með allt að 8 íbúðum | 2,5% |
| Fjölbýlishús með 8 íbúðum eða fleiri | 2,0% |
| Verslunar- og skrifstofubyggingar | 4,0% |
| Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði | 2,5% |
| Opinberar byggingar | 5,0% |
| Aðrar byggingar | 3,0% |

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húss. Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá. Jafnframt ofangreindu gjaldi og sem hluti þess skal lóðarhafi greiða kr. 20.00 af hverjum fermetra lóðar, hvort sem bygging er þar á lóð eða ekki.

Gjald skal miða við stærð húss skv. samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við stærð húss sem skipulag gerir ráð fyrir, en sé slíkt ekki ákveðið í skipulagi, skal miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

| | |
|---|---|
| Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu | 500 $m^3$ |
| Íbúðir í raðhúsum og tvíbýlishúsum | 400 $m^3$ |
| Íbúðir í fjölbýlishúsum | 300 $m^3$ |

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3 — 0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi. Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað, að því er til stækkunarinnar tekur.

3. gr.

Gjald skv. 2. gr. skal reikna miðað við byggingarkostnað vísitöluhússins þann dag sem teikning er samþykkt í byggingarnefnd, en endurreiknast skv. gildandi byggingarvísitölu við útgáfu byggingarleyfis, sé það ekki gefið út innan 3ja mánaða frá samþykkt teikninga. Sé um blandaða notkun húsnæðis að ræða, skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum. Sé veitt

byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal greiða gjald af hinu breytta húsnæði sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Sama gildir ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðarhús til þess að byggja annað stærra á sömu lóð.

4. gr.

Greiða skal 50% gatnagerðargjalds skv. 2. gr. innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar greiðast þegar byggingarleyfi er veitt, þó ekki síðar en fjórum mánuðum frá lóðarúthlutun, nema byggingarskilmálar setji annan frest til að leggja fram fullgildar teikningar. Sveitarstjórn er heimilt að veita lengri gjaldfrest á eftirstöðvum gatnagerðargjalds, þó ekki lengur en í 6 mánuði frá veitingu byggingarleyfis, enda séu settar fullnægjandi tryggingar. Einnig er sveitarstjórn heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar ef um umfangsmiklar byggingarframkvæmdir eins aðila er að ræða.

5. gr.

Sé gatnagerðargjald ekki greitt í samræmi við ákvæði 4. gr., fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur sveitarstjórn þá úthlutað lóðinni á ný.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ. e. sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er sveitarstjórn að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir ef lóðin er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum. Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð, skal sveitarsjóður greiða lóðarhafa almenna innlánsvexti af innstæðu hans frá því lóðinni var skilað eða hún af honum tekin.

7. gr.

Verði breyting á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma sem líður frá því að fyrri hluti gatnagerðargjalds skv. 4. gr. er greiddur til þess dags er byggingarleyfi er veitt, skal umreikna þá greiðslu samkvæmt breytingu á byggingarvísitölu. Umreikningur þessi skal þó aldrei valda meiri breytingu en svarar til breytingar á byggingarvísitölu á þeim tíma sem byggingarskilmálar veita til að leggja fram teikningar til samþykktar í byggingarnefnd.

8. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarúthlutunar, er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin. Skal þá greiða allt gjaldið þegar byggingarleyfi er veitt, en þó aðeins af byggingaráfanga hverju sinni.

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður gatnagerðargjald bygginga á vegum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

## II. KAFLI

### Gatnagerðargjöld B.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera gangstétt og bundið slitlag á götu.

10. gr.

Af öllum lóðum og húsum sem falla undir I. kafla, skal greiða B-gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt 11. — 13. gr. að því tilskyldu að ekki hafi áður verið innheimt af hlutaðeigandi fasteign A-gatnagerðargjald skv. I. kafla þessarar samþykktar, sem ætlað hefur verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

11. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu | 4,5% |
| Raðhús og tvíbýlishús | 3,0% |
| Fjölbýlishús með allt að 8 íbúðum | 2,0% |
| Fjölbýlishús með 8 íbúðum eða fleiri | 1,5% |
| Verslunar- og skrifstofubyggingar | 3,5% |
| Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði | 2,0% |
| Opinberar byggingar | 4,5% |
| Aðrar byggingar | 2,5% |

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og í I. kafla.

12. gr.

Gatnagerðargjöld samkvæmt 11. gr. miðast við byggingarkostnað á þeim tíma sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram. Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miðað við byggingarkostnað þegar byggingarleyfi er veitt.

13. gr.

Gatnagerðargjald skv. 11. gr. fellur í eindaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við viðkomandi götu eða götukafla, öðrum en við lagningu gangstétta, er lokið eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða. Greiða má 80% gjaldsins með skuldabréfum, sem greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum. Skuldabréfin skulu vera með sömu kjörum og lán þau, er Byggðasjóður veitir til varanlegrar gatnagerðar og greiðast afborganir og vextir ásamt verðbótum á gjalddaganum 1. júlí ár hvert. Sveitarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin. Lokagreiðsla af skuldabréfum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við götu þá, sem viðkomandi fasteign er skráð við. Staðgreiði lóðarhafi álagt gatnagerðargjald skv. 11. gr. er heimilt að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10%, eftir ákvörðun sveitarstjórnar á hverjum tíma.

Sveitarstjórn er heimilt að fresta álagningu B-gjalds, ef um er að ræða íbúðarhúsnæði elli- og örorkulífeyrisþega, sem engar eða litlar tekjur hafa aðrar en tryggingabætur, húsnæðið er af hæfilegri stærð og ekki nýtt til annars en íbúðar fyrir þá. Skilyrði fyrir frestun álagningar er, að gjaldinu verði þinglýst sem kvöð á viðkomandi eign og falli til álagningar í samræmi við þágildandi gjaldskrá, ef eigendaskipti verða eða aðstæður breytast á annan þann hátt, að forsendur frestunarinnar bresti.

14. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki skv. lögum nr. 29/1885. Frá eindaga gjaldsins greiðir gjaldandi hæstu dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Sveitarstjórn sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 389 frá 23. júlí 1980 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júlí 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

4. júlí 1985

Nr. 285

# REGLUGERÐ

## um loðnuveiðar.

1. gr.

Íslenskum skipum eru allar loðnuveiðar bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðherra. Getur ráðherra bundið leyfi þess, og úthlutun þeirra þeim skilyrðum sem þurfa þykir m. a. að aðeins hljóti leyfi skip er loðnuveiðar hafa áður stundað.

2. gr.

Ráðherra getur ákveðið skiptingu hámarksafla milli loðnuskipa m. a. með hliðsjón af stærð þeirra og gerð, svo og heimilað flutning á úthlutuðum aflakvóta milli skipa.

3. gr.

Ráðuneytið getur bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum og stöðvað þær alveg í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m. a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar.

Ennfremur getur ráðuneytið ákveðið hækkun eða lækkun á leyfilegu veiðimagni loðnuskipanna, komi til breytinga á leyfilegu heildarveiðimagni.

4. gr.

Skipstjórar loðnuveiðiskipa skulu tilkynningaskyldir við loðnunefnd samkvæmt lögum, reglugerðum og fyrirmælum nefndarinnar.

5. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskips.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

6. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í aflanum, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

7. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 6. gr., að meðaltali úr þesum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera Ríkismati sjávarafurða aðvart, sem gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir og gerir sjávarútvegsráðuneytinu aðvart, sé hlutur smáloðnu yfir 55%.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr., er sjávarútvegsráðuneytinu heimilt að veita leyfi til að veiða á smáloðnu til niðurlagningar.

9. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 286

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur (nr. 750), útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, af dómsmálaráðherra 12. júlí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# VIÐAUKASKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur (nr. 750)**

1. gr.

Viðauki þessi er gerður af stjórn Hvítabandsins.

2. gr.

2. gr. skipulagsskrár fyrir minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur orðist svo:
Tilgangur sjóðsins er að styrkja líknar- og heilbrigðismál að mati stjórnar hverju sinni.

Leita skal staðfestingar á viðaukaskipulagsskrá þessari.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól að Laugarási í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, af dómsmálaráðherra 11. júlí 1985. Skipulagsskráin er þannig:

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir umönnunar- og hjúkrunarheimilið Skjól að Laugarási í Reykjavík.

1. gr.

Neðanskráð félagasamtök og stofnanir stofna hér með **sjálfseignarstofnun** sem ber nafnið **SKJÓL:**

Alþýðusamband Íslands
Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði
Reykjavíkurborg
Samband lífeyrisþega ríkis og bæja
Stéttarsamband bænda
Þjóðkirkjan

Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum, sem berast og safnað verður til byggingar umönnunar- og hjúkrunarheimilis fyrir aldraða. Skuldir eru engar. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er:

að reisa og reka heimili, er veiti öldruðum umönnun og hjúkrun. Markmiði þessu hyggst stofnunin ná með því

að afla fjár meðal einstaklinga, fyrirtækja, samtaka og stofnana,

að leita eftir framlagi úr hendi stjórnvalda, sbr. lög um málefni aldraðra (nr. 91/1983) svo og samkv. öðrum lagaákvæðum eða fyrirmælum opinberra stjórnvalda.

### Um fulltrúaráð:

3. gr.

Hver stofnandi velur 3 menn til 4 ára setu í fulltrúaráði, sem fer með stjórn stofnunarinnar.

Kjör fulltrúa skal fara fram á lögmætum fundi aðila, enda sé kosninga getið í fundarboði. Kjósa skal tvo varamenn með sama hætti. Taki varamaður sæti aðalmanns á kjörtímabilinu skal velja mann í hans stað, þannig að hver aðili fulltrúaráðsins haldi jafnan fullri tölu aðal- og varamanna.

Fundi fulltrúaráðs skal boða með ábyrgðarbréfi, og með a. m. k. viku fyrirvara. Fundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

4. gr.

Hlutverk fulltrúaráðsins er:

að fylgjast með rekstri stofnunarinnar og vera tengiliður milli stjórnar hennar og stofnendanna,

að kjósa stjórn og endurskoðendur stofnunarinnar,

að setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

Til að sinna hlutverki sínu skal ráðið koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Skal þá fara yfir skýrslur stjórnar og forstjóra um rekstur stofnunarinnar, fjárreiður og önnur þau atriði, er snerta rekstur hennar sem og önnur þau umsvif, sem nauðsynleg reynast.

**Um stjórn:**

5. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara. Ávallt skal boða varamenn til stjórnarfunda, og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt.

Kjörtímabil stjórnar skal vera 4 ár.

Formann skal kjósa sérstaklega, enda er hann jafnframt formaður fulltrúaráðsins og boðar fundi þess.

Meðstjórnendur skal kjósa í einu lagi svo og varamenn.

Skylt er að kalla fulltrúaráðið til fundar ef tveir stofnendur óska þess eða endurskoðendur gera um það tillögu.

Á fyrsta fundi eftir stjórnarkjör skal skipta verkum meðal stjórnarmanna, þ.e. kjósa varaformann og í önnur embætti eftir því sem rétt þykir.

Forfallist formaður tekur varaformaður sæti hans.

6. gr.

Stjórn fulltrúaráðsins fer með fjármál stofnunarinnar og annast framkvæmdir hennar, ræður m.a. forstjóra, hjúkrunarforstjóra, lækni og annað starfsfólk eftir því sem henta þykir. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur.

Árlega skal gera rekstrar- og efnahagsreikning stofnunarinnar sem kjörnir endurskoðendur skulu yfirfara og árita ásamt stjórninni. Þannig frágengnir skulu reikningarnir lagðir fyrir fulltrúaráðið til úrskurðar ásamt greinargerð hins löggilta endurskoðanda. Fulltrúaráðsmenn skulu kynna reikningana umbjóðendum sínum. Eintak reikninganna skal sent heilbrigðismálaráðuneytinu.

Stjórninni er óheimilt að binda eignir stofnunarinnar veðböndum eða skuldbindingum, sem eru óviðkomandi tilgangi hennar. Sömuleiðis er óheimilt að selja eða láta af hendi eignir stofnunarinnar hverju nafni sem nefnast, nema þeim verði varið til að halda áfram samskonar rekstri.

Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni stofnunarinnar á þann hagkvæmasta hátt sem býðst á hverjum tíma, enda sér ríkisábyrgð fyrir sparifé og/eða verðbréfum.

**Um vistun:**

7. gr.

Óski einhver aðili að tryggja vistrými fyrir aldraða félaga sína með því að greiða stofnkostnað slíks rýmis, skal stjórnin gera um það sérsamning við hlutaðeigandi aðila. Þeir einir skulu vistaðir sem uppfylla skilyrði laga og reglugerða um vistun.

Stjórn heimilisins ákveður vistun að fenginni umsögn forstjóra, læknis og hjúkrunarforstjóra.

**Starfsemi er hætt:**

8. gr.

Telji fulltrúaráðið sér ekki fært að annast rekstur heimilisins áfram, skal hverjum einstökum stofnaðila gefinn kostur á að taka við því og rekstri þess, enda verði hlutverk þess óbreytt.

Að þeim frágengnum fellur heimilið með öllum eignum þess til ríkisins með þeirri kvöð að það verði áfram rekið í þjónustu aldraðra.

9. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum með samþykki allra stofnenda.

Hætti einhver aðili stofnunarinnar störfum fækkar fulltrúum í fulltrúaráðinu að réttri tiltölu.

**Breyting á skipulagsskrá:**

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema atkvæði allra fulltrúaráðsmanna falli á þann veg, enda hljóti breytingin staðfestingu réttbærra yfirvalda.

Þannig staðfestist á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar 17. apríl 1985.

Nr. 288

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Landverndarsjóð Ferðafélags Íslands, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, af dómsmálaráðherra 10. júlí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Landverndarsjóð Ferðafélags Íslands.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landverndarsjóður Ferðafélags Íslands.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vernda og bæta gróður í nágrenni sæluhúsa Ferðafélags Íslands og fegra sæluhús þess.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 5000,00 sem aldrei má skerða.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Minningargjafir, sem gefnar verða um látna félaga í Ferðafélagi Íslands.
2. Önnur framlög.
3. Vextir.

5. gr.

Sjóðurinn lýtur stjórn framkvæmdastjórnar Ferðafélagsins, sem ræður framlögum úr honum.

6. gr.

Ferðafélagið lætur prenta minningarkort, sem verða til sölu til ágóða fyrir sjóðinn.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Ferðafélags Íslands og birtir með ársreikningum Ferðafélags Íslands.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Tónlistarskóla Ragnars Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 4. júlí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Tónlistarskóla Ragnars Jónssonar.

Neðanskráðir aðilar stofna hér með sjálfseignarstofnun sem heitir Tónlistarskóli Ragnars Jónssonar:

— Ragnar Jónsson
— Sigfríður Georgsdóttir
— Pétur Jónsson
— Sigurður Örn Gíslason
— Guðrún Halldórsdóttir
— Ása Jónsdóttir
— Baldur Jónsson
— Jón P. Einarsson
— Svala Lárusdóttir

Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjálfseignarstofnunarinnar.

Stofnunin kaupir af Ragnari Jónssyni skólahúsnæði að Heiðarseli í Reykjavík.

Samkvæmt framangreindu setja stofnendur stofnuninni eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er og skal jafnan vera sá, að efla tónlistarþekkingu þjóðarinnar ekki síst meðal þess fólks, sem aðeins getur varið takmörkuðum tómstundum til þess að iðka tónlist og auka þekkingu sína á því sviði. Jafnframt skal stofnunin hafa með höndum alla hliðstæða menningarstarfsemi, og stuðla að henni.

Í þessu skyni veitir hún viðtöku gjöfum og hverskonar styrktarfé Tónlistarskólanum (stofnuninni) og allri starfsemi hennar til framdráttar.

2. gr.

Ekki má selja eða láta af hendi stofnunina eða eignir hennar fastar eða lausar nema andvirðinu sé beinlínis varið til að halda Tónlistarskólanum eða starfsemi hans áfram. Eigi má heldur binda fé hennar eða eignir nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

3. gr.

Markmiði sínu hyggst skólinn ná með því að halda uppi kennslu í hinum ýmsu greinum tónlistar, frá forskólakennslu til æðri stiga. Ennfremur sé börnum jafnt sem fullorðnum gefinn kostur á að stunda tónlistarnám í tómstundum eftir því sem aðstæður leyfa. Svo og að halda uppi almennri menningarstarfsemi. Reynt verði að ná samvinnu við grunnskóla og aðrar menningarstofnanir.

4. gr.

Starfsemi skólans er frá 15. september til 30. apríl a. m. k. ár hvert. Leyfi yfir starfstíma skólans skulu vera hin sömu og í framhaldsskólum landsins. Stofnunin má vera opin allt almanaksárið fyrir aðra hliðstæða menningarstarfsemi.

5. gr.

Ekki er krafist inntökuprófs við upptöku í skólann, en skólinn áskilur sér rétt til þess að synja nemendum um skólavist, ef kennari og skólastjóri telja hann óhæfan til námsins.

6. gr.

Fjárhagsgrundvöllur skólans er byggður á eftirfarandi:
a) Námsgjöld nemenda skólans.
b) Styrktarsjóði Tónlistarskólans, framlög.
c) Styrkir og gjafir sem skólanum áskotnast.
d) Happdrætti, bingó og aðrar hliðstæðar fjáröflunarleiðir.
e) Rekstrarstyrkir ríkissjóðs og stofnfjárstyrkur, samkvæmt 12. gr.
f) Rekstrarstyrkur borgarsjóðs Reykjavíkurborgar, samkvæmt 12. gr.

7. gr.

Stofnendur skipa fulltrúaráð stofnunarinnar. Ennfremur skal hvert félag sem gerist aðili kjósa fulltrúa í fulltrúaráðið og einn til vara. Kosning þeirra fer fram á aðalfundi eða aukafundi sem boðaður er með sama hætti og aðalfundur enda þess getið í fundarborði að kjósa eigi fulltrúa þessa. Kosning gildir í átta ár eða til þess tíma, að fulltrúinn óskar að láta af störfum eða hættir sannanlega að sinna þeim. Fulltrúaráðið skal hvatt saman minnst einu sinni á ári. Það kýs stjórn samkvæmt 8. grein.

8. gr.

Stjórn Tónlistarskóla Ragnars Jónssonar skipa 3 menn og 2 til vara. Á stjórnarfundum hafa varamenn ekki atkvæðisrétt, heldur málfrelsi og tillögurétt. Kjörtímabil stjórnar er 4 ár. Skólastjóri er jafnframt framkvæmdastjóri skólans. Skólastjóra má einnig kjósa í þriggja manna stjórn stofnunarinnar. Kjósa skal formann sérstaklega, en meðstjórnendur saman og varamenn saman,. Þó skal kjósa hlutbundinni kosningu ef 2 fulltrúaráðsmanna óska þess. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs og kveður það saman. Verði sæti formanns eða meðstjórnanda laust, skipa aðrir stjórnarmenn mann úr fulltrúaráðinu í stað hans til loka kjörtímabils. Endurkosning er heimil. Skólastjóri ræður kennara og annað starfsfólk stofnunarinnar í samráði við stjórn skólans. Hann sér um reikningshald fyrir skólann og fer með öll fjármál og framkvæmdir ásamt stjórninni.

9. gr.

Reikningsár skólans er almanaksárið og skulu endurskoðendur hafa lokið endurskoðun reikninga fyrir lok maí ár hvert.

Tveir endurskoðendur skulu kosnir á aðalfundi.

10. gr.

Peningar þeir sem tónlistaskóli Ragnars Jónssonar kann að eiga eða eignast, skulu jafnóðum ávaxtaðir á sem hagstæðastan hátt, til dæmis í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Verði einhver dráttur á framkvæmdum skal verðtryggja sjóði stofnunarinnar eftir því sem unnt er.

11. gr.

Skólastjóri ásamt stjórn setur reglur fyrir Tónlistarskóla Ragnars Jónssonar.

12. gr.

Komi að því, að fulltrúaráðið eða stjórnin sbr. 13. grein, sjái sér ekki fært að reka Tónlistarskóla Ragnars Jónssonar áfram, skal hún gefa ríkissjóði svo og borgarsjóði Reykjavíkurborgar kost á því að taka þátt í rekstri tónlistarskólans skv. 1. gr. laga nr. 12/ 1963, enda fullnægi skólinn þeim kröfum sem til hans eru gerðar.

13. gr.

Fulltrúaráðið getur samþykkt að gefa nýjum félögum kost á að gerast aðilar að sjálfseignarstofnuninni og tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð hennar ef 4/5 fulltrúaráðsmanna samþykkja það. Hætti einhver stofnenda störfum (félag lagt niður) fækkar fulltrúaráðsmönnum að sama skapi þegar kjörtímabili lýkur. Verði aðilar þeir sem aðild eiga að sjálfseignarstofnuninni þrír eða færri, eða félögum fækkar svo vegna ákvörðunnar þeirra um að hætta afskiptum af sjálfseignarstofnuninni, fellur fulltrúaráðið niður, en stjórnin endurnýjar sig sjálf, þannig að tveir stjórnarmenn velja þriðja mann í stjórn með sér. Verði aðeins einn aðalmaður eftir í stjórn taka varamenn þátt í vali nýrra aðalmanna í stjórn.

14. gr.

Skipulagsskrá þessari getur fulltrúaráðið ekki breytt nema með 4/5 atkvæða allra fulltrúaráðsmanna, en þó því aðeins að Stjórnarráð Íslands (það ráðuneyti sem fer með staðfestingar skipulagsskráa) staðfesti þær.

Ef fulltrúaráð hefur lagst niður samkvæmt 13. gr. kemur stjórn skólans í stað þess varðandi þau málefni sem 1. mgr. þessarar greinar fjallar um með þeirri breytingu að 2/3 stjórnar komi í stað 4/5 fulltrúaráðs.

15. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

16. gr.

Skipulagsskráin þannig samþykkt á stofnfundi skólans þann 7. maí 1985.

Nr. 290 1. júlí 1985

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

**fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu.**

## I. KAFLI

**Um reglur og velsæmi á almannafæri.**

Uppþot eða óspektir mega ekki eiga sér stað á almannafæri. Ekki mega menn þyrpast saman, svo að til tálma sé fyrir umferð eða óþæginda fyrir vegfarendur. Með almannafæri er átt við vegi, götur og svæði, t. d. hafnasvæði, sem almenningur fer um og ætluð er honum til nota. Um samkomuhús og opinberar stofnanir gilda ákvæði þessarar samþykktar, eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri í því skyni að sinna lögmætum erindum, skal raða sér þannig, að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrstir afgreiðslu. Viðstöddum ber að haga sér í einu og öllu eftir þeim fyrirmælum, sem lögregla eða umsjónarmaður gefur til að halda uppi góðri reglu.

3. gr.

Þeir, sem hyggjast efna til útifundar eða fara í hópgöngu, skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópgöngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhugaðri gönguleið. Lögreglustjóra er heimilt að breyta leiðinni, á hvaða stigi sem er, ef hann telur brýna nauðsyn til.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á né hafa í frammi hávaða eða annars konar háttarlag, sem veldur ónæði eða raskar allsherjarreglu. Óheimilt er að þeyta hátalara eða hafa hljómflutningstæki svo hátt stillt, að það valdi ónæði eða truflun. Í kirkjugörðum og grafreitum ber að virða grafarhelgi í hvívetna og fara þar hljóðlega um.

5. gr.

Enginn má klæðast né hegða sér þannig á almannafæri, að misboðið sé almennu velsæmi.

6. gr.

Bannað er að raska næturró manna að óþörfu. Enginn má án tilefnis berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem valdið getur ónæði eða ótta.

7. gr.

Á götum kauptúna sýslunnar eða þar, sem hætta getur stafað af, má ekki renna sér á sleðum, skautum né vera að leikjum, þannig að truflað geti umferð eða valdið hættu. Bannað er að hanga aftan í bifreiðum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð. Bannað er að kasta grjóti, snjókúlum eða öðru, ef það veldur óþægindum eða tjóni.

8. gr.

Allir eru skyldir til að segja til nafns síns og heimilis, ef lögregla krefst þess.

9. gr.

Bannað er að skjóta af byssum eða skotvopnum innan marka kauptúna sýslunnar og hafnarsvæða þeirra. Lögreglustjóri getur ákveðið sérstök æfingasvæði eða veitt heimild til einstakra æfinga með skotvopn. Hlaðin skotvopn má ekki bera á götum kauptúnanna eða á almannafæri innan þeirra. Lögreglustjóri getur bannað sölu skotelda í umdæmi sínu.

10. gr.

Í kauptúnum sýslunnar má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Ekki má bera þar logandi blys eða kyndla nema með leyfi lögreglustjóra. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar eru háðar samþykki lögreglustjóra. Sprengiefni eða önnur eldfim efni má ekki hafa í íbúðarhúsum né þar, sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma þar, sem lögreglustjóri ákveður eða samþykkir.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna, er þeir gefa í þágu réttarvörslu. Lögreglu er heimilt að vísa hverjum þeim brott af almannafæri, sem brýtur gegn ákvæðum þessarar samþykktar um reglu og velsæmi. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er.

## II. KAFLI

**Ákvarðanir til að afstýra truflunum og hættu í veitukerfum, umferð og öryggisþjónustu.**

12. gr.

Enginn má án sérstakrar heimildar hrófla við leiðslum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu, svo sem vatns-, orku- og boðveitu eða slökkviliðs. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal hann þegar í stað tilkynna það viðkomandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi lögreglu, slökkviliðs, almannavarna, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða og farandsala er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra. Þó má án sérstakrar heimildar selja á almannafæri blöð, bæklinga, merki, happdrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða og annað þessu skylt. Ef ágreiningur rís, sker lögreglustjóri úr.

14. gr.

Óheimilt er að tálma umferð um vegi nema nauðsyn krefji. Ökutæki eða varning má ekki skilja eftir á vegum lengur en brýna nauðsyn ber til og aldrei á gangstéttum. Heimilt er lögreglustjóra að láta fjarlægja allar tálmanir á kostnað eigenda. Hreppsnefndir ákveða í samráði við lögreglustjóra hvar á vegum bifreiðar og vinnuvélar megi standa. Hreppsnefndir geta sett reglur um stöðureiti og ákveðið gjald fyrir þá. Lögreglustjóra er heimilt að láta fjarlægja á kostnað eigenda ökutæki, er standa án skráningarnúmera á götum, vegum, almennum bifreiðastæðum eða öðrum svæðum í sýslunni.

15. gr.

Á almannafæri má ekki setja neitt, er hindrar umferð eða veldur hættu. Í íbúðahverfum kauptúnanna er bannað að leggja stórum fólks- og vöruflutningabifreiðum og einnig vinnuvélum. Hreppsnefndir geta í samráði við lögreglustjóra veitt undanþágu frá þessari reglu, ef talið er, að slíkt leiði ekki af sér óþægindi eða ónæði fyrir íbúana.

16. gr.

Húseigendur og umráðamenn húsa skulu jafnan leitast við að hreinsa snjóhengjur og grýlukerti af húsum sínum til að fyrirbyggja hættu eða skaða. Þakrennum og frárennslum frá þeim skal haldið svo við, að ekki stafi af þeim hætta, vatnsrennsli eða önnur óþægindi. Gangstígum við og að húsum skulu húseigendur og umráðamenn halda greiðfærum og fjarlægja, svo sem kostur er, snjóbreiður og svellbunka eða annað það, er vegfarendum getur stafað hætta eða óþægindi af.

17. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við, að það eða einhver hluti þess hrynji eða fjúki, og getur lögreglustjóri þá bannað notkun hússins og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta svo innan tiltekins tíma, að hættu sé afstýrt. Lögreglustjóri getur á kostnað eigandans gert aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að afstýra hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur eða aðra. Hinu sama gegnir, þegar bryggju, steinvegg, girðingu eða öðru liggur við falli eða hruni.

18. gr.

Ekki má fleygja á almannafæri nokkru því, er óþrifum, óþægindum eða hættu getur valdið. Umráðamenn og eigendur skulu gæta þess, að á lóðum þeirra og löndum safnist ekkert það fyrir, sem fokið getur eða valdið tjóni, óþrifum eða lýtum í umhverfinu. Eigi má hafa á almannafæri óbyrgða brunna, safnþrær, skúra, forir eða annað það, sem börnum eða öðrum getur stafað hætta af.

## III. KAFLI

## Um umferð.

19. gr.

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Innan kauptúna sýslunnar skal hámarkshraði bifreiða, bifhjóla og annarra ökutækja vera 35 km. miðað við klukkustund.

20. gr.

Þeir, sem flytja vörur eða annað, skulu gæta þess, að flutningstæki séu þannig gerð, að ekki valdi óþrifum eða hættu. Falli eitthvað af flutningstæki, á meðan á flutningi stendur, skal sá, er flytur eða flutningi ræður, hreinsa það upp þegar í stað.

21. gr.

Allur óþarfur akstur utan vega og gatna er bannaður.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum eða vegum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Þá getur lögreglustjóri takmarkað næturumferð ökutækja í kauptúnum sýslunnar.

Aksturskeppnir innan sýslunnar eru háðar leyfi lögreglustjóra, enda liggi fyrir samþykki sveitarstjórnar og veghaldara.

## IV. KAFLI

## Um götuspjöld, húsnúmer, merkingar lögbýla og auglýsingar.

22. gr.

Hreppsnefndir ákveða götunöfn og láta festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur og umráðamenn húsa í kauptúnum skulu festa á hús sín töluspjöld, er tákna húsaröð. Sömu aðilar skulu annast viðhald og endurnýjun spjaldanna á eigin kostnað.

Eigendur eða umráðamenn lögbýla skulu sjá til þess, að heiti býlanna séu skilmerkilega gefin til kynna við þjóðveg eða annars staðar, er henta þykir.

23. gr.

Hreppsnefndir ákveða, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Aðrar auglýsingar má einungis festa upp með leyfi húsráðenda.

24. gr.

Leyfi byggingarnefnda þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar og hluti utan á hús. Lögreglustjóri getur jafnan mælt fyrir um brottnám þess háttar, ef það þykir valda hættu eða óþægindum fyrir umferðina.

25. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, er þær hafa náð tilgangi sínum, og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar. Enginn má rífa niður löglega uppfesta auglýsingu, krota í hana eða skemma á annan hátt.

## V. KAFLI

## Um umgengni og friðun almenningseigna.

26. gr.

Forsjármönnum lóða, landa og mannvirkja í einka- eða almenningseign er skylt að gæta þess jafnan, að því, er þeir hafa forsjá fyrir, sé haldið hreinu og þrifalegu og að það fái nægilegt viðhald og góða umhirðu í hvívetna.

Úr vanrækslu í þessum efnum geta hreppsnefndir látið bæta á kostnað þess, er ábyrgð ber á því, sem um er að ræða.

27. gr.

Eigi má fleygja rusli, úrgangi eða öðru því, er óþrifnaði, óheilnæmi eða óprýði getur valdið, á lóðir, opin svæði, í hafnir eða svo nærri landi, að borist geti á fjörur. Innan kauptúna sýslunnar má ekki kveikja í rusli eða sorpi nema með leyfi viðkomandi slökkviliðsstjóra.

28. gr.

Bannað er að spilla neysluvatni eða skemma gróður í almenningsgörðum eða á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögreglustjóra, er veitt getur leyfið frá 1. desember til 1. maí.

29. gr.

Mannvirki, girðingar og það annað, sem ætlað er til almenningsnota eða prýði, má enginn lýta, skemma eða færa úr stað.

Áningarstaði, tjaldstæði og útivistarsvæði, hvar sem er innan sýslunnar, skal að notkun lokinni hreinsa vandlega að öllu því, er óprýði og mengun veldur.

## VI. KAFLI

## Um veitingahús, samkomur og almennar skemmtanir.

30. gr.

Allir veitinga- og gististaðir skulu háðir eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni jafnan heimill umgangur um húsakynni þau, sem reksturinn fer fram í.

Veitinga- og greiðasölu má einungis hafa um hönd í húsnæði, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir og viðkomandi hreppsnefnd hefur samþykkt.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

31. gr.

Hver sá, er selur veitingar, heldur dansleiki, samkomur, aðrar skemmtanir eða selur gistingu, skal afstýra því, að í veitinga- dans- eða gistihúsi hans fari nokkuð það fram, sem brýtur í bága við góða reglu og velsæmi. Hann skal einnig sjá um, að loftræsting og hreinlæti sé í góðu lagi. Verði misbrestur á í þessum efnum, er lögreglustjóra heimilt að banna starfsemina um stundarsakir eða að fullu og öllu, ef ekki er þegar bætt úr ágöllum að fenginni viðvörun.

32. gr.

Unglingum innan 16 ára er eftir kl. 20.00 óheimil dvöl á almennum dansleikjum, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum skóla, æskulýðsfélaga eða annarra aðila, er til þess hafa leyfi, og skulu þær háðar sérstöku eftirliti. Ungmennum yngri en 18 ára er eftir kl. 20.00 óheimil dvöl á vínveitingastað, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum dans- og vínveitingahúsa er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin. Viðurlög nema sektum eða missi leyfis til veitinga- eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

33. gr.

Veitinga- og gististöðum skal loka kl. 23.30 í síðasta lagi og skal sú lokun ekki standa skemur en til kl. 06.00. Allir gestir, sem ekki eiga þar náttstað, skulu vera á brott innan hálfrar stundar frá því, að lokað var. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma, sem er.

Lögreglustjóri getur veitt leyfi til þess, að skemmtanir og aðrar samkomur standi lengur en til 23.30.

34. gr.

Enginn má reka knattborð, spilakassa eða leiktæki nema með leyfi lögreglustjóra að fengnu áliti viðkomandi hreppsnefndar. Leyfi skal ekki veitt lengur en 4 ár í senn og er óframseljanlegt. Leyfið skal bundið við nafn og veitir leyfishafa aðeins rétt til reksturs í því húsnæði, sem hann hefur þegar leyfið er veitt. Leyfi má einungis veita í húsnæði, sem til þess er hæft að dómi heilbrigðisnefndar.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur og dvöl að knattborðs- og leiktækjastofum. Aldur miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Starfsmenn við slík tæki skulu ekki vera undir 18 ára aldri.

Aðgangur að knattborðum, spilakössum og leiktækjum skal einungis heimill frá kl. 15.30 til kl. 23.30 dag hvern að undanskildum föstudeginum langa og fyrri degi stórhátíða þjóðkirkjunnar. Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum um opnunartíma.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar um aldursmörk varðar sviptingu leyfis. Ef leyfishafi brýtur að öðru leyti gegn ákvæðum greinarinnar, reksturinn veldur ónæði í nærliggjandi húsum eða þykir ekki fara vel úr hendi, getur lögreglustjóri svipt hann leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið sér segjast við aðvörun.

35. gr.

Föst kvikmyndahús eða leikhús má ekki starfrækja í sýslunni nema með leyfi lögreglustjóra að fenginni umsögn viðkomandi hreppsnefndar. Heimilt er að binda leyfið skilyrði um greiðslu leyfisgjalds í sveitarsjóð, og tiltekur þá hreppsnefnd fjárhæðina.

36. gr.

Hver sá, sem heldur skemmtun eða aðra samkomu, skal tilkynna það lögreglustjóra. Hann skal einnig sjá svo um, að þar fari ekkert fram, sem brýtur í bága við reglur og velsæmi. Verði brestur á þessu, er lögreglu heimilt að slíta samkomu og skipa áhorfendum og öðrum að hverfa á brott. Lögreglustjóri getur bannað þeim mönnum aðgang að samkomu, sem ítrekað hafa hagað sér þar ósæmilega.

## VII. KAFLI

**Um samgöngur við skip.**

37. gr.

Lögreglustjóri getur bannað börnum innan 16 ára aldurs umferð um bryggjur og ferðir út í skip og báta í höfnum, ef sérstök ástæða þykir til.

38. gr.

Telji lögreglustjóri þess þörf til að halda uppi velsæmi og góðri reglu, getur hann bannað allar samgöngur við erlend skip.

## VIII. KAFLI

**Um hundahald.**

39. gr.

Hundahald er bannað í kauptúnum sýslunnar, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar.

40. gr.

Þeir hundar, sem ekki er leyfi til að halda, skulu teknir og færðir í sérstakar hundageymslur á vegum hreppanna. Þar skulu hundar geymdir í allt að 7 daga á meðan eigendum gefst kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan marka kauptúnanna. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan kauptúnanna innan 7 daga frá því, að þeir voru teknir , né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

41. gr.

Hundar, sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri, sveitarstjóri (oddviti), heilbrigðisfulltrúi og dýralæknir taka ákvörðun um það í sameiningu, hvernig með skuli fara, og mega þeir ákveða afturköllun leyfis eða aflífun hunds.

## IX. KAFLI

## Um búfjárhald og fleira.

42. gr.

Búfjárhald er bannað á skipulagssvæðum kauptúna í sýslunni, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefndar.

Um rekstur búpenings til og frá afréttum, hirðingu hans og fjallskil fer eftir ákvæðum fjallskilareglugerðar sýslunnar hverju sinni.

43. gr.

Ef búfé gengur laust í kauptúni innan sýslunnar, skal viðkomandi hreppsnefnd hlutast til um, að það sé handsamað og fært til geymslu á vegum sveitarfélagsins. Sé búfé ekki leyst út innan viku gegn greiðslu kostnaðar og bóta vegna tjóns, sem það kann að hafa valdið, skal það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan kostnað af þessum aðgerðum skulu búfjáreigendur greiða.

Eigendur eða umráðamenn ágangsfénaðar skulu sæta sektum, ef rekja má ágang búfjár til vanrækslu þeirra.

44. gr.

Sú búfé haldið án heimildar, skal búfjáreigandi sviptur vörslu þess og það selt á opinberu uppboði eða því slátrað. Allan kostnað, sem af þessu hlýst, skulu búfjáreigendur greiða.

45. gr.

Allir flækingskettir, sem enginn eigandi finnst að, er lögreglu heimilt að aflífa.

## X. KAFLI

## Um gildi samþykktarinnar, refsingar og kostnað.

46. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Vestur-Ísafjarðarsýslu. Hún gildir til eftirbreytni og um þær aðstæður og starfsemi, sem fyrir eru í sýslunni.

47. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans samkvæmt samþykktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanrækslan valdi tjóni. Allur kostnaður vegna þeirra ráðstafana, sem lögreglustjóri gerir til að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af viðkomandi eða, ef hann er ekki fær um það, úr ríkissjóði.

48. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt lögum.

49. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 315 22. ágúst 1977, og öll önnur staðbundin ákvæði, sem kunna að brjóta í bága við samþykkt þessa.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935 um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. júlí 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

1. júlí 1985 Nr. 291

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 30. september.:

| **Vélskelflett rækja** | **SDR pr. lb. cif.** |
|---|---|
| **Færri en 350 st. í lb.:** | |
| Blokkfryst | 2,539 |
| 5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst | 2,539 |
| 5×2 kg. og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst | 2,661 |
| 500 gr. vatnshúðuð, sérfryst | 2,957 |
| 200 gr. vatnshúðuð, sérfryst | 3,101 |
| **Fleiri en 350 st. í lb. og óflokkuð:** | |
| Blokkfryst | 2,427 |
| 5×2 kg. og 4×2,5 kg. vatnshúðuð, sérfryst | 2,427 |
| 5×2 kg. og 4×2,5 kg. óvatnshúðuð, sérfryst | 2,539 |
| 500 gr. vatnshúðuð, sérfryst | 2,815 |
| 200 gr. vatnshúðuð, sérfryst | 2,957 |

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júlí 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní sl. til 30. september 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní s. l. til 30. september 1985.

| **Laus- og blokkfrystur hörpudiskur** | **U.S. $ pr. lb. cif** |
|---|---|
| Færri en 60 st. i lb. | 3,23 |
| Fleiri en 60 st. í lb. og óflokkað | 2,99 |
| Hálfhreinsaður | 1,47 |
| Rauður og brotinn | 1,81 |

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júlí 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Kristín Magnússon.*

Nr. 293 2. júlí 1985

# REGLUGERÐ

**um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík.**

## I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Bifreiðastjórafélagsins Frama.

2. gr.

Ráðherra skipar umsjónarnefnd leigubifreiða.

Nefndin annast f. h. ráðuneytisins umsjón og eftirlit með framkvæmd reglugerðar og úthlutun atvinnuleyfa. Einnig eftirlit með þjónustu leigubifreiðastöðva. Ef þörf krefur, getur nefndin sett reglur því til tryggingar, að ekki sé skortur á leigubifreiðum vissa daga eða vissa hluta sólarhrings.

Nefndin skal ákveða fjölda leigubifreiða á svæðinu með hliðsjón af því að þjónusta við almenning sé ávallt sem best.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár nema fulltrúi launþega sem er 2 ár. Einn fulltrúi skal tilnefndur af stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama, einn fulltrúi launþega, einn tilnefndur af borgarstjóranum í Reykjavík og einn sameiginlega af bæjarstjórum annarra bæjarfélaga, sem félagssvæði Frama nær til. Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar.

Fulltrúi launþega skal kjörinn á fundi sem boðað er til á öllum leigubifreiðastöðvum á félagssvæðinu með minnst viku fyrirvara. Rétt á fundarsetu eiga allir þeir launþegar sem eru í starfi og starfað hafa að leigubifreiðaakstri sem launþegar í a. m. k. fjóra síðustu mánuði fyrir fund.

3. gr.

Leiguakstur samkvæmt reglugerð þessari telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tilskilið gjald, enda sé ekki um að ræða annað en venjulegan flutning fólks og farangurs, sem ekki krefst sérhæfðs útbúnaðar eða kunnáttu.

4. gr.

Enginn bifreiðastjóri má reka leigubifreið, allt að 8 farþega, til mannflutninga, nema hann hafi afgreiðslu á félagssvæði Frama, og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á svæðinu. Skylt er leyfishafa að hafa ljósaskilti á þaki bifreiðar sinnar sem skal loga þegar ökumaður óskar viðskipta. Skiltið skal lýsa með gulu ljósi án þess að blikka og skal standa „TAXI" á því með minnst 50 mm stöfum. Lýsti flöturinn skal vera minnst 185 $cm^2$.

Öðrum en leyfishöfum er óheimilt að nota slík skilti.

5. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á félagssvæði Frama hafa ekki atvinnuréttindi á framangreindu svæði nema eftir kvaðningu fyrirfram.

## II. KAFLI
## Úthlutun atvinnuleyfa.

6. gr.

Bifreiðastjóri sem óskar eftir að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á félagssvæði Frama skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til umsjónarnefndar leigubifreiða í byrjun október ár hvert.

Úthlutun atvinnuleyfa skal að jafnaði fara fram fyrir 1. desember ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

a. vottorð frá bifreiðastöð á félagssvæði Frama um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi,
b. hegningarvottorð,
c. staðfest vottorð skattstofu um launalið viðeigandi skattframtala til sönnunar á starfstíma.

7. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af umsjónarnefnd leigubifreiða.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu afhent og vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Frama, sem tilkynnir útgáfu til hlutaðeigandi bifreiðastöðvar.

Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

Umsjónarnefnd leigubifreiða er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundarsakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sæki um upptöku í Bifreiðastjórafélagið Frama.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi hafi leyfishafi ekki nýtt sér það innan 6 mánaða frá útgáfudegi þess.

Óski forseti Íslands eða ráðherra að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, halda þeir bílstjórar óskertum rétti sínum þótt þeir stundi ekki akstur leigubifreiðar sem aðalstarf.

9. gr.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreið jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Annars vegar má taka sérstakt tillit til samfellds starfstíma undanfarin ár til hagsbóta fyrir umsækjanda og hins vegar skal algjör fjarvera úr starfi í langan tíma rýra áunninn starfstíma. Umsjónarnefnd er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum. Meðal annars hvað varðar öryrkja, ef akstur leigubifreiða hentar þeim umfram önnur störf, með tilliti til fötlunar.

10. gr.

Umsjónarnefnd getur, að höfðu samráði við hagsmunafélög öryrkja og fatlaðra og Frama, úthlutað atvinnuleyfum til reksturs á sérbúnum bifreiðum til flutnings á hreyfihömluðum. Nefndin setur reglur um hvaða skilyrði gilda um slík leyfi.

## III. KAFLI

## Nýting leyfis.

11. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína hjá hverri þeirri bifreiðastöð á félagssvæði Frama sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af borgarstjórn Reykjavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borist frá Bifreiðastjórafélaginu Frama.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð og skal hann þá afhenda Bifreiðastjórafélaginu Frama yfirlýsingu frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá sem hann flytur frá, skal Bifreiðastjórafélagið Frami staðfesta flutninginn þegar í stað.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt. Skal leyfishafi tilkynna þetta til bifreiðastöðvar þeirrar sem hann hafði afgreiðslu hjá.

Bifreiðastjórar sem hafa haft atvinnuleyfi í 3 ár eða lengur og segja upp leyfi sínu, hafa forgangsrétt til þess á næstu tveimur árum, enda hafi leyfið legið inni minnst 4 mánuði, og þeir skuldlausir við viðkomandi bifreiðastöð og Bifreiðastjórafélagið Frama. Forgangsréttinn geta leyfishafar nýtt sér tvisvar sinnum á þennnan hátt. Þeir leyfishafar, sem ekki segja upp leyfinu sjálfir, hafa ekki forgangsrétt.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt til annarra, þar með talið að selja það, leigja eða lána o. s. frv. Geti leyfishafi ekki rekið bifreið samkvæmt leyfi sínu ber honum að segja því strax upp.

Ef öllum skilyrðum fyrir afnotarétt leyfisins er ekki fullnægt, er umsjónarnefnd heimilt að afturkalla það.

13. gr.

Ef leyfishafi rekur bifreið sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

14. gr.

Leyfishafa, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldtöku, er heimilt að láta annan mann annast störf sín meðan réttindamissir varir, en þó ekki lengur en eitt ár í hverju tilviki. Noti hann sér ekki þessa heimild leggst leyfi hans inn meðan á réttindamissinum stendur og fær leyfishafi atvinnuleyfi aftur jafnskjótt og hann öðlast ökuréttindi sín að nýju.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að beri að synja honum um afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að synja um afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að því 10 sólarhringa í annað skipti. Skulu slíkar synjanir og tilefni þeirra skráðar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar umsjónarnefnd jafnóðum.

15. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig. Vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum eru einnig óheimil, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

Undanþágu skal veita að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis, þar sem fram kemur skilgreining á sjúkdómi hans.
b. Ef leyfishafi deyr, getur maki hans haldið atvinnuleyfinu í 3 ár frá andláti hans. Umsjónarnefnd leigubifreiða getur framlengt slíkt leyfi í allt að 2 ár til viðbótar, ef sérstaklega stendur á. Tilkynna skal niðurfellingu slíks leyfis með 6 mánaða fyrirvara.
c. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum skal honum sjálfum heimilt að aka aðeins sem svarar 6 klst. á sólarhring en hafa ökumann sem heimilt er að aka á tímabilinu frá kl. 20:00 á föstudagskvöldi til kl. 08:00 á sunnudagsmorgni hverja helgi. Leyfishafa er heimilt að aka sunnudaga til föstudags og velja um akstурstímana 08:00—14:00 og 14:00—20:00.
d. Samskonar undanþágu og gildir við endurhæfingu skal veita ellilífeyrisþega eða manni með skerta starfsorku, enda leggi hann fram vottorð læknis um verulega skerta starfsorku.
e. Skipta má orlofi í fernt. Undanþágu þessa skal einungis veita ef leyfishafi er að fara í orlof og er honum óheimilt að ráða sig í önnur störf eða aka í atvinnuskyni meðan undanþágan varir.
f. Ef leyfishafi er sannanlega að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Frama eða bifreiðastöðva þeirra sem reglugerð þessi nær til.
g. Ef leyfishafar geta ekki sinnt eftirspurn á mesta annatíma má á tímabilinu 1. nóvember til 1. apríl heimila þeim að hafa ökumann sem einum er heimilt að aka bifreið leyfishafa, telji stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama nauðsyn til þess og setur hún nánari reglur um undanþágu. Ef þessi heimild nægir ekki og sérstaklega stendur á, er heimilt að leyfa vaktaskipti á tímabilinu, telji stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frama það nauðsynlegt. Þess skal vandlega gætt, að ekki séu leyfð fleiri vaktaskipti en nauðsyn ber til.
h. Leyfishafar sem hafa s. k. útgerðarleyfi geta látið bifreiðastjóra aka fyrir sig án þess að þeir hafi atvinnuleyfi.
i. Leyfishafi sem hefur leyfi til að hafa launþega á bifreið sinni, hefur heimild til að leggja launþega til aðra bifreið, meðan hans eigin bifreið er til viðgerðar vegna bilunar, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina.

Þeir leyfishafar sem vilja notfæra sér þær undanþágur sem í þessari grein felast, skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Frama, undirrituðu af stöðvarstjóra viðkomandi bifreiðastöðvar um að hún samþykki þann ökumann sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Leyfishafi ber fulla ábyrgð á því að undanþágan sé ekki misnotuð, enda varðar misnotkun missi atvinnuleyfisins um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Bifreiðastjórafélagið Frami veitir undanþáguna eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undanþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum Frama og umsjónarnefnd, ef þeir óska þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis sem umsjónarnefnd hefur stöðvað.

16. gr.

Atvinnuleyfin gilda þar til leyfishafar verða 75 ára og skulu þeir leggja leyfi sín inn fyrir 1. júlí næsta ár. Umsjónarnefnd skal í samráði við Frama og viðkomandi bifreiðastöðvar, koma á reglubundinni læknisskoðun og hæfnisprófun fyrir leigubifreiðastjóra. Þeir sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem umsjónarnefnd leigubifreiða setur, missa réttindi til atvinnuaksturs.

17. gr.

Bifreiðastjórafélagið Frami skal halda skrá yfir veittar undanþágur í aðgengilegu formi, sem umsjónarnefnd skal eiga aðgang að.

18. gr.

Umsjónarnefnd sker úr deilumálum í sambandi við reglugerð þessa. Úrskurðum þeirra má vísa til samgönguráðuneytisins.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Gildistaka ákvæðis 2. gr. um merki frestast um 6 mánuði. Gildistaka ákvæða 16. gr. hvað varðar aldursmörk, frestast um 3 ár frá útgáfu reglugerðar þessarar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð 320, 7. maí 1983 með síðari breytingum nr. 244, 1984.

*Samgönguráðuneytið, 2. júlí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

Nr. 294

# REIKNINGUR

## Gjafasjóðs Landspítala.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 1984.

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Ýmis kostnaður, prentun o.fl. | kr. | 85 650,00 |
| Styrkveitingar 1984 | — | 2 616 000,00 |
| Tekjur til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr. | — | 750 000,00 |
| Tekjur lagðar v/höfuðstól | — | 1 046 548,14 |
| | Samtals kr. | 4 498 198,14 |

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Arður af hlutabréfum E.Í. | | | kr. | 1 368,00 |
| Samúðarskeyti Landsímans | kr. | 3 241 081,74 | | |
| ÷ 15% til F.Í.S. | — | 486 172,26 | | |
| | | | — | 2 754 909,48 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | | — | 1 741 920,66 |
| | | | Samtals kr. | 4 498 198,14 |

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1984.**

Eignir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Innstæða á ávísanareikningi | | | kr. | 136 923,41 |
| Innstæða á bankareikningum | | | — | 9 125 144,14 |
| Spariskírteini 1. fl. 74C 1136—40 | kr. | 2 500 | | |
| Spariskírteini 1. fl. 75C 10461—65 | — | 2 500 | | |
| Spariskírteini 1. fl. 76C 1363—92 | — | 15 000 | | |
| | | | — | 20 000,00 |
| Hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands | | | — | 13 680,00 |
| Áfallnir vextir af spariskírteinum | | | — | 5 984,54 |
| | | | Samtals kr. | 9 301 732,09 |

Skuldir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Til ráðstöfunar 1986 skv. 5. gr. skipulagsskrár frá | | | | |
| fyrra ári | kr. | 2 285 000,00 | | |
| af tekjum 1984 | — | 750 000,00 | | |
| | | | kr. | 3 035 000,00 |
| Höfuðstóll 1. jan. 1984 | kr. | 5 211 063,95 | | |
| + jöfnunarbréf E.Í. | — | 9 120,00 | | |
| Lagt v/höfuðstól 31. des. 1984 | — | 1 046 548,14 | | |
| | | | — | 6 266 732,09 |
| | | | Samtals kr. | 9 301 732,09 |

Athugasemd:

Verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs eru færð á nafnverði.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands er verðgildi bréfanna 31. des. 1984 pr. kr. 100 sem hér segir:

1.fl.74 kr. 6 115,26
1.fl.75 kr. 4 980,98
1.fl.76 kr. 3 555,72

Verðtrygging verður tekjufærð við innlausn skírteinanna vegna skiptingar milli höfuðstóls og fjár til ráðstöfunar skv. 5. gr. skipulagsskrár.

Reykjavík, 20. janúar 1985.

**María Sigurðardóttir.**

Vottað:
Ólöf Pétursdóttir.
Vilborg Gunnarsdóttir.

# REIKNINGUR

**Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1984.**

| | | Kr. |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innstæða á hlr. 40091 í Seðlabanka Íslands | | 694 226,67 |
| Spariskírteini ríkissjóðs | | 21 324 210,00 |
| Ríkisvíxlar | | 1 250 000,00 |
| | | 23 268 436,67 |
| **Skuldir:** | | |
| Ósóttir styrkir frá 1978 | | 600,00 |
| Ósóttir styrkir frá 1979 | | 35 000,00 |
| Ósóttir styrkir frá 1981 | | 10 000,00 |
| Ósóttir styrkir frá 1982 | | 100 000,00 |
| Ósóttir styrkir frá 1983 | | 12 500,00 |
| Ósóttir styrkir frá 1984 | | 740 000,00 |
| Höfuðstóll hinn 31. desember 1983 | kr. 22 760 508,36 | |
| Gjöld umfram tekjur | kr. 390 171,69 | 22 370 336,67 |
| | | 23 268 436,67 |
| **Tekjur:** | | |
| Vextir af hlr. 40091 | | 184 065,38 |
| Verðhækkun spariskírteina | | 4 298 145,00 |
| Forvextir af ríkisvíxlum | | 74 250,00 |
| Afsl. vegna sparisk. kaupa í 2. fl. 1984 | | 240 000,00 |
| Gjöld umfram tekjur | | 390 171,69 |
| | | 5 186 632,07 |
| **Gjöld:** | | |
| Styrkveitingar 1984 | | 5 000 000,00 |
| Vextir af yfirdrætti á hlr. 40091 | | 166 006,07 |
| Ýmiss kostnaður | | 20 626,00 |
| | | 5 186 632,07 |

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

*Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 7. maí 1985.*

**Halldór V. Sigurðsson.**

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

**Jóhannes Nordal.** **Björn Bjarnason.**
**Eysteinn Jónsson.** **Gils Guðmundsson.**

**Endurprentað blað.**

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1984.**

| | |
|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | kr. |
| Búnaðarbankainnstæða nr. 601392 | 28 091,00 |
| Vextir | 5 259,00 |
| | 33 350,00 |
| **Sjóður til næsta árs:** | |
| Búnaðarbankainnstæða nr. 601392 | 33 350,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

Nr. 297

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Grímseyjarsjóðs W. Fiske, fyrir árið 1984.**

| | | |
|---|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | kr. | kr. |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711 | 629,00 | |
| Búnaðarbankainnstæða | 3 521,00 | 4 150,00 |
| **Vextir:** | | |
| Af söfnunarsjóðsinnstæðu | 88,00 | |
| Af Búnaðarbankainnstæðu | 664,00 | 752,00 |
| | | 4 902,00 |
| **Gjöld:** | | |
| Styrkur til Grímseyinga | | 280,00 |
| **Sjóður til næsta árs:** | | |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 711 | 633,00 | |
| Búnaðarbankainnstæða | 3 989,00 | 4 622,00 |
| | | 4 902,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X og Alexandrine drottningar, árið 1984.**

| | |
|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | kr. |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 706 | 12 091,00 |
| Vextir | 1 692,00 |
| | 13 783,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

Nr. 299

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar fyrir árið 1984.**

| | |
|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | kr. |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 716 | 13 861,00 |
| Vextir | 1 940,00 |
| | 15 801,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

Nr. 300

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu fyrir árið 1984.**

| | |
|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | kr. |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 551 | 1 163,00 |
| Vextir | 162,00 |
| | 1 326,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Steinunnar Sighvatsdóttur og Magnúsar Ólafssonar, fyrir árið 1984.**

| | kr. |
|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 487 | 3 348,00 |
| Vextir | 525,00 |
| | 3 873,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

Nr. 302

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Jóhanns Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur, fyrir árið 1984.**

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | | |
| Útvegsbankainnstæða nr. 500093 | 442 126,00 | |
| Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi | 26 900,00 | 469 026,00 |
| **Vextir:** | | |
| Af Útvegsbankainnstæðu | 103 643,00 | |
| Af skuldabréfi | 4 304,00 | |
| Af alm. sparisjóðsbók | 1 542,00 | 109 489,00 |
| | | 578 515,00 |
| **Sjóður til næsta árs:** | | |
| Útvegsbankainnstæða nr. 500093 | 538 130,00 | |
| Skuldabréf Dvalarh. Borgarnesi | 23 600,00 | |
| Alm. sparisj.bók í Útvegsbanka | 16 785,00 | 578 515,00 |
| | | 578 515,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1984.**

| | |
|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | kr. |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 395 | 2 641,00 |
| Vextir | 414,00 |
| | 3 055,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

Nr. 304

# REIKNINGUR

**fyrir styrktarsjóð Þórarins Tulinius, fyrir árið 1984.**

| | | |
|---|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | kr. | kr. |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709 | 294,00 | |
| Búnaðarbankainnstæða | 10 696,00 | 10 990,00 |
| **Vextir:** | | |
| Af söfnunarsjóðsinnstæðu | 41,00 | |
| Af Búnaðarbankainnstæðu | 2 019,00 | 2 060,00 |
| | | 13 050,00 |
| **Sjóður til næsta árs:** | | |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 709 | 298,00 | |
| Búnaðarbankainnstæða | 12 752,00 | 13 050,00 |
| | | 13 050,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

# REGLUGERÐ

**um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi, sem innheimt er skv. reglugerð nr. 259/1985 skv. lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna afurða svína og alifugla.**

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum á afurðum svína og alifugla hluta sérstaks fóðurgjalds, sem álagt er við tollafgreiðslu á innflutt fóður, sbr. reglugerð nr. 259 frá 1. júlí 1985. Endurgreiðslan skal vera 75/80 hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 6. gr. Af hinu álagða sérstaka fóðurgjaldi renna sem næst 5/80 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslanna, sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skv. reglugerð þessari skal eingöngu vera vegna framleiðslu á afurðum alifugla og svína frá og með 1. júlí 1985.

3. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af Endurgreiðslureikningi til framleiðenda sbr. 5. gr., annaðhvort með milligöngu fóðursala eða beint af Endurgreiðslureikningnum. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast um hluta endurgreiðslanna og annast hinn hlutann sjálfur, heldur verður hann að velja aðra hvora leiðina.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast endurgreiðslu til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hinu sérstaka gjaldi skal haldið á sérgreindum reikningi, er Framleiðsluráð færir — Endurgreiðslureikningi — sem Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á. Ríkisféhirðir gerir skil mánaðarlega til Framleiðsluráðs, til færslu á Endurgreiðslureikning, á hinu sérstaka fóðurgjaldi samkv. reglugerð nr. 259/1985, hvort sem er í formi sjálfskuldarábyrgðar eða peninga. Framleiðsluráð gerir á sama hátt skil mánaðarlega til Framleiðnisjóðs á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds, er greiða ber í sjóðinn, sbr. 1. gr., og gjaldfallið er, sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

5. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið að fóðursali annist endurgreiðsluna og gefur hann þá viðkomandi fóðursala (fóðursölum) umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en Framleiðsluráð staðfestir endurgreiðslur samkvæmt framlögðum gögnum frá fóðursölum, skal umboð fóðursalans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda liggja fyrir. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal miðuð við framleiðslumagn og fer fram í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi við fóðurkaup, en þá endurgreiðast 60/80 hlutar hins sérstaka fóðurgjalds eins og það er fullreiknað, þ. e. nú 80% af tollverði. Endurgreiðslan reiknast af hverri fóðurtegund fyrir sig skv. 8. gr. Í öðru lagi á þriggja mánaða fresti samkvæmt framlögðum skýrslum um framleiðslumagn til Framleiðsluráðs landbúnaðarins á s. l. 3ja mánaða tímabili, í fyrsta sinn frá 1. júlí 1985, og er það lokagreiðsla, þannig að endurgreiðslu eftir framleiðslumagni, er nemur 75/80 hlutum af fullu sérstöku fóðurgjaldi, verði náð, sbr. þó 11. gr.

7. gr.

Fóðursölum er heimilt við sölu á fóðri til framleiðslu á afurðum alifugla og svína, að endurgreiða 60/80 hluta hins sérstaka fóðurgjalds, að fenginni staðfestingu Framleiðsluráðs landbúnaðarins á endurgreiðslurétti hvers einstaks framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins veitir aðilum því aðeins rétt til endurgreiðslu, að þeir hafi lagt fram tilskilin gögn, sbr. 10. gr.

8. gr.

Fóðursalar skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins mánaðarlega skilagrein um endurgreidd fóðurgjöld. Á þeirri skilagrein komi fram nafn, nafnnúmer og heimili fóðurkaupanda, tegund og magn fóðurs og endurgreiðslur hvers framleiðanda. Jafnframt skal fóðursali láta fylgja verðútreikning, er sýni m. a. hver hluti hins sérstaka fóðurgjalds er í verði fóðursins og hver hinn endurgreiðsluhæfi hluti er í sama fóðri, þ. e. 60/80 hlutar hins sérstaka fóðurgjalds.

9. gr.

Óski framleiðandi eftir endurgreiðslu 60/80 hluta fóðurgjalds vegna staðgreiðslu á fóðurkaupum, skal hann skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sömu upplýsingum varðandi hlut fóðurgjalds í verði fóðursins og koma fram í 8. gr.

10. gr.

Til þess að framleiðandi á afurðum alifugla og svína öðlist rétt til endurgreiðslu á fóðurgjaldi, er honum skylt að leggja fram framleiðsluskýrslur eða vottorð um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi, til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Á skýrslunum komi fram nafn, nafnnúmer og heimilisfang framleiðandans og magn hverrar afurðar og hverjum seld. Skýrslum þessum ber að skila á eftirfarandi hátt:

A. Mánaðarleg skil komi frá:
   1. Framleiðendum á afurðum svína.
   2. Framleiðendum eggja, sem hafa 200 varphænur eða fleiri.
   3. Framleiðendum á alifuglakjöti.

B. Skil á þriggja mánaða fresti komi frá framleiðendum eggja með 50—200 varphænur.

C. Skil einu sinni á ári komi frá framleiðendum eggja, sem hafa innan við 50 varphænur.

Skilafrestur á skýrslum er þrjár vikur frá lokum hvers tímabils.

Framleiðsluráð landbúnaðarins útbýr skýrsluform og sendir til viðkomandi aðila eftir forðagæsluskýrslum eða vottorðum um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi.

11. gr.

Seinni hluti greiðslu á hinu sérstaka fóðurgjaldi, þ. e. sem svarar til 15/80 hluta á fullu gjaldi sbr. 6. gr., skal reiknaður eftir framleiddum afurðum alifugla og svína, þannig að ekki

verði endurgreitt á meira magn kjarnfóðurs til framleiðslu afurða á liðnu þriggja mánaða tímabili en nemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fyrir hvert kg svínakjöts | 5,9 kg fóðurs |
| Fyrir hvert kg eggja | 5,3 kg fóðurs |
| Fyrir hvert kg kjúklingakjöts og kalkúnakjöts | 4,5 kg fóðurs |
| Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum | 4,0 kg fóðurs |

Engar endurgreiðslur verða fyrir kjöt af varpfuglum.

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga lagt í útungunarvél reiknist 11,5 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpfugla reiknist 7,5 kg fóðurs á kg eggja.

Framleiðendum eggja með færri en 50 varphænur skal áætluð endurgreiðsla m. v. 12 kg framleiðslu eggja eftir hverja hænu á ári.

Framleiðsluráði er heimilt að endurgreiða framleiðendum á afurðum alifugla og svína, umfram það sem útreikningur skv. 1. mgr. þessarar gr. leiðir til, í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé um nýbýlinga að ræða, sem vegna bústofnsauka kaupa fóður umfram það sem er eðlilegt skv. afurðum á tímabilinu.
2. Vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóms eða óhapps, sem leiðir til þess að notkun fóðurs er verulega umfram afurðir.

Framleiðsluráð reiknar endurgreiðslu skv. tölulið 1 og 2 af framlögðum gögnum, sem það telur nauðsynleg.

12. gr.

Við ákvörðun endurgreiðslu á 15/80 hlutum hins sérstaka fóðurgjalds hverju sinni, skal reikna fyrir hverja tegund afurðar, sbr. 11. gr., meðaltal sérstaks fóðurgjalds í seldu fóðri skv. skýrslum frá fóðursölum, sem borist hafa til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.

Hverjum framleiðanda greiðist fjárhæð, sem er margfeldi af framleiðslumagni hans og áætlaðri fóðurnotkun, sbr. 11. gr., og 15/80 hlutum hins reiknaða meðaltals af sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 1. mgr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þessa útreikninga og sér um greiðslur til framleiðenda.

Heimilt er að inna af hendi greiðslur til framleiðenda á 15/80 hlutum hins sérstaka fóðurgjalds, með skuldajöfnunarávísun Endurgreiðslureiknings, sbr. 2. mgr. Skuldajöfnunarávísun notist til fóðurkaupa eða framvísist Endurgreiðslureikningi, þegar fóðurgjaldið gjaldfellur samkvæmt skuldaviðurkenningum fóðurinnflytjanda.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og gildir til 31. desember 1985.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Endurgreiðsluréttur skv. 6. gr. er bundinn því, að framleiðendur á afurðum alifugla- og svína hafi skilað framleiðsluskýrslum fyrir 1. og 2. ársfjórðung 1985 skv. 7. gr. auglýsingar nr. 85/1985 um endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi til alifugla- og svínaræktar, skv. l. nr. 95/1981.

Í júní 1985 skulu gilda ákvæði auglýsingar nr. 85/1985 um endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi til alifugla- og svínaræktar.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

# REGLUGERÐ

**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 2,4% frá 1. ágúst 1985 að telja frá því sem þær voru í júlí 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 307 19. júlí 1985

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 486/1982,**
**um söluskatt, með síðari breytingum.**

1. gr.

20. tl. 14. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Iðgjöld af seldum líftryggingum, fiskeldistryggingum, farmtryggingum vegna flutnings milli Íslands og annarra landa, skipa- og loftfaratryggingum, slysa- og starfshæfnistryggingum flugáhafna, svo og slysatryggingum sem atvinnurekendur eru skuldbundnir samkvæmt kjarasamningi að kaupa fyrir starfsmenn sína.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 19. júlí 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Snorri Olsen.*

**Stjórnartíðindi B 29, nr. 305—307. Útgáfudagur 1. ágúst 1985.**

# REGLUGERÐ

**fyrir Vatnsveitu Tálknafjarðar.**

1. gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðar fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign sveitarsjóðs. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því sem vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri hreppsins með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Hreppsnefnd kýs 3 manna nefnd til að hafa umsjón með vatnsveitunni og gera tillögur til hreppsnefndar um úrbætur og framkvæmdir.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja vatnsæðar um kauptúnið svo sem henta þykir þannig að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að, enda sé húsið reist með samþykki byggingarnefndar. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, skal senda beiðni til umsjónarmanns enda sé vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni. Vélar og önnur tæki, þau er nota vatn, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi vatnsveitunnar. Einnig getur vatnsveitan fyrirskipað breytingar á eldri tækjum og vélum, ef nauðsyn krefur. Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geta eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilis fyrir nægjanlegu vatni er neytanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur, eftir úrskurði vatnsveitunnar. Vatnsveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á götuæðum enda þótt húseigendur hafi í upphafi að einhverju eða öllu leyti borið þann kostnað, er af lögninni leiddi nema öðruvísi verði um samið. Vatnsveitan annast kaup og viðhald brunahana.

5. gr.

Vatnsveitan skal hafa eftirlit með því að nýlagnir séu hóflega víðar, nægilega djúpt í jörð og að öðru leyti í samræmi við samþykkt þessa. Engar vatnsæðar má hylja fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni. Vatnsveitan hefur rétt til að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda. Álíti eftirlitsmaður vatnsveitunnar að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

6. gr.

Vatnsveitan getur ákveðið að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar á kostnað húseiganda. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja sama húsæðakerfið við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir ef aðilar verða ekki ásáttir um slíkt. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upphituð. Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka, þegar hans verður vart. Þótt leka hafi orðið vart, getur vatnsveitan ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

7. gr.

Eftirlitsmenn vatnsveitunnar skulu hafa frjálsan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss og skulu húseigendur gefa upplýsingar um vatnsnotkun, sem óskað er eftir. Þeim er og heimilt að fara um lóðir vatnsnotenda til að athuga um vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem nauðsynlegar kunna að teljast.

8. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig að óþrifum eða óþægindum valdi eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni. Jafnframt er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar, sem fyrirsjáanlega verða ekki teknar í notkun innan árs.

9. gr.

Heimilt er að fyrirskipa takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Einnig að loka fyrir vatnið, vegna viðgerða og hreinsunar, takmarka það á vissum tíma í senn, eftir atvikum. Jafnan skal auglýsa slíkar aðgerðir með svo rúmum fyrirvara sem kostur er.

10. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur í einkaeign eða eign vatnsveitunnar. Óheimilt er öðrum en slökkviliði, lögreglu og starfsmönnum vatnsveitunnar að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, nema með sérstöku leyfi. Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum vegna hugsanlegra aðgerða, sem nefndar eru í 9. og 10. gr.

11. gr.

Húseigandi, sem beiðist tengingar við vatnsæðar vatnsveitunnar, skal leggja fram teikningar af vatnskerfi sínu ef óskað er. Húseigandi skal greiða stofngjald til vatnsveitunnar áður en tenging fer fram og skal það miðast við rúmmál húss hans að utanmáli. Er gjaldið kr. 3,10 á hvern rúmmetra húss allt að 2 000 rúmmetra stærð en kr. 2,00 á hvern rúmmetra sem þar er umfram.

12. gr.

Árlegur vatnsskattur skal reiknast af heildarmati hverrar fasteignar þ. e. mat mannvirkja og lóðar, samkvæmt lögum um fasteignaskráningu nr. 28 29. apríl 1963. Upphæð vatnsskattsins skal vera 0.15% af framangreindu mati. Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en kr. 800,00 fyrir hverja skattskylda fasteign. Þó skal aldrei reikna vatnsskatt af húsi það ár, sem bygging fer fram. Sé bygging eigi virt fasteignamatsvirðingu skal greiða

vatnsskatt samkvæmt lágmarksákvæðum þessara greina. Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu og vatni er veitt í eða næst til vatnsæða frá. Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

a) Vatnsnotkun í steypu til iðnaðar kr. 6,00 fyrir hver 1 000 kg af sementsnotkun.
b) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 5.000,00 á ári fyrir vatnsnotin.
c) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða kr. 12,00 á hverja smálest af innvegnum fiski þar sem ekki er vatnsmælir.
d) Greiðsla fyrir vatn sem selt er til skipa og báta í Táknafjarðarhöfn skal vera kr. 14,00 fyrir hvern rúmmetra.
e) Gjöld fyrir ótalin vatnsnot skulu fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

13. gr.

Þar sem vatnsnot eru mikil eða komi í ljós, að þau séu óeðlileg, er sveitarstjórn heimilt að krefjast aukavatnsskatts samkvæmt mælingum eða eftir ákvörðun sveitarstjóra. Aukavatnsskattur skal miðaður við kr. 1,50 á hvern rúmmetra vatns. Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

14. gr.

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli greiðir húseigandi kostnað við uppsetningu mælisins. Vatnsveitan sér um eðlilegt viðhald mælisins, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það sektum samkvæmt almennum hegningarlögum. Verði vatnsmæli ekki komið fyrir án breytinga á vatnslögn er húseiganda skylt að láta breyta lögninni á sinn kostnað. Vatnsveitan sjálf ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Ber húseiganda að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust um bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða þeirra var.

15. gr.

Árlegur vatnsskattur af heildarmati fasteigna hefur sömu gjalddaga og önnur fasteignagjöld til sveitarsjóðs. Fyrir önnur vatnsnot skv. 12. og 13. gr. svo og aukavatnsskatt samkvæmt mæli skal greiða í lok hvers ársfjórðungs.

16. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við fasteignamat það er tók gildi 1. desember 1984 og breytast síðar í samræmi við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefnd getur hækkað eða lækkað um allt að 50% framantalin gjöld öll þeirra eða hvert um sig án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 12 000,oo nema þyngri refsing liggi við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1985.*

**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

# REGLUGERÐ

## um holræsi í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Þegar Tálknafjarðarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja, á sinn kostnað, holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppsnefnd látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Tálknafjarðarhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1985. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðamörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda, er holræsakerfi kauptúnsins varðar. Heimilt er sveitarstjóra að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárennsliskerfi sínu, ef krafist verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingasamþykktar, auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíu eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða svæði þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlega holræsagjald, sem nemur 0.15% af hinu opinbera fasteignamati húss og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur hreppsnefnd lækkað eða hækkað um allt að 50% án þess að leita þurfi staðfestinga ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði. Gjalddagar holræsagjalda eru hinir sömu og annarra fasteignagjalda ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10.000,00 nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

22. júlí 1985 Nr. 310

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Siglufjarðar nr. 148 18. mars 1982 með síðari breytingum.

Stafliðir a-g í 3. gr. orðist svo:

a) Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 25 000,00 á ári fyrir vatnsnotin.
b) Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sementsnotkun, kr. 5,00.
c) Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 2,00 fyrir hverja slátraða sauðkind.
d) Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 6,00 á hverja uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald skal vera fyrir hverja tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem lögð er á land til pökkunar og pæklunar skal greiða kr. 3,00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
e) Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu, eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 12,50 fyrir hvert landað tonn.
f) Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 10,00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
g) Fyrir vatn til skipa skal greiða sem hér segir. Til fiskiskipa kr. 30,00 fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 300,00. Til annarra skipa kr. 40,00 fyrir hverja smálest og skal lágmarksgjald vera kr. 400,00. Heimilt er að leggja á sérstakt afgreiðslugjald ef óskað er eftir að fá vatn afgreitt til skipa utan venjulegs dagvinnutíma. Vatn til skipa skal staðgreiða nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki að viðlögðum sektum fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu hefur verið samið.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júlí 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

# REGLUGERÐ

**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 118 31. desember 1984.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B. F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum veiðisvæðum og tímum.

A. Í Héraðsflóa, frá 15. ágúst 1985 til 31. desember 1985, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarnareyjarvita að línu réttvísandi aust-norðaustur af Ósfles (65°37′8 N, 13°55′3 V) utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

B. Utan Breiðafjarðar, frá 1. september 1985 til 31. desember 1985, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30′2 N, 24°32′1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

C. Fyrir Vestfjörðum, frá 1. september 1985 til 31. desember 1985, utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum 81/1976, frá línu, sem dregin er 317° réttvísandi frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi. Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita norður um að 22°44′0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 118 31. desember 1984, um breytingar á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 312 9. ágúst 1985

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 335 18. maí 1983 um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Afgreiðslutími útsölustaðanna skal aldrei vera lengri en almennra verslana.

Útsölustaðirnir skulu vera lokaðir á helgidögum þjóðkirkjunnar, á laugardögum og aðfangadag jóla. Ennfremur skulu útsölustaðirnir lokaðir þá daga, er almennar kosningar til Alþingis og sveitarstjórna fara fram, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní og fyrsta mánudag í ágúst.

2. gr.

2. og 3. mgr. 8. gr. orðist svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað. Á hverjum veitingastað, þar sem leyfðar eru áfengisveitingar, skal liggja frammi verðskrá, sem gestir eiga aðgang að, um verð á þeim áfengistegundum, sem þar eru á boðstólum. Skal í verðskránni miðað við það, að endanlegt verð veitinga til neytenda standi ávallt á heilli krónu, þannig að verðið hækki eða lækki í þá fjárhæð samkvæmt almennum reglum. Á veitingastað skal með sama hætti liggja frammi verðskrá um verð á öðrum veitingum, (mat og óáfengum drykkjum), sem þar eru á boðstólum.

Áfengisskammtur skal miðaður við 3 cl. Nota skal eingöngu mælitæki sem hlotið hafa löggildingu. Óheimilt er að framreiða öl, sem áður hefur verið blandað áfengi.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Veitingamönnum, sem hafa með höndum veitingar áfengis, er skylt að gæta þess, að veitingar og umgengni séu með menningarbrag. Veitingamönnum er þannig skylt að gæta þess að óáfengir drykkir séu jafnan fram bornir þegar boðnir eru áfengir drykkir. Ber þeim að gæta þess, að veitingahús þeirra fullnægi ávallt þeim skilyrðum, sem í áfengislögunum eru sett fyrir því, að þeir geti öðlast leyfi til áfengisveitinga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969, öðlast gildi 15. september 1985.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. ágúst 1985.*

**Jón Helgason.**

*Þorsteinn Geirsson.*

30. júlí 1985 Nr. 313

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 206 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík.**

Ákvæði til bráðabirgða hljóða svo:

Til 1. janúar 1989 skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Eigendur eignarlóða, aðrir en þeir sem borgarstjórn hefur gert sérstakan samning við, handhafar leigulóða og lóðarhafar lóða, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, en hafa enn ekki fengið leigulóðarsamning, geta sótt um nýbyggingar, stækkanir og breytingar húsa til byggingarnefndar skv. nýtingarhlutfalli samþykkts aðal- eða deiliskipulags. Gatnagerðargjald greiðist þennan tíma hvorki af eignarlóðum né leigulóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959. Á tímabilinu 1. janúar 1988 til 31. desember 1988 skal greiða ½ gatnagerðargjald af eignarlóðum og lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað fyrir 1. janúar 1959, en eftir 1. janúar 1989 skal greiða af þeim fullt gjald.

Af öðrum lóðum, sem borgarstjórn hefur úthlutað, skal greiða gatnagerðargjald skv. því rúmmetragjaldi, er gilti þegar úthlutun fór fram eða þeim skilmálum, er úthlutun fylgdu.

Felli byggingarnefnd úr gildi byggingarleyfi húss, byggingaráfanga eða stækkunar, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar gr. 3.4.6., 1. mgr., eftir 1. janúar 1989 skulu gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 314 31. júlí 1985

# SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt Suðureyrarhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu að fasteignum innan hreppsins.**

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, samþykkir hreppsnefnd Suðureyrarhrepps að áskilja Suðureyrarhreppi forkaupsrétt að öllum fasteignum innan hreppsins vegna gerðar aðal-, deiliskipulags fyrir Suðureyrarkauptún.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja.

Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. júlí 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 315 7. ágúst 1985

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.**

1. gr.

1. málsgr. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 609 11. ágúst 1983, orðist svo:

Verð hverrar getraunaraðar er kr. 3,75.

2. gr.

6. málsgr. 13. gr., sbr. reglugerð nr. 11 10. janúar 1984, orðist svo:

Vinningar, sem ekki ná kr. 250,00, skulu ekki greiddir út. Ef vinningshlutar í 2. flokki ná ekki kr. 250,00, bætist vinningsfjárhæð 2. flokks við vinningsfjárhæð 1. flokks og skiptist heildarvinningsupphæð vikunnar þá milli seðla í 1. vinningsflokki. Nú nær vinningshluti í 1. flokki ekki kr. 250,00 og fellur þá greiðsla vinninga í þeirri viku niður, en vinningsupphæðinni skal þá bætt við heildarvinningsupphæð næstu getraunaviku á eftir.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. ágúst 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# REIKNINGUR

## Lánasjóðs sveitarfélaga 1984.

### REKSTRARREIKNINGUR

| | | 1984 |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | | |
| Vaxtatekjur af innstæðum | kr. | 1 722 728 |
| Vaxtatekjur af útlánum | — | 49 647 271 |
| Verðbætur | — | 116 259 643 |
| Lántökugjöld | — | 597 500 |
| Fjármunatekjur alls: | kr. | 168 227 142 |
| **Fjármunagjöld:** | | |
| Vaxtagjöld af langtímalánum | kr. | 30 650 897 |
| Verðbætur af langtímalánum | — | 44 957 833 |
| Lántökugjöld | — | 140 000 |
| Gengismunur | — | 15 272 621 |
| Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga | — | 64 119 388 |
| Fjármunagjöld alls: | kr. | 155 140 739 |
| Hreinar fjármunatekjur: | kr. | 13 086 403 |
| **Aðrar tekjur:** | | |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | kr. | 42 000 000 |
| Framlag ríkissjóðs | — | 0 |
| Aðrar tekjur: | — | 41 850 |
| Aðrar tekjur alls: | kr. | 42 041 850 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | kr. | 1 747 231 |
| Sérkostnaður sjóðsins | — | 409 989 |
| Afskriftir | — | 839 378 |
| Rekstrargjöld alls: | kr. | 2 996 598 |
| Tekjuafgangur: | kr. | 52 131 655 |

### EFNAHAGSREIKNINGUR

**Eignir:**

| | | 1984 |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | |
| Sjóður | kr. | 1 508 782 |
| Bankainnstæða | — | 3 241 416 |
| Bjargráðasjóður | — | 317 016 |
| Samband ísl. sveitarfélaga | — | 727 214 |
| Gjaldf. útist. vextir og verðbætur | — | 35 040 974 |
| Gjaldfallnar afborganir | — | 12 537 144 |
| Áfallnir útistandandi vextir | — | 19 062 602 |
| Afborganir sem gjaldfalla á næsta ári | — | 91 539 087 |
| Veltufjármunir alls: | kr. | 163 974 235 |

**Fastafjármunir:**

| | | |
|---|---|---|
| Langtímakröfur: | | |
| Skuldabréf | kr. | 868 467 618 |
| Afborganir til greiðslu á næsta ári | — | 104 076 231 |
| Langtímakröfur alls: | kr. | 764 391 387 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | |
| Áhöld og búnaður | kr. | 2 819 850 |
| Fasteign | — | 12 643 177 |
| | — | 15 463 027 |
| Afskrifað alls: | | 1 851 282 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls: | kr. | 13 611 745 |
| Fastafjármunir alls: | kr. | 778 003 132 |
| Eignir samtals: | Kr. | 941 977 367 |

**Skuldir og eigið fé**

| **Skammtímaskuldir:** | | 1984 |
|---|---|---|
| Skuldheimtumenn | kr. | 87 836 |
| Ríkissjóður vegna ábyrgðagj. | — | 300 000 |
| Áfallnir ógr. vextir | — | 7 520 768 |
| Afborganir næsta árs af langtímaskuldum | — | 56 736 274 |
| Skammtímaskuldir alls: | kr. | 64 644 878 |
| **Langtímaskuldir:** | | |
| Framkvæmdasjóður Íslands | kr. | 430 352 190 |
| Seðlabanki Íslands | — | 10 865 196 |
| | kr. | 441 217 386 |
| Afborganir næsta árs sbr. ofar | — | 56 736 274 |
| Langtímaskuldir alls: | kr. | 384 481 112 |
| Skuldir alls: | kr. | 449 125 990 |
| **Eigið fé:** | | |
| Endurmatsreikningur | kr. | 269 773 393 |
| Óráðstafað eigið fé | — | 223 077 984 |
| Eigið fé alls: | kr. | 492 851 377 |
| Skuldir og eigið fé samtals: | kr. | 941 977 367 |

*Reykjavík, 25. janúar 1985.*

**Magnús E. Guðjónsson,** frkvstj.
**Birgir L. Blöndal,** aðalbókari.

# GJALDSKRÁ

## yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

| **Fóðurefnagreiningar:** | Kr. |
|---|---|
| Vatn | 120,00 |
| Vatn í votheyi (Touleneiming) | 220,00 |
| Meltanleiki in vitro | 280,00 |
| Prótein (Kjeldhal) | 350,00 |
| Meltanlegt prótein | 510,00 |
| Tréni | 320,00 |
| Van Soest aðferð (Cellulósi, lignin) | 490,00 |
| Fita (eter extract) | 250,00 |
| Brunagildi | 420,00 |
| Aska | 220,00 |
| Brennisteinn | 440,00 |
| Kalsíum | 440,00 |
| Fosfór | 440,00 |
| Magnesíum | 440,00 |
| Kalíum | 440,00 |
| Natríum | 440,00 |
| Kopar | 440,00 |
| Magnan | 440,00 |
| Zink | 440,00 |
| Járn | 440,00 |
| Bór | 440,00 |
| $B_1$ vítamín | 980,00 |
| $B_2$ vítamín | 980,00 |
| pH í votheyi | 150,00 |
| Sýrur + $NH_3$ í votheyi | 490,00 |
| Heildarrannsókn á þurrheyi | 560,00 |
| Heildarrannsókn á votheyi | 1 130,00 |
| **Jarðvegsefnagreiningar:** | |
| Fosfór 1) (P) (vegna ylræktar) | 220,00 |
| Fosfór 2) (P) | 150,00 |
| Kalíum (K) | 110,00 |
| Nítrat ($NO_3$) | 110,00 |
| Leiðnitala (Lt) | 100,00 |
| Sýrustig (pH) | 100,00 |
| Áætluð „kalkþörf“ 1) | 100,00 |
| Kalkþörf ákveðin með titr. 2) | 280,00 |

| **Matvælaefnagreiningar:** | Kr. |
|---|---|
| Prótein (Kjeldhal) | 350,00 |
| Nítrat | 740,00 |
| Nítrít | 890,00 |
| Fita (með soxhelt) | 250,00 |
| Tréni | 320,00 |
| Sykurefni | 350,00 |
| Aska | 220,00 |
| Vatn | 120,00 |
| Fitusýrugreining | 2 100,00 |
| Sýrutala | 130,00 |
| Joðtala | 270,00 |
| Peroxíðgildi | 220,00 |
| Kalsíum | 440,00 |
| Fosfór | 440,00 |
| Magnesíum | 440,00 |
| Kalíum | 440,00 |
| Natríum | 440,00 |
| Járn | 440,00 |
| Salt | 150,00 |
| $B_1$ vítamín | 990,00 |
| $B_2$ vítamín | 990,00 |
| C vítamín | 1 060,00 |

| **Plöntusjúkdómar og meindýr:** | |
|---|---|
| Einfaldar greiningar á meindýrum og öðrum skaðvöldum | 210,00 |
| Umfangsmeiri greiningar á skaðaorsökum | 420,00 |
| Útgáfa heilbrigðisvottorða eða stimplun vegna inn- og útflutnings plantna | 140,00 |

2. gr.

Aðrar rannsóknir eru unnar í tímavinnu samkvæmt fyrirfram áætlaðri tímaþörf.

3. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni sem hafa vísindalegt eða almennt gildi.

Taki stofnunin að sér verkefni, sem unnið er á tímakaupi, miðast útseld vinna sérfræðinga og aðstoðarmanna þeirra við laun viðkomandi ásamt launatengdum gjöldum, stjórnunarálagi, efnis- og tækjakostnaði.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 — 1985



# SKIPULAGSREGLUGERÐ

## EFNISYFIRLIT


| | | Bls. |
|---|---|---|
| 1. | INNGANGUR | |
| **1.1.** | **Skilgreiningar** | 3 |
| *1.1.1.* | *Svæðisskipulag* | 3 |
| *1.1.2.* | *Aðalskipulag* | 3 |
| *1.1.3.* | *Deiliskipulag* | 3 |
| 2. | SVÆÐISSKIPULAG | |
| **2.1.** | **Skilgreining** | 3 |
| **2.2.** | **Hlutverk og svæðisskipulags** | 4 |
| **2.3.** | **Gerð svæðisskipulags** | 4 |
| *2.3.1.* | *Náttúrufarslegar forsendur* | 4 |
| *2.3.2.* | *Umhverfisvernd — forsendur* | 5 |
| *2.3.3.* | *Byggðaþróun — forsendur* | 5 |
| *2.3.4.* | *Landnotkun* | 5 |
| 2.3.4.1. | Byggingarsvæði | 5 |
| 2.3.4.2. | Útivistarsvæði og önnur opin svæði | 5 |
| 2.3.4.3. | Sérhæfður iðnaður | 5 |
| 2.3.4.4. | Orlofs- og sumarbústaðasvæði | 5 |
| 2.3.4.5. | Landbúnaðarsvæði | 5–6 |
| 2.3.4.6. | Svæði til efnistöku | 6 |
| 2.3.4.7. | Samgöngur | 6 |
| 2.3.4.8. | Veitukerfi | 6 |
| **2.4.** | **Kynning aðalskipulagstillögu** | 6 |
| **2.5.** | **Endurskoðun svæðisskipulags** | 6 |
| **2.6.** | **Frágangur svæðisskipulagsuppdrátta** | 7 |




Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

3. AÐALSKIPULAG Bls.
**3.1.** **Skilgreining** . . . . . 7
**3.2.** **Hlutverk aðalskipulags** . . . . . 7
**3.3.** **Gerð aðalskipulags** . . . . . 8
*3.3.1.* *Náttúrufarslegar forsendur* . . . . . 8
*3.3.2.* *Umhverfisvernd — forsendur* . . . . . 8
*3.3.3.* *Byggðaþróun — forsendur* . . . . . 8
*3.3.4.* *Landnotkun* . . . . . 8
3.3.4.1. Byggingarsvæði . . . . . 8–9
3.3.4.2. Nýtingarhlutfall . . . . . 9
3.3.4.3. Útivistarsvæði og önnur opin svæði . . . . . 9
3.3.4.4. Sérhæfður iðnaður . . . . . 9
3.3.4.5. Orlofs- og sumarbústaðasvæði . . . . . 9
3.3.4.6. Landbúnaðarsvæði . . . . . 9
3.3.4.7. Svæði til efnistöku . . . . . 9
3.3.4.8. Samgöngur og umferð . . . . . 10
3.3.4.9. Veitukerfi . . . . . 10
**3.4.** **Kynning aðalskipulagstillögu og staðfesting** . . . . . 10
*3.4.1.* *Borgarfundir* . . . . . 10
*3.4.2.* *Staðfesting* . . . . . 10
**3.5.** **Endurskoðun á staðfestu aðalskipulagi** . . . . . 10–11
**3.6.** **Frágangur aðalskipulagsuppdrátta** . . . . . 11

4. DEILISKIPULAG
**4.1.** **Skilgreining** . . . . . 11–12
**4.2.** **Hlutverk deiliskipulags** . . . . . 12
**4.3.** **Gerð deiliskipulags** . . . . . 13
*4.3.1.* *Götur og stígar* . . . . . 13
*4.3.2.* *Íbúðasvæði* . . . . . 13–14
*4.3.3.* *Athafnasvæði* . . . . . 14
*4.3.4.* *Nýtingarhlutfall* . . . . . 14
*4.3.5.* *Fjarlægð milli húsa* . . . . . 14–15
*4.3.6.* *Opin svæði og útivist* . . . . . 15
*4.3.7.* *Orlofs- og sumarbústaðasvæði* . . . . . 15
*4.3.8.* *Bifreiðastæði* . . . . . 15–16
*4.3.9.* *Hljóðvist* . . . . . 16–17
**4.4.** **Kynning deiliskipulags** . . . . . 17
*4.4.1.* *Samþykkt deiliskipulags* . . . . . 17
*4.4.2.* *Staðfesting deiliskipulags* . . . . . 17
**4.5.** **Frágangur deiliskipulagsuppdrátta** . . . . . 17
**4.6.** **Undanþágur** . . . . . 17

VIÐAUKI A
Helstu orð og orðtök í skipulagi . . . . . 18–27

VIÐAUKI B
Notkun lita og tákna á skipulagsuppdráttum . . . . . 28–29

## 1. INNGANGUR

### 1.1. Skilgreiningar

Skipulagsáætlun er samkvæmt skipulagslögum og þessari reglugerð, áætlun um skipulag tiltekins landsvæðis, sveitarfélags eða tiltekins hluta sveitarfélags. Skipulagsáætlun skal setja fram í greinargerð ásamt nauðsynlegum uppdráttum og sérteikningum.

Þrjár gerðir skipulagsáætlana eru: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.

*1.1.1. Svæðisskipulag*

Svæðisskipulag nær yfir tvö sveitarfélög hið minnsta og landsvæði (landshluta) hið mesta. Svæðisskipulag skal gert fyrir þau svæði sem ráðherra ákveður, sbr. 3. gr. skipulagslaga, eða þau sem samtök sveitarfélaga ákveða í samráði við skipulagsstjórn ríkisins.

Markmið svæðisskipulags er að móta samræmda heildarstefnu um þróun byggðar á svæðinu og stuðla að hagkvæmri þróun.

Með svæðisskipulagi er mótaður rammi fyrir aðalskipulag.

*1.1.2. Aðalskipulag*

Aðalskipulag nær yfir ákveðið þéttbýli, hluta sveitarfélags, sveitarfélag í heild, tvö eða fleiri sveitarfélög.

Hlutverk aðalskipulags er að sýna meginatriði í stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórnar um þróun byggðar, landnotkun og umferðarkerfi á svæðinu.

Með aðalskipulagi er mótaður rammi fyrir deiliskipulag.

Aðalskipulag ber að staðfesta samkvæmt skipulagslögum.

*1.1.3. Deiliskipulag*

Deiliskipulag skal gera fyrir einstök hverfi, bæjarhluta eða reiti innan ramma aðalskipulagsins. Í deiliskipulagi er gerð nánari grein fyrir notkun lands, tilhögun gatna, íbúðarhúsa, atvinnu- og þjónustuhúsnæðis, stofnana, leiksvæða, útivistarsvæða og annars er þurfa þykir. Deiliskipulag skal taka mið af þeirri stefnu sem mörkuð er í aðalskipulagi hlutaðeigandi sveitarfélags.

Jafnan skal liggja fyrir samþykkt eða staðfest deiliskipulag áður en einstakar byggingarframkvæmdir eru leyfðar.

Um skilgreiningar að öðru leyti vísast í viðauka A og viðauka B með þessari reglugerð. Þar má finna lista yfir helstu orð og orðtök í skipulagi.

## 2. SVÆÐISSKIPULAG

### 2.1. Skilgreining

Svæðisskipulag getur náð yfir tvö sveitarfélög hið minnsta og landsvæði (landshluta) hið mesta. Svæðisskipulag skal gert fyrir þau svæði sem ráðherra ákveður, sbr. 3. gr. skipulagslaga.

Svæðisskipulag er stefnuyfirlýsing hlutaðeigandi sveitarfélaga í þeim málaflokkum sem skipulagið nær til.

Svæðisskipulagi fylgir kort þar sem sýnd er núverandi og fyrirhuguð landnotkun og umferðarkerfi. Svæðisskipulagi skal jafnframt fylgja greinargerð þar sem lýst er m. a. forsendum og markmiðum og hinum ýmsu þáttum gerð nánari skil.

**2.2. Hlutverk svæðisskipulags**

Hlutverk svæðisskipulags er að sýna í einstökum atriðum stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórna um þróun byggðar og landnotkun innan svæðisins.

Markmið við gerð svæðisskipulags er að móta samræmda stefnu og samræma skipulag sveitarfélaganna innan svæðisins. Jafnframt er markmiðið að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar miðað við allar aðstæður, s. s. landfræðilegar, hagrænar og félagslegar.

Svæðisskipulag skal að jafnaði miðað við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þörfum á svæðinu eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins hverju sinni.

Gildistími svæðisskipulags skal að jafnaði vera 20 ár.

**2.3 Gerð svæðisskipulags**

Við gerð svæðisskipulags skal jafnan gætt umhverfissjónarmiða og leitast við að vernda náttúru landsins eftir föngum. Tryggja skal skynsamlega notkun lands, vatns og annarra náttúruauðlinda og forðast hvers konar mengun eftir því sem unnt er.

Þess skal gætt að svæðisskipulag samræmist sem best þjóðhagslegum áætlunum fyrir landið í heild.

Við gerð svæðisskipulags skal tekið mið af staðfestu aðalskipulagi einstakra sveitarfélaga á svæðinu og þeim aðalskipulagstillögum sem til umfjöllunar eru.

Sú stefna sem mótuð er með svæðisskipulagi skal að jafnaði sett fram og rökstudd í greinargerð ásamt meðfylgjandi kortum og skýringarmyndum.

Í greinargerð skal lýst aðstæðum á svæðinu þegar skipulagið er gert. Þá skal gerð grein fyrir þeim viðfangsefnum, sem skipulaginu er ætlað að fjalla um, og stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórna fyrir skipulagstímabilið.

Í greinargerð og á skýringarmyndum skal ennfremur gerð grein fyrir stefnutillögum um þróun atvinnumála og byggðar, eftir því sem ástæða þykir til, og þær rökstuddar.

Ennfremur skal gera grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að framkvæma áætlanir og í hvaða röð.

Við gerð svæðisskipulags skal haft samráð við aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem svæðisskipulagið nær til.

*2.3.1. Náttúrufarslegar forsendur*

Lýsa skal stærð og legu skipulagssvæðisins.

Þar sem sérstök ástæða þykir til skal rannsaka og gera grein fyrir náttúrufari, s. s. jarðfræði, landslagi, gróðurfari, lífríki og veðurfari. Þessar ytri aðstæður skal kanna sérstaklega og meta við gerð svæðisskipulagsins.

Auðkenna skal á uppdráttum og lýsa í greinargerð svæðum, þar sem hætta stafar af veðurfari (ofviðri), flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum eða jarðskjálftum.

*2.3.2. Umhverfisvernd — forsendur*

Auðkenna skal á uppdráttum og lýsa í greinargerð friðlýstum svæðum og stöðum skv. náttúruverndarlögum, þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og þeim sem æskilegt er talið að friða á einn eða annan hátt, t. d. vegna trjágróðurs eða votlendis.

Þá skal einnig gera grein fyrir verndunarsvæðum vatnsbóla og jarðhitasvæðum, og sýna þau á uppdráttum.

Auðkenna skal friðlýstar minjar skv. þjóðminjalögum og aðrar sögulegar minjar sem æskilegt er talið að vernda.

Meta ber umhverfisáhrif þeirra framkvæmda sem ráðgerðar eru skv. svæðisskipulaginu.

*2.3.3. Byggðaþróun — forsendur*

Lýsa skal mörkum sveitarfélaga á svæðinu, samstarfi þeirra og stjórnkerfi.

Gera skal grein fyrir mannfjöldaþróun undangenginna ára og atvinnumálum, og skýra eftir aðstæðum þær breytingar sem orðið hafa.

Ef um sérstök skipulagsvandamál er að ræða skal gerð grein fyrir þeim. Lýst skal þeim verkefnum sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir stefna að á skipulagstímabilinu og þátttöku ríkisins og annarra aðila í þeim.

Eftir því sem kostur er skal gera grein fyrir eignarhaldi á landi innan marka svæðisskipulagsins.

*2.3.4. Landnotkun*

2.3.4.1. Byggingarsvæði

Eftir því sem mælikvarði leyfir skal gera grein fyrir þéttbýlissvæðum og grófri skiptingu þeirra í íbúðarsvæði, iðnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Þá skal sýna þau svæði sem ætluð eru til stækkunar þéttbýlissvæða.

Gera skal grein fyrir þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga, s. s. skólum og heilbrigðisstofnunum, og að hve miklu leyti og hvar þörf er á aukinni þjónustu.

2.3.4.2. Útivistarsvæði og önnur opin svæði

Meta skal þörf á íþróttasvæðum, tjaldsvæðum og öðrum svæðum sem eru talin hafa útivistargildi á einn eða annan hátt, og þau auðkennd á uppdrætti.

2.3.4.3. Sérhæfður iðnaður

Þyki svæði henta fyrir orkufrekan iðnað, eða iðnað sem hefur í för með sér mengun eða hættu, skal lýsa þeim í greinargerð og auðkenna þau á uppdrætti.

2.3.4.4. Orlofs- og sumarbústaðasvæði

Þar sem æskilegt þykir má gera ráð fyrir sérstökum orlofs- og sumarbústaðasvæðum. Gera skal grein fyrir mörkum slíkra svæða, hvernig hagað skuli aðkomu að hverju sumarbústaðahverfi og hvernig háttað skuli vatnsöflun og frárennsli. Við val á landi undir sumarbústaði skal jafnan haft samráð við viðkomandi sveitarstjórn, jarðanefnd og náttúruverndarnefnd.

2.3.4.5. Landbúnaðarsvæði

Lýsa skal eftir atvikum stöðu og framtíðarhorfum í landbúnaði á svæðinu. Á uppdrætti ber að auðkenna sérstaklega svæði ætluð til landbúnaðar, skógræktar, uppgræðslu o. fl.

Á þeim svæðum, sem í svæðisskipulagi eru ákveðin til landbúnaðar, er að öðru jöfnu aðeins heimilt að reisa byggingar sem beinlínis eru í tengslum við búskap á hverjum stað.

Skipulagsstjórn getur þó leyft að á slíkum svæðum sé gert ráð fyrir þjónustufyrirtækjum vegna byggðarlagsins sjálfs og ferðamanna, t. d. verslunum, veitingastöðum, bensínstöðvum, viðgerðarverkstæðum o. s. frv.

Fiskeldisstöðvar, alifuglabú, svínabú, loðdýrabú, gróðrarstöðvar, gróðurhúsabýli, þjónustubýli og önnur sérhæfð bú má reisa á svæðum sem ætluð eru til landbúnaðar eða þar sem skipulag ákveður, sbr. þó ákvæði heilbrigðisreglugerðar.

2.3.4.6. Svæði til efnistöku

Auðkenna skal sérstaklega steinsteypuefnanámur og önnur sand- og malartekjusvæði sem þekkt eru á landi, í sjó eða vötnum, og þeim lýst eftir því sem kostur er.

2.3.4.7. Samgöngur

Gera skal grein fyrir núverandi umferðarkerfi og áætluðu, flokkun þess í stofnbrautir, þjóðbrautir, sýsluvegi, einkavegi og fjallvegi. Gera skal grein fyrir umferð um þessa vegi. Þar sem utan nefndra vega eru reiðgötur eða gamlar þjóðbrautir skal sýna þær sérstaklega. Jafnframt skal sýna áætlaðar reiðgötur.

Þá skal og gera grein fyrir öðrum samgöngumannvirkjum, þegar byggðum eða áætluðum, s. s. flugvöllum og höfnum, og umferð um þau.

2.3.4.8. Veitukerfi.

Auðkenna skal sérstaklega þegar byggðar og fyrirhugaðar aðallínur í dreifikerfi rafmagns, síma, vatns, hitaveitu og holræsa eftir því sem ástæða þykir til.

Þá skal og gera grein fyrir losun sorps, staðarvali fyrir sorphauga og sorpeyðingarstöðvar.

**2.4. Kynning svæðisskipulagstillögu**

Eftir því sem vinnu við gerð svæðisskipulags miðar áfram skal stefnt að því að kynna það íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í hlutaðeigandi sveitarfélögum. Þegar samvinnunefnd hefur gengið frá tillögu að svæðisskipulagi ásamt rökstuddri greinargerð og fylgikortum skal tillagan send sveitarstjórnum á svæðinu til umfjöllunar.

Áður en sveitarstjórnir taka endanlega afstöðu til svæðisskipulagsins skal samvinnunefnd kynna það með þeim hætti, sem hún telur bestan. Við kynningu skal nefndin útskýra og rökstyðja þá stefnumörkun sem fólgin er í svæðisskipulaginu.

Þegar sveitarstjórnir hafa fjallað um svæðisskipulagstillöguna er hún send samvinnunefnd, ásamt hugsanlegum athugasemdum og breytingartillögum. Samvinnunefnd sendir hana síðan Skipulagsstjórn ríkisins til umfjöllunar og samþykktar.

Heimilt er að staðfesta svæðisskipulag og fer þá um málsmeðferð skv. 17.—18. gr. skipulagslaga. Einnig er heimilt að staðfesta ákveðna þætti svæðisskipulags, s. s. verndunarsvæði vatnsbóla, vegakerfi, landnotkun, útivistarsvæði, sumarbústaðasvæði, friðuð svæði o. s. frv., þótt öðrum þáttum sé slegið á frest.

**2.5. Endurskoðun svæðisskipulags**

Svæðisskipulag skal endurskoðað eigi sjaldnar en á fimm ára fresti frá gildistöku skipulagsins eða einstakra þátta þess. Skal þá áætla þarfir og þróun byggðar að nýju með hliðsjón af breyttum forsendum, og miðað við næstu 20 ár.

Ef tilefni er þá til að dómi skipulagsstjórnar eða hlutaðeigandi sveitarstjórna skal gera nýja áætlun um svæðisskipulag með tilheyrandi uppdrætti og greinargerð.

Ef um minni háttar breytingu er að ræða er nægjanlegt að tillögunni fylgi nýr uppdráttur og viðauki við greinargerð, þar sem lýst er breytingum og færð rök fyrir þeim.

**2.6. Frágangur svæðisskipulagsuppdráttar**

Uppdrættir að svæðisskipulagi skulu að jafnaði ekki vera í minni mælikvarða en 1:50.000. Stærð uppdráttar skal vera skv. ÍST 1, eftir því sem við verður komið.

(A1: 594×841 mm A2: 420×594 mm
A3: 297×420 mm A4: 210×297 mm)

Á svæðisskipulagsuppdrætti skal eftir því sem mælikvarði og aðstæður leyfa, auðkenna íbúðarsvæði í þéttbýli með ljósgráum lit, athafnasvæði með dökkgráum lit, svæði til verslunar og þjónustu með gulum lit og svæði fyrir opinberar byggingar með rauðgulum lit.

Geri mælikvarði það að verkum að svæðin í þéttbýli verða ekki aðgreind skal þéttbýlissvæðið í heild auðkennt með rauðum lit.

Landbúnaðarsvæði skulu auðkennd með ljósbrúnum lit, og orlofs- og sumarbústaðasvæði með dökkbrúnum lit.

Opin svæði, sem ekki eru háð eftirliti, skulu auðkennd með ljósgrænum lit, en svæði sem eiga að njóta verndunar vegna vatnsbóla, landgræðslu, friðlýsingar eða útivistargildis skulu auðkennd með dökkgrænum lit eða litum.

Hættusvæði skulu auðkennd með brotinni svartri línu og svæðið skástrikað.

Svæði sem ætluð eru til ákveðinna nota eftir lok skipulagstímabilsins skulu auðkennd með rúðustrikuðum röndum í lit sem er í samræmi við fyrirhugaða notkun.

Þar sem henta þykir má auðkenna einstakar stofnanir, ákveðna starfsemi eða svæði með bókstöfum og tölum, sem kveða nánar á um landnotkun. Skýringar á þessum táknum skal þá setja á jaðar kortsins og/eða í greinargerð.

Að öðru leyti vísast til leiðbeininga um notkun lita og tákna á svæðisskipulagsuppdrætti í viðauka B.

## 3.0. AÐALSKIPULAG

**3.1. Skilgreining**

Aðalskipulag nær yfir ákveðið þéttbýli, sveitarfélag í heild, tvö eða fleiri sveitarfélög.

Aðalskipulag skal gert fyrir öll þéttbýlissveitarfélög og ennfremur þau strjálbýlissveitarfélög, eða hluta þeirra, sem skipulagsstjórn eða viðkomandi sveitarstjórn telja ástæðu til. Ef aðstæður leyfa og sömu aðilar telja ástæðu til getur aðalskipulag náð til tveggja eða fleiri sveitarfélaga.

Óheimilt er að leyfa byggingar nema þær séu í samræmi við staðfest aðalskipulag, sbr. 2. mgr. í 9. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.

Aðalskipulag er stefnuyfirlýsing sveitarstjórnar í þeim málaflokkum sem það nær yfir.

Aðalskipulagi fylgir kort þar sem sýnd er núverandi og fyrirhuguð landnotkun og umferðarkerfi. Aðalskipulagi skal jafnframt fylgja greinargerð þar sem lýst er m. a. forsendum og markmiðum og hinum ýmsu þáttum gerð nánari skil.

Aðalskipulag skal vera í samræmi við svæðisskipulag, þar sem slíkt er fyrir hendi.

**3.2. Hlutverk aðalskipulags**

Hlutverk aðalskipulags er að sýna í einstökum atriðum stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórnar um þróun byggðar og landnotkun innan sveitarfélagsins.

Staðfest aðalskipulag er í senn stjórntæki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og trygging hagsmunaaðila fyrir því að allar framkvæmdir innan marka aðalskipulagssvæðisins séu samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti.

Aðalskipulag skal að jafnaði miðað við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þörfum byggðarlagsins eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins hverju sinni. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera 20 ár.

**3.3. Gerð aðalskipulags**

Við gerð aðalskipulags skal jafnan gætt umhverfissjónarmiða. Leitast skal við að vernda náttúru landsins og minjar og forðast hvers konar mengun eftir því sem unnt er.

Þá skal þess gætt að aðalskipulagið samræmist sem best þeim áætlunum sem gerðar kunna að vera fyrir landið í heild á vegum ráðuneyta og stofnana.

Við gerð aðalskipulags skal tekið mið af samþykktu svæðisskipulagi viðkomandi svæðis.

Sú stefna sem mótuð er með aðalskipulagi skal að jafnaði sett fram rökstudd í greinargerð ásamt meðfylgjandi kortum og skýringarmyndum. Í greinargerð skal lýst aðstæðum og skipulagsvandamálum á viðkomandi stað þegar aðalskipulagið er gert og stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórnar fyrir skipulagstímabilið.

Ennfremur skal í greinargerð lýst tillögum að stefnu, þær rökstuddar, og skýrt hvernig framkvæmd aðalskipulagsins er fyrirhuguð og í hvaða áföngum.

Við gerð aðalskipulags skal haft samráð við aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem aðalskipulagið nær til.

*3.3.1. Náttúrufarslegar forsendur*

Lýsa skal stærð og legu skipulagssvæðisins.

Kanna skal náttúrufar, s. s. jarðfræði, landslag, gróðurfar, lífríki og veðurfar, eftir því sem ástæða þykir til. Þessar ytri aðstæður skal skoða sérstaklega og meta við gerð aðalskipulagins.

Auðkenna skal á uppdráttum og lýsa í greinargerð svæðum, þar sem hætta stafar af veðurfari (ofviðri), flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum, sviptivindum eða jarðskjálftum.

*3.3.2. Umhverfisvernd – forsendur*

Auðkenna skal á uppdráttum og lýsa í greinargerð friðlýstum svæðum skv. náttúruverndarlögum, þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og þeim sem æskilegt er talið að friða á einn eða annan hátt.

Þá skal einnig gera grein fyrir verndunarsvæðum vatnsbóla og jarðhitasvæðum og sýna þau á uppdráttum.

Auðkenna skal friðlýstar minjar skv. þjóðminjalögum og aðrar sögulegar minjar sem æskilegt er talið að vernda.

Meta ber umhverfisleg áhrif þeirra framkvæmda sem ráðgerðar eru skv. aðalskipulaginu.

Þá skal leita umsagnar þeirra stofnana sem um einstaka málaflokka fjalla.

*3.3.3. Byggðaþróun – forsendur*

Gera skal grein fyrir mannfjöldaþróun undangenginna ára og atvinnumálum, og skýra eftir aðstæðum þær breytingar sem orðið hafa.

Ef um sérstök skipulagsvandamál er að ræða skal gerð grein fyrir þeim. Lýst skal þeim aðgerðum sem sveitarstjórn stefnir að á skipulagstímabilinu og þátttöku ríkisins og annarra aðila í þeim.

*3.3.4. Landnotkun*

3.3.4.1. Byggingarsvæði

Sýna skal á uppdrætti og lýsa í greinargerð núverandi landnotkun og fyrirhugaðri, þ. e. skiptingu byggðar í íbúðarsvæði, útivistarsvæði, iðnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

Kanna skal að hve miklu leyti og hvar skuli gert ráð fyrir þjónustustofnunum ríkis og sveitarfélaga, s. s. skólum og heilbrigðisstofnunum.

Áætla skal þörf fyrir ýmsa miðbæjar- og þjónustustarfsemi, s. s. verslun af ýmsu tagi, skrifstofur, smáiðnað og ýmiss konar þjónustu.

Þá skal einnig auðkenna svæði, þar sem ákveðið er að fresta skipulagningu, sbr. 1. mgr. 20. gr. skipulagslaga.

3.3.4.2. Nýtingarhlutfall

Í greinargerð og/eða á uppdráttum skal gerð grein fyrir þéttleika byggðar, þ. e. því nýtingarhlutfalli sem heimila má á tilteknum svæðum eða reitum. Þar sem sérstök ástæða þykir til skal auk nýtingarhlutfalla kveða á um hámarkshæð húsa. Nýtingarhlutfall má ekki vera meira en 0.3 nema annað sé sérstaklega ákveðið í deiluskipulagi.

3.3.4.3. Útivistarsvæði og önnur opin svæði

Í aðalskipulagi skal gert ráð fyrir hentugum opnum svæðum til útivistar.

Á uppdrætti og í greinargerð skal lýsa megindráttum opinna svæða og skulu þar skýrð helstu atriði sem varða útivistaraðstöðu og tengsl opinna svæða og byggðar.

Við mat á útivistarsvæðum ber að leggja áherslu á að nýta þá kosti sem náttúra svæðisins leggur til á hverjum stað, þannig að það landrými sem tekið er frá henti áætlaðri notkun (íþróttir, trjárækt o. s. frv.).

Gera skal greinarmun á þeim útivistarsvæðum, sem ætluð eru til sérstakra nota, s s. til íþrótta og leikja o. fl., og opnum óbyggðum svæðum án sérstakra tiltekinna nota.

3.3.4.4. Sérhæfður iðnaður

Auðkenna ber sérstaklega svæði, sem þykja henta fyrir orkufrekan iðnað, eða iðnað sem hefur í för með sér mengun eða aðra hættu.

3.3.4.5. Orlofs- og sumarbústaðasvæði

Þar sem æskilegt þykir má gera ráð fyrir sérstökum orlofs- og sumarbústaðasvæðum. Gera skal grein fyrir mörkum slíkra svæða, hvernig hagað skuli aðkomu að hverju sumarbústaðahverfi og hvernig háttað skuli vatnsöflun og frárennsli. Við val á landi undir sumarbústaði skal jafnan haft samráð við viðkomandi sveitarstjórn, jarðanefnd og náttúruverndarnefnd.

3.3.4.6. Landbúnaðarsvæði

Lýsa skal eftir atvikum stöðu og framtíðarhorfum í landbúnaði innan marka aðalskipulagsins. Á uppdrætti ber að auðkenna sérstaklega svæði ætluð til landbúnaðar, trjáræktar, uppgræðslu o. fl.

Á þeim svæðum, sem í aðalskipulagi eru ákveðin til landbúnaðar, er að öðru jöfnu aðeins heimilt að reisa byggingar, sem beinlínis eru í tengslum við búskap á hverjum stað.

Skipulagsstjórn getur þó leyft að á slíkum svæðum sé gert ráð fyrir þjónustufyrirtækjum vegna byggðarlagsins sjálfs og ferðamanna, t. d. verslunum, veitingastöðum, bensínstöðvum, viðgerðarverkstæðum o. s. frv.

Fiskeldisstöðvar, alifuglabú, svínabú, loðdýrabú, gróðrarstöðvar, gróðurhúsabýli, þjónustubýli og önnur sérhæfð bú má reisa á svæðum sem ætluð eru til landbúnaðar eða þar sem skipulag ákveður, sbr. þó ákvæði heilbrigðisreglugerðar.

3.3.4.7. Svæði til efnistöku

Auðkenna skal sérstaklega steinsteypuefnanámur og önnur sand- og malartekjusvæði á landi, í sjó eða vötnum, og þeim lýst eftir því sem kostur er.

3.3.4.8. Samgöngur og umferð

Gera skal grein fyrir helstu samgöngumannvirkjum, s.s. stofnbrautum sem tengja saman sveitarfélög, þéttbýli, flugvelli og hafnir.

Á uppdrætti skal sýna bæði núverandi vegakerfi og fyrirhugað. Stofnbrautir, tengibrautir og safnbrautir skulu auðkenndar eftir mikilvægi þeirra og gerð. Fjarlægð milli gatnamóta á stofnbrautum skal að jafnaði ekki vera minni en 600 metrar, en 300 metrar á tengibrautum.

Gera skal grein fyrir ráðgerðum leiðum og biðstöðvum almenningsvagna, þar sem það á við. Einnig skal gera grein fyrir helstu gönguleiðum, hjólreiðastígum og reiðgötum.

3.3.4.9. Veitukerfi

Gera skal grein fyrir og auðkenna aðallagnir vatnsveitu, rafmagnsveitu, síma og hitaveitu ásamt miðlunargeymum, spennistöðvum o. fl. eftir því sem ástæða þykir til. Þá skal gera grein fyrir holræsakerfi og sýna á uppdrætti hvar það er eða verður leitt í sjó, vötn eða rotþrær. Ennfremur skal auðkenna svæði fyrir sorphauga eða sorpeyðingarstöðvar.

## 3.4. Kynning aðalskipulagstillögu og staðfesting

*3.4.1. Borgarafundir*

Eftir því sem vinnu við gerð aðalskipulags miðar áfram skal stefnt að því að kynna íbúum og öðrum hagsmunaaðilum í hlutaðeigandi sveitarfélagi einstaka þætti þess eftir því sem aðstæður leyfa.

Þegar lokið hefur verið við gerð tillögu að aðalskipulagi ákveðins staðar með rökstuddri greinargerð og uppdráttum, skal sveitarstjórn og skipulagsnefnd, þar sem hún starfar, ásamt byggingarnefnd, fjalla um tillöguna.

Áður en sveitarstjórn tekur endanlega afstöðu til aðalskipulagsins skal efnt til almennra borgarafunda þar sem sveitarstjórn útskýrir og rökstyður þá stefnumörkun sem fólgin er í aðalskipulagstillögunni.

Höfundum tillögunnar og skipulagsnefnd, þar sem hún er starfandi, er skylt að mæta á slíka fundi til að skýra einstaka þætti tillögunnar og svara fyrirspurnum.

*3.4.2 Staðfesting*

Þegar sveitarstjórn hefur fjallað um aðalskipulagstillöguna ásamt hugsanlegum athugasemdum eins og hún telur ástæðu til, og samþykkt að auglýsa hana með staðfestingu fyrir augum, sendir hún hana skipulagsstjórn til umfjöllunar. Ef skipulagsstjórn fellst á að auglýsa tillöguna fer með málsmeðferð skv. 17.—18. gr. skipulagslaga.

Ef skipulagsstjórn telur hins vegar að tillagan sé á einhvern hátt vanbúin sendir hún tillöguna til sveitarstjórnar með tilmælum um að bæta úr því sem ábótavant þykir.

Þegar samstaða hefur náðst um tillöguna milli sveitarstjórnar og skipulagsstjórnar, skal tillagan auglýst og höfð almenningi til sýnis í a.m.k. sex vikur, sbr. 17. gr. skipulagslaga.

Heimilt er að staðfesta ákveðna þætti aðalskipulagsins, s. s. verndunarsvæði vatnsbóla, landnotkun, umferðarkerfi, útivistarsvæði o. fl., þótt öðrum þáttum sé slegið á frest.

## 3.5. Endurskoðun á staðfestu aðalskipulagi

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti frá gildistöku aðalskipulags á að taka það til endurskoðunar. Þá skal meta hvort forsendur aðalskipulagsins hafa breyst, og áætla þarfir að nýju miðað við næstu tuttugu ár frá þeim tíma.

Ef tilefni er þá til að dómi skipulagsstjórnar eða sveitarstjórnar skal gera nýja áætlun um aðalskipulag með tilheyrandi uppdrætti og greinargerð.

Um meðferð á endurskoðun aðalskipulags gilda sömu reglur og um nýtt aðalskipulag væri að ræða.

Ef í ljós kemur við endurskoðun að um minni háttar breytingu er að ræða frá staðfestu aðalskipulagi er nægjanlegt að tillögunni fylgi nýr uppdráttur af viðkomandi svæði og viðauki við greinargerð, þar sem færð eru rök fyrir breytingum og þeim lýst. Að öðru leyti gilda sömu reglur um málsmeðferð þótt um minni háttar breytingu sé að ræða.

Óski sveitarstjórn eftir því að gerðar séu breytingar á staðfestu aðalskipulagi án þess að um lögbundna endurskoðun sé að ræða getur skipulagsstjórn heimilað þær skv. 19. gr. skipulagslaga, ef breytingar að dómi skipulagsstjórnar eru óverulegar og ekki er talin ástæða til málsmeðferðar skv. 17.—18. gr. skipulagslaga.

**3.6. Frágangur aðalskipulagsuppdráttar**

Uppdrættir að aðalskipulagi skulu að jafnaði vera í mælikvarðanum 1:5000. Fyrir stærri staði er þó eðlilegt að nota mælikvarðann 1:10.000 og í undantekningartilvikum 1:15.000. Stærð uppdráttar skal vera skv. ÍST 1, eftir því sem við verður komið.

Á aðalskipulagsuppdrætti skulu íbúðarsvæði jafnan auðkennd með ljósgráum lit, iðnaðar- og athafnasvæði með dökkgráum lit, svæði til verslunar og þjónustu með gulum lit og svæði fyrir opinberar byggingar með rauðgulum lit.

Útivistarsvæði og opin svæði til sérstakra nota, s. s. íþróttasvæði, leikvelli og þess háttar, skal auðkenna með dökkgrænum lit. Svæði, sem eru friðlýst eða vernduð skv. sérstökum lögum, skulu auðkennnd með mosagrænum lit, en merkt sérstaklega. Óbyggð svæði skulu auðkennd með ljósgrænum lit.

Sé nauðsynlegt að nota fleiri liti, t. d. til að auðkenna landbúnaðarnotkun eða notkun lands undir sumarbústaðahverfi, má nota til þess mismunandi brúnleita liti enda sé aðgreining litanna það skýr að ekki valdi ruglingi.

Þar sem henta þykir má auðkenna bæði einstakar stofnanir og svæði með tölum og/eða táknum sem kveða nánar á um landnotkun. Skal þá setja skýringar á þessum tölum/táknum á jaðar kortsins og/eða í greinargerð.

Þar sem gert er ráð fyrir blandaðri notkun, t. d. iðnaði og verslun, skal slíkt auðkennt með dökkgráum og gulum röndum og ef um er að ræða opinberar byggingar, verslanir og þjónustu skal slíkt svæði auðkennt með rauðgulum röndum og gulum, o. s. frv.

Hættusvæði skulu auðkennd með brotinni svartri línu og svæðið skástrikað.

Svæði sem ætluð eru til ákveðinna nota eftir lok skipulagstímabilsins skulu auðkennd með rúðustrikuðum röndum í lit sem er í samræmi við fyrirhugaða notkun.

Þar sem ástæða þykir til skal gera sérstakan uppdrátt sem sýnir flokkun gatna. Ef notaðir eru litir á uppdrætti skal lita stofnbrautir rauðar, tengibrautir rauðgular, safngötur gular, húsagötur og vistgötur grænar.

Að öðru leyti vísast til leiðbeininga um notkun lita og tákna á aðalskipulagsuppdrætti í viðauka B við þessa reglugerð.

## 4. DEILISKIPULAG

**4.1. Skilgreining**

Deiliskipulag tekur yfir tiltekið svæði innan marka aðalskipulags. Þar er gerð nánari grein fyrir notkun lands, tilhögun gatna, lóða, íbúðarhúsa, atvinnu- og þjónustuhúsnæðis, stofnana, leiksvæða og útivistarsvæða og annars er þurfa þykir.

Deiliskipulag skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag.

Áður en byggingarnefnd gefur byggingarleyfi fyrir húsi skal hún ganga úr skugga um að byggingin sé í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, ef um þéttbýli er að ræða. Með samþykktu deiliskipulagi er átt við að það hafi verið samþykkt í viðkomandi sveitarstjórn og af Skipulagsstjóra ríkisins.

Áður en byggingarleyfi er veitt til nýbygginga í gömlum hverfum, sem ekki er gerð grein fyrir í eldra skipulagi, þarf að liggja fyrir samþykkt og endurskoðað deiliskipulag fyrir viðkomandi staðgreinireit eða byggingarreit milli gatna.

Um nýbyggingar, viðbyggingar eða breytingar á húsi í þegar byggðu hverfi gilda ákvæði grannréttar skv. gr. 3.1.1. í byggingarreglugerð.

Sé nýtt deiliskipulag ekki í samræmi við staðfest aðalskipulag fer um málsmeðferð skv. 17.—18. gr. skipulagslaga nema frávikið sé óverulegt og skipulagsstjórn telji breytinguna geta fallið undir ákvæði 19. gr. skipulagslaga.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar utan þéttbýlis, t. d. á lögbýlum, nýbýlum, sumarbústöðum, veiðihúsum, garðyrkjubýlum eða öðrum smábýlum, skal auk byggingaruppdrátta fylgja afstöðuuppdráttur, að jafnaði í mælikvarðanum 1:1000, þar sem sýndar eru m. a. þær byggingar, sem fyrir eru í næsta nágrenni, og aðkomuvegur frá sýslu- eða þjóðvegakerfi eftir því sem slíku verður við komið.

Ennfremur skal sýna og gera grein fyrir vatnsbóli og hvernig frárennsli og rotþróm verði fyrir komið, sbr. ÍST 65 og ÍST 68. Sé um rafmagn, hitaveitu eða síma að ræða skal gera grein fyrir slíkum leiðslum og jafnframt staðsetningu spennistöðva.

Áður en byggingarnefnd gefur leyfi fyrir byggingum utan skipulagðs þéttbýlis, annarra en á lögbýlum með hefðbundnum búskap, skal liggja fyrir umsögn frá jarðanefnd, heilbrigðisnefnd og náttúruverndarnefnd ásamt samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Ávallt skal leita umsagnar Náttúruverndarráðs áður en byggingar eru leyfðar á landsvæði sem er sérstætt vegna landslags, gróðurfars eða lífríkis.

Leyfi skal ekki veitt til byggingar sumarbústaðahverfis án þess að leitað sé umsagnar Náttúruverndarráðs.

**4.2. Hlutverk deiliskipulags**

Í deiliskipulagi skal gerð nánari grein fyrir einstökum atriðum aðalskipulagsins. Á uppdrætti skal m. a. sýna legu og breidd gatna og gangstíga, torg, húslínur, lóðamörk, byggingarreiti, bifreiðastæði, leikvelli og önnur svæði til almannaþarfa, eftir því sem ástæða þykir til.

Jafnhliða gerð deiliskipulagsuppdrátta skal setja sérstaka byggingar- og skipulagsskilmála fyrir þær lóðir sem deiliskipulagið nær til. Í byggingar- og skipulagsskilmálum skal m. a. kveðið á um nýtingarhlutfall einstakra lóða eða reita, hæð húsa, fjarlægð á milli þeirra og notkun. Ennfremur má kveða á um gerð húsa. Eftir því sem unnt er skulu skilmálar merktir inn á uppdrátt.

Fyrir hverja lóð skal gera mæliblað (afstöðumynd) sem að jafnaði skal vera í mælikvarðanum 1:500. Skal það sýna afstöðu lóðamarka og bygginga a. m. k. 30 metra út fyrir viðkomandi lóð. Þar skal sýna lögun og stærð lóðar, byggingarreiti, bifreiðastæði og bifreiðageymslur. Ennfremur hæðartölur aðliggjandi götu, hæðartölu á gólfplötu fyrirhugaðrar byggingar, kvaðir sem hvíla á lóðinni og annað sem þykir skipta máli.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft frávik frá mæliblaði og samþykktum byggingar- og skipulagsskilmálum að fyrir liggi samþykkt skipulagsnefndar (sveitarstjórnar) og skriflegt samþykki eigenda aðliggjandi lóða og húsa.

**4.3. Gerð deiliskipulags**

Við gerð deiliskipulags skal, auk þess sem tiltekið er í 4. kafla, höfð hliðsjón af hinum almennu ákvæðum varðandi aðalskipulag í kafla 3 hér á undan, eftir því sem við á.

Á deiliskipulagsuppdrætti getur sveitarstjórn auðkennt sérstaklega svæði á áberandi stöðum, s. s. við torg og aðalgötur, og ákveðið að leyfi til byggingar þar sé bundið samþykki skipulagsstjórnar.

Eftir því sem kostur er skal deiliskipulag vera þannig úr garði gert, að fatlað fólk og aldrað komist leiðar sinnar um þau svæði sem tekin eru til skipulagningar.

*4.3.1. Götur og stígar*

Í deiliskipulagi skal gera greinarmun á stofnbrautum, tengibrautum og safnbrautum annars vegar og húsagötum hins vegar. Fjarlægð milli gatnamóta á stofnbrautum skal að jafnaði ekki vera minni en 600 metrar en á tengibrautum 300 metrar.

Í deiliskipulagi skal jafnframt gera grein fyrir vistgötum, göngustígum, hjólreiðastígum og reiðgötum, þar sem ástæða er til.

Breidd gatna og stíga skal vera í samræmi við hlutverk þeirra. Nýjar götur skulu vera a. m. k. 12 m á breidd, nema sýnt sé fram á með rökum að komast megi af með mjórri götur, sem getur t. d. átt við um stuttar lokaðar húsagötur eða stuttar einstefnugötur.

Slíkar götur skulu þó aldrei vera mjórri en 7 m og gangstígar, hjólreiðastígar og reiðgötur ekki mjórri en 2,5 metrar nema þar sem sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir breidd akbrauta og gangstétta.

Heimilt er að skipuleggja einstakar húsagötur þannig að umferð gangandi manna hafi forgang fram yfir bifreiðaumferð og skal þess sérstaklega getið á uppdrætti og í byggingarskilmálum (vistgötur).

Einnig er heimilt að skipuleggja götur eða götukafla í miðbæjum sem göngugötur þar sem bifreiðaumferð er ekki heimiluð nema á ákveðnum tímum.

Við gatnamót eða annars staðar þar sem gangbrautir liggja yfir akbrautir skal þannig gengið frá kantsteini, að fólk í hjólastól, á reiðhjólum eða með barnavagna eigi auðvelt með að komast leiðar sinnar. Skal slíkt sérstaklega auðkennt á uppdráttum þar sem það á við. Við ljósastýrð gatnamót skal koma fyrir útbúnaði sem gefur frá sér hljóðmerki fyrir blinda og sjónskerta þar sem slíkt þykir henta.

Gangstígar og hjólreiðastígar, hvort heldur er meðfram akbrautum, í almenningsgörðum eða annars staðar, skulu að jafnaði þannig gerðir að fólk í hjólastól komist auðveldlega leiðar sinnar. Sama gildir um aðkomu að almenningsbifreiðastæðum. Gera skal í deiliskipulagi grein fyrir útskotum fyrir strætisvagna og biðskýlum fyrir farþega þar sem það á við.

*4.3.2. Íbúðarsvæði*

Á íbúðarsvæðum má ekki gera ráð fyrir öðru en íbúðum og starfsemi sem eðlilegt telst að þar sé til þjónustu fyrir íbúðarhverfi, s. s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum og öðru slíku sem hvorki verður ætlað að valdi óþægindum vegna ólyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Við deiliskipulagningu íbúðarhverfa skal þess jafnan gætt að íbúðir geti notið sem best sólar, útsýnis, skjóls og friðsældar, eftir því sem kostur er og aðstæður leyfa. Skal skipulagningu jafnan hagað þannig að sem minnst umferð verði um húsagötur, og að gönguleiðir barna að leikvöllum, dagheimilum og skólum séu sem öruggastar.

Í byggingar- og skipulagsskilmála og á mæliblað má setja nánari ákvæði um staðsetningu, stærð, hæð og gerð bygginga, þakhalla og annað sem ástæða þykir til.

Íbúðarhúsum skal valinn staður með tilliti til þess að íbúar eigi greiðan og öruggan aðgang að lóðum þeirra.

Lóð íbúðarhúss má eigi vera minni en 300 $m^2$, og er því aðeins heimilt að reisa hús á lóð af þeirri stærð að um sé að ræða samfellda byggð lághúsa, t. d. raðhús, keðjuhús eða atríumhús.

Fyrir parhús er lágmarksstærð lóðar 900 $m^2$, eða 450 $m^2$ fyrir hvort, en fyrir sérstæð einbýlishús er lágmarksstærð lóðar 700 $m^2$.

Skipulagsstjórn getur þó heimilað að í deiliskipulagi einstaks svæðis eða einstaks hverfis sé vikið frá ákvæðum um lóðarstærð, enda brjóti slíkt ekki í bága við nýtingarhlutfall viðkomandi svæðis í heild.

*4.3.3. Athafnasvæði*

Iðnrekstri hvers konar skal að jafnaði valinn staður þannig að hann valdi sem minnstum óþægindum í íbúðarhverfum, t. d. vegna umferðar, hávaða, ólyktar, hristings eða geislunar. Sé um að ræða iðnrekstur, sem hætta er talin á að hafi einhvers konar mengun í för með sér, skal meta áhrif af viðkomandi mannvirki og rekstri og leita umsagnar Náttúruverndarráðs og Hollustuverndar ríkisins svo sem lög gera ráð fyrir.

Á athafnasvæðum má gera ráð fyrir sérstökum íbúðum fyrir húsverði ef sérstök ástæða þykir til.

Við stór athafnasvæði skal séð fyrir hæfilegum opnum svæðum fyrir gróður og útivist.

Í aðalskipulagi og deiliskipulagi má gera ráð fyrir svæðum með blandaðri landnotkun, t. d. skrifstofum, vörugeymslum, verslunum og verkstæðum. Deiliskipulagningu á slíkum svæðum skal hagað þannig að samnot bílastæða verði sem mest og að fyrirtækin valdi hvert öðru sem minnstum óþægindum með starfsemi sinni. Í slíkum blönduðum hverfum má einnig gera ráð fyrir íbúðum fyrir eigendur eða húsverði eftir því sem hentugt þykir.

Birgðastöðvum fyrir olíu, bensín, sprengiefni og gastegundir skal jafnan fundinn staður í samráði við hlutaðeigandi slökkvistjóra eða Brunavarnaeftirlit ríkisins.

Áður en orkufrekum iðnaði er valinn staður skal hafa farið fram sérstök athugun á staðháttum og mat á umhverfisáhrifum.

*4.3.4. Nýtingarhlutfall*

Í greinargerð og/eða á uppdráttum skal gerð grein fyrir þéttleika byggðar, þ. e. nýtingarhlutfalli.

Með nýtingarhlutfalli er átt við hlutfallið milli samanlagðs gólfflatar húss annars vegar og lóðarstærðar hins vegar. Nýtingarhlutfall skal ákveða fyrir byggðasvæði, byggðareiti eða einstakar lóðir.

Ef sýnt er að fyrirhuguð notkun kjallara er þess eðlis að ekki dragi að sér umferð getur byggingarnefnd heimilað að ekki skuli tekið tillit til kjallararýmis þegar nýtingarhlutfall er reiknað út.

Sé í deiliskipulagi gert ráð fyrir bifreiðageymslum neðanjarðar getur byggingarnefnd heimilað hækkun á staðfestu nýtingarhlutfalli með hliðsjón af því.

Þar sem ástæða þykir til skal kveða á um hæðir húsa.

*4.3.5. Fjarlægð milli húsa*

Bil milli húsa má ekki vera minna en helmingur af samanlagðri hæð húsanna, og er þá átt við hæstu vegghæð þeirra á þeim hliðum er saman snúa, enda sé um venjuleg húsform að ræða. Þar sem sérstaklega stendur á má veita undanþágu frá þessum ákvæðum með samþykki brunamálastjóra. Bil milli húsa má þó aldrei vera minna en hér segir:

a. 10 m, ef bæði húsin eru óvarin timburhús
b. 8 m, ef um bárujárnsklædd eða múrhúðuð timburhús er að ræða
c. 6 m, ef bæði húsin eru úr steinsteypu.

Fjarlægð húsa frá lóðamörkum skal vera a. m. k. helmingur af hæð hússins, og er þá að jafnaði átt við hæstu vegghæð á þeirri hlið er að lóðamörkunum snýr. Sé um óvenjuleg húsform að ræða, t. d. bratt eða efnismikið þak, skal miða við hæstu hæð hússins, eða farið eftir mati byggingarnefndar. Sé um meiri háttar byggingar að ræða getur brunamálastjóri sett strangari reglur um fjarlægð, sbr. 1. 15. í brunamálareglugerð.

Ekki má byggja hús nær lóðamörkum en hér segir:

a. óvarið timburhús, 5 m
b. timburhús klædd með bárujárni eða tilsvarandi efni, 4 m
c. steinhús, 3 m.

Sjá þó 2.1.2. í brunamálareglugerð.

Byggingarnefnd getur leyft byggingu bifreiðageymslna á lóðamörkum, enda sé gætt ákvæða brunamálareglugerðar.

*4.3.6. Opin svæði og útivist*

Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir opnum óbyggðum svæðum. Þessi svæði geta verið:

a. umferðarsvæði
b. opin svæði í íbúðarhverfum, sameiginlegar lóðir og leiksvæði (nærleikvellir, grenndarleikvellir og hverfisleikvellir)
c. óræktuð svæði, sem eru ekki ætluð til sérstakra nota, en með ýmsum sérkennum gróðurs eða landslags.
d. vernduð svæði skv. náttúruverndarlögum
e. almenningsgarðar, þ. m. t. grasgarðar
f. trjáræktarsvæði, skjólbelti, hljóðvarnargarðar
g. íþrótta- og trimmsvæði, tjaldsvæði, smábátasvæði og uppsátur, sleða- og skíðasvæði skautasvæði.
h. íþróttaleikvangar
i. kirkjugarðar og svæði við opinberar byggingar

*4.3.7. Orlofs- og sumarbústaðasvæði*

Á deiliskipulagi skal sýna legu og mörk sumarbústaðalanda og staðsetningu sumarbústaða.

Eftir því sem aðstæður leyfa skal þess gætt að sumarbústaðir, orlofsbústaðir, veiðihús, sæluhús, fjallaskálar o. þ. h. séu ekki nær sjó- eða stöðuvötnum en 50 m. Um frjálsa umferð fótgangandi manna vísast til ákvæða í lögum um náttúruvernd.

Í byggingar- og skipulagsskilmálum má kveða á um stærð húsanna, gerð þeirra og hæð, þakform og þakhæð, lit húsa og þaka, gerð girðinga, bifreiðastæða og bifreiðageymslna þar sem þær eru leyfðar. Einnig má kveða á um gerð skjólbelta og annars gróðurs á lóðunum.

Sumarbústaðalönd skulu að jafnaði eigi minni en 2500 m$^2$, en á orlofs- og sumarbústaðasvæðum þar sem séð er fyrir rúmgóðum opnum svæðum til almenningsþarfa getur nýtingarhlutfall verið allt að 0,05.

Nú er aðal- eða svæðisskipulag ekki fyrir hendi og getur sveitarstjórn þá leyft einstaka sumarbústaði, veiðihús, sæluhús, fjallaskála o. þ. h. að fenginni umsögn frá Náttúruverndarráði, Hollustuvernd ríkisins og viðkomandi jarðanefnd, enda liggi fyrir samþykki frá skipulagsstjórn.

Um tjaldstæði og stæði fyrir tjaldvagna og hjólhýsi skal gætt ákvæða reglugerða nr. 140/1974 og greinar 6.10.8. í byggingarreglugerð frá 1979.

*4.3.8. Bifreiðastæði*

Hverju húsi skulu fylgja bifreiðastæði. Ef annað er ekki sérstaklega ákveðið í deiliskipulagi eða í byggingarskilmálum skal á hverri lóð íbúðarhúss séð fyrir a. m. k. einu

bifreiðastæði fyrir hverja 75 gólfflatarmetra. Þó skal vera a. m. k. eitt bifreiðastæði fyrir hverja íbúð í húsinu. Þar sem annað er ekki sýnt á deiliskipulagi skal reiknað með að hvert bifreiðastæði taki 25 $m^2$ brúttó.

Hverju húsi, sem ætlað er til verslunar eða annars atvinnurekstrar, skal að jafnaði séð fyrir a. m. k. einu bifreiðastæði á hverja 25 gólfflatarmetra í húsinu nema annað sé ákveðið í deiliskipulagi. Eitt slíkra stæða skal vera sérstaklega hannað og merkt fyrir hreyfihamlaða, og skal það vera sem næst inngangi hússins.

Við samkomuhús, svo sem kvikmyndahús, leikhús eða félagsheimili, skal séð fyrir a. m. k. einu bifreiðastæði fyrir hver 5 sæti í húsinu. A. m.k. eitt þessara stæða nálægt inngangi skal vera sérstaklega merkt fyrir hreyfihamlaða. Sé um samnotkun bifreiðastæða að ræða má víkja nokkuð frá kröfum þessum og fara eftir mati byggingarnefndar.

Við opinberar byggingar, þjónustumiðstöðvar og fjölbýlishús með fjórum íbúðum eða fleiri skal gera ráð fyrir nægilegum fjölda merktra bifreiðastæða fyrir hreyfihamlaða sem næst inngangi.

Þar sem ástæða þykir til og aðstæður leyfa skal í tengslum við íbúðarhverfi gera ráð fyrir sérstökum bifreiðastæðum fyrir stórar bifreiðar, s. s. vöru- og hópferðabifreiðar.

Þegar um er að ræða annars konar hús ákveður skipulagsnefnd (byggingarnefnd) fjölda bifreiðastæða hverju sinni.

Í gömlum hverfum, eða þar sem sérstaklega stendur á að mati sveitarstjórnar, má með samþykki skipulagsstjórnar draga úr kröfum um bifreiðastæði.

Gerð bifreiðastæða er háð samþykki skipulagsnefndar og byggingarnefndar og skal sýna á uppdrætti fjölda bifreiðastæða, fyrirkomulag, tengsl við gatnakerfi og önnur mannvirki þeim tengd.

Ef um er að ræða hús til iðnaðar, verslunar o. þ. h. skal gera ráð fyrir að ferming og afferming flutningatækja fari fram á eigin lóð, þar sem því verður við komið.

Aðkomu að bifreiðageymslum skal að jafnaði þannig fyrir komið að dyr séu í minnst 7 m fjarlægð frá lóðamörkum að götu nema um vistgötur sé að ræða.

Ef sveitarstjórn telur að ekki verði komið fyrir á lóð nýbyggingar nægilega mörgum bifreiðastæðum getur hún heimilað að fyrir slíku verði séð annars staðar, skv. sérstökum reglum er hún setur. Má þar miða við að lóðarhafi greiði kostnað við að ganga frá bifreiðastæðum eða bifreiðageymslu. Heimilt er sveitarstjórn að leysa lóðarhafa undan þessari kvöð ef hann greiðir andvirði þess lóðarhluta sem á vantar, og skal þá andvirðið miðað við verðmæti þeirrar lóðar sem byggt er á.

Óheimilt er að veita byggingarleyfi fyrr en endanlega hefur verið samið eða skorið úr um upphæð framlags skv. þessari grein. Greiðslur skv. grein þessari skulu lagðar í sérstakan sjóð, og er óheimilt að ráðstafa þeim nema skv. sérstakri heimild skipulagsstjórnar. Fé úr sjóðnum skal varið til að afla bifreiðastæða, þannig að gagn verði að fyrir þá lóð sem um er að ræða.

Ef lóðarhafi telur að óhæfilegur dráttur sé á, að framlag hans sé nýtt til að afla bifreiðastæða getur hann óskað úrskurðar ráðherra um endurgreiðslu framlags með hæfilegum vöxtum. Lóðarhafi á rétt á endurgreiðslu ef 3 ár eru liðin frá greiðslu, nema sveitarstjórn færi fram gildar ástæður fyrir drættinum, t. d. að ekki hafi fengist heimild til eignarnáms.

Ef ágreiningur er um hvort bifreiðastæði komi aðila að gagni sker ráðherra úr að fengnum tillögum Skipulagsstjórnar ríkisins.

*4.3.9. Hljóðvist*

Þess skal jafnan gætt að íbúðarhverfi séu í nægjanlegri fjarlægð frá stofnbrautum, tengibrautum og meiri háttar safnbrautum, þannig að fullnægjandi hljóðvist fáist í íbúðunum, sbr. grein 7.4. í byggingarreglugerð. Við gerð aðalskipulags og deiliskipulags skal

meta umferðarhávaða frá aðliggjandi umferðaræðum og haga skipulagi í samræmi við það mat. Lágmarksfjarlægð íbúðarhúss frá slíkum umferðaræðum skal vera 30—50 m frá götubrún eða brautaröxl eftir aðstæðum og umferðarþunga.

Séu gerðir viðhlítandi hljóðvarnargarðar meðfram veginum má stytta þessa fjarlægð í samræmi við áhrifamátt hljóðvarnargarðsins, og í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Einnig má stytta þessa fjarlægð ef húsin eru sérstaklega hljóðeinangruð gegn umferðarhávaðanum (t. d. þrefalt gler í gluggum).

Þar sem íbúðarbyggð er nærri flugvöllum skal þess gætt að íbúðarhúsum sé ekki valinn staður svo nálægt flugbrautunum að ekki fáist í þeim fullnægjandi hljóðvist að mati Hollustuverndar ríkisins.

**4.4. Kynning deiliskipulags**

Þegar lokið er við gerð deiliskipulags skal það auglýst á þann hátt sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á viðkomandi stað. Það skal liggja frammi á opinberum stað í a.m.k. 4 vikur, þannig að þeir sem þess óska geti kynnt sér það og gert athugasemdir.

*4.4.1. Samþykkt deiliskipulags*

Deiliskipulag telst samþykkt þegar það hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og af Skipulagsstjóra ríkisins. Það sama gildir um breytingar á samþykktu deiliskipulagi.

*4.4.2. Staðfesting deiliskipulags*

Ekki þarf að staðfesta deiliskipulag skv. lögum nema um sé að ræða nýtt deiliskipulag í þegar byggðu hverfi eða ef sveitarstjórn óskar eftir því sérstaklega. Skipulagsstjórn getur einnig ákveðið að sá háttur verði hafður á.

Staðfesting deiliskipulags er háð því að fyrir hendi sé staðfest aðalskipulag.

Skipulagsstjórn getur þó ákveðið að deiliskipulag verði staðfest, þótt aðalskipulag sé ekki fyrir hendi, ef hún telur sýnt að slíkt muni ekki brjóta í bága við væntanlegt aðalskipulag eða aðstæður eru svo óbrotnar, að slíks verði ekki talin þörf.

Um breytingar á staðfestu deiliskipulagi fer skv. 17., 18. og 19. gr. skipulagslaga.

**4.5. Frágangur deiliskipulagsuppdrátta**

Uppdráttur að deiliskipulagi skal að jafnaði vera í mælikvarðanum 1:1000. Þó er heimilt að nota mælikvarðana 1:2000 eða 1:500, þar sem slíkt þykir heppilegra.

Stærð uppdráttar skal vera skv. ÍST 1 eftir því sem við verður komið.

Litir á deiliskipulagsuppdrætti skulu að jafnaði vera hinir sömu og á aðalskipulagsuppdrætti eftir því sem unnt er. Sjá viðauka B.

**4.6. Undanþágur**

Heimilt skal ráðherra, ef brýn nauðsyn krefur og að fengnum tillögum skipulagsstjórnar, að veita undanþágu frá reglugerð þessari.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt skipulagslögum nr. 19 frá 21. maí 1964 til þess að öðlast gildi 1. september 1985, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 217/1966 og reglugerð nr. 102/1978 um gerð skipulagsáætlana.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1985.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

VIÐAUKI A

**Helstu orð og orðtök í skipulagi.**

*Aðalskipulag:* Aðalskipulag getur náð yfir ákveðið þéttbýli, sveitarfélag í heild, tvö eða fleiri sveitarfélög.
Hlutverk aðalskipulags er að sýna meginatriði í stefnumörkun hlutaðeigandi sveitarstjórna um þróun byggðar, landnotkun og legu helstu umferðaræða innan sveitarfélagsins.
Með aðalskipulagi er mótaður rammi fyrir deiliskipulag.
Aðalskipulag ber að staðfesta samkvæmt skipulagslögum.

*Athafnasvæði:* Svæði þar sem einkum eru vinnustaðir, s. s. verksmiðjur, verkstæði, vörugeymslur, skrifstofur og verslanir.

*Atríumhús:* Einnar hæðar einbýlishús byggt utan um garð.

*Byggðarreitur (reitur):* Götur skipta þéttbýli í misstór svæði, t. d. bæjarhluta og bæjarhverfi. Byggðarreitur kallast hið minnsta slíkra svæða. Um hann liggja engar akbrautir. Oftast markast byggðarreitur af fjórum götum.

*Byggðaþróun:* Framvinda atvinnulífs og mannfjölda á tilteknu svæði.

*Byggingarfulltrúi:* Framkvæmdastjóri byggingarnefndar.

*Byggingarhæft:* Svo er svæði kallað þegar það hefur verið undirbúið til húsbyggingar. Þá hafa verið gerðir uppdrættir, er setja má lóðamörk og hús út eftir og sýna hvar nálægar götur og leiðslur eru. Þá er og búið að koma götustæðum í rétta hæð, leggja holræsi, vatnsveitu og rafmagnsleiðslur, undirbyggja götur og gera þær akfærar.

*Byggingarleyfi:* Leyfi hlutaðeigandi byggingaryfirvalda til að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því eða notkun þess eða gera önnur mannvirki sem áhrif hafa á útlit umhverfis.

*Byggingarreitur:* Reitur sem byggingarlínur mynda á skipulagsuppdráttum eða mæliblaði. Innan þessa reits er heimilt að reisa byggingar á viðkomandi lóð.

*Byggingarnefnd:* Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd, sem er skipuð 3, 5 eða 7 mönnum, eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn, samkv. ákv. sveitarstjórnarlaga.

| | |
|---|---|
| | Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og félagsmálaráðuneytisins. Nefndin hefur umsjón með því að byggt sé í samræmi við skipulag og ákvæði byggingarreglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða um byggingarmálefni. |
| *Byggingarreglugerð:* | Félagsmálaráðuneytið setur almenna byggingarreglugerð.<br>Í byggingarreglugerð er m. a. mælt fyrir um hvernig háttað skuli undirbúningi byggingarframkvæmda, eftirliti, efnisnotkun o. fl. |
| *Byggingarsvæði:* | Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað til bygginga s. s. íbúða, iðnaðar- eða verslunarhúsnæðis, stofnana o. fl. |
| *Deiliskipulag:* | Deiliskipulag skal gera fyrir einstök hverfi, bæjarhluta eða reiti innan ramma aðalskipulags.<br>Í deiliskipulagi er gerð nánari grein fyrir notkun lands, tilhögun gatna, íbúðarhúsa, atvinnu- og þjónustuhúsnæðis, stofnana, leiksvæða, útivistarsvæða og annars er þurfa þykir. |
| *Einbýlishús:* | Einbýlishús teljast þau hús sem hafa eina íbúð, s. s. raðhús og parhús, auk venjulegra einbýlishúsa. |
| *Einkavegur:* | Einkavegir eru þeir vegir sem skv. vegalögum teljast ekki þjóðvegir, sýsluvegir eða fjallvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. |
| *Fjallvegur:* | Fjallvegir eru skv. vegalögum þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks. |
| *Fjölbýlishús:* | Sjá sambýlishús. |
| *Flokkun gatna:* | Í gatnaskipulagi er götum oft skipt í tvo meginhópa eftir hlutverki, húsagötur og umferðarbrautir.<br>**Húsagata** á fyrst og fremst eða eingöngu að veita aðgang að húsum eða starfsemi við viðkomandi götu.<br>**Umferðarbraut** er fyrst og fremst ætluð fyrir gegnakstur. Umferðarbrautir eru greindar í þrjá flokka, stofnbrautir, tengibrautir og safnbrautir.<br>**Stofnbrautir** eru einkum til aksturs á tiltölulega löngum leiðum um þéttbýlissvæði, og eftir þeim á að vera unnt að komast fljótt leiðar sinnar.<br>**Tengibrautir** tengja einstaka bæjarhluta við stofnbrautarnetið og nálæga bæjarhluta saman innbyrðis. Þær eru helstu umferðargöturnar í hverjum bæjarhluta. Ásamt stofnbrautunum mynda þær kerfi helstu umferðaræða.<br>**Safnbrautir** eru helstu umferðargöturnar innan hvers hverfis. Umferðin, sem á uppruna sinn á húsagötum hverfisins, safnast saman á safnbrautunum, og þar gefst færi á að komast út á tengibrautir og stofnbrautir, — og gagnkvæmt. |

| | |
|---|---|
| *Fornleifaskrá:* | Fornleifar sem þjóðminjavörður telur ástæðu til að friða skulu skráðar á fornleifaskrá. Skráningu fornleifa á fornleifaskrá skal þinglýsa sem kvöð á þá landareign sem í hlut á. Allar fornleifar sem á fornleifaskrá standa eru friðhelgar. |
| *Fólkvangur:* | Fólkvangur er svæði sem skv. náttúruverndarlögum er friðlýst sem útivistarsvæði í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Ákveðnar reglur gilda um umgengni og afnot og koma skal upp aðstöðu til útilífsiðkunar, leggja gangbrautir, gera bílastæði o. fl. |
| *Friðað hús:* | Friðuðum húsum eða húshlutum er skv. húsfriðunarlögum skipt í tvo flokka, A og B. Ef hús er friðað í heild telst það til A–flokks, en taki friðun aðeins til ytra borðs húss, eða hluta af ytra eða innra borði, er húsið talið til B–flokks. Friðun er þinglýst sem kvöð á viðkomandi fasteign en henni ber öllum að hlíta, þar á meðal hverjum þeim sem réttindi á í eigninni, án tillits til hvenær réttur þeirra er til orðinn. |
| *Friðland:* | Friðland kallast það landsvæði sem friðlýst er skv. náttúruverndarlögum vegna sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs. |
| *Friðlýstar minjar:* | Sjá fornleifaskrá. |
| *Friðlýst svæði:* | Sjá friðland. |
| *Grunnkort:* | Kort sem sýnir ákveðinn fjölda kennileita, s. s. mörk sveitarfélaga, lóðamörk, götur, hæðarlínur eða önnur náttúruleg auðkenni. |
| *Göngugata:* | Gata sem fyrst og fremst eða er eingöngu ætluð gangandi fólki. Sjá einnig vistgata. |
| *Götustæði:* | Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað undir götur og það sem götunni tilheyrir, t. d. grasræmur, gangstéttir o. fl. Gróðurbelti og landslöguð svæði, t. d. til hljóðeinangrunar, eru venjulega talin til götustæðis. |
| *Halli götu:* | Halli götu er mældur í prósentum. Oft er sagt að halli sé t. d. 1 á móti 10 (10%). $\text{Halli} = \dfrac{\text{hæð}}{\text{lengd}}$ |
| *Heilbrigðisreglugerð:* | Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit setur ráðherra heilbrigðisreglugerð um atriði, sem sérlög ná ekki yfir, og gildir hún fyrir allt landið, landhelgi þess og lofthelgi. |

| | |
|---|---|
| *Hliðarmynd götu (götumynd):* | Teikning, sem sýnir útlit heillar húsaraðar öðrum megin götu. Hvert hús sést í stefnu sem er hornrétt á götuásinn. |
| *Hollustuvernd ríkisins:* | Ríkisstofnun sem hefur yfirumsjón með almennu heilbrigðiseftirliti, matvælaeftirliti, mengunarvörnum og rannsóknum þessu tengdum og sér um framkvæmd þessa í samræmi við lög. |
| *Húsfriðunarnefnd:* | Í húsfriðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Þjóðminjavörður er formaður nefndarinnar. Aðra nefndarmenn skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, annan samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, en tvo án tilnefningar. Meginverksvið húsfriðunarnefndar er að gera tillögur um hvaða hús eða húshluta skuli friða vegna menningarsögulegs, listræns eða umhverfislegs gildis.<br>Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsfriðunarnefndar og viðkomandi sveitarstjórnar. |
| *Húsagata:* | Sjá flokkun gatna. Sjá einnig vistgata. |
| *Hættusvæði:* | Svæði þar sem hætta getur stafað af t. d. flóðum, snjóflóðum, skriðuföllum, sviptivindum eða jarðskjálftum. Óheimilt er t. d. að reisa mannvirki á svæði þar sem vitað er að snjóflóð hefur fallið. |
| *Innri umferð:* | Umferð sem fer um tiltekið svæði og bæði hefst og endar á því svæði. |
| *Íbúðarsvæði:* | Svæði sem samkvæmt skipulagi er ætlað fyrir íbúðarhús.<br>Á íbúðarsvæðum má ekki gera ráð fyrir öðru en íbúðum og starfsemi sem eðlilegt telst að þar sé til þjónustu fyrir íbúðahverfi, s. s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum og öðru slíku, sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna ólyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. |
| *Jarðanefnd:* | Í hverri sýslu skal starfa jarðanefnd.<br>Jarðanefndir skulu, hver á sínu svæði, vera sveitarstjórnum til aðstoðar við framkvæmd jarðalaga með því að:<br>1. fylgjast með eigendaskiptum og öðrum ráðstöfunum fasteigna,<br>2. gera tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarfélaga og til almennra útivistar ef sóst er eftir landi í því skyni, |

3. fylgjast með því að sveitarstjórn gæti ákvæða gildandi laga um mannvirkjagerð í sveitum og töku hvers konar jarðefna, og stuðla að góðri umgengni á landi og við mannvirki,
4. gæta þess, ásamt sveitarstjórnum, að búseta á jörðum sé í samræmi við ákvæði ábúðarlaga,
5. vera landnámsstjórn til aðstoðar við framkvæmd landnámslaga, hver á sínu svæði.

*Keðjuhús:* Sambyggð einbýlishús, áföst millibyggingum, t. d. bifreiðageymslum.

*Landnotkun:* Notkun lands til mismunandi þarfa: íbúðar, iðnaðar, verslunar, vörugeymslu, útivistar o. s. frv.

*Landnýting:* Nýting lands til verðmætasköpunar á mismunandi hátt s. s. ræktunar.
Sjá einnig nýtingarhlutfall.

*Landslag:* Form og útlit landsins.

*Landsskipulag:* Áætlun, sem tekur til landsins alls, og fjallar um aðalatriði varðandi þróun byggðar og atvinnuvega. Markmið landsskipulags er að skapa heildaryfirlit, samræma byggðaþróun og móta ramma fyrir svæðisskipulag.

*Landsvæði:* Hagstofa Íslands skiptir landinu í átta landsvæði þ. e. Reykjavík, Reykjanes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland.

*Leikvöllur:* Leikvellir þurfa að vera í hæfilegri fjarlægð frá heimilum þeirra barna sem þeir eru ætlaðir.
Eftir því hvaða aldurshópi leikvöllum er ætlað að þjóna og farlægð frá heimadyrum, má skipta þeim í nær-, grenndar og hverfisvelli.
**Nærvöllur** er fyrst og fremst ætlaður fyrir börn upp að 4-6 ára aldri. Fjarlægð frá heimadyrum má helst ekki fara yfir 50 m. Stærð vallarins er á bilinu 100–200 $m^2$.
**Grenndarvöllur** er ætlaður fyrir börn á aldrinum 2–11 ára. Fjarlægð frá heimadyrum er á bilinu 150–200 m og stærðin 1000–2000 $m^2$.
**Hverfisvöllur** er ætlaður börnum á öllum aldri einkum þó 10–14 ára. Æskileg hámarksfjarlægð frá heimadyrum er 400–500 m og stærð um eða yfir 6000 $m^2$.

*Lögbýli:* Jörð eða lögbýli nefnist skv. ábúðarlögum hvert það býli, sem sérstaklega er metið til verðs í fasteignamati, með ákveðnum landamerkjum eða með ákveðnum tún- eða engjamerkum, ef um er að ræða hjáleigu eða býli sem hefur sameiginlegt beitarland með annarri jörð eða jörðum. Ennfremur verður

býlið að hafa nægt landrými eða búrekstraraðstöðu til að framfleyta minnst 10 kúgildum. Auk þess verður að vera nauðsynlegur húsakostur til að nytja jörðina.
Jörð, sem ekki hefur verið setin í 2 ár eða lengur, telst eyðijörð, og þó að hús séu fallin eða rifin telst hún lögbýli, nema jörðinni sé ráðstafað til annarra nota með samþykki sveitarstjórnar og jarðanefndar, t. d. lögð til afréttar eða sameinuð annarri jörð.
Jörð eða lögbýli teljast ennfremur nýbýli, garðyrkjubýli og smábýli sem hlotið hafa samþykki jarðanefndar og staðfestingu landbúnaðarráðuneytisins sem lögbýli.

*Mengun:* Með mengun er átt við að örverur, efni og efnasambönd valdi óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, raski lífríki eða óhreinki loft, láð eða lög. Mengun tekur einnig til óþæginda vegna ólyktar, hvers konar hávaða og titrings, geislunar og varmaflæðis.

*Miðsvæði:* Svæði þar sem verslun, stofnanir og þjónustustarfsemi safnast einkum saman eru nefnd ýmsum nöfnum eftir stærð og hlutverki.
**Miðbær** eða **miðbæjarsvæði** getur tekið yfir meira en eitt bæjar- eða borgarhverfi. Hefur gildi fyrir allan bæinn.
**Miðhverfi** tekur venjulega yfir eitt bæjarhverfi eða minna. Hefur aðallega gildi fyrir einn bæjarhluta, en stundum fleiri.
**Hverfismiðstöð** hefur aðallega gildi fyrir eitt bæjarhverfi.
**Verslunarmiðstöð** er hverfismiðstöð þar sem aðallega eru verslanir.

*Mæliblað:* Mæliblöð lýsa legu og stærð lóða og gildandi mörkum eigna og umráðasvæða. Á mæliblaði skal sýna kvaðir sem eru í gildi á viðkomandi svæði, s. s. vegna samþykktra mannvirkja eða veitukerfa. Þar skal sýna byggingarreit og hæðartölur aðliggjandi götu.
Yfirleitt gert í mælikvarða 1:500.

*Mælikvarði á korti:* Hlutfall milli fjarlægðar á korti og raunverulegrar fjarlægðar. Sé mælikvarði 1:100 jafngildir 1 metri á landi 1 cm á korti.

*Náttúruminjaskrá:* Skrá sem Náttúruverndarráð gefur út á þriggja ára fresti. Um svæði í skránni gilda þær reglur að ríkissjóður hefur forkaupsrétt að þeim, að þeim aðilum frágengnum sem hafa slíkan rétt skv. jarðalögum.
Að öðru leyti er skráin fyrst og fremst stefnuyfirlýsing eða markmið í friðlýsingarmálum.

*Náttúruverndarnefnd:* Í hverju sýslu- og bæjarfélagi skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sýslunefnd, bæjarstjórn eða borgarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna, kýs þá til fjögurra ára í

| | |
|---|---|
| | senn og ákveður formann. Varamenn skulu kosnir jafnmargir til sama tíma.<br>Hlutverk náttúruverndarnefnda er að stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m. a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórna, Náttúruverndarþings eða Náttúruverndarráðs. |
| *Náttúruverndarráð:* | Náttúruverndarráð hefur með höndum framkvæmd náttúruverndarmála skv. náttúruverndarlögum. Það er skipað sjö mönnum. Náttúruverndarþing kýs sex þeirra, en menntamálaráðuneytið skipar þann sjöunda og er hann formaður ráðsins.<br>Varamenn eru valdir með sama hætti. |
| *Náttúruverndarsvæði:* | Svæði þar sem ákveðið hefur verið að ósnortin náttúra skuli ríkja. |
| *Náttúruvætti:* | Náttúruvætti kallast skv. náttúruverndarlögum sérstæðar náttúrumyndir sem hafa verið friðlýstar, s. s. fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, fundarstaðir steingervinga og sjaldgæfra steintegunda. |
| *Nýtingarhlutfall:* | Hlutfall á tilteknum reit eða lóð milli samanlagðs gólfflatarmáls og flatarmáls svæðisins. |
| *Opið svæði:* | Svæði sem hefur ákveðið útivistargildi og þar sem byggingar eru bannaðar eða takmarkaðar. |
| *Orkufrekur iðnaður:* | Orkufrekur iðnaður er greindur í þrjá stærðarflokka, þ. e. stóriðjuver, miðlungs iðjuver og minniháttar iðjuver. Aflþörf stóriðjuvera er yfir 100 MW, en aflþörf minniháttar iðjuvera er 3-30 MW. |
| *Orlofsbústaðasvæði:* | Svæði sem er úthlutað til félagasamtaka til að reisa orlofsbústaði fyrir félagsmenn. |
| *Óbyggt svæði:* | Svæði þar sem ákveðið hefur verið í skipulagi að ekki verði byggt. |
| *Parhús:* | Tvö sambyggð einbýlishús. |
| *Raðhús:* | Þrjú eða fleiri sambyggð einbýlishús. |
| *Rammaskipulag:* | Umgerð þar sem lagðar eru grófar línur til viðmiðunar og nánari úrvinnslu í svæðis- og aðalskipulagi. |
| *Randbyggður reitur:* | Byggðarreitur þar sem sambyggð hús standa meðfram öllum hliðum reitsins. |
| *Reitur:* | Sjá byggðarreitur. |

| | |
|---|---|
| *Safnbraut:* | Sjá flokkun gatna. |
| *Sambýlishús:* | Sambýlishús eru öll íbúðarhús sem hafa fleiri en eina íbúð. Til eru sérstök lög um sambýlishús. |
| *Samþykkt skipulag:* | Tillaga að skipulagi sem hlotið hefur samþykki sveitarstjórnar og Skipulagsstjóra ríkisins. Samþykkt skipulag er að jafnaði nauðsynlegur undanfari þess að skipulag hljóti umfjöllun í Skipulagsstjórn ríkisins og staðfestingu ráðherra. |
| *Skipulagsáætlun:* | Skipulagsáætlun er áætlun um skipulag tiltekins svæðis, sveitarfélags eða tiltekins hluta sveitarfélags. Þessa áætlun skal setja fram í greinargerð ásamt nauðsynlegum uppdráttum og sérteikningum.<br>Þrjár tegundir skipulagsáætlana eru: svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. |
| *Skipulagsferill:* | Framvinda skipulagsvinnu, m. a. undirbúningur skipulagsvinnunnar, uppbygging verkþátta, öflun og greining upplýsinga, úrvinnsla valkosta, stefnumörkun, samskipti við sveitarstjórn og almenning, ákvarðanataka, framkvæmd skipulags, stjórnun og endurskoðun. |
| *Skipulagsnefnd:* | Skipulagsnefnd fer með skipulagsmál sveitarfélags í umboði sveitarstjórnar. Í skipulagsnefndinni eiga sæti fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem aðild eiga að sveitarstjórn og eru nefndarmenn og jafn margir varamenn þeirra kjörnir eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Sveitarstjórn kýs formann skipulagsnefndar úr hópi nefndarmanna en hann verður að vera fulltrúi eða varafulltrúi í sveitarstjórn.<br>Meginverksvið skipulagsnefndar er að hafa forgöngu um gerð skipulagstillagna, fjalla um skipulagstillögur er henni berast og hafa eftirlit með því að skipulagsákvæði séu haldin. |
| *Skipulagsskylda:* | Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan, og önnur mannvirki sem áhrif hafa á útlit umhverfis, aðrar en byggingar á lögbýlum skulu byggðar í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins. |
| *Skipulagsstjórn:* | Fimm manna nefnd sem fer með stjórn skipulagsmála í landinu í umboði félagsmálaráðherra. |
| *Skipulagsstjóri:* | Framkvæmdastjóri skipulagsstjórnar. Hann fer með stjórn skipulagsmála í umboði skipulagsstjórnar og ráðuneytis. |
| *Skipulagstímabil:* | Það tímabil sem skipulag nær til. Aðalskipulag skal miðað við ákveðið tímabil og er því ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera 20 ár. |

*Skólahverfi:* Hluti fræðsluhéraðs (sveitarfélag eða hluti þess, sveitarfélög) er stendur saman að einum grunnskóla eða fleiri.

*Skurðlaus gatnamót:* Gatnamót þar sem önnur gatan fer yfir hina og tengsl milli þeirra eru á skábrautum.

*Staðfest skipulag:* Skipulag sem félagsmálaráðherra hefur staðfest eftir að það hefur hlotið meðferð skv. 15.—18. gr. skipulagslaga. Þegar skipulag hefur verið staðfest er það bindandi fyrir alla.

*Staðgreinikerfi:* Staðgreinir lýsir landfræðilegri legu lóðar eða lands. Samkvæmt staðgreinikerfinu er öllu yfirborði landsins skipt niður í svæði: 1. stór svæði, 2. deilisvæði, 3. skiptisvæði, 4. mælisvæði (kortblað), 5. mæliblað, 6. lóð. Staðgreinikerfið ákvarðast af mælisvæðinu þannig að hvert mælisvæði verður að komast fyrir á kortblaði sem er að stærð DIN A1 (595×841 mm) í mælikvarðanum 1:500.

*Stofnanasvæði:* Svæði sem er fyrst og fremst ætlað fyrir stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

*Stofnbraut:* Sjá flokkun gatna og þjóðbraut.

*Sumarbústaðasvæði:* Svæði sem er skipulagt fyrir sumarbústaði og lóðum úthlutað til einstaklinga.

*Svæðisskipulag:* Svæðisskipulag getur náð yfir tvö sveitarfélög hið minnsta og landsvæði (landshluta) hið mesta. Svæðisskipulag skal gert fyrir þau svæði sem ráðherra ákveður sbr. 3. gr. skipulagslaga, eða þar sem samtök sveitarfélaga ákveða í samráði við Skipulagsstjórn ríkisins.
Markmið svæðisskipulags er að móta samræmda heildarstefnu um þróun byggðar á svæðinu og stuðla að hagkvæmri þróun. Með svæðisskipulagi er mótaður rammi fyrir aðalskipulag.

*Sýsluvegur:* Samkvæmt vegalögum skulu í tölu sýsluvega vera:

a. vegir að öllum býlum sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi,
b. vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum,
c. vegir í þorpum með undir 200 íbúum.

Sýslunefnd er heimilt að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, sumarbústöðum, eyðibýlum, fjallskilaréttum, bryggjum, sjúkraflugvöllum og skipbrotsmannaskýlum. Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.
Sýsluvegur samkvæmt a-lið þessarar greinar skal aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar.

| | |
|---|---|
| *Tengibraut:* | Sjá flokkun gatna. |
| *Umferðarálag:* | Tala farartækja sem fara um götu á tilteknum tíma. |
| *Umhverfisvernd:* | Alhliða vernd gegn hvers konar mengun, öðrum skaðlegum umhverfisáhrifum og varðveisla náttúrugæða. |
| *Útivistarsvæði:* | Svæði, ætluð til útiveru, hvíldar, hressingar, úti-íþrótta o.fl. |
| *Verndunarsvæði:* | Svæði, sem hafa byggingarlistrænt, sögulegt, umhverfislegt og/eða almennt gildi, þannig að æskilegt er að veita þeim sérstaka vernd. |
| *Þjóðbraut:* | Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum landsins skipt í tvo flokka, stofnbrautir og þjóðbrautir.<br>Í aðalatriðum eru stofnbrautir þeir vegir sem ná til 1000 íbúa svæðis og mynda eðlilegt samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.<br>Þjóðbrautir eru í aðalatriðum þeir vegir sem eru minnst 2 km langir frá vegamótum og ná til a. m. k. þriggja býla. |
| *Þjóðgarður:* | Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða hvíli á því söguleg helgi, þannig að ástæða er til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum, getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé landið ríkiseign. |
| *Vistgata:* | Umferðarsvæði eða húsagata þar sem gangandi vegfarendur hafa forgang. |

VIÐAUKI B.

## Notkun lita og tákna á skipulagsuppdráttum.

### Svæðis- og aðalskipulag.

Á svæðis- og aðalskipulagsuppdráttum skal merkja svæði þeim litum og táknum sem hér segir og mælikvarði uppdrátta leyfir.

Auk litar er hvert svæði, þar sem ástæða er til nánari skýringa, merkt með bókstaf sem skýrir landnotkun og tölustaf sem vísar til skýringa á korti og/eða í greinargerð.

| Tákn | Skýring |
|---|---|
| M .3<br>*Gulur* | Miðbæjarsvæði/verslunarkjarnar |
| O .3<br>*Rauðgulur* | Svæði opinberra stofnana |
| ÍB .3<br>*Ljósgrár* | Íbúðasvæði |
| I .3<br>*Dökkgrár* | Iðnaðarsvæði |
| Ú .3<br>*Dökkgrænn* | Útivistarsvæði opin svæði til sérstakra nota |

| | |
|---|---|
| V .3<br>*Mosagrænn* | Vernduð svæði skv. sérstökum lögum |
| G .3<br>*Ljósgrænn* | Óbyggð svæði |
| L .3<br>*Ljósbrúnn* | Landbúnaðarsvæði |
| S .3<br>*Dökkbrúnn* | Orlofs- og sumarbústaðasvæði |
| *Ljósblár* | Sjór, ár og vötn |
|  | Blönduð landnotkun<br>Litur í samræmi við fyrirhugaða landnotkun |
|  | Svæði til aukningar eftir skilgreint skipulagstímabil<br>Litur í samræmi við fyrirhugaða landnotkun |

# REIKNINGUR

## Bjargráðasjóðs.

### Aðalrekstrarreikningur fyrir árið 1984.

| | |
|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | |
| Vextir | 12 980 |
| Lántökugjöld | 340 |
| | 13 320 |
| **Fjármagnsgjöld:** | |
| Vextir | 4 238 |
| Lántökugjöld | 496 |
| Vísitöluálag | 11 095 |
| Reikn. gjöld v/verðbreytinga | 2 128 |
| | 17 957 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (4 637) |
| **Aðrar tekjur:** | |
| Framl. ríkissjóðs v/vaxtamismunar 1981—1984 | 16 400 |
| Framlag ríkissjóðs | 5 400 |
| Framlög sveitarfélaga | 4 695 |
| Gjald af söluv. landbúnaðarins | 19 881 |
| Húsaleiga | 211 |
| Aðrar tekjur alls | 46 587 |
| **Styrkveitingar:** | |
| Styrkir | 10 936 |
| Eftirgefin lán | 144 |
| | 11 080 |
| Hreinar tekjur alls | 30 870 |
| **Rekstrargjöld:** | |
| Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði | 1 747 |
| Stjórnunarkostnaður | 555 |
| Rekstur fasteigna | 69 |
| Innheimtulaun | 398 |
| Afskriftir | 166 |
| Rekstrargjöld alls | 2 935 |
| Mismunur gjalda og tekna | 27 935 |

**Aðalefnahagsreikningur.**

Eignir:

| | |
|---|---|
| **Veltufjármunir:** | |
| Hlaupareikningur | 2 891 482 |
| Sparisjóðsbækur | 5 189 589 |
| Viðskiptamenn | 244 746 |
| Séreignadeild, sparisjóðsinnstæða | 122 921 |
| Gjaldfallnir útist. vextir | 10 717 495 |
| Gjaldfallnar útist. afborganir | 6 192 018 |
| Áfallnir útist. vextir | 1 762 292 |
| Afborganir, sem gjaldfalla næsta ár | 18 211 912 |
| Veltufjármunir alls | 45 332 455 |
| **Fastafjármunir:** | |
| **Langtímakröfur:** | |
| Skuldabréfaeign | 73 774 006 |
| ÷ Afborganir næsta árs | (24 403 930) |
| Langtímakröfur alls | 49 370 076 |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | |
| Áhöld | 236 802 |
| Fasteignir | 7 969 973 |
| | 8 206 775 |
| Afskrifað alls | ( 288 896) |
| Rekstrarfjármunir alls | 7 917 879 |
| Fastafjármunir alls | 57 287 955 |
| Eignir samtals | 102 620 410 |

Skuldir og eigið fé:

| | |
|---|---|
| **Skammtímaskuldir:** | |
| Ógreiddir reikningar | 33 699 |
| Samband ísl. sveitarfélaga | 0 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 317 016 |
| Hrein eign séreignadeildar | 4 040 801 |
| Viðskiptamenn | 0 |
| Áfallnir ógreiddir vextir | 1 181 084 |
| Afborganir næsta árs af langtímaskuldum | 26 995 195 |
| Skammtímaskuldir alls | 32 567 795 |

**Langtímaskuldir:**

| | |
|---|---|
| Föst lán | 54 765 807 |
| ÷ Afborganir næsta árs | (26 995 195) |
| Langtímaskuldir alls | 27 770 612 |
| Skuldir alls | 60 338 407 |

**Eigið fé:**

| | |
|---|---|
| Endurmatsreikningar | 9 166 192 |
| Eigið fé | 33 115 811 |
| Eigið fé alls | 42 282 003 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 102 620 410 |

*Reykjavík, 13. febrúar 1985.*

**Magnús E. Guðjónsson.**

*Birgir L. Blöndal.*

Nr. 320

# REIKNINGUR

## Útvegsbanka Íslands fyrir árið 1984.

### Efnahagsreikningur 31. desember 1984.

Eignir:

| | kr. |
|---|---|
| *Sjóður og bankainnstæður:* | |
| Sjóður | 14 664 592 |
| Viðskiptabankar | 232 983 |
| Seðlabanki, bundið fé | 581 104 684 |
| Seðlabanki, gjaldeyrisreikningur | 141 321 916 |
| Sjóður og bankainnstæður alls | 737 324 175 |
| *Erlendar eignir:* | |
| Sjóður | 17 089 005 |
| Viðskiptabankar | 256 293 116 |
| Víxlar og aðrar kröfur | 6 302 620 |
| Skuldabréf | 204 734 934 |
| Erlendar eignir alls | 484 419 675 |

| | |
|---|---|
| *Útlán:* | |
| Yfirdráttarlán | 447 583 131 |
| Víxillán | 444 245 876 |
| Almenn skuldabréf | 407 318 649 |
| Verðtryggð skuldabréf | 866 530 681 |
| Innleystar ábyrgðir | 44 101 328 |
| Afurða- og rekstrarlán | 1 439 741 350 |
| Viðbótarlán | 71 218 462 |
| | 3 720 739 477 |
| Endurlánað erlent lánsfé | 2 563 970 951 |
| Afskriftareikningur útlána | (59 504 739) |
| Útlán alls | 6 225 205 689 |
| *Aðrar eignir:* | |
| Áfallnir vextir og verðbætur | 182 107 779 |
| Langtímakostnaður | 8 459 708 |
| Áhættufé | 1 489 660 |
| Ýmsir eignaliðir | 102 322 099 |
| Aðrar eignir alls | 294 379 246 |
| *Varanlegir rekstrarfjármunir:* | |
| Fasteignir | 383 811 428 |
| Áhöld og búnaður | 107 969 536 |
| Bifreiðar | 1 426 109 |
| | 493 207 073 |
| Fyrningar alls | (149 842 635) |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls | 343 364 438 |
| *Eignir alls* | 8 084 693 223 |

Skuldir og eigið fé:

| | kr. |
|---|---|
| *Veltiinnlán:* | |
| Hlaupareikningar og annað | 474 444 155 |
| Veltiinnlán alls | 474 444 155 |
| *Spariinnlán:* | |
| Almennir sparisjóðsreikningar | 1 156 830 348 |
| Bundið almennt sparifé | 259 994 947 |
| Verðtryggðir reikningar | 304 295 555 |
| Spariinnlán alls | 1 721 120 850 |
| Gjaldeyrisinnlán | 387 147 910 |
| Innlán alls | 2 582 712 915 |

*Seðlabanki Íslands:*

| | |
|---|---|
| Viðskiptareikningur | 208 283 492 |
| Önnur lán | 255 000 000 |
| Endurseld lán | 1 042 370 640 |
| Endurlán | 200 489 575 |
| Seðlabanki alls | 1 706 143 707 |

*Erlendar skuldir:*

| | |
|---|---|
| Erlent endurlánað lánsfé | 2 465 607 068 |
| Skuldabréf | 213 150 000 |
| Framleiðslulán | 397 370 710 |
| Viðskiptabankar | 165 252 606 |
| Erlendar skuldir alls | 3 241 380 384 |

*Ýmsir skuldaliðir:*

| | |
|---|---|
| Fjárfestingalánasjóðir og bankar | 30 076 869 |
| Innheimt fé fyrir aðra | 28 367 503 |
| Áfallnir og fyrirframgreiddir vextir | 21 456 419 |
| Reiknaðir skattar | 8 536 320 |
| Sjóður vegna lífeyrisskuldbindinga | 18 199 100 |
| Ýmsir skuldaliðir | 23 906 166 |
| Ýmsir skuldaliðir alls | 130 542 377 |
| Skuldir alls | 7 660 779 383 |

*Eigið fé,* Óskattlagt:

| | |
|---|---|
| Varasjóður | 0 |

*Annað:*

| | |
|---|---|
| Stofnfé | 50 073 154 |
| Varasjóður | 3 360 302 |
| Endurmatsreikningur | 366 775 806 |
| Óráðstafað | 3 704 578 |
| Eigið fé alls | 423 913 840 |
| *Skuldir og eigið fé alls* | 8 084 693 223 |

*Utan efnahags:*

| | |
|---|---|
| Ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 846 946 000 |
| Seðlabanki Íslands, skuldbinding | 42 437 000 |

Rekstrartekjur:

| | |
|---|---|
| Vextir og verðbætur af útlánum | 914 159 609 |
| Vextir og verðbætur frá Seðlabanka | 98 241 369 |
| Aðrar vaxtatekjur | 3 012 266 |
| | 1 015 413 244 |
| Þóknun og þjónusta | 97 385 931 |
| Aðrar tekjur | 9 919 483 |
| Rekstrartekjur alls | 1 122 718 658 |

Rekstrargjöld:

| | |
|---|---|
| Vextir og verðbætur af innlánum | 315 528 532 |
| Vextir og verðbætur til Seðlabanka | 175 004 951 |
| Vextir af erlendum lánum | 234 116 673 |
| Önnur vaxtagjöld og verðbætur | 5 042 147 |
| | 729 692 303 |
| Gengismunur | 100 383 632 |
| Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga | 20 064 891 |
| | 850 140 826 |
| Laun og tengd gjöld | 142 218 254 |
| Aðkeypt þjónusta | 35 494 039 |
| Önnur rekstrargjöld | 45 771 930 |
| Skattur af gjaldeyrissölu | 20 750 145 |
| Landsútsvar | 2 857 200 |
| Tillaga í afskriftareikning útlána | 24 888 800 |
| Tillag í sjóð vegna lífeyrisskuldbindinga | 9 409 900 |
| Fyrning varanlegra rekstrarfjármuna | 20 598 540 |
| Rekstrargjöld alls | 1 152 129 634 |
| (Tap) Hagnaður af reglulegri starfsemi | (29 410 976) |
| *Óreglulegir liðir:* | |
| Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | 1 074 226 |
| | 1 074 226 |
| (Tap) hagnaður fyrir skatta | (28 336 750) |
| *Tekju- og eignarskattur:* | |
| Tekjuskattur | 0 |
| Eignarskattur | 3 041 561 |
| Tekju- og eignarskattur alls | 3 041 561 |
| *(Tap)* hagnaður ársins | (31 378 311) |

**Yfirlit yfir breytingu lausafjárstöðu 1984.**

Til ráðstöfunar:

| | kr. |
|---|---|
| *Frá rekstri:* | |
| (Tap) hagnaður ársins | (31 378 311) |
| Vextir, verðbætur og gengismunur af innlánum | 473 092 161 |
| Gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga | 20 064 891 |
| Annað, sem ekki breytir lausafjárstöðu | 64 435 497 |
| Uppfærsla á útlán | (279 670 619) |
| Til ráðstöfunar frá rekstri | 246 543 619 |

Annað:

| | |
|---|---|
| Aukning veltiinnlána án vaxta | 179 216 340 |
| Aukning spariinnlána án vaxta | 134 097 403 |
| Aukning gjaldeyrisinnlána án vaxta og gengism. | 47 458 480 |
| Aukning endursölu í Seðlabanka | 357 562 710 |
| Afborgun af skuldabréfaeign | 595 034 836 |
| Afborgun af erlendri skuldabréfaeign | 32 122 566 |
| Tekin ný lán | 71 258 371 |
| Söluverð seldra fastafjármuna | 5 135 000 |
| Lækkun gjaldeyrisstöðu í Seðlabanka | 0 |
| Annað | 15 650 627 |
| Uppruni alls | 1 684 079 952 |

Ráðstöfun:

| | |
|---|---|
| Aukning yfirdráttarlána | 178 264 029 |
| Aukning víxillána | 188 541 423 |
| Aukning skuldabréfalána | 385 346 271 |
| Aukning verðtryggðra skuldabréfa | 307 206 001 |
| Aukning afurða- og rekstrarlána | 754 933 620 |
| (Lækkun) aukning viðbótarlána | (217 592 484) |
| Aukning á bundnu fé í Seðlabanka | 133 886 073 |
| Aukning gjaldeyrisstöðu í Seðlabanka | 48 639 841 |
| Afborganir af erlendu láni | 23 707 500 |
| Aukning innleystra ábyrgða | 21 680 387 |
| Afborganir af teknum lánum | 203 820 919 |
| Fjárfesting á árinu | 30 585 840 |
| Aukning lána í endurlánuðu erlendu lánsfé | 21 169 293 |
| Annað | 100 865 142 |
| Ráðstöfun alls | 2 181 053 855 |
| (Lækkun) á lausu fé | (496 973 903) |

**Greining á breytingu lausafjárstöðu.**

| | 31 des. 1984 kr. | 31 des. 1983 kr. | Breyting kr. |
|---|---|---|---|
| Sjóðir | 31 753 597 | 20 958 011 | 10 795 586 |
| Viðskiptabankar | 262 828 719 | 181 958 145 | 80 870 574 |
| Viðskiptareikningur í Seðlabanka | (208 283 492) | (61 078 917) | (147 204 575) |
| Viðskiptabankar | (165 910 821) | (365 630 806) | 199 719 985 |
| Framleiðslulán | (397 370 710) | 0 | (397 370 710) |
| Skammtímalán í Seðlabanka | (255 000 000) | 0 | (255 000 000) |
| Aðrir skammtímaliðir | (29 358 924) | (40 574 161) | 11 215 237 |
| *Lausafjárstaða í árslok* | (761 341 631) | (264 367 728) | (496 973 903) |

## Breytingar á eiginfjárstöðu 1984.

| | Varasjóður | Fjárfest- ingasjóður | Stofnfé | Lögbundinn varasjóður | Endurmat | Óráðstafað | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1/1 1984 | 10 653 436 | 0 | 50 073 154 | 12 575 980 | 285 301 397 | 618 949 | 359 222 916 |
| Breytingar 1/1 1984 v/skattalaga | (10 653 436) | 11 771 163 | | | | (1 117 727) | |
| Breytingar á hagnaði 1983 | | | | | | 6 488 750 | 6 488 750 |
| Leiðrétt staða 1/1 1984 | | 11 771 163 | 50 073 154 | 12 575 980 | 285 301 397 | 5 989 972 | 365 711 666 |
| Endurmat fastafjármuna | | | | | 90 574 668 | | 90 574 668 |
| Endurmat fyrninga | | | | | (27 290 225) | | (27 290 225) |
| Endurmat fjárfestingasj. | | 3 145 254 | | | (3 145 254) | | |
| Gjaldfærsla v. verðlagsbr. | | | | | 20 064 891 | | 20 064 891 |
| Endurmat eignalóða | | | | | 7 350 900 | | 7 350 900 |
| Sala leigulóðarréttinda | | | | | 244 955 | | 244 955 |
| Leigulóðir færðar út | | | | | (1 364 704) | | (1 364 704) |
| Fjárfestingasj. færður út | | (14 916 417) | | | | 14 916 417 | |
| Endurmat varasj. 1/1 1984 | | | | 3 360 302 | (3 360 302) | | |
| Endurmat óráðstafaðs 1/1 1984 | | | | | (1 600 520) | 1 600 520 | |
| Fært úr varasjóði | | | | (12 575 980) | | 12 575 980 | |
| Tap ársins | | | | | | (31 378 311) | (31 378 311) |
| | 0 | 0 | 50 073 154 | 3 360 302 | 366 775 806 | 3 704 578 | 423 913 840 |

**Skýringar.**

- Með lögum nr. 37/1983 um breytingu á lögum um Útvegsbanka Íslands, nr. 12/1961, var kveðið á um eftirfarandi sundurliðun á rekstrarkostnaði bankans.

| | | kr. |
|---|---|---|
| I | *Launagreiðslur:* | |
| | a) Heildarlaunagreiðslur (Launaskattskyldar greiðslur) | 119 738 590 |
| | b) Yfirvinna, föst | 0 |
| | c) Yfirvinna, önnur | 8 150 131 |
| | • Launþegar sem þágu laun samkvæmt lið a, töldust vera 546. | |
| | • Launþegar sem þágu laun samkvæmt lið c, töldust vera 449. | |
| | • Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunum 6,8%. | |
| II | *Bifreiðskostnaður:* | |
| | a) Bankinn á 4 bifreiðar og var rekstrarkostnaður þeirra með fyrningum ársins | 709 858 |
| | b) Kostnaður vegna bílaleigubifreiða | 59 548 |
| | c) Kostnaður vegna leigubifreiða | 89 659 |
| | d) Greiðslur vegna afnota af starfsmannabifreiðum | 4 009 647 |
| | | 4 868 712 |
| III | *Risnukostnaður:* | |
| | a) Föst risna greidd starfsmönnum | 237 600 |
| | b) Risna skv. reikningi | 995 012 |
| | | 1 232 612 |
| IV | *Ferðakostnaður:* | |
| | a) Ferðakostnaður og dagpeningar innanlands | 861 872 |
| | b) Ferðakostnaður og dagpeningar erlendis | 1 541 727 |
| | | 2 403 599 |

## Áritun bankastjórnar og bankaráðs á ársreikninginn.

Reykjavík, 30. apríl 1985

Bankastjórn:

Halldór Guðbjarnason. Lárus Jónsson. Ólafur Helgason.

Sverrir Matthíasson, aðalbókari.

Með vísan til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda bankans samþykkir bankaráð ársreikninginn.

Reykjavík, 3. maí 1985.

Kristmann Karlsson. Valdimar Indriðason. Jóhann Einvarðsson.
Garðar Sigurðsson. Arnbjörn Kristinsson.

**Áritun endurskoðenda.**

Ársreikning þennan fyrir Útvegsbanka Íslands höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn hefur að geyma efnahagsreikning 31. desember 1984, rekstrarreikning fyrir árið 1984, skýringar nr. 1—20 og sérgreindan efnahagsreikning fyrir aðalbanka og útibú.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri bankans á árinu 1984 og efnahag hans 31. desember 1984 og breytingu lausafjárstöðu á árinu í árslok 1984.

Reykjavík, 30. apríl 1985.

Haukur Harðarson. Ingi R. Jóhannsson,
lögg. endurskoðandi.

Með skírskotun til yfirlýsingar þingkjörinna endurskoðenda úrskurðast ársreikningurinn réttur.

Reykjavík, 12. júní 1985.

Matthías Á. Mathiesen,
viðskiptaráðherra.

Nr. 321

# REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs W. Fischers fyrir árið 1984.**

| | kr. | kr. |
|---|---|---|
| **Sjóður í ársbyrjun:** | | |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712 | 558,00 | |
| Búnaðarbankainnstæða | 40 269,00 | 40 827,00 |
| **Vextir:** | | |
| Af söfnunarsjóðsinnstæðu | 78,00 | |
| Af Búnaðarbankainnstæðu | 7 616,00 | 7 694,00 |
| | | 48 521,00 |
| **Sjóður til næsta árs:** | | |
| Söfnunarsjóðsinnstæða nr. 712 | 566,00 | |
| Búnaðarbankainnstæða | 47 955,00 | 48 521,00 |
| | | 48 521,00 |

*Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

# REGLUGERÐ

## um notendabúnað til tengingar við hið opinbera fjarskiptakerfi.

### I. KAFLI
### Gildissvið og orðaskýringar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um notendabúnað sem einstaklingar og fyrirtæki smíða, flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa á annan hátt, gera við, breyta eða setja upp.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

**Notendabúnaður:** Hvers konar tæki innan húsrýmis eða starfsstöðvar notenda, svo og tækjahlutir og leiðslur sem tengdar eru hinu opinbera fjarskiptakerfi.

**Starfsstöð:** Farartæki. Ein eða fleiri byggingar, s. s. stofnun, fyrirtæki, skólar o. s. frv., innan sömu lóðar.

**CEPT:** Conference Européenne des P&T. Evrópuráð pósts og síma.

**ECMA:** European Computer Manifactures Association, Genf. Evrópusamtök tölvuframleiðenda.

**ISO:** International Standard Organisation, París. Alþjóðastaðalnefndin.

**ITU:** International Telecommunication Union, Genf. Alþjóðafjarskiptasambandið.

### II. KAFLI
### Tæknikröfur til notendabúnaðar.

3. gr.

Notendabúnaður sem fluttur er inn til landsins eða framleiddur hér á landi skal uppfylla þær kröfur, sem Póst- og símamálastofnun setur um eiginleika slíkra tækja, enda séu kröfur þessar í samræmi við íslensk lög og reglugerðir og samþykktir Evrópuráðs pósts og síma (CEPT), Evrópusamtaka tölvuframleiðenda (ECMA), Alþjóðastaðalnefndarinnar, (ISO) eða Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU), eins og við á hverju sinni.

Fyrrnefnd gögn skulu liggja frammi í aðgengilegu formi til aflestrar hjá Póst- og símamálastofnun og jafnframt skal vera unnt að fá afrit af þeim gegn hæfilegu gjaldi.

Starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu, sé þess óskað, veita innflytjendum og framleiðendum nánari upplýsingar um tæknikröfur samkvæmt 1. mgr.

### III. KAFLI
### Skyldur innflytjenda og framleiðenda.

4. gr.

Búnaður skal greinilega merktur nafni framleiðenda, gerð og framleiðslunúmeri eða framleiðslutíma. Þar að auki skal framleiðanda eða innflytjanda skylt, sé þess óskað af hálfu Póst- og símamálastofnunar, að setja á hvern búnað, límmiða með upplýsingum frá henni í sambandi við viðurkenningu búnaðarins.

5. gr.

Innflytjandi eða innlendur framleiðandi skal ábyrgjast viðhaldsþjónustu fyrir þann búnað, sem hann flytur inn eða framleiðir. Í þessum tilgangi skal hann ávallt hafa í þjónustu sinni starfsfólk með tilskilin réttindi, sem nánar eru skilgreind í VII. kafla reglugerðar þessarar eða gera skriflegan samning við þjónustufyrirtæki, sem hefur slíku starfsfólki á að skipa. Innflytjandi eða innlendur framleiðandi skal upplýsa að viðhaldsaðilar hafi starfsaðstöðu og þau sérhæfðu mælitæki, sem nauðsynleg eru til þess að halda við hinum ýmsu tegundum fjarskiptabúnaðar.

**Endurprentað blað.**

## IV. KAFLI

**Viðurkenning Póst- og símamálastofnunar á notendabúnaði.**

6. gr.

Póst- og símamálastofnun skal veita viðurkenningu þeim búnaði sem fluttur er inn eða framleiddur til einkanota, sem fullnægir ákvæðum laga og reglna um tæknibúnað, sbr. 3. gr.

7. gr.

Innflytjandi eða framleiðandi sem óskar viðurkenningar Póst- og símamálastofnunar á notendabúnaði skal skila umsókn þar að lútandi á eyðublaði sem stofnunin lætur í té.

8. gr.

Sé orka frá rafveitu nauðsynleg til notkunar á búnaðinum skal samþykki Rafmagnseftirlits ríkisins liggja fyrir. Póst- og símamálastofnun mun leita eftir þessu samþykki fyrir umsóknaraðila en ef umsókn er synjað verður viðkomandi að sækja sjálfur mál sitt gagnvart Rafmagnseftirliti ríkisins.

Um hluti sem prófaðir eru af Rafmagnseftirliti ríkisins, samkvæmt framansögðu, fer eftir ákvæðum reglugerða Rafmagnseftirlitsins um eftirlit með raffföngum.

9. gr.

Áður en notendabúnaður er fluttur inn skal innflytjandi leggja fram tæknilýsingu, tengingateikningu og notkunarreglur með notendabúnaði. Tæknilýsing skal tilgreina alla starfsemi búnaðarins með hliðsjón af teikningum. Í tæknilýsingunni skal vera upptalning á öllum tæknilegum eiginleikum tækisins sem framleiðandi ábyrgist ásamt fráviki frá þeim. Ef mælingaskýrslur rannsókna (prófana) fyrir tækið liggja fyrir frá framleiðanda eða öðrum skulu þær fylgja ofangreindum gögnum.

Yfirlýsing Póst- og símamálastofnunar á grundvelli gagna skv. 1. mgr. um að búnaðurinn eða hlutar hans uppfylli þær tæknikröfur sem um hann gilda skal veitt innan tveggja vikna frá móttöku umsóknar.

Áður en veitt er endanleg viðurkenning skal afhenda búnað eða veita aðgang að búnaði til tegundaprófunar. Ennfremur skal leggja fram teikningu yfir straumrásir notendabúnaðar.

Þegar um er að ræða flókin rafeindatæki er Póst- og símamálastofnun áskilinn lengri frestur, þó ekki lengri en sex mánuðir.

Póst- og símamálastofnun ber ekki ábyrgð á bilunum sem kunna að vera á búnaði við prófun.

Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um innlenda framleiðendur eftir því sem við á.

10. gr.

Ef gögnum, samkvæmt 9. gr., fylgir vottorð frá viðurkenndri mælinga- eða prófunarstofnun á hinum Norðurlöndum skal Póst- og símamálastofnun viðurkenna búnað án frekari skoðunar, svo fremi sem þarlendar reglur stangast ekki á við íslenskar reglur sbr. 3. gr.

Ef búnaði fylgir vottorð frá viðurkenndri mælinga- eða prófunarstofnun í öðrum löndum, er Póst- og símamálastofnun heimilt að viðurkenna hann án frekari skoðunar með sömu skilyrðum og í 1. mgr. greinir.

Sé viðurkenning veitt samkvæmt 1. og 2. mgr. skal hún liggja fyrir innan tveggja vikna frá móttöku umsóknar.

11. gr.

Gögn samkvæmt 3., 8., 9. og 10. gr. eru jafngild á íslensku, dönsku, norsku, sænsku og ensku.

12. gr.

Ákvörðun Póst- og símamálastofnunar um viðurkenningu eða synjun á búnaði skal byggð á gögnum samkvæmt II. kafla. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og vísað til þeirra greina og atriða í fyrrnefndum gögnum sem synjun er grundvölluð á.

13. gr.

Sé umsókn um viðurkenningu samþykkt, skal hún árituð af Póst- og símamálastofnun. Árituð umsókn telst fullnægjandi heimild fyrir viðurkenningu Póst- og símamálastofnunar á viðkomandi notendabúnaði.

14. gr.

Innflytjandi, innlendur framleiðandi eða notandi sem vill breyta viðurkenndum búnaði skal afhenda Póst- og símamálastofnun hinn breytta búnað til prófunar eins og um nýjan búnað væri að ræða.

15. gr.

Heimilt er með fyrirvara að afturkalla viðurkenningu á búnaði þ. e. a. s. stöðva innflutning búnaðar og banna notkun á viðurkenndum búnaði, sem úreldist vegna breytinga á hinum almennu fjarskiptakerfum Póst- og símamálastofnunar.

16. gr.

Innflytjandi eða innlendur framleiðandi skal vera ábyrgur fyrir því að seldur búnaður sé ekki síðri þeim búnaði sem prófaður var. Komi þó í ljós að þetta ákvæði sé ekki uppfyllt er heimilt að fella viðurkenninguna niður. Póst- og símamálastofnun er heimilt að kanna með úrtaki hvort viðurkenndur búnaður á markaðinum haldi áfram að uppfylla settar kröfur.

17. gr.

Innfluttur notendabúnaður, sem ekki öðlast viðurkenningu, skal að vali innflytjenda sendur úr landi eða afhentur Póst- og símamálastofnun. Verði fyrri kosturinn valinn skal stofnunin innan mánaðar frá því að tilkynnt var um niðurstöður prófunarinnar, afhent ljósrit af útflutningsskýrslu fyrir tækið. Verði seinni kosturinn valinn, mun stofnunin geyma tækið í eitt ár, ef umsækjandi skyldi skipta um skoðun og vilja senda tækið úr landi. Skal hann þá afhenda stofnuninni ljósrit af útflutningsskýrslu innan mánaðar frá því að hann fær tækið í hendur. Að þessu eina ári liðnu verður tækið eyðilagt.

## V. KAFLI

**Starfræksluleyfi.**

18. gr.

Þegar um er að ræða færanlegan notendabúnað, sem ekki er þráðbundinn skal Póst- og símamálastofnun gefa út starfræksluleyfi. Þar sé að finna upplýsingar um leyfilega notendur, notkunarstað, svo og um tæknieiginleika búnaðarins. Undanþeginn þessu skal þó vera búnaður til fjarstýringar á leikföngum, bílskúrshurðum o. þ. h., enda sé sendiafl þeirra ekki meira en 100 mw.

## VI. KAFLI

**Málskot.**

19. gr.

Synjun Póst- og símamálastofnunar á viðurkenningu má skjóta til úrskurðar nefndar er samgönguráðherra skipar. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af málskotsaðila og fulltrúi tilnefndur af Póst- og símamálastofnun. Formann nefndarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann hafa tækniþekkingu á fjarskiptum.

20. gr.

Sá er synjun fær getur skotið henni til úrskurðar nefndarinnar. Með málskoti skal fylgja rökstuðningur fyrir beiðni og tilnefning í málskotsnefndina.

Málskotsfrestur er tvær vikur frá móttöku synjunar.

21. gr.

Formaður kallar nefndina saman og stjórnar fundum hennar.

Nefndin getur krafið aðila um aðgang að þeim gögnum, er hún telur nauðsynleg við meðferð málsins.

22. gr.

Nefndin kveður upp rökstuddan úrskurð sem fyrst að málsmeðferð lokinni, þó eigi síður en tveim vikum frá því að gagnaöflun lýkur.

Úrskurðir skulu færðir í sérstaka löggilta gerðarbók og vera undirritaðir af formanni.

Úrskurði er heimilt að kæra til samgönguráðuneytis.

23. gr.

Nefndarmönnum og öðrum þeim er tekið hafa þátt í störfum nefndarinnar er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir hafa komist að í störfum sínum fyrir nefndina eða á fundum hennar.

24. gr.

Ríkissjóður greiðir þóknun til nefndarmanna samkvæmt mati þóknunarnefndar.

## VII. KAFLI

**Um starfsréttindi.**

25. gr.

Eftirtaldir aðilar teljast fullnægja skilyrðum 4. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti að því er varðar réttindi til að annast uppsetningu og tengingu notendabúnaðar ásamt viðhaldsþjónustu á slíkum búnaði.

1. Símsmiðir: Starfssvið eins og markað er hjá Póst- og símamálastofnun. Línu- og strengjalagnir og viðhald þeirra. Uppsetning og viðhald á möstrum, loftnetum og einföldum símtækjum.
2. Rafeindavirkjar (fjarskiptasvið), Símvirkjar.
3. Iðnfræðingar (rafeinda- eða fjarskiptasvið).
4. Tæknifræðingar (rafeinda- eða fjarskiptasvið).
5. Verkfræðingar (rafeinda- eða fjarskiptasvið).

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 73 28. maí 1984 um fjarskipti, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við hið sjálfvirka símakerfi.

*Samgönguráðuneytið, 31. júlí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

# AUGLÝSING

**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 40, 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Bifreiðastöður skulu vera bannaðar beggja vegna gatnanna Grænatúns og Ástúns.
2. Tvær hraðahindranir skulu settar upp á Borgarholtsbraut, önnur við Skólagerði og hin við hús nr. 57.
3. Biðskylda skal vera í afrennslisrein frá Borgarholtsbraut í hægri beygju inn á tengiveg Hafnarfjarðarvegar.
4. Biðskylda skal vera á þvergötum Bröttubrekku, þ. e. Lyngheiði, Bjarnhólastíg og Víghólastíg.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40. 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 19. júlí 1985.*

**Ásgeir Pétursson.**

22. júlí 1985 Nr. 324

# AUGLÝSING

**um umferð á Akranesi.**

Að fengnum tillögum Bæjarstjórnar Akraness og samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi.

**1. Biðskylda:**

1.1. Umferð um Bárugötu nýtur forgangs fyrir umferð um Hafnarbraut að vestanverðu.

1.2. Umferð um Esjubraut nýtur forgangs fyrir umferð um botnlanga sömu götu.

1.3. Umferð um Vogabraut nýtur forgangs fyrir umferð um botnlanga sömu götu.

1.4. Umferð um Jörundarholt nýtur forgangs fyrir umferð um botnlanga sömu götu.

**2. Stæði fyrir stóra bíla:**

Með tilvísun til lögreglusamþykktar Akraness nr. 472/1984, 24. gr. eru eftirtalin svæði ætluð til lagningar stórra bíla.

2.1. Í Jörundarholti á þar til merktu svæði.

2.2. Á lóð Þjóðbrautar 3 (Rörasteypuport).

**3. Bann við bifreiðastöðum:**

Bifreiðastöður eru bannaðar við Vesturgötu vestanverða, frá Háholti að Vallholti.

Reglur þessar taka gildi frá og með birtingu þessarar auglýsingar.

*Lögreglustjórinn á Akranesi, 22. júlí 1985.*

**Ásmundur Vilhjálmsson,** ftr.

# REGLUR

## um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

**Gildissvið.**

1.1. Ákvæði þessara reglna taka til allra íslenskra skipa og báta sem eru 6 metrar eða lengri, mælt milli stafna. Þar sem lengd skipa er tilgreind í reglum þessum er átt við mestu lengd.

1.2. Öll íslensk skip, er falla undir ákvæði alþjóðasamþykkta sem fjalla um björgunar- og öryggisbúnað og Ísland er aðili að, skulu, auk ákvæða reglna þessara, fullnægja reglum þeirra samþykkta.

2. gr.

**Almennt um gerð, fyrirkomulag, staðsetningu og meðferð öryggisbúnaðar.**

2.1. Sérhver bátur eða skip sem undir þessar reglur fellur skal ávallt hafa um borð þann búnað sem krafist er samkvæmt reglum þessum og þann búnað sem tilgreindur er fyrir viðkomandi stærð af skipi í töflum I, II og III.

2.2. Skipstjóra ber að sjá svo um að allur öryggis- og björgunarbúnaður sé í lagi, að honum sé vel við haldið og sé ávallt tilbúinn til notkunar. Honum ber ennfremur að sjá svo um að skipverjum sé leiðbeint um staðsetningu og notkun björgunar- og öryggistækja í samræmi við reglur um björgunar- og eldvarnaræfingar í skipum. Skipstjóra ber einnig að sjá svo um að allar undan- og aðkomuleiðir, þ. m. t. neyðarútgangar, að björgunartækjum skipsins séu greiðfærar.

2.3. Öllum björgunar- og öryggisbúnaði skal þannig komið fyrir um borð í skipum að hann sé vel aðgengilegur þurfi að grípa til hans. Staðsetning björgunar- og öryggistækja er háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.

2.4. Þegar fyrirhuguð er nýsmíði skipa, breyting á gömlu skipi, sem áhrif hefur á staðsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar og neyðarútganga, eða innflutningur skips, skal senda Siglingamálastofnun ríkisins til athugunar og samþykkis teikningu er sýni gerð og staðsetningu björgunar- og öryggisbúnaðar skipsins.

2.5. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til staðsetningar björgunarbúnaðar:

1. Björgunartæki skal staðsetja sem næst vistarverum áhafnar og þar sem áhöfnin er við störf.
2. Hvorki stoðir, stög né aðrar hindranir skulu vera í vegi við losun og sjósetningu gúmmíbjörgunarbáta. Skal sérstaklega hugað að því, að gúmmíbjörgunarbátur geti ekki lent inn undir neðri þilför skips eða skorðast af undir handriðum eða mastursstögum.
3. Björgunarbelti og björgunarbúninga skal geyma þar sem þau eru greinilega sjáanleg eða í hirslum, sem eru merktar skýrum áletrunum.

3. gr.

**Viðurkenning öryggistækja.**

3.1. Öll björgunar- og öryggistæki þ. m. t. lögboðin siglingatæki eru háð viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins.

3.2. Óski framleiðandi eftir samþykki á björgunar- eða öryggisbúnaði, skal hann leggja inn hjá Siglingamálastofnun ríkisins fullnægjandi teikningar og upplýsingar um búnaðinn, ásamt einu eintaki hans til prófunar. Sama gildir um breytingar á viðurkenndum búnaði.

3.3. Leiðbeiningar um notkun öryggistækja, svo sem línubyssu, flugelda og slökkvitækja, skulu vera á íslensku með skýrum myndatextum.

## II. KAFLI
## BJÖRGUNARBÚNAÐUR

4. gr.

**Björgunarvesti.**

4.1. Öll skip, sem reglur þessar ná til skulu búin björgunarvestum af viðurkenndri gerð fyrir alla um borð.
Óheimilt er að hafa í skipum önnur björgunarvesti en þau sem hlotið hafa viðurkenningu Siglingamálastofnunar ríkisins.

4.2. Björgunarvesti sem ekki eru klædd endurskinsefni skulu búin fjórum endurskinsmerkjum 5x15 cm að stærð eða sex merkjum 5x10 cm, að stærð á hvorri hlið beltanna.

5. gr.

**Björgunarhringir.**

5.1. Sé fjöldi þeirra björgunarhringja sem tilgreindir eru í töflu I, II og III, tveir eða fleiri, skal helmingur þeirra búinn sjálfkveikjandi ljósgjöfum, sem festir eru við björgunarhringina. Sé fjöldi björgunarhringja sem krafist er alls sex eða fleiri skulu tveir björgunarhringir, sem búnir eru sjálfkveikjandi ljósgjöfum, einn á hvorri hlið skipsins, jafnframt búnir sjálfvirku reykdufti af viðurkenndri gerð. Þeir skulu staðsettir á brúarvæng og skulu ekki vera með línu.

5.2. A. m. k. einn björgunarhringur og einn á hvorri hlið skipsins þegar fjöldi björgunarhringja er sex eða fleiri, skal búinn flothæfri línu. Línan skal vera a. m. k. 27.5 m löng. Þessir björgunarhringir mega ekki bera sjálfkveikjandi ljós.

5.3. Við skutrennu fiskiskipa þar sem gert er ráð fyrir að afli sé tekinn um borð skulu til viðbótar þeim björgunarhringjum sem tilgreindir eru í töflu I og II, vera tveir björgunarhringir, einn hvoru megin, sem búnir eru ljósgjafa.

5.4. Björgunarhringi skal merkja varanlega og greinilega með skipaskrárnúmeri.

5.5. Björgunarhringir skulu búnir fjórum endurskinsmerkjum, 5 cm breiðum, sem fest eru utan um hringina með jöfnu millibili.

5.6. Á bátum allt að 8 m að lengd má hafa flothæfan kasthring í stað björgunarhrings.

6. gr.

**Björgunarför.**

6.1. *Skilgreiningar.*

1. Stinnur björgunarbátur (a rigid lifeboat) er bátur sem gerður er úr tré, áli, stáli, glertrefjaplasti eða öðru viðurkenndu stinnu efni.
2. Gúmmíbjörgunarbátur (an inflatable lifecraft) er björgunarbátur sem er útblásanlegur en geymdur óútblásinn tilbúinn til sjósetningar.
3. Slöngubjörgunarbátur (an inflated lifeboat) er björgunarbátur sem er útblásinn og tilbúin til sjósetningar.
4. Léttbátur (rescue boat) er flothæfur bátur sem ávallt er tilbúinn til sjósetningar.

6.2. *Stærð gúmmíbjörgunarbáta.*

6.2.1. Ekki má nota minni en sex manna gúmmíbjörgunarbáta í skipum sem eru stærri en 12 m að lengd.
Á skipum 12—15 m að lengd er þó heimilt að annar gúmmíbjörgunarbáturinn sé fjögurra manna, enda séu ekki fleiri en fjórir skipverjar á skipinu.

6.2.2. Ekki má nota stærri gúmmíbjörgunarbáta í fiskiskipum en tólf manna.

6.2.3. Ef fleiri björgunarför eru um borð í skipi en reglur þessar mæla fyrir um skulu þau vera af viðurkenndri gerð. Þau för skulu lúta sömu reglum varðandi skoðun og viðhald og önnur björgunarför.

6.3. *Kröfur um fjölda björgunarfara.*

6.3.1. **Fiskiskip.**

6.3.1.1. Fiskiskip undir 8 m að lengd.
Fiskiskip undir 8 m sem er í förum á tímabilinu 30. september til 1. apríl skal vera búið viðurkenndum gúmmíbjörgunarbáti eða viðurkenndu fleytitæki.

6.3.1.2. Fiskiskip 8—12 m að lengd.
Fiskiskip, sem er 8 m eða lengra, skal búið viðurkenndum gúmmíbjörgunarbáti sem rúmar a. m. k. alla skipverja.

6.3.1.3. Fiskiskip 12 m eða lengra.
Fiskiskip, sem er 12 m eða lengra, skal búið tveimur eða fleiri viðurkenndum gúmmíbjörgunarbátum sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja.

6.3.1.4. Fiskiskip 200—500 brl.
Fiskiskip, sem er 200 brl eða stærra, skal, til viðbótar því sem tilgreint er í 6.3.1.3. lið hér að ofan, búið viðurkenndum léttbáti sem rúmar minnst fimm menn.

6.3.1.5. Fiskiskip 500 brl. eða stærra.
Fiskiskip, sem er 500 brl eða stærra, skal búið björgunarbátum skv. einum af eftirgreindum liðum:

A. Minnst fjórum gúmmíbjörgunarbátum sem samanlagt rúma minnst tvöfaldan fjölda skipverja og vélknúnum léttbáti sem rúmar a. m. k. sex menn.

B. Tveimur stinnum björgunarbátum sem hvor um sig rúmar alla skipverja og gúmmíbjörgunarbátum sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja. Stinnu björgunarbátarnir skulu vera staðsettir hvor á sinni hlið skipsins og skal að minnsta kosti annar þeirra vera vélknúinn.

C. Einum vélknúnum, stinnum björgunarbáti sem rúmar alla skipverja og gúmmíbjörgunarbátum sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja.
Fyrirkomulag og staðsetning stinna björgunarbátsins skal vera á þann veg, að setja megi bátinn út til beggja hliða skipsins eða aftur af því.

D. Slöngubjörgunarbáti, einum eða fleirum, sem hver um sig rúmar alla skipverja, vélknúnum léttbáti sem rúmar minnst sex menn og gúmmíbjörgunarbátum sem rúma 1,5 sinnum fjölda skipverja.
Sé skipið búið tveimur slöngubjörgunarbátum skulu þeir staðsettir hvor á sinni hlið skipsins. Ef aðeins er einn slöngubjörgunarbátur skal staðsetning hans og fyrirkomulag vera á þann veg, að setja megi bátinn út til beggja hliða skipsins eða aftur af því.

6.3.2. **Vöruflutninga- og farþegaskip.**

6.3.2.1. Um vöruflutningaskip sem er minna en 200 brl að stærð gilda ákvæði gr. 6.3.1. reglna þessara.

6.3.2.2. Vöruflutningaskip 200 brl eða stærra.
Vöruflutningaskip, sem er 200 brl að stærð eða stærra, skal búið:
A. Tveimur stinnum björgunarbátum, einum á hvorri hlið skipsins, sem hvor um sig rúmar alla skipverja og minnst tveimur gúmmíbjörgunarbátum sem rúma alla skipverja, eða
B. Björgunarförum samkvæmt grein 6.3.1.4.

6.3.2.3. Vöruflutninga- og farþegaskip sem falla undir alþjóðasamþykkt.
Á skipum sem gildandi alþjóðasamþykktum um öryggi mannslífa á hafinu nær til og Ísland er aðili að skulu vera björgunarför þau sem hún mælir fyrir um, auk þess sem skipin skulu búin gúmmíbjörgunarbátum sem rúma samtals alla á skipinu.

6.3.2.4. Farþegaskip í strandsiglingum stærri en 50 brl.
Farþegaskip í strandsiglingum stærri en 50 brl skulu hafa stinna björgunarbáta sem rúma helming allra á skipinu, ennfremur gúmmíbjörgunarbáta fyrir alla á skipinu.
Á litlum farþegaskipum sem sigla innfjarða (flóabátum) og ferjum, getur Siglingamálastjóri veitt undanþágu frá stinnu björgunarbátunum og leyft annan útbúnað eða aukinn fjölda gúmmíbjörgunarbáta.

6.3.2.5. Vöruflutningaskip 500 brl og stærri.
Vöruflutningaskip, 500 brl að stærð og stærri, sem smíðuð eru eftir gildistöku þessara reglna skulu, þar sem ákvæði alþjóðasamþykkta mæla fyrir um stinna björgunarbáta, búin yfirbyggðum stinnum björgunarbátum af viðurkenndri gerð.

6.3.3. **Önnur skip.**
Siglingamálastofnun ríkisins ákveður hverju sinni hvaða björgunarförum önnur skip en fiskiskip, vöruflutningaskip og farþegaskip skulu búin.

7. gr.

**Sjósetningarbúnaður gúmmíbjörgunarbáta.**

7.1. Hvert skip 8 m eða lengra, önnur en skemmtibátar undir 15 m að lengd, skal búið a. m. k. einum gúmmíbjörgunarbáti sem unnt er að losa og sjósetja fyrirvaralaust með einu handtaki. Auk þess skal vera hægt að losa gúmmíbjörgunarbátinn með einu handtaki frá stjórnpalli eða öðrum hentugum stað (fjarstýring).
Ennfremur skal a. m. k. einum gúmmíbjörgunarbáti á framangreindum skipum fest með sjálfvirkum búnaði sem losar gúmmíbjörgunarbátinn ef skipinu hvolfir eða það sekkur.

7.2. Á skipum 15 m og lengri, skal fjarstýrði losunarbúnaðurinn skv. ákvæðum í gr. 7.1. jafnframt tryggja að gúmmíbjörgunarbáturinn falli sjálfvirkt út fyrir borðstokk skipsins og byrji að blásast út, þótt skipið hallist 60 gráður í gagnstætt borð við sjósetningu hans. Skal búnaðurinn geta brotið af sér ís þegar gúmmíbjörgunarbáturinn er sjósettur við þessar aðstæður.

7.3. Gúmmíbjörgunarbátar, sem komið er fyrir í sjósetningarbúnaði skv. þessum reglum og gengið hefur verið frá á þann hátt að þeir byrji að blásast upp um leið og þeir falla í sjó, skulu greinilega merktir eftirfarandi áletrun á umbúðum bátanna:
AÐVÖRUN — DRAGIÐ EKKI ÚT FANGALÍNUNA.

7.4. Staðsetning og frágangur búnaðar til losunar og sjósetningar gúmmíbjörgunarbáta í gömlum skipum skal háð samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins.
Óheimilt er að breyta staðsetningu sjósetningarbúnaðar án samþykkis Siglingamálastofnunar ríkisins.

7.5. Sjósetningarbúnaður skal skoðaður árlega. Heimilt er siglingamálastjóra að veita sérstökum aðilum heimild til að annast skoðun og viðhald sjósetningarbúnaðar gúmmíbjörgunarbáta skv. nánari fyrirmælum.
Skoðunargjöld fyrir sjósetningarbúnað gúmmíbáta skulu ákveðin af samgönguráðherra.

7.6. Losunarbúnaði á skipum minni en 50 brl sem uppfyllir ákvæði eldri reglna þarf ekki að breyta með hliðsjón af framangreindum reglum nema siglingamálastjóri ákveði annað.

8. gr.

**Borðhá skip.**

Á borðháum skipum þar sem hæð, þaðan sem komist verður í björgunarför að fríborðsþilfari er meiri en 5 m skal vera stigi af viðurkenndri gerð á báðum hliðum skipsins.
Sé hæðin meiri en 8 m skal vera unnt að sjósetja björgunarför fullhlaðin eða koma fyrir öðrum búnaði af viðurkenndri gerð til að komast frá skipi í björgunarbát.
Á öllum nýjum skipum skal vera einn stigi af viðurkenndri gerð á hvorri síðu, sem nær niður að sumarhleðsluborði vöruflutningaskips og aðalþilfari fiskiskips.

9. gr.

**Merking björgunarfara.**

9.1. Á hvern stinnan björgunarbát og slöngubjörgunarbát skal merkja með skýrum og varanlegum stöfum stærð bátsins og fjölda þeirra manna sem báturinn er gerður fyrir. Þá skal skrá beggja megin á bóg bátsins nafn og heimahöfn skips þess sem báturinn tilheyrir eða skipaskrárnúmer.

9.2. Á sérhvern gúmmíbjörgunarbát og umbúðir hans eða geymsluhylki skal skrá þann fjölda manna sem báturinn er gerður fyrir, nafn framleiðanda, framleiðsluár og númer. Á umbúðir bátsins skal skrá dagsetningu síðustu skoðunar og nafn þess eftirlitsaðila sem skoðaði.

9.3. Á báðar hliðar stinnra björgunarbáta skal, upp við og ofan á borðstokk með 80 cm millibili, festa endurskinsmerki. Nægilegt er að hafa fjögur merki á hvorri hlið og hvorum borðstokk á bátum sem eru lengri en 7.3 m (24 fet) og þrjú á styttri bátum. Þar sem hlífðartjalds er krafist á björgunarbátum skulu tvö merki eins og að ofan greinir límd í kross á miðjan topp tjaldsins.

9.4. Léttbátar skulu búnir tveimur til fjórum slíkum merkjum á hvorri hlið þannig að sjáanleg séu af sjó og úr lofti. Sé á þeim hlífðartjald skal á það límdur kross eins og ofan greinir.

9.5. Gúmmíbjörgunarbátar skulu búnir endurskinsmerkjum skv. nánari ákvæðum er Siglingamálastofnun ríkisins setur.

10. gr.

**Annar björgunarbúnaður.**

10.1. Flugeldar og handblys skulu endurnýjuð á fjögurra ára fresti, en fyrr ef vafi leikur á gæðum þeirra.

10.2. Skip skulu búin ljóskösturum. Skal langdrægni þeirra, miðað við að lýsing á sjónmáli nemi 1 lux, vera minnst sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Skip minni en 100 brl: | 450 m |
| Skip 100 — 300 brl: | 750 m |
| Skip 300 brl og stærri: | 1000 m |

10.3. Línubyssum af gerð sem nota má til að skjóta fleiri skotum skulu fylgja minnst fjögur skot, fjórar línur og tveir flothausar. Skotin skal endurnýja í síðasta lagi innan fjögurra ára frá framleiðsludegi.

10.4. Rekakkeri skemmti- og fiskibáta sbr. töflu 1. skulu vera af viðurkenndri gerð með 25 m taug með minnst 10 Kn brotþoli.

10.5. Radarspegill skal vera minnst 25 cm að þvermáli eða hafa a. m. k. samsvarandi endurkast.

10.6. Í öllum skipum með heil hlífðarþilför skal vera sérstaklega útbúið net eða jafngildur búnaður til að ná manni úr sjónum.

## III. KAFLI
## BÚNAÐUR BJÖRGUNARFARA

11. gr.

11.1. Búnaður björgunarfara skal fullnægja ákvæðum viðauka við reglur þessar.

## IV. KAFLI
## EFTIRLIT OG VIÐHALD GÚMMÍBJÖRGUNARBÁTA

12. gr.

12.1. Gúmmíbjörgunarbátar skulu skoðaðir a. m. k. einu sinni á ári á sérstökum eftirlitsstöðvum er hlotið hafa leyfi siglingamálastjóra til að annast eftirlit og viðhald gúmmíbjörgunarbáta.

12.2. Siglingamálastjóri setur eftirlitsstöðvum starfsskilyrði svo sem um lágmarksþjálfun og hæfni starfsmanna er starfa við eftirlitið, um húsnæði fyrir og kvaðir vegna eftirlits með starfseminni, svo og fyrirmæli framleiðanda gúmmíbjörgunarbáta sem eftirlitstöðvum er skylt að fylgja. Starfsleyfi skal gefa út til takmarkaðs tíma þó aldrei lengur en til 5 ára í senn.

12.3. Að lokinni skoðun bátanna útfyllir skoðunarmaður skýrslu um skoðunina í þríriti. Heldur eftirlitsstöðin einu eintaki, annað eintak skal afhent skipstjóra til varðveislu og þriðja eintakið skal afhent Siglingamálastofnuninni.

## V. KAFLI
## SIGLINGATÆKI

13. gr.

**Sjókort.**

13.1. Sérhvert skip, 12 m eða lengra, skal hafa meðferðis nýjustu útgáfu nauðsynlegra sjókorta, þ. e. yfirsiglinga- og sérkort, svo og leiðsögubækur og vitaskrár fyrir þau svæði sem fyrirhugað er að sigla um. Ennfremur skulu vera nauðsynleg tæki til að setja út í sjókort.

14. gr.

**Áttavitar.**

14.1. Á skipum 200 brl og stærri skulu vera tveir uppsettir viðurkenndir áttavitar. Skal að minnsta kosti annar þeirra vera vökvaáttaviti. Sé annar áttavitinn gíróáttaviti skal vökvaáttavitinn þannig staðsettur að hægt sé að sjá á hann frá stýrishjóli skipsins og einnig skal vera hægt að nota hann til siglingafræðilegra athugana.

14.2. Á skipum 50—200 brl skal vera einn uppsettur vökvaáttaviti og annar til vara, geymdur á öruggum stað. Skal varaáttavitinn vera af sömu gerð og hinn þannig að fljótlegt sé að koma honum á stað hins fast uppsetta.

14.3. Á skipum undir 50 brl skal vera einn vökvaáttaviti.

14.4. Áttavitum skal þannig fyrir komið að unnt sé að leiðrétta þá. Ekki skal hafa handrið úr járni eða stáli nær en 1,2 m frá nátthúsi, útblástursrör, hljóðkúta, gervistrompa úr stáli ekki nær en 1,5 m og stálplötur, í yfirbyggingu mega ekki vera nær miðri rós áttavitans, en 0,6 m. Við uppsetningu áttavita ber að gæta þess að lína gegnum stýrisstrik og odd falli saman við miðlangskurðarflöt skipsins. Rafalar, rafmótorar, rafgeymar og önnur rafmagnstæki skulu höfð það langt frá áttavitum að þau trufli þá ekki. Einnig skal gæta þess að rafmagnsleiðslur í námunda við áttavita hafi ekki truflandi áhrif á þá. Áttavitar skulu lýstir á viðunandi hátt. Sé lýsing frá aðalraforkugjafa skipsins skal komið fyrir neyðarlýsingu.

14.5. Leiðrétting og skoðun áttavita skal vera í höndum manna sem til þess hafa hlotið löggildingu siglingamálastjóra. Leiðrétta skal áttavita að minnsta kosti einu sinni á ári, auk þess þegar ástæða þykir til vegna viðgerða, breytinga eða farms. Dæmi skoðunarmaður áttavita nýjan áttavita ónýtan skal hann gera skriflega grein fyrir ákvörðun sinni.

14.6. Vökvaáttavitar skulu vera af viðurkenndri gerð og staðsettir á föstum samastað.

15. gr.

**Önnur siglingatæki.**

15.1. Vegamælar mega vera patent-, þrýsti- eða gegnstreymisvegmælar. Í skipum, sem hafa tvo vegmæla má annar vera patentvegmælir.

15.2. Handlóð skulu vega 3—5 kg með a. m. k. 50 m línu.

16. gr.

**Siglingaljós og merki.**

16.1. Öll skip skulu hafa siglinga- og merkjaljós þau, sem alþjóðasiglingareglur gera ráð fyrir, ennfremur hinn fyrirskipuðu dagmerki. Fyrirkomulag og styrkleiki siglingaljósa skal vera skv. alþjóðasiglingareglum.

16.2. Skip, 50 — 250 brl skulu hafa alþjóðamerkjafánann, G = Mig vantar hafnsögumann. Skip 250 brl og stærri skulu búin alþjóðamerkjafánum og merkjabók.

16.3. Til vara skulu vera eftirtalin ljósker, sem óháð eru ljósavélum skipsins: hliðarljós, toppljós, afturljós, akkerisljós og tvö rauð ljós til að sýna, að skip sé ekki undir stjórn. Undanþegin þessu eru fiskiskip minni en 50 brl., ennfremur fiskiskip 50 — 250 brl, hafi þau fleiri en einn rafal sem gefið getur orku til siglingaljósa. Þó skulu skip í þessum stærðarflokki búin rauðu ljósunum tveimur, sem að ofan getur.

16.4. Á öllum skipum 8 m eða lengri en undir 250 brl. að stærð, skal ávallt vera til taks hvítt ljósker sem gefur frá sér skæra birtu og óháð er ljósavélum skipsins.

16.5. Siglingaljós skulu vera viðurkennd af Siglingamálastofnun ríkisins.

16.6. Á skipum 50 brl og stærri, skulu vera um borð varaperur fyrir hvert ljósker.

16.7. Farið skal að alþjóðasiglingareglum varðandi tæki til hljóðmerkja.

## VI. KAFLI
## ANNAR BÚNAÐUR

17. gr.

17.1. Í sérhverju skipi 12 m og lengri, skal vera eitt eintak af eftirfarandi ritum og bókum:

— almanak, sjómannaalmanak, ef um fiskiskip er að ræða
— lög um eftirlit með skipum
— siglingalög

— alþjóðasiglingareglur
— sjómannalög
Auk þess þær aðrar reglur og bækur sem siglingalög mæla fyrir um og eitt eintak af reglum þessum.

17.2. Í sérhverju skipi 8 m eða lengra, skal leiðbeiningarspjöld um notkun gúímmíbjörgunarbáta og leiðarvísi um merkjagjafir við björgun úr sjávarháska komið fyrir á áberandi stað í skipinu.

17.3. Skip búin miðunarstöð, skulu hafa um borð skrá yfir radíóvita.

17.4. Skip skal búið þjóðfána. Hann skal vera hæfilega stór með tilliti til stærðar skipsins og vel útlítandi.

17.5. Í skipum 100 brl og stærri, skal hengja upp neyðaráætlun þar sem fram koma verkefni og skyldur skipverja þegar hættu ber að höndum.
Í sömu skipum skal koma fyrir neyðarmerkjabúnaði, þ. e. bjöllum eða sírenum, sem nota skal til að gera viðvart um yfirvofandi hættu. Sé neyðarmerkjabúnaðurinn tengdur aðalraforkubúnaði skipsins skal hann jafnframt tengdur neyðarraforkugjafa þess. Stjórnun búnaðarins skal vera í brú. Hljóðmerkin skulu vera auðheyranleg og auðgreinanleg í vistarverum og á öðrum þeim svæðum þar sem gera má ráð fyrir að menn séu að störfum. Hljóðmerkin skulu vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Almenn viðvörun: | sjö stutt og eitt langt, endurtekið. |
| 2. Viðvörun um eldsvoða: | síendurtekið stutt merki. |
| 3. Fyrirmæli um að skipið skuli yfirgefið: | stöðugur hljómur. |

## VII. KAFLI
## GILDISTAKA O. FL.

### 18. gr.

18.1. Samgönguráðuneytið getur veitt heimild til að víkja frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa, s. s. ef annað fyrirkomulag, efni eða búnaður teljast jafngild að mati Siglingamálastofnunar ríkisins.

18.2. Falli af einhverjum ástæðum niður viðurkenning á búnaði sem heimilt var að nota fram að gildistöku þessarar reglugerðar, er heimilt að nota slíkan búnað áfram þar til siglingamálastjóri ákveður annað, enda komi ekkert fram við árlega skoðun er dragi úr upphaflegu gildi búnaðarins.

18.3. Brot gegn ákvæðum reglna þessara varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

18.4. Reglur þessar sem settar eru skv. lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eftirtaldar reglur:
1. Reglur um smíði og búnað íslenskra skipa. Hluti J 1. Björgunar- og öryggisbúnaður, nr. 422/1980.
2. Reglur um staðsetningu, losunar- og björgunarbúnað gúmmíbjörgunarbáta fyrir þilfarsskip og búnað til að komast í gúmmíbjörgunarbáta nr. 351/1982, sbr. reglugerð nr. 45/1981.
3. Reglur um skráningu- og öryggisbúnað opinna skemmtibáta 6 m og lengri, nr. 239/1978.

## TAFLA I.
**Búnaður skemmti- og fiskiskipa allt að 50 brl.**

| Stærð skipa í m | 6—8 | 8—12 | 12—15 | >15 m |
|---|---|---|---|---|
| Áttaviti | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Björgunarför | 6.3.1.gr. | 6.3.1.gr. | 6.3.1.gr. | 6.3.1.gr. |
| Björgunarvesti | 4.1.gr. | 4.1.gr. | 4.1.gr. | 4.1.gr. |
| Björgunarhringir | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 2 stk. |
| Flugeldar | | 3 stk. | 4 stk. | 6 stk. |
| Handblys | 3 stk. | 4 stk. | 5 stk. | 6 stk. |
| Handlóð | | | 1 stk. | 1 stk. |
| Ljóskastari | | | | 1 stk. |
| Sjókort | | | 13.1.gr. | 13.1.gr. |
| Sjónauki | | | 1 stk | 1 stk. |
| Skipsklukkur | | | | 1 stk. |
| Radarspegill | 1 stk. | | | |
| Rekakkeri | 1 stk. | | | |
| Vatnshelt vasaljós | 1 stk. | | | |
| Þokulúður | 1 stk. | 1 stk. | | |
| Flauta og bjalla | | | 16.7.gr. | 16.7.gr. |
| Þjóðfáni | | | 1 stk | 1 stk. |
| Siglingaljós og merki | 16.1.gr. | 16.1.gr. | 16.1.gr. | 16.1.gr. |

* Með 6 m lengd er átt við lengd sem mæld er milli stafna. Aðrar lengdir eru mesta lengd, Lm.
Þar sem tilgreint er greinarnúmer er vísað til viðkomandi greinar.

## TAFLA II.
**Búnaður fiskiskipa 50 brl og stærri.**

| Stærð skipa (í brl) | 50—100 | 100—200 | 200—500 | >500 |
|---|---|---|---|---|
| Áttaviti | 14.1.gr. | 14.1.gr. | 2 stk. | 2 stk. |
| Bergmálsdýptarmælir | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Björgunarför | 6.3.1.gr. | 6.3.1.gr. | 6.3.1.gr. | 6.3.1.gr. |
| Björgunarvesti | 4.1.gr. | 4.1.gr. | 4.1.gr. | 4.1.gr. |
| Björgunarhringir* | 4 stk. | 4 stk. | 6 stk. | 8 stk. |
| Flugeldar | 6 stk. | 12 stk. | 12 stk. | 12 stk. |
| Handblys | 6 stk. | 8 stk. | 10 stk. | 12 stk. |
| Handlóð | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Ísaxir, barefli | 4 stk. | 6 stk. | 8 stk. | 10 stk. |
| Línubyssur** | 2 stk. | 3 stk. | 4 stk. | 4 stk. |
| Ljóskastari | 1 stk | 1 stk | 1 stk | 1 stk |
| Loftvog | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Miðunarskífa | | | | 1stk. |
| Morslampi | | 5.3.3.gr. | 1 stk | 1 dtk. |
| Neyðaráætlun, neyðarbjöllur | | | 17.5.gr. | 17.5.gr. |
| Flauta og bjalla | 16.7.gr. | 16.7.gr. | 16.7.gr. | 16.7.gr. |
| Sextant og sjóúr | | | | 1 stk. |
| Skipsklukkur | 1 stk. | 1 stk. | 2 stk. | 2 stk. |
| Sjókort | 5.1.gr. | 5.1.gr. | 5.1.gr. | 5.1.gr. |
| Sjónauki | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 2 stk. |
| Vegmælir | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 2 stk. |
| Þjóðfáni | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Merkjafánar | 16.2.gr. | 16.2.gr. | 16.2.gr. | 16.2.gr. |
| Siglingaljós og merki | 16.1.gr. | 16.1.gr. | 16.1.gr. | 16.1.gr. |

Þar sem tilgreint er greinarnúmer er vísað til viðkomandi greinar.
* fyrir fiskiskip með skutrennu sjá grein 5.3.
** varðandi eldri gerðir sjá grein 10.3.

TAFLA III.
**Búnaður vöruflutninga- og farþegaskipa.**

| Stærð skipa | 6m—15m* | 15m—200 brl | 200—500 brl | >500 brl |
|---|---|---|---|---|
| Áttaviti | 1 stk. | 14.1.gr. | 2 stk. | 2 stk. |
| Bergmálsdýptarmælir | | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Björgunarför | 6.3.2.gr. | 6.3.2.gr. | 6.3.2.gr. | 6.3.2.gr. |
| Björgunarvesti | 4.1.gr. | 4.1.gr. | 4.1.gr. | 4.1.gr. |
| Björgunarhringir | 1 stk. | 4 stk. | 6 stk. | 8 stk. |
| Flugeldar | 3 stk. | 6 stk. | 10 stk. | 12 stk. |
| Handblys | 3 stk. | 6 stk. | 12 stk. | 12 stk. |
| Handlóð | | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Ísaxir, barefli | | 4 stk. | 8 stk. | 10 stk. |
| Línubyssur | | 2 stk. | 4 stk. | 4 stk. |
| Ljóskastari | | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Loftvog | | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Miðunarskífa | | | 1 stk. | 1 stk. |
| Morslampi | | 15.3.gr. | 1 stk. | 1 stk. |
| Neyðaráætlun neyðarbjöllur | | | 17.5.gr. | 17.5.gr. |
| Flauta og bjalla | 16.7.gr. | 16.7.gr. | 16.7.gr. | 16.7.gr. |
| Sextant og sjóúr | | | 1 stk. | 1 stk. |
| Skipsklukkur | 10.gr. | 1 stk. | 2 stk. | 2 stk. |
| Sjókort | 13.1.gr. | 13.1.gr. | 13.1.gr. | 13.1.gr. |
| Sjónauki | | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Vegmælir | | 1 stk. | 1 stk. | 2 stk. |
| Þjóðfáni | | 1 stk. | 1 stk. | 1 stk. |
| Merkjafánar | | 16.2.gr. | 16.2.gr. | 16.2.gr. |
| Siglingaljós og merki | 16.1.gr. | 16.1.gr. | 16.1.gr. | 16.1.gr. |

* Með 6 m er átt við lengd sem mæld er á milli stafna 15 m lengdin er hins vegar mest lengd, Lm.
Þar sem tilgreint er greinarnúmer er vísað til viðkomandi greinar.

*Samgönguráðuneytið, 16. júlí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

VIÐAUKI
**Búnaður björgunarfara.**

**1. Búnaður stinnra björgunarbáta.**

1.1. Búnaður stinnra björgunarbáta skal vera sem hér segir:

1. Flothæfar árar í öll ræði, tvær flothæfar varaárar, og ein flothæf stýrisár, eitt ræði fyrir hverja ár, fest með keðju eða á annan hátt við bátinn og eitt vararæði fyrir hver tvö ræði.Einn krókstjaki.
2. Tvær neglur fyrir hvert neglugat, skulu þær bundnar við björgunarbátinn með taug eða keðju, (neglur eru ekki notaðar þegar sjálfvirkir lokar eru settir í þeirra stað), austurtrog og tvær skjólur úr, viðurkenndu efni.
3. Stýri með stýrissveif.
4. Tvær axir, hvor í sínum enda bátsins.
5. Ljósker með ljósmerki sem nægir í 12 klst., tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum umbúðum.
6. Sigla eða siglur með viðurkenndum vírstöngum og rauðgulum seglum.
7. Góður áttaviti í nátthúsi, lýstur á viðunandi hátt.

8. Líflína á síðum bátsins, handföng á húf hans og líflína fest við kjöl bátsins á milli stafna.
9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð ásamt nægilega langri og sterkri línu.
10. Tvær nægilega langar bátsfestar. Önnur þeirra skal fest við framstafn bátsins með lykkju og þolli svo að auðvelt sé að leysa hana, en hin skal bundin við framstefnið og jafnan tiltæk.
11. Bárufleygur sem tekur 4,5 l af olíu eða lýsi og unnt er að binda við bátinn.
12. Matarskammtur fyrir hvern mann sem báturinn rúmar. Matinn skal geyma í loftþéttum ílátum og þau höfð í vatnsþéttum umbúðum.
13. Vatnsþétt ílát sem hefur að geyma 3 l af drykkjarvatni á mann eða ílát sem hefur að geyma 2 l af drykkjarvatni á mann ásamt viðurkenndu tæki sem framleitt getur 1 l af drykkjarvatni á mann á 24 klst. Ryðfrí ausa í taug og ryðfrítt drykkjarílát með mælistiku.
14. Fjórir rauðir fallhlífarflugeldar og sex rauð handblys, hvort tveggja af viðurkenndri gerð.
15. Tvö flothæf reykmerki (til dagnota) af viðurkenndri gerð er gefa frá sér rauðgulan reyk.
16. Viðurkenndur útbúnaður sem menn geta haldið sér í ef báti hvolfir, annað hvort veltikjölur, kjalarhandföng, líflína strengd undir kjöl milli borðstokka eða annar viðurkenndur útbúnaður.
17. Lyfjaskrín nr. 6 sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
18. Vatnsþétt vasaljós sem nota má til merkjagjafa á morsi, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsþéttum umbúðum.
19. Merkjaspegill af viðurkenndri gerð til dagnota.
20. Hnífur með dósaskera, festur við bátinn.
21. Tvær grannar flot-kastlínur.
22. Handdæla af viðurkenndri gerð.
23. Hagkvæm geymsla fyrir ýmislegt smávegis.
24. Flauta eða annað til hljóðmerkjagjafa.
25. Fiskilína ásamt sökku og önglum.
26. Viðurkennd yfirbreiðsla með áberandi lit til varnar gegn kulda og vætu.
27. Leiðarvísir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.
28. Leiðbeiningar um hvernig komast megi af í gúmmíbjörgunarbátum.
29. Radarspegill af viðurkenndri gerð.
30. Varmapokar fyrir hvern mann sem báturinn á að bera.
31. Neyðarsendir á neyðartíðnum 121.5 og 243 KHz.

1.2. Siglingamálastofnun getur veitt undanþágu frá ákvæðum töluliða 6, 12, 19, 25 og 26 hér að framan sé ferðum skipsins þannig háttað, að mati hennar, að ónauðsynleg megi teljast.

1.3. Í vélknúnum björgunarbátum er ekki skylt að hafa seglbúnað. Árar mega vera helmingi færri en að ofan greinir en krókstjakar skulu vera tveir.
Í hverjum vélknúnum björgunarbáti skal vera þurrduftsslökkvitæki eða annað jafn gott til að slökkva olíuelda.

1.4. Allir björgunarbátar skulu þannig útbúnir, að komist verði um borð í þá úr sjó.

2. **Búnaður slöngubjörgunarbáta.**

2.1. Búnaður slöngubjörgunarbáta skal vera sem hér segir:

1. Eitt sett af flothæfum árum, tvær flothæfar varaárar og ein flothæf stýrisár, eitt sett af ræðum og stýrisræði vel fest við bátinn.

2. Krókstjaki með kúlu á endanum.
3. Tvær neglur á hvert neglugat (ekki þörf á neglum þar sem sjálfvirkir lokar eru) vel fastar við bátinn.
4. Svampur, austurtrog og tvær skjólur úr viðurkenndu efni.
5. Líflína utan um bátinn ofarlega og eins að innanverðu ásamt griplínu frá borðstokk að borðstokk undir kjöl eða annar viðurkenndur útbúnaður.
6. Lampi með olíu til 12 tíma notkunar.
7. Tvær öskjur af stormeldspýtum í vatnsheldum umbúðum.
8. Góður áttaviti í nátthúsi, lýstur á viðunandi hátt.
9. Rekakkeri af viðurkenndri stærð með nægilega langa og sterka línu.
10. Tvær nægilega langar og sterkar bátsfestar. Önnur skal fest við bátinn að framan með lykkju og þolli svo að hún sé losanleg í skyndi, en hin skal tryggilega fest í stefni bátsins og tilbúin til notkunar.
11. Bárufleygur með 4,5 l af lýsi eða olíu og svo gerður að hann dreifi innihaldinu auðveldlega á yfirborð sjávarins. Skal hann vera vel festanlegur við rekakkerið.
12. Fjórir fallhlífaflugeldar af viðurkenndri gerð sem gefa frá sér skærrauð ljós í mikilli hæð; sex neyðarhandblys af viðurkenndri gerð er gefa frá sér skærrauð ljós.
13. Tvö flothæf reykblys af viðurkenndri gerð (til dagnota) er gefa frá sér rauðgulan reyk.
14. Vatnsþétt lyfjaskrín nr. 6 sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
15. Vatnsþétt vasaljós sem gefa má mors-merki með, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsþéttum umbúðum.
16. Merkjaspegill af viðurkenndri gerð til dagnota.
17. Öryggishnífur bundinn við bátinn.
18. Tvær léttar kastlínur, flothæfar.
19. Flauta eða jafngilt tæki til hljóðmerkja.
20. Viðurkenndur radarspegill.
21. Fiskilína ásamt önglum og sökkum.
22. Viðurkennd yfirbreiðsla í áberandi lit til varnar gegn kulda og vatni.
23. Leiðarvísir um merkjagjafir milli skipbrotsmanna og björgunarmanna.
24. Leiðbeiningar um hvernig lifa megi af dvöl í slöngubjörgunarbáti.
25. Viðurkennt viðgerðarsett til viðgerða á lofthólfum.
26. Lofthanddæla.
27. Loftþrýstimælir.
28. Útbúnaður er auðveldar manni í sjónum að klifra um borð.
29. Útbúnaður til dráttar bátsins.
30. Matarskammtar, með minnst 8000 hitaeiningar á hvern mann sem báturinn á að bera, er geymist í loftþéttum umbúðum í vatnsþéttum kassa.
31. Vatnsþétt ílát sem hefur að geyma 3 l af vatni á hvern mann sem báturinn á að bera eða vatnsþétt ílát sem hefur að geyma 2 l af fersku vatni á hvern mann ásamt viðurkenndu tæki að vinna vatn úr sjó með afköstum sem nema 1l á mann á 24 klst. og ryðfrítt drykkjarílát í bandi og skammtara.
32. Þrír dósaopnarar.
33. Varmapoki fyrir hvern mann sem báturinn á að bera.
34. Neyðarsendir sem sendir á neyðartíðnum 121.5 og 243 KHz.

2.2. Siglingamálastofnunin getur veitt undanþágu frá ákvæðum töluliða 16, 20, 29 og 30 hér að framan sé ferðum skipsins þannig háttað, að mati hennar, að ónauðsynleg megi teljast.

2.3. Vélknúnir slöngubjörgunarbátar skulu til viðbótar ofangreindu vera búnir handslökkvitækjum sem viðurkennd eru til nota á olíuelda.

3. **Búnaður léttbáta.**

3.1. Búnaður slönguléttbáta skal vera sem hér segir:

1. Minnst fjórar flothæfar árar.
2. Negla, ef nauðsynlegt, föst við bátinn.
3. Austurtrog og tveir svampar.
4. Líflína utan um bátinn og eins að innanverðu.
5. Ræði eða ræðilykkja að þvergaflinum þar sem það á við.
6. Tvær bátslínur með viðeigandi lengd og styrk.
7. Tveir flothæfir kasthringir með 30 m langri flotlínu.
8. Rekakkeri af viðurkenndri stærð með línu með nægilegan styrk og lengd.
9. Vatnsþétt vasaljós sem gefa má mors-merki með, ásamt vararafhlöðu og peru í vatnsheldum umbúðum.
10. Öryggishnífur.
11. Flauta eða jafngilt tæki til hljóðmerkja.
12. Viðgerðarsett fyrir lofthólfin í hentugum umbúðum.
13. Lofthanddæla.
14. Viðurkennt leitarljós, nema Siglingamálastofnun ríkisins meti merkjalampa til dagnota sem fullnægjandi.

3.2. Búnaður stinnra léttbáta skal vera sem hér segir:

1. Flothæfar árar í öll ræði, ein flothæf varaár, eitt ræði fyrir hverja ár, fest með keðju eða á annan hátt við bátinn.
2. Krókstjaki.
3. Tvær neglur fyrir hvert neglugat. Skulu þær bundnar við bátinn með taug eða keðju. (Neglur eru ekki notaðar þegar sjálfvirkir lokar eru settir í þeirra stað).
4. Austurtrog og skjóla.
5. Stýri með stýrissveif.
6. Líflína á síðum bátsins og handföng á botni hans.
7. Bátsfesti af fullnægjandi lengd og styrkleika, fest við framstafn með lykkju og þolli svo auðvelt sé að losa hana.
8. Vatnsþétt vasaljós sem gefa má morsmerki með, ásamt vararafhlöðum og peru í vatnsheldum umbúðum.
9. Ein öxi.
10. Tveir flothæfir kasthringir með 30 m flotlínu.
11. Rekakkeri af viðurkenndri gerð og lína af fullnægjandi lengd og styrkleika.
12. Flauta eða jafngilt tæki til hljóðmerkja.
13. Vasahnífur.
14. Viðurkennt leitarljós.

4. **Búnaður gúmmíbjörgunarbáta.**

4.1. Búnaður fjögurra manna gúmmíbjörgunarbáta skal vera sem hér segir:

1. Flothæfur kasthringur með línu.
2. Hnífur.
3. Svampur.
4. Rekakkeri með línu.
5. Tvær árar.
6. Viðgerðarbúnaður fyrir leka á bátum.
7. Lofthanddæla.

8. Dósahnífur.
9. ⅓ þess sem er ákveðið i lyfjakassa nr. 6.
10. Drykkjarmál.
11. Vatnsþétt vasaljós og aukarafhlöður.
12. Tveir fallhlífaflugeldar.
13. Þrjú handblys.
14. ⅙ kg sykur.
15. ½ l af vatni fyrir hvern mann (2l).
16. Notkunarreglur á íslensku.
17. Varmapoki fyrir hvern mann (4 stk.).
18. Flauta.
19. Neyðarsendir á neyðartíðni 121,5 og 243 KHz.
20. Eitt eintak af sérriti Siglingamálastofnunar ríkisins um notkun gúmmíbjörgunarbáta.

4.2. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta í vöruflutninga- og farþegaskipum, til notkunar fyrir sex menn eða fleiri, skal vera sem hér segir:

1. Flothæfur kasthringur með a. m. k. 30 m langri flotlínu.
2. Gúmmíbjörgunarbátar fyrir sex til ellefu menn skulu búnir tveimur hnífum og einu austurtrogi, en stærri bátar tveimur hnífum og tveimur austurtrogum.
3. Tveir svampar.
4. Tvö rekakkeri með línu, öðru skal varanlega fest við gúmmíbátinn, hitt til vara.
5. Tvær árar.
6. Viðgerðarútbúnaður sem hægt er að nota til að gera við leka á lofthólfum.
7. Lofthanddæla sem hægt er að tengja við stúta á bátunum til þess að bæta á þá lofti ef með þarf og dæla upp tvöfaldan botninn.
8. Þrír dósahnífar þar sem þeirra er þörf.
9. Lyfjaskrín nr. 6 í vatnsþéttum umbúðum, sem skoðist í lyfjabúð annað hvert ár.
10. Ryðfrítt drykkjarílát með mælistrikum.
11. Vatnsþétt vasaljós hæft til mors-sendinga, ásamt einni vararafhlöðu og varaperu í vatnsheldum umbúðum.
12. Spegill og flauta til merkjagjafa.
13. Tveir fallhlífaflugeldar af viðurkenndri gerð sem gefa frá sér skært rautt ljós í mikilli hæð.
14. Sex handblys af viðurkenndri gerð sem gefa frá sér skært rautt ljós.
15. Handfæri ásamt önglum og sökku.
16. Matarskammtur fyrir hvern mann, sem bátnum er ætlað að bera, pakkaður inn í loftþéttar umbúðir í vatnsheldum kassa.
17. Vatnsþétt ílát er hafa að geyma 1,5 l af vatni fyrir hvern mann sem báturinn er ætlaður fyrir. Í staðinn fyrir þriðjung vatnsins má hafa hentugt tæki sem getur framleitt sama magn af drykkjarvatni á sólarhring.
18. Sex sjóveikitöflur fyrir hvern mann sem bátnum er ætlað að bera.
19. Notkunarreglur á íslensku í vatnsheldum umbúðum eða prentuð á efni sem þolir vætu, skulu vera í gúmmíbátnum.
20. Eitt eintak af leiðbeiningum um merkjagjafir við björgun úr sjávarháska.
21. Einn varmapoki fyrir hvern mann.
22. Neyðarsendir á neyðartíðnum 121.5 og 243 KHz.
23. Eitt eintak af sérriti Siglingamálastofnunar um notkun gúmmíbjörgunarbáta.

4.3. Þegar um farþegaskip er að ræða í svo stuttum ferðum, að einhver sá búnaður sem upp er talinn í 3.4.1. og 3.4.2. þykir ónauðsynlegur að áliti Siglingamálastofnunar, er henni heimilt að leyfa að einn eða fleiri gúmmíbátar, þó ekki færri en einn sjötti hluti þeirra sem um borð eru, séu aðeins búnir því sem tekið er fram í töluliðum 1—7,9 og 19 hér að framan og helmingi þess sem getið er í töluliðum 13 og 14, afgangur gúmmíbátanna skal búinn því sem tekið er fram í töluliðum 1—7 og 19.

4.4. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í fiskiskipum.

4.4.1. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í fiskiskipum skal vera sá sami og kveðið er á um í grein 4.2., þó að því undanskildu að heimilt er að minnka magn drykkjarvatns í 17. lið um 0.5 l fyrir hvern mann sem báturinn er ætlaður fyrir.

4.5. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í öðrum skipum.

4.5.1. Búnaður gúmmíbjörgunarbáta fyrir sex menn eða fleiri til notkunar í öðrum skipum en um getur í 4.2. og 4.4. skal vera sá sem tilgreindur er í 4.4.1.

Nr. 326 17. júlí 1985

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglum um smíði og búnað íslenskra skipa nr. 154/1980, hluti J10, reglur um vinnuöryggi á fiskiskipum.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

5.0. **Þilfarsvindur, lyfti og losunarbúnaður.**

5.1. Allar vindur, lyfti- og losunarbúnaður skulu búin hemli sem stöðvar samstundis við aflrof, það er við straumrof eða ef vökvaþrýstingur fellur. Á sama hátt skal búnaður bómu og gálga þannig gerður að þau falli ekki niður við aflrof.

5.2. Búnaður við lúgur, þ. e. fiski- og veiðarfæralúgur, skal þannig gerður, að lúgan falli ekki við aflrof.

5.3. Verja skal með hlíf, eins og við verður komið, alla hreyfanlega hluti vindu. Sama skal gilda um allar rúllur.

5.4. Skrá skal greinilega og varanlega leyfilegan hámarksþunga á bómur og krana.

5.5. Stjórnlokar skulu þannig gerðir að stjórnarmur falli í miðstöðu og vinda eða lyfti- og losunarbúnaður stöðvist samstundist sé stjórnarmi sleppt. Þó er heimilt, þegar um er að ræða vindur sem að jafnaði eru í notkun í lengri tíma í einu, t. d. línu- og netaspil, að nota stjórnventla sem unnt er að festa í ákveðinni stöðu, að því tilskildu að við búnaðinn sé viðurkenndur búnaður til neyðarstöðvunar, sbr. gr. 1.4.0.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum ufsaflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 31. ágúst 1985:

| **Söltuð ufsaflök:** | DM pr. lest cif. |
|---|---|
| 1650/up FF | 4 700,00 |
| 1250/1650 FF | 4 390,00 |
| 1100/1250 FF | 4 030,00 |
| 1000/1100 FF | 3 600,00 |

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 75% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

14. ágúst 1985 Nr. 328

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á söltuðum þorskflökum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985:

| **Söltuð þorskflök:** | US $ pr. lest cif. |
|---|---|
| Flokkur A 700/up | 3 200,00 |
| Flokkur A 400/700 | 3 050,00 |
| Flokkur A 200/400 | 2 850,00 |
| Flokkur A 100/200 | 2 500,00 |
| Flokkur B 700/up | 3 050,00 |
| Flokkur B 400/700 | 2 800,00 |
| Flokkur B 200/400 | 2 500,00 |
| Flokkur B 100/200 | 2 050,00 |

Verðbil verður 3,5% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.

Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

Nr. 329 14. ágúst 1985

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september til 31. desember 1985:

| **Óverkaður saltfiskur:** | US $ pr. lest fob |
|---|---|
| Stórfiskur nr. 1 | 2 250,00 |
| Millifiskur nr. 1 | 2 065,00 |
| Smáfiskur 40/60 nr. 1 | 1 880,00 |
| Smáfiskur 60/100 nr. 1 | 1 750,00 |
| **Óverkaður saltfiskur (tandurfiskur):** | |
| Stórfiskur nr. 1 | 2 060,00 |
| Millifiskur nr. 1 | 1 870,00 |
| Smáfiskur nr. 1 (40/60) | 1 725,00 |
| Smáfiskur nr. 1 (60/100) | 1 515,00 |

Verðbil verður 3,5% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráefnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. ágúst s.l. til 30. september 1985.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 30. ágúst s.l. til 1. september 1985:

| | |
|---|---|
| Loðnumjöl .................... | US $ 5,30 pr. próteineiningu í lest |
| Loðnulýsi ..................... | US $ 320,00 pr. lest |

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í eða úr sjóðnum skulu nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Verðið miðast við cif og gerist upp á viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Sigurður P. Sigmundsson.*

1. ágúst 1985 Nr. 331

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 386/1973 um Hitaveitu Hvammstanga.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

Reglugerð þessi gildir í Hvammstangahreppi og einnig gagnvart þeim bæjum og notendum er fá heitt vatn úr aðveituæð veitunnar í Ytri-Torfustaðahreppi og Kirkjuhvammshreppi.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar breytist og orðist þannig:

Hitaveita Hvammstanga hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni í Hvammstangahreppi og einnig á því svæði er hún nær yfir samkvæmt 1. grein.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps staðfestist hér með samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58/1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# AUGLÝSING

**um friðland á Hornströndum.**

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa svæðið norðvestan Skorarheiðar í Norður-Ísafjarðarsýslu, og er svæðið friðland.

Mörk svæðisins eru þessi:

Úr botni Hrafnsfjarðar um Skorarheiði í botn Furufjarðar. Mörkin fylgja Skorará frá ósi og í Skoravatn. Þaðan liggja þau meðfram suðurströnd vatnsins, en síðan í beina línu úr suðausturhluta þess og í upptök þeirrar kvíslar, sem næst er vatninu og fellur í Furufjarðarós. Miðast mörkin við hugsaða línu 200 m fyrir sunnan kvíslina og síðan ámóta vegalengd sunnan Furufjarðaróss allt til sjávar í Furufjörð.

Reglur þessar gilda um svæðið:

1. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmun (115 m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Náttúruverndarráðs komi til.
3. Leyfi landeiganda, sem í hlut á, þarf til allra veiða, eggjatöku og annarra hlunnindanytja á svæðinu. Leyfi Náttúruverndarráðs þarf ef eigi er um að ræða hefðbundnar nytjar.
   Um netaveiði í ósum straumvatna gilda ákvæði laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, sbr. einkum VI. kafla.
   Hvers konar meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema samkvæmt sérstakri heimild sýslumanns, mánuðina júní til september og utan þess tíma einungis heimil landeigendum til hefðbundinna nytja.
4. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Þó er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum.
   Náttúruverndarráð setur nánari reglur viðvíkjandi umferð um hið friðlýsta svæði.
5. Náttúruverndarráð og aðrar stofnanir, sem í hlut eiga, skulu stuðla að vernd menningarminja, gera greiðfærar gamlar götur og viðhalda vörðum.
6. Bannað er að beita búpeningi á friðlandið.
7. Á tímabilinu 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög um svæðið. Þetta ákvæði tekur þó ekki til ferða landeigenda.
8. Náttúruverndarráð setur nánari reglur um afnot landeigenda af eignum sínum á hinu friðlýsta svæði.
9. Náttúruverndarráð og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps tilnefna hvort um sig þrjá menn í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 47/1971.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 44/1985 um friðland á Hornströndum.

*Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Runólfur Þórarinsson.*


HORNSTRANDIR
JÖKULFIRÐIR
HORNBJARG
HORNVÍK
ALMENNINGAR
BARÐSVÍK
FURUFJÖRÐUR
Skorarvatn
SKORARHEIÐI
DRANGA-JÖKULL
HRAFNSFJÖRÐUR
LÓNAFJÖRÐUR
KVÍARFJALL
LEIRUFJÖRÐUR
VEIÐILEYSUFJÖRÐUR
FANNA-FJALL
HESTEYRARFJÖRÐUR
Hesteyri
FLJÓTAVÍK
Látrar
AÐALVÍK
GRÆNAHLÍÐ
GEIRSFJALL
1:250 000
0 1 2 3 4 5

# AUGLÝSING

**um friðlýsingu hellisins Jörundar í Lambahrauni.**

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti hellinn Jörund í Lambahrauni við Hlöðufell. Dropasteinar í hellinum eru þegar friðlýstir með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 120/1974.

Óheimilt er að fara í hellinn án sérstaks leyfis Náttúruverndarráðs, sem getur gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir umferð í leyfisleysi.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Menntamálaráðuneytið, 14. ágúst 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Runólfur Þórarinsson.*

Nr. 334 13. ágúst 1985

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Hafnarfjarðar.**

## 1. RAFORKA.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

### A. Lýsing.

1. Götu- og útilýsing. Af uppsettu afli.
   Aflgjald ............................ 7 780,00 kr/kWa
   Viðhaldsgjald ...................... 9 360,00 kr/kWa
   Gjald samtals ......................18 140,00 kr/kWa

   Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.
   Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
   Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.
2. 4,32 kr/kWh séu lampar ófasviksjafnaðir. Sjá lið 3.4 og 3.5.

### B. Heimilisnotkun.

4,32 kr/kWh til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana.

### C. Vélar.

1. 4,32 kr/kWh til véla.
2. 1,03 kr/kWh og 5 140,00 kr/kWa til véla og fyrir iðnaðarhita eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflsnotkun 30 kW.
3. 6,50 kr/kWh til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.
   Fast gjald ................3 110,00 kr/a

### D. Hitun.

| | | | |
|---|---|---|---|
| D1 | Órofin hitun: | Orkugjald | 2,59 kr/kWh |
| | | Fast gjald | 4 690,00 kr/a |
| D3 | Húshitun m/rofi: | Orkugjald | 0,95 kr/kWh |
| | | Fast gjald | 3 150,00 kr/a |

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru húsnæði.

| | | | |
|---|---|---|---|
| D5 | Næturhiti m/rofi: | Orkugjald | 0,59 kr/kWh |
| | | Fast gjald | 3 150,00 kr/a |

Rjúfa má straum í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00—24:00 við hitun á öðru húsnæði.

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis er hita skal eftir reglum er rafveitan hefur sett.
g) Að raforkan sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breytir henni í hitaorku.
h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar RER um raforkuvirki sbr. gr. nr. 102.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B,C eða E, eftir því sem við á.

### E. Stórnotkun.

1. Öll raforkunotkun, enda sé lágmarksaflsnotkun minnst 200 kW 0,73 kr/kWh og 6 500,00 kr/kWa, eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Sala eftir þessum lið er háð ákvörðun rafveitunendar.

### F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

### G. Mælaleiga.

| | | kr/mánuði |
|---|---|---|
| 1. | Af einfasa mælum | 37,60 |
| 2. | Af þrífasa mælum til og með 80A | 106,20 |
| 3. | Af þrífasa mælum yfir 80A | 156,00 |
| 4. | Af mestaafls mælum | 390,00 |
| 5. | Móttökuliði | 84,60 |

6. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.
Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum C3, D1, D3, og D5.

## 2. HEIMTAUGAGJÖLD.

2.1 Heimtaugargjald skal greiða fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.

2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.3 Aðalheimtaug.
Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

| Málstraumur stofnvara | Jarðstrengur Heimtaugargj. kr. | Loftlínuheimtaug breytt í jarðstr. heimtaug kr. | Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3×63A kr. |
|---|---|---|---|
| 220 V kerfi: | | | |
| 63 A 1-fasa ........ | 22 900 | 6 900 | |
| 63 A 3-fasa ........ | 24 600 | 8 600 | 4 500 |
| 100 A 3-fasa ........ | 33 700 | 10 800 | |
| 200 A 3-fasa ........ | 58 500 | | |
| 300 A 3-fasa ........ | 83 300 | | |
| 380 V kerfi: | | | |
| 63 A 1-fasa ........ | 22 900 | 6 900 | |
| 63 A 3-fasa ........ | 24 700 | 8 600 | 8 700 |
| 100 A 3-fasa ........ | 39 000 | 18 800 | |
| 200 A 3-fasa ........ | 78 400 | | |
| 300 A 3-fasa ........ | 118 000 | | |
| 400 A 3-fasa ........ | 156 300 | | |
| 600 A 3-fasa ........ | 234 900 | | |
| 900 A 3-fasa ........ | 352 900 | | |
| 1200 A 3-fasa ........ | 470 800 | | |

2.4 Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A heimtaug í 380 V kerfi.

2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.
Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.
Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 Bráðabirgðarheimtaugar.
Heimtaugagjöld vegna bráðabirgðarheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur stofnvara | Stofngjald Kr. | Jarðstrengur Kr/m | Lengdargjald Loftlína Kr/stólpa |
|---|---|---|---|
| 63 A 1-fasa ......... | 4 800,00 | 710,00 | 9 000,00 |
| 63 A 3-fasa ......... | 6 700,00 | 710,00 | 10 500,00 |
| 100 A 3-fasa ......... | 7 100,00 | 929,00 | 12 000,00 |

2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.

2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðarheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.13 Ef hluti af bráðabirgðarheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðarheimtaugar.

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörð, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingar skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 770,00. Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 1 670,00.

## 3. ÝMIS ÁKVÆÐI.

3.0 Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 722,00. Ennfremur skal sama gjald tekið, ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef óleyfileg vör eða of stór finnast við skoðun skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 722,00 og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 288,00.

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 2. ágúst 1983, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldaliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að ⅘ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

3.7 Sölugjald 25% og 16% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 41%, eru innifalin í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtum.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 492 27. desember 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 335 21. ágúst 1985

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hitaveita Brautarholts selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og staðfesta reglugerð Hitaveitu Brautarholts.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum sem tengd eru veitukerfi hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunefndar.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir afnot heita vatnsins við það hámarksrennsli sem hemillinn er stilltur á.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitunefnd fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr árinu.

Þar til hemlar hafa verið settir á, og ef hemlar bila, áætlar hitaveitunefnd vatnsnotkunina með hliðsjón af fyrri notkun og/eða stærð og hitaþörf hússins.

Skylt er húseiganda að tilkynna hitaveitunefnd, ef hann breytir hitakerfi í húsi og gæti raskað mælingu um hemil.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir á mánuði:

1. Hemlagjald:
   a) Fyrir hemla allt að ¾" .......... kr. 144,00.
   b) Fyrir hemla 1"—2" .......... kr. 288,00.
2. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils:
   a) Íbúðar- og verslunarhús .......... kr. 144,00.
   b) Sundlaug og iðnaðarhús .......... kr. 96,00.
3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar—mars, 1. apríl.
Fyrir apríl—júní 1. júlí.
Fyrir júní—sept. 1. október.
Fyrir okt.—des. 1. nóvember.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar eða innheimtustofnunar sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 $m^3$ .......... kr. 24 000,00.
Hús 400—2000 $m^3$ .......... kr. 24 000,00
fyrir 400 $m^3$ og kr. 21,00 á hvern rúmm þar fram yfir.
Hús stærri en 2000 $m^3$ .......... kr. 57 600,00
fyrir 2000 $m^3$ og kr. 15,00 á hvern rúmm þar fram yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 3 600,00.

Heimæðagjald er gjaldkræft, þegar tengingu heimæðar er lokið.

8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í hlutfalli við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 400,00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvernær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Skeiðahrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til þess að taka gildi 1. september 1985

og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 197 24. apríl 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 336 12. ágúst 1985

# REGLUGERÐ

## fyrir Vatnsveitu Selfoss.

### A. Stjórnun og rekstur.

1. gr.

**Markmið vatnsveitunnar.**

Vatnsveita Selfoss er eign Selfosskaupstaðar og starfrækt í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Selfosskaupstaðar með aðgreindan fjárhag.

2. gr.

**Verksvið og vatnsveitusvæði.**

Vatnsveita Selfoss aflar vatns til þeirra þarfa er um getur í 1. gr. með því að kaupa það og/eða vinna úr jörðu þar sem hagkvæmast þykir hverju sinni og veitir því vatni sem þannig er aflað um veitukerfi vatnsveitunnar.

Vatnsveita Selfoss hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á köldu vatni innan lögsagnarumdæmis Selfosskaupstaðar og þess nágrennis bæjarins sem bæjarstjórn ákveður og félagsmálaráðherra samþykkir. Vatnsveita Selfoss hefur og einkarétt til nýtingar vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnstöku.

3. gr.

**Stjórn vatnsveitunnar, veitustjóri.**

Yfirstjórn Vatnsveitu Selfoss er í höndum bæjarstjórnar, sem felur stjórn veitustofnana daglegan rekstur, ásamt bæjarstjóra og veitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana og setur bæjarstjórn honum erindisbréf.

Stjórn veitustofnana fer á sama hátt og hér er greint með málefni Raf- og Hitaveitu Selfosskaupstaðar.

Veitustjóri er daglegur framkvæmdastjóri vatnsveitunnar, er jafnframt annast daglegan rekstur Raf- og Hitaveitu Selfosskaupstaðar.

Í stjórn veitustofnana eiga sæti 5 menn kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri, veitustjóri og bæjartæknifræðingur eiga auk þess sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

**Verksvið stjórnar veitustofnana.**

Stjórn veitustofnana hefur á hendi stjórn vatnsveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á vatni, fjárhald og reikningsskil, svo og tillögugerð til bæjarráðs og bæjarstjórnar varðandi fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir hvert komandi ár.

Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand vatnsveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarsjóðs og annarra bæjarfyrirtækja.

Stjórn veitustofnana semur nánari reglur um einstök atriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir vatnsveituna, undirbýr samninga um vatnssölu og -kaup og annast framkvæmdir allra vatnsveitumála kaupstaðarins.

5. gr.

**Verksvið veitustjóra.**

Veitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu svo og reikningshaldi vatnsveitunnar sem unnið er í sameiginlegu bókhaldskerfi bæjarfélagsins; stjórnar eftirliti með öllum lögnum, vatnsbólum og yfirleitt öllu aðveitukerfi og dreifikerfi vatnsveitunnar, þar með talið efni og tæki; sér um afgreiðslu, kaup og sölu á vatni, efni og tækjum er veitan kann að kaupa og/eða selja.

Veitustjóri gerir tillögur til stjórnar veitustofnana um ráðningu fastra starfsmanna til vatnsveitunnar, er síðan staðfestist í bæjarstjórn, en hann hefur þó heimild til að ráða í tímabundin störf.

6. gr.

**Reikningshald og ráðstöfun tekna.**

Vatnsveita Selfoss hefur aðgreindan fjárhag og tekur sjálf við afgreiðslu aukavatnsskatts, en innheimta vatnsskatts og stofngjalds vatnsveitu innheimtist með fasteignagjöldum annars vegar og gatnagerðargjöldum hins vegar og skulu skil á þessum tekjum vatnsveitunnar ákvarðast hverju sinni af bæjarstjórn í fjárhagsáætlunum bæjarsjóðs og vatnsveitunnar. Tekjum vatnsveitunnar skal fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun lagna og annað sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur vatnsveitunnar, en tekjum sem umfram kunna að verða ráðstafar bæjarstjórn.

7. gr.

**Tekjur vatnsveitunnar.**

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal innheimta vatnsskatt af fasteignum og skal skatturinn ákvarðaður í gjaldskrá vatnsveitunnar.

Vatnsskatt skal innheimta af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við götu eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja. Nú er hús, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður þá vatnsveitan skattinn.

Aukavatnsskatt má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra er nota vatn til annars en heimilisþarfa.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun og ákveður bæjarstjórn gjaldið fyrir hvern $m^3$ í gjaldskrá vatnsveitunnar.

Nú er vatn notað án mælis, þar sem svo hagar til sem í 3. mgr. segir og skal þá vatnsveitan ákveða aukavatnsskatt samkvæmt áætlaðri notkun.

Nú sættir húseigandi og/eða vatnsnotandi sig eigi við ákvörðun vatnsveitunnar á aukavatnsskatti, og getur hann þá krafist þess að vatnsnotkun verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitunnar og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákveðinn hlutfallslega við útkomu þeirrar mælingar.

8. gr.

**Um gjaldskrá.**

Um gjöld og innheimtu vatnsskatts skal setja í sérstaka reglugerð um „niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Selfossi“ sem bæjarstjórn samþykkir og félagsmálaráðherra staðfestir.

9. gr.
**Vatnslindir.**

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með jarðraski eða mannvirkjagerð.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neysluvatns.

10. gr.
**Skemmdir.**

Hver sá er veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar eða á annan hátt bakar henni skaða skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

11. gr.
**Landsafnot.**

Skylt er manni að láta af hendi land sitt, landafnot og mannvirki í þágu vatnsveitunnar og þola þær kvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem slíkt kann að hafa í för með sér enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef samkomulag næst eigi.

12. gr.
**Vatnsnot, heimæðar og brunahanar.**

Hver sá er á húseign við götu eða veg sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni, á eigin kostnað, við húsið, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa. Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar nema að fengnu leyfi veitustjóra. Veitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir að götuæðar þær sem fyrir eru geti ekki séð atvinnufyrirtæki eða öðrum, sem óskar eftir vatni til annarra þarfa en heimilis, fyrir nægjanlegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði stjórnar veitustofnana.

Vatnsveitan skal á eigin kostnað koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra.

Engum einstaklingi né fyrirtæki er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar án leyfis veitustjóra.

13. gr.
**Heimæðar.**

Vatnsveitan lætur leggja vatnsleiðslur, aðalæðar, götuæðar og heimæðar að lóðamörkum. Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunnar. Allar vatnsæðar frá lóðamörkum að húsi og í því eru eign húseiganda og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi. Að jafnaði fær hvert hús leyfi fyrir einni heimæð. Óski húseigandi eftir fleiri heimæðum ber honum að sækja sérstaklega um það til vatnsveitunnar. Óheimilt er að tengja saman húsæðakerfi við tvær eða fleiri heimæðar. Vatnsveitan getur ákveðið að fleiri en eitt hús séu tengd sömu heimæð og gefur þá fyrirmæli um vídd og legu æðarinnar. Hún getur ákveðið hvernig skipt skuli kostnaði við slíkar framkvæmdir ef aðilar verða ekki

ásáttir um slíkt. Óski húseigandi að tengja við gamla heimæð skal fá leyfi til þess bæði hjá eiganda heimæðarinnar og vatnsveitunni. Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús að þau séu fokheld og upphituð.

Húseiganda ber skylda til að halda við vatnslögnum sínum á eigin kostnað og láta gera við leka þegar hans verður vart. Þótt leka hafi ekki orðið vart getur vatnsveitan, ef hún telur brýna þörf á, lagt fyrir húseiganda að endurnýja vatnslagnir sínar að nokkru eða öllu leyti. Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Heimæðar eru ekki lagðar ef frost er í jörð. Húseiganda ber skylda til að ganga þannig frá tengistað á lóðamörkum að unnt sé að loka fyrir ef nauðsyn krefur.

14. gr.

**Umsóknir um heimæðar, uppdrættir.**

Hver sá er vill komast í samband við vatnsveituæð skal senda vatnsveitunni skriflega umsókn þar um. Umsóknir skulu skrifaðar á eyðublöð sem fást hjá veitustjóra. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, sé um að ræða annað en venjulega heimilisnotkun.

Uppdráttur í mælikvarða 1:100 skal gerður af þar til hæfum manni er hlotið hefur til þess löggildingu bæjarstjórnar. Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðunni skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað. Álíti vatnsveitan nauðsyn á að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir skulu þeir látnir í té. Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum sem breyta á, getur vatnsveitan krafist þess að þeir séu gerðir og ber húseigandi allan kostnað af því. Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt skal á hann færð áritun um það.

Sé skipt um pípulagningameistara meðan á verki stendur skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma verkið vegna leiðslna eða annars sem kann að vera því til fyrirstöðu.

15. gr.

**Pípulagningameistarar.**

Pípulagningameistarar löggiltir af bæjarstjórn hafa einir rétt til að annast vatnslagnir, og gildir það um nýlagnir jafnt sem viðbætur við eða breytingar á eldri vatnslögnum. Þeir bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt. Ef pípulagningameistari brýtur í bága við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglna settra samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitan veitt honum áminningu. Ennfremur má svipta hann löggildingu ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

16. gr.

**Eftirlit.**

Eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa skal vera í höndum byggingarfulltrúa.

17. gr.
**Eftirlitsmaður.**

Eftirlitsmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna þar sem vatnsæðar liggja, til þess að athuga þær og tæki þau sem eru sett í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant skal húseigandi tafarlaust bæta úr því.

Heimilt er vatnsveitunni að loka vatnsæðum fyrir þeim sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber einnig að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

18. gr.
**Rekstrartruflanir, vatnstakmörkun.**

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Veitustjóri getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun og jafnvel lokað fyrir vatn í ákveðinn tíma í senn á vissum svæðum vatnsveitukerfisins eftir ástæðum, til þess að tryggja fyrirtækjum, sem ekki geta án vatns verið, nægilegt vatn og til þess að tryggja þeim neytendum vatn, sem annars kynnu að verða útundan um vatnsnot vissan tíma í senn.

Ætíð skulu slíkar aðgerðir auglýstar með svo rúmum fyrirvara sem auðið er.

19. gr.
**Mælar og viðhald þeirra.**

Þegar vatn er selt samkvæmt mæli (sbr. 7. gr.), sér vatnsveitan um viðhald mælisins að því er snertir eðlilegt slit, en allar skemmdir af mannavöldum og frostum ber húseiganda að bæta. Ef maður rýfur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnsveitan er eigandi mælisins og greiðir húseigandi fyrir afnot hans endurgjald er bæjarstjórn ákveður. Lögn vatnsæða innanhúss á jafnan að vera þannig háttað að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi.

Vatnsveitan ákveður stærð og gerð mælis í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað.

Húseiganda ber að tilkynna vatnsveitunni tafarlaust bilanir.

20. gr.
**Vatnsdælur.**

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum. Vatnsveitan getur krafist þess að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar hávaða frá dælu.

21. gr.
**Tengingar.**

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd að eigi sé hætta á að vatnið í æðunum óhreinkist.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennslisstút.

Ennfremur er óheimil öll meðferð vatnstækja sem valdið geta óhreinkun á vatni í vatnsveituæð eða heimæð.

22. gr.

**Nánari reglur og undanþágur.**

Bæjarstjórn getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágu frá reglunum ef hún telur gildar ástæður til slíks.

23. gr.

**Brot og staðfesting.**

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 20 000,00 — tuttugu þúsund 00/100 — nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfosskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sama efni nr. 666 frá 23. desember 1980.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

8. ágúst 1985 Nr. 337

# GJALDSKRÁ

**fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.**

I. KAFLI

1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja og hitafletir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 51,00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Fjarhituninni er heimilt að selja afnot hitaorkunnar á grundvelli varmamagnsmælingar.

Skal notkunargjaldið þá vera 1,12 kr/kWh miðað við hitafall 40° C.

Sé hitafallið minna en 40° C er fjarhituninni heimilt að hækka notkunargjaldið til samræmis við aukningu á stofn- og rekstrarkostnaði.

5. gr.

Þegar afnot af fjarhituninni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Fjarhitun leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra:

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

| | Kr. |
|---|---|
| a) Fyrir mæla allt að ¾″ | 289,00 |
| b) Fyrir mæla allt að 2″ | 578,00 |
| c) Fyrir mæla allt að 3″ | 1 156,00 |

d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimtir Rafveita Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustöðu skal getið á reikningi eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru fjarhituninni, skal greiða heimæðagjald. Heimæðagjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss m³ (utanmál) | Heimæðagjald Kr. |
|---|---|
| Allt að 400 | 47 400,00 |
| 400 að 2000 | 47 400,00 fyrir 400 m³ + 37,80 kr/m³ þar yfir |
| 2 000 að 6 000 | 107 700,00 fyrir 2 000 m³ + 32,00 kr/m³ þar yfir |
| 6 000 að 10 000 | 236 100,00 fyrir 6 000 m³ + 28,50 kr/m³ þar yfir |
| Meira en 10 000 | 350 200,00 fyrir 10 000 m³ + 24,70 kr/m³ þar yfir |

Heimæðagjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

| | Kr. |
|---|---|
| a) Fyrir mæli allt að ¾″ | 7 130,00 |
| b) Fyrir mæli allt að 2″ | 14 260,00 |
| c) Fyrir mæli allt að 3″ | 28 510,00 |

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Fjarhituninni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á bæjarskrifstofunum í Vestmannaeyjum eða skrifstofu Rafveitu Vestmannaeyja.

## IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Fjarhitun hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er og að loka vatnsrennsli að húsi, sem vangreidd eru af gjöld.

Lokun skal tilkynnt með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 576,00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigluðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

## V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 112, 28. febrúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 8. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# REGLUGERÐ

**um hámarksfjölda leigubifreiða til sendibifreiðaaksturs á félagssvæði Jaka, félags sendibifreiðastjóra í Vestmannaeyjum.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Jaka, félags sendibifreiðastjóra í Vestmannaeyjum.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til sendibifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 4. sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Jaka, félags sendibifreiðastjóra og bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

3. gr.

Það telst leiguakstur þegar sendibifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar sem flutt er.

Sendibifreiðar félagsins skulu auðkenndar með sérstöku merki.

4. gr.

Verði leigubifreiðar færri en fjórar skal þeim fjölgað í þá tölu aftur samkvæmt umsóknum sem teknar skulu til greina eftir lengd biðtíma og tímaröð.

Hafi maður sem fengið hefur inngöngu í félagið ekki eignast sendibifreið og hafið leiguakstur á henni innan fjögurra mánaða frá inntöku hans í félagið falla félagsréttindi hans sjálfkrafa niður.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendibifreiða sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Sigurður Skúli Bergsson.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári í nóvember enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil .......... kr. 1 630,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli .......... kr. 81,00
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mín.l til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

| Stærð húss | | Stofngjald |
|---|---|---|
| 250 $m^3$ | kr. | 39 600,00 |
| 251— 500 $m^3$ | kr. | 39 600,00 + 94,80 kr/$m^3$ yfir 250$m^3$ |
| 501—1500 $m^3$ | kr. | 63 300,00 + 55,40 kr/$m^3$ yfir 500$m^3$ |
| 1501—6000 $m^3$ | kr. | 118 700,00 + 35,60 kr/$m^3$ yfir 1500$m^3$ |
| 6000 $m^3$ | kr. | 279 000,00 + 27,90 kr/$m^3$ yfir 6000$m^3$ |

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ........... kr. 27 800,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ........................................ kr. 1 630,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 214 23. maí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

22. ágúst 1985 Nr. 340

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Rangæinga.**

1. gr.

Hitaveita Rangæinga selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja rennslismæli ásamt hemlum, sem takmarka hámarksrennsli við inntak og miðast gjald hitaveitunnar við mælt vatnsrennsli um mælinn. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að selja vatn á veitusvæði hitaveitunnar samkvæmt mælum eða hemlum eða báðum kerfunum saman. Stjórn hitaveitunnar er heimilt að breyta kerfum einstakra húsa, enda sé slík breyting tilkynnt húseiganda með minnst 14 daga fyrirvara og gerð á kostnað hitaveitunnar.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Ef selt er vatn samkvæmt hámarksstillingu hemils verður stillingu hemils að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveituna. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt rennslismæli fyrir hvern rúmmetra vatns .......... kr. 57,00

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Vatn um hemil er selt sem margfeldi af 0,5 mínútulítrum þó aldrei minna en 2,0 mínútulítrar.

Minnsta vatnsmagn sem selt er um hemil er fyrir íbúðar-, og skrifstofuhúsnæði 0,7 l/mín. fyrir hverja 100 $m^3$, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,4 l/mín. fyrir hverja 100 $m^3$.

Fyrir vatn sem selt er um hemil greiðast .......... kr. 1 300,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr. getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun innheimtist fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði eftirfarandi fastagjald:

a) Fyrir mæla til og með ¾″ .......... kr. 222,00
b) Fyrir mæla 1″ til 2″ .......... kr. 444,00
c) Fyrir mæla 3″ eða stærri .......... kr. 888,00

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. verða krafin mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári, en notkun þess á milli áætluð.

Þó er heimilt að fækka eða fjölga álestrum og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald .......... kr. 263,00

7. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

8. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir hús allt að 400 $m^3$ | kr. | 78 500,00 |
| Fyrir hús stærri en 400 $m^3$ | kr. | 78 500,00 |
| að viðbættum | kr. | 60,00 |

fyrir hvern rúmmetra umfram 400.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er að hluta reiknast ekki heimæðagjald af þeim hluta húss sem ekki er hitaður.

Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar samkvæmt reikningi eða samningi og fella niður heimæðagjald.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða ........ kr. 5 233,00
í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

Óski notandi sem hefur mæli/hemil að breyta og fá í staðinn hemil/mæli skal greiða ........ kr. 1 296,00
fyrir breytinguna.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ........ kr. 393,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Rangæinga er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 134 21. mars 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 559 21. júlí 1983 um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Falli aðflutningsgjöld í eindaga með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar þau féllu í eindaga skv. 1. mgr. og dráttarvextir jafnframt innheimtir. Dráttarvextir skulu reiknaðir af aðflutningsgjöldum eins og þau eru ákveðin samkvæmt þessari málsgrein talið frá og með eindaga og þar til þau eru að fullu greidd og skulu vera sömu dráttarvextir og heimilt er að áskilja skv. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma í skuldaskiptum utan innlánastofnana þar sem formlegir lánssamningar eða viðskiptaskilmálar eru ekki fyrir hendi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og lögum nr. 47/1960, um tollvörugeymslur o. fl., og öðlast gildi frá og með 1. september 1985.

*Fjármálaráðuneytið, 12. ágúst 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Bjarnveig Eiríksdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um takmarkanir á veiðum smábáta 2. september 1985 til 31. desember 1985.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 2. september 1985 til 31. desember 1985 eru fiskveiðar, aðrar en síldveiðar, báta undir 10 brl. bannaðar eftirgreind tímabil:

A. Frá og með 21. september til og með 3. október.
B. Frá og með 25. október til og með 31. október.
C. Frá og með 16. nóvember til og með 31. desember.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með áorðnum breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi 3. gr. reglugerðar nr. 210 20. maí 1985 um takmarkanir á veiðum smábáta 24. maí til 30. desember 1985 og bann við netaveiðum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. ágúst 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

# REGLUGERÐ

**um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Eskifjarðar.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílastjórafélags Eskifjarðar en starfssvæði þess er innan takmarka Eskifjarðarbæjar.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við töluna 9, þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Eskifjarðar, bæjarstjórnar Eskifjarðar og Vinnuveitendasambands Íslands.

3. gr.

Það telst leiguakstur þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar með sérstöku merki.

4. gr.

Verði leigubifreiðar færri en níu skal þeim fjölgað í þá tölu aftur samkvæmt umsóknum sem teknar skulu til greina eftir lengd biðtíma og tímaröð.

Hafi maður sem fengið hefur inngöngu í félagið ekki eignast vörubifreið og hafið leiguakstur á henni innan fjögurra mánaða frá inntöku hans í félagið falla félagsréttindi hans sjálfkrafa niður.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendibifreiða. Ennfremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 15. ágúst 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Sigurður Skúli Bergsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 33 — 1985

11. september 1985 643 Nr. 344

# REGLUGERÐ

**um jarðrækt.**

## I. KAFLI

**Um stjórn ræktunarmála.**

1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands, sem stjórnað er af 3 manna stjórn, sem kosin er af Búnaðarþingi, hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem ríkisframlag er veitt til samkvæmt jarðræktarlögum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Um kosningarétt og kjörgengi til Búnaðarþings, tölu fulltrúa, kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag innan hvers kjördæmis fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin með lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð jarðræktunarráðunauta félagsins, héraðsráðunauta og trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands undir yfirstjórn félagsstjórnarinnar.

4. gr.

Héraðsráðunautar í jarðrækt og bútækni skulu vera svo margir sem nauðsyn krefur, að dómi Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og starfssvæði. Með sama skilorði er tveim eða fleiri búnaðarsamböndum heimilt að ráða til sín ráðunauta til sameiginlegra starfa. Verkefni héraðsráðunauta í jarðrækt skulu vera meðal annars, að:

a. veita bændum og öðrum, er jarðtækt stunda, aðstoð við að undirbúa ræktunarframkvæmdir og gera áætlanir um þær;
b. leiðbeina um meðferð og notkun áburðar, á grundvelli jarðvegsrannsókna og áburðartilrauna;
c. leiðbeina mönnum þeim, er vinna í umferðarvinnu að ræktunarframkvæmdum, sem framlag er greitt til samkvæmt jarðræktarlögum.

Verkefni héraðsráðunauta í bútækni skulu vera meðal annars, að:

a. leiðbeina um kaup, meðferð og viðhald búvéla.
b. leiðbeina um gerð útihúsa, sérstaklega hvað varðar vinnutilhögun og tæknibúnað.

Heimilt er að fela sama manni að gegna ráðunautarstarfi bæði við jarðrækt og búfjárrækt, enda fær hann þá greidd laun að jöfnu frá hvorri búgrein. Héraðsráðunautar (í

jarðrækt eða búfjárrækt) skulu vera framkvæmdastjórar búnaðarsambandanna og hafa á hendi leiðbeiningar og eftirlit með ræktunarframkvæmdum, hver á sínu sambandssvæði í þeim greinum, er reglugerð þessi nær yfir. Héraðsráðunautar skulu árlega skila starfsskýrslum.

Stjórnir búnaðarsambandanna skulu semja starfsáætlun fyrir komandi ár. Áætlanir þessar ásamt starfsskýrslum héraðsráðunautanna skulu hafa borist Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. febrúar ár hvert til umsagnar og staðfestingar.

Í Vestmannaeyjum og Grímsey er heimilt að ráða sérstaka trúnaðarmenn, og í þeim búnaðarsamböndum, þar sem héraðsráðunautar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, komast ekki yfir verkefni sín, svo sem úttekt jarðabóta, skal heimilt að ráða aðstoðarmenn, enda samþykki landbúnaðarráðherra tölu þeirra og launakjör að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Kostnaður við framkvæmd reglugerðar þessarar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Ríkissjóður greiðir búnaðarsamböndunum 65% af launum héraðsráðunauta, aðstoðarmanna og trúnaðarmanna. Hluti ríkissjóðs í launum héraðsráðunauta fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna. Ríkissjóður greiði allt að 65% af ferðakostnaði héraðsráðunauta samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Héraðsráðunautar skulu halda akstursbók í þríriti og vinnudagbók, þar sem gerð sé grein fyrir, hvað unnið er dag hvern á ferðalögum.

6. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að búnaðarfélag nái yfir stærra svæði en einn hrepp, ennfremur að tvö búnaðarfélög séu í sama hreppi eða einstakir menn séu í búnaðarfélagi annars hrepps, ef sérstakar landfræðilegar ástæður eru fyrir hendi, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands slík frávik.

Hreppabúnaðarfélögum er skylt að vera í búnaðarsambandi viðkomandi héraðs.

Stjórnum búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda til búnaðarsambandanna. Búnaðarsamböndin skulu fyrir lok hvers árs senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslur um jarðræktarframkvæmdir innan síns umdæmis ásamt afriti af reikningum sínum næst liðins árs.

Á meðan framlag ríkisins samkvæmt reglugerð þessari er ekki greitt sama ár og úttekt fer fram, greiðist það í þeirri röð, sem úttektarskýrslur berast, að því tilskildu, að kvittanir fyrir fyrra árs framlagi hafi borist Búnaðarfélagi Íslands.

Fullnaðar úttektarskýrsla yfir jarða- og húsabætur skal hafa borist til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. nóvember ár hvert, ef fé er veitt til framlaga á sama ári og þær eru unnar.

Hver sá, er njóta vill ríkisframlags samkvæmt reglugerð þessari, skal vera félagsmaður í búnaðarfélagi byggðarlagsins, enda uppfylli hann þau skilyrði að hafa búrekstur með höndum á jörð eða jarðahluta og eiga lögheimili á félagssvæðinu. Búnaðarfélag Íslands sker úr um það, hvað telja beri búrekstur, leiki á því vafi.

7. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta ná til:

a. allra jarðeigna í landinu, er teljast lögbýli samkvæmt skilgreiningu ábúðarlaga nr. 64, 31. maí 1976, I. kafla 1. gr., að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum, er liggja innan skipulagssvæða kaupstaða, kauptúna, sjávar- og sveitaþorpa;

b. býla sem stofnuð eru samkvæmt jarðalögum nr. 65 31. maí 1976 með síðari breytingum;
c. allra ræktunarlóða í kaupstöðum, kauptúnum, sjávar- og sveitaþorpum, sem liggja utan takmarka skipulags byggingarlóða;
d. félagsbundinna ræktunarframkvæmda, sem gerðar eru í þeim tilgangi að efla fóðurframleiðslu í landinu og koma á fót eða efla sjálfstæðan búrekstur í sveit og við sjó, þar með talin bú, er bæjarfélög reka vegna nauðsynja bæjarins.

8. gr.

Ræktað land telst: tún, matjurtagarðar, akrar og véltæk og framræst áveituengi, sem liggja utan skipulagssvæða byggingarlóða í kaupstöðum, kauptúnum og sjávar- og sveitaþorpum.

Nú þykir nauðsynlegt að láta af hendi ræktað land til almennra þarfa, og skal þá ávallt leita umsagnar héraðsráðunautar, en að henni fenginni skal málið lagt fyrir bæjar- eða sveitarstjórn til fullnaðarúrskurðar.

9. gr.

Vegagerð og línulagnir um ræktanlegt land skulu háðar þessum takmörkunum:

1. Þegar vegir eða línur eru lagðar um ræktað land, skal þess ávallt gætt að skerða ræktunina sem minnst og að verkið valdi eigi öðrum óþægindum við notkun landsins en þeim, er ekki verður hjá komist, og skal þá ávallt leita álits héraðsráðunautar hér um.
2. Vega- og línustæði um ræktanlegt land séu valin þannig og þess gætt við lagningu, að það torveldi sem minnst framræslu landsins og notkun til ræktunar. Að öðru jöfnu skal þess ávallt gætt, að skurðir með vegum geti komið að sem bestum notum við þurrkun landsins. Skal, þar sem svo stendur á, undirbúningi verksins hagað í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands eða héraðsráðunaut.

   Þegar raflínur eða símalínur eru lagðar í jörð á ræktuðu eða ræktanlegu landi, skal línueigandi hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um það, hvar línan er lögð, svo að staðsetning hennar geti verið sem haganlegust. Þegar línan hefur verið lögð, skal eigandi hennar láta merkja legu hennar ofan jarðar og afhenda oddvita eða sveitarstjóra uppdrátt af línustæðinu og upplýsingar um, hvernig það hefur verið merkt. Uppdrátturinn skal vera í tveimur eintökum, og heldur oddviti eða sveitarstjóri öðru, en afhendir umráðamanni lands hitt eintakið. Hafi þetta ekki verið gert, er eigi skylt að bæta línueiganda tjón, er verða kann á línu vegna ræktunarframkvæmda síðar.

   Þegar ræktunarframkvæmdir standa fyrir dyrum á landi, þar sem raflínur eða símalínur liggja í jörð, skal umráðamaður lands snúa sér til ræktunarráðunautar, sem athugi á kortinu afstöðu til línanna, hvort hætta sé á, að ræktunarframkvæmdir kunni að koma of nærri línum og skemma þær, og ef svo er, skal hann tilkynni það línueiganda strax og framkvæmd er áætluð. Skal línueigandi þá senda fulltrúa til að athuga alla aðstöðu á staðnum, eins fljótt og unnt er, og hafa samráð við ræktunarráðunaut og umráðamann lands um ráðstafanir til þess að komast hjá tjóni á línunni. Skal línueigandi bera eðlilegan kostnað við þær ráðstafanir. Náist ekki samkomulag um ráðstafanir eða kostnað við þær, sker gerðardómur úr. Reynist nauðsynlegt að dómi héraðsráðunautar eða ráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að breyta, dýpka eða gera nýtt vegræsi vegna framræslu lands, skal kostnaður sá er af því leiðir greiddur af vegagerðaraðila (ríki, sýslu eða einstaklingi) að ¾ hlutum.
3. Vegagerðaraðilar og aðrir, sem standa fyrir mannvirkjagerð, skulu haga framkvæmdum sínum þannig, að gróðri eða ræktanlegu landi sé ekki spillt að óþörfu og að af framkvæmdum stafi eigi eyðingarhætta af völdum jarðrasks, landbrots eða því um líku. Ennfremur skal lagfæra yfirborð landsins og dreifa grasfræi og áburði í sár þau, er myndast vegna framkvæmdanna, og skila landinu fullgræddu. Náist eigi samkomulag

milli hlutaðeigandi aðila um framangreind atriði, sker gerðardómur skipaður þremur mönnum úr ágreiningi. Sé einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, annar af hlutaðeigandi ráðuneyti, en oddamann tilnefnir sýslumaður í þeirri sýslu, þar sem ágreiningur hefur orðið.

## II. KAFLI
## Um ríkisframlag til jarðræktar og húsabóta.

10. gr.

Þeir sem vinna eftirtaldar jarða- og húsabætur á árunum 1985 og 1986 eiga rétt til framlags úr ríkissjóði vegna þeirra samkvæmt þeim reglum, sem hér fara á eftir:

Stærðarmörk framkvæmda miðast við jörð eða lögbýli, sem setið er af einum ábúanda, eða rétt hvers ábúanda þar sem um félagsbú er að ræða, sem viðurkennd eru af landnámsstjórn eða af landbúnaðarráðuneytinu samkvæmt ákvæðum jarðalaga. Nú nytjar sami ábúandi fleiri jarðir og gilda þá stærðarmörkin um samanlagðar byggingar eða ræktun jarðanna. Framlög eru ekki veitt vegna framkvæmda umfram tilgreind stærðarmörk.

**Réttur til framlaga er sem hér greinir:**

**I. Undirbúningur jarðræktar.**

1. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.
2. Framræsla vegna endurræktunar, þar með talin hreinsun og dýpkun skurða, 70% kostnaðar. Heildarframlag ríkissjóðs samkvæmt töluliðum 1 og 2 skal miðast við að á árunum 1985 og 1986 séu ekki grafnir meira en 7,0 millj. $m^3$ af skurðum, þar af að hámarki 6,0 millj. $m^3$ á árinu 1985 og ekki gerðir meira en 1200 km af plógræsum og miðast framlögin við þær framkvæmdir. Framræsla vegna endurræktunar gengur fyrir samkvæmt töluliðum 1 og 2, reynist framræsluþörf meiri en hámark heimilar. Heimilt er að taka tillit til túnstærðar og þarfar fyrir fóður handa þeim bústofni, sem er í samræmi við búmark á viðkomandi jörð, ef takmarka þarf framræslu í samræmi við framanritað.
3. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi, 50 kr. pr. m.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræslu á árinu 1986 og fyrir 1. des. 1985 senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og rökstuddar áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, er þeir telja nauðsynlega á hverri jörð á næsta ári.

Búnaðarfélag Íslands gerir síðan áætlun um hversu mikið skuli vinna á hverju ræktunarsvæði á næsta ári og annast þann undirbúning, sem þarf til þess að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

Þegar nauðsynlegum undirbúningi er lokið, skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. mars 1986. Að öðru leyti gilda eftirfarandi ákvæði um útboð og framkvæmd framræslu: Ákvæðisvinna skal við höfð, þar sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis, sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, og ákveður ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktaki skuli setja, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra.

Ræktunarsambönd geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft. Á þeim svæðum, þar sem ræktunarsamböndin sjálf annast framræsluna, ákveður Búnaðarfélag Íslands taxta þeirra hverju sinni fyrirfram, eftir að almenn útboð á framræslu hafa farið fram. Berist engin

tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum.

Bændur sem láta aðra en samþykkta verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálft framlag vegna skurðanna.

Allir sem annast skurðgröft, skulu skyldir til að sjá um nauðsynlegar sprengingar berghafta, sem kunna að vera í skurðum, og skal það tekið fram í útboði.

**II. Jarðrækt.**

1. Nýræktun túna á þurrkuðu mýrlendi .................. kr. 12 000,00 á ha.
2. Nýræktun túna á þurrlendi .......................... kr. 8 000,00 á ha.
3. Endurræktun túna á þurrkuðu mýrlendi ............... kr. 12 000,00 á ha.
4. Endurræktun túna á þurrlendi ....................... kr. 8 000,00 á ha.

Ekki er heimilt að taka út sem styrkhæfa endurræktun túna, sem túnþökur hafa verið skornar af til sölu.

5. Korn- og fræakrar kr. 4 000,00 á ha. Framlag skv. þessum tölulið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðja.

6. Grænfóðurrækt kr. 4 000,00 á hvern ha.

Framlag skv. þessum tölulið er bundið því að um sé að ræða ræktun til þess að bæta úr fóðurskorti vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Ennfremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist. Nú telur bóndi eða bændur á ákveðnu landssvæði að um svo mikið kal sé að ræða eða önnur ræktunaráföll hafi orðið þannig að þeim sé nauðsynlegt að rækta grænfóður til að fyrirbyggja fóðurskort og skulu þeir þá tilkynna það viðkomandi héraðsráðunautum, eða ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í jarðrækt svo fljótt sem tök eru á og eigi síðar en 15. júní. Jarðræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal meta hvort og þá hve mikillar grænfóðurræktar er þörf, og ákvarðar það mat rétt til framlags. Matið skal fara fram eigi síðar en 10 dögum eftir að staðfest ósk hefur um það borist Búnaðarfélagi Íslands.

**III. Grjótnám úr ræktunarlandi,** þar sem grjót er ekki seljanlegt kr. 65,00 á m$^3$.

**IV. Girðingar um ræktunarlönd,** fullgildar, með föstum horn- og hliðstólpum kr. 10,00 á m.

Framlag má aðeins veita á nýjar, fullgildar girðingar skv. ákvæðum girðingarlaga sem settar eru upp í kringum tún, grænfóðurakra, korn- eða fræakra eða ræktanleg lönd, sem að dómi héraðsráðunautar er þörf fyrir að tekin verði til ræktunar næstu 5 árin.

**V. Áburðargeymslur.**

Framlag á alsteypt áburðarhús og áburðarkjallara er 350,00 kr. á m$^3$. Framlög til áburðargeymslna eru bundin eftirfarandi hámarki:

| | |
|---|---|
| Fjós fyrir 30 mjólkurkýr með ungviði til undaneldis, allt að 20 ........ | 22 m$^3$ á kú |
| Fjárhús fyrir 500 kindur ........ | 2,2 m$^3$ á kind |
| Hænsnahús fyrir 3200 varphænur ........ | 10 m$^3$ á 100 hænur |
| Svínahús fyrir 24 gyltur með tilsvarandi aðstöðu til uppeldis ........ | 22 m$^3$ á gyltu |

**VI. Hey- og garðávaxtageymslur og verkfærageymslur.**

1. Votheyshlöður úr varanlegu efni kr. 400,00 á m$^3$. Eigi skal veita framlag á meira rými í flatgryfju en 1700 m$^3$ og eigi meira á votheysturn en 850 m$^3$ á býli.
2. Þurrheyshlöður úr varanlegu efni með súgþurrkunarkerfi kr. 600,00 á hvern fermetra gólfflatar í hlöðunni. Aðeins er veitt framlag vegna þeirra hlaða sem eru með súgþurrkunarkerfi sem viðurkennt er af Búnaðarfélagi Íslands. Framlag veitist eigi á gólfflöt umfram 350 m$^2$.

Frá styrkhæfu hlöðurými skv. töluliðum 1 og 2 skal draga hlöðurými, sem tekið hefur verið út sem styrkhæft á viðkomandi jörð næstliðin 10 ár. Skal þá hver $m^2$ í þurrheyshlöðu lagður að jöfnu við 5 $m^3$ í flatgryfju og 2,5 $m^3$ í votheysturni. 2 $m^3$ í flatgryfju skulu lagðir að jöfnu við hvern $m^3$ í turni.

3. Súgþurrkunarblásari við þurrheyshlöðu og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í því skyni. Framlag nemur 40% af innkaupsverði tækja og búnaðar, þó eigi hærri upphæð en nemur 40% af meðalkostnaði við búnað þennan, sem Búnaðarfélag Íslands metur við hæfi í 350 $m^2$ súgþurrkunarhlöðu.
4. Kælivél, blásari og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í því skyni að koma kælikerfi í garðávaxtageymslu. Framlag nemur 40% af innkaupsverði tækja og búnaðar, þó eigi hærri upphæð en nemur 40% af meðalkostnaði við búnað þennan, sem Búnaðarfélag Íslands metur við hæfi í 200 $m^2$ garðávaxtageymslu.
5. Garðávaxtageymslur úr varanlegu efni, með viðeigandi loftræstibúnaði kr. 600 á hvern $m^2$ af flatarmáli byggingar. Framlag er eigi veitt á gólfflöt umfram 200 $m^2$ á býli.
6. Verkfærageymslur úr varanlegu efni kr. 200,00 á hvern fermetra byggingar. Framlag er eigi veitt á gólfflöt umfram 130 $m^2$ á býli.

**VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa.**

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að framkvæmdir fari eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir. Framlag greiðist aðeins til lögbýla og á vatnsveitur sem lagðar eru vegna íbúðarhúsa og vegna búskapar sem stundaður er á býlinu.

**VIII. Kölkun túna.**

Þar sem rannsóknir hafa að dómi jarðræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að kölkunar túna sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

**IX. Uppeldishús á garðyrkjubýlum.**

1. Til uppeldisgróðurhúsa með lýsibúnaði. Framlag kr. 1 250,00 á hvern fermetra byggingar, sem er með lýsingu, allt að 150 $m^2$ flatarmáli á býli.
2. Til lýsingar í eldri gróðurhúsum nemur framlag kr. 250 00, á hvern fermetra, sem lýstur er, allt að $150^2$ að flatarmáli á býli.

Lýsibúnaður skv. töluliðum 1 og 2 þarf að uppfylla kröfu um ljósmagn a. m. k. 3000 lux á fermetra.

**X. Loðdýrahús.**

Framlag skal nema 30% af áætluðu kostnaðarverði loðdýrahúss, þ. e. áburðargeymslu og loðdýraskála án innréttinga. Miða skal við matsverð byggingastofnunar landbúnaðarins á staðalhúsi sömu gerðar. Eigi er veitt framlag á gólfflöt umfram 600 $m^2$ á býli.

Heimilt er að skipta greiðslu framlags á tvö ár.

**XI. Ræktun skjólbelta.**

Framlag má nema allt að 75% kostnaðar við kaup á trjáplöntum í skjólbelti og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar, þó ekki hærri upphæð en 55% af kostnaði við gerð staðalskjólbeltis af sömu lengd samkvæmt áætlun Skógræktar ríkisins.

11. gr.

Eftirfarandi skilyrðum þarf að vera fullnægt, til þess að heimilt sé að taka út og greiða framlag til jarðræktar og húsabóta þeirra, er um getur í 10. gr.

Allar framkvæmdir, er um getur í 10. gr., skulu gerðar eftir áætlun eða í samráði við þá leiðbeinendur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Þeir sem hyggjast ráðast í byggingarframkvæmdir skv. V., VI., IX. og X.lið 10. gr. og fá þær metnar sem styrkhæfar á árinu 1986, skulu senda Búnaðarfélagi Íslands umsókn um framlag fyrir 1. des. 1985, ásamt áætlun um hina fyrirhugðu framkvæmd.

Byggingar skulu gerðar eftir teikningum, er Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands hafa viðurkennt. Við úttekt bygginga skal úttektarmaður fullvissa sig um að byggingin sé reist með samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda og fullnægi kröfum byggingarreglugerðar.

Byggingar skulu fullfrágengnar, þegar úttekt fer fram. Við úttekt skal miða við utanmál allra bygginga.

**I. Undirbúningur ræktunar.**

Framlag til vélgrafinna skurða skal því aðeins greitt að fullnægt sé ákvæðum 17.—18. gr. reglugerðar þessarar. Hver einstakur skurður skal hafa legu og dýpt, er fullnægir hlutverki hans í framræslunni.

Skurðurinn skal vera hreinn, þ. e. ekki liggja hnausar eða stórir steinar í skurðbotninum, er geti orsakað stærri eða minni stíflur, sem leiði til þess, að skurðbotninn aflagist eða grói upp um skör fram. Berghöft skulu hafa verið sprengd á fullnægjandi hátt og hreinsuð burt. Við gröft skal gæta þess að leggja uppgröft úr skurðum nægilega langt frá skurðbakka og sé minnsta fjarlægð frá bakka aldrei minni en 1,50 m.

Skurðfláa skal hagað eftir aðstæðum, en hann sé þó aldrei minni en 1: ¾.

Ávallt skal mæla fyrir skurðum og grafa eftir hæðartöflu. Úttektarmönnum skurðanna er skylt að leggja hæðartöfluna til grundvallar fyrir úttektinni þannig að mæla yfirleitt aðeins þar, sem er frávik frá hæðartöflunni. Þó skal gera prófmælingar til að sannreyna rúmtak skurðanna. Sigi land verulega eftir að skurðir eru grafnir, en áður en úttekt fer fram, ber ráðunautum að taka fullt tillit til þess við úttekt, enda skal setja nægjanlega marga fasta punkta utan verksvæðis til að unnt sé að sannreyna sigið.

Plógræsi skulu gerð með tækjum, sem viðurkennd eru af Búnaðarfélagi Íslands.

Lokræsi skulu gerð með pípum sem sérstaklega eru framleiddar sem framræslupípur og Búnaðarfélag Íslands viðurkennir. Ræsin séu allsstaðar með nægum halla að dómi héraðsráðunautar og þau séu 110—130 cm djúp í mýrarjarðvegi en 100—120 cm í leirkenndum jarðvegi eða öðrum þeim jarðvegi, sem ekki er gert ráð fyrir að sigi við framræslu. Pípurnar séu grafnar í jörðu, en ekki fæst framlag á lokræsi, þar sem pípurnar eru dregnar í jörð með plógi.

Í leirkenndum jarðvegi skal setja möl um pípurnar. Efri endi pípa skal lokaður svo að tryggt sé, að jarðvegur berist ekki inn í pípurnar þar. Úttekt þarf að fara fram, áður en mokað er yfir pípurnar.

**II. Jarðrækt.**

Framlag til nýræktar, endurræktunar túna, korn- eða fræræktar svo og grænfóðurræktar (10. gr. liður II.), skal því aðeins greiða að landið sé fullunnið, jafnað og nægilega þurrt að dómi héraðsráðunautar, og grasfræi eða viðeigandi akurjurtum hafi verið sáð í það. Landið skal afgirt svo að stjórna megi hvort og hvenær búfé gengur á því.

Framlag til fræræktar er bundið við, að sáð hafi verið sérstaklega til fræræktar viðurkenndum tegundum og stofnum, og að fylgst hafi verið með fræræktinni af sérfræðingum í jarðrækt.

Framlag til kornræktar er bundið því skilyrði, að sáð hafi verið kornafbrigðum, sem sáðvörunefnd hefur heimilað sölu á, sbr. IV. kafla laga nr. 53 16. maí 1978 um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvöru og verslun með þær vörur. Framlag samkvæmt þessum tölulið er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverksmiðjanna.

**III. Grjótnám úr ræktunarlandi.**

Ef grjóti er ekki ekið burt af hinu ræktaða landi né það grafið í jörðu, skal gengið snyrtilega frá því og þannig, að það hamli sem minnst allri vinnu á landinu.

**IV. Girðingar um ræktunarlönd.**

Til að teljast fullgild girðing skal gaddavírsgirðing vera 6 strengja úr góðu efni. Tréstaurar og renglur, sem ekki eru úr rekaviði, skulu fúavarðar. Hæð girðingarinnar skal vera minnst 1,10 m. Allar mishæðir undir girðingunni séu vel jafnaðar, svo að sauðkindur skríði ekki undir hana. Neðsti strengur má vera 10 cm frá jörðu en síðan sé millibil strengjanna talið neðan frá u. þ. b. 15 cm, 15 cm, 25 cm, 25 cm og 30 cm. Sé girt með vírneti, skal einn gaddavírsstrengur vera neðan við netið og minnst einn ofan við það.

Bil milli jarðfastra staura girðingarinnar sé 4 m. Jafngildi slíkrar girðingar telst: Girðing með tré- eða smíðajárnsstaurum (prófíljárnstaurar), með trérenglum á milli. Við góðar aðstæður, þar sem staurastæði er öruggt, má hafa 6—9 m milli jarðfastra staura, en þá verða renglur að vera á milli hinna föstu staura. Mesta bil milli renglna má vera 3 m. Renglur séu minnst 5 cm á hlið. Gengið skal svo traustlega frá öllum horn- og hliðstólpum, að þeir haggist ekki.

**V. Áburðargeymslur.**

Áburðargeymslur skulu vera með steyptu gólfi. Hæð mælist frá gólfi að neðri brún burðarbita, þó að hámarki 2,6 m. Veggjahæð mælist í áburðargeymslum, sem standa utan við gripahús. Heimilt er að taka áburðarkjallara út, þegar lokið hefur verið frágangi veggja að utan og innan, og frágangi gólfs og burðarvirkis undir gólf í gripahúsi.

**VI. Hey- og garðávaxtageymslur, svo og verkfærageymslur.**

1. Votheyshlöður úr varanlegu efni. Við reikning á rými flatgryfja skal mæla fulla veggjahæð byggingar, þó að hámarki 5,0 m. Í flatgryfjum skal einungis mæla nýtanlegt votheysrými og byggingu yfir því, þó ekki sérstakt athafnasvæði innandyra. Í turnum og gryfjum mælist full vegghæð.
2. Þurrheyshlöður. Ekki skal taka út þurrheyshlöður fyrr en sett hefur verið í þær súgþurrkunarkerfi. Ekki skal taka út athafnasvæði í eða við hlöður.
3. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél í garðávaxtageymslu og rafstreng frá aðaltöflu til þessara tækja. Úttektarskýrslu skulu fylgja reikningar yfir innkaupsverð tækja og búnaðar, þ. m. t. nauðsynlegir gangsetningarrofar. Einungis má veita framlag vegna blásara, aflvélar og kælivélar, sem Búnaðarfélag Íslands hefur viðurkennt að stærð og gerð.
4. Garðávaxtageymslur. Ekki skal taka út garðávaxtageymslur, fyrr en sett hefur verið í þær viðeigandi loftræstikerfi að mati Búnaðarfélags Íslands, og ekki annað en virkt geymslurými.
5. Verkfærageymslur. Steypt gólf skal vera í viðgerðarrými, a. m. k. 40 $m^2$. Hinn hluti gólfsins má vera vel þjappað malarlag.

**VII. Vatnsveitur.**

Sundurliðaðir fullnaðar kostnaðarreikningar yfir efni og vinnu fylgi úttektarskýrslu. Sé um samveitu að ræða, skal tilgreina hlutdeild hvers einstaks aðila.

**VIII. Kölkun túna.**

Úttektarskýrslu fylgi reikningar yfir kostnaðarverð og flutningskostnað á kalki með tilgreindri vegalengd býlis frá hafnarstað.

**IX. Uppeldishús á garðyrkjubýlum.**

Skilyrði fyrir framlagi er að lýsibúnaður sé viðurkenndur af Búnaðarfélagi Íslands.

**X. Loðdýrahús.**

Við úttekt loðdýrahúsa skal það sett að skilyrði fyrir úttekt að þau fullnægi ákvæðum reglugerðar um loðdýrarækt um frágang og vörslugildi.

**XI. Ræktun skjólbelta.**

Skilyrði fyrir framlagi er að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og ráðunautur Skógræktar ríkisins í skjólbeltaræktun hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

Jarðabætur skal taka út eigi síðar en á næsta ári eftir að þær eru framkvæmdar. Greiðsla jarðabótaframlags er ennfremur bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem jarðabótamenn eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastliðið ár. Hafi jarðabætur þær, sem framlagi er veitt til að því sinni, verið unnið að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambanda eða félags, er sambandinu heimilt að halda eftir af jarðræktarframlagi til greiðslu á vinnuskuldum.

12. gr.

Á framlög, er ákveðin eru skv. 10. gr. þessarar reglugerðar vegna framkvæmda, sem unnar verða á árunum 1985 og 1986, skal greiða verðlagsuppbót, samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1984. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og Byggingarstofnun landbúnaðarins, og reiknar Hagstofa Íslands hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs. Af jarðabótaframlögum þeim er talin eru í 10. gr., renna 4%, til hreppabúnaðarfélaga og 2% til búnaðarsambanda nema af vélgröfnum skurðum 4%, er skiptast að jöfnu á milli nefndra aðila. Þó skulu framlög vegna jarðræktar grænfóðurverksmiðja renna óskipt til viðkomandi verksmiðju.

Verðlagsbætur reiknast eftir tvenns konar vísitölu: vísitölu jarðræktar og vísitölu húsabóta. Eftir vísitölu jarðræktar reiknast framlög á lokræsi með pípum, túnrækt á þurrkuðu mýrlendi, túnrækt á þurrlendi, korn- og fræakra, grænfóðurakra, grjótnám og girðingar, kölkun túna og skjólbelti. Eftir vísitölu húsabóta reiknast framlag á áburðargeymslur, þurrheyshlöður, votheyshlöður, garðávaxtageymslur, verkfærageymslur, vatnsveitur, uppeldishús á garðyrkjubýlum og loðdýrabyggingar. Breytingar á heildarframlagi vegna framræslu reiknast eftir breytingum á meðalkostnaði við framræslu.

13. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabætur og jarðabótaframlög hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög nr. 43 23. júní 1923 gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir fjárhæðir þær, er þessum jörðum ber í jarðræktarframlögum. Skal þó skrá sérstaklega, hve mikið af framlögum gengur til afgjaldsgreiðslu. Á sama hátt skal skrá þær jarðabætur, sem unnar eru á ræktunarlóðum í kaupstöðum og kauptúnum.

14. gr.

Ekkert ríkisframlag greiðist til jarðræktar og bygginga á því landi, sem ætla má, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum, eftir að verkið er unnið, til lóða undir hús, fiskreiti eða annars, sem er óviðkomandi jarðrækt.

15. gr.

Verkfæraráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal aðstoða ræktunarsambönd og aðra hliðstæða aðila við val, útvegun og kaup á skurðgröfum og öðrum ræktunarvélum, sem nauðsynlegar eru við stærri ræktunarframkvæmdir. Hann skal og gefa leiðbeiningar um meðferð og rekstur vélanna.

16. gr.

Til þess að ná sem næst jöfnu verði á framræslukostnað opinna skurða um land allt, skal greiða gjald af hverjum vélgröfnum rúmmetra opinna skurða, er framlags njóta samkvæmt reglugerð þessari.

Gjald þetta skiptist að jöfnu á skurðgröfuleigu og vinnu við gröftinn, og er verktakinn ábyrgur fyrir gjaldinu. Gjaldið ákveðst þannig:

Á gröft að 50 000 $m^3$ greiðast 10 aurar.
Á gröft 50 000 til 100 000 $m^3$ greiðast 20 aurar.
Á gröft 100 000 $m^3$ og yfir greiðast 30 aurar.

Breytingar á jöfnunargjaldi frá ári til árs, til hækkunar eða lækkunar, ákveður Búnaðarfélag Íslands eftir því, sem reynslan sýnir, að þörf er á. Það reiknar og út hið árlega jöfnunargjald. Nú skiptir verktaki um gröfu á starfstímabilinu, og skal þá jöfnunargjaldið reiknast sem um eina gröfu væri að ræða. Skurðgröftur Landnáms ríkisins í byggðahverfum skal vera undanþeginn gjaldi þessu.

17. gr.

Jöfnunargjald það, er um ræðir í 16. gr., greiðist í sjóð, er heitir „Jöfnunarsjóður fyrir skurðgröft“. Hann skal vera í vörslu Búnaðarfélags Íslands, og annast það reikningshald fyrir sjóðinn. Félagið annast innheimtu jöfnunargjaldsins, og skal það tekið af ríkisframlagi.

Búnaðarfélag Íslands ákveður og annast allar greiðslur úr sjóðnum.

Þegar meðalframræslukostnaður hvers árs er þekktur fyrir landið í heild, skal greiða þeim bændum, sem greiða meira en meðalverð fyrir framræslu, úr jöfnunarsjóði, þannig að framræslukostnaður þeirra verði sem næst meðallagi. Ákvæði þetta gildir ekki á þeim ræktunarsvæðum, þar sem framræslukostnaður verður vegna óhagstæðra skilyrða meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, enda gilda þar ákvæði 10. gr. töluliðar I 1.

## III. KAFLI

### Um búskaparhæfi jarða.

18. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela héraðsráðunautum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem telja má að séu í hættu fyrir landspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi, landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru óhæfar til búrekstrar, svo sem vegna landsmæðar eða ónógra landgæða. Jafnframt skal athuga, hvort úr megi bæta með landaukningu frá aðliggjandi jörðum.

19. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur héraðsráðunauta bera með sér, að jarðir séu sérstaklega athugaverðar sem framtíðarbýli, og skal félagið þá fela einhverjum starfsmanni

sínum, ásamt viðkomandi héraðsráðunaut, að kanna ýtarlega búskaparskilyrði umræddra jarða, og auk þess leita álits hlutaðeigandi hreppsnefndar.

Að fengnu áliti þessara aðila skal landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum stjórnar Búnaðarfélags Íslands, úrskurða, hvort jarðir þessar skuli framvegis njóta ríkisframlags samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Þegar ábúandi jarðar, sem svipt hefur verið rétti til jarðabótaframlags, sbr. 19. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr jarðeignasjóði þann verðmun, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni, ef söluverðmæti þeirra nær eigi fasteignamati, og á þá ríkissjóður forkaupsrétt að húsunum.

Vilji ábúandinn reisa nýbýli, skal ennfremur gefa honum kost á nægilegu landi, er honum verði byggt samkvæmt lögum nr. 64/1976, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

## IV. KAFLI

### Almenn ákvæði.

21. gr.

Sá, er segir héraðsráðunaut, trúnaðarmanni, aðstoðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísvitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er ríkisframlags eiga að njóta samkvæmt II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði reglugerðar þessarar í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10 000,00 til 100 000,00 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þyngja refsinguna um helming.

Brjóti héraðsráðunautur, trúnaðarmaður, aðstoðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum er settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum ákvæða þessarar reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Búnaðarfélag Íslands gefur út fyrirmæli og leiðbeiningar um gerð jarða- og húsabóta, sem framlag er veitt til úr ríkissjóði samkvæmt jarðræktarlögum og reglugerð þessari svo og úttekt þeirra.

Fyrirmæli þessi skulu send öllum héraðsráðunautum og trúnaðarmönnum, og Búnaðarfélag Íslands leggur þeim jafnframt til öll nauðsynleg skýrsluform.

23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79 29. maí 1972 og lögum nr. 71 1. júlí 1985 um breytingu á þeim lögum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 359/1979.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautarstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands ráðningu þeirra.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1985.*

**Jón Helgason.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

# REGLUGERÐ

**um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra.**

1. gr.

Svæðisstjórnir skulu beita sér fyrir því að á hverju svæði sé að finna stuðningsfjölskyldur, eftir því sem þörf krefur.

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er að taka fatlaðan einstakling í umsjá sína í sólarhringsvistun í skamman tíma, sbr. 4. gr., í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu hans. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um að stuðningsfjölskyldan láti í té sérstaka þjálfun eða hæfingu.

2. gr.

Við val á stuðningsfjölskyldu skal svæðisstjórn kanna vandlega heimilishagi og aðstæður í þeim tilgangi að meta hæfni og möguleika viðkomandi fjölskyldu til að sinna hlutverki sínu. Tekið skal tillit til óska forráðamanna hins fatlaða við val á stuðningsfjölskyldu.

Svæðisstjórn skal sjá til þess að stuðningsfjölskyldur fái nauðsynlegar upplýsingar um þann einstakling sem hann tekur í umsjá sína skv. 1. gr., m. a. með því að stuðla að kynnum milli fjölskyldu hins fatlaða og stuðningsfjölskyldu.

Félagsmálaráðuneytið, í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, getur falið svæðisstjórnum að sjá um fræðslu fyrir stuðningsfjölskyldur um málefni og umönnun fatlaðra.

3. gr.

Þeir aðilar, sem hyggjast notfæra sér stuðningsfjölskyldu, skulu snúa sér til viðkomandi svæðisstjórnar, sem sér um tilhögun dvalar og umsjár svo og samningsgerð þar að lútandi, sbr. 4. gr.

4. gr.

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil, sjá 4. mgr.

Svæðisstjórn skal gera samning við stuðningsfjölskyldur um þau atriði sem fram koma í reglugerð þessari. Í samningi skal og kveða á um ábyrgð og umönnunarskyldu stuðningsfjölskyldu gagnvart hinum fatlaða og fjölskyldu hans.

Samningar þessir skulu gerðir á þar til gerðum eyðublöðum, sem félagsmálaráðuneytið lætur útbúa. Afrit af samningnum skal senda ráðuneytinu.

Hámark samfelldrar dvala skal vera 3 sólarhringar að jafnaði í mánuði, en heimilt er að víkja frá því, enda fari dvöl ekki fram yfir 15 sólarhringa á 3ja mánaða tímabili.

Eigi er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón nema tveggja fatlaðra einstaklinga í senn, nema um sé að ræða systkini.

5. gr.

Greiðsla til stuðningsfjölskyldu, sem samið hefur verið við skv. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal vera sólarhringsgjald, er nemur 5,5% af 0,50 lfl. 1. þrepi BSRB. Greiðslur fari fram hjá ríkisféhirði.

Kostnaður vegna flutnings til og frá stuðningsfjölskyldu greiðist af þeim aðila, sem þjónustunnar nýtur.

Greiðslur, skv. reglugerð þessari, skerða ekki aðrar greiðslur/aðstoð, sem hinn fatlaði eða aðstandendur hans kunna að njóta.

6. gr.

Svæðisstjórnir hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar hver á sínu svæði.

**Endurprentað blað.**

7. gr.

Svæðisstjórnir skulu sjá til þess að stuðningsfjölskyldur undirriti þagnarheit varðandi þær upplýsingar, sem þær fá um einkahagi hins fatlaða og fjölskyldu hans.

Reglugerð þessi er sett skv. 6. gr. laga nr. 41/1983 um málefni fatlaðra og öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. ágúst 1985.*

**Alexander Stefánsson.**

*Margrét Margeirsdóttir.*

2. september 1985 Nr. 346

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.**

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 2 400,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 200,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 409 12. september 1984.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. september 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

11. september 1985 Nr. 347

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, með áorðnum breytingum.**

1. gr.

Reglugerð nr. 500/1984, um breyting á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, er felld úr gildi frá deginum í dag að telja.

*Menntamálaráðuneytið, 11. september 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Árni Gunnarsson.*

**Stjórnartíðindi B 33, nr. 344—347. Útgáfudagur 13. september 1985.**

Nr. 348  30. september 1985

# REGLUGERÐ

**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 4.5% frá 1. október 1985 að telja frá því sem þær voru í september 1985.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Ingibjörg R. Magnúsdóttir.*

Nr. 349 3. september 1985

# REGLUR

**um greiðslu starfskostnaðar hreppstjóra.**

1. gr.

Starfskostnaður hreppstjóra greiðist með launum mánaðarlega.

2. gr.

Til starfskostnaðar telst allur kostnaður er hreppstjóri þarf að leggja út vegna hreppstjórastarfsins, þar með talinn póst- og símakostnaður, skrifstofuaðstaða, er þeir leggja til og nauðsynlegur ferðakostnaður.

3. gr.

Starfskostnaður ákveðst 10% af greiddum launum.

Heimilt er þó að ákveða að starfskostnaður geti verið allt að 20% af greiddum launum hjá þeim hreppstjórum skylt er að hafa opna skrifstofu ákveðinn tíma í viku hverri eða af öðrum ástæðum hafa sérstaklega mikinn starfskostnað.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 32/1965, um hreppstjóra, sbr. lög nr. 13/1983.

*Fjármálaráðuneytið 3. september 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Bessastaðahrepps.

### I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

### II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 33,70.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

| | Kr. |
|---|---|
| a) fyrir mæla til og með ¾″ | 176,00 |
| b) fyrir mæla 1″ og stærri | 390,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 250,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga. Á vanskil reiknast lögleyfðir dráttarvextir.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss m³ (utanmál) | Heimæðargjald |
|---|---|
| Allt að 600 | kr. 80 600,00 |
| 600—2 000 | kr. 80 600,00 fyrir 600 m³ + 55,10 kr/m³ þar yfir |
| Meira en 2 000 | kr. 158 000,00 fyrir 2 000 m³ + 47,60 kr/m³ þar yfir |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 6 350,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyriræltun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 368,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 130 21. mars 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. september 1985.*

F. h. r.

**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Sauðárkróks

### I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

### II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ........ kr. 322,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

### III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (utanmál) | | Heimæðargjald | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 400—2 000 $m^3$ | = | 35 400,00 kr. | fyrir | 400 $m^3$ | 27,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000—6 000 $m^3$ | = | 80 200,00 kr. | fyrir | 2 000 $m^3$ | 25,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| 6 000—10 000 $m^3$ | = | 178 000,00 kr. | fyrir | 6 000 $m^3$ | 22,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 10 000 $m^3$ | = | 268 000,00 kr. | fyrir | 10 000 $m^3$ | 17,50 kr/$m^3$ þar yfir |

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

| | |
|---|---|
| Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera | kr. 14,40 |
| Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir: | |
| Fyrir mæla 3/4" | kr. 134,00 pr. mán. |
| Fyrir mæla 1"—2½" | kr. 300,00 pr. mán. |
| Fyrir mæla 3" og stærri | kr. 610,00 pr. mán. |

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 279 16. júlí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. september 1985.*

F. h. r.
**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald fyrir gróðurhús fyrir 1 sek.l. .......... kr. 672,00
á mánuði, fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l. skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. Fyrir önnur hús .......... kr. 431,00

b. Vatnsgjald fyrir gróðurhús .......... kr. 49,00
á mánuði og .......... kr. 239,00
á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mín.l.

c. Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir:
Fyrir hvern rúmmetra á mánuði .......... kr. 2,00
Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt. 3. gr. verða krafin til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| | |
|---|---|
| Hús allt að 300 $m^3$ að utanmáli | kr. 30 000,00 |
| Hús 300 $m^3$ til 2000 $m^3$ að utanmáli | kr. 30 000,00 |
| og fyrir hvern rúmmetra þar yfir | kr. 19,50 |
| Stofngjald fyrir aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er | kr. 5 750,00 |

Heimæðagjöld fyrir gróðurhús skulu vera þannig:

| | |
|---|---|
| Gróðurhús allt að 200 $m^2$ | kr. 30 000,00 |
| Gróðurhús stærra en 200 $m^2$ | kr. 30 000,00 |
| fyrir 200 $m^2$ og | kr. 49,50 |

fyrir hvern fermetra umfram 200 $m^2$.

6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, ........................ kr. 472,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1985 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 164 10. apríl 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. september 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 353 18. september 1985

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.**

RAFORKUGJÖLD

**A. Almennir taxtar.**

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald ........................ | 4,10 | kr/kWh |
| Fast gjald ........................ | 1 400,00 | kr/ár |

| | | | |
|---|---|---|---|
| A. 2 | Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum: | | |
| | Orkugjald | 6,30 | kr/kWh |
| | Fast gjald | 3 500,00 | kr/ár |

## B. Afltaxtar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| B. 1 | Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar: | | |
| | Orkugjald | 1,50 | kr/kWh |
| | Aflgjald | 5 500,00 | kr/kW ár |
| | Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni. | | |
| B. 2 | Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli: | | |
| | Gjald | 20 000,00 | kr/kW ár |
| | Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu. | | |

## C. Hitun.

| | | | |
|---|---|---|---|
| C. 1 | Órofin húshitun | 2,70 | kr/kWh |
| C. 2 | Daghitun, húshitun rofin | 0,90 | kr/kWh |
| C. 3 | Næturhitun, húshitun | 0,50 | kr/kWh |
| | Fast gjald á C. 1 | 4 000,00 | kr/pr. ár |
| | Fast gjald á C. 2 og C. 3 | 3 700,00 | kr/pr. ár |

## D. Mælaleiga.

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns.

Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| D. 1 | Af einfasa mælum | 300,00 | kr/pr. ár |
| D. 2 | Af þrífasa mælum upp að 50A | 1 200,00 | kr/pr. ár |
| D. 3 | Af þrífasa mælum 50A og meira | 1 800,00 | kr/pr. ár |
| D. 4 | Af álagsstýringarliðum | 1 800,00 | kr/pr. ár |
| D. 5 | Af aflmælum | 3 000,00 | kr/pr. ár |

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

## E. Heimtaugargjald.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur: | | Heimtaugargjöld: |
|---|---|---|
| 63A 1-fasa | kr. | 23 000,00 |
| 63A 3-fasa | kr. | 25 000,00 |
| 100A 3-fasa | kr. | 40 000,00 |
| 200A 3-fasa | kr. | 78 000,00 |
| 300A 3-fasa | kr. | 117 000,00 |
| 400A 3-fasa | kr. | 155 000,00 |
| 600A 3-fasa | kr. | 233 000,00 |
| 900A 3-fasa | kr. | 350 000,00 |
| 1200A 3-fasa | kr. | 467 000,00 |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvars húsveitu.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur: | | |
|---|---|---|
| 63A 1-fasa | kr. | 5 500,00 |
| 63A 3-fasa | kr. | 6 200,00 |
| 100A 3-fasa | kr. | 8 300,00 |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úttengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

## Ýmis ákvæði.

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald kr. 680,00.

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða 680,00 kr. gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuverð og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Söluskattur 25% og verðjöfnunargjald 16% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í c-liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

6. gr.

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 63% af þeirri breytingu, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. september 1985.*

F. h. r.
**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

5. september 1985 Nr. 354

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.**

1. gr.

10. gr. breytist þannig:

a. Í stað „kl. 12 á hádegi“ í 5. málsgr. komi: kl. 14:00.

b. í stað „áður en nokkur leikjanna á getraunaseðlinum hefst, í síðasta lagi þó fyrir kl. 12 á hádegi“ í 6. málsgr. komi: fyrir kl. 14:00.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 1. málsgr. 12. gr. komi:

Nú er einum eða fleiri kappleikjum sem á getraunaseðlinum eru flýtt þannig að leikur hefst áður en skilafrestur rennur út og skal þá eftirlitsmaður varpa hlutkesti um úrslit í þeim leik eða leikjum. Sama gildir ef einn eða fleiri kappleikir á getraunaseðlinum falla niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 29. maí 1972 um getraunir, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. september 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# AUGLÝSING

**um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu.**

I. Hljóðvarp (miðað er við krónur fyrir hvert orð).

| | kr. |
|---|---|
| **Flokkur 1.** | |
| Dánartilkynningar og jarðarfarir, tapað — fundið | 25,00 |
| **Flokkur 2.** | |
| Messur og góðgerðarstarfsemi | 50,00 |
| **Flokkur 3.** | |
| Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00 | 85,00 |
| **Flokkur 4.** | |
| Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar í hádegi og fyrir kvöldfréttir. Auglýsingar kl. 7.30 og kl. 8.05 | 150,00 |
| **Flokkur 5.** | |
| Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir | 220,00 |

II. Hljóðvarp — Rás 2 (miðað er við krónur fyrir sekúndur).

| | kr. |
|---|---|
| **Flokkur 1.** | |
| Á daginn og fimmtudagskvöldum | 210,00 |
| **Flokkur 2.** | |
| Næturútvarp | 140,00 |

III. Sjónvarp (miðað er við krónur fyrir sekúndur).

| | kr. |
|---|---|
| 7 sek | 8 100,00 |
| 10 sek | 10 800,00 |
| 15 sek | 14 700,00 |
| 20 sek | 18 200,00 |
| 25 sek | 20 500,00 |
| 30 sek | 22 850,00 |
| 35 sek | 26 650,00 |
| 40 sek | 29 070,00 |
| 45 sek | 31 200,00 |
| 50 sek | 34 600,00 |
| 55 sek | 38 100,00 |
| 60 sek | 41 570,00 |

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. október 1985, þar til annað kann að verða ákveðið.

*Menntamálaráðuneytið, 12. september 1985.*

F. h. r.
**Knútur Hallsson.**

*Runólfur Þórarinsson.*

# REGLUGERÐ
## um takmörkun leigubifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Fylkis.

### I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Bifreiðastjórafélagsins Fylkis sem er félag á svæði Keflavíkur, Njarðvíkur, Hafna, Sandgerðis og Garðs.

2. gr.

Ráðherra skipar umsjónarnefnd leigubifreiða.

Nefndin annast f. h. ráðuneytisins umsjón og eftirlit með framkvæmd reglugerðar og úthlutun atvinnuleyfa. Einnig eftirlit með þjónustu leigubifreiðastöðva. Ef þörf krefur, getur nefndin sett reglur því til tryggingar, að ekki sé skortur á leigubifreiðum vissa daga eða vissa hluta sólarhrings.

Nefndin skal ákveða fjölda leigubifreiða á svæðinu með hliðsjón af því að þjónusta við almenning sé ávallt sem best.

Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár. Einn fulltrúi skal tilnefndur af Bifreiðastjórafélaginu Fylki og einn af Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum. Samgönguráðherra skipar formann nefndarinnar.

3. gr.

Leiguakstur samkvæmt reglugerð þessari telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tilskilið gjald, enda sé ekki um að ræða annað en venjulegan flutning fólks og farangurs, sem ekki krefst sérhæfðs útbúnaðar eða kunnáttu.

4. gr.

Enginn bifreiðastjóri má reka leigubifreið, allt að 8 farþega, til mannflutninga, nema hann hafi afgreiðslu á félagssvæði Fylkis og hafi öðlast atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á svæðinu. Skylt er leyfishafa að hafa ljósaskitli á þaki bifreiðar sinnar sem skal loga þegar ökumaður óskar viðskipta. Skiltið skal lýsa með gulu ljósi án þess að blinda og skal standa „TAXI"á því með minnst 50 mm stöfum. Lýsti flöturinn skal vera minnst 185 $cm^2$.

Öðrum en leyfishöfum er óheimilt að nota slík skilti.

5. gr.

Leigubifreiðastjórar, sem ekki hafa afgreiðslu á félagssvæði Fylkis, hafa ekki atvinnuréttindi á framangreindu svæði nema eftir kvaðningu fyrirfram.

### II. KAFLI
**Úthlutun atvinnuleyfa.**

6. gr.

Bifreiðastjóri sem óskar eftir að fá atvinnuleyfi sem leigubifreiðastjóri á félagssvæði Fylkis skal sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til umsjónarnefndar leigubifreiða í byrjun október ár hver.

Úthlutun atvinnuleyfa skal að jafnaði fara fram fyrir 1. desember ár hvert.

Umsókninni skal fylgja:

a. vottorð frá bifreiðastöð á félagssvæði Fylkis um að umsækjandi geti fengið þar afgreiðslu, fái hann úthlutað atvinnuleyfi.
b. sakavottorð,
c. staðfest vottorð skattstofu um launalið viðeigandi skattframtala til sönnunar á starfstíma.

7. gr.

Atvinnuleyfi skulu gefin út af umsjónarnefnd leigubifreiða.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og bundin við nafn leyfishafa. Leyfin skulu afhent og vera í vörslu Bifreiðastjórafélagsins Fylkis, sem tilkynnir úgáfuna til hlutaðeigandi bifreiðastöðvar.

Engum má úthluta nema einu atvinnuleyfi.

Umsjónarnefnd leigubifreiða er heimilt að afturkalla atvinnuleyfi um stundasakir brjóti leyfishafi af sér, eða fyrir fullt og allt, ef um alvarleg eða ítrekuð brot er að ræða. Slíkum úrskurðum má áfrýja til samgönguráðuneytisins.

8. gr.

Óheimilt er að veita bifreiðastjóra atvinnuleyfi nema hann skuldbindi sig til að stunda akstur eigin leigubifreiðar sem fullt starf og sæki um upptöku í Bifreiðastjórfélagið Fylki.

Atvinnuleyfi fellur úr gildi hafi leyfishafi ekki nýtt sér það innan 6 mánaða frá útgáfudegi þess.

Óski forseti Íslands eða ráðherra að ráða leyfishafa sem einkabifreiðastjóra á meðan þeir gegna embætti, halda þeir bifreiðastjórar óskertum rétti sínum þótt þeir stundi ekki akstur leigubifreiðar sem aðalstarf.

9. gr.

Við úthlutun atvinnuleyfa skal starfsaldur bifreiðastjóra við akstur allt að 8 farþega leigubifreiða jafnan lagður til grundvallar, þannig að sá sem lengstan starfsaldur hefur, gengur fyrir, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn. Annars vegar má taka sérstakt tillit til samfellds starfstíma undanfarin ár til hagsbóta fyrir umsækjanda og hins vegar skal algjör fjarvera úr starfi í langan tíma rýra áunninn starfstíma. Umsjónarnefnd er þó heimilt að víkja frá meginreglu greinar þessarar í sérstökum undantekningartilvikum. Meðal annars hvað varða öryrkja, ef akstur leigubifreiða hentar þeim umfram önnur störf, með tilliti til fötlunar.

10. gr.

Umsjónarnefnd getur, að höfðu samráði við hagsmunafélög öryrkja og fatlaðra og Fylki úthlutað atvinnuleyfum til rekstur á sérbúnum bifreiðum til flutninga á hreyfihömluðum. Nefndin setur reglur um hvaða skilyrði gilda um slík leyfi.

III.KAFLI

**Nýting leyfis**

11. gr.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína hjá hverri þeirri bifreiðastöð á félagssvæði Fylkis sem hann getur fengið afgreiðslu hjá, enda sé bifreiðastöðin viðurkennd af bæjarstjórn Keflavíkur.

Óheimilt er bifreiðastöð að taka bifreið í afgreislu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleyfis eða flutning milli stöðva hefur borist frá Bifreiðastjórafélaginu Fylki.

Nú vill leyfishafi flytja sig á aðra bifreiðastöð og skal hann þá afhenda Bifreiðastjórafélaginu Fylki yfirlýsingu frá þeirri stöð sem hann hyggst flytja á, um að hann geti fengið þar afgreiðslu. Sé leyfishafi skuldlaus við bifreiðastöð þá sem hann flytur frá, skal Bifreiðastjórafélagið Fylkir staðfesta flutninginn þegar í stað.

12. gr.

Nú hættir leyfishafi að reka leigubifreið samkvæmt atvinnuleyfi sínu og segir atvinnuleyfinu upp. Skal hann þá skrá yfirlýsingu þar að lútandi á atvinnuleyfi sitt. Skal leyfishafi tilkynna þetta til bifreiðastöðvar þeirrar sem hann hafði afgreiðslu hjá.

Bifreiðastjórar sem hafa haft atvinnuleyfi í 3 ár eða lengur og segja upp leyfi sínu, hafa forgangsrétt til þess á næstu tveimur árum, enda hafi leyfið legið inni minnst 4 mánuði, og þeir skuldlausir við viðkomandi bifreiðastöð og Bifreiðastjórafélagið Fylki. Forgangsréttinn geta leyfishafar nýtt sér tvisvar sinnum á þennan hátt. Þeir leyfishafar, sem ekki segja upp leyfinu sjálfir, hafa ekki forgangsrétt.

Leyfishafa er óheimilt að láta atvinnuleyfi sitt af hendi á nokkurn hátt til annarra, þar með talið að selja það, leigja eða lána o. s. frv. Geti leyfishafi ekki rekið leigubifreið samkvæmt leyfi sínu ber honum að segja því strax upp.

Ef öllum skilyrðum fyrir afnotarétti leyfisins er ekki fullnægt, er umsjónarnefnd heimilt að afturkalla það.

13. gr.

Ef leyfishafi rekur bifreið sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

14. gr.

Leyfishafa, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldtöku, er heimilt að láta annan mann annast störf sín meðan réttindamissir varir, en þó ekki lengur en eitt ár í hverju tilviki. Noti hann sér ekki þessa heimild leggst leyfi hans inn meðan á réttindamissinum stendur og fær leyfishafi atvinnuleyfi aftur jafnskjótt og hann öðlast ökuréttindi sín að nýju.

Brjóti leyfishafi eitthvað það af sér að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að beri að synja honum um afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að synja um afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að 10 sólarhringa í annað skipti. Skulu slíkar synjanir og tilefni þeirra skráðar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar umsjónarnefnd jafnóðum.

15. gr.

Leyfishafa er óheimilt að láta annan mann en þann sem hefur atvinnuleyfi aka fyrir sig. Vaktaskipti bifreiðastjóra á leigubifreiðum eru einnig óheimil, nema báðir hafi atvinnuleyfi.

Undanþágu skal veita að uppfylltum eftirgreindum skilyrðum:

a. Ef leyfishafi er veikur, enda sanni hann veikindi sín með vottorði læknis, þar sem fram kemur skilgreining á sjúkdómi hans.
b. Ef leyfishafi deyr, getur maki hans haldið atvinnuleyfinu í 3 ár frá andláti hans. Umsjónarnefnd leigubifreiða getur framlengt slíkt leyfi í allt að 2 ár til viðbótar, ef sérstaklega stendur á. Tilkynna skal niðurfellingu slíks leyfis með 6 mánaða fyrirvara.
c. Þurfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangegnum veikindum skal honum sjálfum heimilað að aka aðeins sem svarar 6 klst. á sólarhring en hafa ökumann sem heimilt er að aka á tímabilinu frá 20.00 á föstudagskvöldi til kl. 08.00 á sunnudagsmorgni hverja helgi. Leyfishafa er heimilt að aka sunnudag til föstudags og velja um aksturtímana 08.00 — 14.00 og 14.00 — 20.00.
d. Samskonar undnþágu og gildir við endurhæfingu skal veita ellilífeyrisþega eða manni með skerta starfsorku, enda leggi hann fram vottorð læknis um verulega skerta starfsorku.
e. Skipta má orlofi í fernt. Undanþágu þessa skal einungis veita ef leyfishafi er að fara í orlof og er honum óheimilt að ráða sig í önnur störf eða aka í atvinnuskyni meðan undanþágan varir.

f. Ef leyfishafi er sannanlega að vinna í þágu Bifreiðastjórafélagsins Fylkis eða bifreiðastöðva þeirra sem reglugerð þessi nær til.
g. Ef leyfishafar geta ekki sinnt eftirspurn á mesta annatíma má á tímabilinu 1. nóvember til 1. apríl heimila þeim að hafa ökumann sem einum er heimilt að aka bifreið leyfishafa, telji stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis nauðsyn til þess og setur hún nánari reglur um undanþágu. Ef þessi heimild nægir ekki og sérstaklega stendur á, er heimilt að leyfa vaktaskipti á tímabilinu, telji stjórn Bifreiðastjórafélagsins Fylkis það nauðsynlegt. Þess skal vandlega gætt að ekki séu leyfð fleiri vaktaskipti en nauðsyn ber til.
h. Leyfishafar sem hafa s. k. útgerðarleyfi geta látið bifreiðastjóra aka fyrir sig án þess að þeir hafi atvinnuleyfi.
i. Leyfishafi sem hefur leyfi til að hafa launþega á bifreið sinni, hefur heimild til að leggja launþega til aðra bifreið, meðan hans eigin bifreið er til viðgerðar vegna bilunar, enda geri viðkomandi bifreiðastöð ekki athugasemd við bifreiðina.

Þeir leyfishafar sem vilja notfæra sér þær undanþágur sem í þessari grein felast, skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum til Bifreiðastjórafélagsins Fylkis undirrituðu af stöðvarstjóra viðkomandi bifreiðastöðvar um að hún samþykki þann ökumann sem leyfishafi vill að aki bifreiðinni. Leyfishafi ber fulla ábyrgð á því að undanþágan sé ekki misnotuð, enda varðar misnotkun missi atvinnuleyfisins um stundarsakir, eða fyrir fullt og allt, sé um ítrekuð brot að ræða.

Bifreiðastjórafélagið Fylkir veitir undanþáguna eftir að hafa gengið úr skugga um að fullnægt sé framangreindum skilyrðum. Skal leyfið vera skriflegt, tímabundið og tekið fram hvað í því felst. Er viðkomandi bifreiðastjóra skylt að bera slíka undnþágu á sér við akstur og sýna trúnaðarmönnum Fylkis og umsjónarnefnd, ef þeir óska þess. Ekki má veita undanþágu til atvinnuleyfis sem umsjónarnefnd hefur stöðvað.

16. gr.

Atvinnuleyfin gilda þar til leyfishafar verða 75 ára og skulu þeir leggja leyfi sín inn fyrir 1. júlí næsta ár. Umsjónarnefnd skal í samráði við Fylki og viðkomandi bifreiðastöðvar, koma á reglubundinni læknisskoðun og hæfnisprófun fyrir leigubifreiðastjóra. Þeir sem ekki uppfylla þau skilyrði, sem umsjónarnefnd leigubifreiða setur, missa réttindi til atvinnuaksturs.

17. gr.

Bifreiðastjórafélagið Fylkir skal halda skrá yfir veittar undanþágur í aðgengilegu formi, sem umsjónarnefnd skal eiga aðgang að.

18. gr.

Umsjónarnefnd sker úr deilumálum í sambandi við reglugerð þessa. úrskurðum hennar má vísa til samgönguráðuneytisins.

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970, stafestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Gildistaka ákvæðis 4. gr. um merki frestast um 6 mánuði. Gildistaka ákvæða 16. gr. hvað varðar aldursmörk, frestast um 3 ár frá útgáfu reglugerðar þessarar. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð 451 11. desember 1978 með síðari breytingum nr. 645/1982.

*Samgönguráðuneytið, 11. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Hlíf, Ísafirði**

Samkvæmt lögum nr. 60/1984 um Húsnæðisstofnun ríkisins, hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Hlíf, Torfnesi, Ísafirði.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

22. ágúst 1985 Nr. 358

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 772/1982 um Viðlagatryggingu Íslands.**

1. gr.

Upphaf 2. tl. 3. gr. hljóði svo:
Varanlegar brýr 50 metra og lengri og hafnarmannvirki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 88/1982 um Viðlagatryggingu Íslands og tekur þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. ágúst 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

26. september 1985 Nr. 359

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 271/1985 um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1985.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Heimilt er að leggja eftirlitsgjald á sjúkrahús og aðrar stofnanir, sem hafa lyf undir höndum. Skulu þá deildaskipt sjúkrahús greiða eftirlitsgjald samkvæmt II. flokki, en önnur sjúkrahús og stofnanir samkvæmt VI. flokki.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1985.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Ragnhildur E. Þórðardóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 101 11. febrúar 1985, um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. orðist svo:

Fyrir vinnsluleyfi til fiskvinnslustöðva samkvæmt 2. mgr. 1. gr., skal greiða gjald eins og hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Grásleppustöðvar | 500 krónur. |
| 2. | Saltfisk- og skreiðarstöðvar | 1 500 krónur. |
| 3. | Síldarverkunarstöðvar | 2 000 krónur. |
| 4. | Frystihús, þ. m. t. skelfiskvinnslustöðvar | 2 500 krónur. |

2. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 53 30. maí 1984 og öðlast reglugerð þessi þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 6. september 1985.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Kjartan Júlíusson.*

Nr. 361 20. september 1985

# AUGLÝSING

**um breyting á auglýsingu nr. 8/1982 um niðurfellingu aðflutningsgjalda af ýmsum vörum til nota í flugvélum eða í beinum tengslum við þær.**

1. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 1. gr. auglýsingarinnar:

| Tollskrárnúmer | Vöruheiti |
|---|---|
| 65.06.01 | Öryggishjálmar fyrir þyrluflugmenn. |
| 84.22.12 | Björgunarvindur sérstaklega útbúnar til notkunar í þyrlum. |
| 90.05.00 | Snúðustýrðir sjónaukar til notkunar í þyrlum og flugvélum. |

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 21. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, og ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 20. september 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Bjarnveig Eiríksdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o.fl. með síðari breytingu.**

1. gr.

C- og d-liðir 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 140/1985, orðist svo:

c. Af bifreiðum, sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4 000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Af tengi- og festivögnum, sem eru yfir 6 tonn af leyfðri heildarþyngd, greiðist þungaskattur á sama hátt. Ákvæði reglugerðar þessarar eiga við tengi- og festivagna jafnt sem bifreiðar eftir því sem við á. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal vera sem hér segir:

| Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn | Gjald fyrir hvern ekinn km, kr. | Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn | Gjald fyrir hvern ekinn km, kr. |
|---|---|---|---|
| 4,0— 4,9 | 2,47 | 15,0—15,9 | 5,25 |
| 5,0— 5,9 | 2,63 | 16,0—16,9 | 5,67 |
| 6,0— 6,9 | 2,84 | 17,0—17,9 | 6,08 |
| 7,0— 7,9 | 2,98 | 18,0—18,9 | 6,45 |
| 8,0— 8,9 | 3,11 | 19,0—19,9 | 6,94 |
| 9,0— 9,9 | 3,25 | 20,0—20,9 | 7,31 |
| 10,0—10,9 | 3,45 | 21,0—21,9 | 7,73 |
| 11,0—11,9 | 3,58 | 22,0—22,9 | 8,22 |
| 12,0—12,9 | 4,03 | 23,0—23,9 | 8,61 |
| 13,0—13,9 | 4,41 | 24,0—24,9 | 9,00 |
| 14,0—14,9 | 4,88 | 25,0 og þyngri | 9,44 |

Af akstri fólksflutningabifreiða er taka 17 farþega eða fleiri í sæti, sem á sér stað vegna áætlunarferða í þéttbýli, þ.e. akstur almenningsvagna, eða sérleyfisferða, skal greiða 70% lægri þungaskatt en um getur í 1. mgr. þessa stafliðs. Við ákvörðun á þeim fjölda kílómetra sem eknir eru vegna sérleyfisferða, skal leggja til grundvallar ekna kílómetra hvers sérleyfishafa á viðkomandi sérleið á hverju greiðslutímabili samkvæmt leiðabók umferðamáladeildar fólksflutninga sem í gildi er hverju sinni. Afslátturinn má miðast við að allur akstur í áætlunarferðum í þéttbýli og sérleyfisferðum fari fram á bifreiðum sem eru 15,0—15,9 tonn að leyfðri heildarþyngd. Komi í ljós að akstur á sérleið hefur verið minni en leiðarbók segir til um skal afslátturinn miðast við raunverulegan akstur. Með almenningsvögnum samkvæmt þessari málsgrein er átt við vagna sem ekið er samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli og ætlaðir eru almenningi til afnota gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi.

d. Eigendur bifreiða er um getur í a- og b-liðum þessarar greinar geta að eigin vali greitt þungaskatt í formi gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli í stað fasts árgjalds. Gjald fyrir hvern ekinn kílómetra skal þá vera 2,47 kr. Greiða skal 1/12 hluta



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

gjaldsins skv. a- og b-lið þessarar greinar, eftir því sem við á, fyrir hvern mánuð sem bifreiðin er í notkun án þess að vera útbúin viðhlítandi ökumælisbúnaði. Mánuður í þessu sambandi teljast 15 dagar eða fleiri en 14 dögum eða færri skal sleppt. Bifreiðaeftirlitsmaður skal skrá í athugasemdadálk skráningarskírteinis bifreiðar hvort greiða skuli þungaskatt samkvæmt ökumæli eða fast árgjald. Frá þeirri stundu er bifreiðaeftirlitsmaður hefur viðurkennt ökumælisbúnað bifreiða, er hér um ræðir, gilda um þær öll ákvæði þessarar reglugerðar er að ökumælum lúta svo og ákvæði reglugerðar nr. 62/1977 með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 79/1974, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og tekur til aksturs sem á sér stað eftir lok 3. álesturstímabils 1985, en því lýkur á tímabilinu 20. september til 10. október 1985. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 3. álesturstímabils skal greiða hið hækkaða gjald.

*Fjármálaráðuneytið, 26. september 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

Nr. 363 30. september 1985

# REGLUGERÐ

**um bensíngjald.**

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Frá og með 1. október 1985 skal gjald þetta nema 9,54 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu hinn 1. október 1985. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 232/1985 verið greitt af birgðum sem til eru hinn 1. október 1985 skal greiða 2,74 kr. af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá sem á eða hefur til umráða 300 lítra af bensíni hinn 1. október 1985 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. otkóber 1984.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 79 6. september 1974, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 232/1985 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 30. september 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 482 19. desember 1984 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 258/1985, orðist svo:

**Um einkasölugjald o.fl.**

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:

| | kr/l |
|---|---|
| 1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín | 230 |
| 2. Portvín, sherry, madeira og líkjörar, undir 22% styrkleika | 430 |
| 3. Vermút og aperitívar, þ.m.t. bitterar, undir 22% styrkleika | 460 |
| 4. Aperitívar, þ.m.t. bitterar, með 22% styrkleika eða meira | 660 |
| 5. Íslenskar áfengistegundir | 710 |
| 6. Koníak, brandy, whisky, gin, genever, romm, líkjörar (ót.a), svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a | 1000 |

B. Tóbak:

| | |
|---|---|
| 1. Reyktóbak | 900 kr/tylft bréfa eða lb. |
| 2. Vindlingar | 610 kr/200 stk. |
| 3. Smávindlar | 65 kr/10 stk. |
| Meðalstærð | 290 kr/25 stk. |
| Vindlar, aðrir | 350 kr/25 stk. |

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega. Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- eða gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en þreföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 30. september 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

# REGLUGERÐ

**um raforkusölu Hitaveitu Suðurnesja.**

1. gr.

Með heimild í 5. gr. laga nr. 91 29. maí 1984 um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974, sbr. lög nr. 26/1980, um Hitaveitu Suðurnesja hefur Hitaveita Suðurnesja yfirtekið rafveitur Rafmagnsveitna ríkisins á Suðurnesjum, svo og rafveitur allra sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Samkvæmt því veitir iðnaðarráðherra hér með Hitaveitu Suðurnesja einkaleyfi til starfrækslu rafveitu á starfssvæði hennar.

Að öðru leyti og þar til öðru vísi verður ákveðið skulu eftirtaldar reglugerðir gilda áfram um raforkusölu á Suðurnesjum og rafveitu Hitaveitu Suðurnesja, eftir því sem við á:

Reglugerð nr. 198 24. nóvember 1945 fyrir rafveitu Keflavíkur.
Reglugerð nr. 98 21. maí 1947 fyrir rafveitu Miðneshrepps.
Reglugerð nr. 23 14. febrúar 1949 fyrir rafveitu Grindavíkur.
Reglugerð nr. 79 8. maí 1967 fyrir rafveitu Njarðvíkur.
Reglugerð nr. 112 6. apríl 1968 fyrir Rafmagnsveitur ríkisins.
Reglugerð nr. 8 3. janúar 1983 fyrir rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem stjórn Hitaveitu Suðurnesja hefur samið og sett er skv. heimild í lögum nr. 100 31. desember 1974, sbr. lög nr. 26/1980 og 91/1984, öðlast gildi 1. október 1985.

*Iðnaðarráðuneytið 30. september 1985.*

F. h. r.
**Árni Þ. Árnason.**

*Halldór J. Kristjánsson.*

Nr. 366 — 23. september 1985

# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna í Keflavíkurkaupstað nr. 241 frá 26. mars 1981.**

1. gr.

Við 1. mgr. 25. gr. bætist eftirfarandi:

Bæjarráð getur leyft að listi sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 frá 29. mars 1961, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. september 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

**Stjórnartíðindi B 35, nr. 362—366. Útgáfudagur 30. september 1985.**

# SAMÞYKKT

**um sorphreinsun á Kópaskeri.**

I. KAFLI

**Inngangur.**

1. gr.

Presthólahreppur annast eða býður út alla sorphreinsun innan marka kauptúnsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphreinsunin fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

II. KAFLI

**Hreinsun á sorpi frá íbúðarhúsnæði.**

2. gr.

Sérhver íbúðareigandi (eða leigjandi), á Kópaskeri, er skyldugur að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem sveitarstjórn ákveður.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun. Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, og viðhald þeirra.

3. gr.

Sorpið sem er sett í sorpílátin, má vera allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, möl, grjót, byggingarsorp, gras og þ. h. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

4. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðar skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á. Presthólahreppur leggur til einn sorppoka fyrir hvert sorpílát vikulega, enda greiði notandi sorphreinsunargjald skv. 7. gr. Aukapoka má fá keypta í verslun eða hjá sorphreinsunarmönnum.

5. gr.

Allt það sorp, sem eigi verður látið í poka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast sjálfir á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

III. KAFLI

**Hreinsun á sorpi frá verslunar- og iðnfyrirtækjum.**

6. gr.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en um getur hér að framan, ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Allan flutning á vegum einstaklinga og fyrirtækja á sorphauga Presthólahrepps skal framkvæmda eftir ströngustu fyrirmælum starfsmanna hreppsins og þrifnaður í hávegum hafður.

IV. KAFLI

**Sorphreinsigjald, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.**

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af sveitarsjóði, þó skal sveitarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphreinsigjald í gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir. Slíkt gjald skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

8. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðunnar skal hann koma slíkri kvörtun til hreppsnefndar Presthólahrepps eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjóti húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það sveitarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa, sem gangast í því að húseigandi bæti ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma eru sorphirðumenn ekki skyldugir til að taka sorp hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sorphreinsunarmönnum skal óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

V. KAFLI

**Gildistaka.**

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Presthólahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu hlutaðeigandi til eftirbreytni.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1985.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Eyrarbakkahreppi.**

1. gr.

Gjald vegna undanþágu frá banni við hundahaldi í hreppnum samkv. 2. gr. b. staflið í samþykkt um hundahald í Eyrarbakkahreppi frá 5. apríl 1976, skal vera kr. 2 000,00 fyrir árið 1985.

Handsömunargjald skv. 3. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 1 500,00 í hvert skipti.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1985.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. september 1985.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Magnúsdóttir.*

Nr. 369

# REIKNINGUR

**Iðnlánasjóðs fyrir árið 1984.**

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1984

| | |
|---|---|
| REKSTRARTEKJUR: | |
| Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum | 337 568 771 |
| Aðrar vaxtatekjur | 4 773 009 |
| Lántökugjald | 3 323 305 |
| Iðnlánasjóðsgjald | 1 800 000 |
| Framlag ríkissjóðs | 0 |
| Framleiðslugjald af áli | 2 472 289 |
| Aðrar rekstrartekjur og arður | 42 724 |
| | 349 980 098 |
| REKSTRARGJÖLD: | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé | 338 591 362 |
| Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga | 70 981 150 |
| Lántökugjald | 3 000 000 |
| Rekstrarkostnaður | 9 660 698 |
| Afskriftir útlána | 988 661 |
| Framlag til hagrannsókna | 660 000 |
| | 423 881 871 |
| (TAP) TEKJUAFGANGUR | −73 901 773 |

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á EIGIN FÉ 1984:

| | |
|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 1984 | 356 629 984 |
| Áfallnar verðbætur miðað við vísitölu 1. janúar 1984 | 7 881 058 |
| Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs við yfirtöku | 46 543 264 |
| Afskrifuð útlán Iðnrekstrarsjóðs við yfirtöku | −3 155 704 |
| Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga 1984 | 70 981 150 |
| Fengin jöfnunarhlutabréf | 565 387 |
| Endurmat á eignarhlut í Útflutningslánasjóði | 4 379 285 |
| (Tap) tekjuafgangur ársins | −73 901 773 |
| Eigið fé 31. desember 1984 | 409 922 651 |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1984:

EIGNIR:

BANKAINNSTÆÐUR:

| | |
|---|---|
| Bankainnstæður | 50 133 849 |

ÚTLÁN:

| | |
|---|---|
| Vélalán | 635 609 424 |
| Byggingalán | 921 157 000 |
| Veiðarfæralán | 2 337 742 |
| Iðngarðalán | 19 346 258 |
| Önnur verðbréf | 31 497 072 |
| Bráðabirgðalán | 4 913 000 |
| Innleystar ábyrgðir | 328 875 |
| | 1 615 189 371 |

AÐRAR EIGNIR:

| | |
|---|---|
| Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur | 70 722 424 |
| Útflutningslánasjóður | 16 029 285 |
| Hlutabréfaeign | 5 140 251 |
| Ýmsar eignir | 2 681 167 |
| | 94 573 127 |
| Samtals eignir | 1 759 896 347 |

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

LÁNSFÉ:

| | |
|---|---|
| Framkvæmdasjóður Íslands | 1 266 831 669 |
| Lífeyrissjóðir | 63 600 615 |
| Sérskuldabréfalán | 2 022 |
| | 1 330 434 306 |

AÐRAR SKULDIR:

| | |
|---|---|
| Áfallin vaxtagjöld | 18 013 047 |
| Útborgað af veittum lánum | 5 021 |
| Ógreiddir samþykktir styrkir | 1 435 315 |
| Stimpilgjöld | 59 233 |
| Ógreiddur kostnaður | 26 774 |
| | 19 539 390 |
| Skuldir samtals | 1 349 973 696 |
| Eigið fé: | 409 922 651 |
| Skuldir og eigið fé | 1 759 896 347 |

UTAN EFNAHAGSREIKNINGS:

| | |
|---|---|
| Ábyrgðir vegna viðskiptamanna | 4 435 609 |

**Skýringar:**

**Reikningsskilaaðferðir:**

1. Tekið er tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á rekstrarafkomu ársins og efnahag í árslok með því að færa verðbreytingafærslu í ársreikninginn og endurmeta hlutdeild í Útflutningslánasjóði og hlutabréfaeign Iðnlánasjóðs.

   Útreikningurinn er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Peningalegar eignir 1. janúar 1984 | 1 217 469 417 |
| Skuldir 1. janúar 1984 | (868 285 753) |
| Stofn til útreiknings verðbreytingafærslu | 349 183 664 |

   Stuðull við útreikning verðbreytingafærslunnar miðast við hækkun lánskjaravísitölu á árinu 1984. Verðbreytingafærslan verður því 18,91% af 349 183 664 kr. eða 66 030 630 kr.

   Þann 1. júlí 1984 yfirtók Iðnlánasjóður Iðnrekstrarsjóð sbr. skýringu nr. 9 og er því til viðbótar ofangreindri verðbreytingafærslu reiknuð verðbreytingafærsla vegna Iðnrekstrarsjóðs frá yfirtökudegi til áramóta.

   Útreikningurinn er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Peningalegar eignir 1. júlí 1984 | 61 860 785 |
| Afskrifuð útlán við yfirtöku | (3 155 704) |
| Skuldir 1. júlí 1984 | (15 317 522) |
| Stofn til verðbreytingafærslu | 43 387 559 |

   Stuðull við útreikning verðbreytingafærslunnar miðast við hækkun á lánskjaravísitölu frá 1. júlí til áramóta.

   Verðbreytingafærslan verður því 11,41% af 43 387 559 kr. eða 4 950 520 kr.

   Heildarverðbreytingafærslan verður því 70 981 150 kr. og er sú fjárhæð færð annars vegar til gjalda í rekstrarreikningi og hins vegar á eigið fé.

2. Áfallnir vextir og verðbætur í árslok af útlánum og teknum lánum eru færð í rekstrarreikningi. Gengistryggð tekin lán eru uppfærð á gengi í árslok 1984.
3. Í rekstrarreikningi er fært innborgað iðnlánasjóðsgjald og framleiðslugjald af áli.

**Breytingar á reikningsskilaaðferðum:**

4. Við gerð ársreiknings fyrir árið 1983 var hækkun á meðaltali byggingarvísitölu milli áranna 1982 og 1983 notuð sem stuðull við útreikning verðbreytingafærslu. Nú er hins vegar miðað við hækkun lánskjaravísitölu á árinu 1984 eins og gerð er grein fyrir í skýringu 1.
   Ef verðbreytingafærslan hefði verið reiknuð með sama hætti og árið áður hefði hún numið 96 360 297 kr. í heild eða 25 379 547 kr. hærri en greinir í skýringu 1.
5. Áfallnar verðbætur, eru miðaðar við vísitölu 1. janúar 1985, en áður var miðað við meðaltal á síðustu skráðu vísitölu reikningsársins og janúar vísitölu næsta árs.
6. Hlutdeild Iðnlánasjóðs í Útflutningslánasjóði er nú endurmetin í fyrsta skipti og er miðað við eiginfjárstöðu sjóðsins 1983, þar sem upplýsingar um árið 1984 liggja ekki fyrir.

**Sundurliðanir:**

7. Lánsfé frá Framkvæmdasjóði Íslands skiptist þannig 31. desember 1984:

| | kr. |
|---|---|
| Lán með föstum vöxtum (5,0% og 8,5%) | 2 519 |
| Lán með hæstu lögleyfðu vöxtum | 1 529 667 |
| Lán háð byggingarvísitölu | 190 338 147 |
| Lán háð lánskjaravísitölu | 481 068 742 |
| Lán háð gengi USD | 354 820 311 |
| Lán háð gengi JPY | 224 740 508 |
| Lán háð gengi DEM | 14 331 775 |
| Samtals | 1 266 831 669 |

**Ábyrgðarskuldbindingar:**

8 Á meðal ábyrgða utan efnahagsreiknings er talin ábyrgð gagnvart Landsbanka Íslands USD 65 000 ásamt vöxtum samtals ísl. kr. 3 761 443. Iðnrekstrarsjóður var í tímabundinni ábyrgð gagnvart Landsbanka Íslands samkv. bréfi dags. 16. júlí 1982 fyrir fjárhæð USD 270 000 ásamt vöxtum. Ábyrgð þessi rann út þann 16. janúar 1983. Þar sem áframhaldandi ábyrgð á USD 65 000, ásamt vöxtum, var boðin sem grundvöllur samkomulags í deilum við Landsbankann um ábyrgð á USD 270 000, ásamt vöxtum með bréfi Iðnrekstrarsjóðs dags. 16. desember 1983 sbr. bréf dags. 23. september 1982 og þar sem fjárhæð þessi (USD 65.000 + vextir) var tilgreind í reikningum Iðnrekstrarsjóðs fyrir tímabilið 1. janúar 1984 – 30. júní 1984 er talið rétt að tilgreina fjárhæð þessa í ársreikningi þessum.

**Önnur mál:**

9. Frá og með 1. júlí 1984 yfirtók Iðnlánasjóður allar eignir og ábyrgðist allar skuldir og ábyrgðir Iðnrekstrarsjóðs og var um leið stofnuð vöruþróunar- og markaðsdeild í Iðnlánasjóði, samkvæmt lögum nr. 55/1984.

# SÉRGREINDUR REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1984

| | Almenn-deild | Iðngarða-deild | Vöruþróunar- og markaðs-deild | Iðnlána-sjóður samtals |
|---|---|---|---|---|
| REKSTRARTEKJUR: | | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum | 328 909 982 | 4 276 161 | 4 382 628 | 337 568 771 |
| Aðrar vaxtatekjur | 4 654 876 | 0 | 118 133 | 4 773 009 |
| Lántökugjald | 3 292 401 | 13 500 | 17 404 | 3 323 305 |
| Iðnlánasjóðsgjald | 1 800 000 | 0 | 0 | 1 800 000 |
| Framleiðslugjald af áli | 2 472 289 | 0 | 0 | 2 472 289 |
| Aðrar rekstrartekjur og arður | 35 724 | 0 | 7 000 | 42 724 |
| | 341 165 272 | 4 289 661 | 4 525 165 | 349 980 098 |
| REKSTRARGJÖLD: | | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur af lánsfé | 338 591 362 | 0 | 0 | 338 591 362 |
| Reiknuð gjaldfærsla vegna verðlagsbreytinga | 62 803 262 | 3 227 368 | 4 950 520 | 70 981 150 |
| Lántökugjald | 3 000 000 | 0 | 0 | 3 000 000 |
| Rekstrarkostnaður | 9 303 272 | 0 | 357 426 | 9 660 698 |
| Afskriftir útlána | 988 661 | 0 | 0 | 988 661 |
| Framlag til hagrannsókna | 660 000 | 0 | 0 | 660 000 |
| | 415 346 557 | 3 227 368 | 5 307 946 | 423 881 871 |
| (TAP) TEKJUAFGANGUR | −74 181 285 | 1 062 293 | −782 781 | −73 901 773 |

# SÉRGREINDUR EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1984

| | Almenn-deild | Iðngarða-deild | Vöruþróunar- og markaðs-deild | Iðnlána-sjóður samtals |
|---|---|---|---|---|
| EIGNIR: | | | | |
| BANKAINNSTÆÐUR: | | | | |
| Bankainnstæður | 42 682 764 | 2 827 290 | 4 623 795 | 50 133 849 |
| ÚTLÁN: | | | | |
| Vélalán | 635 609 424 | 0 | 0 | 635 609 424 |
| Byggingalán | 921 157 000 | 0 | 0 | 921 157 000 |
| Veiðarfæralán | 2 337 742 | 0 | 0 | 2 337 742 |
| Iðngarðalán | 0 | 19 346 258 | 0 | 19 346 258 |
| Önnur verðbréf | 926 235 | 0 | 30 570 837 | 31 497 072 |
| Bráðabirgðalán | 0 | 0 | 4 913 000 | 4 913 000 |
| Innleystar ábyrgðir | 0 | 0 | 328 875 | 328 875 |
| | 1 560 030 401 | 19 346 258 | 35 812 712 | 16 115 189 371 |
| AÐRAR EIGNIR: | | | | |
| Áfallnar vaxtatekjur og verðbætur | 60 295 053 | 624 302 | 9 803 069 | 70 722 424 |
| Útflutningslánasjóður | 16 029 285 | 0 | 0 | 16 029 285 |
| Hlutabréfaeign | 1 361 707 | 0 | 3 778 544 | 5 140 251 |
| Ýmsar eignir | 2 681 167 | 0 | 0 | 2 681 167 |
| Vöruþróunar- og markaðsdeild, viðskiptareikn | 5 000 000 | 0 | 0 | 5 000 000 |
| | 85367212 | 624302 | 13581613 | 99573127 |
| Samtals eignir | 1688080377 | 22797850 | 54018120 | 1764896347 |

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| LÁNSFÉ: | | | | |
| Framkvæmdasjóður Íslands | 1 266 831 669 | 0 | 0 | 1 266 831 669 |
| Lífeyrissjóðir | 63 600 615 | 0 | 0 | 63 600 615 |
| Sérskuldabréfalán | 2 022 | 0 | 0 | 2 022 |
| | 1 330 434 306 | 0 | 0 | 1 330 434 306 |
| AÐRAR SKULDIR: | | | | |
| Áfallin vaxtagjöld | 18 013 047 | 0 | 0 | 18 013 047 |
| Útborgað af veittum lánum | 5 021 | 0 | 0 | 5 021 |
| Ógreiddir samþykktir styrkir | 0 | 0 | 1 435 315 | 1 435 315 |
| Stimpilgjöld | 58 500 | 0 | 733 | 59 233 |
| Ógreiddur kostnaður | 0 | 0 | 26 774 | 26 774 |
| Vöruþróunar- og markaðs-deild, viðskiptareikn | 0 | 0 | 5 000 000 | 5 000 000 |
| | 18 076 568 | 0 | 6 462 822 | 24 539 390 |
| SKULDIR SAMTALS | 1 348 510 874 | 0 | 6 462 822 | 1 354 973 696 |
| EIGIÐ FÉ: | 339 569 503 | 22 797 850 | 47 555 298 | 409 922 651 |
| SKULDIR OG EIGIÐ FÉ | 1 688 080 377 | 22 797 850 | 54 018 120 | 1 764 896 347 |

*Undirritun Framkvæmdastjórnar og sjóðsstjórnar.*

Reykjavík, 29. mars 1985

Framkvæmdastjórn

**Bragi Hannesson** **Valur Valsson** **Ragnar Önundarson**

Með vísan til yfirlýsingar endurskoðenda sjóðsins samþykkir stjórn sjóðsins ársreikninginn:

Reykjavík, 29. mars 1985

**Jón Magnússon** **Gunnar S. Björnsson** **Ólafur Davíðsson**

*Áritun endurskoðenda:*

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga og bókhald sjóðsins á árinu svo og fylgiskjöl, lánsskjöl, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1984, yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árið 1984, efnahagsreikning 31. desember 1984, skýringar nr. 1—5 og sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir almenna deild, iðngarðadeild og vöruþróunar- og markaðsdeild.

Reykjavík, 28. mars 1985.

**Atli Freyr Guðmundsson** **Jafet S. Ólafsson**

# REGLUGERÐ

## um stuðning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins við nýjar búgreinar, búháttabreytingar og aðra nýbreytni í landbúnaði.

1. gr.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

**Búmark** er viðmiðunartala afurðaeininga hjá einstökum framleiðanda búvöru, sem ákveðin er skv. reglum, settum með heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985.

**Áunnið búmark** er viðmiðunartala afurðaeininga hjá einstökum framleiðanda búvöru eftir meðalframleiðslu hans árin 1976-1978, skv. skattframtali þau ár.

**Ærgildi** er bústofnseining. Vetrarfóðruð sauðkind telst 1 ærgildi, kýr telur 20 ærgildi, kelfd kvíga 12, vetrungur 8 og kálfur 4 ærgildi.

**Ærgildisafurð** er afurðaeining. Ein ærgildisafurð telst vera 16,8 kg af dilkakjöti og tilsvarandi verðmæti í kjöti af fullorðnu fé, eða 174 lítrar af mjólk, eða 20 kg af nautakjöti.

**Lögbýli** er skilgreint með sama hætti og í 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 með síðari breytingum.

**Verðlagsár** er tímabilið frá 1. september til 31. ágúst árið eftir.

2. gr.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins ráðstafar eftirgreindu fé til viðfangsefna í landbúnaði:

a) fé sem ríkissjóður leggur fram til þess að mæta áhrifum samdráttar í framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða, sbr. 37. gr. l. nr. 46 27. júní 1985,
b) tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi, sbr. 2. mgr. 34. gr. l. nr. 46 27. júní 1985.

3. gr.

Fé skv. a-lið 2. gr. er stjórn Framleiðnisjóðs heimilt að ráðstafa sem framlögum til þeirra er breyta um búskaparhætti á lögbýlum á árunum 1985-1990. Um eftirfarandi framlög er að ræða:

a. til þeirra sem fella niður eða draga úr framleiðslu mjólkur og/eða sauðfjárafurða til sölu á almennum markaði,
b. til þeirra sem fella niður eða draga úr framleiðslu mjólkur og/eða sauðfjárafurða til sölu á almennum markaði um tiltekinn tíma,
c. til greiðslu afurða, sem falla til við bústofnsbreytingar vegna samdráttar í búrekstri og eru umfram búmark viðkomandi framleiðanda, eða þann hluta þess, sem hann á rétt á grundvallarverði afurðanna fyrir, sé sá hluti ákveðinn lægri en búmark framleiðanda er,
d. til þeirra sem taka upp á lögbýlum annan atvinnurekstur en mjólkurframleiðslu og kjötframleiðslu.

Fyrir framlögum skv. d-lið skulu þeir að öðru jöfnu sitja, sem breyta búvöruframleiðslu sinni skv. a-lið þessarar greinar, eru frumbýlingar, eða hafa lægra búmark en svarar til verðlagsgrundvallarbús sem um er samið skv. 8. gr. l. nr. 46 27. júní 1985.

Framlög skv. a- og b-lið þessarar greinar skulu vera tilteknar upphæðir á hvert ærgildi búmarks, sem viðkomandi framleiðandi afsalar sér.

Með umsókn um framlag skv. d-lið þessarar greinar skal umsækjandi leggja fram stofn- og rekstraráætlun um fyrirhugaðan atvinnurekstur á býlinu. Áætlanir skulu staðfestar af héraðsráðunaut, eða öðrum þeim aðila, sem stjórn Framleiðnisjóðs telur til þess hæfan.

Að fengnum tillögum Framleiðnisjóðs ákveður landbúnaðarráðherra fyrir 1. janúar ár hvert, hver upphæð framlags í hverjum flokki skv. 1. mgr. þessarar greinar skuli vera næsta almanaksár.

4. gr.

Stjórn Framleiðnisjóðs er heimilt að binda framlag vegna búháttabreytinga með kaupum eða leigu á búmarki við 50 ærgildi að lágmarki og 500 ærgildi að hámarki hjá einstökum framleiðanda. Framlag fyrir búmark sem framleiðandi hefur haft, en ekki nýtt með framleiðslu næstliðin fimm verðlagsár, skal ákveðið lægra en framlag á búmark sem nýtt hefur verið á þeim tíma.

Framleiðnisjóður ásamt Framleiðsluráði landbúnaðarins gera, að fenginni heimild landbúnaðarráðherra, samninga við bændur um búháttabreytingar skv. reglugerð þessari. Framleiðnisjóði er heimilt að fela Framleiðsluráði landbúnaðarins eða öðrum aðila frágang samninga þessara og eftirlit með þeim fyrir hönd sjóðsins.

5. gr.

Framleiðnisjóði er heimilt að skipta greiðslum skv. 3. gr. á tveggja ára tímabili frá undirritun samnings um búháttabreytingu sbr. 4. gr.

Leiga fyrir ónotað búmark skv. b-lið 3. gr. skal greidd árlega. Leigutími skal vera a. m. k. fimm ár. Óski viðkomandi framleiðandi að nýta búmarksheimild sína að liðnum fimm árum frá gerð leigusamnings, ber honum að tilkynna Framleiðsluráði það, eigi síðar en tólf mánuðum áður en hann hyggst leggja fyrstu mjólk sína og/eða sauðfjárafurðir inn í afurðastöð og lækkar leiga tilsvarandi við það sem notað er af búmarkinu. Hafi samningur um leigu búmarks staðið óbreyttur í tíu ár, fellur búmarksheimild viðkomandi niður án bóta.

Hefji viðkomandi framleiðslu mjólkur- eða sauðfjárafurða án þess að tilkynna um hana í samræmi vð ákvæði þessarar greinar, skal með hana fara sem aðrar afurðir umfram búmark.

6. gr.

Samningi um sölu eða leigu á búmarki skal þinglýst sem kvöð á viðkomandi jörð.

7. gr.

Óski ábúandi á jörð, sem afsalað hefur búmarki með samningi skv. a-lið 3. gr., eftir að fá búmark að nýju til að hefja framleiðslu mjólkur og/eða sauðfjárafurða, skal með það fara eins og um nýjan framleiðanda þessara afurða væri að ræða. Hið sama gildir, hafi búmarksheimild fallið niður, sbr. 2. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Staðfesting á búmarki og um breytingar á því skal fara eftir búmarksskrá, sem haldin er í samræmi við VII. kafla l. nr. 46 27. júní 1985.

9. gr.

Um ráðstöfun annars fjár Famleiðnisjóðs en hér hefur verið talið sbr. 2. gr., gerir stjórn sjóðsins tillögur til landbúnaðarráðherra. Skal því varið til eflingar nýrra viðfangsefna í landbúnaði, stuðnings við búgreinar, markaðsöflunar og til fjárhagslegrar endurskipulagningar búreksturs á lögbýlum. Fyrirgreiðslu má veita í formi framlaga og lána.

10. gr.

Framleiðnisjóður birtir reikninga sjóðsins árlega í Stjórnartíðindum. Þar skal tekjum af hinu sérstaka fóðurgjaldi, sbr. b-lið 2. gr., og ráðstöfun þeirra haldið sérgreindum. Skal ríkisendurskoðun endurskoða þann hluta reikninga sjóðsins, auk lögboðinna endurskoðenda hans.

11. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 59. gr. laga nr. 46 27. júní 1985.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi þegar í stað.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. október 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

3. október 1985 Nr. 371

# AUGLÝSING

**um umferð í Vestmannaeyjum.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

Á sunnanverðri Vestmannabraut frá Skólavegi að Kirkjuvegi er óheimilt að leggja ökutækjum lengur en 30 mínútur á tímabilinu frá kl. 09.00 til kl. 19.00.

Umferð á Bessastígi víkur fyrir umferð á aðliggjandi götum. Á gatnamótum þar sem Bessastígur liggur að: Vallargötu, Boðaslóð, Hólagötu og Brimhólabraut skal setja upp biðskyldumerkið A-6 í samræmi við framnagreinda ákvörðun.

Við umferðareyju á Básaskersbryggju norðan við Skildingaveg er vinstri beygja bönnuð af syðri akrein.

*Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 3. október 1985.*

**Jón Ragnar Þorsteinsson,** settur.

11. október 1985 Nr. 372

# REGLUGERÐ

**um afnám banns við togveiðum á Hornbanka.**

1. gr.

Frá og með 14. október 1985 er felld úr gildi reglugerð nr. 215 31. maí 1985, um bann við togveiðum á Hornbanka.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

# REGLUGERÐ

**um leyfisbindingu veiða.**

1. gr.

Eftirtaldar veiðar eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðherra:

1. Botnfiskveiðar fiskiskipa 10 brl. og stærri.
2. Rækjuveiðar.
3. Skelfiskveiðar.
4. Humarveiðar.
5. Loðnuveiðar.
6. Sandsílis-, spærlings- og kolmunnaveiðar.
7. Síldveiðar báta 50 lestir og stærri.

2. gr.

Reglugerð þessi breytir í engu þeim leyfum, sem ráðuneytið hefur gefið út fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og í gildi eru.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og ákvæðum laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands og skal með brot farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með áorðnum breytingum og lögum nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. október 1985.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

Nr. 374 3. október 1985

# AUGLÝSING

**um umferð á Akureyri.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið að heimila stæði fyrir tvær leigubifreiðir á Geislagötu, við austurbrún, norðan Gránufélagsgötu, frá kl. 18.00 til 04.00.

Ákvæði auglýsingar þessarar taki gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn á Akureyri, 3. október 1985.*

**Elías I. Elíasson.**

# HAFNARREGLUGERÐ
**fyrir Hafnarfjarðarhöfn.**

## I. KAFLI
**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.
**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Hafnarfjarðarhafnar er fyrir allri strandlengju lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

1.2 Takmörk á sjó eru:
Lína úr Markarkletti við Hraunsnes í Gróttuvita og lína úr Balaklöpp til skurðar við áðurnefnda línu, 5000 m frá meðalstórstraumsfjöruborði á Hraunsnesi.

1.3 Takmörk á landi eru:
Öll strandlengja lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

1.4 Ytri og innri höfn:
Hafnargarðar skipta hafnarsvæði í Hafnarfirði í ytri og innri höfn, en í Straumsvík eru mörk ytri og innri hafnar við línu, sem hugsast dregin frá ysta enda norðurbrúnar hafnarbakkans, í sömu stefnu og hafnarbakkinn, þvert yfir hafnarmynnið, í fjöruborð vesturstrandar Straumsvíkur.

1.4.1. Hafnarsvæði er teljast innri höfn í reglugerð þessari eru:
Í Hafnarfirði: höfnin innan hafnargarða svo og strandlengjan sjávarmegin við eftirfarandi mörk:
Vesturgötu, Fjarðargötu, Strandgötu og Hvaleyrarbraut.
Í Straumsvík: höfnin innan hafnarbakka, fjaran á vesturströndinni og að auki allt landsvæði frá miðjum botni Straumsvíkur og Reykjanesbraut á austurströndinni, sjávarmegin við lóð ÍSAL.
Önnur sjávarsvæði teljast ytri höfn.

1.5 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Hafnarbakka og bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Lóðir, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.
**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Hafnarfjarðarbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

2.2 Hafnarstjórn er kjörin af bæjarstjórn skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda bæjarstjórnar.
Hafnarstjórn skipa fimm fulltrúar og fimm til vara, og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

2.3 Hafnarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna og skal hann vera bæjarfulltrúi. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

2.4 Auk hinna kjörnu fulltrúa skulu bæjarstjóri og hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

3. gr.
**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar.
Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, sbr. 13. gr. hafnalaga, svo og lántökum hafnarsjóðs eða öðrum fjárhagsskuldbindingum, er binda hafnarsjóð lengur en yfirstandandi fjárhagsár.
Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu hafnarstjóra og annarra fastra starfsmanna hafnarinnar.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar. Lóðarleigusamningar skulu þó staðfestir af bæjarstjórn. Hafnarstjórn veitir og leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu, enda hafi tillögurnar fengið umfjöllun skipulagsnefndar. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.
**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer hann með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar. Hann veitir hafnarstjórn og bæjaryfirvöldum upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs.
Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlíta fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.
**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.2 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI

**Umferð skipa.**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip er unnin af starfsmönnum hafnarinnar í umboði hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip sem koma til hafnar oftar en vikulega, í síðasta lagi 1 klst. fyrir komu á ytri höfn. Hafnsöguskyld skip skulu tilkynna brottför með minnst 3 klst. fyrirvara og allar breytingar á fyrri tilkynningum, strax og ákveðnar eru. Skip sem lætur úr höfn án hafnsögumanns, skal tilkynna brottför til hafnsögumanna.

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarskrifstofu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasta viðkomustað.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjölda farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

**Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.**

8.1 Sérhvert skip, sem ætlar til Hafnarfjarðar og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að ½ sjómílu út fyrir ystu mörk hafnarinnar (Valhúsabauju), ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Um réttarstöðu hafnsögumanna vísast til laga um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

8.2 Ekkert erlent skip má fara inn í innri höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns. Íslensk skip, sem flytja mikið magn af hættulegum varningi skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, eða um innri höfnina svo og önnur íslensk flutningaskip og

fiskiskip lengri en 60 metrar (mesta lengd), nema skipstjórar slíkra skipa hafi hafnsöguréttindi.

Skilyrði fyrir veitingu þeirra er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar s. l. 2 ár og komið næstliðið ár a. m. k. 6 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þá siglingu.

Hafnarstjóri veitir hafnsöguréttindi.

Þá skal stjórnbúnaður skips vera fullnægjandi að mati hafnarstjóra. Veiting hafnsöguréttinda skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náið talstöðvarsamband við hafnsögumenn og hlíta í einu og öllu fyrirmælum þeirra, ella má svipta þá réttindum fyrirvaralaust.

Heimilt er að veita þeim sem áður hafa gegnt hafnsögustörfum hjá Hafnarfjarðarhöfn hafnsöguréttindi.

Nú hefur skipstjóri ekki gegnt skipstjórnarstörfum í 2 ár og falla réttindi samkvæmt grein þessari þá niður.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8.3 Starfsmenn hafnarinnar veita dráttarbátaaðstoð, sjá um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla eftir aðstæðum hverju sinni. Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og á ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við taug, eða fyrirmælum stjórnanda skipsins, er aðstoðar nýtur, og þar til taug er sleppt eða fyrirmæli gefin um að aðstoð sé lokið. Hafnsögumaður skal vera í skipi, er það nýtur aðstoðar dráttarbáts.

9. gr.
**Umferð um höfnina.**

9.1 Skipstjóri sem ekki hefur hafnsögumann um borð skal með talstöðvarsambandi við hafnarskrifstofu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann heldur inn á innri höfn. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

9.2. Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 4 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar siglt er nálægt smábátum og farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

9.3 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

9.4 Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfninni, nema umferð eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

9.5 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

9.6 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

9.7 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.

9.8 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.

10. gr.

**Skip í viðlegu.**

10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

10.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

10.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnsögumanna, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnsögumenn skipa svo fyrir.

Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnsögumenn hafa fyrirskipað, er hafnsögumönnum heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

10.5 Í farmskipum og stærri fiskiskipum er liggja í höfn skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti fyrirmælum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þau. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarskrifstofu nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

10.6 Hafnsögumenn ákveða legur fyrir minni fiskibáta og/eða skemmtibáta við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar bátur er sjósettur eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarskrifstofu. Bátar þessir eru á ábyrgð eigenda, sama hvort þeir eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

11. gr.

**Skip í lægi.**

11.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

11.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnsögumenn leyfa. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnsögumanns og legufæri ákveðin í samráði við hann.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann tilkynna hafnarskrifstofu um siglingafróðan mann, sem búsettur er í Hafnarfirði sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnsögumaður til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði misbrestur á því, skal hafnsögumaður láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## III. KAFLI

## Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

### 12. gr.

### Lestun og losun, almennt.

12.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.

12.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

12.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

12.4 Á hafnarskrifstofu skal færa skrá yfir þungalyftinga- og flutningatæki og annan búnað, sem notaður er við höfnina.

Eigendur slíkra tækja skulu sækja um leyfi til notkunar þeirra á hafnarsvæðinu hjá hafnarstjóra, m. a. sökum þungatakmarkana á hafnarsvæðinu.

12.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

12.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og á ábyrgð eigenda eða umboðsmanns hans.

12.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

12.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

### 13. gr.

### Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

13.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.

13.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.
Hlíta skal ákvæðum reglugerðar um brunavarnir og brunamál nr. 269/1978.

13.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Öll meðferð opins elds er bönnuð í þeim skipum, sem flytja eldfim efni. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

**Um hafnargjöld í Hafnarfirði.**

14. gr.

**Um hafnargjöld.**

14.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt:
a) Gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnalaga.
b) Þjónustugjaldskrá, er hafnarstjórn setur.

V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

15. gr.

**Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.**

15.1 Lögreglan í Hafnarfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

15.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má bifreiðastöður og ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Fólk sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð. Bannað er að iðka sund, vera á sjóskíðum, seglbrettum eða þess háttar á hafnarsvæðinu án leyfis, nema á þar til afmörkuðum svæðum. Köfun er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

15.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

16. gr.
**Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.**

16.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Ef ekki reynist unnt að færa skipið úr stað eða ef ljóst er að slíkt svarar ekki kostnaði, er hafnarstjóra heimilt að láta eyða skipinu á viðeigandi hátt.

Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

16.2 Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda eða eyða þeim á viðeigandi hátt, ef eigandi finnst ekki, án nokkurrar skaðabótaskyldu.

17. gr.
**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

17.1 Ekki má kasta í höfnina, þar með talin ytri höfn, kjölfestu, sorpi, dauðum fiski, fiskúrgangi, vírum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarstjóri vísar til.

17.2 Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

17.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

18. gr.
**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

18.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

19. gr.
**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

19.1 Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5.

Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipuna sjálfur.

20. gr.
**Um skaðabótaskyldu.**

20.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.
Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

20.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.
Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

21. gr.
**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

21.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Hafnarfjarðar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

21.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjörð nr. 51, 26 mars 1971 með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

29. september 1985 Nr. 376

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Sandgerðishöfn.**

I. KAFLI
**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.
**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Takmörk hafnarinnar eru: Hafnarsvæðið er öll Sandgerðisvík, ásamt víkum og vogum, sem takmarkast að sunnan af Búðarhólma, Munkasetri og áframhaldandi af Býjarskerseyri, en að norðan bein lína úr Þorvaldi í fjörumörk milli Sandgerðis og Flankastaða.

2. gr.
**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Miðneshreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar.
Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í sveitarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.
**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.
Hafnarstjórn skal leita staðfestingar sveitarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitastjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða sveitastjórnar komi til.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.
**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar.
Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

**Umferð skipa.**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Sandgerðishafnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.
Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.
Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.
Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Sandgerði, og hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## III. KAFLI

## Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

### 11. gr.

### Lestun og losun, almennt.

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða, án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

### 12. gr.

### Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggja að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natríumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.

Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI

## Um hafnargjöld í Sandgerði.

### 13. gr.

### Um hafnargjöld.

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

### 14. gr.

### Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

14.1 Lögreglan í Gullbringusýslu hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.

Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.

Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

### 15. gr.

### Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningstæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.,

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.
**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Miðneshrepps.
Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Sandgerðishöfn nr. 123/1973.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

Nr. 377 29. september 1985

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Vestmannaeyjahöfn.**

I. KAFLI
**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.
**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Höfnin skiptist í:
A: Ytri höfn.
B: Innri höfn.
C: Önnur hafnarsvæði.

**Takmörk á sjó.**

1.2 Innri höfn er hinn svokallaði Botn, og takmarkast af skjólgörðum á Hringsskeri og Hörgaeyri og landinu í kring.

1.3 Ytri höfn takmarkast af Heimakletti, Ystakletti að Klettsnefi og línu þaðan í hraunkantinn gegnt Klettsnefi (Skeglutanga).

1.4 Hafnarsvæðið er austan við Heimaey, en hafnarlegan er norðan við Heimaey.

1.5 Hafnarsvæðið (án akkerislegu) er austan Heimaeyjar og nær yfir svæðið sem myndast innan við línur sem dregnar eru frá norðurkanti hraunsins gegn Klettsnefi (Skeglutanga) á miðja Bjarnarey að vestanverðu, þaðan í Elliðaey að norðvestan, þaðan í Faxasker, þaðan í Ystaklett og meðfram honum í Klettsnef, og úr því í hraunkantinn móti Klettsnefi (Skeglutanga).

1.6 Norðurlegan nær yfir svæðið sem myndast innan við línur, sem dregnar eru úr Faxaskeri í Ystaklett, með honum og Heimakletti, Eiði, Klifi og Dalfjalli.

1.7 Norðurlegan (án akkerislegu) nær yfir svæði sem myndast innan við línur sem dregnar eru úr Faxaskeri í Ystaklett, með honum og Heimakletti og hluta af eiði, að línu sem dregin er í miðinu, vestasti Eiðisdrangurinn í turninn á Landakirkju (vestasti Eiðisdrangurinn miðast í rv. 183 gráður í þessu miði).

**Takmörk á landi.**

1.8 Skansinn, Þaðan í Strandveg.
Norðan Strandvegar að Kirkjuvegi.
Vestan Kirkjuvegar að Miðstræti.
Norðan Miðstrætis að Bárugötu.
Austan Bárugötu að Strandvegi.
Norðan Strandvegar að Heiðarvegi.
Vestan Heiðarvegar að Faxastíg.
Norðan Faxastígs að Hlíðarbrekkum.

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Vestmannaeyjabær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

2.2 Hafnarstjórn er kjörin af bæjarstjórn, skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda bæjarins.
Hafnarstjórn skipa 5 fulltrúar og 5 til vara, og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri, bæjartæknifræðingur og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

2.4 Hafnarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Kjósa má bæjarstjóra eða hafnarstjóra sem formann hafnarstjórnar. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar.
Leita skal staðfestingar bæjarstjórnar á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs, gjaldskrá fyrir þjónustu, sbr. 13. gr. hafnarlaga, svo og lántökum hafnarsjóðs eða öðrum fjárhagsskuldbindingum, er binda hafnarsjóð lengur en yfirstandandi fjárhagsár. Tillögur hafnarstjórnar í þessum málum skulu lagðar fram í bæjarráði til kynningar, áður en þær eru bornar upp í bæjarstjórn.
Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar um ráðningu hafnarstjóra, en ræður sjálf aðra fasta starfsmenn hafnarinnar.

3.2 Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.
Hafnarstjórn veitir leyfi til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða, fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn fer með í samráði við bæjartæknifræðing og skipulagsnefnd, skipulagsmál á hafnarsvæðinu og sér um innkaup og verksamninga fyrir höfnina. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar, áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar.
Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar og sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar.
Hann veitir hafnarstjórn og bæjaryfirvöldum upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt.
Hann er yfirmaður allra starfsmanna hafnarinnar.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar, og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri gerir tillögur til hafnarstjórnar um ráðningar fastra starfsmanna, en sér um ráðningu annarra starfsmanna.

4.4 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eigum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.2 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Telji einhver sig órétti beittan af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun hafnarstarfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

**Umferð skipa.**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningstæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip er unnin af hafnarverði og/eða undir stjórn hans í umboði hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar (rás 12 VHF).

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara og allar breytingar á fyrri tilkynningum strax og ákveðnar eru. Skip sem lætur úr höfn án hafnsögumanns, skal tilkynna brottför til hafnarvarðar.

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarstarfsmönnum eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt bréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.

— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan flutning, tegund og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns og útgerðar.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

**Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.**

8.1 Sérhvert skip, sem ætlar til Vestmannaeyjahafnar og not vill hafnsögumann, skal gera honum boð um það með minnst 3 klst. fyrirvara. Vísar þá hafnsögumaður skipinu til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er komið í viðlegu. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu, að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl. Meðan hafnsögumaður dvelur um borð, ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

Um réttarstöðu hafnsögumanna vísast til laga um leiðsögu skipa nr. 48/1933.

8.2 Ekkert erlent skip má fara í innri höfnina eða út úr henni, án hafnsögumanns. Íslensk skip, sem flytja mikið magn af hættulegum varningi, skulu taka hafnsögumann við siglingu inn í, út úr, eða um innri höfnina svo og önnur íslensk flutningaskip og fiskiskip stærri en 500 brl., nema skipstjórar slíkra skipa hafi hafnsöguréttindi.

Skilyrði fyrir veitingu þeirra, er að skipstjóri hafi siglt viðkomandi eða sambærilegu skipi reglulega til hafnarinnar s. l. 5 ár, og komið næst liðið ár a. m. k. 12 sinnum til hafnarinnar og ekkert verið athugavert við þá siglingu.

Réttindin gilda einungis til siglingar á það eða þau hafnarsvæði, sem viðkomandi hefur reglulega komið á.

Veiting hafnsöguréttinda, skuldbindur viðkomandi skipstjóra til að hafa náið talstöðvarsamband við höfnina og hlíta í einu og öllu fyrirmælum vakthafandi hafnsögumanns, ella má svipta þá réttindum fyrirvaralaust.

Heimilt er að veita þeim sem áður hafa gegnt hafnsögustörfum hjá Vestmannaeyjahöfn hafnsöguréttindi.

Hafnarstjóri getur veitt undanþágu frá hafnsöguskyldu, ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

8.3 Höfnin veitir dráttarbátaaðstoð, sér um bindingu skipa, vatnsafgreiðslu og tengingu rafmagns. Hafnsögumaður ákveður notkun báta og mannafla hverju sinni.

Dráttarbátar hafnarinnar eru í þjónustu og ábyrgð þess skips, er þeir aðstoða, frá því þeir taka við fyrirmælum stjórnanda skipsins er aðstoðar nýtur, og þar til fyrirmæli eru gefin um að aðstoð sé lokið.

9. gr.

**Umferð um höfnina.**

9.1 Skip sem ekki hefur hafnsögumann um borð, skal með talstöðvarsambandi við hafnarvörð (á rás 12) fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann heldur inn á innri höfn. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

9.2 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 4 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfir. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

9.3 Óheimilt er að láta vél skips með skrúfu í sambandi, ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.
9.4 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
9.5 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
9.6 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.
9.7 Ekkert skip má liggja fyrir akkerum á innri höfninni, nema með leyfi hafnarstjóra.
9.8 Þegar skip er bundið við bryggju eða hafnarbakka, er stranglega bannað að hafa uppi siglingarljós.

10. gr.

**Skip í viðlegu.**

10.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
10.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
10.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.
10.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innanhafnar án leyfis hafnarvarðar eða hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður eða hafnarstjóri skipar svo fyrir.
Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarvörður eða hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er þeim heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
10.5 Hafnarvörður og hafnarstjóri ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki, eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarverði. Skip þessi eru á ábyrgð eiganda, sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smátbátaeiganda umsýslu á ákveðnum svæðum, undir eftirliti hafnarvarðar samkvæmt nánari reglum.

III. KAFLI.

**Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.**

11. gr.

**Lestun og losun almennt.**

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands, er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.
11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.
11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni, til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu án leyfis hafnaryfirvalda.

11.5 Þeir munir eða vörur sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar eða á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar eða hafnarstjóra. Þeir geta flutt vörur og muni sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.6 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa ekki gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.

11.7 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

**Meðferð eldfims og hættulegs varnings.**

12.1 Skip sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýsingi (flöskugas) eða efni sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni, ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt IMDG (International Martime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3. 4 og 5. Í tilkynningu skal greina frá tækniheiti efna og UN—tölu þeirra skv. IMDG—reglum, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbít, ammoníumnítrat, natrimklorat.

12.2 Losun á vörum sem um ræðir í þessari grein, skal að jafnaði framkvæma strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestast síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eldfimrar vöru, getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Vestmannaeyjar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru, fari fram við sérstaka hafnarbakka þar sem tryggast er talið.

Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri eða viðkomandi eftirlitsstofnun samþykkir.

Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðinu.

Skip sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI
## Um hafnargjöld í Vestmannaeyjahöfn.

### 13. gr.
### Um hafnargjöld.

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt:
a) Gjaldskrá er samgönguráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. 13. gr. hafnarlaga.
b) Þjónustugjaldskrá er hafnarstjórn setur og staðfest er af bæjarstjórn.

## V. KAFLI
## Ýmis ákvæði.

### 14. gr.
### Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

14.1 Lögreglan í Vestmannaeyjum hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun eða losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Hafnarstjórn getur sett hraða og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu.
Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

### 15. gr.
### Skip, bátar og hlutir í hirðuleysi.

15.1 Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði og hættu, þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti án nokkurrar skaðabótaskyldu.

### 16. gr.
### Varnir gegn mengun og óþrifnaði.

16.1 Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarvörur vísar til.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.
Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.
Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.
Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.
**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.
Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.
**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 Hverja þá skipun sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 10.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.
**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldur vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.
Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum dómkvöddum mönnum.
Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.
Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnarlaga.

20. gr.
**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í Hafnarsjóð Vestmannaeyja. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum, má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnarlaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála, og skulu þau rekin fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja.
Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnarlögum nr. 69, 29. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn frá 4. mars 1975.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Eskifjarðarhöfn.**

## I. KAFLI

**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.

**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Eskifjarðarhafnar er fyrir allri strandlengju Eskifjarðar og er nánar lýst þannig:

1.2 Takmörk á sjó eru:
Eskifjarðarhöfn takmarkast af línu, er hugsast dregin frá Hólmanestá yfir fjörðinn að vestanverðri Stekkseyri.

1.3 Takmörk á landi eru:
Frá Hólmanestá að Merkisteini á Hólmaströnd ræður stórstraums flóðborð. Frá Merkisteini að Bleiksá ræður sjávarbrún þjóðvegar. Frá Bleiksá að Mjóeyri ræður syðri brún Strandgötu. Frá innri Mjóeyrarvík að vestanverðri Stekkseyri ræður stórstraumsflóðborð.

1.4 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Eskifjarðarbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytis.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara er bæjarstjórn kýs. Minnst tveir aðalmenn í hafnarstjórn skulu eiga sæti í bæjarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann er boðar hana til funda og stjórnar þeim. Hann undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.
Hafnarstjórn skal leita staðfestingar bæjarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.

— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Honum ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI

**Umferð skipa.**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 *Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Eskifjarðarhafnar.*

7.3 *Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.*

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.
**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni *hvar* binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.
**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.
Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er

hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá *hafnarvörðum* nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það *hafnarvörðum*. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, *enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.*

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er á *Eskifirði* og hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

III. KAFLI

**Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.**

11. gr.

**Lestun og losun, almennt.**

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjórn getur sett hraða — og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eigenda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þess eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

**Meðferð eldfims og hættulegs varnings.**

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki *leggjast að bryggju,* fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.
Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natríumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.
Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI

**Um hafnargjöld á Eskifirði.**

13. gr.

**Um hafnargjöld.**

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

14. gr.

**Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.**

14.1 Lögreglan á Eskifirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

**Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.**

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar á kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, *bryggjur,* flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.
Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka aðrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvanlega frá þessum atriðum.
Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.
Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 *Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipsstjóra,* en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.
Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.
Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Eskifjarðar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Eskifjörð nr. 148/1975.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

Nr. 379 29. september 1985

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Neskaupstaðarhöfn.**

## I. KAFLI

**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.

**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Neskaupstaðarhöfn tekur yfir Norðfjörð vestan línu sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes. Skiptist höfnin í ytri og innri höfn.

1.2 Ytri höfnin tekur yfir svæðið frá ytri takmörkum hafnarinnar að fjarðarbotni. Í henni er hafnarlega og allt viðlegupláss meðfram strandlengjunni norðanverðri frá Neseyri að Vindheimi.

1.3 Innri höfnin er allt hafnarsvæðið, viðlegupláss og smábátahöfn innan ytri takmarka sjóvarnargarða, er ganga í sjó fram úr fjarðarbotninum.

1.4 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
- Bryggjur
- Afgreiðslusvæði
- Götur
- Iðnaðarsvæði

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Neskaupstaður er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð fimm fulltrúum, er bæjarstjórn kýs. Þrír aðalmanna í hafnarstjórn skulu eiga sæti í bæjarstjórn. Varamenn skal kjósa fyrir hina tvo . Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til staðfestingar. Hafnarstjórn skal leita staðfestingar bæjarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
- Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
- Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
- Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar.
Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.
4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.
**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.
5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.
5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI
**Umferð skipa.**

6. gr.
**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.
**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Neskaupstaðarhafnar.
7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarðar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.
7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
- Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
- Nafn skipstjóra.
- Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
- Tegund og magn farms.
- Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
- Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
- Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.
**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.
**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.
Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.
Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.
**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.
Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.
Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er í Neskaupstað, og hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## III. KAFLI

## Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

### 11. gr.

### Lestun og losun, almennt.

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða, án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

### 12. gr.

### Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.
Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.
Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natríumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.
Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós, nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI

## Um hafnargjöld Í Neskaupstað.

### 13. gr.

### Um hafnargjöld.

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

### 14. gr.

### Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

14.1 Lögreglan í Neskaupstað hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

### 15. gr.

### Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að

láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora og/eða annað sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.
Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.
**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Neskaupstaðar.
Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað nr. 73/1971.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

29. september 1985 Nr. 380

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Seyðisfjarðarhöfn.**

## I. KAFLI
**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.
**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Seyðisfjarðarhafnar er fyrir mest allri strandlengjunni í innanverðum Seyðisfirði og er nánar lýst þannig:

1.2 Takmörk á sjó eru:
Seyðisfjarðarhöfn nær yfir Seyðisfjörð innanverðan, vestan línu sem hugsast dregin milli Grjótgarða að sunnan og Grýtár norðan fjarðar.

1.3 Takmörk á landi eru:
Frá Grýtá að norðan, allt svæði sjávarmegin Vestdalseyrarvegar og Ránargötu að lóð Vélsmiðjunnar Stál. Frá Vélsmiðjunni Stál allt svæði austan lóðamarka húsa við Öldugötu að Framnesi. Áframhaldandi bein lína í Austurveg (stórstraumsfjöruborð). Úr stórstraumsfjöruborði framan við Austurveg 17B (Borgarhóll) lína í brú á Búðará. Áfram svæði sjávarmegin Hafnargötu og Strandvegar allt að Grjótgörðum að sunnan.

1.4 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Seyðisfjarðarkaupstaður er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum, er bæjarstjórn kýs og jafnmörgum til vara. Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í bæjarstjórn.
Hafnarstjórn skal kosin árlega á júnífundi.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.
Hafnarstjórn skal leita staðfestingar sveitarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Heimilt er að bæjarstjóri sé jafnframt hafnarstjóri. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI

**Umferð skipa.**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 *Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Seyðisfjarðarhafnar.*

7.3 *Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.*

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarverði eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni *hvar* binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.
8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.
**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.
9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.
9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.
9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.
9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.
Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá *hafnarvörðum* nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.
9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það *hafnarvörðum.* Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.
**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.
10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, *enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.*
Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.
Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er á *Seyðisfirði* og hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## III. KAFLI

## Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

### 11. gr.

### Lestun og losun, almennt.

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 *Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.*

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

### 12. gr.

### Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki *leggjast að bryggju,* fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat,, natríumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IV. KAFLI

**Um hafnargjöld á Seyðisfirði.**

13. gr.

**Um hafnargjöld.**

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

14. gr.

**Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.**

14.1 Lögreglan á Seyðisfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.
14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.
14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.
14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.
14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

**Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.**

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, *bryggjur,* flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 *Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra,* en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.,

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Seyðisfjarðar. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjörð nr. 151/1962.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

Nr. 381 29. september 1985

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Kópaskershöfn.**

## I. KAFLI

**Höfnin og stjórnun hennar.**

1. gr.

**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Kópaskershafnar nær frá suðurenda Randarinnar til norðurs eftir ströndinni að línu sem hugsast dregin til vesturs út í sjó sunnan Bakkagötu 13 (Steinnes) í beinu framhaldi af Bakkagötu.

1.2 Takmörk á landi eru:
Að austan Randarbrún að vestan, að norðan fjörubakki sunnan Bakkagötu 3—5 og að Bakkagötu vestan lóðar Bakkagötu 5 og að línu sem hugsast dregin til vesturs frá Bakkagötu í sjó.

1.3 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Presthólahreppur er eigandi hafnarinnar. Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar.
Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara.
Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í sveitarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga oddviti eða sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Hafnarstjórn skal leita staðfestingar sveitarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhags-skuldbindingum.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:

— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.

— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.

— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginga-nefndar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.

Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða sveitarstjórnar komi til.

Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar.

Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar.

Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaups-menn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI

## Umferð skipa.

### 6. gr.

### Skilgreining á skipi.

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

### 7. gr.

### Almennar reglur við komu og brottför.

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 *Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Reyðarfjarðarhafnar.*

7.3 *Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.*

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

### 8. gr.

### Umferð um höfnina.

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni *hvar* binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.
**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.
Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.
Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá *hafnarvörðum* nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það *hafnarvörðum.* Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.
**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir.
Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, *enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.*
Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.
Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.
Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er á *Kópaskeri* og hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## III. KAFLI

**Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.**

11. gr.

**Lestun og losun, almennt.**

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á verðmætum sem geymd eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjóra er heimilt að setja hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu og veita undanþágu frá þeim í sérstökum tilfellum.

11.5 Öllum er óheimilt að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða, nema til komi leyfi hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

**Meðferð eldfims og hættulegs varnings.**

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki *leggjast að bryggju,* fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natríumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í grein 12.1 skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóða-

siglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.

Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI

### Um hafnargjöld á Kópaskeri.

13. gr.

**Um hafnargjöld.**

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

14. gr.

**Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.**

14.1 Lögreglan á Kópaskeri hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.

Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.

Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

**Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.**

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, *bryggjur,* flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.
**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.
**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.
**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 *Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra,* en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.
**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.,

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.
**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Kópaskers.
Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Kópaskerskauptún nr. 165/1977.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

29. september 1985 Nr. 382

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Dalvíkurhöfn.**

## I. KAFLI
**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.
**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Dalvíkurhafnar er við vestanverðan Eyjafjörð, og nær yfir Böggvisstaðasand og Upsaströnd og er nánar lýst þannig:

1.2 Takmörk á sjó eru:
Dalvíkurhöfn takmarkast á sjó af línu sem hugsast dregin frá Hálshöfða að Sauðanestá á Upsaströnd.

1.3 Takmörk á landi eru:
Frá Hálshöfða sunnan Dalvíkur að Svarfaðardalsá, sem fellur í sunnanverða víkina og þaðan með Böggvisstaðasandi að suðurhafnargarði ræður stórstraumsflóðborð.
Frá suðurgarði að norðurgarði markast höfnin við vesturbrún akvegar á milli garðanna.
Frá norðurgarði að Brimnesá ræður austurbrún vegar á sjávarkambinum og frá Brimnesá að Sauðanestá á Upsaströnd ræður stórstraumsflóðborð.

1.4 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Bryggjur.
— Afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Baksvæði.

1.5 Umsagnarsvæði hafnarstjóra.
Austurmörk: Gatnamót Mýrargötu og Ránarbrautar. Síðan beggja vegna Ránarbrautar að syðrigarði, þaðan neðan Hafnarbrautar að Karlsrauðatorgi og þaðan lóðir beggja vegna Ránarbrautar að Brimesá.

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Dalvíkurbær er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum og jafnmörgum til vara er bæjarstjórn kýs. Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í bæjarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétti.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til staðfestingar.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar.
Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnarlaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjórn en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

**Umferð skipa.**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarstarfsmönnum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Dalvíkurhafnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eða hafnarstjóra eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarstjóra eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.
Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni. að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.
Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarstjóra nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarstjóri ákveður legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarstjóra. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir.
Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.
Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur er á Dalvík er og hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## III. KAFLI

### Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

11. gr.

**Lestun og losun, almennt.**

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjórn getur sett hraða — og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

**Meðferð eldfims og hættulegs varnings.**

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natríumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lesun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.
Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI

## Um hafnargjöld á Dalvík.

### 13. gr.

### Um hafnargjöld.

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

### 14. gr.

### Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

14.1 Lögreglan á Dalvík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

### 15. gr.

### Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á

því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari. Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvanlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 Hverja þá skipum, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Dalvíkur. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Dalvík nr. 157/1950, ásamt síðari breytingum.

21. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

21.1 Þar til gengið hefur verið frá gjaldskrá samkv. 13. gr. hafnarlaga gilda núverandi gjaldskrár.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S Valdimarsson.*

Nr. 383 29. september 1985

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Skagastrandarhöfn.**

## I. KAFLI

**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.

**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Skagastrandarhafnar tekur yfir svæði bæði á landi og sjó.

1.2 Takmörk á sjó eru lína sem hugsast dregin 300 m frá Höfðatá í réttvísandi vestur. Önnur lína frá vesturenda þessarar línu, því sem næst réttvísandi suður í Djúpnagg (fremsta djúpskerið) og þaðan til lands í Hrafnárós.

1.3 Takmörk á landi eru lína sem hugsast dregin frá eystri kanti Skúffugarðs og uppfyllingar upp að Strandgötu neðan við Lund og fylgir síðan syðri kanti Strandgötu og Einbúastígs að Sundlaugarhorni. Þaðan lína upp að Höfðanum sem fylgir rótum hans ofan frystihúss, hafnarhúss og lifrarbræðslu og þaðan í Höfðatá.

1.4 Hafnarsvæði er teljast innri höfn í reglugerð þessari eru innan línu sem dregin er frá syðri enda hafnargarðs í Árbakkastein. Önnur sjávarsvæði teljast ytri höfn.

1.5 Landssvæði hafnarinnar skiptast í:
— Hafnarbakka og bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.
**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Höfðahreppur er eigandi hafnarinnar og hreppsnefnd fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarnefnd fer með framkvæmd hafnarmála í umboði hreppsnefndar. Hafnarnefnd skal skipuð 3 fulltrúum, er hreppsnefnd kýs og jafn mörgum til vara.
Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu.
Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarnefnd.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarvörður sæti í hafnarnefnd með málfrelsi og tillögurétti.

2.4 Hafnarnefnd kýs formann úr hópi kjörinna hafnarnefndarmanna og skal hann vera aðalfulltrúi. Hafnarnefnd skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.
**Hlutverk og valdssvið hafnarnefndar.**

3.1 Hafnarnefnd er ábyrg fyrir fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Hún ákveður gjaldskrá í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnarlaga, gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, sem hreppsnefnd skal staðfesta. Ennfremur skal hún leita staðfestingar hreppsnefndar á lántökum og öðrum fjárskuldbindingum til langs tíma.

3.2 Hafnarnefnd hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar.
— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Byggingamál og skipulagsmál hafnarinnar, þ. á. m. innkaup og verksamningar, skulu hljóta umfjöllun í hafnarnefnd áður en þau eru lögð fyrir hreppsnefnd. Hafnarnefnd hefur með höndum eftirlit með byggingu mannvirkja á hafnarsvæðinu sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.
**Hlutverk hafnarvarðar.**

4.1 Hafnarvörður sem ráðinn er af hreppsnefnd að fenginni tillögu hafnarnefndar fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarnefndar. Formaður hafnarnefndar undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarnefnd og veitir viðtöku erindum til hennar.
Hafnarvörður sér um framkvæmd samþykkta hafnarnefndar og veitir henni og hreppsnefnd upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs.

4.2 Hafnarvörður skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnarlaga og hafnarreglugerðar sem og erindisbréfs, og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarnefndar og hreppsnefndar.

4.3 Hafnarvörður sér um, að gætt sé reglu í höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

II. KAFLI

**Umferð skipa.**

5. gr.

**Skilgreining á skipi.**

5.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað þar með taldir kafbátar.

6. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

6.1. Við komu og brottför skulu farskip hafa þjóðfána við hún.

6.2 Þjónusta við skip er unnin af skipaþjónustu í umboði hafnarvarðar. Farskip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar.

6.3 Sérhvert farskip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.

6.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa eftirfarandi upplýsingar:
— Skipsnafn, heimahöfn, stærð samkvæmt mælibréfi.
— Djúprista og síðasti viðkomustaður.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjöldi farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan varning, tegund og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

Reglur þessar gilda ekki um herskip, varðskip, rannsóknarskip og fiskiskip né um áætlunarskip nema eftir því sem við á.

6.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipsstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

7. gr.

**Hafnsaga og önnur þjónusta við skip.**

7.1 Sérhvert skip, sem ætlar til Skagastrandarhafnar og nota vill hafnsögumann, skal gera boð um það til skipaþjónustu með minnst 3 klst. fyrirvara. Er hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að 1 sjómílu undan Spákonufellshöfða, ef skipstjóri æskir þess. Vísar þá hafnsögumaður skipinu leið til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagst við festar í höfninni. Heimilt er hafnsögumanni meðan hann hefur ekki lokið starfi sínu að banna hverjum þeim sem ekki á lögmætt erindi að koma á skipsfjöl.

8. gr.

**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem ekki hefur hafnsögumann um borð skal með talstöðvarsambandi við skipaþjónustu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann heldur inn á innri höfn. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 5 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar

farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

8.3 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hætta af því.

8.4 Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

8.5 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.6 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.7 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni.

8.8 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

9. gr.

**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst i viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka.

9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa hlífar milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarvörður krefst þess.

Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggju eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burt vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir.

Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Liggi skip á innri höfninni án þess að nokkuð sé unnið við það, getur hafnarvörður krafist þess, að það sé tekið burtu.

Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Á sérhverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið getur á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.

Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarverði að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá skipaþjónustu nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarvörður ákveður legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal tilkynna það skipaþjónustu. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarvarðar samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarvörður leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarvarðar og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.

## III. KAFLI

**Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða**

11. gr.

**Lestun og losun, almennt.**

11.1 Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarnefnd ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu án leyfis hafnaryfirvalda.

11.5 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar heldur en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarvörður getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.6 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

**Meðferð eldfims og hættulegs varnings.**

12.1 Skip sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki koma inn á innri höfnina, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt International Maritime Dangerous Goods Code flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina nafn á varningi, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toulol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítral, natríumklorat.

12.2 Losun á vörum, sem um ræðir í þesari gr. skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarvörður að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Höfðahrepp.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarvörður getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarvörður eða viðkomandi eftirlitsstofnun samþykkir.

Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu hættulegra efna á hafnarsvæðum.

Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI

## Um hafnargjöld á Skagaströnd.

### 13. gr.

### Um hafnargjöld.

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga. Séu þau ekki greidd á gjalddaga skulu reiknaðir dráttarvextir á skuldina samkvæmt nánari ákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði

### 14. gr.

### Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

14.1 Lögreglan í Húnavatnssýslum hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.

Hafnarnefnd getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu.

Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin ábyrgð. Sund er bannað á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.

14.5 Hafnarverði skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

### 15. gr.

### Skipsflök og hlutir í hirðuleysi.

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar tálmar greiðri notkun hafnarinar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og veldur óþrifnaði og hættu þá skal hafnarvörður fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hluti á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, vöruleifum, umbúðum, eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður vísar til.

16.2 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarverði að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur,má ákveða þær af tveimur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð nema fullnægjandi trygginga sé sett fyrir greiðslu, að dómi hafnarstjóra.

Hvers konar bótakröfum fylgir lögtaksréttur.

20. gr.

**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Höfðahrepps.

Til tryggingar sektum er kyrrsetning heimil.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað nr. 94, 1961 með síðari breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

3. október 1985 Nr. 384

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Minjavernd, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum, af dómsmálaráðherra 3. október 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir sjálfseignarstofnunina Minjavernd.**

1. gr.

**Nafn og heimili.**

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar er Minjavernd.

Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

**Tilgangur.**

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleifa hvarvetna á Íslandi, sem hafa menningarsögulegt gildi í víðtækasta skilningi. Í því skyni er sjálfseignarstofnuninni heimilt að kaupa og selja eignir, veita styrki eða lán og eiga samstarf við einstaklinga, félagasamtök, sveitarfélög og ríki eða stofnanir þess.

3. gr.

**Stofnfé.**

Sjálfseignarstofnunin tekur við öllum réttindum, samningum og eignum Torfusamtakanna, Reykjavík, þar á meðal réttindum samtakanna yfir lóðum á Bernhöftstorfu og mannvirkjum á þeim skv. samningi Torfusamtakanna við ríkissjóð dags. 20. nóvember 1979. Jafnframt tekur sjálfseignarstofnunin við öllum skyldum Torfusamtakanna vegna framangreindra eigna, svo og rekstri þeirra. Einnig yfirtekur stofnunin kaup- og sölusamninga að Vesturgötu 5, ásamt réttindum og skyldum sem þeim fylgja. Yfirtaka réttinda og skuldbindinga skal fara fram hinn 10. apríl 1985 og eigi síðar en 10. maí skal liggja fyrir efnahagsreikningur sem sýni með nákvæmni öll framangreind réttindi og skuldbindingar, sem yfirtakan nær til. Skal efnahagsreikningur þessi gerður af löggiltum endurskoðanda Torfusamtakanna.

4. gr.

**Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.**

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og varamönnum þeirra. Skulu þeir tilnefndir til þriggja ára í senn.

Stofnendur tilnefna í stjórn þannig. Stjórn Torfusamtakanna tilnefnir tvo menn í stjórn og varamenn þeirra. Fjármálaráðherra tilnefnir tvo menn og varamenn þeirra og Þjóðminjasafn Íslands tilnefnir einn mann í stjórn og varamann hans.

Stjórnin velur sér sjálf formann og varaformann.

Stjórnin skal vinna að markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og sjá um að rekstur hennar sé í samræmi við markmiðin.

Stjórninni er heimilt að ráða sjálfseignarstofnuninni framkvæmdastjóra og veita honum fullt prókúruumboð.

Stjórnin skal láta gera skýrslu árlega í apríl um verkefni og störf á síðasta almanaksári og um fyrirhuguð verkefni. Skýrslu þessa skal afhenda þeim sem tilnefna stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar, svo og öðrum, sem áhuga hafa.

Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar, nema um veðsetningu fasteigna á Bernhöftstorfu sé að ræða. Til slíkra ráðstafana þarf samþykki allra stjórnarmanna á fullskipuðum stjórnarfundi auk samþykkis fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

**Reikningar og endurskoðun.**

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal reikninginn áritaðan af stjórn og endurskoðanda til tilnefningaraðila stjórnarmanna svo og til Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru leigutekjur af eignum í umráðum hennar og aðrar tekjur af starfsemi hennar, svo og framlög frá ríki eða stofnunum þess, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum.

7. gr.

Að stofnun sjálfseignarstofnunarinnar lokinni hefur stjórn Torfusamtakanna rétt til afnota af núverandi skrifstofuhúsnæði og áhöldum án endurgjalds.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt að allir þeir, sem tilnefna menn í stjórn séu sammála um breytinguna.

9. gr.

Sjálfseignarstofnun þessi verður ekki lögð niður nema með samþykki allra tilnefningaraðila. Verði svo skulu eigur hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

# SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.**

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

| | Eigandi: |
|---|---|
| Egilsbraut 3 | Kf. Fram |
| Egilsbraut 5 | Sjálfsbjörg |
| Egilsbraut 7 | Sigurður Bjarnason |
| Egilsbraut 7 | Hilmar Símonarson |
| Egilsbraut 9 | Pétur Óskarsson |
| Egilsbraut 9 | Guðrún Kristín Einarsdóttir |
| Egilsbraut 11 | Egilsbraut 11 hf. og Brunabótafélag Íslands |
| Egilsbraut 13 | Jóhann Gunnarsson |
| Egilsbraut 14 og 16 sjóhús | Guðrún Eiríksdóttir |
| Egilsbraut 22 | Sofus Gjöveraa |
| Hafnarbraut 1 | Óskar Jónsson og Kristinn Guðmundsson |
| Hafnarbraut 2A | Kf. Fram |
| Hafnarbraut 13 | Lúðrasveit Neskaupstaðar og Kf. Fram |
| Hafnarbraut 23 | Brynjar Júlíusson |
| Hafnarbraut 25 | Drift hf. |
| Hafnarbraut 51 | Þorbergur og Þórður Sveinssynir |
| Miðstræti 7 | Ólöf Stefánsdóttir |
| Strandgata 2 | Halldór Hinriksson |
| Strandgata 11 | Db. Stefáns Höskuldssonar |
| Strandgata 13 | Db. Stefáns Höskuldssonar og Garðar og Óskar Láryssynir |
| Strandgata 15 | Guðmundur Bjarnason |
| Strandgata 17, Nýhöfn | Guðmundur Þorleifsson |
| Strandgata 19, sjóhús og fiskverkun | Ölver hf. |
| Mýrargata 2 | Haukur Ólafsson |
| Mýrargata 8 | Axel Magnússon |
| Mýrargata 43, fjárhús og hlaða | Db. Sigurðar Halldórssonar |
| Skólavegur 1 | Kristrún Guðjónsdóttir |
| Þórhólsgata 2 | Gísli Gylfason |
| Þórhólsgata 6 | Birna Magnúsdóttir |
| Nesgata 20 | Sigurður Lúðvíksson og Ari Magnússon |
| Nesgata 20A | Sólveig Pálsdóttir |
| Nesgata 39 | Hjörleifur Gunnlaugsson |

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19 frá 21. maí 1964 sbr. lög nr. 22/1932, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt nr. 454 frá 18. desember 1978.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1985.*

F. h. r
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

# REGLUGERÐ

**fyrir Kópavogshæli.**

I. KAFLI

**Hlutverk**

1. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að taka til þjálfunar, uppeldis og vistunar vangefna, sem sakir fötlunar sinnar verða að dveljast á sjúkrahúsum í skilningi laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, eða á öðrum deildum, sem taldar eru upp í 2. gr. og falla undir ákvæði 7. gr. laga nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

II. KAFLI

**Starfsemi**

2. gr.

Við stofnunina skal rekin eftirfarandi starfsemi:

a) Sérhæfðar deildir:
   1. Barnadeildir
   2. Unglingadeildir
   3. Atferlismótunardeildir
   4. Undirbúningsdeildir fyrir sambýli
   5. Vinnustofur, þar með talin dagvistun
   6. Leiktækjaþjónusta

b) Hjúkrunardeildir
   1. Almenna deild
   2. Öldrunardeild

c) Göngudeild.

3. gr.

Á hverri deild skulu að jafnaði ekki vera fleiri en 10 einstaklingar og þannig um deildir búið að þær myndi sem sjálfstæðastar einingar. Undirbúningsdeildir fyrir sambýli og deildir fyrir atferlistruflaða skulu að jafnaði ætlaðar 6 einstaklingum. Við hverja deild að undanskilinni deild fyrir atferlistruflaða skal rekin skammtímavistun fyrir a. m. k. einn einstakling.

4. gr.

Við stofnunina skal lögð sérstök áhersla á sérhæfða læknisþjónustu fyrir vangefna á landinu öllu. Ennfremur skal rekin hjúkrun, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun, sálfræðiþjónusta, félagsráðgjöf, þroskaþjálfun svo og önnur nauðsynleg þjónusta til þess að stofnunin geti annast hlutverk sitt.

III. KAFLI

**Yfirstjórn og rekstur**

5. gr.

Stofnunin skal rekin undir yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, en stjórn hennar að öðru leyti falin stjórnarnefnd og forstjóra ríkisspítalanna samkv. 31. gr. 1. tl. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

## IV. KAFLI
### Starfsfólk
6. gr.

Ráðinn skal sérstakur framkvæmdastjóri að stofnuninni. Við stofnunina skal starfa yfirlæknir, hjúkrunarforstjóri, yfirsálfræðingur, yfirfélagsráðgjafi og yfirþroskaþjálfi, í samræmi við gildandi lög um þessar starfsstéttir. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur stofnunarinnar og ber ábyrgð á honum gagnvart forstjóra ríkisspítalanna. Yfirlæknir ber ábyrgð á lækningum, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun og hefur eftirlit með starfsemi stofnunarinnar í samræmi við lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu. Hjúkrunarforstjóri skipuleggur hjúkrun og ber ábyrgð á henni, yfirsálfræðingur skipuleggur sálfræðiþjónustu og ber ábyrgð á henni, yfirfélagsráðgjafi skipuleggur félagsráðgjöf og ber ábyrgð á henni og yfirþroskaþjálfi skipuleggur þroskaþjálfun og ber ábyrgð á henni. Yfirsálfræðingur, yfirfélagsráðgjafi og yfirþroskaþjálfi bera ábyrgð gagnvart yfirlækni á störfum sínum.

7. gr.

Við stofnunina skulu einnig starfa læknar, hjúkrunarfræðingar sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskaþjálfar, sjúkraþjálfarar, iðjuþjálfar auk aðstoðarfólks miðað við þjálfunar- og umönnunarþörf vistmanna hinna einstöku deilda.

## V. KAFLI
### Stofnunarráð
8. gr.

Við stofnunina skal starfa sérstakt ráð, sem í eiga sæti framkvæmdastjóri, yfirlæknir, formaður læknaráðs, hjúkrunarforstjóri, yfirsálfræðingur, yfirfélagsráðgjafi, yfirþroskaþjálfi og einn fulltrúi frá Foreldra- og vinafélagi stofnunarinnar, einn frá starfsmannaráði (kjörnir til tveggja ára í senn) og einn frá félagsmálaráðuneytinu sem sérstaklega gæti hagsmuna svæðisstjórna skv. lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna skipar formann úr hópi ráðsmanna til 2ja ára í senn. Ráðið skal halda fundi eins oft og þurfa þykir, þó eigi sjaldnar en mánaðarlega. Ráðið er ráðgefandi um málefni stofnunarinnar.

## VI. KAFLI
### Vistun og útskrift
9. gr.

Vistun og útskrift er í höndum yfirlæknis að höfðu samráði við hjúkrunarforstjóra, yfirsálfræðing, yfirfélagsráðgjafa og yfirþroskaþjálfa að fenginni tillögu viðkomandi svæðisstjórnar.

## VII. KAFLI
### Gildistaka
10. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 24. gr. laga nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, sbr. og lög nr. 41/1983, um málefni fatlaðra, og öðlast gildi 1. júlí 1986.

### Ákvæði til bráðabirgða

1. Unnið skal að því á næstu 10 árum frá gildistöku reglugerðarinnar að útskrifa á sambýli eða aðrar viðeigandi stofnanir í heimabyggð, 75 einstaklinga, þannig að miðað við núverandi húsakost og aðstöðu verði ekki vistaðir á stofnuninni fleiri en 100 einstaklingar.

2. Þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarstarfsemi Tjaldanesheimilisins í Mosfellssveit skal stjórn þess falin stjórnarnefnd ríkisspítalanna en heimilið rekið sem sjálfstæð stofnun að öðru leyti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. október 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón Ingimarsson.*

Nr. 387 9. október 1985

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Einstefnuakstur verður á Kárastíg frá Skólavörðustíg að Frakkastíg. Bifreiðastöður verða heimilaðar beggja vegna götunnar.
2. Biðskylda verður á Lynghálsi gagnvart umferð um Stuðlaháls.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. þ. m.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. október 1985.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 388 16. október 1985

# SAMÞYKKT

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. janúar 1930.**

1. gr.

Við 46. gr., sbr. breytingar nr. 95 14. júlí 1958, nr. 468 22. október 1975, nr. 318 25. ágúst 1977 og nr. 482 27. júní 1983, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í Þingholtunum og á Skólavörðuhæð, á svæði, sem afmarkast af Snorrabraut, Laugavegi, Bankastræti og Lækjargötu, Fríkirkjuvegi, Sóleyjargötu og Hringbraut, skal hámarkshraði vera 30 km á klst.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. október 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# REGLUGERÐ

**um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.**

1. gr.

Frá 1. nóvember 1985 til 15. maí 1986 að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. október 1985.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

30. september 1985 Nr. 390

# REGLUGERÐ

**um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.**

## I. KAFLI

**Starfsleyfisskyldur atvinnurekstur.**

1. gr.

1.1. Eftirtalinn atvinnurekstur má ekki hefja fyrr en fengið er starfsleyfi skv. reglugerð þessari:

1. Fiskimjölsverksmiðjur
2. Álframleiðsla
3. Framleiðsla á tilbúnum áburði
4. Sements- og kalkframleiðsla
5. Kísiljárnframleiðsla (SiFe)
6. Kísilmálmframleiðsla (Si)
7. Kísilframleiðsla ($SiO_2$)
8. Cellulosa- og pappírsframleiðsla
9. Járn- og stálframleiðsla
10. Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli eða öðrum málmum, t.d. zinkhúðun
11. Glerullar- og steinullarframleiðsla
12. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi
13. Sútunarverksmiðjur

14. Seiða- og fiskeldisstöðvar
15. Fyrirtæki, sem annast förgun og endurvinnslu úrgangs eða varnings úr pappír, málmi, jarðefnum, eiturefnum og hættulegum efnum
16. Lím- og málningarvöruverksmiðjur
17. Hreinlætisvöruverksmiðjur
18. Plastvöruframleiðsla
19. Olíumalar- og malbikunarstöðvar
20. Sorphaugar- og sorpbrennslustöðvar
21. Skolphreinsistöðvar

1.2. Eigi má breyta eða auka við þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.

1.3. Ráðherra getur, að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, bætt við og fellt út atvinnurekstur skv. 2. tl.

## II. KAFLI

**Ákvörðun um staðsetningu.**

2. gr.

2.1. Ákvörðun um staðsetningu atvinnureksturs sem upp er talinn í gr. 1.1. er háð samþykkt heilbrigðisráðherra. Umsóknir um staðsetningu skulu sendar Hollustuvernd ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum sem stofnunin lætur í té. Hollustuvernd ríkisins leitar álits heilbrigðisnefndar, Náttúruverndarráðs, skipulags- og bygginganefndar og gerir tillögu til heilbrigðisráðherra um afgreiðslu málsins.

## III. KAFLI

**Starfsleyfisumsóknir og vinnsla starfsleyfistillagna.**

3. gr.

3.1. Áður en sótt er um starfsleyfi skal liggja fyrir ákvörðun um staðsetningu.

3.2. Umsóknir um starfsleyfi skulu sendar viðkomandi heilbrigðisnefnd, sem sendir þær til Hollustuverndar ríkisins ásamt umsögn.

3.3. Umsóknum skal fylgja nákvæm lýsing á starfseminni, upplýsingar um mengunarhættu og fyrirhugaðar mengunarvarnir, lýsing á og uppdrættir af staðsetningu, staðháttum, byggingum og næsta umhverfi, svo og önnur þau gögn, sem máli kunni að skipta.

3.4. Hollustuvernd ríkisins skal við gerð starfsleyfistillagna ávallt leita umsagnar Náttúruverndarráðs. Einnig umsagnar Ríkismats sjávarafurða, Vinnueftirlits ríkisins, Eiturefnanefndar, Siglingamálastofnunar ríkisins, yfirdýralæknis og annarra sérfróðra aðila, eftir því sem við á hverju sinni.

3.5. Telji Hollustuvernd ríkisins eða umsagnaraðilar að upplýsingar skorti, má setja sem skilyrði að umsækjendur láti fara fram athuganir eða rannsóknir. Athugunar- og/eða rannsóknaraðilar skulu fyrirfram samþykktir af Hollustuvernd ríkisins.

## IV. KAFLI

**Réttur til athugasemda.**

4. gr.

4.1. Telji starfsleyfisumsækjandi að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna sbr. gr. 3.5. getur hann leitað úrskurðar heilbrigðismálaráðherra.

4.2. Hollustuvernd ríkisins sér um að starfsleyfistillögur liggi frammi á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórnar til kynningar þeim aðilum, sem rétt hafa til að gera athugasemdir,

sbr. 4.3. Skal auglýsing þess efnis birt á fullnægjandi hátt, t.d. í Lögbirtingablaðinu, dagblöðum eða staðarblöðum. Ennfremur skulu umsagnaraðilar fá sendar starfsleyfistillögur. Frestur til að gera athugasemdir er 6 vikur frá því starfsleyfistillögur eru fyrst kynntar. Heimilt er að lengja frestinn í allt að 12 vikur, ef sérstakar ástæður mæla með því.

4.3. Rétt til að gera athugasemdir við starfsleyfistillögur hafa eftirtaldir aðilar:
1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn tengdrar eða nálægrar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis, sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félög og aðrir þeir, sem málið varðar.

4.4. Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda heilbrigðisnefnd, sem sendir þær ásamt umsögn áfram til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda, sem fram hafa komið, og lætur í té álit. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, skal leita úrskurðar ráðherra ef í hlut eiga opinberar eftirlitsstofnanir, sveitastjórnir eða umsækjandi. Eigi aðrir í hlut er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og sætti aðilar sig ekki við úrskurð hennar, áfram til sérstakrar úrskurðarnefndar, sbr. 30. gr. laga nr. 109/1984.

## V. KAFLI

**Veiting starfsleyfa.**

5. gr.

5.1. Hollustuvernd ríkisins afgreiðir endanlegar starfsleyfistillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins fyrir atvinnurekstur, sem upp er talinn í viðauka, í samræmi við kynntar tillögur, úrskurð og/eða samkomulag vegna framkominna athugasemda, samanber IV. kafla.

5.2. Starfsleyfi, sem ráðuneytið gefur út samkv. reglugerð þessari, skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda í formi auglýsingar.

5.3. Heimilt er ráðherra að binda starfsleyfi við ákveðinn tíma, sé talin sérstök ástæða til. Þó eigi skemur en 10 ár.

## VI. KAFLI

**Ýmis ákvæði og gildistaka.**

6. gr.

6.1. Annar atvinnurekstur, sem valdið getur mengun og ekki er upptalinn í reglugerð þessari er háður leyfi heilbrigðisnefndar.

6.2. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeinandi reglur fyrir þessa starfsemi, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

7. gr.

7.1. Um eftirlit, valdssvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7.2. Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi, frá sama tíma, reglugerð nr. 164/1972 um mengun af völdum eiturefna og hættulegra efna.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Starfandi atvinnurekstur, sem ekki hefur gilt starfsleyfi eða hefur ekki þegar sótt um í samræmi við reglugerð 164/1972 skal sækja um starfsleyfi í samræmi við reglugerð þessa fyrir 1. mars 1987.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. september 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 391 21. október 1985

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Ólafsfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð fyrir Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 367, 5. ágúst 1975.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mesta álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu heimils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

| | kr. |
|---|---|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | 180,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils. | 304,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til skrifstofu Ólafsfjarðarkaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

| | kr. |
|---|---|
| Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli | 18 840,00 |
| og síðan | 37,00 |
| fyrir hvern m³ þar yfir. | |

7. gr.

Hitaveitu Ólafsfjarðar er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld skv. 4. og 6. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Gjöld skv. 4. og 6. gr. miðast við byggingarvísitölu. Breyting til hækkunar skv. þessari gr. er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 1 ári á hluta gjaldsins ef um er samið á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld hafa ekki verið greidd af.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a. m. k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 600,00 í hvert skipti.

Fullt afnotagjald ber að greiða fyrir þann tíma, sem heitavatnsæðum er lokað vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 97, 20. febrúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. október 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Dalvíkur.**

## I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og til upphitunar húsinu, enda séu hitagjafar (ofnar) þess nægilega stórir að mati veitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í desember, enda verði beiðni þ.a.l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. janúar til 31. desember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Óski notandi eftir breytingu á stillingu hemils, skal hann greiða fyrir breytta stillingu kr. 307,00 í hvert skipti.

## II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot hitaveituvatnsins eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil fyrir hvern mínútulítra á mánuði .............. kr. 328,00
b) Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns .............. kr. 16,60

Gjöld fyrir vatnsnotkun um magnhemil miðast við hámarksstillingu hemils þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Magnskammtar skulu vera margfeldi af 0,5 úr mínútulítra þó ekki minni en 1,0 mínútulítrar.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksvatnsþörf.

Þegar um afnot á hitaveituvatni til annars en húshitunar er að ræða, sbr. 2. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

a) fyrir mæla eða hemla allt að 3/4″ .............................. kr. 51,00
b) fyrir mæla eða hemla 1″—2″ .............................. kr. 51,00
c) fyrir mæla eða hemla 3″ og stærri .............................. kr. 51,00

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla ef þess er óskað.

6. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna).

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur 1/30 af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 20% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, skv. mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið. Misnoti notandi kranavatn að dómi veitustjóra getur hann án fyrirvara lokað fyrir rennsli til viðkomandi.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik sé innan 5% frá réttri stillingu skal hann greiða kr. 307,00.

7. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4., 5. og 6. gr. má krefja mánaðarlega. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslu fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr. er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins, sem eftir eru.

8. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 20 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

9. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| | |
|---|---|
| Fyrir hús allt að 400 $m^3$ að utanmáli | kr. 30 732,00 |
| og á $m^3$ þar yfir | kr. 38,65 |

Ef skipulagsskilmálar eru þess eðlis að bifreiðageymslur við raðhús skuli byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skuli gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hverrar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 76,85.

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af frystiklefum, búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitafélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 3., 6., 9. og 13. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar 1. apríl 1985, 200 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 4. gr. og 5. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

11. gr.

Nú er tengingu heimæða lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni kr. 614,00.

14. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 205 frá 9. maí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. október 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# REGLUGERÐ

## um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 3% frá 15. október 1985 að telja frá því sem þær voru 1. október 1985. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka eins frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. október 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*

23. september 1985 Nr. 394

# REIKNINGUR

## Minningarsjóðs Þórleifar Kr. Sigurðardóttur.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 1984.

| | | |
|---|---|---|
| **Tekjur:** | | kr. |
| Vextir af bankainnstæðum | | 665,36 |
| Innlagt á bók nr. 5202, Búnaðarbanka, Stykkishólmi | | 3,00 |
| | | 668,36 |
| **Gjöld:** | | |
| Tekjur umfram gjöld | | 668,36 |
| | | 668.36 |

### Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1984.

| | | |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Bankainnstæður í Söfnunarsjóði Íslands, bók nr. 726 | | 2 287,35 |
| Í útibúi Búnaðarbanka Íslands í Stykkishólmi í bók nr. 5202 | | 2 791,67 |
| | | 5 079,02 |
| **Skuldir:** | | |
| Hrein eign pr. 1. janúar 1984 | kr. 4 410,66 | |
| Hreinar tekjur árið 1984 | kr. 668,36 | |
| | | 5 079,02 |
| | | 5 079,02 |

Arnarstöðum, 23. september 1985.
**Hólmfríður J. Hauksdóttir.**
**Ragnheiður Þorgeirsdóttir.**
**Aðalheiður Bjarnadóttir.**

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.**

1. gr.

1. málsgrein greinar 1. 2. 5. 1. orðist svo:

Þegar ákvæðum VII. kafla er fullnægt, gefur flugmálastjórn út eða endurnýjar skírteini til fimm ára í senn, miðað við lok þess mánaðar þegar útgáfa eða endurnýjun á sér stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 9. október 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*

Nr. 396 9. október 1985

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 627 7. september 1983, um lágmarksbúnað loftfara.**

1. gr.

Grein 2.7.1. orðist þannig:

Einshreyfils landflugvélum skal ekki flogið lengra frá landi en svo, að hægt sé að ná til lands í renniflugi. Flugmálastórn getur þó veitt sérstakt leyfi fyrir ferjuflug yfir haf og milli landa, svo og fyrir einkaflug tímabilið frá apríl til september, að því tilskyldu að:

— flugstjórinn hafi a.m.k. 500 klst. flugreynslu og gilda blindflugsáritun,
— flugvélin sé skráð til blindflugs og meðferðis sé björgunarbátur af viðurkenndri gerð er rúmi alla um borð. Báturinn skal búinn neyðarsendi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 89. og 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, og tekur til íslenskra flugvéla og þyrla, svo og annarra flugvéla og þyrla, sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 9. október 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*

**Stjórnartíðindi B 37, nr. 375 - 396. Útgáfudagur 31. október 1985.**

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Egilsstaðahrepps 1984—2004.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. nóvember 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Egilsstaðahrepps.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Egilsstaða og Skipulagsstjórn ríkisins.

Uppdráttur þessi kemur í stað aðalskipulagsuppdráttar Egilsstaðahrepps er staðfestur var af ráðuneytinu hinn 20. september 1969.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1985.*

F.h.r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

6. nóvember 1985 Nr. 398

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 301 27. júlí 1978, um skírteini gefin út af flugmálastjórn.**

1. gr.

1. málsgrein greinar 1. 2. 5. l. orðist svo:

Þegar ákvæðum VII kafla er fullnægt, gefur flugmálastjórn út eða endurnýjar skírteini til allt að fimm ára í senn, miðað við lok þess mánaðar þegar útgáfa eða endurnýjun á sér stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 395, 9. október 1985.

*Samgönguráðuneytið, 6. nóvember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

# REGLUGERÐ

**um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi, sem innheimt er vegna afurða nautgripa, sbr. reglugerð nr. 259/1985 skv. lögum nr. 46/1985 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.**

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum nautgripaafurða hluta sérstaks fóðurgjalds, sem lagt er á innflutt fóður, við tollafgreiðslu sbr. reglugerð nr. 259 frá 1. júlí 1985. Endurgreiðslan skal vera 75/80 hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 6. gr. Af sérstöku fóðurgjaldi renna sem næst 5/80 hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádegnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslnanna, sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast endurgreiðslu til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi til framleiðenda sbr. 5. gr., annaðhvort með milligöngu fóðursala eða beint af endurgreiðslureikningi. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast um hluta endurgreiðslnanna og annast hinn hlutann sjálfur, heldur verður hann að velja aðra hvora leiðina.

3. gr.

Hinu sérstaka gjaldi skal haldið á sérgreindum reikningi, er Framleiðsluráð færir — endurgreiðslureikningi — sem Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á. Ríkisféhirðir gerir skil mánaðarlega til Framleiðsluráðs, til færslu á endurgreiðslureikning, á hinu sérstaka fóðurgjaldi samkv. reglugerð nr. 259/1985, hvort sem er í formi sjálfskuldarábyrgðar eða peninga. Framleiðsluráð gerir á sama hátt skil mánaðarlega til Framleiðnisjóðs á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds, er greiða ber í sjóðinn, sbr. 1. gr., og gjaldfallið er, sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

4. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið, að fóðursali annist endurgreiðsluna og gefur hann þá viðkomandi fóðursala (fóðurseljendum) umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en Framleiðsluráð gengur frá endurgreiðslu til fóðursalans, skal umboð hans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda liggja fyrir. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.

5. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal miðuð við framleiðslumagn. Endurgreiðsla vegna framleiðslu á mjólk fer fram mánaðarlega eftir skýrslum um innvegna mjólk til mjólkurbúa og á sama hátt til þeirra, er selja mjólk beint til neytenda. Skýrslur um beina sölu mjólkur skulu staðfestar af oddvitum eða hreppstjórum. Kjarnfóðurgjald til framleiðenda á nautgripakjöti skal endurgreiða eftir skýrslum sláturleyfishafa um framleiðslu á nautgripakjöti er séu staðfestar af kjötmatsmanni.

6. gr.

Endurgreiðsla á fóðurgjaldi til framleiðenda á afurðum nautgripa verði framkvæmd þannig, að Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar fyrir hvern mánuð hverju hið sérstaka fóðurgjald nemur að meðaltali í verði kjarnfóðurs, annars vegar sem fer til mjólkurframleiðslu og hins vegar sem fer til framleiðslu á nautgripakjöti. Hinn endurgreiðanlega hluta skal síðan miða við, að til framleiðslu á einum lítra mjólkur fari 180 grömm kjarnfóðurs og á einu kílógrammi nautgripakjöts 850 grömm af kjarnfóðri. Sérstakt fóðurgjald endurgreiðist ekki af framleiðslu kýrkjöts og ungkálfakjöts.

Endurgreiða skal framleiðendum mjólkur hið sérstaka fóðurgjald þannig, að mánuðina september, apríl og maí greiðist það gjald sem fundið er samkvæmt 6., 7. og 8. gr. með 25% álagi og mánuðina október, nóvember, desember, janúar, febrúar og mars greiðist það með 60% álagi. Engin endurgreiðsla vegna mjólkurafurða fari fram fyrir framleiðslu í mánuðunum júní, júlí og ágúst.

7. gr.

Skýrslur afurðastöðva varðandi endurgreiðslu á kjarnfóðurgjaldi til framleiðenda mjólkur og nautgripakjöts skulu bera með sér nafn, nafnnúmer og heimilisfang framleiðanda, tegund og magn afurðar og framleiðslutímabil. Kjarnfóðurgjald endurgreiðist ekki öðrum nautgripaframleiðendum en þeim sem láta löggilta afurðastöð, sbr. l. nr. 46/1985, annast meðferð afurðanna og skýrslugerð. Afurðastöðvum er skylt að gefa Framleiðsluráði landbúnaðarins upplýsingar sem það telur nauðsynlegar til að endurgreiðsla geti farið fram.

8. gr.

Framleiðsluráði er heimilt að endurgreiða framleiðendum nautgripaafurða, umfram það sem útreikningur skv. 6. gr. leiðir til, í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé um nýbýlinga að ræða, sem vegna bústofnsauka kaupa fóður umfram það sem er eðlilegt skv. afurðum á tímabilinu.
2. Vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóms eða óhapps, sem leiðir til þess að notkun fóðurs er verulega umfram afurðir.

Framleiðsluráð reiknar endurgreiðslu skv. tölulið 1 og 2 eftir framlögðum gögnum, sem það telur nauðsynleg. Meðal annars skal hverju sinni skylt að leggja fram vottorð forðagæslumanns vegna 1. töluliðar og vottorð dýralæknis vegna 2. töluliðar.

9. gr.

Heimilt er að greiða framleiðendum hluta sérstaks fóðurgjalds með skuldajöfnunarávísunum endurgreiðslureiknings. Framleiðendur mega, við kaup á kjarnfóðri, framselja skuldajöfnunarávísun til fóðurseljanda, sem framvísar henni til endurgreiðslureiknings til greiðslu á fóðurgjaldi, sem greitt hefur verið með skuldaviðurkenningu fóðurinnflytjanda. Óski framleiðandi innlausnar á skuldajöfnunarávísun frá endurgreiðslureikningi, er heimilt af hálfu reikningsins að fresta innlausn í allt að 4 mánuði frá útgáfudegi. Skuldajöfnunarávísunina skal stíla á nafn framleiðanda eða umboðsaðila hans skv. 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 30. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Hvammstanga.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Hvammstanga selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Hvammstanga og til þeirra bæja, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Hvammstanga staðfesta 27. desember 1973.

2. gr.

Hitaveita Hvammstanga lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað. Einnig selur hitaveitan vatn eftir magnmæli, ef notandi þarf meira vatn í skamman tíma utan mestu álagstíma. Hitaveitustjóri ákveður til hvaða aðila skuli selja vatn eftir magnmæli.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Fastagjöld | kr. | 330,00 |
| | á mánuði fyrir hvern aðalhemil og | kr. | 497,00 |
| | á mánuði fyrir hvern mæli. | | |
| b. | Vatnsgjald | kr. | 660,00 |
| | á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils og | kr. | 30,40 |
| | fyrir hvert tonn um mæli. | | |

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögnina, sem er á miðstöðvarkerfi, getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

| | |
|---|---|
| A | 1.00/1.0 |
| B | 0.95/1.3 |
| C | 0.90/1.7 |
| D | 0.85/2,8 |

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Hvammstanga skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

| | | |
|---|---|---|
| A. Fyrir 300—2000 m³: | | |
| Af fyrstu 300 m³ að utanmáli | kr. | 43 280,00 |
| Af hverjum rúmmetra þar yfir | kr. | 33,20 |
| B. Fyrir hús 2000 m³ og stærri: | | |
| Af fyrstu 2000 m³ að utanmáli | kr. | 112 096,00 |
| Af hverjum rúmmetra þar yfir | kr. | 32,10 |
| C. Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntak | kr. | 9 847,00 |

8. gr.

Hitaveita Hvammstanga hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, í hvert skipti ..... kr. 780,00

9. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 229 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

10. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

11. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hvammstanga skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrábreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 229 6. júní 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 1. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**Endurprentað blað.**

# GJALDSKRÁ

**yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.**

1. gr.

Gjöld fyrir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast skulu vera sem hér segir:

Efnagreiningar

| **Fiskmjöl:** | kr. |
|---|---|
| Vatn | 140,00 |
| Salt | 180,00 |
| Prótein (Kjeldahl) | 575,00 |
| Fita | 290,00 |
| Aska | 250,00 |
| Ammoniak | 150,00 |
| Sandur | 265,00 |
| Kalcium | 265,00 |
| Fosfór | 425,00 |
| Amínósýrugreining | 5 900,00 |
| DMNA gasgreining | 1 100,00—2 000,00 |
| Óbundnar fitusýrur í mjölfitu | 425,00 |
| Nítrít í bræðsluhráefni og fiskmjöli | 465,00 |
| **Lýsi og harðfeiti:** | |
| Vítamín A, bein mæling | 290,00 |
| Vítamín A, með sápun | 845,00 |
| Óbundnar fitusýrur | 155,00 |
| Sýrutala | 155,00 |
| Joðtala | 305,00 |
| Sáputala | 265,00 |
| Eðlisþyngd (pyknometer) | 175,00 |
| Slip-point | 345,00 |
| Mæling á vítamín $D_3$ í lýsi | 4 500,00 |
| Ósápanlegt | 425,00 |
| Peroxydtala | 250,00 |
| Litarmæling (Lovibond) | 175,00 |
| Vatn og óhreinindi (skilv. aðferð) | 175,00 |
| Ljósbrot við 20°C | 155,00 |
| Natríumsápa | 215,00 |
| Fitusýrugreining | 1 330,00—2 700,00 |
| Vatnsmæling með toluol | 255,00 |
| **Salt:** | |
| Klóríð (titer) | 180,00 |
| Kalcíum | 265,00 |
| Magníum | 265,00 |
| Súlfat | 265,00 |
| Óleysanlegt í vatni | 265,00 |
| Raki og bundið vatn | 220,00 |
| Járn | 225,00 |
| Kopar | 295,00 |

**Síld:**

| | kr. |
|---|---|
| Undirbúningsvinna: | |
| Síld, lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð | 645,00 |
| Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldasýni. Ef færri en 50 síldar eru í sýni greiðast ¾ gjalds. | |
| Efnagreiningar séu samkvæmt gjaldskrá. | |

**Aðrar efnagreiningar:**

| | |
|---|---|
| Vatn, salt, fita, prótein, o. fl. samkv. gjaldskrá fyrir mjöl. | |
| Trimethylamin (TMA) | 365,00 |
| TVB | 365,00 |
| Kvikasilfur í matvælum | 480,00 |
| Ákvörðun á málmum með atom absorption | 505,00 |
| Frítt klór í vatni | 100,00 |
| Skynmat | 315,00 |
| Rotvarnarefni m. gasgreiningu | 3 000,00 |
| C-Vítamín í matvælum | 1 685,00—2 500,00 |
| Drip (vatnstap við þiðnun) | 340,00 |
| Nítrat í matvælum | 845,00 |
| Nítrít í matvælum og fóðri | 1 015,00 |
| Hexametylentetramín í lagmeti | 675,00 |
| Vigtun og talning á rækju o. fl. | 430,00 |
| Mæling á sykrum í síld | 760,00—1 500,00 |
| Sýrustig pH | 175,00 |
| Arsen | 600,00 |
| Histamín | 860,00—1 720,00 |

**Gerlarannsóknir o. fl.:**

| | |
|---|---|
| Undirbúningur sýnis | 225,00 |
| Talning við ræktun, eins konar | 215,00 |
| Talning við ræktun, tvenns konar | 295,00 |
| Kólígerlar, MPN | 295,00 |
| Staphylococcus aureus | 250,00 |
| Ger- og myglusveppir | 215,00 |
| Sulfit-afoxandi Clostridia/hitað | 215,00 |
| Bacillus/hitað | 215,00 |
| Clostridium perfringens | 250,00 |
| Salmonella | 350,00 |
| Roðagerlar | 215,00 |
| Slímgerlar | 215,00 |
| Ræktun fyrir niðursuðuvörur | 295,00 |

**Lagmeti:**

| | |
|---|---|
| Framleiðslusýni (allt innifalið): | |
| Niðursoðið lagmeti | 885,00 |
| Niðurlagt lagmeti | 1 265,00 |
| Endursýni tekið skv. sýnatökuáætlun II | 950,00 |
| Endursýni tekið skv. 99% reglu | 1 895,00 |

2. gr.

Fyrir vottorð um frameiðslusýni o. fl. skal greiða kr. 150,00 og fyrir útflutningsvottorð kr. 190,00.

3. gr.

Þar sem í framangreindri gjaldskrá fyrir efnagreiningar er tilgreint verðbil, gildir hærri talan þegar um 1 eða 2 sýni samtímis er að ræða frá sama aðila til sömu rannsókna, en lægri talan þegar um er að ræða 3 sýni og fleiri frá sama aðila.

Í öðrum tilvikum má veita 20% afslátt frá gjaldskrá fyrir efnagreiningar fyrir fyrirtæki í fiskiðnaði, t. d. þegar um 3 sýni og fleiri er að ræða frá sama aðila samtímis til sömu mælinga.

4. gr.

Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari gjaldskrá skal ákveða með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.

Gjaldskrá þessi er við það miðuð að rannsókn fari fram á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða útibúum hennar án óeðlilegs undirbúnings. Óeðlilegan undirbúning skal reikna sérstaklega.

5. gr.

Þegar tekið er sýni af útfluttu mjöli eða lýsi á vegum Ríkismats sjávarafurða skal greiða kr. 315,00 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmanns, sem annast sýnatökuna.

Starfsmenn Ríkismats sjávarafurða annast þessa sýnatöku samkvæmt leiðbeiningum Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og með tækjum sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

6. gr.

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknarverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

7. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

| | Dagvinna kr/klst. |
|---|---|
| Sérfræðingur | 575,00 |
| Rannsóknamaður | 430,00 |

8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64. 21. maí 1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir, er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, nr. 228/1985.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1985.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Ingimar Einarsson.*

**Endurprentað blað.**

# REIKNINGUR

## Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

### Greiðsluyfirlit ársins 1984.

### Stofnfjárdeild.

Tekjur:

| | kr. |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35209 í Seðlabanka Íslands | 747 224,29 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 201 100,00 |
| Vaxtatekjur | 74 424,24 |
| Stjórnarlaun (fl. af undirreikn.) | 6 633,00 |
| | 1 029 381,53 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Opinber gjöld | 10 344,00 |
| Auglýsingakostnaður | 16 685,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35209 | 1 022 352,53 |
| | 1 029 381,53 |

### Deild fyrir frystar fiskafurðir.

### Freðfiskur.

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35217 í Seðlabanka Íslands | 513 288,24 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 117 400,00 |
| Vaxtatekjur | 45 969,91 |
| | 676 658,15 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Stjórnarlaun | 88 276,00 |
| Opinber gjöld | 1 599,00 |
| Auglýsingakostnaður | 16 292,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35217 | 570 491,15 |
| | 676 658,15 |

### Rækja.

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35276 í Seðlabanka Íslands | 10 237 464,28 |
| Innborgaðar verðhækkanatekjur | 22 011 122,15 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 6 264 470,00 |
| Vaxtatekjur | 2 095 930,95 |
| | 40 608 987,38 |

Gjöld:

| | kr. |
|---|---|
| Ferða- og uppihaldskostnaður | 220 616,00 |
| Auglýsingakostnaður | 3 796,00 |
| Greitt v/verðlækkana á rækju framl. á tímab. frá 1. febrúar — 31. maí 1984 | 9 042 557,65 |
| Greitt v/verðlækkana á rækju framl. á tímab. frá 1. júní — 30. september 1984 | 19 550 000,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða í hlr. 35276 | 11 792 017,73 |
| | 40 608 987,38 |

**Humar.**

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35292 í Seðlabanka Íslands | 62 689 003,65 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 17 135 130,00 |
| Vaxtatekjur | 6 352 738,01 |
| | 86 176 871,66 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Auglýsingakostnaður | 1 872,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35292 | 86 174 999,66 |
| | 86 176 871,66 |

**Hörpudiskur.**

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35314 í Seðlabanka Íslands | 27 967 839,38 |
| Innborgaðar verðhækkanatekjur | 1 554 099,95 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 7 943 960,00 |
| Vaxtatekjur | 3 004 979,07 |
| | 40 470 878,40 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Ferða- og uppihaldskostnaður | 13 886,00 |
| Auglýsingakostnaður | 2 180,00 |
| Greitt v/verðlækkana | 2 000 000,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35314 | 38 454 812,40 |
| | 40 470 878,40 |

**Deild fyrir afurðir síldar- og fiskmjölsverksmiðja (mjöl og lýsi).**

**Loðnumjöl og -lýsi.**

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35225 í Seðlabanka Íslands | 398 828,74 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 98 680,00 |
| Vaxtatekjur | 37 308,96 |
| | 534 817,70 |

Gjöld:

| | kr. |
|---|---|
| Stjórnarlaun | 48 522,00 |
| Auglýsingakostnaður | 1 224,00 |
| Opinber gjöld | 786,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35225 | 484 285,70 |
| | 534 817 70 |

**Síldarmjöl og -lýsi.**

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35233 í Seðlabanka Íslands | 5 892 106,77 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 1 610 580,00 |
| Vaxtatekjur | 597 095,79 |
| | 8 099 782,56 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35233 | 8 099 782,56 |
| | 8 099 782,56 |

**Fiskmjöl.**

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35268 í Seðlabanka Íslands | 110 006,29 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 30 070,00 |
| Vaxtatekjur | 11 145,74 |
| | 151 222,03 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35268 | 151 222,03 |
| | 151 222,03 |

**Kolmunna- og spærlingsmjöl.**

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35330 í Seðlabanka Íslands | 1 182 288,42 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 323 160,00 |
| Vaxtatekjur | 119 808,91 |
| | 1 625 257,33 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35330 | 1 625 257,33 |
| | 1 625 257,33 |

**Deild fyrir saltsíldarafurðir.**

Tekjur:

| | | kr. |
|---|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | | |
| Innstæða á hlr. 35306 í Seðlabanka Íslands | | 485 792,29 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | | 123 920,00 |
| Vaxtatekjur | | 46 597,73 |
| | | 656 310,02 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun | | 44 089 00 |
| Opinber gjöld | | 745,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | | |
| Innstæða á hlr. 35306 | | 611 476,02 |
| | | 656 310,02 |

**Deild fyrir saltfiskafurðir.**

**Óverkaður saltfiskur og söltuð ufsaflök.**

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | | |
| Innstæða á hlr. 35241 í Seðlabanka Íslands | | 47 502 278,71 |
| Fengið framlag úr gengismunasjóði v/breytinga á gengi ísl. kr. í maí 1983 | | 33 000 000,00 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | | 1 332 900,00 |
| Vaxtatekjur | | 1 472,935,84 |
| | | 83 308 114,55 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Stjórnarlaun | | 58 591,00 |
| Auglýsingakostnaður | | 9 520,00 |
| Opinber gjöld | | 1 029,00 |
| Greitt v/verðlækkana á óv. saltfiski: | | |
| v/framl. frá 1. júní — 30. september 1983 | 19 000 000,00 | |
| v/framl. frá 1. október — 31. desember 1983 | 16 306 816,00 | |
| v/framl. frá 1. febrúar — 31. maí 1984 | 35 500 000,00 | 70 806 816,00 |
| Greitt v/verðlækkana á sölt. ufsafl.: | | |
| v/framl. frá 1. október — 31. desember 1983 | 684 544,00 | |
| v/framl. frá 1. febrúar — 31. maí 1984 | 4 713 911,00 | 5 398 455,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | | |
| Innstæða á hlr. 35241 | | 7 033 703,55 |
| | | 83 308 114,55 |

**Verkaður saltfiskur.**

T e k j u r :

| | kr. |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35322 í Seðlabanka Íslands | 38 687,37 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 10 570,00 |
| Vaxtatekjur | 3 919,67 |
| | 53 177,04 |

G j ö l d :

| | |
|---|---|
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35322 | 53 177,04 |
| | 53 177,04 |

Deild fyrir skreiðarafurðir.

T e k j u r :

| | |
|---|---|
| Eignir 1. janúar 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35284 í Seðlabanka Íslands | 120 050 600,21 |
| Uppfærsla v/gengisbreytinga | 21 734 080,00 |
| Vaxtatekjur | 8 483 497,64 |
| | 150 268 177,85 |

G j ö l d :

| | |
|---|---|
| Stjórnarlaun | 48 895,00 |
| Auglýsingakostnaður | 2 584,00 |
| Opinber gjöld | 842,00 |
| Greiddar verðbætur á Nígeríuskreið framleidda á árunum 1981, 1982 og 1983 fl. út frá og með 1. nóvember 1982, gert skv. sérst. ákv. stjórnar sjóðsins | 128 324 448,00 |
| Eignir 31. desember 1984: | |
| Innstæða á hlr. 35384 | 21 891 408,85 |
| | 150 268 177,85 |

*Reykjavík, 15. október 1985.*

**Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins.**

**Davíð Ólafsson,**
formaður.

Framanrituð greiðsluyfirlit 1984 höfum við endurskoðað.
Innstæður sjóðsins í árslok 1984 höfum við sannreynt.
Að okkar áliti gefa yfirlitin skýra mynd af innborgunum og útborgunum sjóðsins á árinu.

*Reykjavík, 30. september 1985.*

**Stefán Svavarsson,**
lögg. endurskoðandi,
kjörinn af bankaráði,
Seðlabanka Íslands.

**Gunnlaugur Arnórsson,**
aðalendurskoðandi,
Seðlabanka Íslands.

# REIKNINGUR

## Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 1984.

| | |
|---|---|
| Rekstrargjöld: | kr. |
| Laun og launatengd gjöld | 3 299 654,00 |
| Annar rekstrarkostnaður | 1 363 004,00 |
| Gjaldfærð fjárfesting | 34 873,00 |
| | 4 697 531,00 |
| Rekstrartekjur: | |
| Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu | 429 399,00 |
| Innheimtuþóknun frá sveitarfélögum | 43 850,00 |
| Endurgreiðsla innheimtukostnaðar | 567 993,00 |
| Vextir | 935 198,00 |
| | 1 976 440,00 |
| Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 2 721 091,00 |
| | 4 697 531,00 |

### Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1984.

| | |
|---|---|
| Eignir: | |
| Sjóður | 2 309 214,00 |
| Inneign á hlr. 333 Útvegsbanka Íslands | 1 411 998,00 |
| Skuldabréfaeign | 150 000,00 |
| Ógreidd innheimtuþóknun | 429 399,00 |
| Óinnheimtar kröfur | 285 057 235,00 |
| Jöfnunarsjóður v/skrifstofukostnaðar | 2 721 091,00 |
| | 292 078 937,00 |
| Skuldir: | |
| Ógreiddur kostnaður | 1 082,00 |
| Tryggingastofnun ríkisins | 40 980 889,00 |
| Erlendar innheimtur | 193 868,00 |
| | 41 175 839,00 |
| Framlag Jöfnunarsjóðs | 250 903 098,00 |
| | 292 078 937,00 |

Reykjavík, 26. júní 1985.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

**Guðmundur Vignir Jósefsson**, formaður. **Hallgrímur Dalberg.**

**Steinþór Júlíusson.** **Árni Guðjónsson.**

# REIKNINGUR

## Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1984.

A. Rekstrarreikningur.

**Gjöld:**

| | | Kr. |
|---|---|---|
| Almenn framlög til sveitarfélaga samkvæmt 13. grein | | 581 336 608 |
| Aukaframlög til sveitarfélaga samkvæmt 15. grein | | 40 239 560 |
| Patrekshreppur, styrkur vegna snjóflóða | | 200 000 |
| Mýrdalshreppur, styrkur vegna sameiningar sveitarfélaga | | 100 000 |
| Ólafsvíkurkaupstaður, styrkur vegna sameiningar sveitarfélaga | | 100 000 |
| Samband sveitarfélags Suðurnesja, styrkur vegna sameiningar sveitarfélaga | | 125 000 |
| Fólksfækkunarframlög til sveitarfélaga skv. 16. grein | | 8 674 100 |
| Samband íslenskra sveitarfélaga, framlag, 1% af almannatekjum | | 7 117 610 |
| Landshlutasamtök sveitarfélaga, framlag, 1% af almannatekjum | | 7 117 610 |
| Lánasjóður sveitarfélaga, framlag, 5% af vergum tekjum | | 35 643 370 |
| Húsfriðunarsjóður, framlag | | 1 226 601 |
| Innheimtustofnun sveitarfélaga, rekstrarframlag | | 2 721 091 |
| Afskrifaðar kröfur vegna barnameðlaga | | 83 023 |
| Eftirlaunasjóður aldraðra í stéttarfélögum | | 4 393 462 |
| Afgangur fluttur á höfuðstól | | 23 789 367 |
| Alls kr. | | 712 867 402 |

**Tekjur:**

| | | |
|---|---|---|
| Sölugjald, hluti sjóðsins í álagningu | | 495 000 000 |
| Aðflutningsgjöld, hluti sjóðsins í álagningu | | 100 000 000 |
| Landsútsvör: | | |
| Bankar | | 22 682 950 |
| Aðrir | 125 383 415 | |
| – hluti sveitarfélaga | 31 305 380 | 94 078 035 |
| Sérstakur tekjuskattur: | | |
| Kísiliðjan hf. og Johns Manville | 7 097 184 | |
| – til Húsavíkurkaupstaðar | 4 308 310 | |
| – til Skútustaðahrepps | 2 788 874 | — |
| Almennar tekjur | | 711 760 985 |
| Vaxtatekjur | | 1 106 417 |
| Vergar tekjur | | 712 867 402 |

## B. Efnahagsreikningur.

| | | |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| **Greiðslufjárreikningar:** | | 75 584 826 |
| Óinnheimtar tekjur hjá gjaldendum ríkissjóðs | | 67 599 789 |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningar | | 1 482 703 |
| Sveitarfélög, viðskiptareikningar | | 256 478 |
| Samband íslenskra sveitarfélaga | | 411 853 |
| Landshlutasamtök sveitarfélaga | | 471 853 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | | 4 502 171 |
| Gjaldendur landsútsvara | | — |
| Sýslumaður og bæjarfógeti, Húsavík | | 195 177 |
| Tryggingastofnun ríkisins vegna Eftirlaunasjóðs aldraðra í stéttarfélögum | | 613 076 |
| Biðreikningur | | 51 726 |
| **Lánareikningar:** | | 140 230 931 |
| Innheimtustofnun sveitarfélaga | | 139 464 185 |
| Sauðaneshreppur | | 135 000 |
| Raufarhafnarhreppur | | 500 000 |
| Alls kr. | | 215 684 011 |
| **Skuldir:** | | |
| **Greiðslufjárreikningar:** | | 167 230 931 |
| Samband íslenskra sveitarfélaga | | — |
| Lánasjóður sveitarfélaga | | — |
| Innheimtustofnun sveitarfélaga | | 2 721 091 |
| Landshlutasamtök sveitarfélaga | | — |
| Sveitarfélög, viðskiptareikningar | | 613 680 |
| Ríkissjóður | | 194 024 |
| Framlagsfé til sveitarfélaga: | | |
| Af óinnheimtum tekjum: | | |
| Í ársbyrjun | 67 599 789 | |
| Af rekstrarreikningi | — | 67 599 789 |
| Af innheimtum tekjum: | | |
| Í ársbyrjun | 74 476 989 | |
| Af rekstrarreikningi | 630 775 268 | |
| Samtals kr. | 705 252 257 | |
| Úthlutað á árinu 1984 | 609 149 910 | 96 102 347 |
| **Eiginfjárreikningar:** | | 48 453 080 |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 24 663 713 |
| Endurmat greiðslufjárreikninga | | — |
| Tekjuafgangur | | 23 789 367 |
| | | 215 684 011 |

*Reykjavík, 1. október 1985.*

**Hallgrímur Dalberg.**

*Lára Hafliðadóttir.*

# REGLUGERÐ

**um búfjárhald í Eskifjarðarkaupstað.**

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Eskifjarðarkaupstað, án sérstaks leyfis bæjarstjórnar.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar.

Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið.

Leyfi má veita í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Búfjáreigendum er heimilt að hafa með sér félag og kjósa því forsvarsmenn er komi fram fyrir þeirra hönd gagnvart bæjaryfirvöldum.

Frá 1. október 1986 er allt búfjárhald stranglega bannað í Eskifjarðarkaupstað, innan inngirts bæjarlands.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á opinberu uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Skuli allir þeir sem búfé eiga við birtingu þessarar reglugerðar, hafa sótt um leyfi í samræmi við ákvæði 2. gr., að tveimur mánuðum liðnum.

6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búfé í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

7. gr.

Bæjarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Eskifjarðarkaupstað og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka.

8. gr.

Byggingar peningahúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum sem bundin eru í aðalskipulagi. Leyfisveiting er háð því að umsækjandi sé félagi í viðkomandi búfjáreigendafélagi, ef slíkt félag er starfandi.

9. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu á sumri og fóður á vetri, svo og allri meðferð búfjárins.

10. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 294 frá 15. maí 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 406 12. nóvember 1985

# REGLUGERÐ

**um búfjárhald í Hofsóshreppi.**

1. gr.

Tilgangur reglugerðar þessarar er að hafa stjórn og yfirsýn yfir búfjárhald í Hofsóshreppi til þess að koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir hreppsbúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrifaleg og í samræmi við vilja sveitarstjórnar á hverjum tíma.

2. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Hofsóshreppi án leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögbýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

3. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi skv. 2. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókn skal tilgreina fjölda búfjár og geymslu þess.

4. gr.

Telji sveitarstjórn skilyrði fyrir hendi skal veita leyfi til búfjárhalds og er heimilt að takmarka það við ákveðinn fjölda búfjár. Veitt leyfi til búfjárhalds skuldbindur þó ekki Hofsóshrepp til að sjá leyfishöfum fyrir beitarlandi eða annarri aðstöðu. Leyfi er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð reglugerð þessari og er uppsegjanlegt með 1 árs fyrirvara miðað við 1. júní. Sé leyfi sagt upp skal allt búfé viðkomandi farið úr landi Hofsóshrepps eigi síðar en 3 mánuðum eftir að uppsögn tekur gildi og má eftir þann tíma selja það á uppboði eða slátra því á kostnað eiganda. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár og gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

5. gr.

Eigendur búfjár bera ábyrgð á tjóni sem búféð kann að valda.

6. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar skal lögreglustjóra falið að taka það í sína vörslu og selja það á uppboði eða slátra því.

7. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir leyfi til búfjárhalds.

Ennfremur getur sveitarstjórn takmarkað fjölda búfjár í Hofsóshreppi.

8. gr.

Öll lausaganga búfjár er bönnuð í Hofsóshreppi.

Búfénað sem gengur laus, skal lögreglustjóri láta handsama og taka í vörslu.

Ennfremur geta þeir er fyrir ágangi verða látið handsama ágangsfénað, en þeir skulu skýra lögreglustjóra frá því tafarlaust. Eigendum slíks ágangsfénaðar ber að greiða allan kostnað af handsömun og geymslu fénaðarins áður en hann er afhentur, innan sólarhrings. Eftir þann tíma verður búfénaðurinn seldur á uppboði eða honum lógað. Ákvæði þessarar greinar svo og 5. gr. gilda einnig um búfé í eigu annarra en íbúa Hofsóshrepps.

9. gr.

Eftir 15. júlí 1985 verða aðeins leyfðar byggingar fyrir búfénað (utan lögbýla) á til þess skipulögðu svæði og skulu eigendur búfénaðar fá á skrifstofu Hofsóshrepps teikningar og byggingarskilmála til eftirbreytni.

10. gr.

Í byrjun kjörtímabils sveitarstjórnar skal kjósa 3 menn og 3 til vara til að hafa umsjón með málefnum er varða búfjárhald og lendur Hofsóshrepps til beitar og grasnytja. Skal nefndin heita búfjárnefnd. Nefndin skal vera sveitarstjórn ráðgefandi um nýtingu lands og allt er búfjárhald varðar.

Nefndin skal fá umsóknir sbr. 2. gr. til umsagnar og skila áliti til sveitarstjórnar.

Beit búfjár utan þeirra reita er búfjáreigendur hafa til ráðstöfunar er aðeins heimil á þeim beitarlöndum sem nefndin hefur ráðstafað til viðkomandi félaga.

Ennfremur heldur nefndin skrá yfir lönd sem sveitarstjórn leigir til grasnytja og er ráðgefandi varðandi þær breytingar sem gerðar kunna að verða, bæði varðandi leiguskilmála og leigjendur svo og ráðstöfun beitarlands.

11. gr.

Fái búfjáreigandi land til grasnytja sbr. 10. gr. skal hann viðhalda ræktun og girðingum þannig að viðunandi sé. Verði misbrestur þar á að dómi búfjárnefndar og/eða sveitarstjórnar, má segja leigunni upp fyrirvaralaust ef skriflegum ábendingum er eigi sinnt innan þess frests er gefinn verður hverju sinni.

12. gr.

Þeir sem við gildistöku þessarar reglugerðar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði reglugerðarinnar skulu innan 2ja mánaða frá gildistöku hennar, tilkynna búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum, skal tekinn í vörslu af lögreglustjóra, boðinn upp eða lógað að undangenginni aðvörun sem eigi hefur verið sinnt.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hofsóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 407 21. október 1985

# SAMÞYKKT

**um sorphreinsun á Laugarbakka.**

1. gr.

Sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps annast eða býður út alla sorphreinsun á Laugarbakka, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar. Fer hún fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og með umsjón heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að haga sorpgeymslu og sorphirðingu samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar, fyrirmælum heilbrigðisnefndar og samþykktum sveitarstjórnar.

3. gr.

Við hverja húseign skal vera sorpgeymsla, gerð fyrir sorppoka. Sorppoka skal komið fyrir í grind eða skáp, sem sveitarfélagið hefur samþykkt. Húseigendur skulu kosta kaup þeirra, uppsetningu og viðhald. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og allur aðgangur að þeim og frágangur þeirra í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

4. gr.

Almenn sorphirða greiðist af sveitarsjóði. Þó skal notandi greiða árlega gjald, er miðast við fjölda þeirra sorpgrinda er hann notar. Gjald þetta ákveðst árlega af sveitarstjórn í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og innheimtist með fastagjöldum.

5. gr.

Í sorppoka má setja allt venjulegt heimilissorp, svo sem matarleifar, umbúðir, fatnað, blöð, pappír og úrgang frá lóðum, annað en mold, torf, grjót og stórar greinar.

Ekkert má setja í sorppoka, sem getur skemmt þá (t. d. óinnpökkuð glerbrot) eða sem er svo þungt að hætta sé á að þeir rifni við flutning. Óheimilt er að setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín í sorpílát, hvort sem er laust eða í umbúðum.

Gæta skal þess að fylla sorppoka ekki meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem eru fylltir um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

6. gr.

Allt það sorp, sem eigi veður látið í sorppoka eða sem hirða þarf örar en samþykkt þessi gerir ráð fyrir, skulu hlutaðeigendur annast um sjálfir, á eigin kostnað, sé ekki um annað samið.

Skylt er þeim að hlíta til fulls, fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar um umgengni og notkun sorphauga.

7. gr.

Sorphirða skal framkvæmd vikulega. Um stórhátíðir skal framkvæma aukahreinsun, eftir því sem við verður komið.

Sveitarfélagið leggur til einn sorppoka fyrir hverja viku ársins. Aukapoka má fá keypta í verslunum eða hjá starfsmönnum sveitarfélagsins. Sorphirðumenn mega ekki hnýsast í pokana eða fjarlægja úr þeim hluti.

8. gr.

Verslunar- og iðnaðarstöðum og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum starfsemi, er krefst tíðari sorphirðu að mati heilbrigðisnefndar ber sjálfum að annast og kosta sína sorphirðu. Allur flutningur á vegum einstaklinga eða fyrirtækja á sorphauga skal framkvæmdur eftir ströngustu fyrirmælum og allur þrifnaður hafður í hávegum.

Sorpið skal urðað í til þess gerðum gryfjum, síðan brennt og þjappað og að lokum hulið með jarðvegslagi minnst 25 cm þykku. Sjá skal um að ekki myndist sig og vatnsfyllingar yfir gryfjunum og fyllsta hreinlætis skal gætt í hvívetna.

9. gr.

Hverjum húseiganda er skylt að halda lóðum sínum og öðrum umráðasvæðum hreinum og fjarlægja þaðan allt er veldur óþrifnaði og flytja það á sorphauga bæjarins.

Bannað er að urða olíuleifar og önnur efni sem mengað geta jarðveg og einnig er bannað að kasta slíkum efnum í ár og vötn. Skal þeim eytt eða brennt á tryggilegan hátt eftir því sem kostur er á og skal slík eyðing fara fram undir eftirliti.

10. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu skal koma skriflega til sveitarstjórnar eða heilbrigðisnefndar náist ekki samkomulag við sorphirðumenn.

11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

12. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Ytri-Torfustaðahrepps staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar við birtingu samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. október 1985.*

F. h. r.
**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUR

## um verðmætismörk vegna útgáfu EUR. 2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA, EBE og EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA, EBE og Spáni gegn framvísun á EUR. 2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. 1 eða EUR. 2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

| | Land | Mynt | Smábögglar til einka-aðila 280 RE | Persónulegur farangur ferðamanna 800 RE | EUR. 2 mörk 4000 RE |
|---|---|---|---|---|---|
| EFTA: | Austurríki | ATS | 4 400 | 12 600 | 63 000 |
| og | Finnland | FIM | 1 300 | 3 750 | 19 000 |
| SPÁNN: | Ísland | ISK | 6 850 | 19 500 | 100 000 |
| | Noregur | NOK | 1 850 | 5 200 | 26 000 |
| | Portúgal | PTE | 32 800 | 93 700 | 480 000 |
| | Spánn | ESP | 35 100 | 100 300 | 501 400 |
| | Sviss | CHF | 550 | 1 500 | 7 400 |
| | Svíþjóð | SEK | 1 800 | 5 100 | 25 000 |
| EBE: | Belgía | BEF | 12 700 | 36 300 | 179 000 |
| | Bretland | GBP | 165 | 470 | 2 375 |
| | Danmörk | DKK | 2 300 | 6 500 | 32 400 |
| | Frakkland | FRF | 1 950 | 5 500 | 27 500 |
| | Grikkland | GRD | 27 600 | 78 800 | 370 000 |
| | Holland | NLG | 750 | 2 100 | 10 000 |
| | Írland | IEP | 200 | 580 | 2 900 |
| | Ítalía | ITL | 400 000 | 1 145 000 | 5 340 000 |
| | Luxemburg | LUF | 12 700 | 36 300 | 179 000 |
| | Þýskaland | DEM | 650 | 1 800 | 9 000 |

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 267/1980 og 9. gr. auglýsingar nr. 680/1980 svo og auglýsingar nr. 318/1983 og 319/1983 um breyting á þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 243/1984 um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 25. október 1985.*

F.h.r.
**Sigurgeir A. Jónsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

# AUGLÝSING

**um tryggingarfé ferðaskrifstofa.**

Með heimild í 18. gr. laga nr. 79 2. júlí 1985 um skipulag ferðamála, hefur ráðuneytið ákveðið að bankatrygging sú sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofa skuli eigi vera lægri en 2.6 millj. kr. frá birtingu þessarar auglýsingar að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 31. janúar 1986 til að auka tryggingarfé sitt.

*Samgönguráðuneytið, 6. nóvember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

29. október 1985 Nr. 410

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 206 frá 17. apríl 1984 um gatnagerðargjöld í Reykjavík með síðari breytingu.**

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald skal áætla þegar lóðarúthlutun fer fram. Gjald þetta skal vera lágmarksgjald og miðast við nýtingarmöguleika samkvæmt því skipulagi, sem gildir við lóðarúthlutun, og endurgreiðist ekki þótt minna sé byggt á lóð. Sama á við þótt nýtingarmöguleikar á lóð minnki eftir að lóð er úthlutað, eða gert sé ráð fyrir breyttri húsagerð, enda sé skipulagi breytt að ósk lóðarhafa. Innan mánaðar frá úthlutun skal greiða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds, skv. ákvörðun borgarráðs, ella fellur úthlutun sjálfkrafa úr gildi. Borgarráð ákveður gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum. Gatnagerðargjald af rúmmáli, sem er umfram það sem lágmarksgatnagerðargjald er miðað við skv. framansögðu, fellur í gjalddaga þegar byggingarnefndarteikning er samþykkt og skal greiða það eigi síðar en innan mánaðar. Verði breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá lóðarúthlutun og til þess dags, sem teikning er samþykkt, skal umframgatnagerðargjald greiðast skv. því rúmmetragjaldi, sem gildir þá. Hafi skipulagi lóðar verið breytt samkvæmt framansögðu áður en byggingarnefndarteikning er samþykkt, skal umframgatnagerðargjald greiðast samkvæmt því rúmmetragjaldi, sem við á samkvæmt hinu nýja skipulagi. Þegar byggt er á eignarlóð, áður úthlutaðri lóð, eða eldra hús er stækkað, skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. október 1985.*

F.h.r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit á Vestfjörðum.**

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, er sveitarstjórnum heimilt, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 36.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1. flokkur | kr. 1 000,00 |
| 2. flokkur | — 2 000,00 |
| 3. flokkur | — 3 000,00 |
| 4. flokkur | — 4 000,00 |

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingar er honum heimilt að lækka eða fella niður gjaldið.

4. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld, svo sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1. flokkur | kr. 4 000,00 |
| 2. flokkur | — 8 000,00 |
| 3. flokkur | — 15 000,00 |
| 4. flokkur | — 25 000,00 |

5. gr.

Heilbrigðisfulltrúar semji fyrir hönd heilbrigðisnefnda lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á starfssvæðum sínum. Listinn skal afhentur skrifstofum þeirra sveitarfélaga, sem fara með fjármál heilbrigðiseftirlitsins. Þær sjái um samræmingu á álagningu og innheimtu gjaldanna í samráði við sveitarstjórnir á svæðinu.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari renna beint til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt 4. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Gjald skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af svæðisnefnd heilbrigðiseftirlits á Vestfjörðum, að höfðu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög, staðfestist hér með skv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fyrir árið 1985 skal gjalddagi eftirlitsgjalda vera 1. desember og eindagi 1. febrúar 1986.

Með skírskotun til sérstaks samkomulags og þar til annað verður ákveðið gildir gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi nr. 236/1984 fyrir Austur-Barðastrandarsýslu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1985.*

F. h. r.
**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

30. október 1985 Nr. 412

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 445/1978 um flokkun eiturefna og hættulegra efna, með síðari breytingum.**

1. gr.

Nýtt efni á lista IV A:
METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAL)

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, sbr. lög um breyting á þeim lögum nr. 27/1973, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. október 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*

12. nóvember 1985 Nr. 413

# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld í Kópavogskaupstað nr. 318 frá 23. júní 1981.**

1. gr.

11. tl. 1. mgr. 2. gr. orðist þannig:
Gróðurskálar innangengir úr húsum .................................. 1½%.

2. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein er verði 4. málsgrein, svohljóðandi:

Bæjarráði er heimilt þegar ástæða þykir til að ákveða rýmri greiðslutilhögun á gatnagerðargjöldum en að ofan greinir.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatangerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. nóvember 1985.*

F.h.r.
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 414 5. nóvember 1985

# AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 215 300,00.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 15 500,00.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1985 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

Nr. 415 18. október 1985

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 160/1982 fyrir heilsugæslustöðvar.**

1. gr.

53. gr. 4. tl. orðist svo:

53.4. Heilsugæslustöðvar annast tannvernd í skólum með eftirfarandi hætti:
1. Fyrirbyggjandi aðgerðum t. d. fluorskolun eða fluorburstun og kennslu tannhirðu.
2. Sýningu fræðslumynda með skýringum.
3. Afhendingu og útskýringu fræðslubæklinga.
4. Tannskoðun minnst einu sinni á ári framkvæmdri af tannlækni.
5. Tannviðgerðum.

Þjónustan skal veitt af tannlæknum og aðstoðarfólki þeirra þar sem því verður við komið. Einnig af læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heildbrigðisstarfsmönnum eftir því sem hentar á hverjum stað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 59/1983 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. október 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bannað verður að beygja til vinstri af Barónsstíg til vesturs á Laugaveg.
2. Bannað verður að beygja til hægri af Vitastíg til vesturs á Laugaveg.
3. Bannað verður að beygja til vinstri af Bergstaðastræti til vesturs á Laugavegi
4. Einstefnuakstur verður á Barónsstíg til norðurs frá Laugavegi að innkeyrslu að bifreiðastæði Landsbanka Íslands.
5. Einstefnuakstur verður á Vatnsstíg til norðurs frá Laugavegi að Hverfisgötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka strax gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. nóvember 1985.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

15. nóvember 1985 Nr. 417

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Eyra**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli, fyrir hvern rúmmetra vatns .......... kr. 43,60

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

a) fyrir mæla til og með ½"—1" .......... kr. 450,00
b) fyrir mæla til 1¼"—2" .......... kr. 900,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald ........ kr. 270,00

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

| Rúmmál húsa (utanmál) | Heimæðargjald | | |
|---|---|---|---|
| Allt að 500 $m^3$ | kr. | 35 000,00 | + 70,00 kr/$m^3$ |
| 500—2 000 $m^3$ | kr. | 70 000,00 | fyrir 500$m^3$+ 46,70 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000—6 000 $m^3$ | kr. | 140 000,00 | fyrir 2 000$m^3$+ 35,00 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 6 000 $m^3$ | kr. | 280 000,00 | fyrir 6 000$m^3$+ 27,00 kr/$m^3$ þar yfir |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta ........ kr. 6 100,00

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

## III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni ........ 500,00

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 277, 8. júlí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

15. nóvember 1985 Nr. 418

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Hveragerðis.

1. gr.

Hitaveita Hveragerðishrepps selur afnot af varmaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða gerð kunna að verða, eftir þeim reglum, sem settar eru í reglugerð Hitaveitu Hveragerðishrepps, nr. 175/1962 og gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Hveragerðis lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a) Fastagjöld:
   1. Gróðurhús 100 m$^2$ og stærri .............................. kr. 462,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
   2. Önnur hús .............................. kr. 184,00
      á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b) Vatnsgjöld:
   1. Gróðurhús .............................. kr. 109,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
   2. Önnur hús .............................. kr. 306,00
      á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverju tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin til greiðslu í hverjum mánuði og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila, sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðargjald (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

| | |
|---|---|
| Hús allt að 300 $m^3$ að utanmáli | kr. 29 500,00 |
| Hús 300—2000 $m^3$ að utanmáli | kr. 29 500,00 |
| fyrir 300 $m^3$ og | kr. 21,00 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Hús stærra en 2000 $m^3$ að utanmáli | kr. 67 100,00 |
| fyrir 2000 $m^3$ og | kr. 18,00 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Stofngjald fyrir hvern aðalrennslishemil umfram einn á sama inntaki | kr. 2 300,00 |

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 229 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og gróðurhúsaræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

10. gr.

Hitaveita Hveragerðis hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 300,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Hveragerðis skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Þeir notendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti, þar til þeir hafi fengið hemil.

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 282 16. júlí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Sauðárkróks**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils ........ kr. 328,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (utanmál) | Heimæðargjald | | |
|---|---|---|---|
| 400—2 000 $m^3$ = | 36 108,00 kr. fyrir | 400 $m^3$ | 27,50 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000—6 000 $m^3$ = | 81 804,00 kr. fyrir | 2 000 $m^3$ | 25,50 kr/$m^3$ þar yfir |
| 6 000—10 000 $m^3$ = | 181 560,00 kr. fyrir | 6 000 $m^3$ | 22,40 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 10 000 $m^3$ = | 273 360,00 kr. fyrir | 10 000 $m^3$ | 17,80 kr/$m^3$ þar yfir |

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

| | |
|---|---|
| Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera ................. | kr. 14,70 |

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fyrir mæla 3/4" ........................................ | kr. 137,00 pr. mán. |
| Fyrir mæla 1"—2½" ........................................ | kr. 306,00 pr. mán. |
| Fyrir mæla 3" og stærri ........................................ | kr. 622,00 pr. mán. |

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 356 18. september 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ OG REGLUR

**fyrir símaþjónustu**

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. desember 1985.

## I. KAFLI

**Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.**

### 1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu ........................................ kr. 3 500,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — áætlaður helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

### 2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 530,00 að viðbættum kr. 1,20 fyrir hvert teljaraskref umfram 600 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 300 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir verslunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið 2.1. hér að framan, auk kr. 190,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4.

Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar.

Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.

Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a. | Lengd línuleiðar | 0.5—1.0 km | kr. | 149,00 |
| b. | Lengd línuleiðar | 1.0—2.0 km | kr. | 224,00 |
| c. | Lengd línuleiðar | 2.0—4.0 km | kr. | 373,00 |
| d. | Lengd línuleiðar | 4.0—8.0 km | kr. | 894,00 |
| e. | Lengd línuleiðar | yfir 8.0 km | kr. | 1 192,00 |

### 3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr. |
|---|---|---|---|
| 3.1. | Aukatalfæri með gaumskífu (blinker) | 1 724,00 | 175,00 |
| 3.2. | Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4) | | 178,00 |
| 3.3. | Vatnsþétt talfæri | | 207,00 |
| 3.4. | Hátalarasími | | 713,00 |
| 3.5. | 2ja línu talfæri Siemens | 4 301,00[2]) | 369,00 |
| 3.6. | 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört) | 2 165,00[2]) | 294,00 |
| 3.7. | Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri | | 307,00[3])[4])[5]) |

**Skýringar:**

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr. |
|---|---|---|---|
| 3.8. | Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri .... | 3 847,00[2][3] | 329,00[3] |
| 3.9. | Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri ............ | 10 482,00[2] | 883,00 |
| 3.10. | Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört) | 1 842,00[2][3] | 195,00[3] |
| 3.11. | Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri ........ | | 323,00[3][4][5] |
| 3.12. | Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri ........ | | 385,00[3][4][5] |
| 3.13. | Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri ....... | | 509,00[3][4][5] |
| 3.14. | Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri ....... | | 621,00[3][4][5] |
| 3.15. | Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri ........... | 7 329,00[2][3] | 629,00[3] |
| 3.16. | Raðsímar, Reiha ⅕, 1 lína, 3 til 6 talfæri ........... | 5 311,00[2][3] | 452,00[3] |
| 3.17. | Raðsímar, Reipos ⅖, 2 línur, 3 til 6 talfæri ......... | 4 969,00[2][3] | 440,00[3] |
| 3.18. | Raðsímar, Reipos 2/10, 2 línur, 7 til 11 talfæri ....... | 7 628,00[2][3] | 662,00[3] |
| 3.19. | Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri ....... | | 1 107,00[3] |
| 3.20. | Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin ..................... | 2 650,00[2] | 294,00 |
| 3.21. | Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin ................................ | 5 508,00[2] | 642,00 |
| 3.22. | Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin ........................... | 5 508,00[2] | 3 797,00 |
| 3.23. | Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin ................................ | 2 152,00[2] | 270,00 |
| 3.24. | Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð ... | 5 508,00 | 1 561,00 |
| 3.25. | Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð ............................ | 5 508,00 | 4 708,00 |

3.26. Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 5 022,00

3.27. Sjálfsalar, þriggja mynta. Árstekjutrygging kr. 7 323,00

3.28. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 153,00

3.29. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 754,00

3.30. Útskipting á talfæri, kostnaðarverð.

## 4. Einkasímstöðvar.

### 4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr. |
|---|---|---|---|
| 4.1.1. | L.M.E. 1+3 ........................................ | 16 520,00 | 328,00 |
| 4.1.2. | L.M.E. 2+6 ........................................ | 26 539,00 | 656,00 |
| 4.1.3. | L.M.E. 3+9 ........................................ | 39 169,00 | 984,00 |

---

**Skýringar:**

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr. |
|---|---|---|---|
| 4.1.4. | L.M.E. 4+16 | 61 739,00 | 1 640,00 |
| 4.1.5. | L.M.E. 5+30 | 63 188,00 | 2 870,00 |
| 4.1.6. | L.M.E. 6+40 | 70 105,00 | 3 772,00 |
| 4.1.7. | E.B. 6+30 | 64 347,00 | 2 952,00 |
| 4.1.8. | ADG 101 8+40 | 150 475,00 | 3 936,00 |
| 4.1.9. | ADG 101 16+80 | 198 017,00 | 7 872,00 |
| 4.2. | **Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).** Nýjar sjálfvirkar einkasímstöðvar eru settar upp gegn greiðslu kostnaðarverðs, sem reiknast hverju sinni, og rekstrargjalds, sem er 1,5% af kostnaðarverði á hverjum tíma á ársfjórðungi. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3. Uppsetningarkostnað símstöðvarinnar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, innanhúss eða innan lóðar, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv. | | |
| 4.2.1. | Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöðvum | | 231,00 |
| 4.2.2. | Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í einkasímstöðvum. Greiða skal ⅓ hluta áætlaðs kostnaðargjalds, þegar stöðin er pöntuð, ⅓ þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst. | | 462,00 |
| 4.3. | **Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2. og öðrum einkasímstöðvum.** | | |
| 4.3.1. | Númer frá einkasímstöð í sama húsi. Talfæri ekki innifalið | | 82,70 |
| 4.3.2. | Númer frá einkasímstöð í öðru húsi á sömu lóð (hámark 50 m). Talfæri ekki innifalið | | 120,00 |
| 4.3.3. | Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið | 3 827,00 | 484,00 |
| 4.3.4. | Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið | 3 827,00 | 3 640,00 |
| 4.3.5. | Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið | 3 827,00 | 5 201,00 |
| 4.3.6. | Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi | 3 827,00 | 3 160,00 |
| 4.3.7. | Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi | 3 827,00 | 5 201,00 |
| 4.3.8. | Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi | 3 827,00 | 6 786,00 |

## 5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símkerfið.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 5.1. | Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris | 2 860,00 |
| 5.2. | Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu. | |
| 5.3. | Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota. Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald. | 286,00 |

### 6. Flutningsgjald.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 6.1. | Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað .. (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í). | 1 750,00 |
| 6.2. | Milli stöðvargjaldsvæða ........................................ | 2 375,00 |
| 6.3. | Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma. | |
| 6.4. | Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi. | |

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama gjaldsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 900,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 1 120,00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

### 7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 970,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 350,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 705,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

### 8. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

### 9. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin selur greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

## II. KAFLI

**Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar, sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.**

**1. Stofngjald.**

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1.1. | Fyrir númer í miðstöð og línu | 2 770,00 |

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.2. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

2.1. Fyrir hvert númer í miðstöð með línu.

| Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum Stundir | kr. | 2—3 notendur á sömu línu kr. | Yfir 3 notendur á sömu línu kr. |
|---|---|---|---|
| 2 | 261,00 | 208,80 | 156,60 |
| 4 | 343,00 | 274,40 | 205,80 |
| 6 | 389,00 | 311,20 | 233,40 |
| 8 | 435,00 | 348,00 | 261,00 |
| 10 | 480,00 | 384,00 | 288,00 |
| 12 | 489,00 | 391,20 | 293,40 |
| 14 | 497,00 | 397,60 | 298,20 |
| 16 | 505,00 | 404,00 | 303,00 |
| 24 | 596,00 | 476,80 | 357,60 |

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja ½ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sérlínu, en hlutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu.

2.2. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

2.3. Almenn ákvæði.

Áðurnefnt afnotagjald fyrir númer í miðstöð og línu hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verslunarfyrirtækjum. Þessi hækkun gildir ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Þegar um nýtt samband er að ræða, fer upphæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

### 3. Flutningsgjald.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 3.1. | Milli húsa á sama gjaldsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað .. | 1 385,00 |
| 3.2. | Milli stöðvargjaldsvæða ............................................. | 1 920,00 |
| 3.3. | Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma. | |
| 3.4. | Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi. | |

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli stöðvargjaldsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, má lækka flutningsgjaldið skv. 3.1. niður í allt að kr. 705,00.

### 4. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símanúmeri af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 1 525,00.

Viðtökugjald lækkar í kr. 350,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 705,00.

Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 3.1. og 3.2. hér að framan.

### 5. Leiga og uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

### 6. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

## III. KAFLI

## Notendasímar í sveitum.

### 1. Stofngjald.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

1.1. Stofngjald fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu er kr. 1 865,00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða, ákveður Póst- og símamálastofnunin stofngjald í hvert skipti eða eftir samkomulagi.

1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla 1., en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

1.3. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

1.4. Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

### 2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð með eftirfarandi afgreiðslutíma:

| Stundir | Kr. |
|---|---|
| 2 | 137,00 |
| 4 | 152,00 |
| 6 | 198,00 |
| 8 | 234,00 |
| 10 | 255,00 |
| 12 | 261,00 |
| 14 | 267,00 |
| 16 | 277,00 |
| 24 | 295,00 |

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

### 3. Almenn ákvæði.

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.
3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.
3.4. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skipshlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
3.5. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.
3.6. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.
3.7. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
3.8. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

## IV. KAFLI
## Símtalagjald.

### 1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:

Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1,2,3, \ldots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$$\frac{t - ns}{s}$$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 19.00 frá mánudegi til föstudags.

| Gjaldflokkur | sek. í skrefi |
|---|---|
| 0 bæjarsímtöl | 360 sek. |
| 1 | 60 sek. |
| 2 | 18 sek. |
| 3 | 12 sek. |

1.2. Nætur og helgartaxti er frá kl. 19.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 19.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

| Gjaldflokkur | sek. í skrefi |
|---|---|
| 0 bæjarsímtöl | Ót. tími |
| 1 | 120 sek. |
| 2 | 36 sek. |
| 3 | 24 sek. |

1.3. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 0 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

**2. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar miðstöðvar.**

| | | Minnsta gjald kr. | Umframgjald pr. mín. kr. |
|---|---|---|---|
| 2.1. | Um 0— 10 km línulengd | 8,85 | 2,95 |
| | — 10— 25 km línulengd | 14,55 | 4,85 |
| | — 25—100 km línulengd | 19,50 | 6,50 |
| | Yfir 100 km línulengd | 23,40 | 7,80 |

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 10,60. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 26,90 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.

2.6. Boðsending: kr. 17,20 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 17,20 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki

### 3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 1,70 fyrir hvert teljaraskref.

### 4. Radíó-símtöl við skip og báta.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 14,10 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 4,70 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.2. Strandargjald kr. 30,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 41,10 fyrstu 3 mín. og kr. 10,00 eða kr. 13,70 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.

4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt IV. kafla 2.

4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:

a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. IV., kafla 2.

### 5. Bílasímaþjónusta.

Í bílasímaþjónustunni eru afgreidd símtöl til og frá bílastöðvum og handstöðvum með handvirkri afgreiðslu. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald á ársfjórðungi og viðskiptagjöld.

5.1. Stofngjald er kr. 3 500,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun bílasímanúmers.

5.2. Afnotagjald er kr. 530,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrir fram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrir fram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldareikningi.

5.3. Viðskiptagjöld eru afgreiðslugjald og mínútugjald. Afgreiðslugjald er kr. 3,90 fyrir hvert símtal og mínútugjald er kr. 7,80 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

### 6. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir sjálfvirkt val til útlanda gilda ekki næturtaxtar eins og fyrir val innanlands.

## V. KAFLI

## Símskeyta- og símatelexgjöld.

### 1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 26,90 og kr. 1,70 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.

1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald.

1.3. Veðurskeyti: Kr. 15,10 fyrir hvert skeyti.

1.4. Heillaskeyti: Sama og fyrir venjulegt símskeyti, auk kr. 15,10 fyrir heillaskeytiseyðublaðið.

1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 26,90. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert til Landspítalasjóðs.

1.6. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kauptúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða kr. 17,20 fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri, skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

Þótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu póstferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.

1.7. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

1.8. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

## 2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjald fyrir símskeyti til útlanda er ákveðið af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

## 3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 26,90.
b. Línugjald kr. 1,70 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 2,00 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.

Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 15,10 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 10,00.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.

3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

## 4. Símatelex.

4.1. Gjald fyrir sendingu.

4.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 80,00.

4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til kl. 21.00 kr. 40,00.

4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.

4.2. Gjald fyrir móttöku.

4.2.1. Símnefni á ári kr. 317,00.

4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 350,00.

4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 80,00.

**5. Stöðvartelex.**

5.1. Gjald fyrir sendingu.
5.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 80,00.
5.1.2. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 30,00.

## VI. KAFLI
## Fjarritvélar.

**1. Stofngjald.**

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1.1. | Númer í telexstöð | 8 400,00 |
| 1.2. | Bæjarlína | 2 100,00 |
| 1.3. | Venjuleg fjarritvél af eldri gerð | 23 021,00 |
| | Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá. | |
| 1.4. | Innbyggður endurgati | 4 096,00 |
| 1.5. | Innbyggður vélsendir | 4 096,00 |
| 1.6. | Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) | 9 444,00 |
| 1.7. | Afriðill | 2 033,00 |
| 1.8. | Tengipúlt | 3 020,00 |
| 1.9. | Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði. | |
| 1.10. | Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður | 2 033,00 |
| 1.11. | Breyting á telexheiti | 1 077,00 |

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

| | | |
|---|---|---|
| 2.1. | Númer í telexstöð | 1 375,00 |
| 2.2. | Bæjarlína | 350,00 |
| 2.3. | Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega | 9 027,00 |
| | Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá. | |
| 2.4. | Innbyggður endurgati | 1 325,00 |
| 2.5. | Innbyggður vélsendir | 1 325,00 |
| 2.6. | Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) | 4 842,00 |
| 2.7. | Afriðill | 1 077,00 |
| 2.8. | Tengipúlt | 1 366,00 |
| 2.9. | Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%. | |
| 2.10. | Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður. | |
| 2.11. | Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%. | |

### 3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

| | | |
|---|---|---|
| 3.1. | Milli húsa á svæði sömu símstöðvar | 3 847,00 |
| 3.2. | Innanhúss | 1 946,00 |
| 3.3. | Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar | 5 800,00 |

### 4. Gjald fyrir telexritanir.

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 1,20 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 3,00 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

### 5. Leiga, uppsögn o. fl.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu fjarritabúnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

## VII. KAFLI
## Gagnaflutningsnet og mótöld (modem)

Í almenna gagnaflutningsnetinu eru skiptistöðvar víðs vegar um landið. Gögn eru send um netið líkt og pakkar með heimilisfangi viðtakanda. Í skiptistöðvum eru gagnapakkarnir lesnir sundur og sendir áfram í rétta átt. Notendur verða ýmist tengdir stöðvunum með beinum línum eða þeir geta valið línu með því að nota sjálfvirka símakerfið eins og þegar hringt er í síma. Hver notandi kaupir rétt til gagnaflutnings á tilteknum hámarkshraða. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

### 1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

| Hraði (b/s) | 2 400 | 4 800 | 9 600 | 19 200 |
|---|---|---|---|---|
| Stofngjald kr. | 12 000,00 | 16 800,00 | 24 000,00 | 33 600,00 |

1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

| Hraði (b/s) | 300 | 1 200 | 2 400 | 4 800 | 9 600 | 19 200 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofngjald kr. | 7 100,00 | 8 400,00 | 9 700,00 | 11 200,00 | 12 900,00 | 14 900,00 |

1.1.3. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist 400 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

1.1.4. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með hringimótaldi, greiða skráningargjald en ekki stofngjald. Skráningargjaldið er 1 150 krónur.

## 2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hraði (b/s) | 2 400 | 4 800 | 9 600 | 19 200 |
| Ársfjórðungsgjald kr. | 8 000,00 | 11 200,00 | 16 000,00 | 22 700,00 |

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hraði (b/s) | 300 | 1 200 | 2 400 | 4 800 | 9 600 | 19 200 |
| Ársfjórðungsgjald kr. | 3 000,00 | 3 500,00 | 4 000,00 | 4 600,00 | 5 200,00 | 6 000,00 |

2.1.3. Ársfjórðungsgjald af tengingu við gagnanetið með hringmótaldi er 575 krónur.

2.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist 100 krónur á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25), sbr. 2.1.1.).

2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.

2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 25 aurar.

2.2.2. Tímagjald á mínútu er:
innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu .. 5 aurar
milli stöðvarsvæða í gagnanetinu ... 7,5 aurar
Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.4.), skal greiða 80 aura á mínútu til viðbótar þessum gjöldum.

2.2.3. Gjaldeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hvert þúsund gagnasneiða er:
innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu .. 8 krónur
milli stöðvarsvæða í gagnanetinu ... 12 krónur

2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:
innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu .. 2 950 krónur
milli stöðvarsvæða í gagnakerfinu ... 3 356 krónur

Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

## 3. Mótöld fyrir gagnaflutning.

Mótöld eru sett upp gegn greiðslu kostnaðarverðs á hverjum tíma. Það er innkaupsverð að viðbættum umsýslukostnaði. Rekstrargjald á ársfjórðungi er 3.0% af kostnaðarverði á hverjum tíma. Kostnað vegna viðhalds og viðgerða, sem óskað er eftir utan dagvinnutíma, skal greiða sérstaklega.

Uppsetningarkostnaður ásamt tilheyrandi lögnum svo og ferðakostnaður vegna uppsetningar og viðhalds greiðist samkvæmt reikningi.

VIII. KAFLI

**Sambönd og línur.**

Póst- og símamálastofnunin rekur samfellt línukerfi um mestallan hluta landsins. Skipta má línum í tvo flokka, notandalínur og langlínur. Notandalína er höfð til að tengja notanda við þá miðstöð, sem er næst honum og hann hefur númer í. Gjald fyrir slíkar línur innan marka samfelldrar þéttrar byggðar er innifalið í stofngjaldi og afnotagjaldi símnotanda sbr. I. kafla. Utan marka samfelldrar byggðar greiðist aukastofngjald samkvæmt ákvörðun stofnunarinnar en auk venjulegs afnotagjalds greiðist fjarlægðargjald samkvæmt I. kafla.

Notendur geta óskað eftir númeri í annarri miðstöð en þeirri sem næst þeim er, gegn greiðslu línuleigu, sem er miðuð við skrefagjald á viðkomandi leið sbr. 2.2.1.

Langlínur tengja saman stöðvar og gera notendum kleift að hringja sjálfvirkt eða með handvirkri þjónustu milli miðstöðva. Gjöld fyrir þessa notkun eru talin upp í IV. kafla.

Auk fyrrgreindrar notkunar, sem er hluti af hinni almennu símaþjónustu, leigir stofnunin línur fyrir tal, gagnaflutning, dagskrármerki, fjarstýringar o.fl. Línurnar eru ýmist notandalínur eða langlínur eða samtenging hvorratveggja. Ef völ er bæði á notanda- og langlínum á tiltekinni leið, ákveður Póst- og símamálastofnunin, hvora tegundina skal nota.

Leigulínur fyrir tal og gagnaflutning má ekki nota án sérstakrar heimildar frá Póst- og símamálastofnuninni fyrir hærri tíðni en 4 KHz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða upp í 19,2 kb/s, en slík sambönd skulu þá takmörkuð við svæði einnar símstöðvar.

**1. Stofngjöld fyrir leigulínur**

1.1. Fyrir línur í notendakerfi greiðist stofngjald, sem jafngildir 2 ára leigu, samkvæmt gildandi gjaldskrá, þegar línan er tekin á leigu.

1.2. Fyrir línur í langlínukerfi milli stöðvarsvæða (langlínur) ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni með hliðsjón af tilkostnaði.

**2. Afnotagjöld fyrir leigulínur**

2.1. Afnotagjöld fyrir línur í notendakerfum eru miðuð við lengd línunnar og reiknast í hálfs km þrepum. Þau eru háð notkun og er ársfjórðungsgjald sem hér segir fyrir hvern km:

| | | 2 víra | 4 víra |
|---|---|---|---|
| 2.1.1. | Tallína | 242,00 | 388,00 |
| 2.1.2. | Lína fyrir gagnasendingar | 307,00 | 490,00 |
| 2.1.3. | Dagskrárlína fyrir hljóðvarp | 1 160,00 | 1 305,00 |
| 2.1.4. | Fjarstýringarlína | 242,00 | 388,00 |
| 2.1.5. | Ritsímalína í tónritsíma | | 129,00 |

Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

Ef ekki er unnt að láta línu í notendakerfi og hún er flutt á langlínukerfi innan gjaldsvæðis skal gjaldið vera 50% hærra en taflan sýnir.

2.2. Afnotagjöld fyrir línur milli stöðvasvæða eru sem hér segir á ársfjórðungi:

2.2.1. Fyrir línu milli einkasímabúnaðar notanda og símstöðvar á öðru gjaldsvæði sem samsvarar 16250 mínútum á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi gjaldsvæða.

2.2.2. Fyrir tallínu milli einkabúnaður notanda á mismunandi stöðvarsvæðum er gjaldið kr. 12 000,00 fyrir hvern endapunkt og úttakspunkt og kr. 120,00 fyrir hvern km. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símakerfinu milli viðkomandi símstöðva, en til viðbótar reiknast fjarlægðin frá símstöð til notandans sbr. 2.1.

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar er gjaldið reiknað eins og í 2.2.2. en með stuðli, sem ákveðst af hraða sendingar.

| Flokkur | Hraði (bitar/s) | Margföldunarstuðull |
|---|---|---|
| A1 | 101 — 300 | 0,3 |
| A2 | 301 — 2 400 | 1,0 |
| A3 | 2 401 — 4 800 | 1,05 |
| A4 | 4 801 — 9 600 | 1,1 |

Ef ekki er hægt að láta í té línu á tilskyldum hraða, er boðin lína í næsta flokki við. Notandi tilgreinir sendingarhraða en ef ekkert er tekið fram er gert ráð fyrir 2 400 bitum/s.
Ef ekki er hægt að mæta ósk notanda um línu í flokki A1 á viðkomandi leið fær hann línu í flokki A2 á því gjaldi, sem honum fylgir.

2.2.4. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.2. en með stuðli, sem ákveðst af hraða sendingar.

| Flokkur | Hraði (Baud) | Margföldunarstuðull |
|---|---|---|
| B1 | 50 | 0,15 |
| B2 | 75 | 0,2 |
| B3 | 100 | 0,25 |
| B4 | 300 | 0,3 |

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leigu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

2.2.5. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal, skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.2.

2.2.6. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað samkvæmt 2.2.2 en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd.

| Flokkur | Bandbreidd | Margföldunarstuðull |
|---|---|---|
| C1 | 3 KHz | 1,0 |
| C2 | 15 KHz | 1,4 |
| C3 | 2x15 KHz | 2,8 |

2.3. Leigur fyrir línur til annarrar notkunar en getið hefur verið ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.
Skemmstur leigutími er 6 mánuðir en annars er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir.

## 3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi afnotagjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í allt að 6 mánuði. Stofngjöld eru ekki tekin fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur milli gjaldsvæða. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila 360 upp í ársgjald á viðkomandi leið. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta 3 dögum við vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

3.1.2. Fyrir línur innan sama gjaldsvæðis. Fundið skal notkunargjald á dag með því að deila með 20 í ársfjórðungsgjaldið, sem gildir fyrir viðkomandi línu. Dagafjöldi ákveðst með því að deila í fjölda klukkustunda með 24, hækka upp í næstu heilu tölu og bæta við 15 dögum vegna undirbúnings- og tengingarvinnu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda.

## IX. KAFLI

### Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.

Verðið er kostnaðarverð á verjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritavélar í samráði við ráðuneytið.

## X. KAFLI

### Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 317,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 63,70 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## XI. KAFLI

### 1. Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri (í aðalstöðvum og einkastöðvum) eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Framan á kápu símaskrár skulu prentuð svæðanúmer sjálfvirka símakerfisins og á bakhlið hennar upplýsingar, sem nauðsynlegt þykir að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar að birta almenningi. Óheimilt er, að viðlagðri ábyrgð, ef út af er brugðið, að hylja framangreindar upplýsingar með ógagnsærri hlífðarkápu eða á annan hátt. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

### 2. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 82,60. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 158,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Óski símnotandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur Póst- og símamálastofnunin heimilað það gegn 153,00 króna gjaldi sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

### 3. Skrásetning í stafrófsskrána.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 3.1. | Breytt letur í skrá, hver lína | 149,00 |
| 3.2. | Aukanafn í skrá | 158,00 |
| 3.3. | Aukalína í skrá, hver lína | 82,60 |
| 3.4. | Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 149,00 + 158,00 | 307,00 |

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 158,00 sem aukanafn.

### 4. Skrásetning í atvinnuskrána.

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 82,60. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 149,00. Auglýsingalína kostar kr. 82,60.

### 5. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

## XII. KAFLI
## Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

### 1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna talstöðva skulu vera sem hér segir:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1.1. | Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar m. a. fyrir þjónustu við bifreiðar). | |
| 1.1.1. | Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) | 385,00 |
| 1.1.2. | Árlegt eftirlitsgjald senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött | 848,00 |
| 1.1.3. | Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) | 183,00 |
| 1.1.4. | Árlegt eftirlitsgjald senda samanlagt 100 wött eða minna | 559,00 |
| 1.2. | Fyrir milli-, stutt- og metrabylgjustöðvar í bifreiðum og vinnutækjum, sem eru einungis skoðaðar eftir ósk notanda eða af gefnu tilefni. | |
| 1.2.1. | Leyfisbréfagjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) | 183,00 |
| 1.2.2. | Árlegt starfrækslugjald fyrir metrabylgjustöðvar í bifreiðum með sértíðni eingöngu og í bátum, sem ekki eru skoðunarskyldir | 231,00 |

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1.3. | Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu. | |
| 1.3.1. | Starfsleyfi (gildir í 5 ár) | 422,00 |
| 1.3.2. | Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi | 340,00 |
| 1.3.3. | Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár) | 287,00 |
| | Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi | 199,00 |
| 1.3.4. | Leyfisbréfagjald fyrir stöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna | 287,00 |
| 1.3.5. | Bráðabirgðaleyfi útlendinga | 200,00 |
| 1.4. | Önnur gjöld. | |
| 1.4.1. | Leyfisbréf vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa) | 360,00 |
| 1.4.2. | Leyfisbréf nýliða vegna amatörstöðvar ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) og bráðabirgðaleyfi erlendra amatöra | 183,00 |
| 1.4.3. | Leyfisbréf vegna fjarstýringa á bílskúrshurðum | 153,00 |
| 1.4.4. | Leyfisbréf vegna fjarstýringa á líkönum | 82,60 |
| 1.4.5. | Fyrir skírteini loftskeytamanns | 299,00 |
| 1.4.6. | Fyrir skírteini talstöðvarvarðar | 149,00 |
| 1.4.7. | Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar | 199,00 |
| 1.4.8. | Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi) | 396,00 |
| 1.4.9. | Leyfisbréf (gildir í 4 ár) fyrir endurvarpsstöðvar fyrir sjónvarp með sendiafl minna en 100 milliwött, settar upp með heimild Ríkisútvarpsins | 296,00 |

## 2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 2.1. | Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt | 2 862,00 |
| 2.2. | Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0,5 watt eða minna | 1 431,00 |

2.3. Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi.

2.4. Innflutningur erlendra radíótækja, þar á meðal talstöðva, er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning að ræða á tæki eða talstöð, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort tækið fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru.

2.5. Innflytjandi, sem flytur inn radíótæki í fyrsta sinn, fær áritun Póst- og símamálastofnunarinnar á tollskjöl, en ber síðan að afhenda tækið í prófun. Með tækinu skal fylgja handbók, sem í eru allar nauðsynlegar upplýsingar um tækið og notkun þess. Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva greiðist fyrir fram.

2.6. Að lokinni prófun skilar Póst- og símamálastofnunin niðurstöðum til innflytjanda.

## 3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla IV. 4. hér að framan.

3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3. hér að framan.

3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir 1—5 báta | 82,60 |
| Fyrir 6—15 báta | 153,00 |
| Fyrir 16—30 báta | 216,00 |
| Fyrir 31 bát og fleiri | 287,00 |

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 149,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 287,00.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 41,40.

## 4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó | 153,00 |
| Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó | 228,00 |
| Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó | 307,00 |
| Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir | 411,00 |

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

## 5. Almenn ákvæði.

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

5.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist í síðasta lagi 10 dögum eftir framvísun reiknings.

5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðast innan 10 daga frá framvísun reiknings.

5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á tilteknum tíma, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Enn fremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símreikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.

5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

5.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

5.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

**6. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi.**

6.1. Póst- og símamálastofnunin starfrækir fastastöðvar til almennra viðskipta við landfarstöðvar. Enn fremur veitir Póst- og símamálastofnunin einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum leyfi til starfrækslu fastastöðva og úthlutar þeim tíðnum fyrir slíkar stöðvar.

6.2. Ekki er heimilt að tengja fastastöðvar, aðrar en stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, á nokkurn hátt við hið almenna símakerfi.

6.3. Um fastastöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er varða atvinnurekstur hans. Óheimilt er að veita öðrum aðilum afnot af talstöðvum leyfishafa.

6.4. Fastastöðvar leyfishafa og farstöðvar, sem skipti eiga við stöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar skulu starfræktar af talstöðvavörðum, sem hafi skírteini útgefin af Póst- og símamálastofnuninni. Talstöðvaverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, sem ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

6.5. Skylt er að halda sérstaka radíó-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

6.6. Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannslífa, og má ekki í slíku tilfelli loka stöðvunum, fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

6.7. Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

6.8. Viðskiptagjöld landfarstöðva eru tilgreind í grein 3.5. í þessum kafla gjaldskrárinnar.

## XIII. KAFLI

### Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

## XIV. KAFLI

### 1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.

Þar til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, nafnnúmer og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma.

1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnuninnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálstjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

## 2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Eindagi síma- og radíógjalda er 10. dagur hvers mánaðar, og skal Póst- og símamálastofnunin sjá um, að reikningar berist símnotendum með góðum fyrirvara. Fyrsta virkan dag eftir eindaga verður símalokunum beitt við innheimtu skulda að upphæð krónur 500,00 og hærri. Innheimt verður gjald, krónur 85,00 fyrir lokun og enduropnun talsímasambands. Séu síma- og/eða radíógjöld eigi greidd þrem mánuðum eftir eindaga, verða þau send til lögtaks samkvæmt 1. gr. laga nr. 29/1885.

**3. Leigutími.**

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

**4. Uppsögn.**

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

**5. Flutningar.**

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

XV. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála og gengur í gildi 1. desember 1985. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. desember 1985 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 253 26. júní 1985.

*Samgönguráðuneytið, 19. nóvember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

18. nóvember 1985 Nr. 421

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 321 frá 8. júlí 1975 um gatnagerðargjöld í Neskaupstað.**

1. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gatnagerðargjald samkvæmt 5. gr. greiðist þannig að 40% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum afborgunum á næstu 3 árum.

Gjalddagi afborgana og vaxta er 1. júlí. Vextir skulu vera í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign. Bæjarsjóði er heimilt að selja skuldabréfin.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt, eftir ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Heimilt er bæjarstjórn að fresta álagningu gatnagerðargjalds á fasteignir þeirra, sem náð hafa 67 ára aldri og þeirra, sem eiga við langvarandi sjúkdóma og örorku að stríða. Verði húseign, sem frestað hefur verið álagningu gatnagerðargjalds á, seld, skal bæjarstjórn heimilt að leggja gjaldið á að nýju eins og það var þegar álagning fór fram, að viðbættri

hækkun vísitölu byggingarkostnaðar. Við sölu staðgreiðist gjaldið. Þinglýsa skal þeirri kvöð á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1985.*

F.h.r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 422 19. nóvember 1985

# REGLUGERÐ

## um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o. fl.

1. gr.

**Ferðabúnaður og annar farangur.**

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni, um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 5 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 1 250 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og flugliðar innlendra farartækja mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 1 250 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið 20 daga eða skemur í ferð. Tilsvarandi undanþága er 3 750 kr. fyrir lengri ferð en 20 daga og 5 000 kr. fyrir lengri ferð en 40 daga. Andvirði matvæla (þ. m. t. sælgæti) má ekki nema hærri fjárhæð en 1 250 kr. samkvæmt þessari málsgrein.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ. m. t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði enn fremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis. Magn matvæla (þ. m. t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má að hámarki nema 10 kg að þyngd, en andvirði þess má þó aldrei nema hærri fjárhæð en 2 500 kr. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.

2. gr.

**Áfengir drykkir og tóbaksvörur**

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum:

| | Áfengi, ekki yfir 47% styrkleika | Áfengi, undir 21% styrkleika | Öl | Tóbak |
|---|---|---|---|---|
| 1. Ferðamenn | 1,0 l | 1,0 l | Ekkert | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| eða | 1,0 l | Ekkert | 6 l (erlent) eða 8 l (innlent) | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| eða | Ekkert | 1,0 l | 6 l (erlent) eða 8 l (innlent) | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| eða | Ekkert | 2,0 l | Ekkert | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| 2. Skipverjar á íslenskum skipum sem eru lengur í ferð en 20 daga (skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð) | 1,5 l | 3,0 l | Ekkert | 400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki. |
| eða | 1,5 l | Ekkert | 24 l (erlent) eða 32 l (innlent) | 400 stk. vindlingar eða 500 g af öðru tóbaki. |
| 3. Skipverjar á erlendum skipum og íslenskum skipum sem eru 20 daga eða skemur í ferð (skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð) | 0,75 l | 1,5 l | Ekkert | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| eða | 0,75 l | Ekkert | 12 l (erlent) eða 16 l (innlent) | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| 4. Flugáhafnir (þ. m. t. aukaáhafnir) | 0,375 l | Ekkert | 6 l (erlent) eða 8 l (innlent) | 100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki. |
| eða | 0,375 l | 0,75 l | Ekkert | 100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki. |
| eða | Ekkert | 0,75 l | 6 l (erlent) eða 8 l (innlent) | 100 stk. vindlingar eða 125 g af öðru tóbaki. |
| 5. Flugáhafnir, aðrar (þ. m. t. aukaáhafnir), á íslenskum flugvélum sem hafa lengri samfellda útivist en 20 daga | 1,0 l | 0,75 l | Ekkert | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| eða | 1,0 l | Ekkert | 6 l (erlent) eða 8 l (innlent) | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |
| eða | Ekkert | 0,75 l | 6 l (erlent) eða 8 l (innlent) | 200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki. |

Í þessu sambandi reiknast hver vindill vega 5 g, hver smávindill 2,5 g og hver vindlingur 1,25g. Smávindlar sem eru 1,5 g og léttari reiknast sem vindlingar.

Skipverjar á íslenskum skipum sem í fyrsta sinn er siglt til íslenskrar hafnar eða hafa verið erlendis til viðgerðar eða breytinga skulu tollafgreiddir skv. 3. tl.

Ef skip í utanlandssiglingum hefur viðdvöl hér samfleytt í sjö daga er tollyfirvaldi heimilt að beiðni eiganda skips að veita skipverjum undan innsigli 200 stk. af vindlingum eða 250 g af öðru tóbaki til hverra sjö daga. Skipstjóra, 1. stýrimanni, 1. vélstjóra og bryta svo og matsveinum sem koma í stað bryta á farþega- og vöruflutningaskipum er heimill jafnstór aukaskammtur til risnu um borð. Ekki er þó heimilt að veita undan innsigli sama dag og skip leggur úr höfn. Eiganda skips er skylt að greiða kostnað fyrir afgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.

Lágmarksaldur til innflutnings áfengis samkvæmt reglum þessum er 20 ár og 15 ár að því er varðar innflutning á tóbaki. Tollgæslumaður getur krafist þess að lágmarksaldur sé sannaður með framvísun persónuskilríkja.

3. gr.

Tollívilnanir skv. 1. og 2. gr. gilda einungis um varning sem viðkomandi far- eða ferðamaður hefur í eigin vörslu við komu frá útlöndum og innfluttur er til persónulegra nota viðkomandi, fjölskyldu hans eða til smágjafa.

Flugliðar, far- og ferðamenn njóta ekki tollívilnunar skv. 1. og 2. gr. oftar en einu sinni á sama sólarhring.

Undanþága samkvæmt reglugerð þessari nær ekki til hluta af verði munar sem er í heild dýrari en nemur hámarki tollívilnunar hvers ferðamanns skv. 1. mgr. 1. gr. Tollívilnun skipverja og flugliða innlendra farartækja skv. 2. mgr. 1. gr. getur þó gilt um hluta af verði munar svo framarlega sem verðmæti munarins sé innan við tvöfalda þá fjárhæð sem tilgreind er í 2. mgr. 1. gr.

4. gr.

Af vörum sem eru undanþegnar tollum samkvæmt reglugerð þessari falla einnig niður önnur aðflutningsgjöld, söluskattur við innflutning og einkasölugjald.

5. gr.

**Innflutningsbann og -takmarkanir.**

Ákvæði reglugerðar þessarar veita ekki undanþágu frá innflutningsbanni sem kann að vera á ýmsum vörutegundum auk þess sem innflutningur á vörum, sem vegna sóttvarna eða af öðrum öryggisráðstöfunum eru háðar innflutningstakmörkunum, er óheimill skv. 1. gr. Geta því m. a. eftirtaldar vörur ekki notið tollfrelsis samkvæmt reglugerð þessari:

1. Ávana- og fíkniefni, svo sem ópíum, heróín, morfín, kókaín, kannabis, amfetamín (þ. m. t. benzedrine) og LSD (lysergamide).
2. Lyf umfram hæfilegt magn til persónulegra þarfa viðkomandi far- eða ferðamanns.
3. Skotvopn, skotfæri og sprengiefni.
4. Radíósendar, talstöðvar og viðtæki sem ekki eru ætluð til almennrar útvarpsviðtöku.
5. Lifandi dýr.
6. Ósoðið kjötmeti og kjötvörur ýmiss konar, t. d. þurrkað kjötmeti, ósoðin reykt svínslæri, beikon, svínahryggir, reyktar ósoðnar pylsur, ósoðnir fuglar og fuglainnyfli fersk eða fryst, innmatur, svið og blóð.
7. Smjör, ósoðin egg, eggjaduft og sykraðar eggjarauður.
8. Ósoðin mjólk.

6. gr.
**Framvísunarskylda o. fl.**

Farþegi sem kemur til landsins frá útlöndum skal við komu ótilkvaddur skýra tollgæslumanni frá og framvísa við hann tollskyldum varningi sem hann hefur meðferðis svo og þeim varningi sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Öðrum varningi, sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða, ber einnig að framvísa við hann. Af tollskyldum varningi sem heimilaður er innflutningur á skal greiða aðflutningsgjöld með venjulegum hætti.

Þar sem tollafgreiðsla farþega fer fram er tollyfirvaldi heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa engan tollskyldan farangur meðferðis við komu til landsins og hins vegar fyrir þá sem annað hvort hafa tollskyldan farangur meðferðis eða farangur sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni. Fyrrnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt grænu, átthyrndu skilti með áletruninni: „ENGINN TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Síðarnefndir farþegar skulu ganga um hlið, merkt rauðu, ferhyrndu skilti með áletruninni: „TOLLSKYLDUR VARNINGUR". Við skiltin skal skráð „TOLLGÆSLA". Áletranir skulu vera á íslensku og þeim erlendu tungumálum sem tollyfirvaldi þykir ástæða til. Um leið og farþegi hefur gengið um hlið sem merkt er samkvæmt framansögðu telst hann hafa svarað því hvort hann hafi meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er innflutningstakmörkunum eða -banni.

Við tollafgreiðslu aðkomufars skal sérhver farmaður gera tollgæslunni skriflega grein fyrir öllum varningi, sem hann hefur fengið erlendis eða í ferðinni, hvort sem hann er tollskyldur eða ekki og eins þótt sá varningur kunni að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni. Einnig skal hann gera tollgæslunni skriflega grein fyrir áður fengnum tollskyldum varningi, en ótollafgreiddum, sem notaður er um borð í fari. Framvísa ber við tollgæslumann þeim varningi sem kann að vera háður innflutningstakmörkunum eða -banni svo og öðrum þeim varningi sem tollgæslumaður óskar eftir að skoða.

Óski tollgæslumaður eftir því að skoða farangur farþega eða farmanns skulu þeir veita til þess alla aðstoð með því að opna töskur og umbúðir, taka upp úr þeim og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem um er beðið. Komi fram varningur við þessa skoðun sem ekki er greint frá eins og fyrir er mælt hér að framan skoðast hann ólöglega innfluttur og er þá heimilt að gera hann upptækan til ríkissjóðs.

7. gr.
**Um einkasölugjald o. fl.**

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

| | |
|---|---|
| A. Áfengi: | kr./l |
| 1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín | 260 |
| 2. Portvín, sherry, madeira og líkjörar undir 22% styrkl. | 470 |
| 3. Vermút og aperitívar, þ. m. t. bitterar undir 22% styrkl. | 500 |
| 4. Aperitívar, þ. m. t. bitterar með 22% styrkleika eða meiri | 720 |
| 5. Íslenskar áfengistegundir | 710 |
| 6. Koníak, brandy whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar (ót. a.), svo og aðrar sterkar tegundir, ót.a. | 1000 |

B. Tóbak:

| | |
|---|---|
| 1. Reyktóbak | 960 kr./tylft bréfa eða lb. |
| 2. Vindlingar | 650 kr./200 stk. |
| 3. Smávindlar | 70 kr./10 stk. |
| Meðalstærð | 310 kr./25 stk. |
| Vindlar, aðrir | 370 kr./25 stk. |

Sé um að ræða aðrar stærðir umbúða en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi tollyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

Þegar um er að ræða tækifæris- og gjafasendingar frá útlöndum á áfengi og tóbaki má hver sending ekki nema meira magni en þreföldu því sem tilgreint er í 1. tl. 1. mgr. 2. gr., þó ekki öl. Greiða skal einkasölugjald af slíkum sendingum eftir gjaldskránni í 1. mgr. þessarar greinar.

8. gr.

Sérhverja afgreiðslu skv. 7. gr. skal færa í sérstaka afgreiðslubók. Þar skal fært inn magn og tegund varnings sem greitt er af, svo og gjöld þau sem innheimt eru, en innflytjandi á rétt á að fá greiðslukvittun. Ennfremur skal varningurinn auðkenndur með sérstökum merkimiðum sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins lætur tollgæslunni í té og gerðir skulu í samráði við tollgæslustjóra. Tollgæslustjóri getur ákveðið að framangreindur varningur verði auðkenndur með öðrum hætti.

9. gr.

Einkasölugjald sem innheimt er skv. 7. gr. skal sent viðkomandi einkasölu svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en tveim mánuðum eftir að afgreiðsla fór fram.

10. gr.

Nú er varningur sem tollafgreiddur er samkvæmt reglugerð þessari seldur eða boðinn til sölu án þess að aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og varðar það þá refsingu samkvæmt IX. kafla laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirit með áorðnum breytingum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. tollskrárlaga nr. 120 31. desember 1976 svo og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Með reglugerð þessari er úr gildi numin reglugerð nr. 482/1984 og reglugerðir nr. 258/1985 og 364/1985 um breytingar á henni.

*Fjármálaráðuneytið, 19. nóvember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Bjarnveig Eiríksdóttir.*

# REGLUGERÐ

**fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.**

## I. KAFLI

**Tilgangur skólans, inntökuskilyrði, námstími og námslok.**

1. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn Garðyrkjuskóla ríkisins samkvæmt lögum og setur skólanum reglugerð.

Öll starfsemi skólans heyrir undir landbúnaðarráðuneytið.

2. gr.

Tilgangur skólans er að veita sérfræðslu í garðplönturæktun og trjárækt, í skrúðgarðyrkju, ylræktun og útimatjurtaræktun.

Ennfremur er tilgangur hans að gera athuganir og tilraunir í gróðurhúsum, með ræktun útimatjurta, ræktun garðplatna, trjárækt og í skrúðgarðyrkju.

Markmið hans er einnig að stuðla að aukinni fræðslu og endurmenntun þeirra, er við og fyrir garðyrkju starfa, með námskeiðum, fræðslufundum, útgáfu fræðslurita, leiðbeiningaþjónustu og birtingu tilraunaniðurstaðna.

3. gr.

Garðyrkjunámið er þriggja ára nám að loknum grunnskóla:

Á fyrsta ári ljúka nemendur einni önn í framhaldsskóla, sbr. 5. gr., og átta mánaða verknámi, þar af eru 3 mánuðir reynslutími (ekki dagbókarskyldir).

Á öðru ári stunda nemendur bóklegt nám við Garðyrkjuskólann (2. bekkur), ljúka 6 mánaða verknámi, þar af einum mánuði við skólann, og skila plöntusafni.

Á þriðja ári stunda nemendur bóknám við Garðyrkjuskólann (3. bekkur), ljúka verknámi, sbr. 8. gr., og ljúka aðalverkefni.

4. gr.

Skólaárið hefst 1. júní. Bóknámskennsla hefst 1. október. Fyrst um sinn, þar til annað verður ákveðið, skal aðeins veita inntöku í bóknámsdeild skólans annað hvert ár.

Jólaleyfi er frá 21. desember til 4. janúar að báðum dögum meðtöldum. Heimilt er að verja einni viku til miðsvetrarprófa og þremur vikum til lokaprófa í hverjum bekk.

Orlofstími samkvæmt kjarasamningum telst til verknáms.

5. gr.

Skriflega umsókn um skólavist skal senda skólanum fyrir 1. maí inntökuárið.

Inntökuskilyrði eru:

a. Að umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómum.
b. Að umsækjandi gefi skriflegt loforð um, að hann muni ekki neyta áfengra drykkja né annarra vímugjafa í húsakynnum skólans, á umráðasvæði skólans, eða á ferðum á vegum skólans, meðan hann stundar þar nám og dvelst þar.

c. Að umsækjandi hafi lokið einni önn í framhaldsskóla og náð fullnægjandi árangri í eftirtöldum áföngum, eða sambærilegu og/eða meira námi:

| | | |
|---|---|---|
| Íslenska 103 | = | 3 einingar |
| Danska 103 | = | 3 einingar |
| Enska 103 | = | 3 einingar |
| Stærðfræði 103 | = | 3 einingar |
| Efnafræði 103 | = | 3 einingar |
| Líffræði 103 | = | 3 einingar |
| Alls | | 18 einingar |

d. Að umsækjandi hafi stundað verknám í garðyrkju a. m. k. í átta mánuði eftir 16 ára aldur á viðurkenndum verknámsstað. Skal inntökubeiðninni fylgja vottorð og meðmæli hlutaðeigandi vinnuveitanda um að viðkomandi nemi teljist fær um að stunda verklegt garðyrkjunám.

A. m. k. fimm þessara átta mánaða skal umsækjandi hafa stundað verknám á verknámsstað, þar sem þjálfun er veitt í samræmi við þá braut sem nemandinn hefur í hyggju að velja og er nemendum skylt að halda dagbók og vinnubók á verknámstímanum, sbr. 21. gr. Áður en skrúðgarðyrkjunemandi kemur í skólann skal hann leggja fram staðfest afrit af verknámssamningi hjá skrúðgarðyrkjumeistara.

Umsókn um skólavist skulu fylgja: læknisvottorð, sakavottorð, skírnarvottorð, bindindisheit, prófskírteini frá grunnskóla og framhaldsskóla og vottorð um verklegt nám.

6. gr.

Áskilja má, að nemandi hafi hlotið tilteknar lágmarkseinkunnir á aðgangsprófum inn í 2. bekk, sjá 5. gr., í einstökum námsgreinum, svo og í aðaleinkunn, og er heimilt að hafa slíkar einkunnir breytilegar eftir því sem ástæða þykir til.

7. gr.

Frá einstökum atriðum í 5. gr. má þó veita undanþágu, ef sérstakar ástæður mæla með því. Kennarafundur fjallar um undanþágur.

8. gr.

Enginn hefur lokið garðyrkjunámi fyrr en hann hefur, auk bóknáms, lokið 20 mánaða verknámi, þar af einum mánuði við skólann.

Verknámið í ylrækt og á garðplöntubraut fer fram á verknámsstöðum, sem skólinn viðurkennir fyrirfram, undir stjórn lærðs garðyrkju- eða skógræktarmanns, eftir nánari reglum, sem kennarar og skólastjóri setja. Skrúðgarðyrkjunemar skulu annað hvort vera á námssamningi hjá starfandi skrúðgarðyrkjumeistara samkvæmt ákvæðum iðnfræðslulöggjafarinnar eða stunda ósamningsbundið verklegt iðnnám til sveinsprófs í skrúðgarðyrkju á vegum Garðyrkjuskóla ríkisins, samkvæmt reglugerð um iðnfræðslu nr. 558/1981, en skólanum skal ekki vera skylt að taka skrúðgarðyrkjunema í verklegt iðnnám, nema aðstæður leyfi að mati skólastjóra.

Nemendur skulu vinna hver á sínu verknámssviði tímann á milli bóknámstímabilanna.

9. gr.

Heimilt er að hluti af verknáminu fari fram á viðurkenndum verknámsstöðum erlendis, enda sé fylgt reglum skólans um verknám, sbr. 8. og 21. gr.

10. gr.

Heimilt er að halda undirbúningsnámskeið fyrir þá nemendur, sem hafa ekki fullnægjandi bóklegan undirbúning svo og fyrir þá nemendur sem að mati skólans hafa ekki hlotið nægjanlega góða einkunn í einni námsgrein eða fleiri á aðgangsprófum, sbr. 5. gr. c-lið, til þess að teljast hafa nægan undirbúning til að stunda nám í 2. bekk.

Heimilt er að gefa þeim nemendum sem hyggja á háskólanám í garðyrkju, þar sem ákveðnar kröfur eru gerðar um lágmarksundirbúning í garðyrkjuskóla, kost á því að sitja í skólanum einn námsvetur, en þó þannig að þeir nemendur er hyggja á reglulegt garðyrkjunám hafa forgöngu um skólavist. Slíkar umsóknir skal meta sérstaklega hverju sinni.

11. gr.

Heimilt er að kenna ýmsar greinar t. d. landmælingar, garðagróður, véla- og verkfærafræði o. fl. í allt að hálfan mánuð á ári utan hins venjulega skólatíma, og telst sá tími til verknáms.

## II. KAFLI

## Um aga og reglur.

12. gr.

Agareglur skólans skulu miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi og prúðmennsku.

13. gr.

Nemendur skulu í hvívetna gæta fyllstu reglusemi í skólanum. Áfengi og aðra vímugjafa má ekki hafa um hönd í húsakynnum skólans, né á umráðasvæði skólans. Sama gildir á ferðalögum á vegum skólans. Brot gegn þessu ákvæði getur varðað brottrekstri úr skóla.

14. gr.

Vanræki nemandi nám eða brjóti reglur skólans, ber kennara að vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra það sem út af ber. Skipist nemandi ekki við umvandanir kennara né skólastjóra, getur skólastjóri vikið honum úr skóla um stundarsakir eða að fullu og skal þá kennarafundur hafa fjallað um málið. Tilkynna skal meistara eða vinnuveitanda nemanda um brottreksturinn. Skili nemandi ekki verkefnum, plöntusafni, dagbók, vinnubók eða aðalverkefni á réttum tíma, hefur hann fyrirgert rétti sínum til frekara náms við skólann.

Heimilt er að setja sérstakar skólasóknarreglur, og skulu þær hljóta samþykki landbúnaðarráðuneytisins.

15. gr.

Skólastjóri og kennarar setja skóla- og heimavistarreglur.

## III. KAFLI

## Stjórnun og starfslið.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar skólastjóra. Skólastjóri hefur yfirumsjón með gerð námsskrár, kennslu, prófum, garðyrkjustöð, tilraunastarfsemi, fræðslunámskeiðum, leiðbeiningaþjónustu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því, að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við landbúnaðarráðherra, landbúnaðarráðuneyti og aðra opinbera aðila, þ. á m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna rekstrar og framkvæmda við skólastofnunina. Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum er varða stjórnun

skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðila eða aðilum í lögum eða reglugerðum. Skólastjóri ræður lausráðið starfsfólk skólans.

Skólastjóri heldur kennarafundi þegar hann telur ástæðu til eða þegar meirihluti fastráðinna kennara óskar þess. Á kennarafundum skal ræða framvindu skólastarfsins og annað sem við kemur starfsemi skólans. Nánar skal kveða á um störf skólastjóra í erindisbréfi, sem ráðherra setur.

Kjör skólastjóra og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins hverju sinni og í samræmi við launakjör starfsmanna bændaskólanna.

Sé starfandi ráðgefandi skólanefnd við skólann, sem landbúnaðarráðherra skipar, skal um hlutverk hennar setja sérstakar reglur og skal hún starfa samkvæmt erindisbréfi sem ráðherra setur.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fastráðna kennara við skólann að fenginni umsögn skólastjóra. Fastráðnir kennarar skulu hafa háskólapróf eða hliðstæða menntun. Ef sérstakir kennarar eru ráðnir til kennslu í almennum námsgreinum, skal gera til þeirra sömu menntunarkröfur og kennara í almennum framhaldsskólum. Skólastjóri ræður stundakennara og verða þeir að hafa góða þekkingu á því sviði, sem þeir kenna.

Umsækjendur, sem auk tilskilins fagnáms hafa lagt stund á uppeldis- og kennslufræði í námi sínu eða á námskeiðum, skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um kennarastöður.

Aðalkennari í hverri námsbraut hefur umsjón með verknámi nemenda ásamt yfirkennara og skólastjóra, samkvæmt nánari reglum.

Heimilt skal þó vera að fela einum af föstum kennurum skólans eða starfsmönnum, umsjón með verknámi garðyrkjunema.

Skipa má fastráðinn kennara í starf yfirkennara. Hann skal sjá um gerð stundaskrár og önnur þau atriði, er varða framkvæmd kennslunnar og dvöl nemenda á skólastaðnum, samkvæmt nánari ákvörðun skólastjóra.

Starfandi skulu vera þrír garðyrkjustjórar, einn fyrir hvert starfssvið (námsbraut) garðyrkjunnar, sem um leið eru verknámskennarar við skólann.

Tilraunastjórar annast alla daglega framkvæmd tilrauna.

Garðyrkjustjórar sjá um daglegan rekstur auk verknámskennslunnar hver á sínu verksviði eftir ákvörðun skólastjóra.

18. gr.

Kennarar skulu vera nemendum til leiðsagnar utan kennslustunda, eftir því sem aðstæður leyfa, og gegna öllum störfum sínum í þágu skólans af alúð og samviskusemi.

Störf fastráðinna kennara skiptast milli kennslu, stjórnunar, rannsókna, leiðbeininga og ritstarfa. Nú hefur fastráðinn kennari ekki fullt starf við þessi verkefni og ber honum þá að vinna önnur störf í þágu stofnunarinnar í samráði við skólastjóra.

Á sama hátt ber kennurum að vinna að ofangreindum störfum þótt skóla sé slitið, þar til þeir hafa leyst af hendi vinnuskyldu sína.

Heimilt er að kalla saman þriggja manna matsnefnd á störfum kennara. Nefndina skipi skólastjóri, fulltrúi tilnefndur af kennurum og fulltrúi landbúnaðarráðuneytisins. Nefnd þessi meti störf kennara til vinnustunda, ef um vafaatriði er að ræða.

Nánar skal kveða á um störf kennara, hvað varðar aðalkennslugreinar og umfang einstakra starfshátta, í erindisbréfi.

Nú hefur kennari eða skólastjóri gegnt embætti í 10 ár í fullu starfi og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að auka þekkingu sína og hæfni, og skal hann þá senda landbúnaðarráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja

orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof á fullum launum. Beiðni um ársorlof skal senda landbúnaðarráðuneytinu með árs fyrirvara. Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ársorlofa kennara. Skal þess gætt, að þau trufli ekki eða torveldi störf skólans.

## IV. KAFLI
## Námsefni, bóknám og verknám.

19. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kennslan fara fram með fyrirlestrum, úrlausn verkefna, æfingum, námsferðum og athugunum, eftir nánari ákvörðun kennara og skólastjóra.

20. gr.

Við verklega kennslu og í starfsæfingum skal leggja áherslu á, að nemendur læri sem flest garðyrkjustörf. Í verklegum greinum skal viðhafa þá fjölbreytni í námi, sem unnt er að koma við, og leggja skal áherslu á, að nemendur fái sem bestan skilning á þeim störfum, sem unnin eru. Verklegu námi hjá vinnuveitanda/skrúðgarðyrkjumeistara skal hagað í samræmi við starfsskrá, (námsskrá í verknámi), sem landbúnaðarráðuneytið þarf að staðfesta. Í starfsskránni er yfirlit yfir alla þá helstu verkþætti sem nemandinn þarf að vinna við.

21. gr.

Nemendur skulu færa dagbók til þess að þeir hafi sem best not af hinni verklegu kennslu og starfsæfingunum og fái æfingu í sjálfstæðri hugsun og starfi.

Í dagbókinni komi fram hvað unnið er við á degi hverjum og hversu löngum tíma er varið í hvern einstakan verkþátt og hvert verk er útskýrt nákvæmlega.

Nemandinn skrái í sérstaka vinnubók dagvinnustundafjölda í hverjum verkþætti til samantektar fyrir hvert verknámstímabil.

Vinnuvika í verknámi er 40 stundir. Vinnuveitandi og nemandi staðfesta að rétt sé fært og framvísa vinnubókinni ásamt dagbókinni til skólans. Einkunn skal gefa fyrir vinnubók og dagbók.

Kennarar og skólastjóri setja í starfsskrá nánari reglur um færslu og skil dagbóka og vinnubóka.

22. gr.

Þegar nemendur hefja nám í 2. bekk skulu þeir skila plöntusafni samkvæmt nánari reglum sem kennarar og skólastjóri setja, en alls skal hver nemandi safna 150 mismunandi tegundum. Plöntusafn samsvarar 90 kennslustundum í bóknámi.

23. gr.

Nemendur skulu í lok 2. bekkjar velja sér aðalverkefni, enda samþykki kennarar og skólastjóri það. Hafi nemandi ekki ákveðna tillögu í því efni, ber kennara og skólastjóra að finna honum verkefni. Að verkefninu skal nemandinn vinna sumarið milli 2. og 3. bekkjar og afhenda það fullunnið við upphaf náms í 3. bekk.

Aðalverkefni getur byggst á tilraunum og athugunum, það getur eingöngu verið unnið með hjálp heimildarita, eða byggst á hvoru tveggja.

Skapa skal nemendum aðstöðu til að vinna að aðalverkefni sínu á skólastaðnum eftir því sem aðstæður leyfa, með tilraunaaðstöðu, aðgangi að rannsóknarstofum skólans og bókasafni og öðru því, sem þeim má að gagni koma.

Aðalverkefnið samsvarar 180 kennslustundum í bóknámi.

Verkefni þetta skal vinna eftir nánari reglum, sem skólastjóri og kennarar setja.

24. gr.

Í bóknámsdeildum Garðyrkjuskólans skal kenna eftirfarandi námsgreinar. Kennslustundafjöldi hverrar þeirrar fylgir á eftir:

II. bekkur.

Kjarni:

| | | |
|---|---|---|
| Bókfærsla | 36 | kennslustundir |
| Félagsmálafræði | 36 | kennslustundir |
| Grasafræði | 54 | kennslustundir |
| Heilsurækt | 36 | kennslustundir |
| Véla- og verkfærafræði | 36 | kennslustundir |
| Vinnufræði | 36 | kennslustundir |
| Jarðvegsfræði | 54 | kennslustundir |
| Plöntuvernd | 54 | kennslustundir |
| Samtals | 342 | kennslustundir |

Garðplöntubraut:

| | | |
|---|---|---|
| Almenn ylræktun | 90 | kennslustundir |
| Garðagróður | 72 | kennslustundir |
| Garðplöntufræði | 72 | kennslustundir |
| Gróðurhúsabyggingafræði | 90 | kennslustundir |
| Samtals | 324 | kennslustundir |

Skrúðgarðyrkjubraut:

| | | |
|---|---|---|
| Garðagróður | 72 | kennslustundir |
| Grunnteiknun | 36 | kennslustundir |
| Landmæling | 72 | kennslustundir |
| Skrúðgarðabyggingafræði | 108 | kennslustundir |
| Skrúðgarðafræði | 36 | kennslustundir |
| Samtals | 324 | kennslustundir |

Ylræktarbraut:

| | | |
|---|---|---|
| Almenn ylræktun | 90 | kennslustundir |
| Geymslufræði | 36 | kennslustundir |
| Gróðurhúsabyggingafræði | 90 | kennslustundir |
| Matjurtafræði Y | 90 | kennslustundir |
| Ylræktun matjurta | 18 | kennslustundir |
| Samtals | 324 | kennslustundir |

III. bekkur.

Kjarni:

| | | |
|---|---|---|
| Félagsmálafræði | 36 | kennslustundir |
| Grasafræði | 54 | kennslustundir |
| Hagfræði | 54 | kennslustundir |
| Heilsurækt | 36 | kennslustundir |
| Áburðarfræði | 54 | kennslustundir |
| Garðyrkjufræði | 36 | kennslustundir |
| Plöntuvernd | 54 | kennslustundir |
| Samtals | 324 | kennslustundir |

Garðplöntubraut:

| | |
|---|---|
| Almenn garðrækt G | 36 kennslustundir |
| Garðagróður | 72 kennslustundir |
| Garðplöntufræði | 108 kennslustundir |
| Matjurtafræði G | 54 kennslustundir |
| Skógrækt | 72 kennslustundir |
| Samtals | 342 kennslustundir |

Skrúðgarðyrkjubraut:

| | |
|---|---|
| Garðagróður | 72 kennslustundir |
| Heimilisgarðrækt | 36 kennslustundir |
| Skrúðgarðabyggingafræði | 108 kennslustundir |
| Skrúðgarðafræði | 36 kennslustundir |
| Skrúðgarðateikningar | 90 kennslustundir |
| Samtals | 342 kennslustundir |

Ylræktarbraut:

| | |
|---|---|
| Almenn garðrækt Y | 36 kennslustundir |
| Ylræktun afskorinna blóma | 108 kennslustundir |
| Ylræktun matjurta | 90 kennslustundir |
| Ylræktun pottaplantna | 108 kennslustundir |
| Samtals | 342 kennslustundir |

Heimilt er að flytja námsgreinar milli bekkja og kennslustundir milli námsgreina. Heimilt er að taka upp kennslu í nýjum námsgreinum og bjóða upp á val á milli þeirra, ef hægt er að koma því við.

25. gr.

Eftirfarandi bóklegar námsgreinar teljast sérgreinar:

Almenn garðrækt G og Y, almenn ylrætkun, garðagróður, garðplöntufræði, geymslufræði, gróðurhúsabyggingafræði, grunnteiknun, heimilisgarðrækt, jarðvegs- og áburðarfræði, landmæling, matjurtafræði G og Y, plöntuvernd, skrúðgarðabyggingafræði, skrúðgarðateikningar, skógrækt, ylræktun afskorinna blóma, ylræktun matjurta og ylræktun pottplantna.

Aðrar bóklegar námsgreinar teljast almennar námsgreinar. Heimilt er að gera breytingar á þessu ákvæði, ef kennarar og skólastjóri telja ástæðu til.

26. gr.

Kennsluefni í einstökum námsgreinum skal hagað samkvæmt námsvísi staðfestum af landbúnaðarráðuneytinu. Kennarar og skólastjóri semja námsskrá sem kveður nánar á um kennslu í einstökum námsgreinum, og sem byggir á námsvísinum.

Þriggja manna fræðslunefndir skulu vera starfandi fyrir hverja námsbraut, og skulu þær vera skipaðar sem hér segir:

Einn fulltrúi skal vera tilnefndur af skólanum, einn af Félagi garðyrkjumanna og einn af hálfu viðkomandi fagfélags en þau eru: Félag skrúðgarðyrkjumeistara, Félag garðplöntustöðva og Samband garðyrkjubænda.

Skulu þær vera skólanum til ráðuneytis um gerð námsvísis, námsskrár og starfsskrár.

Fulltrúi skólans sér um að kalla hverja fræðslunefnd saman, nema nánar sé kveðið á um annað.

27. gr.

Auk hinnar reglubundnu kennslu, er fyrr getur, má árlega halda endurmenntunarnámskeið á vegum skólans. Starfandi skulu vera þrjár endurmenntunarnefndir, ein fyrir hvert námssvið, og skulu þær vera skipaðar á saman hátt og fræðslunefndirnar sbr. 26. gr., og vera til ráðuneytis um val námsefnis og tilhögun endurmenntunarnámskeiða.

28. gr.

Heimilt er einnig að halda önnur námskeið við skólann, þegar aðstæður leyfa, t. d. í heimilisgarðrækt, matreiðslu grænmetis og blómaskreytingum. Ennfremur má halda námskeið sem starfsmenn skólans annast utan skólastofnunarinnar.

29. gr.

Starfrækja má framhaldsnámskeið, ef aðstæður leyfa og ástæða þykir til, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, sem jafnframt ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra, til hvaða námsgreina kennslan skuli taka og um kennslutilhögun.

Námi á framhaldsnámskeiði má ljúka með prófi.

Um próf, einkunnagjöf og annað, sem ekki er tekið fram sérstaklega, gilda að öðru leyti ákvæði þessarar reglugerðar eftir því sem við á.

Skilyrði til þátttöku í framhaldsnámskeiði er að hafa lokið sveinsprófi eða burtfararprófi í viðkomandi starfsgrein garðyrkjunnar. Undanþágur má veita ef sérstakar ástæður mæla með því.

30. gr.

Heimilt er að koma á framhaldsnámi í garðyrkju, garðyrkjutæknanámi, þegar aðstæður eru fyrir hendi og ástæða þykir til. Einkum skal leggja áherslu á kennslu í garðyrkjuhagfræði, garðyrkjutækni, ræktunarskipulagningu og verkstjórn. Náminu má skipta á tvö eða fleiri námsár.

Inntökuskilyrði eru auk lokaprófs frá garðyrkjuskóla að viðkomandi hafi lokið aðfaranámi að tækniskóla. Nánar skal kveða á um inntökuskilyrði, námsefni og námsmat í reglugerð sem landbúnaðarráðherra setur.

## V. KAFLI.

## Próf og einkunnir.

31. gr.

Kennarar prófa hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólastjóra, hvort úrlausnarefni skuli vera skriflegt, munnlegt eða hvort tveggja.

32. gr.

Við námsmat er notaður einkunnastigi með tölunum 1 — 10.

10 merkir að náð hafi verið 95—100% skilgreindra markmiða
9 merkir að náð hafi verið 85—94% skilgreindra markmiða
8 merkir að náð hafi verið 75—84% skilgreindra markmiða
7 merkir að náð hafi verið 65—74% skilgreindra markmiða
6 merkir að náð hafi verið 55—64% skilgreindra markmiða
5 merkir að náð hafi verið 45—54% skilgreindra markmiða
4 merkir að náð hafi verið 35—44% skilgreindra markmiða
3 merkir að náð hafi verið 25—34% skilgreindra markmiða
2 merkir að náð hafi verið 15—24% skilgreindra markmiða
1 merkir að náð hafi verið 5—14% skilgreindra markmiða

Gefa skal einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu og er hún falleinkunn samkvæmt 38. gr.

33. gr.

Áður en jólafrí nemenda hefst, skulu hafa farið fram miðsvetrarpróf í bóknámsgreinum eftir ákvörðun skólastjóra og kennara.

Heimilt er að hver kennari gefi nemendum vetrareinkunnir sem fari eftir ástundun og frammistöðu þeirra yfir bóknámstímabilið.

Kennarar og skólastjóri ákveða vægi vetrareinkunna, ef þær eru reiknaðar með í lokaeinkunn.

Í verknámi skal gefa einkunn fyrir dagbók og aðra verknámsþætti eftir nánari ákvörðun kennara og skólastjóra.

Heimilt er að láta taka lokapróf í ákveðnum áföngum í hverri námsgrein þegar slíkt þykir henta, hvenær sem er á kennslutímabilinu. Slíkt verður að tilkynna nemendum með góðum fyrirvara.

Í lok hvers kennslutímabils skólans skulu nemendur prófaðir í þeim námsgreinum, sem kenndar hafa verið á tímabilinu, að undanskilinni heilsurækt, en í þeirri grein skulu nemendur prófaðir við lokapróf 3. bekkjar, ef þeir óska að taka próf í henni.

34. gr.

Nota skal vægi á einkunnir, ef fjöldi kennslustunda eða vinnustunda að baki prófa, verkefna eða verknáms, er mismunandi.

Einkunnir fyrir verkefni og æfingar sem gerðar eru á námstímabilinu mega gilda sem hluti af lokaeinkunn eftir ákvörðun kennara og skólastjóra hverju sinni.

35. gr.

Við skrifleg próf skal ætla nemendum tvær til fjórar klukkustundir til úrlausnar verkefna, eftir ákvörðun kennara og skólastjóra.

Við skriflegt próf má nota þau gögn ein, sem kennari og skólastjóri leyfa. Noti nemandi óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn og telst hann fallinn á bekkjarprófi (sjá 38. grein). Skal minna nemendur á þetta ákvæði áður en próf hefjast.

36. gr.

Geti nemandi ekki komið í próf eða lokið því vegna veikinda, skal hann tilkynna það áður en próf hefst, eða svo fljótt sem auðið er og skila læknisvottorði, ef þess er krafist.

Nú getur nemandi ekki stundað heilsurækt og skal þá veita honum undanþágu í þeirri grein, en þó því aðeins að hann leggi fram vottorð um það frá lækni.

37. gr.

Bekkjareinkunn (meðaleinkunn) er vegið meðaltal allra prófseinkunna í hverjum bekk. Til þess að nemandi standist bekkjarpróf og fái leyfi til að halda áfram námi skal hann fá a. m. k. 5,0 í bekkjareinkunn.

Til þess að standast próf í almennum námsgreinum þarf hið lægsta einkunnina 4, en í verknámi og sérgreinum, sbr. 25. gr. einkunnina 5, hið lægsta. Þar sem einkunn í námsgrein er meðaltal tveggja eða fleiri áfangaprófa ræður meðaltalið því, hvort nemandi hefur staðist prófið.

38. gr.

Fái nemandi meðaleinkunnina 5,0 eða hærri í vegnu meðaltali, en standist ekki próf í einstökum námsgreinum, skal honum heimilt að þreyta próf að nýju í þeim greinum, sem hann hefur ekki náð tilskilinni einkunn í, enda séu þær ekki fleiri en þrjár.

Námsefni til endurtekningarprófs tekur til allra áfanga í greininni á viðkomandi skólaári, óháð einkunn á einstökum áfangaprófum.

Endurtekningarpróf má ekki halda fyrr en a. m. k. 4 vikur eru liðnar frá síðasta prófi í viðkomandi bekkjardeild, nema nemandi óski að taka prófið fyrr.

Fyrri einkunnir í viðkomandi greinum falla úr gildi þegar nemandi skráir sig í endurtekningarpróf.

Standist nemandi ekki endurtekningarpróf, fái einkunnina 0, sem gefa skal fyrir afleita frammistöðu, eða fái einkunnina 1 í fleiri en einni grein, telst hann fallinn á bekkjarprófi.

Óski hann að halda áfram námi, skal hann sækja um skólavist að nýju og setjast í sama bekk og hann stundaði nám í.

39. gr.

Hafi nemandi lokið námsáfanga er sýnir eins mikla eða meiri kunnáttu í einni eða fleiri námsgreinum en krafist er við skólann, er heimilt að veita honum undanþágu frá að sækja tíma og taka próf í viðkomandi námsgreinum, en hann skal leggja fram staðfestingu á kunnáttu sinni.

Beiðni um undanþágu frá að sækja tíma og taka próf skal berast skólanum fyrir 1. júní.

Slíkar námsgreinar skulu auðkenndar á prófskírteini með bókstafnum M, (námsáfangi metinn).

40. gr.

Í skólanum skal vera prófbók eða spjaldskrá og skal rita í hana allar lokaeinkunnir, meðaltöl þeirra og skólasókn.

41. gr.

Við próf dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar úrlausnir.

Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, og dæmir þær, en síðan prófdómari og koma þeir sér saman um einkunn.

Ef ágreiningur verður um einkunn, skal taka meðaltal af einkunnagjöf kennara og prófdómara.

Skriflegar úrlausnir á lokaprófi nemanda skal geyma í fimm ár frá því prófi lýkur.

Skólastjóri ræður prófdómara að fengnu samþykkti landbúnaðarráðuneytisins.

42. gr.

Að loknu bóklegu og verklegu námi skal afhenda nemendum prófskírteini með árituðum prófseinkunnum fyrir hverja námsgrein í hverjum bekk, bekkjareinkunnum (meðaleinkunnum) og einkunnum fyrir aðalverkefni og plöntusafn. Bóknámseinkunn (aðaleinkunn) er vegið meðaltal allra ofangreindra einkunna.

Ennfremur skal skrá á prófskírteini yfirlit yfir verknám nemanda, hvar hann stundaði það, hve lengi, einkunnir fyrir dagbók og vinnubók og aðrar einkunnir sem tengjast því, samkvæmt starfsskrá hverju sinni.

Verknámseinkunn er vegið meðaltal allra einkunna í verklegu námi.

Einnig skal skrá á prófskírteinið skólasókn nemandans samkvæmt skólasóknarreglum.

Enginn hefur lokið burtfararprófi fyrr en lokið er bæði bóklegu og verklegu námi.

43. gr.

Þeir einir, sem lokið hafa námi í garðyrkju frá Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi, eða hliðstæðu námi frá garðyrkjuskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið garðyrkjufræðingur.

## VI. KAFLI.
### Ýmis ákvæði.

44. gr.

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi er, skv. 87. gr. reglugerðar um iðnfræðslu nr. 558/1981, sériðnskóli fyrir skrúðgarðyrkjunema. Um þau atriði, sem þessi reglugerð nær ekki til, vísast til gildandi laga og reglugerðar um iðnfræðslu hverju sinni.

Garðyrkjuskólinn skal hafa aðstöðu til að láta sveinspróf fara fram í skrúðgarðyrkju á skólastaðnum.

45. gr.

Við skólann skal starfrækja fræðilegt kennslugagna- og bókasafn varðandi garðyrkju. Skal það vera kennurum og nemendum til afnota og eftir því sem aðstæður leyfa fyrir þá sem vinna að garðyrkjurannsóknum og leiðbeiningum í garðyrkju.

46. gr.

Skólinn gefur út „Garðyrkjufréttir", sem er fræðslurit þar sem birtar eru tilraunaniðurstöður, ýmsar fræðilegar greinar og annað efni sem tengt er garðyrkju.

Í Garðyrkjufréttum er einnig komið á framfæri efni úr ritum í bókasafni skólans, sem komið getur að gagni fyrir íslenska garðyrkju.

Áskrifendur greiða árgjald, sem ákvarðast af skólastjóra, en að öðru leyti er kostnaður greiddur af rekstrarfé skólans.

47. gr.

Skólinn sér nemendum sínum fyrir ókeypis kennslu, húsnæði eftir því sem aðstæður leyfa, ljósi og hita og leggur þeim einnig til nauðsynleg verkfæri og áhöld til afnota.

Nemendur skulu sjálfir sjá sér fyrir sængurfatnaði, kennslubókum og námsgögnum.

Skólinn sjái um að nemendur geti fengið fæði á kostnaðarverði í sameiginlegu mötuneyti.

48. gr.

Nemendur í skylduverknámi við skólann sbr. 3. gr., skulu ekki fá greidd laun fyrir það, né fá ókeypis fæði þann tíma, en kostnað við náms- og kynnisferðir í garðyrkustöðvar og stofnanir greiðir skólinn.

Nemendum sem stunda almennt verknám skal greiða laun samkvæmt kjarasamningum, og greiða þeir fæðis- og annan uppihaldskostnað sjálfir, hvort sem þeir dvelja á skólastaðnum eða annars staðar, eða sá kostnaður er hluti af launum þeirra.

49. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólann og garðyrkjustöð skólans svo úr garði, að skólinn geti gegnt hlutverki sínu samkvæmt lögum og reglugerðum, svo og rekstrarkostnað og kostnað við tilraunastarfsemina, leiðbeiningaþjónustu og námskeiðahald á vegum skólans greiðir ríkissjóður. Þátttakendur á námsskeiðum greiða sjálfir fæðiskostnað, kostnað við ferðir í tengslum við námskeiðin og aðkeypta kennslukrafta eftir því sem við á.

Skólinn greiðir kostnað af komu erlendra sérfræðinga í garðyrkju sem hann býður til sín, en heimild landbúnaðarráðuneytisins til þess liggi fyrir hverju sinni.

Á landi skólans skal reisa bústaði fyrir kennara og aðra starfsmenn, samkvæmt samþykktu skipulagi að landi skólans, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður og fé er veitt til á fjárlögum.

50. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um Garðyrkjuskóla ríkisins nr. 91, 23. júní 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 261, 26. nóvember 1970.

*Landbúnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

Nr. 424 22. október 1985

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafíu Ingibjargar Elíasdóttur og Þórðar Valdimars Marteinssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 22. október 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafíu Ingibjargar Elíasdóttur og Þórðar Valdimars Marteinssonar frá Fit á Barðaströnd.

Elías Þórðarson, Aðalstræti 84, Patreksfirði, stofnar minningarsjóð um foreldra sína í tilefni aldarafmælis móður sinnar þ. 26. september 1985.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Ólafíu Ingibjargar Elíasdóttur og Þórðar Valdimars Marteinssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 300 000,00 — þrjú hundruð þúsund krónur —. Eigi má skerða stofnféð.

Sjóðinn skal varðveita eins og talið er tryggast af stjórn hans.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Vaxtatekjur af höfðustól hans.
2. Gjafir.
3. Aðrar tekjur sem sjóðnum kunna að áskotnast.

Af árlegum tekjum skal leggja minnst 10% við höfuðstól, en að öðru leyti verja þeim til að framkvæma tilgang sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja og gleðja fötluð börn og unglinga allt að 18 ára aldri. Engin fötlun er undanskilin, hvort sem hún er andleg eða líkamleg, meðfædd eða af völdum slysa. Eingöngu skal veita úr sjóðnum þeim, sem búsettir eru í Patrekshreppi, Barðastrandarhreppi, Rauðasandshreppi og Tálknafjarðarhreppi.

Fyrst skal veitt úr sjóðnum eftir 3 ár frá stofndegi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Kvenfélagsins „SIF", Patreksfirði ásamt Helgu Guðjónsdóttur, Mýrum 4, Patreksfirði, sem er fulltrúi stofnanda í stjórninni og jafnframt að hans ósk formaður sjóðsins. Við fráfall Helgu eða brottflutning af svæðinu, tekur formaður Kvenfélagsins „SIF" við formennsku í sjóðnum. Leggist starfsemi Kvenfélagsins „SIF" niður, tekur Heilsugæslustöð Patreksfjarðar við vörslu sjóðsins og verður stjórn hennar þá jafnframt stjórn hans.

6. gr.

Sjóðstjórnin semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Samkvæmt heimild stofnanda má með samþykki dómsmálaráðuneytisins breyta skipulagasskrá þessari ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

18. nóvember 1985 Nr. 425

# REGLUGERÐ

## um búfjárhald á Eyrarbakka.

1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) er bannað á Eyrarbakka nema með leyfi hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Búfjáreigendur skulu jafnan hafa fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost og fóður. Þeir skulu gæta þess að fjöldi búfjár þeirra sé innan þeirra marka, sem hreppsnefnd hefur tiltekið í leyfi sínu. Forðagæslumenn skulu fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar.
b) Aðbúnaður búfjár og meðferð þess skal jafnan vera í fyllsta samræmi við ákvæði laga um búfjárrækt og dýravernd. Þá er búfjáreigendum skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti.
c) Búfé skal ávallt vera í öruggri vörslu búfjáreigenda. Þeir bera fulla bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem búfé þeirra kann að valda.
d) Ef breyting verður á eignarhaldi búfjár, ber að gera hreppsnefnd grein fyrir því, sem þá ákveður um framhald leyfisveitingar.

2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkv. 1. grein skal senda skriflega umsókn til hreppsnefndar. Í umsókn skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess verði háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji hreppsnefnd að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið og veita það í ákveðinn tíma. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni viðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkv. reglugerð þessari skal lögreglustjórinn í Árnessýslu hlutast til um, að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það valdi tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Hreppsnefnd getur ákveðið að búfjáreigendur skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Má ákveða gjald fyrir hvern grip, sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi. Þar að auki skulu búfjáreigendur standa straum af öllum kostnaði, sem sveitarfélagið kann að verða fyrir vegna búfjárins.

6. gr.

Sá sem leyfi fær til búfjárhalds er ábyrgur fyrir vörslu þess og ber ábyrgð á tjóni, sem það kann að valda vegna óhollustu, óþrifnaðar, mengunar eða með ágangi á lönd eða eignir annarra. Eigandi búfjár ber ennfremur ábyrgð á öllum kostnaði, sem kann að verða við handsömun og varðveislu þess. Selja má búfé til lúkningar kostnaði, ef eigandi greiðir hann ekki.

7. gr.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur hreppsnefnd ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi handa búfé, girða innan marka þéttbýlis á Eyrarbakka né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Stefnt skal skipulega að því, að allt búfjárhald flytjist út fyrir íbúðabyggð á Eyrarbakka á skipulagt svæði fyrir gripahús. Skal allt búfjárhald vera komið á það svæði í síðasta lagi á árinu 1990.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 44/1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Hólmavíkur 1985—2005.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 19. nóvember 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hólmavíkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hólmavíkur og Skipulagsstjórn ríkisins.

Uppdráttur þessi sem kemur í stað skipulagsuppdráttar af Hólmavík er staðfestur var af ráðuneytinu hinn 9. maí 1949.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

18. nóvember 1985 Nr. 427

# REGLUR

**um Þjóðveldisbæinn í Þjórsárdal.**

1. gr.

Þjóðveldisbærinn í Skeljastaðalandi í Þjórsárdal er eign íslenska ríkisins. Bærinn er undir yfirstjórn forsætisráðuneytisins og ætlaður almenningi til fróðleiks um forna íslenska byggðarhefð á þjóðveldisöld. Hann má nota til kennslu og fræðiathugana.

2. gr.

Varðveisla og dagleg stjórn bæjarins er í höndum þriggja manna hússtjórnar sem skipuð er af forsætisráðuneytinu til fjögurra ára í senn, að fengnum tillögum frá Þjóðminjasafni, Gnúpverjahreppi og Landsvirkjun. Ráðuneytið skipar formann hússtjórnar og ákvarðar þóknun fyrir störf hennar.

3. gr.

Þjóðveldisbærinn skal vera opinn almenningi yfir sumartímann á vissum tíma dags eftir því sem hússtjórn ákveður. Um aðra notkun bæjarins fer eftir ákvörðun hússtjórnar hverju sinni.

4. gr.

Hússtjórn sér um viðhald bæjarins og innbús. Hún ræður ennfremur starfsfólk til að gæta bæjarins og annast fyrirgreiðslu fyrir almenning og vegna kennslu og fræðimennsku.

5. gr.

Hússtjórn annast bókhald bæjarins og fjárreiður. Hún sendir forsætisráðuneytinu árlega endurskoðaða reikninga og skýrslur bænum viðkomandi eftir þörfum.

6. gr.

Hússtjórn ákvarðar aðgangseyri sem miðaður skal við að fjárhagslegur rekstrargrundvöllur bæjarins sé tryggður. Einnig aflar hússtjórn tekna með sölu bæklinga, póstkorta og minjagripa eftir því sem aðstæður leyfa.

7. gr.

Telji hússtjórn nauðsynlegt að fá fjárveitingu af fjárlögum vegna sérstakra framkvæmda skal hún gera tillögu um það til forsætisráðuneytisins.

*Forsætisráðuneytið, 18. nóvember 1985.*

F.h.r.
**Guðmundur Benediktsson.**

*Guðrún Sigurðardóttir.*

Nr. 428 19. nóvember 1985

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983.**

1. gr.

Eftirfarandi liðir 1. greinar hljóði svo:

**„Vesturlandshérað:**

3. Ólafsvíkurumdæmi:
   Lyfjabúð.
   3.1. Hellissandur:
        Lyfjaútibú.
   3.2. Grundarfjörður:
        Lyfjaútibú.
4. Stykkishólmsumdæmi:
   Lyfjabúð.
   4.1. Búðardalur:
        Lyfjaútibú.

**Vestfjarðahérað:**

1. Patreksfjarðarumdæmi:
   Lyfjabúð.
   1.1. Þingeyri:
        Lyfjaútibú.
2. Ísafjarðarumdæmi:
   Lyfjabúð.
   2.1. Flateyri:
        Lyfjaútibú.
   2.2. Suðureyri:
        Lyfjaútibú.
   2.3. Bolungarvík:
        Lyfjaútibú.
3. Hólmavíkurumdæmi:
        Hólmavík:
        Lyfjaútibú frá
        Ísafirði.

Breytingum frá núverandi fyrirkomulagi samkvæmt framansögðu, skal komið á í áföngum samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. nóvember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Páll Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð styrktar- og lánasjóðs til öflunar atvinnuréttinda á skipum nr. 496, 27. desember 1984.**

1. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Fyrir hverja veitta undanþágu skal undanþáguhafi greiða ákveðið gjald, nú kr. 2 000,00 fyrir hvern byrjaðan mánuð þess tíma sem undanþágan gildir.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 112/1984 og 113/1984 öðlast gildi 1. janúar 1986, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 11. nóvember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

18. nóvember 1985 Nr. 430

# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Bessastaðahreppi.**

1. gr.

Gjald vegna undanþágu frá banni við hundahaldi í hreppnum samkv. 2. gr. b-stafllið í samþykkt um hundahald í Bessastaðahreppi frá 30. desember 1981, skal vera kr. 2 000,00 fyrir árið 1986.

Handsömunargjald skal vera kr. 1 500,00 í hvert skipti.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps, staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda fyrir árið 1986.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um nýtt fasteignamat.**

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð fasteigna á landinu öllu hækki sem hér segir:
   a. Íbúðarhús og lóðir hækki um 28% og verði framreikningsstuðull samkvæmt því 1.28.
   b. Atvinnuhúsnæði og jarðir hækki um 33% og verði framreikningsstuðull samkvæmt því 1.33.
2. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyringu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
3. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteingamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1984, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteingaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldri mötum og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteingamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1985.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 450 frá 20. nóvember 1984.

*Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Björn Hafsteinsson.*

# REGLUGERÐ

## fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

**Gildissvið.**

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði það í Skútustaðahreppi er Hitaveita Reykjahlíðar þjónar.

2. gr.

**Stjórnun.**

Sveitastjórn Skútustaðahrepps fer með stjórn hitaveitunnar og kýs 3 manna hitaveitunefnd sér til ráðuneytis um rekstur og aðra tilhögun er veituna varðar. Heimilt er að sameina störf hitaveitu- og vatnsveitunefndar. Skal hin sameiginlega nefnd þá skipuð 5 mönnum.

Sveitastjóri Skútustaðahrepps er framkvæmdastjóri hitaveitunnar, en umsjónarmaður hitaveitu fer með daglegt eftirlit mannvirkja og búnaðar.

3. gr.

**Einkaleyfi.**

Hitaveita Reykjahlíðar hefur einkaleyfi til dreifingar og sölu á heitu vatni á byggðasvæðinu frá Reykjahlíð að Álftagerði og frá Reykjahlíð að Grímsstöðum í Mývatnssveit með þeim takmörkum sem um getur í 10. og 12. gr. samnings við eigendur Reykjahlíðajarðar, dags. 14. mars 1971 og 9. og 11. gr. samnings við landeigendur í Vogum, dags. 4. maí 1971.

4. gr.

**Hitaveitugjöld.**

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld svo sem orkugjald og heimæðagjald samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá. Stefnt skal að því að tekjur skv. gjaldskrá standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði hitaveitunnar.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld, en henni ber að tilkynna áætlun um lokun með 7 daga fyrirvara.

Kostnað af opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, samkvæmt gjaldskrá. Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

5. gr.

**Lagnir veitukerfisins.**

Hitaveitan á og lætur leggja allar lagnir veitukerfisins, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar og heimæðar ásamt þeim innanhússlögnum sem liggja að hemla- og mælagrindum. Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar meðan jörð er frosin.

6. gr.

**Kvöð um tengingu við hitaveitu.**

Þeim sem húseign á við götu eða veg innan veitusvæðis hitaveitunnar, þar sem vatnsæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi við hitaveituna.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, þá getur veitustjórn ákveðið að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið, nema sérstakir samningar komi til.

7. gr.
**Eignaréttur hitaveitu og viðhaldsskylda.**

Hitaveita hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á aðveitu- og stofnæðum sínum, dreifiæðum og götuæðum veitunnar svo og heimæðum og lögnum innanhúss, að og með mæla- eða hemlagrindum ásamt tilheyrandi búnaði, er tengja vatnskerfi hússins við veituna, og telst dreifikerfið ná þangað.

Tengingu vatnshitunarkerfis húss við mælagrind svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum og hitunarkerfi húss vegna tengingar við hitaveituna skal húseigandi annast og kosta.

8. gr.
**Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.**

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur eftir því sem aðstæður leyfa.

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í vatnsæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða og annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan er ekki skuldbundin gagnvart húseiganda til þess að tryggja að þrýstingur í vatnsæðum sé ávallt nægilegur. Stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðhalds eða tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

9. gr.
**Afnot varmaorku.**

Varmi sá sem hitaveitan lætur í té er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota. Hitaveitan ákveður hámark varmaafls til notenda.

Óheimilt er með öllu að tengja annað en neysluvatnslögn við greiningu þá á mæla- eða hemlagrind sem til þess er ætluð. Nú kemur fram ósk um að nota heita vatnið til annarra þarfa en greinir í 1. mgr. og þarf þá til þess heimild hitaveitunnar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

10. gr.
**Afrennslisvatn frá húskerfum.**

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn sem runnið hefur gegnum hitunarkerfi húss. Húsráðendum er heimilt að nota afrennslisvatnið til annarra þarfa en um getur í 9. gr. svo sem upphitunar gróðurhúsa, bílastæða, gangstíga o. s. frv., en skulu skila afrennslisvatninu aftur ef hitaveitan þarf á því að halda. Óski hitaveitan ekki eftir afrennslisvatninu skal húsráðandi annast og kosta að leiða afrennslisvatn frá húsi í jarðþró eða sprungu, enda samþykki hitaveitan fráganginn. Ef húseigendur nota hitaveituvatn til hitunar bílastæða, gangstíga o. s. frv. og hitunarkerfin eru beint tengd veitunni þá getur hitaveitan krafist þess, að þessi kerfi séu þrýstiprófuð við þann hita sem gert er ráð fyrir að notaður verði.

11. gr.
**Tenging við hitaveituna.**

Áður en hitunarkerfi húss eða lagnir fyrir heitt kranavatn eru tengdar hitaveitukerfinu skal liggja fyrir uppdráttur samþykktur af hitaveitunni og gildir það jafnt um nýlagnir og viðbætur við, eða breytingar á eldri lögnum.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum hitunarkerfum þá getur hitaveitan krafist þess að þeir séu þegar gerðir, eftir því sem nauðsynlegt er og ber húseigandi allan kostnað af því.

Húseigandi skal heimila að leggja heimæð eða sameiginlega heimæð um lóð og sjá fyrir inntaksstað fyrir hitaveitu við útvegg, kjallara eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust ásamt nauðsynlegu rými fyrir mælagrind og annað tilheyrandi tengingu við veituna. Þar skal vera niðurfall í gólfi og skal sá staður ætíð vera aðgengilegur starfsmönnum hitaveitu.

Ef inntak hitaveitu og mælagrind eru ekki í sama herbergi skal lögn þar á milli vera óhulin eða í stokk, sem auðvelt er að opna. Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar nema að fengnu leyfi hitaveitunnar. Á öllum húskerfum tengdum hitaveitu skulu vera einstreymislokar og öryggisútbúnaður skv. fyrirmælum hitaveitunnar. Á hitkerfum tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu skal nota sjálfvirka afrennslisloka og/eða annan búnað sem heldur hæfilegum þrýstingi í hitakerfum.

12. gr.
**Uppdrættir.**

Uppdráttur skv. 11. gr. skal gerður í samræmi við lög og reglur um byggingamál. Ef hitaveitan telur ástæðu til, getur hún krafist þess, að útreikningar á hitaþörf verði lagðir fram.

13. gr.
**Hitalagnir.**

Þeir sem leggja hitalagnir, bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli er sett kunna að verða. Hitaveitan getur áskilið að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í suðu viðkomandi lagna.

14. gr.
**Eftirlit.**

Hitaveitan skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykkta uppdrætti, reglugerð um hitalagnir og aðrar reglur og lög er gilda um byggingamál.

Álíti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, ákvæðum reglugerðar um hitalagnir eða öðrum reglum er settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

15. gr.
**Mælar og hemlar.**

Hitaveitan ákveður stærð og gerð mæla rennslis- og gjaldtökubúnaðar sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Búnaður þessi er í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu skv. almennum hegningarlögum.

Notandi mælis er sá sem skráður er fyrir vatnsnotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálfs mánaðar fyrirvara. Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun að mesta skekkja sé innan við 5%, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og lækka reikning notenda, í samræmi við niðurstöður hennar, ef notandi fékk minna vatn, en mælir sýndi, þó ekki fyrir lengra tímabil en 4 mánuði, nema sannað sé að skekkjan hafi verið í lengri tíma. Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin um mæla skulu gilda jafnt um hemla, ef selt er samkvæmt hemilstaxta. Starfsmenn hitaveitu skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum bæði innanhúss og utan. Húsráðanda er skylt að láta þeim í té þær upplýsingar sem máli geta skipt um hitun hússins og heitt kranavatn.

16. gr.

**Skyldur húseiganda og ábyrgð.**

Húseiganda er skylt að hlýta þeim reglum og fyrirmælum sem hitaveitan setur um gerð og búnað neysluvatnsins og hitunarkerfi hússins. Húsráðandi ber ábyrgð á þeim búnaði og lögnum innanhúss sem eru í eigu og umsjá hitaveitunnar. Húsráðanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, ef vart verður bilunar á búnaði og tækjum og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á hitaveituvatninu. Nú verða tæki eða annar búnaður í eigu hitaveitunnar, fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum sem hitaveitan á ekki sök á og er þá heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

17. gr.

**Viðurlög við brotum.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Nú vanrækir maður að láta vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað eiganda. Kostnaðinn má innheimta hjá eiganda með lögtaki ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar nr. 215, 4. nóvember 1971.

*Iðnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Páll Flygenring.*

Nr. 433 14. nóvember 1985

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Reykjahlíðar.**

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er

tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa, og eru sem hér segir:

a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús ........................................ kr. 5 940,00
b) Vatnsgjald á ári pr.m³ húss ........................................ kr. 25,70

Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 400 m³ ........................................ kr. 84 840,00
Hús 400—2000 m³:
Fyrir 400 m³ ........................................ kr. 84 840,00
og á hvern rúmmetra þar yfir ........................................ kr. 73,30
Hús stærri en 2000 m³:
Fyrir 2000 m³ ........................................ kr. 202 440,00
og á hvern rúmmetra þar yfir ........................................ kr. 58,70

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 5 364,00

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk 400,00 kr. í hvert skipti.

6. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 3 8. janúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 14. nóvember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr.

Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári, í nóvember, enda verði beiðni þ. a. l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins.

Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæðinu hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil .................................... kr. 1 760,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli .................................... kr. 87,60
fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80°C, skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80°C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínútul. til að hitaveitunni sé skylt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

| Stærð húss | | Stofngjald |
|---|---|---|
| 250 $m^3$ | kr. | 39 600,00 |
| 251— 500 $m^3$ | kr. | 39 600,00 + 94,80 kr/$m^3$ yfir 250$m^3$ |
| 501—1500 $m^3$ | kr. | 63 300,00 + 55,40 kr/$m^3$ yfir 500$m^3$ |
| 1501—6000 $m^3$ | kr. | 118 700,00 + 35,60 kr/$m^3$ yfir 1500$m^3$ |
| 6000 $m^3$ | kr. | 279 000,00 + 27,90 kr/$m^3$ yfir 6000$m^3$ |

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera ........... kr. 27 800,00
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar, skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a. og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfalla 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæða er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita lengri frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t. d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofngjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera ........................................ kr. 1 760,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða, enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. desember 1985 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 339 22. ágúst 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 435 26. nóvember 1985

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 190 30. apríl 1985, um bifreiðamál ríkisins.**

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fari ríkisstarfsmaður einstakar ferðir á eigin bíl að beiðni yfirmanns skal greiða fyrir þær með akstursgjaldi skv. 8. gr., enda fylgi akstursskýrsla reikningi starfsmannsins, sbr. 8. gr. Að öðru leyti er ríkisstofnun óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur nema skv. samningi, sbr. 6. gr. Forstöðumaður hlutaðeigandi ríkisstofnunar skal fylgjast með framkvæmd samnings og bera ábyrgð á að eftir honum sé farið.

Sé gerður akstursamningur, sem bundinn er við ákveðna tölu kílómetra, við forstöðumenn ríkisstofnana eða aðra starfsmenn skal áætla þá vegalengd er starfsmaðurinn þarf að aka starfs síns vegna á ári hverju. Í samningnum skal taka fram þær takmarkanir er leiga á einkabifreið kann að hafa á not leigubifreiða í þágu embættisins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett í samræmi við 5. gr. auglýsingar nr. 96 31. desember 1969 um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Akstursamningar sem í gildi eru við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi frá og með 1. janúar 1986.

*Fjármálaráðuneytið, 26. nóvember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Einar Sverrisson.*

# REGLUGERÐ

**um bann við línu- og togveiðum á Breiðafirði.**

1. gr.

Frá og með 8. desember 1985, uns annað verður ákveðið, eru línu- og togveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

a. 65°12′54 N — 24°34′43 V
b. 65°21′42 N — 24°27′52 V
c. 65°09′48 N — 23°57′36 V
d. 65°07′20 N — 24°13′59 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. desember 1985.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**Stjórnartíðindi B 40, nr. 436. Útgáfudagur 6. desember 1985.**



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

# REGLUGERÐ

**um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.**

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 13 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum formum, öðrum styrkleikum eða um viðurkenningu á hvers konar breytingum á áður skráðum sérlyfjum, skal rita nýja umsókn. Er skráningargjald þá kr. 6 500,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 2 500,00, er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar ástæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði af starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 395/1984.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. nóvember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

# SAMÞYKKT

**um afgreiðslutíma verslana í Húsavík.**

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana á Húsavík, þ. á m. söluturna, mjólkurbúða og brauðbúða.

Um daglegan vinnutíma og önnur starfskjör fólks, sem vinnur í starfsgreinum þeim, sem samþykkt þessi tekur til, fer eftir hlutaðeigandi kjarasamningum og venjum er tíðkast hafa í hverri grein.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að fyrirmæli þessarar samþykktar taki að nokkru eða öllu leyti til afgreiðslutíma annarra fyrirtækja, sem hafa bein viðskipti við almenning, t. d. rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu og bensínafgreiðslur, að því er snertir sölu á bensíni og öðrum vörum til bifreiða. Ekki ná ákvæðin heldur til sjálfsala, blaðasölu á götum, úr blaðasöluvögnum eða blaðasöluturnum, merkjasölu og annars slíks.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar úrskurðar bæjarstjórn ágreiningsefnið að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, skal vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni: Virka daga er heimilt að opna sölustaði kl. 8.00 og þeim skal lokað eigi síðar en kl. 18.00.

Á föstudögum er heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 19.00.

Á þriðjudögum og fimmtudögum er heimilt að halda öllum sölustöðum opnum til kl. 22.00 eða næsta virkan dag á undan séu þeir helgidagar.

Á laugardögum er heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00. Fyrsta laugardag í desember má þó halda sölustöðum opnum til kl. 16.00, en aðra laugardaga í þeim mánuði til kl. 18.00. Hinn 18. desember má halda verslunum opnum til kr. 22.00, en sé 18. desember sunnudagur gildir sú regla 19. desember.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

3. gr.

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að matvöruverslanir, söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 8.00 til kl. 22.00 á tímabilinu 15. september til 14. maí. Á tímabilinu 15. maí til 14. september frá kl. 8.00 til 23.30, sbr. þó a-lið 5. gr.

4. gr.

Bæjarstjórn getur leyft rýmri afgreiðslutíma einstakra verslana en segir í 2. og 3. gr., m. a. þegar um er að ræða minjagripaverslanir, sölu á lifandi blómum, sölu á garðplöntum, sölu á jólatrjám og slíkum vörum í desembermánuði og áþekka sölu, þar sem eðlilegt telst, að afgreiðslutími sé rýmri.

5. gr.

Um lokun sölustaða á einstökum helgidögum og hátíðisdögum gilda eftirfarandi reglur:

a) Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, jóladag og nýársdag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

b) Alla sunnudaga, skírdag, annan páskadag, sumardaginn fyrsta, 1. maí, annan hvítasunnudag, uppstigningardag, 17. júní, fyrsta mánudag í águst og annan jóladag, skal sölustöðum lokað allan daginn, sbr. þó undantekningarákvæði 3. og 4. gr.

c) Á aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtistöðum og slíkum stöðum, er heimilt, að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, ís, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi eða annað slíkt, sem eðlilegt telst að þar sé til sölu, utan þess tíma, er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning, sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða það fólk, sem komið er í verslun eða á sölustað þegar lokað er.

Ennfremur er heimilt að afgreiða vörur til skipa hvenær sem er sólarhrings.

8. gr.

Lögreglustjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstaka ástæðu til, meðal annars þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi samkvæmt 3. gr. og 4. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins. Gjalddagi þess er fyrirfram 1. febrúar ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt á réttum gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarstjórn eða lögreglustjóri setja fyrir leyfi, eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, má bæjarstjórn svipta leyfishafa leyfi enda hafi hann ekki látið segjast við aðvörun. Jafnframt má þá ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum.

Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessa sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17. 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. desember 1985.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

# REGLUR

**fyrir félagsheimilið Heimaland í Vestur-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu.**

1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Heimaland. Eigendur eru þessir:
Vestur-Eyjafjallahreppur 91%.
Ungmennafélagið Trausti 6%.
Kvenfélagið Eygló 3%.

2. gr.

Hússtjórn, skipuð 5 mönnum fer með stjórn félagsheimilisins. Hún er þannig skipuð: Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps kýs 3 menn, einn þeirra formann hússtjórnar og annan varaformann, Umf. Trausti kýs 1 mann og Kvenfélagið Eygló 1 mann. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Kjörtími hússtjórnar er 2 ár. Formaður sér um reikningshald og fjárreiður og leggur endurskoðaða reikninga og fjárhagsáætlun fyrir aðalfund eigendanefndar ár hvert. Hússtjórn heldur gerðabók um störf sín.

3. gr.

Umf. Trausta og Kvenfélaginu Eygló er ekki skylt að taka þátt í að greiða halla sem af rekstri félagsheimilisins kynni að verða. Eigi má efna til meiriháttar útgjalda nema samþykkt hafi verið af hreppsnefnd. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað.

Reikningar félagsheimilisins skulu lagðir fram endurskoðaðir fyrir 1. mars ár hvert.

Endurskoðendur hreppsreikninga eru jafnframt endurskoðendur reikninga félagsheimilisins.

4. gr.

Leiga fyrir afnot af félagsheimilinu skal ákveðin svo há að hallarekstur verði ekki mikill, og ekki lægri en gerist í félagsheimilum í næsta nágrenni.

5. gr.

Hússtjórn heldur fund er þurfa þykir. Skylt er að halda fund ef 2 hússtjórnarmenn æskja þess.

Aðalverkefni hússtjórnar eru:

a) að ráða húsvörð, sé þess þörf að dómi eigendanefndar; setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt.
b) að ráða annað starfsfólk sé þess þörf. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks sem á að vinna undir hans stjórn.
c) að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
d) að ákveða gjöld fyrir afnot hússins og gjaldskrá fyrir félagheimilið og taka skal sérstakt tillit til þeirra félaga sem í Vestur-Eyjafjallahreppi starfa.
e) að annast kaup á nauðsynlegum tækjum og áhöldum.
f) að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda.
g) að sjá um að hreingerning félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ítrasta hreinlætis í samræmi við heilbrigðisreglugerðir.
h) að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.

i) að sjá um að löggæsla sé á samkomum sé þess þörf.
j) að sjá um að öll starfsemi er horfir til menningarauka og framfara sitji í fyrirrúmi þegar húsinu er ráðstafað til afnota.
k) að sjá um að öll starfsemi sem fram fer í félagsheimilinu brjóti ekki í bága við gildandi lög og reglugerðir um félagsheimili. Húsnefnd er heimilt að krefjast þess af leigutaka að hann auglýsi verð aðgöngumiða.
l) að gæta þess að húseignir, áhöld, búnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

6. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot af húsinu. Ef eigi brýtur í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið er þeim skylt að heimila félögum þeim er greinir frá í 1. grein laga um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi. Verði ágreiningur um hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu sker menntamálaráðuneytið úr.

7. gr.

Þegar félagsheimilið er í notkun skal ávallt vera til staðar gæslumaður sem hússtjórn samþykkir. Skal hann ef húsvörður er ekki viðstaddur er notkun lýkur slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, koma áhöldum og húsbúnaði á sinn stað, koma óskilamunum í vörslu og loka vel gluggum og hurðum.

8. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum, ennfremur að notkun hans fari eftir lögum um íslenska fánann.

9. gr.

Árlega skal hússtjórn athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Auk þess sé þess gætt að sem flestar skemmdir á húsi og munum séu lagfærðar jafnóðum svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

10. gr.

Hússtjórn skal sjá um að skemmdir á húseign, áhöldum og búnaði umfram eðlilegt slit sé bætt af þeim er spjöllum valda.

11. gr.

Í félagsheimilinu ber að hlíta ákvæðum gildandi áfengislaga og lögreglusamþykktar. Heimilt er hússtjórn að banna aðgang þeim sem þessi ákvæði brjóta að hennar mati.

12. gr.

Reglur þessar sem settar eru með skírskotun til 8. greinar laga nr. 107/1970 um félagsheimili, öðlast gildi 1. janúar 1986 að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis.

*Reykjavík, 20. nóvember 1985.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Reynir G. Karlsson.*

# REGLUR

## fyrir Félagsheimili Bolungarvíkur

1. gr.

Eigendur félagsheimilisins eru Bolungarvíkurkaupstaður, Kvenfélagið Brautin, Ungmennafélag Bolungarvíkur, Slysavarnarfélagið Bolungarvík, Skátafélagið Gagnherjar og Sjómannadagurinn í Bolungarvík.

2. gr.

Eignarskipting eiganda er eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Bolungarvíkurkaupstaður | 40% |
| Kvenfélagið Brautin | 23% |
| Ungmennafélag Bolungarvíkur | 20% |
| Slysavarnafél. Bolungarvík | 6% |
| Skátafélagið Gagnherjar | 4% |
| Sjómannadagurinn í Bolungarvík | 7% |

3. gr.

Hlutverk félagsheimilisins er:

a) að stuðla að og efla hvers konar félags- og menningarstarfsemi í Bolungarvík.
b) að auðvelda hverja þá starfsemi er miðar að bættu tómstunda- og skemmtanalífi barna og unglinga í Bolungarvík.

4. gr.

Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

5. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsheimilisins er í höndum aðalfundar eignaraðila. Aðalfundur skal skipaður 11 fulltrúum, þannig að Bolungarvíkurkaupstaður tilnefni 4, Kvenfélagið Brautin og Ungmennafélagið Bolungarvík tilnefni 2 fulltrúa hvor og aðrir eigendur 1 fulltrúa hver. Hver fulltrúi fer með 1 atkvæði.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. mars ár hvert og boða til hans með ábyrgðarbréfi með a. m. k. viku fyrirvara.

Stjórnir félaganna eiga rétt til setu á aðalfundi.

Aðalfundur er lögmætur, ef til hans er löglega boðað.

6. gr.

Á aðalfundi ár hvert skal stjórn félgsheimilisins leggja fram endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir næstliðið ár og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði aðalfundar.

7. gr.

Stjórn félagsheimilisins skipa 3 menn og jafnmargir til vara. Þrír stærstu eigendurnir tilnefna einn fulltrúa hver.

Heimilt er öðrum eigendum hverjum um sig að tilnefna áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

Svo oft sem nauðsyn krefur skal stjórnin koma saman til fundar um málefni félagsheimilisins. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Kjörtímabil stjórnar er milli aðalfunda.

8. gr.

Stjórn félagsheimilisins sér um allan daglegan rekstur og framkvæmir ákvarðanir aðalfundar. Stjórnin skal halda nákvæma gerðarbók um störf sín.

Aðalverkefni stjórnar eru:

a) að ráða nauðsynlegt starfslið.
b) að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
c) að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
d) að annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
e) að sjá um viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda.
f) að sjá um bíórekstur.
g) að sjá um að löggæsla sé á samkomum í félagsheimilinu eða á annan hátt sjá um, að þar sé ekki brotið gegn ákvæðum lögreglusamþykktar Bolungarvíkur.

9. gr.

Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra er annist daglegan rekstur félagheimilisins eftir nánari ákvörðun stjórnarinnar og undir eftirliti hennar.

Stjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem m. a. skal ákveðið starfssvið hans og hvað af verkefnum skv. 8. gr. hann skuli annast.

Ekki getur framkvæmdastjóri átt sæti í stjórn félagsheimilisins.

10. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot hússins. Skylt er að heimila félögum er greinir frá í 1. gr. laga nr. 107 frá 1970 afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi, ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um hvort önnur félög eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu sker íþróttafulltrúi úr, en úrskurði hans má skjóta til menntamálaráðuneytisins.

11. gr.

Leiga fyrir afnot félgsheimilisins skal ákveðin svo há að nægilegt fé fáist til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma eigi aðrar tekjur.

12. gr.

Þess skal gætt að húseign, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta er spjöllunum valda.

14. gr.

Um meðferð áfengis skal fara skv. lögreglusamþykkt Bolungarvíkur.

15. gr.

Arður skal eigi greiddur eigendum, en verði tekjuafgangur skal hann að hálfu lagður í varasjóð til að mæta rekstrarhalla og að hálfu í endurbótasjóð.

16. gr.

Reglum þessum má breyta á aðalfundi og þarf samþykki 3/5 aðalfundarfulltrúa fyrir breytingunni.

17. gr.

Reglur þessar, sem eru settar skv. 8. gr. laga nr. 107 frá 1970, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

*Reykjavík, 20. nóvember 1985.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Reynir G. Karlsson.*

28. nóvember 1985 Nr. 441

# REGLUGERÐ

**um einkennisbúninga og búnað bifreiðaeftirlitsmanna.**

## I. Gerð einkennisfatnaðar.

A. Einkennisfatnaður bifreiðaeftirlitsmanna skal vera:

1. Húfa skal vera úr brúnu klæðisefni með 5 sm. breiðri uppistandandi gjörð, 5 sm. breiðri reisn, kringlóttum, flötum kolli, gljáleðurskyggni og hökuól, er fest sé á gjörðina með tveimur litlum einkennishnöppum. Á gjörðinni skal vera brúnn borði úr upphleyptu efni. Framan á borðanum og upp á reisnina skal vera gyllt skjaldarmerki úr málmi, 4 sm. á hæð.
2. Jakki skal vera úr brúnu klæðisefni, með venjulegum kraga, einhnepptur, með fjórum einkennishnöppum af stærri gerð, axlarborðum úr málmi, klæddum sama efni og í jakkanum, bryddir ofan á jöðrum með 1 sm. gylltum leggingum, festir við axlarbrún með stórum einkennishnappi, en litlum einkennishnappi nær kraga. Á hvorri ermi skulu vera 3 einkennishnappar af minni gerð langs með ermasaum fremst. Á jakkanum skulu vera tveir brjóstvasar með hnepptu loki og lokin hneppt með litlum einkennishnöppum. Jakkalöf skulu fest við með þversaum að framan og á hliðum, en bakstykki heil niður með tveimur fellingum og klauf. Yfir mitti skal vera leðurbelti spennt með koparsylgju og fest upp á hliðum með koparkrókum. Tveir innri brjóstvasar skulu einnig vera á jakkanum.
3. Vesti skal vera úr sama klæðisefni og jakkinn með fjórum vösum, hneppt með einfaldri röð hinna minni einkennishnappa, 5—7 að tölu.
4. Buxur skulu einnig vera úr sama klæðisefni, síðar án uppbrota, með fjórum vösum.
5. Frakki skal vera úr brúnu eða khakilituðu frakkaklæði, einhnepptur, stuttur, með gærufóðri, 2 vösum og loðkraga. Rennilás innra og einföld röð með 4—5 stórum einkennishnöppum ytra, skal vera framan á frakkanum. Endurskinsbryddingar skulu vera neðst á frakkanum og ermum.
6. Leðurjakki skal vera brúnn mittisjakki með gylltum axlarspjöldum úr mjúku plastefni, bryddum ofan á jöðrum með 1 sm. gylltum leggingum, einn lítill og einn stór einkennishnappur á hvoru spjaldi, og hvítu belti með axlaról. Jakkinn er með rennilás að framan. Tveir brjóstvasar, utanáliggjandi, með smelltum lokum og tveir vasar innan á jakkanum. Ermar skulu vera þröngar að framan og með rennilás.
7. Hanskar skulu vera brúnir úr leðri eða öðru sambærilegu efni, fóðraðir, með hvítum uppslögum.

B. Annar einkennisfatnaður bifreiðaeftirlitsmanna og búnaður:
1. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu vera í drapplituðum skyrtum með tveimur brjóstvösum með dökkbrúnum lokum og axlaspælum og skal hvorttveggja hneppast með litlum einkennishnöppum.
2. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu klæðast brúnum sokkum, ef þeir eru í lágum skóm.
3. Skór skulu vera brúnir og flatbotna.
4. Hálsbindi skulu vera úr brúnu efni.
5. Treflar skulu vera brúnir.
6. Belti skal vera hvítt með axlaról og hanka vinstra megin fyrir ljósakylfu. Á belti skal vera endurskinsmerki.
7. Vinnusloppar skulu vera úr grænu khakiefni og með ísaumaðri mynd af skjaldarmerki Íslands á brjóstvasa og nafni bifreiðaeftirlits ríkisins.

## II. Klæðaburður.

1. Stöðu sinnar og virðingar vegna verða bifreiðaeftirlitsmenn ætíð að vera hreinlegir og snyrtilegir til fara. Fatnaði sínum skulu þeir halda vel við og hafa ávallt vel pressaðan. Forstöðumaður eða þeir, sem hann felur það verk, skulu fylgjast með klæðaburði bifreiðaeftirlitsmanna og veita aðfinnslur, þegar klæðaburði er ábótavant eða hann er ekki í samræmi við reglur, sem gilda innan bifreiðaeftirlitsins. Þess skal jafnan gætt að samræmi sé í klæðaburði, þar sem bifreiðaeftirlitsmenn eru að störfum, tveir eða fleiri saman.
2. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu ganga í einkennisfatnaði við störf sín.
3. Með samþykki forstöðumanns er bifreiðaeftirlitsmönnum heimilt að vera án jakka, t. d. við akstur, við afgreiðslustörf inni við eða við einstök önnur tækifæri. Þeir skulu bera húfur sínar, nema inni við. Skyrtur skulu þá vera með tveimur brjóstvösum með lokum, sem hneppt er með litlum einkennishnöppum og axlarspælum.
4. Bifreiðaeftirlitsmönnum er heimilt, er þeir gegna óþrifalegum störfum að klæðast vinnuslopp eða regngalla til þess að skýla einkennisfötum.
5. Einkennishnappar bifreiðaeftirlitsmanna eru kringlóttir, gylltir með upphleyptri mynd af merkinu „hönd og auga". Þeir eru í tveimur stærðum, 16 mm og 21 mm í þvermál.

## III. Úthlutun einkennisfatnaðar.

1. Bifreiðaeftirlitsmenn í fullu starfi skulu fá afhentan ókeypis einkennisfatnað sem hér segir:
   a. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu fá ein einkennisföt á ári. Með einkennisfötum er átt við einn jakka, eitt vesti, tvennar buxur, tvær skyrtur og eitt bindi.
   b. Fyrsta árið fái þeir frakka og síðan fjórða hvert ár eftir það. Þeir fái eina húfu á ári, og fleiri ef yfirmaður telur þörf á. Einkenni fá þeir eftir þörfum.
   c. Heimilt er að úthluta bifreiðaeftirlitsmönnum við skoðun, leðurjökkum fjórða hvert ár, þó skal þess gætt að úthluta ekki á sama árinu frakka og leðurjakka.
   d. Bifreiðaeftirlitsmenn fái úthlutað einu pari af skóm árlega og einnig skulu bifreiðaeftirlitsmenn við skoðun og prófdómarar, fá úthlutað 1 pari af kuldaskóm árlega.
   e. Bifreiðaeftirlitsmenn skulu fá vinnuslopp og regngalla eftir ákvörðun forstöðumanns.
2. Venjulegt viðhald einkennisfatnaðar greiða hlutaðeigandi bifreiðaeftirlitsmenn sjálfir. Þeir skulu þó fá greiddar tvær fatahreinsanir á ári, svo og aðrar hreinsanir á fötum, sem yfirmaður telur þörf á. Meiriháttar viðgerðir og tjón á fatnaði skal bifreiðaeftirlitsmönnum bætt.

3. Þegar bifreiðaeftirlitsmenn láta af störfum, skulu þeir skila þeim einkennisfatnaði, sem þeir fengu síðast afhentan. Ennfremur skulu þeir skila húfum, beltum, búnaði og einkennum. Einkennisfatnað, sem fastráðinn bifreiðaeftirlitsmaður hefur fengið afhentan, og hann hefur notað í meira en tvö ár, skal telja eign hans að liðnum tveimur árum frá afhendingu. Bifreiðaeftirlitsmanni er óheimilt að nota eða afhenda fatnaðinn utan bifreiðaeftirlitsstarfs.

**IV. Ýmis ákvæði.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 15. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. og 24. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði reglugerðar nr. 145 11. október 1946, sem gilda um bifreiðaeftirlitsmenn. Dómsmálaráðuneytið úrskurðar um ágreiningsatriði, sem rísa kunna vegna túlkunar á reglugerð þessari.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. nóvember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Björnsson.*

3. desember 1985 Nr. 442

# GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.**

1. gr.

Fyrir hverja læknisskoðun og heyrnarrannsókn greiðir sjúklingur kr. 230,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 80,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum, sem unnin er á vegum stöðvarinnar skal greiða kr. 270,00.

3. gr.

Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. janúar 1986 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 27. mars 1984 með breytingum frá 7. júní 1984.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um gjald til Almanakssjóðs.**

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1986 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 1,50 kr. fyrir hvert eintak.

*Menntamálaráðuneytið, 2. desember 1985.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Árni Gunnarsson.*

Nr. 444 3. desember 1985

# AUGLÝSING

**um umferð í Flateyrarhreppi.**

Eftir samþykkt hreppsnefndar Flateyrarhrepps og með heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að neðsti hluti Hafnarstrætis á Flateyri frá Hafnarstræti 4 til suðurs að mótum Hafnarstrætis og Brimnesvegar skuli lokaður almennri umferð alla virka daga frá kl. 07.00 árdegis til kl. 19.00 síðdegis.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

*Lögreglustjórinn í Ísafjarðarsýslu, 3. desember 1985.*

**Pétur Kr. Hafstein.**

Nr. 445 25. nóvember 1985

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Skútu í Mývatnssveit, útgefin á venjulegan hátt ad mandantum af dómsmálaráðherra 25. nóvember 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir sjóðinn Skútu í Mývatnssveit.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skúta. Starfssvið hans er Skútustaðahreppur.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er síra Hermann Hjartarson, skólastjóri að Laugum, prestur að Skútustöðum 1916—1944. Stofnfé sjóðsins er 15 000,00 — fimmtánþúsund — gamlar krónur, sem stofnandi lagði á vöxtu í árslok 1948.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja lið bændum og öðrum í Mývatnssveit, er byggja íbúðarhús eða peningshús á jörðum sínum eða lóðum. Skulu þeir eiga kost á að fá lán af sjóðnum í allt að 3 ár, án vaxtagreiðslu. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að verðtryggja slík lán hverju sinni. Enginn hefur rétt til láns úr sjóðnum nema einu sinni. Forgang á láni hafa þeir sem ekki hafa fengið lán úr sjóðnum áður.

4. gr.

Samkvæmt fyrirmælum stofnanda sjóðsins fer sveitarstjórn Skútustaðahrepps með fjárhald hans og stjórnar honum og ábyrgist fyrir sveitarsjóðsins hönd, að fé sjóðsins glatist ekki í útlánum og rýrni ekki að verðgildi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hverjum skuli veitt lán úr sjóðnum. Útlán úr sjóðnum skulu miðast við, þegar viðkomandi hús er tekið í notkun. Fé sjóðsins má ekki skipta í meira en 3 lán. Reikningur sjóðsins skal yfirfarinn af kjörnum endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga árlega.

6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er: 1. janúar 1986 kr. 165 702,00 og síðar meir einnig gjafir, áheit, samskot og hvers konar önnur fjáröflun, sem stjórn sjóðsins þykir vel við eiga að stofna til, hans vegna.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, samkvæmt frumdrögum, er stofnandi sjóðsins lagði henni í hendur við afhendingu stofnfjárins og endurskoðuð í samráði og með samþykki barna stofnanda. Gengst sveitarstjórn, fyrir hönd Skútustaðahrepps, undir þær skuldbindingar, sem í henni felast.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

4. desember 1985 Nr. 446

# AUGLÝSING

**um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar og um staðfestingu á deiliskipulagi í Hafnarfirði.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. nóvember 1985 staðfest breytingu á staðfestum aðalskipulagsuppdrætti Hafnarfjarðar á svæði sem markast af Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu. Þá hefur ráðuneytið þennan sama dag staðfest deiliskipulagsuppdrátt svæðis er markast af Lækjargötu, Hringbraut, línu suðaustanvert við lóðina Bröttukinn 1-3 og Öldugötu.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hana og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hún verði staðfest.

Aðalskipulagsuppdráttur Hafnarfjarðar er staðfestur var af ráðuneytinu hinn 18. desember 1982 breytist því í samræmi við ofangreint.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. desember 1985.*

F.h.r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 447 3. desember 1985

# REGLUR

## um rekstur Stóðhestastöðvar ríkisins í Gunnarsholti.

1. gr.

Stóðhestastöð skal starfrækt í Gunnarsholti í Rangárvallasýslu. Um kostnað af rekstri hennar fer eftir því sem fjárveitingar á fjárlögum heimila hverju sinni og samkvæmt nánari ákvæðum í reglum þessum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar formann stóðhestastöðvarinnar og aðra stjórnarmenn til fjögurra ára. Landsráðunautur í hrossarækt skal jafnan vera í stjórninni. Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna mann í stjórn: Búnaðarfélag Íslands, Hrossaræktarsamband Íslands og Félag hrossabænda.

3. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast rekstur stóðhestastöðvarinnar og sér um fjárreiður hennar í samræmi við ákvarðanir stjórnar.

4. gr.

Stjórn stóðhestastöðvarinnar ræður umsjónarmann og aðra starfsmenn hennar og skulu þeir hafa góða þekkingu á hrossarækt og kunna góð skil á tamningu og meðferð hrossa. Hrossaræktarráðunautur fylgist með daglegum rekstri í umboði stjórnar.

5. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir menn í kynbótanefnd í hrossarækt til fjögurra ára í senn. Tilnefningar í nefndina skal leitað hjá Félagi hrossabænda, Landssambandi hestamannafélaga, sem tilnefni hvort einn mann og Hrossaræktarsambandi Íslands, sem tilnefnir tvo menn. Landsráðunautur í hrossarækt skal jafnan vera formaður kynbótanefndar.

6. gr.

Val á hrossum sem tekin eru á stóðhestastöðina skal vera í höndum kynbótanefndar. Kynbótanefnd ákveður notkun allra stóðhesta til kynbóta á meðan þeir eru á vegum stóðhestastöðvarinnar. Hún ákveður hve lengi þeir eru á stóðhestastöðinni og hvort eða hvenær hestar í eigu hennar eru vanaðir. Kaup og sala á hestum er háð samþykki stjórnar.

Stjórn stóðhestastöðvarinnar ákveður fjölda stóðhesta sem eru hverju sinni á vegum hennar og hve margir þeirra mega vera í eigu einstaklinga.

7. gr.

Stóðhestastöðin leggur til húsnæði fyrir stóðhesta í eigu einstaklinga og annast á sinn kostnað tamningu þeirra. Allur annar kostnaður sem fellur á stóðhesta í einkaeign greiðist af eigendum.

8. gr.

Stóðhestastöðin hefur ráðstöfunarrétt á folum í einkaeign sem vistaðir hafa verið á vegum hennar til og með sumri eftir fimmta aldursár folanna.

Folatollur sem greiðist á fola þessa framangreindan tíma fellur til stóðhestastöðvarinnar.

9. gr.

Kynbótanefnd kemur saman minnst tvisvar á ári. Á fundi sem haldinn skal í nóvember ber að taka ákvörðun um val stóðhesta á stóðhestastöðina. Á þeim fundi skal gerð starfsáætlun fyrir næsta starfsár sem lögð er fyrir stjórn stóðhestastöðvarinnar.

Á fundi sem halda ber á tímabilinu apríl-maí skal kynbótanefnd dæma kosti stóðhesta, hverjir skuli sýndir á kynbótasýningum, svo og um grisjun hópsins.

10. gr.

Stjórn stóðhestastöðvarinnar skal árlega gera áætlun um rekstur fyrir næsta fjárlagaár og skal þeirri áætlun skilað til landbúnaðarráðuneytisins með tillögum Búnaðarfélags Íslands um fjárframlög í samræmi við ákvæði búfjárræktarlaga.

Stjórn stóðhestastöðvarinnar ákveður daggjöld sem eigendum hrossa er gert að greiða.

Stjórnin ákveður leigugjald fyrir afnot af stóðhestum og skulu stóðhestar flokkaðir í leiguflokka eftir aldri og þeim dómum sem þeir hafa hlotið. Leigugjöld skulu ákveðin með hliðsjón af leigu á sambærilegum stóðhestum í landinu hverju sinni.

Rekstur stóðhestastöðvarinnar skal við það miðaður, að laun umsjónarmanns tamningamanna, svo og kostnaður af fasteignum og lausafé, greiðist af framlögum samkvæmt búfjárræktarlögum, en að öðru leyti standi tekjur undir rekstri.

11. gr.

Stjórn stóðhestastöðvarinnar er heimilt að greiða flutningsstyrk á stóðhesta sem fara frá henni til nota í hrossarækt, þannig að sem mestur jöfnuður sé um flutningskostnað milli landshluta.

12. gr.

Tilraunir með fóðrun hrossa, vaxtarmælingar og aðrar rannsóknir, sem ástæða þykir til að fari fram, skulu skipulagðar og unnar í samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

13. gr.

Stjórn stóðhestastöðvarinnar er heimilt að semja við Landgræðslu ríkisins um afnot húsa og lands í Gunnarsholti eftir því sem þörf krefur.

14. gr.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt heimild í 36. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 3. desember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Jón Höskuldsson.*

# REGLUGERÐ

**fyrir Rafveitu Selfoss.**

**A. Stjórnun og rekstur.**

1. gr.

**Markmið rafveitunnar.**

Rafveita Selfoss er fyrirtæki sem er eign Selfosskaupstaðar og starfrækt í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnota, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveita Selfoss er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Selfosskaupstaðar en með aðgreindan fjárhag.

2. gr.

**Verksvið og orkuveitusvæði.**

Rafveita Selfoss aflar raforku til þeirra þarfa er um getur í 1. gr., með því að kaupa raforku sem hagkvæmast þykir hverju sinni og veitir þeirri orku sem þannig er keypt um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Selfosskaupstaðar og sá hluti nágrennis kaupstaðarins sem bæjarstjórn ákveður og iðnaðarráðherra samþykkir.

Rafveita Selfoss hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkuveitusvæði sínu.

3. gr.

**Stjórn raforkumála. Veitustjóri.**

Yfirstjórn raforkumála kaupstaðarins er í höndum bæjarstjórnar sem felur stjórn veitustofnana daglegan rekstur ásamt bæjarstjóra og veitustjóra, en bæjarstjórn skipar veitustjóra að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana, og skal hann um rafmagnsmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k.

Bæjarstjórn setur honum erindisbréf. Stjórn veitustofnana fer einnig á sama hátt og hér er greint, með málefni Hita- og Vatnsveitu Selfosskaupstaðar. Veitustjóri er daglegur framkvæmdastjóri rafveitunnar, er jafnframt annast daglegan rekstur Hita- og Vatnsveitu Selfosskaupstaðar.

Í stjórn veitustofnana eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri, veitustjóri og bæjartæknifræðingur eiga auk þess sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.

**Verksvið stjórnar veitustofnana.**

Stjórn veitustofnana hefur á hendi stjórn rafveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningskil, svo og tillögugerð til bæjarráðs og bæjarstjórnar varðandi fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir hvert komandi ár.

Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar samtímis ársreikningum bæjarsjóðs og annarra bæjarfyrirtækja.

Stjórn veitustofnana setur nánari reglur um einstök atriði þessarar reglugerðar eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögu til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála kaupstaðarins.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn rafveitunnar og veitir þeim lausn, hvort tveggja eftir tillögum stjórnar veitustofnana, en stjórn veitustofnana skal setja þeim erindisbréf sem bæjarstjórn staðfestir.

5. gr.
**Verksvið veitustjóra.**

Veitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu svo og reikningshaldi rafveitunnar sem unnin er í sameiginlegu bókhaldskerfi bæjarfélagsins, eftirliti, viðhaldi á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafvæðingu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Veitustjóri gerir tillögur til stjórnar veitustofnana um ráðningu fastra starfsmanna til rafveitunnar er síðan staðfestist í bæjarstjórn en veitustjóri hefur þó heimild til að ráða í tímabundin störf.

6. gr.
**Reikningshald og ráðstöfun tekna.**

Rafveita Selfoss hefur aðgreindan fjárhag og tekur sjálf við greiðslum fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhalds og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tekjum sem umfram kunna að verða, ráðstafar bæjarstjórn.

Veitustjóri varðveitir sjóði rafveitunnar samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur, að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana.

## B. Söluskilmálar

7. gr.
**Sala raforku.**

Rafveita Selfoss selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, allsstaðar þar sem dreifikerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 og 380 volta málspennu og 50 Hz. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má veitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

8. gr.
**Umsókn um kaup á raforku.**

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni að hlíta settum reglum, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

9. gr.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugagjald það sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugagjaldið hafi verið greitt samkvæmt kostnaði við heimtaug.

Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnað við þá breytingu. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur á

lágspennukerfi, er veitustjóra heimilt að kerfjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði. Eigi er skilt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

10. gr.
**Húsveitur.**

Skylt er að láta löggiltan rafverktaka, eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða raflagnir eða breytingar eða viðgerðir á raflögn.

Löggiltir rafverktakar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því sem ákveðið er í reglum er Rafmagnseftirlit ríkisins setur, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlögðum viðaukum og breytingum á raflögnum.

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu sem úttektarskyld er, fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af brugðið, varðar það þann sektum sem verkið er unnið fyrir, þann sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafverktaka, er sá um verkið. Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu að notkun um hana verði ekki dreifikerfi rafveitunnar ofviða. Þar sem hætta kann að verða á þessu má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni þar til úr er bætt.

11. gr.
**Sala á raforku til notanda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.**

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við dreifikerfi hennar, í því skyni að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksgjald, sem svarar til þeirra kvaða sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsal til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis veitustjóra.

12. gr.
**Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.**

Sérhver húsveita að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Veitustjóra er heimilt að hafa eftilit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum sem notuð eru við hagnýtingu á raforku og skulu starfsmenn rafveitunnar, sem framvísa skilríkjum, hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftækja, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafverktaka lagfæra þetta. Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, á húsveitu eða tækjum að galli er á veitu eða tækjum og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað.

Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafverktaka.

Veitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda. Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgður fyrir samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald tækja, skal farið með það sem galla á veitu og er heimilt að gera eiganda að greiða eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftilits ríkisins um raforkuvirki og reglugerð Rafveitu Selfoss.

13. gr.

**Mælitæki.**

1. Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitur, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

   Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til er hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara sem um getur í 18. gr.

   Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjun á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmist og er þá heimilt að gera notandanum að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.
2. Ef notandinn óskar að mælitæki sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

   Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé +/−5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni. Ef notandi véfengir árangur prófunar, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en +/−5%, en rafveitan annars. Hafi kWst-mælir sýnt +/–5% skekkju eða meiri, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum sem fyrir liggja, eftir því sem næst verður komist, þó ekki fyrir lengri tíma en 3 mánuði, nema notandi geti sannað að um lengri tímabil hafi verið að ræða.
3. Notendur sem hafa hemil eða rofa eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á fastagjaldi, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilisins eða rofans svo fljótt sem við verður komið.
4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitunni ekki skylt að áætla frádrátt á reikingum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verði skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun skal rafveitan áætla þann straum sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við lögum.

   Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim sem brotlegur hefur gerst.

14. gr.

**Ábyrgð.**

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafist tryggingar fyrir skilvísri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mæli nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælinn er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Sé slíkt lágmarksgjald ekki greitt er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

15. gr.

**Gjald fyrir raforku.**

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu. Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga skal setja í gjaldskrá er bæjarstjórn samþykkir og iðnaðarráðherra staðfestir.

16. gr.

**Lokun fyrir veitu og enduropnun.**

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafist getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðslan lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

a. Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan greinir, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni, sem fallinn er í gjalddaga.
b. Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
c. Þegar notandi hefur gerst brotlegur við reglugerð þessa. Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu. Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd.
2. Að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá.
3. Að trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að kerfjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma er heimilt að taka aukagjald samkvæmt gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna óleyfilega straumnotkun samkv. 13. gr.

17. gr.

**Rekstrartruflanir.**

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim sökum og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitu rafmagnsnotanda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerðar og viðhalds eða eftirlits á þeim tíma, sem heimilisnotkun er almennt minnst, að nóttu til svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust, þegar ekki gefst ráðrúm til tilkynningar fyrirfram.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

18. gr.

**Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingar á notkun.**

Sérhver rafmagnsnotkun er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar er bindandi fyrir hann, að minnast kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabrigðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur veitustjóri leyst notandann undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt veitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrest af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynningu um flutning úr einni íbúð í aðra, af einum stað á annan, á orkuveitusvæðinu má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálfs mánaðar fyrirvara ef um samskonar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem um uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja sé að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

19. gr.

**Breytingar á gjaldskrá.**

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim sem bæjarstórn samþykkir og iðnaðarráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli veitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafist þess að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð bæjarstjórnar.

## C. Almenn ákvæði.

20. gr.

**Brot á reglugerð.**

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum sem settar verða samkvæmt henni varða sektum, 30 000,00 krónum — þrjátíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

21. gr.
**Málsókn.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Reglugerð þessi sem bæjarstjórn Selfosskaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 85 frá 11. júní 1948.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. desember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Páll Flygenring.*

Nr. 449 12. desember 1985

# REGLUGERÐ

**fyrir Hitaveitu Selfoss.**

## A. Stjórnun og rekstur.

1. gr.
**Markmið hitaveitunnar.**

Hitaveita Selfoss er eign Selfosskaupstaðar og starfrækt í þeim tilgangi að veita heitu vatni um kaupstaðinn til upphitunar húsa. Hitaveita Selfoss er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Selfosskaupstaðar með aðgreindan fjárhag.

2. gr.
**Verksvið og orkuveitusvæði.**

Hitaveita Selfoss aflar vatns til þeirra þarfa er um getur í 1. gr. með því að kaupa það og eða vinna úr jörðu þar sem hagkvæmast þykir hverju sinni, og veitir því vatni sem þannig er aflað um veitukerfi hitaveitunnar. Hitaveita Selfoss hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Selfosskaupstaðar og þess nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og iðnaðrráðherra samþykkir. Nefnist svæðið innan þessara marka orkuveitusvæði hitaveitunnar.

3. gr.
**Stjórn hitaveitunnar. Veitustjóri.**

Yfirstjórn Hitaveitu Selfoss er í höndum bæjarstjórnar, sem felur stjórn veitustofnana daglegan rekstur, ásamt bæjarstjóra og veitustjóra, sem bæjarstjórn skipar að fengnum tillögum stjórnar veitustofnana og setur bæjarstjórn honum erindisbréf. Stjórn veitustofnana fer á sama hátt og hér er greint með málefni Raf- og Vatnsveitu Selfosskaupstaðar.

Veitustjóri er daglegur framkvæmdastjóri hitaveitunnar, er jafnframt annast daglegan rekstur Raf- og Vatnsveitu Selfosskaupstaðar.

Í stjórn veitustofnana eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn. Bæjarstjóri, veitustjóri og bæjartæknifræðingar eiga auk þess sæti á fundum stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

4. gr.
**Verksvið stjórnar veitustofnana.**

Stjórn veitustofnana hefur á hendi stjórn hitaveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á vatni, fjárhald og reikningsskil, svo og tillögugerð til bæjarráðs og bæjarstjórnar varðandi fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir hvert komandi ár.

Hún skal gefa bæjarstjórn þær skýrslur sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand hitaveitunnar, og leggja ársreikninga hennar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar, samtímis ársreikningum bæjarsjóðs og annarra bæjarfyrirtækja. Hún gerir einnig tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir hitaveituna, undirbýr samninga um heitavatnskaup og sölu og annast framkvæmdir allra hitaveitumála kaupstaðarins.

Bæjarstjórn skipar fasta starfsmenn hitaveitunnar og veitir þeim lausn hvort tveggja eftir tillögum stjórnar veitustofnana, en stjórn veitustofnana skal setja þeim erindisbréf sem bæjarstjórn staðfestir.

5. gr.
**Verksvið veitustjóra.**

Veitustjóri stjórnar starfrækslu svo og reiknigshaldi hitaveitunnar sem unnið er í sameiginlegu bókhaldskerfi bæjarfélagsins, eftirlit með öllum lögnum, borholum og yfirleitt öllu aðveitukerfi og dreifikerfi hitaveitunnar, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á heitu vatni, efni og tækjum er veitan kann að kaupa og/eða selja.

Veitustjóri gerir tillögur til stjórnar veitustofnana um ráðningu fastra starfsmanna til hitaveitunnar, er síðan staðfestist í bæjarstjórn, en veitustjóri hefur þó heimild til að ráða í tímabundin störf.

6. gr.
**Reikningshald og ráðstöfun tekna.**

Hitaveita Selfoss hefur aðgreindan fjárhag og tekur sjálf við greiðslum fyrir selt vatn og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum af áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur hitaveitunnar, en tekjum sem umfram kunna að verða ráðstafar bæjarstjórn.

Veitustjóri varðveitir sjóði hitaveitunnar samkvæmt nánari reglum sem bæjarstjórn setur, að tillögum stjórnar veitustofnana.

**B. Söluskilmálar.**

7. gr.
**Einkaleyfi hitaveitu.**

Hitaveita Selfoss hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu.

Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

8. gr.
**Utanhússlagnir.**

Hitaveitan lætur leggja allar utanhússlagnir: aðalæðar, dreifiæðar og heimæðar inn í hús samanber þó 2. málsgrein 7. gr.

Þeim sem húseign á við götu eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við hitaveituæðina, ef hitaveitan óskar þess.

Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss/húsa eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, fjárhagslega eða tæknilega, getur hitaveitan þá ákveðið að húsið/húsin skuli ekki tengd við hitaveitukerfið.

9. gr.
**Eignaréttur og skyldur hitaveitu.**

Hitaveitan hefur eignarétt og viðhaldsskyldu á dreifiæðum sínum, svo og heimæðum og lögnum að vatnsmæli eða rennslishemli og telst dreifikerfið ná þangað og vera eign hitaveitunnar.

Hitaveitan skal ávallt hafa frjálsan aðgang að hitaveitulögnum á lóðum húseigna vegna viðhalds og endurnýjunar og er mannvirkjagerð sem gæti hindrað það óheimil.

10. gr.
**Afnot hitaorku.**

Sá varmi sem hitaveitan lætur í té er ætlaður til hitunar húsa og almennra heimilisnota.

Nú kemur fram ósk um að nota varma til annarra þarfa en kemur fram í fyrstu málsgrein, þarf þá til þess heimild hitaveitunnar. Slíka heimild skal veita ef ráðgerð not hafa ekki í för með sér aukakostnað fyrir hitaveituna, eða óhagræði fyrir hana eða aðra notendur, að mati veitustjóra.

Réttur húseiganda til afnota af hitaveituvatni skuldbindur ekki hitaveituna til þess að tryggja að þrýstingur á dreifiæðum hennar sé ávallt nægilegur. Hitaveitan skal leitast við að sjá til þess að þrýstingur og hitastig vatnsins séu jafnan viðunandi.

11. gr.
**Ábyrgð hitaveitu.**

Hitaveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða á henni vegna frosta, rafmagnsbilunar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir, ef rennsli í æð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerðar eða annars slíks.

12. gr.
**Endurnotkun vatns.**

Hitaveitunni er heimilt að nota aftur vatn sem runnið hefur í gegnum hitunarkerfi húss. Ef hitaveitan óskar ekki eftir að endurheimta slíkt afrennslisvatn getur hún leyft notkun þess til hituna á t. d. geymslu, bílskúr eða gróðurhústi. Hitaveitan getur þó jafnan afturkallað slíkt leyfi ef hún þarf á vatninu að halda.

13. gr.
**Tenging við hitaveitu.**

Umsókn um heimæð skal rituð á eyðublað, sem hitaveitan lætur í té, og skal hún undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að annast.

Umsókn skal fylgja uppdráttur í tveim eintökum af hitunarkerfi því sem tengja skal hitaveitunni. Þegar veitustjóri eða fulltrúi hans hefur samþykkt uppdrátt skal hann árita bæði eintökin. Annað eintakið varðveitir hitaveitan en hitt afhendist umsækjanda. Með árituninni er engin ábyrgð tekin á hæfni hitunarkerfisins. Séu uppdrættirnir ekki til af hitunarkerfum sem breyta á, getur hitaveitan krafist þess að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi kostnað af því.

Gerð uppdráttar skal miðuð við reglur byggingareglugerðar. Uppdrættir séu ávallt gerðir af sérmenntuðum manni.

14. gr.
**Mælitæki.**

Hitaveitan leggur til mælitæki gegn leigugjaldi og annast eðlilegt viðhald þeirra og endurnýjun. Nú verður mælitæki fyrir hnjaski eða skemmist, er þá heimilt að gera notandanum reikning fyrir kostnaði vegna skemmda.

15. gr.
**Ábyrgð notanda.**

Notandi mælitækis er sá sem skráður er fyrir því. Hann ber ábyrgð á varmanotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar, enda hafi hann sagt henni upp með minnst mánaðar fyrirvara.

Verði uppvíst að raskað hafi verið mælitækjum eða inntaki í því skyni að ekki komi fram öll varmanotkun er hitaveitunni heimilt að áætla ólöglega notkun og skal notandinn gjalda hana þreföldu verði, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

16. gr.
**Gjald fyrir varmanotkun.**

Reikningur fyrir heitt vatn skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem vatnið er notað og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafið er um greiðslu.

Nánari reglur um innheimtu og um gjalddaga skal setja í sérstaka gjaldskrá er bæjarstjórn samþykkir og iðnaðarráðherra staðfestir.

17. gr.
**Eftirlit.**

Starfsmenn hitaveitunnar skulu jafnan hafa frjálsan aðgang að pípulögnum, bæði innan húss og utan. Húseiganda er skylt að láta þeim í té upplýsingar er skipt geta máli um upphitun hússins.

18. gr.
**Dælur á heimæðum.**

Óheimilt er að tengja vatnsdælu við heimæðar, nema skriflegt leyfi hitaveitunnar sé fyrir hendi og þannig frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

19. gr.
**Nánari skilmálar.**

Umsækjendum og notendum hitaveitu er skylt að hlíta nánari skilmálum er bæjarstjórn kann að setja og ekki eru nefndir í reglugerð þessari. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur, á kostnað hlutaðeigandi aðila.

20. gr.
**Viðurlög við brotum.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 12. desember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Páll Flygenring.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglum um radíóbúnað og fjarskipti á skipum nr. 813/1981, sbr. reglugerð nr. 487/1983.**

1. gr.

Grein 1.14, I. kafla orðist svo:

Þar sem skip hefur mælibréf með tveimur brúttórúmlestatölum, skal miðað við hærri töluna við túlkun þessara reglna, sbr. þó gr. 3.7, I. kafla.

2. gr.

Grein 3, I. kafla orðist svo:

3.1. 1. flokkur.
Farþegaskip, sem mega flytja 250 farþega eða fleiri á alþjóðasiglingaleiðum.

3.2. 2. flokkur.
Önnur farþegaskip á alþjóðasiglingaleiðum án tillits til stærðar. Farþegaskip í strandsiglingum við Ísland 1600 brl. eða stærri að undanskildum þeim farþegaskipum sem sigla reglulegar ferðir milli fastra viðkomustaða innanlands. Vöruflutningaskip 1600 brl. eða stærri að undanskildum þeim vöruflutningaskipum sem eru í innanlandssiglingum. Fiskiskip með 75 m skrásetningarlengd og lengri.

3.3. 3. flokkur.
Vöruflutningaskip sem ekki heyra til 2. fl. Fiskiskip með 33 m og allt að 75 m skrásetningarlengd. Farþegaskip sem ekki falla undir 1. eða 2. fl.

3.4. 4. flokkur.
Fiskiskip með 15 m og allt að 33 m skrásetningarlengd.

3.5. 5. flokkur.
Fiskiskip með 8 m og allt að 15 m skrásetningarlengd.

3.6. 6. flokkur.
Vélbátar með styttri en 8 m skrásetningarlengd.

3.7. Í þeim tilvikum að skip hefur mælibréf með tveimur brúttórúmlestatölum þar sem lægri mælingin er minni en 1600 brl., er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá loftskeytamannsskyldu, ef skipið siglir almennt á lægri mælingunni en einstakar ferðir á hærri mælingu yfir 1600 brl. Slík undanþága skal veitt fyrir hverja einstaka ferð.

3.8. Siglingamálastjóri ákveður í samráði við Póst- og símamálastofnun hvaða flokki skip skuli tilheyra, sem ekki eru sérstaklega tilgreind hér að framan. Skal tillit tekið til stærðar og notkunar slíkra skipa.

3. gr.

Grein 6.4. 4. tl., I. kafla orðist svo:

Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta 2182 KHz (gildir ekki um skip, sem eru minni en 12 m).

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 52, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 3. desember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, með síðari breytingum.**

1. gr.

162. gr. orðist svo:

162.1. Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúðir.

162.2. Peningshús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, svínabú og áburðargeymslur mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli.

162.3. Óheimilt er að reisa loðdýrabú, alifuglabú og svínabú nær mannabústöðum eða vinnustöðum annarra en sjálfs búsins en sem nemur 500 m. Í strjálbýli er heimilt að reisa slík bú nær mannabústöðum á aðliggjandi bújörðum með samþykki hlutaðeigandi ábúenda og/eða eigenda. Að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 109/1984, um heilsuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

9. desember 1985 Nr. 452

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 458, 1. nóvember 1979 fyrir Rafveitu Akureyrar.**

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Rafverktakaleyfisnefnd á orkuveitusvæðum 5 og 6 veitir þeim rafverktaka leyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum nefndarinnar.

2. gr.

Á eftir 4. mgr. 10. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Rafveitunni er heimilt að taka heimtaugagjöld skv. gildandi gjaldskrá og er rafveitunni ekki skylt að tengja nýja heimtaug við veitukerfið fyrr en gjaldið hefur verið greitt.

Breyting þessi á reglugerð fyrir Rafveitu Akureyrar, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, er hér með staðfest skv. vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. desember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Páll Flygenring.*

# REGLUGERÐ
**um aukatekjur ríkissjóðs.**

1. gr.

Leyfisgjald skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Áfrýjunarleyfi | 990 |
| 2. | Nóvaleyfi | 990 |
| 3. | Leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum | 500 |
| 4. | Lögskilnaðarleyfi | 990 |
| 5. | Ættleiðingarleyfi | 1 000 |
| 6. | Leyfisbréf til heildsölu | 48 380 |
| 7. | Leyfisbréf til umboðssölu | 24 300 |
| 8. | Leyfisbréf til smásölu | 11 930 |
| 9. | Leyfisbréf til lausaverslunar | 9 900 |
| 10. | Gjald fyrir endurnýjun verslunarleyfis | 1 000 |
| 11. | Gistihúsaleyfi, veitingahúsaleyfi, leyfi fyrir skemmtistað | 13 200 |
| 12. | Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi | 6 600 |
| 13. | Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi | 4 660 |
| 14. | Gjald fyrir endurnýjun leyfis skv. 11.—13. tl. | 1 000 |
| 15. | Leyfi til tækifærisveitinga | 1 000 |
| 16. | a) Leyfi fyrir vínveitingastað til eins árs eða skemur | 12 600 |
| | b) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en árs og til og með tveggja ára | 21 600 |
| | c) Leyfi fyrir vínveitingastað til lengri tíma en tvegga ára | 42 080 |
| 17. | a) Leyfi til vínveitinga (tækifærisveitinga) | 1 000 |
| | b) Skemmtanaleyfi, þar sem vínveitingar eru leyfðar | 250 |
| 18. | Iðju- og iðnaðarleyfi | 6 600 |
| 19. | Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti | 9 600 |
| 20. | Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi | 2 790 |
| 21. | Leyfi til að stunda almennar lækningar | 2 790 |
| 22. | Leyfi til að stunda sérlækningar | 9 600 |
| 23. | Leyfi til að stunda tannlækningar | 2 790 |
| 24. | Sérfræðileyfi til tannlækninga | 9 600 |
| 25. | Leyfi til fasteignasölu | 24 300 |
| 26. | Undanþáguleyfi til skipstjórnar- eða vélstjórnarstarfa | 1 500 |
| 27. | Eiturbeiðni (leyfi til kaupa á takmörkuðu magni) | 500 |
| 28. | Leyfisskírteini til kaupa og notkunar á eiturefnum | 1 500 |
| 29. | Endurnýjun leyfisskírteina til kaupa og notkunar á eiturefnum | 660 |
| 30. | Leyfi til að framleiða skotvopn, skotfæri eða sprengiefni, sbr. 5. gr. laga nr. 46/1977 | 9 600 |
| 31. | Leyfi til að versla með skotvopn, skotfæri eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977, auk gjalds fyrir verslunarleyfi | 3 200 |
| 32. | Endurnýjun á söluleyfi skv. 31. tl. | 660 |

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 33. | Tímabundið leyfi til sölu skotelda í smásölu, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 46/1977 | 2 000 |
| 34. | Leyfi til kaupa á sprengiefni, sbr. 25. gr. laga nr. 46/1977 | 500 |
| 35. | Leyfi til þess að fara með sprengiefni og annast sprengingar, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1977 | 1 320 |
| 36. | Leyfi til þorskfisknetaveiða | 3 760 |
| 37. | Leyfi til dragnótaveiða | 3 760 |
| 38. | Leyfi til humarveiða | 3 760 |
| 39. | Leyfi til rækjuveiða innan fjarða | 3 760 |
| 40. | Leyfi til úthafsrækjuveiða | 3 760 |
| 41. | Leyfi til skelveiða | 3 760 |
| 42. | Leyfi til loðnuveiða | 3 760 |
| 43. | Leyfi til síldveiða: | |
| | a) Í hringnót | 3 760 |
| | b) Í reknet | 3 760 |
| | c) Í lagnet | 1 260 |
| 44. | Leyfi til botnfiskveiða | 3 760 |
| 45. | Leyfi til kolmunnaveiða og spærlingsveiða | 3 760 |
| 46. | Leyfi til hrefnuveiða | 3 760 |
| 47. | Leyfi til skammtíma- og tilraunaveiða | 1 260 |
| 48. | Leyfi til að starfrækja rækju- og hörpudiskvinnslu | 48 380 |
| 49. | Önnur leyfi er valdsmenn eða Stjórnarráð gefa út, nema gjald sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum | 660 |

2. gr.

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vegabréf til útlanda (18—66 ára) | 1 000 |
| 2. | Vegabréf til útlanda fyrir aðra | 300 |
| 3. | Ökuskírteini bifreiðastjóra | 1 000 |
| 4. | Ökuskírteini bifreiðastjóra til bráðabirgða | 500 |
| 5. | Skírteini til aksturs létts bifhjóls | 500 |
| 6. | Skírteini til aksturs bifhjóls | 1 000 |
| 7. | Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar | 1 000 |
| 8. | Ökuskírteini, alþjóðlegt | 500 |
| 9. | Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt | 500 |
| 10. | Meistarabréf | 3 200 |
| 11. | Sveinsbréf | 660 |
| 12. | Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br. rúml. hvert skírteini | 1 000 |
| 13. | Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br.rúml. hvert skírteini | 1 500 |
| 14. | Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini | 2 000 |
| 15. | Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini | 1 000 |
| 16. | Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini | 1 250 |
| 17. | Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini | 1 500 |
| 18. | Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini | 2 000 |
| 19. | Flugnema- og svifflugmannsskírteini | 500 |
| 20. | Einkaflugmannsskírteini | 1 000 |

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 21. | Atvinnuflugmannsskírteini, III. fl. | 1 000 |
| 22. | Atvinnuflugmannsskírteini, II. fl. | 2 000 |
| 23. | Atvinnuflugmannsskírteini, I. fl. | 3 000 |
| 24. | Flugtækna-, flugvélstjóra-, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskírteini | 2 000 |
| 25. | Skírteini til kvikmyndasýninga | |
| | a) staðbundin skírteini | 500 |
| | b) sveinsskírteini | 500 |
| | c) meistaraskírteini | 1 000 |
| 26. | Naglabyssuskírteini | 500 |
| 27. | Skírteini fyrir suðumenn | 500 |

3. gr.

Fyrir skráningar, sem lögboðnar eru og eigi er ákveðið gjald fyrir í öðrum greinum reglugerðar þessarar, skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Skráning samvinnufélags | 4 660 |
| 2. | Skráning útibús | 2 400 |
| 3. | Skráning starfsstöðva erlendra félaga | 3 120 |
| 4. | Skráning firma eins manns | 1 880 |
| 5. | Skráning firma tveggja manna eða fleiri | 3 200 |
| 6. | Skráning breytinga á eldri skráningu | 520 |
| 7. | Tilkynning um prókúru, sérstök | 520 |
| 8. | Afturköllun prókúru | 400 |
| 9. | Skráning bifreiðar, nýskráning | 2 000 |
| 10. | Skráning bifreiðar, umskráning milli umdæma | 1 000 |
| 11. | Skráning bifreiðar, umskráning innan umdæmis | 3 000 |
| 12. | Skráning eigendaskipta að bifreið | 1 000 |
| 13. | Skráning bifhjóls, nýskráning | 2 000 |
| 14. | Skráning bifhjóls, umskráning | 1 000 |
| 15. | Skráning eigendaskipta að bifhjóli | 1 000 |
| 16. | Skráning og umskráning létts bifhjóls | 560 |
| 17. | Skráning eigendaskipta að léttu bifhjóli | 560 |
| 18. | Skráning og umskráning beltabifhjóls | 560 |
| 19. | Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli | 560 |
| 20. | Skráning og umskráning dráttarvélar | 560 |
| 21. | Skráning eigendaskipta að dráttarvél | 560 |
| 22. | Skráning og umskráning tengivagna og festivagna | 1 000 |
| 23. | Skráning eigendaskipta að tengivögnum og festivögnum | 1 000 |
| 24. | Skráning loftfars til atvinnuflugs | 4 000 |
| 25. | Skráning loftfars til einkaflugs | 3 000 |
| 26. | Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o.fl.) | 1 500 |
| 27. | Skráning kaupmála | 500 |

4. gr.

Fyrir skráningu á eignarrétti á loftfari greiðist 140 kr. fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en 870 kr.

Fyrir aðra skráningu greiðist 1 200 kr. Ekkert gjald greiðist fyrir að afmá skráningu.

5. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og flutningaskip, sem kemur frá útlöndum og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 14 kr. af hverri nettórúmlest skipsins. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil. Af farþegaskipum skal greiða helmingi lægra gjald.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

Undanþegin afgreiðslugjaldi eru herskip, spítalaskip og skip sem leita hafnar í neyð.

6. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 16 kr. af hverri nettórúmlest skipsins er það tekur höfn hérlendis. Hálf rúmlest eða þar yfir telst heil og skal ætíð miðað við hæstu mælingu.

7. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkvæmt heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl. | 3 200 |
| 2. | Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjórar o. fl.) | 660 |

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

8. gr.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða | 390 |
| 2. | Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar | 270 |
| 3. | Fyrir útnefningu matsmanna, fyrir hvern mann | 270 |
| 4. | Fyrir vottorð er einstakir menn æskja í þágu verslunar eða atvinnu (vöruvottorð) | 70 |
| 5. | Fyrir sakavottorð gefin samkvæmt beiðni einstakra manna | 90 |
| 6. | Fyrir veðbókarvottorð | 140 |
| 7. | Fyrir önnur embættisvottorð | 90 |
| 8. | Fyrir lögskráningu skipshafnar, fyrir hvern mann | 40 |

9. gr.

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

| | |
|---|---|
| Fyrir vélritaða síðu | 40 |
| Hluti úr síðu telst heil síða. | |
| Lægstu ritlaun eru | 90 |

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir skal greiða samlestrargjald, 10 kr. af hverri síðu.

10. gr.

Innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

11. gr.

Þegar innheimtumaður afgreiðir skjal sem gjald er tekið fyrir að gefa út eða rita á, ber honum að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 478/1984.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

Nr. 454 17. desember 1985

# REGLUGERÐ

**um flugvallagjald.**

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa.

Undanþegin gjaldskyldu eru börn innan 2 ára aldurs, skráðar áhafnir loftfara, þeir sem viðkomu hafa á Íslandi samkvæmt farseðli milli annarra Evrópulanda og Ameríku og þeir sem ferðast með loftförum varnarliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

2. gr.

Flugvallagjald skal vera 750 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

3. gr.

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 18 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en tólf ára. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þótt millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

4. gr.

Um innheimtu, ábyrgð, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari gilda ákvæði laga nr. 8/1976 um flugvallagjald með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 8/1976, sbr. 2. gr. laga nr.18/1980, öðlast gildi frá og með 1. mars 1986. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 615/1982 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. desember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

# REGLUGERÐ

**um skoðunargjald ökutækja.**

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 800,00 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun léttra bifhjóla skal greiða 200,00 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Fyrir skoðun tengi- og festivagns sem færa ber til almennrar skoðunar skal greiða 800,00 króna árlegt skoðunargjald.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 479 20. desember 1984 um skoðunargjald ökutækja og reglugerð nr. 49 22. janúar 1985 um breyting á þeirri reglugerð.

*Dóms- og krikjumálaráðuneytið, 18. desember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Björnsson.*



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

# REGLUGERÐ

**um sérstakt tímabundið vörugjald.**

## I. KAFLI

**Sérstakt vörugjald.**

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

1. Af tollverði innfluttrar vörur að viðbættum aðflutningsgjöldum.
2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð hér á landi.

Gjaldið skal greitt í tveimur gjaldflokkum samkvæmt ákvæðum 2. gr. Við vöruflokkun til gjaldskyldu skal fylgt flokkunarreglum laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum.

2. gr

Gjald samkvæmt 1. gr. skal greitt í tveimur eftirfarandi gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 24% gjald:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 03.01.11 | 09.07.00 | 17.02.09 | 20.05.02 |
| 04.06.00 | 09.08.00 | 17.03.02 | 20.05.03 |
| 04.07.00 | 09.09.00 | 17.03.09 | 20.05.09 |
| 05.13.00 | 09.10.10 | 17.04.01 | 20.06.10 |
| 06.02.01 | 09.10.20 | 17.04.03 | 20.06.20 |
| 06.02.09 | 11.01.23 | 17.04.04 | 21.07.04 |
| 06.04.01 | 11.01.24 | 17.04.05 | 21.07.05 |
| 06.04.09 | 11.01.25 | 17.04.06 | 21.07.06 |
| 07.02.00 | 11.02.10 | 17.04.09 | 21.07.11 |
| 07.03.00 | 11.02.29 | 18.06.04 | 21.07.12 [1]) |
| 07.04.00 | 11.02.31 | 18.06.05 | 21.07.19 [1]) |
| 07.06.00 | 11.02.32 | 18.06.06 | 22.10.00 |
| 08.01.50 | 11.04.00 | 18.06.09 | 25.01.01 |
| 08.01.60 | 11.05.01 | 19.02.09 | 27.08.20 |
| 08.01.79 | 11.05.09 | 19.03.00 | 29.04.50 |
| 08.03.00 | 11.08.01 | 19.04.01 | 30.03.44 |
| 08.04.21 | 11.08.02 | 19.04.09 | 30.05.00 |
| 08.04.22 | 11.08.03 | 19.05.00 | 34.07.00 |
| 08.10.00 | 11.08.09 | 20.01.00 | 36.02.00 |
| 08.11.00 | 11.09.00 | 20.02.02 | 36.04.00 |
| 08.12.01 | 13.03.03 | 20.02.03 | 38.14.00 |
| 08.12.02 | 17.01.10 | 20.02.04 | 38.19.31 |
| 08.12.03 | 17.01.21 | 20.02.05 | 38.19.32 |
| 08.12.09 | 17.01.22 | 20.02.06 | 38.19.35 |
| 08.13.00 | 17.01.25 | 20.02.07 | 39.01.25 |
| 09.03.00 | 17.01.26 | 20.02.09 | 39.01.35 |
| 09.04.00 | 17.02.01 | 20.03.00 | 39.01.44 |
| 09.05.00 | 17.02.02 | 20.04.00 | 39.01.45 |
| 09.06.00 | 17.02.03 | 20.05.01 | 39.01.54 |

1) Þó ekki drykkjarvörur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 39.01.69 | 44.03.42 | 62.05.07 | 73.26.00 |
| 39.01.79 | 44.03.49 | 65.01.00 | 73.27.01 |
| 39.01.89 | 44.04.10 | 65.02.00 | 73.27.02 |
| 39.01.96 | 44.04.20 | 65.07.00 | 73.27.09 |
| 39.02.16 | 44.09.23 | 66.01.00 | 73.29.02 |
| 39.02.24 | 44.09.29 | 66.02.00 | 73.29.09 |
| 39.02.37 | 44.13.11 | 66.03.00 | 73.32.00 |
| 39.02.45 | 44.13.19 | 68.03.00 | 73.33.00 |
| 39.02.46 | 44.22.09 | 68.04.00 | 73.34.01 |
| 39.02.48 | 44.25.09 | 68.06.00 | 73.34.09 |
| 39.02.52 | 45.02.00 | 68.07.00 | 73.35.09 |
| 39.02.62 | 45.03.09 | 68.08.09 | 73.36.11 |
| 39.02.63 | 45.04.02 | 68.10.01 | 73.36.12 |
| 39.02.65 | 48.05.10 | 68.12.01 | 73.36.13 |
| 39.02.67 | 48.05.49 | 68.12.02 | 73.36.14 |
| 39.02.73 | 48.07.31 | 68.14.00 | 73.36.20 |
| 39.02.94 | 48.07.45 | 68.16.01 | 73.36.30 |
| 39.03.14 | 48.07.46 | 69.04.00 | 73.38.11 |
| 39.03.35 | 48.10.00 | 69.05.00 | 73.38.12 |
| 39.03.55 | 48.11.00 | 69.07.00 | 73.38.19 |
| 39.03.83 | 48.12.00 | 69.08.00 | 73.38.23 |
| 39.04.09 | 48.13.00 | 69.09.00 | 73.38.29 |
| 39.05.09 | 48.15.31 | 69.10.00 | 73.40.47 |
| 39.06.29 | 48.15.32 | 69.11.00 | 73.40.56 |
| 39.07.12 | 48.21.10 | 69.12.00 | 74.07.09 |
| 39.07.36 | 48.21.52 | 70.11.00 | 74.08.00 |
| 39.07.39 | 58.01.10 | 70.12.00 | 74.10.00 |
| 39.07.49 | 58.01.20 | 70.14.02 | 74.15.00 |
| 39.07.64 | 58.02.10 | 70.15.00 | 74.16.00 |
| 39.07.65 | 58.02.20 | 70.16.00 | 74.17.00 |
| 39.07.73 | 58.02.30 | 70.17.09 | 74.18.10 |
| 39.07.74 | 58.02.40 | 70.18.00 | 74.18.20 |
| 39.07.78 | 58.02.50 | 70.20.20 | 74.19.06 |
| 40.08.02 | 58.02.60 | 70.20.32 | 75.04.00 |
| 40.09.09 | 58.02.70 | 73.10.12 | 75.06.02 |
| 40.11.10 | 58.02.80 | 73.10.13 | 75.06.03 |
| 40.11.20 | 58.02.90 | 73.10.21 | 76.03.01 |
| 40.11.40 | 58.03.00 | 73.13.51 | 76.06.09 |
| 40.11.50 | 59.02.10 | 73.17.00 | 76.07.00 |
| 40.11.61 | 59.06.02 | 73.18.19 | 76.10.01 |
| 40.11.69 | 59.08.01 | 73.18.22 | 76.11.00 |
| 40.12.00 | 59.10.00 | 73.18.29 | 76.12.00 |
| 40.13.01 | 59.11.02 | 73.20.02 | 76.15.10 |
| 40.14.06 | 59.11.09 | 73.20.03 | 76.15.20 |
| 40.14.08 | 59.12.09 | 73.20.09 | 76.16.04 |
| 41.06.00 | 59.15.00 | 73.23.02 | 76.16.13 |
| 42.03.03 | 62.05.01 | 73.24.00 | 76.16.15 |
| 42.05.03 | 62.05.04 | 73.25.01 | 77.02.00 |
| 42.06.00 | 62.05.05 | 73.25.09 | 77.04.20 |

78.05.00
78.06.09
79.04.00
79.06.01
79.06.02
79.06.03
79.06.05
79.06.09
80.05.00
80.06.02
82.01.09
82.02.00
82.03.10
82.03.20
82.03.30
82.04.00
82.05.00
82.08.00
82.09.01
82.09.02
82.12.01
82.12.09
82.13.01
82.13.09
82.14.00
82.15.00
83.01.01
83.04.00
83.06.09
83.08.00
83.11.00
83.13.04
84.06.39
84.06.70
84.08.31
84.08.39
84.08.41
84.08.49
84.08.60
84.09.00
84.10.10
84.10.20
84.10.39
84.10.49
84.10.50
84.10.69
84.11.19
84.11.29
84.11.30
84.11.49
84.12.00
84.13.09
84.15.20
84.15.32
84.15.42
84.17.10
84.18.12
84.18.13
84.18.21
84.18.22
84.18.29
84.18.39
84.19.21
84.22.19
84.22.21
84.22.29
84.22.39
84.22.41
84.22.49
84.22.50
84.22.69
84.22.79
84.23.10
84.23.21
84.23.22
84.23.29
84.23.30
84.23.40
84.23.50
84.23.61
84.23.69
84.23.70
84.40.50
84.40.61
84.40.69
84.40.72
84.51.10
84.51.21
84.51.29
84.51.31
84.51.39
84.52.10
84.52.20
84.52.30
84.52.40
84.54.10
84.54.20
84.55.10
84.55.29
84.55.30
84.56.10
84.56.20
84.56.40
84.58.00
84.59.20
84.59.50
84.59.82
84.59.89
84.59.91
84.61.03
84.61.04
84.61.09
84.61.12
84.61.13
84.61.14
84.61.15
84.61.19
84.62.00
84.63.03
84.63.04
84.63.05
84.63.06
84.63.07
84.63.09
84.64.00
84.65.09
85.01.10
85.01.29
85.01.31
85.01.39
85.01.40
85.01.59
85.01.60
85.01.74
85.01.80
85.01.89
85.01.90
85.02.00
85.03.09
85.05.00
85.06.19
85.06.20
85.06.39
85.06.40
85.07.03
85.07.04
85.08.00
85.09.00
85.10.09
85.12.10
85.12.21
85.12.29
85.12.41
85.12.49
85.12.53
85.12.54
85.12.55
85.12.56
85.12.57
85.12.59
85.12.61
85.12.69
85.15.20
85.15.25
85.15.30
85.15.35
85.15.40
85.15.59
85.16.00
85.17.01
85.17.09
85.19.12
85.19.14
85.19.15
85.19.18
85.19.21
85.19.29
85.20.10
85.20.20
85.20.40
85.20.50
85.21.10
85.21.20
85.21.39
85.21.60
85.22.20
85.23.01
85.23.09
85.25.10
85.25.20
85.25.30
85.26.10
85.26.20
85.26.30
85.27.00
85.28.00

| | | | |
|---|---|---|---|
| 87.01.10 | 90.08.29 | 90.20.00 | 91.06.00 |
| 87.01.39 | 90.08.31 | 90.23.01 | 92.11.31 |
| 87.04.09 | 90.08.39 | 90.23.02 | 92.12.11 |
| 87.06.09 | 90.09.01 | 90.23.03 | 92.12.23 |
| 87.07.19 | 90.09.09 | 90.23.09 | 92.13.01 |
| 87.07.20 | 90.10.10 | 90.24.01 | 93.03.00 |
| 87.13.01 | 90.10.20 | 90.24.09 | 93.04.03 |
| 87.13.09 | 90.10.39 | 90.25.00 | 94.02.00 |
| 87.14.29 | 90.11.00 | 90.26.01 | 96.01.04 |
| 87.14.31 | 90.12.00 | 90.26.02 | 96.05.00 |
| 87.14.39 | 90.13.00 | 90.26.09 | 96.06.00 |
| 90.01.01 | 90.14.20 | 90.27.09 | 97.04.01 |
| 90.01.09 | 90.16.10 | 90.28.10 | 97.04.02 |
| 90.03.00 | 90.16.20 | 90.28.20 | 97.04.04 |
| 90.04.09 | 90.17.10 | 90.28.39 | 97.04.09 |
| 90.05.00 | 90.17.20 | 90.28.40 | 97.05.00 |
| 90.06.00 | 90.17.30 | 90.28.50 | 97.08.00 |
| 90.08.11 | 90.18.01 | 90.29.09 | 98.01.01 |
| 90.08.19 | 90.18.09 | 91.05.00 | 98.06.01 |
| 90.08.21 | | | |

B. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 30% gjald:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 19.07.01 | 34.05.03 | 44.28.99 | 68.16.09 |
| 19.07.02 | 34.05.09 | 45.04.09 | 69.14.00 |
| 19.07.09 | 35.03.09 | 46.02.03 | 70.13.01 |
| 19.08.01 | 36.01.00 | 46.02.09 | 70.13.09 |
| 19.08.02 | 36.05.00 | 46.03.09 | 70.14.03 |
| 19.08.03 | 36.08.00 | 48.07.59 | 70.14.09 |
| 19.08.04 | 37.01.09 | 48.14.01 | 70.19.00 |
| 19.08.09 | 37.02.02 | 48.14.02 | 70.20.39 |
| 27.10.82 | 37.02.09 | 48.14.03 | 70.21.09 |
| 27.11.11 | 37.03.09 | 48.14.09 | 71.13.01 |
| 27.11.19 | 37.04.00 | 48.15.20 | 71.13.09 |
| 27.11.20 | 37.05.09 | 48.15.39 | 71.14.09 |
| 27.11.30 | 37.07.01 | 48.21.29 | 71.15.00 |
| 32.10.00 | 38.11.10 | 48.21.39 | 71.16.00 |
| 32.13.20 | 38.11.20 | 48.21.69 | 73.40.59 |
| 33.06.01 | 38.11.30 | 55.03.01 | 74.19.09 |
| 33.06.02 | 38.11.40 | 59.06.09 | 75.06.09 |
| 33.06.03 | 38.11.50 | 65.04.00 | 76.16.19 |
| 33.06.04 | 38.19.49 | 65.06.09 | 80.06.09 |
| 33.06.05 | 39.07.30 | 67.01.00 | 82.09.09 |
| 33.06.06 | 39.07.99 | 67.02.00 | 82.11.01 |
| 33.06.07 | 40.14.19 | 67.03.00 | 82.11.09 |
| 33.06.08 | 40.16.09 | 67.04.00 | 83.01.02 |
| 33.06.11 | 42.05.09 | 68.10.09 | 83.01.05 |
| 33.06.12 | 44.02.00 | 68.12.09 | 83.01.09 |
| 33.06.19 | 44.28.95 | 68.13.09 | 83.02.03 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 83.02.09 | 85.12.30 | 91.03.00 | 93.06.00 |
| 83.03.09 | 85.13.10 | 91.04.00 | 93.07.10 |
| 83.05.09 | 85.13.20 | 91.07.00 | 93.07.22 |
| 84.06.31 | 85.14.10 | 91.08.00 | 93.07.29 |
| 84.06.32 | 85.14.20 | 91.09.00 | 95.05.00 |
| 84.06.33 | 85.15.19 | 91.10.00 | 95.08.09 |
| 84.06.40 | 85.15.60 | 91.11.00 | 98.03.00 |
| 84.06.51 | 85.15.79 | 92.11.10 | 98.04.00 |
| 84.06.52 | 85.15.81 | 92.11.20 | 98.05.00 |
| 84.06.53 | 85.15.82 | 92.11.39 | 98.06.09 |
| 84.06.61 | 85.15.89 | 92.11.40 | 98.08.00 |
| 84.06.62 | 87.10.00 | 92.13.09 | 98.09.00 |
| 84.06.69 | 87.12.09 | 93.01.00 | 98.10.00 |
| 84.25.11 | 87.14.10 | 93.02.00 | 98.11.00 |
| 84.25.19 | 87.14.49 | 93.04.04 | 98.14.00 |
| 84.25.51 | 90.07.29 | 93.04.05 | 98.15.00 |
| 85.07.02 | 90.07.39 | 93.04.09 | 98.16.00 |
| 85.07.09 | 91.02.00 | 93.05.00 | 99.06.00 |

## II. KAFLI
## **Innflutningur.**

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara skv. 2. gr. er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Skal hið sérstaka vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum innheimt með aðflutningsgjöldum.

Um ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði þar að lútandi í lögum nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum.

Önnur gjöld sem innheimt eru við innflutning vöru, svo sem gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974, byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1965, jöfnunargjald samkvæmt lögum nr. 78/1980 og tollafgreiðslugjald samkvæmt lögum nr. 5/1982, skulu þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

4. gr.

Við tollafgreiðslu á vöru sem undanþegin er tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.–4. gr. tollskrárlaga, þó ekki 6. tl. 3. gr. þegar ákvæðum fríverslunarsamninga er komið til framkvæmda samkvæmt þeirri heimild og annað leiðir ekki af öðrum ákvæðum þessarar málsgreinar eða heimildum í sérlögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í fyrirmælum ráðuneytisins hverju sinni. Við samræmingu tolls samkvæmt 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga skal þó eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af samkvæmt 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður á samkvæmt 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild ber hið hærra vörugjald.

Af innfluttum vörugjaldsskyldum vörum, sem tollar féllu almennt niður af frá og með 1. janúar 1980 samkvæmt 1. gr. tollskrárlaga, en ráðuneytið hafði fyrir þann tíma fellt sérstaklega niður tolla af samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. tollskrárlaga í þeim tilvikum þar sem um innflutning á efnivöru var að ræða til nota við framleiðslu á innlendri framleiðsluvöru, skal með sama hætti og verið hefur og að uppfylltum settum skilyrðum samkvæmt viðkomandi heimildum veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds. Sama skal gilda um vörugjaldskyldar vélar, tæki og varahluti sem heimilt var fyrir 1. janúar 1980 að fella niður tolla af samkvæmt reglum þar að lútandi settum samkvæmt sömu heimild.

Reglur um endurgreiðslu tolla af ýmsum efnivörum í útflutningsvörur sem settar eru samkvæmt heimild í 11. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda eftir því sem við geta átt um endurgreiðslu sérstaks vörugjalds af sömu vörum.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og sölugjald er innheimt við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem sölugjaldsstofn.

5. gr.

Innflytjendur og aðrir sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda skulu við sölu á vörum sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu færa söluna á sérstaka sölureikninga eða nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds, sbr. 4. mgr. 7. gr.

## III. KAFLI

**Innlend framleiðsla.**

6. gr.

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi, fá einhverja vinnslumeðferð eða er pakkað í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

7. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð. Með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnað en að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. skulu gilda um innlenda framleiðslu eftir því sem við getur átt. Samsvari söluverð frá verksmiðju ekki heildarandvirði framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar en framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað til framleiðslu, vinnslu eða pökkunar vöru, skal verksmiðjuverð teljast jafnt heildarandvirði hennar.

Sé almenn verðlagning framleiðanda miðuð við heildsöluverð er honum heimilt í stað útreiknings sérstaks vörugjalds skv. 1. mgr. að reikna sérstakt vörugjald, 24% og 30% skv. 2. gr., á 80% heildsöluverðsins að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1981. Svarar það til 19,2% og 24% af heildsöluverði að viðbættu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 77/1980 um vörugjald, sbr. 1. gr. laga nr. 12/1981, en án nokkurs frádráttar á kostnaði, svo sem umboðs- og sölulaunum, afsláttar vegna dreifingar eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtugjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til hinnar gjaldskyldu framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili, sbr. 13. gr.

8. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða setja í umbúðir hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda tilkynningu um starfsemi sína til skattstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir. Þeir sem hefja gjaldskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrár um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

9. gr.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

10. gr.

Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

11. gr.

Þeir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtugjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 7. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs, og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

12. gr.

Þeir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 8. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald sem þeim ber að standa skil á. Greiðslu skal fylgja skýrsla á þar til gerðu eyðublaði um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota. Gjaldskylda sölu skal sundurliða eftir vöruheitum og tollskrárnúmerum. Einnig skal tilgreina upplýsingar um frádrátt, sbr. 7. og 11. gr., svo og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

13. gr.

Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendrar framleiðslu eru fjórir á ári. Gjalddagi fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars er 1. maí , gjalddagi fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní er 1. ágúst , gjalddagi fyrir tímabilið 1. október til 31. desember er 1. febrúar næsta árs.

Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann á næsta virkan dag á eftir.

IV. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

14. gr.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, úrskurð um flokkun til gjaldskyldu, álagningu, innheimtu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 47/1960 um tollvörugeymslur o.fl. með áorðnum breytingum svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki er ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða pökkun hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim. Um ágreining vegna flokkunar hér umræddra vara til gjaldskyldu skv. 2. gr. skulu þó gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með áorðnum breytingum, sbr. 1. málsgr. þessarar greinar.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er frá sama tíma úr gildi felld reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald og reglugerðir nr. 540/1982, 66/1983, 69/1983, 497/1983, 718/1983, 169/1984, 330/1984 og 481/1984 um breyting á henni.

Jafnframt eru úr gildi felld ráðuneytisbréf, dags. 11. maí 1976 og 8. júní 1976, varðandi innlenda framleiðslu á kökum og brauðvörum svo og önnur fyrirmæli er fara í bága við reglugerð þessa.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

27. desember 1985 Nr. 457

# UMBURÐARBRÉF

**til skattstjóra og tollstjóra.**

Ráðuneytið tilkynnir hér með að frá og með 1. janúar 1986 skal innheimta sérstakt tímabundið vörugjald af framleiðslu á kökum og brauðvörum, öðru en rúgbrauði, normalbrauði, maltbrauði, heilhveitibrauði, franskbrauði og öðru sams konar brauði án fyllingar, áleggs eða viðbits.

Leiki vafi um gjaldskyldu samkvæmt fyrirmælum þessum sker fjármálaráðherra úr þeim ágreiningi.

*Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1985.*

F. h. r.
**Höskuldur Jónsson.**

*Bjarnveig Eiríksdóttir.*

# GJALDSKRÁ

**fyrir uppboðshaldara.**

1. gr.

Fyrir tilkynningu til skuldara um sölubeiðni og fyrir frumvarp að uppboðsskilmálum skal greiða upboðshaldara kr. 60,00.

2. gr.

Innheimtugjald uppboðshaldara:

a. Án sölu:
Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal greiða 1%.

b. Við sölu:
1. Fasteignir og skip:
Af upphæð þeirri er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal kaupandi greiða 1%. Innheimtugjald skal og greiða, þótt eign sé lögð út, sbr. 32. gr. uppboðslaga.
2. Lausafé:
Innheimtugjald frá kaupanda:
a. Með gjaldfresti 6%.
b. Við staðgreiðslu 3%.
Innheimtugjald frá seljanda 4%.

Innheimtugjald skal eigi greiða af þeim hluta uppboðssandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur verðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Innheimtugjald skal ákveða í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar falli niður en 50 aurar og hærri fjárhæð hækki í heila krónu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi gildir og við frjáls uppboð, ef eigi er um annað samið.

4. gr.

Þau innheimtugjöld, sem getið er um í 1. til 3. grein reglugerðar þessarar, renna í ríkissjóð í þeim tilvikum, þar sem uppboðshaldari ákveður, að um lögkjör hans fari samkvæmt niðurstöðu kjaradóms frá 5. janúar 1985, sbr. l. nr. 41/1984.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð, öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir uppboðshaldara nr. 160 12. mars 1985.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. desember 1985.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Guðmundur Björnsson.*

# AUGLÝSING

**um útvarpsgjald.**

Útvarpsgjald hefur verið ákveðið kr. 1 525,00 fyrir fyrsta ársfjórðung árs 1986. Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

*Menntamálaráðuneytið, 20. desember 1985.*

F.h.r.
**Knútur Hallsson.**

*Þórunn Hafstein.*

17. desember 1985 Nr. 460

# REGLUGERÐ

**um dómsmálagjöld o. fl.**

I. Gjöld samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975, sbr. lög nr. 13 5. maí 1978.

1. gr.

Dómsmálagjöld í einkamálum skal greiða sem hér segir:

| | |
|---|---|
| A. Fyrir hérðasdómi: | kr. |
| 1. Gjald fyrir áritun eða útgáfu stefnu | 60,00 |
| 2. Gjald fyrir þingfestingu | 450,00 |
| 3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) | 90,00 |
| 4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls | 150,00 |
| 5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) | 150,00 |
| 6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða | 120,00 |
| 7. Gjald fyrir kæru til Hæstaréttar | 540,00 |
| 8. Gjald fyrir sjóferðarpróf | 1 100,00 |
| B. Fyrir Hæstarétti: | |
| 1. Gjald fyrir útgáfu stefnu | 90,00 |
| 2. Gjald fyrir þingfestingu | 720,00 |
| 3. Gjald fyrir vitnaleiðslu (fyrir hvern mann) | 150,00 |
| 4. Gjald fyrir úrskurð undir rekstri máls | 190,00 |
| 5. Gjald fyrir dómkvaðningu (fyrir hvern mann) | 190,00 |
| 6. Gjald fyrir staðfestingu dómsgerða | 150,00 |
| 7. Útivistargjald | 720,00 |

2. gr.

Í gagnsökum, framhaldssökum meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum un innheimtu vinnulauna og kjörskrármálum skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

3. gr.

Fyrir fógetagerðir, aðrar en þær, sem um ræðir í 2. gr. aukatekjulaga, skal greiða sem hér segir:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Kyrrsetning á manni | 540,00 |
| | Séu fjármunir jafnframt kyrrsettir, skal gjald fyrir það vera eftir 2. gr. aukatekjulaga: | |
| 2. | Útburður manns af jörð eða húsi | 540,00 |
| 3. | Innsetning á jörð eða í hús til umráða | 540,00 |
| 4. | Aðrar fógetagerðir, er fara fram á það er eigi verður metið til peningaverðs | 540,00 |

Fyrir lausnargerð skal gjalda eftir grein þessari, sé kyrrsetning manns með henni niður felld.

4. gr.

Fyrir að gefa út innköllun til skuldheimtumanna skal greiða ........... 190,00

5. gr.

Fyrir uppboðsgerðir skal greiða sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fyrir að semja og gefa út auglýsingu um uppboð skal gjalda | 190,00 |
| 2. | Þegar uppboð er haldið á fasteign eða öðru því, er um getur í 11. gr. aukatekjulaga, en sala fer eigi fram við uppboð, svo og þegar hamarshögg er veitt upp á væntanlegt samþykki, en það bregst, skal gjalda .... fyrir árangurslaust uppboð. | 540,00 |
| 3. | Nú hefur uppboðs verið beiðst hjá uppboðshaldara og séð hefur verið um birtingu á því, en beiðnin er svo kölluð aftur, og skal þá aðeins greiða gjald fyrir birtingu samkvæmt 1. tölulið. En sé beiðnin eigi kölluð aftur fyrr en búið er að setja uppboðsþingið, skal gjalda eins og fyrir árangurslaust uppboð. | 540,00 |
| 4. | Fyrir að gefa út afsalsbréf fyrir fasteign, er seld hefur verið á uppboði, skal gjalda | 380,00 |
| 5. | Fyrir undirboðsþing skal greiða | 380,00 |

6. gr.

Fyrir að þinglýsa skjölum skal greiða kr. 170,00. Sé skjölum þinglýst fyrir Hæstarétti skal greiða kr. 230,00.

Eigi skal greiða gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis né úrskurða um brottnám lögræðissviptingar.

7. gr.

Fyrir notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Afsagnargerðir (aðrar en víxilafsagnir), stefnubirtingar, er notarius framkvæmir svo og aðrar slíkar gerðir | 170,00 |
| 2. | Notrialvottorð á arfleiðsluskrá | 290,00 |
| 3. | Norarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga | 190,00 |
| 4. | Dráttur í happdrætti | 720,00 |
| 5. | Úrdráttur skuldabréfa | 375,00 |

II. Gjöld samkvæmt umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968.

8. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Almennt bifreiðastjórapróf | 600,00 |
| 2. | Próf í akstri bifhjóla | 600,00 |
| 3. | Próf í akstri léttra bifhjóla | 150,00 |
| 4. | Próf í akstri dráttarvéla | 300,00 |
| 5. | Ökukennarapróf | 2 500,00 |

9. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Leyfi til að stýra léttu bifhjóli | 150,00 |
| 2. | Leyfi til að stýra dráttarvél | 150,00 |
| 3. | Löggilding ökukennara | 450,00 |

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

10. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða kr. 2 500.

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða kr. 2 700,00 á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutæki þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu kr. 190,00 fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað | 375,00 |
| 2. | Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillitis til fjölda skotvopna | 190,00 |
| 3. | Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979 | 120,00 |

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1986.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 478 20. desember 1984 um dómsmálagjöld o. fl.

*Dóms- og krikjumálaráðuneytið, 17. desember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Björnsson.*

# REGLUGERÐ

## um gjöld fyrir einkaleyfi o. fl.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

| | | kr. |
|---|---|---|
| a) | Umsóknargjald | 1 550 |
| b) | Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923 | 6 000 |
| c) | Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4) | 350 |
| d) | Forgangsréttarskjal | 650 |

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| a) | Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann | 500 |
| b) | Staðfest úrskrift úr einkaleyfaskrá | 350 |
| c) | Staðfest afrit af veittu einkaleyfi | 650 |

3. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 36 15. maí 1984 ........... 11 200

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Fyrir einkaleyfi skal greiða eftirtalin gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| a) | Fyrir fyrstu fimm ár leyfistímans | 5 000 |
| b) | Fyrir næstu fimm ár leyfistímans | 19 000 |
| c) | Fyrir síðustu fimm ár leyfistímans | 38 000 |

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi, sbr. lög nr. 36/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 469, 17. desember 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Gunnar Guttormsson.*

# REGLUGERÐ

**um gjöld fyrir vörumerki o. fl.**

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:

| | kr. |
|---|---|
| a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn | 2 650 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn | 650 |

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

| | |
|---|---|
| a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn | 2 650 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn | 650 |

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

| | |
|---|---|
| a) Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn | 5 000 |
| b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn | 650 |

4. gr.

Önnur gjöld eru:

| | |
|---|---|
| a) Innritun í vörumerkjaskrá | 500 |
| b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá | 350 |
| c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til | 350 |
| d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969 | 500 |

5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 ........... 11 200

Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. grein skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld, skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 470, 17. desember 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Gunnar Guttormsson.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Rafveitu Hafnarfjarðar, Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Akureyrar, Rafveitu Siglufjarðar, Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Siglufjarðar.**

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, frá og með 1. janúar 1986:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 18, 9. janúar 1985.

| | |
|---|---|
| Orkugjöld til hitunar og fastagjöld hækki um | 17,6% |
| Orku- og aflgjöld af annarri notkun hækki um | 14% |
| Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um | 25% |
| Heimtaugagjöld í sveitum hækki um | 35% |
| Gjaldskrá heildsölu hækki um | 14% |

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 4, 10. janúar 1985, með síðari breytingum.

| | |
|---|---|
| Orkugjöld til hitunar og fastagjöld hækki um | 17,6% |
| Orku- og aflgjöld af annarri notkun hækki um | 14% |
| Heimtaugagjöld í þéttbýli hækki um | 25% |
| Heimtaugagjöld í sveitum hækki um | 35% |

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 2. 10. janúar 1985 með síðari breytingum.

| | |
|---|---|
| Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um | 17,6% |

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna, frá og með 1. janúar 1986:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, nr. 51, 28. janúar 1985, með síðari breytingum.

| | |
|---|---|
| Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um | 14% |

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 334, 13. ágúst 1985.

| | |
|---|---|
| Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um | 14% |

Gjaldskrá Raveitu Sauðárkróks, nr. 10, 8. janúar 1985.

| | |
|---|---|
| Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um | 15% |

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 11, 8. janúar 1985.

| | |
|---|---|
| Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um | 16% |

Gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar, nr. 95, 21. febrúar 1985.

| | |
|---|---|
| Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um | 15% |

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest breytingar á gjaldskrám eftirtalinna hitaveitna, frá og með 1. janúar 1986:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur, nr. 50, 30. janúar 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ............................... 17,6%

Gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella, nr. 133, 21. mars 1985.
Gjald samkv. 4. gr. A lið hækki um ............................... 15%
Gjald samkv. 4. gr. B lið hækki um ............................... 20%
Gjöld samkv. 7. gr. hækki um ............................... 15%

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 255, 26. júní 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ............................... 16%
nema liðir B1 og B2 sem eru óbreyttir.

Gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar, nr. 96, 21. febrúar 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ............................... 15%

Samkvæmt 25. og 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn og raforku:

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir heitt vatn, nr. 244, 21. júní 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ............................... 14%

Gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku, nr. 353, 18. september 1985.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ............................... 14%

*Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1985.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

10. desember 1985 Nr. 464

# AUGLÝSING

**um umferð í Egilsstaðakauptúni.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 og að fengum tillögum hreppsnefndar Egilsstaðahrepps hefir verið ákveðið, að einstefnuakstur verði á Bláskógum til suðurs.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka strax gildi.

*Lögreglustjórinn í Suður-Múlasýslu, 10. desember 1985.*

**Bogi Nilsson.**

# REGLUGERÐ

**um stjórn botnfiskveiða 1986.**

## I. KAFLI

**Heildarafli.**

1. gr.

Árið 1986 skulu leyfi til botnfiskveiða miðast við að afli úr helstu botnfisktegundum verði:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | þorskur | 300 þús. lestir |
| 2. | ýsa | 60 þús. lestir |
| 3. | ufsi | 70 þús. lestir |
| 4. | karfi | 100 þús. lestir |
| 5. | grálúða | 30 þús. lestir |

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

## II. KAFLI

**Flokkar fiskiskipa.**

2. gr.

Samráðsnefnd skal með hliðsjón af veiðum skipa á árinu 1985 flokka öll íslensk fiskiskip í útgerðarflokka. Við flokkun skipa skal samráðsnefnd einnig taka tillit til veiðiheimilda skipa á árinu 1986. Útgerðarflokkar eru þessir:

1. Togarar.
2. Bátar án sérveiðiheimilda.
3. Síldarbátar.
4. Humarbátar.
5. Humar- og reknetabátar.
6. Rækjubátar.
7. Skelfiskbátar.
8. Loðnuskip.

Við flokkun skipa í útgerðarflokk 2, bátar án sérveiðiheimilda, skulu fiskiskip stærri en 100 brl., sem eingöngu stunda fiskveiðar með vörpu, flokkuð sérstaklega varðandi sóknardagafjölda.

Sé við ákvörðun þorskaflahámarks, miðað við stærðir báta, skulu fiskiskip flokkuð þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Bátar | | 10 brl. til og með 20 brl. |
| 2. | Bátar | stærri en | 20 brl. til og með 50 brl. |
| 3. | Bátar | stærri en | 50 brl. til og með 90 brl. |
| 4. | Bátar | stærri en | 90 brl. til og með 110 brl. |
| 5. | Bátar | stærri en | 110 brl. til og með 200 brl. |
| 6. | Bátar | stærri en | 200 brl. til og með 500 brl. |
| 7. | Bátar | stærri en | 500 brl. |
| 8. | Togarar | stærri en | 200 brl. til og með 500 brl. |
| 9. | Togarar | stærri en | 500 brl. |

Við stærðarflokkun fiskiskipa er miðað við mælingarbréf Siglingamálastofnunar ríkisins, sem gildir við útgáfu reglugerðar þessarar. Sama gildir sé miðað við lengd skips.

Við ákvörðun þorksaflahámarks fyrir flokk 8, togara 200—500 brl., skal það metið sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar. Miðað skal við mestu lengd skipsins.

Við ákvörðun þorskaflahámarks fyrir flokk 8 og 9 skal landinu skipt í tvö veiðisvæði:

Svæði 1: Frá Eystra-Horni vestur og norður um að Látrabjargi.

Svæði 2: Frá Látrabjargi norður og austur um að Eystra-Horni.

Við svæðaflokkun togara skal miða við verstöð sem togari er gerður út frá þegar reglugerð þessi öðlast gildi. Frystiskip er flaka eigin þorskafla um borð skulu við ákvörðun þorskaflahámarks teljast til svæðis 1 hvaðan sem þau eru gerð út.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörk veiðisvæða sé það nauðsynlegt vegna sérstöðu veiðiskips.

## III. KAFLI

### Aflamarksskip.

3. gr.

Aflamarksskipi skal úthlutað aflamarki fyrir eftirgreindar fisktegundir: þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu.

Aflamark hvers skips skal greint í heilum tonnum og er miðað við slægðan fisk með haus, að karfa undanskildum.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni 0.80 en grálúðu með tölunni 0.92.

Þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni 1.25 en grálúðu með tölunni 1.09.

Ráðuneytið skal ákveða þann stuðul, sem notaður skal til útreikninga á aflamarki skipa, sem vinna eigin afla um borð.

Þorskur og ufsi smærri en 50 cm, ýsa smærri en 45 cm og karfi innan við 500 g telst ekki með í aflamarki skips. Miðað skal við matsnótur Ríkismats sjávarafurða við útreikning samkvæmt þessari málsgrein.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskips, en réttur línuskips til framsals skerðist sem svarar öllum línuafla þess á þessum tímabilum.

Grálúða veidd á línu frá 1. júní til 31. ágúst, telst ekki hluti af aflamarki skips.

Allur afli, af framangreindum tegundum án tillits til stærðar sem fluttur er óunninn á erlendan markað á árinu 1986 reiknast til aflamarks og þorskaflahámarks með 10% álagi.

## IV. KAFLI

### Sóknarmarksskip.

4. gr.

Veiðileyfi með sóknarmarki er veitt með því skilyrði, að sóknardagar fari ekki fram úr tilgreindum fjölda á ákveðnu tímabili, sbr. 8 gr. og þorskafli ekki yfir ákveðið hámark.

5. gr.

Sóknarmark hefst þegar skip heldur úr löndunar- eða heimahöfn til veiða og lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi það ekki úr höfn til veiða aftur fyrr en liðnir eru a. m. k. þrír sólarhringar.

Sigli skip með eigin afla til löndunar á erlendum mörkuðum telst sá tími, sem fer til siglingar út, til sóknarmarks.

6. gr.

Útgerð sóknarmarksskips, skal tilkynna Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 3 dögum eftir lok hvers mánaðar, á þar til gerðu eyðublaði, hvaða daga viðkomandi skip hefur nýtt til sóknar á tímabilinu. Ennfremur er skylt að skila aflaskýrslum skv. 12. gr.

Frávik allt að þremur dögum er heimilt með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila allt að fjóra af hverjum fimm sóknardögum, sem ekki hafa nýst til fiskveiða, enda hafi skip orðið að liggja í höfn a. m. k. fimmtán daga vegna meiriháttar bilana. Útgerðaraðili skal sækja skriflega til ráðuneytisins um slíka yfirfærslu daga milli tímabila.

7. gr.

Sóknarmarksskipi er á árinu 1986 óheimilt að veiða meira magn af þorski en tilgreint er í töflu í 2. mgr. þessarar greinar eða sem svarar þorskaflahámarki þess samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða 1986—1987.

Þorskaflahámark sóknarmarksskipa er sem hér greinir fyrir hvern stærðar-, útgerðar- og veiðisvæðaflokk fiskiskipa. Miðað er við slægðan þorsk með haus.

| | Svæði I | Svæði II |
|---|---|---|
| **Útgerðarflokkur 1, togarar:** | | |
| 39 metrar og styttri: | 650 lestir | 1050 lestir |
| Stærri en 200 brl.: | 1150 lestir | 1750 lestir |
| **Útgerðarflokkur 2, bátar án sérveiðiheimilda:** | | |
| Stærri en 10 brl. til og með 20 brl.: | | 120 lestir |
| Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.: | | 210 lestir |
| Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.: | | 350 lestir |
| Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.: | | 370 lestir |
| Stærri en 110 brl. til og með 200 brl.: | | 460 lestir |
| Stærri en 200 brl.: | | 520 lestir |
| **Útgerðarflokkur 3, síldarbátar:** | | |
| 110 brl. og minni: | | 350 lestir |
| Stærri en 110 brl.: | | 460 lestir |
| **Útgerðarflokkur 4, humarbátar:** | | |
| 50 brl. og minni: | | 120 lestir |
| Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.: | | 250 lestir |
| Stærri en 90 brl.: | | 270 lestir |
| **Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar** | | |
| 90 brl. og minni: | | 320 lestir |
| Stærri en 90 brl.: | | 340 lestir |
| **Útgerðarflokkur 6, rækjubátar:** | | |
| 10 brl. til og með 20 brl.: | | 50 lestir |
| Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.: | | 90 lestir |
| Stærri en 50 brl.: | | 120 lestir |

**Útgerðarflokkur 7, skelbátar:**

| | |
|---|---|
| 10 brl. til og með 20 brl.: | 40 lestir |
| Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.: | 60 lestir |
| Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.: | 120 lestir |
| Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.: | 140 lestir |
| Stærri en 110 brl.: | 170 lestir |

Varðandi útgerðarflokka 6 og 7 er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. um þorskaflahámark og ennfremur ákvæðum 8. gr. um sóknardagafjölda, sé það talið nauðsynlegt vegna breytinga í aflatekjum af sérveiðum.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% þorskaflans ekki til þorskaflahámarks.

8. gr.

Í töflu hér á eftir er tilgreindur fjöldi sóknardaga á einstökum tímabilum samkvæmt flokkun veiðiskipa í II. kafla:

**Útgerðarflokkur 1, togarar.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | Tímabil 3 | Tímabil 4 | |
|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Mars-apríl | Maí-ágúst | Sept.-des. | Samtals |
| 44 | 48 | 88 | 90 | 270 |

**Útgerðarflokkur 2, bátar án sérveiðiréttinda.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | Tímabil 3 | Tímabil 4 | Tímabil 5 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Mars.-apríl | Maí-ágúst | Sept.-okt. | Nóv-des. | Samtals |
| 35 | 45 | 70 | 40 | 30 | 220 |

**Útgerðarflokkur 2, togbátar, sbr. 2. mgr. 2. gr.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | Tímabil 3 | Tímabil 4 | |
|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Mars-apríl | Maí-ágúst | Sept.-des. | Samtals |
| 40 | 45 | 80 | 80 | 245 |

**Útgerðarflokkur 3, síldarbátar.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | Tímabil 3 | Tímabil 4 | |
|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Mars-apríl | Maí-okt. | Nóv.-des. | Samtals |
| 35 | 45 | 65 | 25 | 170 |

**Útgerðarflokkur 4, humarbátar.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | Tímabil 3 | Tímabil 4 | Tímabil 5 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Mars-apríl | Maí-júní | Júlí-okt. | Nóv.-des. | Samtals |
| 35 | 45 | 10 | 45 | 25 | 160 |

**Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | Tímabil 3 | Tímabil 4 | Tímabil 5 | |
|---|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Mars-apríl | Maí-júní | Júlí-okt. | Nóv.-des. | Samtals |
| 35 | 45 | 10 | 30 | 15 | 135 |

**Útgerðarflokkur 6, rækjubátar.**

**Suður- og Vesturland.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | Tímabil 3 | Tímabil 4 | |
|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb. | Mars-apríl | Sept.-okt. | Nóv.-des. | Samtals |
| 30 | 40 | 30 | 15 | 115 |

**Vestfirðir, Norðurland.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | |
|---|---|---|
| Apríl-maí | Júní-okt. | Samtals |
| 40 | 65 | 105 |

**Útgerðarflokkur 7, skelbátar.**

| Tímabil 1 | Tímabil 2 | |
|---|---|---|
| Mars-apríl | Maí-ágúst | Samtals |
| 30 | 45 | 75 |

Engar takmarkanir eru á fjölda sóknardaga hjá línuveiðiskipum í janúar, febrúar, nóvember og desember.

Stundi skip grálúðuveiðar með línu innan tímabilsins 1. júní til 31. ágúst, teljast þeir dagar sem nýttir eru til grálúðuveiða, ekki sem hluti sóknardaga.

9. gr.

Netaveiðar báta undir 10 brl. eru á tímabilinu 10. febrúar til og með 15. maí heimilaðar í 65 daga með 80 lesta þorskaflahámarki.

V. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

10. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan fisk af eftirtöldum tegundum, sem fæst í veiðarfæri fiskiskipa: þorskur, ýsa, ufsi, karfi, skarkoli, grálúða og steinbítur.

11. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum, sbr. 10. gr. Ennfremur er honum skylt að láta meta og löggilta vigtarmenn vigta hverja tegund sérstaklega. Skal þyngd hverrar tegundar skráð á matsnótur Ríkismats sjávarafurða.

12. gr.

Útgerðaraðilum veiðiskipa, skipstjórnarmönnum og kaupendum er skylt að senda Fiskifélagi Íslands skriflegar upplýsingar um afla og aflasamsetningu í ákveðinni veiðiferð eða yfir ákveðið tímabil og um úthald og sjósókn á ákveðnu tímabili á eyðublöðum sem Fiskifélag Íslands leggur til.

13. gr.

Óheimilt er að framselja botnfiskaflamark þeirra loðnuskipa sem rækjuveiðileyfi fá á árinu 1986.

Réttur til þess að framselja botnfiskaflamark annarra skipa, sem leyfi hafa til úthafsrækjuveiða árið 1986 og frysta afla um borð, skerðist um jafnmörg tonn af þorski og nemur hálfri þyngd óskelfletts rækjuafla skipsins það ár. Skerðing þessi skiptist á botnfisktegundir miðað við þorskígildi, sbr. 15. gr. í sömu hlutföllum og aflamark.

14. gr.

Á árinu 1986 skulu loðnuskip aðeins eiga kost á botnfiskveiðileyfi með aflamarki. Lækka skal botnfiskaflamark hvers loðnuskips frá því sem annars hefði orðið um jafn mörg tonn af þorski og nemur 0,5% af þyngd úthlutaðs loðnukvóta á loðnuvertíðinni 1985/1986. Lækkunin skiptist á botnfisktegundir miðað við þorskígildi, sbr. 15. gr. í sömu hlutföllum og aflamark.

15. gr.

Við útreikning á takmörkun á rétti til framsals skv. 2. mgr. 13. gr. og lækkun aflamarks loðnuskipa skv. 14. gr., skal miða við þorskígildi skv. leyfisbréfi til botnfiskveiða. Þegar þorskígildi er reiknað skal miðað við eftirfarandi verðmætishlutföll: þorskur 1.00. ýsa 1.00. ufsi 0.45. karfi 0.50. grálúða 0.58.

16. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar.

17. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, til þess að öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. desember 1985.*

**Halldór Ásgrímsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

11. desember 1985 Nr. 466

# AUGLÝSING

**um umferð í Keflavík.**

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Keflavíkur og skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Keflavík:

Stöðvunarskylda skv. 4. mgr. 48. gr. umfl. í stað biðskyldu nú, verður á Vesturgötu beggja vegna Hringbrautar.

Eyjavellir njóta aðalbrautaréttar gagnvart Norðurvöllum (biðskylda).

Iðavellir njóta aðalbrautaréttar gagnvart Aðalgötu (biðskylda).

Aðalgata nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Heiðarbrún og Fagragarði (biðskylda).

Heiðarbraut nýtur aðalbrautarréttar gagnvart Heiðarhvammi, Heiðarbakka og Heiðarholti að austan (biðskylda).

Biðskylda í stað stöðvunarskyldu nú verður á hægri beygju af Skólavegi vestanverðum suður Hringbraut.

Bifreiðastöður eru bannaðar á sunnanverðri Faxabraut frá Hringbraut að Sunnubraut.

Reglur þessar taka gildi 1. janúar 1986.

*Lögreglustjórinn í Keflavík, 11. desember 1985.*

**Guðmundur Kristjánsson,**

e.u.

# REGLUGERÐ

**um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi, sem innheimt er skv. reglugerð nr. 259/1985 skv. lögum nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, vegna afurða svína og alifugla.**

1. gr.

Endurgreiða skal framleiðendum á afurðum svína og alifugla hluta sérstaks fóðurgjalds, sem álagt er við tollafgreiðslu á innflutt fóður, sbr. reglugerð nr. 259 frá 1. júlí 1985. Endurgreiðslan skal vera $^{75}/_{80}$ hlutar af álögðu sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 6. gr. Af hinu álagða sérstaka fóðurgjaldi renna sem næst $^{5}/_{80}$ hlutar til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að frádregnum kostnaði Framleiðsluráðs landbúnaðarins við framkvæmd endurgreiðslnanna, sem landbúnaðarráðherra samþykkir.

2. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skv. reglugerð þessari skal eingöngu vera vegna framleiðslu á afurðum alifugla og svína frá og með 1. júlí 1985.

3. gr.

Endurgreiðsla á sérstöku fóðurgjaldi fer fram af endurgreiðslureikningi til framleiðenda sbr. 5. gr., annað hvort með milligöngu fóðursala eða beint af endurgreiðslureikningnum. Sami aðili getur ekki látið fóðursala annast um hluta endurgreiðslnanna og annast hinn hlutann sjálfur, heldur verður hann að velja aðra hvora leiðina.

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal annast endurgreiðslu til framleiðenda í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Hinu sérstaka gjaldi skal haldið á sérgreindum reikningi, er framleiðsluráð færir — endurgreiðslureikningi — sem Ríkisendurskoðun annast endurskoðun á. Ríkisféhirðir gerir skil mánaðarlega til framleiðsluráðs, til færslu á endurgreiðslureikning, á hinu sérstaka fóðurgjaldi samkv. reglugerð nr. 259/1985, hvort sem er í formi sjálfskuldarábyrgðar eða peninga. Framleiðsluráð gerir á sama hátt skil mánaðarlega til framleiðnisjóðs á þeim hluta hins sérstaka fóðurgjalds, er greiða ber í sjóðinn, sbr. 1. gr., og gjaldfallið er, sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

5. gr.

Nú velur framleiðandi, sem á rétt á endurgreiðslu á sérstöku fóðurgjaldi, þá leið að fóðursali annist endurgreiðsluna og gefur hann þá viðkomandi fóðursala (fóðursölum) umboð til þess fyrir sína hönd. Áður en framleiðsluráð staðfestir endurgreiðslur samkvæmt framlögðum gögnum frá fóðursölum, skal umboð fóðursalans til að annast endurgreiðslur fyrir hönd hvers framleiðanda liggja fyrir. Umboðið gildir svo lengi sem það er ekki afturkallað.

6. gr.

Endurgreiðsla hins sérstaka fóðurgjalds skal miðuð við framleiðslumagn og fer fram í tveimur áföngum. Í fyrsta lagi við fóðurkaup, en þá endurgreiðast $^{60}/_{80}$ hlutar hins sérstaka fóðurgjalds eins og það er fullreiknað, þ. e. nú 80% af tollverði. Endurgreiðslan reiknast af hverri fóðurtegund fyrir sig skv. 8. gr. Í öðru lagi á þriggja mánaða fresti samkvæmt framlögðum skýrslum um framleiðslumagn til Framleiðsluráðs landbúnaðarins á s. l. 3ja mánaða tímabili, í fyrsta sinn frá 1. júlí 1985, og er það lokagreiðsla þannig að endurgreiðslu eftir framleiðslumagni, er nemur $^{75}/_{80}$ hlutum af fullu sérstöku fóðurgjaldi, verði náð, sbr. þó 11. gr.

7. gr.

Fóðursölum er heimilt við sölu á fóðri til framleiðslu á afurðum alifugla og svína, að endurgreiða $^{60}/_{80}$ hluta hins sérstaka fóðurgjalds, að fenginni staðfestingu Framleiðsluráðs landbúnaðarins á endurgreiðslurétti hvers einstaks framleiðanda. Framleiðsluráð landbúnaðarins veitir aðilum því aðeins rétt til endurgreiðslu, að þeir hafi lagt fram tilskilin gögn, sbr. 10. gr.

8. gr.

Fóðursalar skulu senda Framleiðsluráði landbúnaðarins mánaðarlega skilagrein um endurgreidd fóðurgjöld. Á þeirri skilagrein komi fram nafn, nafnnúmer og heimili fóðurkaupanda, tegund og magn fóðurs og endurgreiðslur hvers framleiðanda. Jafnframt skal fóðursali láta fylgja verðútreikning, er sýni m. a. hver hluti hins sérstaka fóðurgjalds er í verði fóðursins og hver hinn endurgreiðsluhæfi hluti er í sama fóðri, þ. e. $^{60}/_{80}$ hlutar hins sérstaka fóðurgjalds.

9. gr.

Óski framleiðandi eftir endurgreiðslu $^{60}/_{80}$ hluta fóðurgjalds vegna staðgreiðslu á fóðurkaupum, skal hann skila til Framleiðsluráðs landbúnaðarins sömu upplýsingum varðandi hlut fóðurgjalds í verði fóðursins og koma fram í 8. gr.

10. gr.

Til þess að framleiðandi á afurðum alifugla og svína öðlist rétt til endurgreiðslu á fóðurgjaldi, er honum skylt að leggja fram framleiðsluskýrslur eða vottorð um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi, til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Á skýrslunum komi fram nafn, nafnnúmer og heimilisfang framleiðandans og magn hverrar afurðar og hverjum seld. Skýrslum þessum ber að skila á eftirfarandi hátt:

A. Mánaðarleg skil komi frá:
   1. Framleiðendum á afurðum svína.
   2. Framleiðendum eggja, sem hafa 200 varphænur eða fleiri.
   3. Framleiðendum á alifuglakjöti.

B. Skil á þriggja mánaða fresti komi frá framleiðendum eggja með 50—200 varphænur.

C. Skil einu sinni á ári komi frá framleiðendum eggja, sem hafa innan við 50 varphænur.

Skilafrestur á skýrslum er þrjár vikur frá lokum hvers tímabils.

Framleiðsluráð landbúnaðarins útbýr skýrsluform og sendir til viðkomandi aðila eftir forðagæsluskýrslum eða vottorðum um bústofn, ef framleiðsla er á byrjunarstigi.

11. gr.

Seinni hluti greiðslu á hinu sérstaka fóðurgjaldi, þ. e. sem svarar til $^{15}/_{80}$ hluta á fullu gjaldi sbr. 6. gr., skal reiknaður eftir framleiddum afurðum alifuglum og svína, þannig að ekki verði endurgreitt á meira magn kjarnfóðurs til framleiðslu afurða á liðnu þriggja mánaða tímabili en nemur eftirfarandi:

| | |
|---|---|
| Fyrir hvert kg svínakjöts | 5,9 kg fóðurs |
| Fyrir hvert kg eggja | 5,3 kg fóðurs |
| Fyrir hvert kg kjúklingakjöts og kalkúnakjöts | 4,5 kg fóðurs |
| Fyrir hvert kg kjöts af öðrum alifuglum | 4,0 kg fóðurs |

Framleiðsluráð reiknar á þriggja mánaða fresti, út frá afurðaskýrslum og fóðursöluskýrslum, magn fóðurs sem fer til framleiðslu hverrar afurðar á einingu og gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um breytingu á endurgreiðslum, ef þurfa þykir.

Engar endurgreiðslur verða fyrir kjöt af varpfuglum.

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg eggja til framleiðslu holdakjúklinga lagt í útungunarvél reiknist 11,5 kg fóðurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpfugla reiknist 7,5 kg fóðurs á kg eggja. Framleiðendum eggja með færri en 50 varphænur skal áætluð endurgreiðsla m.v. 12 kg framleiðslu eggja eftir hverja hænu á ári.

Framleiðsluráði er heimilt að endurgreiða framleiðendum á afurðum alifugla og svína, umfram það sem útreikningur skv. 1. mgr. þessarar gr. leiðir til, í eftirfarandi tilvikum:

1. Sé um nýbýlinga að ræða, sem vegna bústofnsauka kaupa fóður umfram það sem er eðlilegt skv. afurðum á tímabilinu.
2. Vegna áfalla í framleiðslu af völdum sjúkdóms eða óhapps, sem leiðir til þess að notkun fóðurs er verulega umfram afurðir.

Framleiðsluráð reiknar endurgreiðslu skv. tölulið 1 og 2 af framlögðum gögnum, sem það telur nauðsynleg.

12. gr.

Við ákvörðun endurgreiðslu á 15/80 hlutum hins sérstaka fóðurgjalds hverju sinni, skal reikna fyrir hverja tegund afurðar, sbr. 11. gr., meðaltal sérstaks fóðurgjalds í seldu fóðri skv. skýrslum frá fóðursölum, sem borist hafa til Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfir það tímabil sem endurgreiðslan nær til.

Hverjum framleiðanda greiðist fjárhæð, sem er margfeldi af framleiðslumagni hans og áætlaðri fóðurnotkun, sbr. 11. gr., og 15/80 hlutum hins reiknaða meðaltals af sérstöku fóðurgjaldi, sbr. 1. mgr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast þessa útreikninga og sér um greiðslur til framleiðenda.

Heimilt er að inna af hendi greiðslur, til framleiðenda á 15/80 hlutum hins sérstaka fóðurgjalds, með skuldajöfnunarávísun endurgreiðslureiknings, sbr. 2. mgr. Skuldajöfnunarávísun notist til fóðurkaupa eða framvísist endurgreiðslureikningi, þegar fóðurgjaldið gjaldfellur samkvæmt skuldaviðurkenningum fóðurinnflytjanda.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 30. gr. l. nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. janúar 1986 og gildir til 30. júní 1986.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. desember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

Nr. 468 20. desember 1985

# REGLUGERÐ

## um innheimtu þinggjalda á árinu 1986.

1. gr.

Þinggjöld skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1986. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða á hverjum gjalddaga 13% þeirra þinggjalda er honum bar að greiða á árinu 1985.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1986 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1984 og 1985 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1985 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1984 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 36%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjöldkylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnt innheimtuaðila.

6. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1986 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII kafla laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110 gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

13. desember 1985 Nr. 469

# REGLUGERÐ

## um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl.

1. gr.

**Aðalskoðun.**

Fyrir árlega aðalskoðun á öryggisbúnaði, vél og bol skips skal eigandi þess greiða í ríkissjóð sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir skip allt að 8 metrum að lengd | 1 500 |
| Fyrir skip 8 metrar að lengd til 25 brl. | 2 700 |
| Fyrir skip 25 brl. til 100 brl. | 4 100 |
| Fyrir skip 101 brl. til 250 brl. | 5 400 |
| Fyrir skip 251 brl. til 500 brl. | 7 400 |
| Fyrir skip 501 brl. til 1 600 brl. | 12 000 |
| Fyrir skip 1 601 brl. og stærri | 14 300 |

Hálf rúmlest telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi skal greitt hálft gjald fyrir árlega aðalskoðun skv. þessari grein.

2. gr.

**Aukaskoðun.**

Fyrir aukaskoðun hvort heldur hún fer fram að tilhlutan skipstjóra, skipseiganda eða siglingamálastjóra skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. gr.

**Eftirlit með nýsmíði.**

1. Bátar sem eru 6 metra langir og allt að 8 metrum:
   - A. Fyrir samþykkt á teikningum, hleðslu- og stöðugleikaprófun ásamt reynslusiglingu . . . . . . . . . . kr. 6 500
   - B. Fyrir samþykkt á reiða seglbáta . . . . . . . . . . kr. 3 900
   - C. Fyrir eftirlit með smíði, samþykkt á innfluttum bátum, fullnaðarskoðun og útgáfu skipsskjala . . . . . . . . . . kr. 6 500
2. Skip 8 metrar og lengri:
   - A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfu skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

     Fyrir þilfarsskip styttri en 26 m — 0,30% af lokaverði skips.

     Fyrir þilfarsskip lengri en 26 m — 0,26% af lokaverði skips.

     Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þ.e. meðtalinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbólgutap).

     Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miða við það verð, sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð, og/eða Ríkisábyrgðasjóð, sé um fiskiskip að ræða og viðskiptaráðuneytið, sé um önnur skip að ræða.
   - B. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða ½ gjald skv. A- og C-lið þessarar málsgreinar.
   - C. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessarar málsgreinar að viðbættum fargjöldum skoðunarmanna.
3. Eftirlitsgjöld skv. þessari grein skal greiða sem hér segir: 20% gjaldsins við undirritun smíðasamnings eða upphaf smíði. 30% gjaldsins þegar lokið er að byrða bol skips, sjóða hluta þess saman, stilla fyrsta feldi upp eða bandreisa, sé um tréskip að ræða. 20% gjaldsins þegar aðalvél er komin á undirstöður. Eftirstöðvar gjaldsins ásamt fargjöldum skoðunarmanna skv. C-lið 2. málsgreinar, við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

**Eftirlit með viðgerðum.**

1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.
2. Heimilt er að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips, sem svarar fargjöldum og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

5. gr.

**Hleðslumerki.**

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

| | Kr. |
|---|---|
| Skip allt að 500 brl. | 1 700 |
| Skip 501 brl. allt að 1000 brl. | 2 200 |
| Skip 1001 brl. allt að 2000 brl. | 2 900 |
| Skip 2001 brl. allt að 5000 brl. | 3 900 |

Skip stærri en 5000 brl. greiðast eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi, skal greiða kr. 300.

Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 200 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun er gerð.

Fyrir endurnýjun á skírteini, sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 500, enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

**Skráning skipa og útgáfa skjala.**

| | Kr. |
|---|---|
| 1. Útgáfa skráningarskírteinis | 500 |
| 2. Útgáfa þjóðernisskírteinis | 800 |
| 3. Útgáfa alþjóðamælibréfs | 1 600 |
| 4. Afrit af alþjóðamælibréfi | 400 |
| 5. Útgáfa mælibréfs fyrir opna báta | 400 |
| 6. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta | 200 |
| 7. Einkaleyfi á skipsnafni | 24 000 |

7. gr.

**Mæling skipa.**

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

| | Kr. |
|---|---|
| Opinn bátur | 900 |
| Þilfarsskip minna en 25 brl. | 4 700 |
| Þilfarsskip 25 brl. allt að 100 brl. | 6 500 |
| Þilfarsskip 101 brl. allt að 250 brl. | 10 300 |
| Þilfarsskip 251 brl. allt að 500 brl. | 15 900 |
| Þilfarsskip 501 brl. allt að 1600 brl. | 22 500 |
| Þilfarsskip 1601 brl. allt að 5000 brl. | 29 900 |

Þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Sé skipið mælt tvenns konar mælingu skal greiða eitt og hálft gjald skv. ofanrituðu miðað við hærri mælinguna.

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum erlendis, vegna mælinga skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

**Útgáfa vottorða og umsagnir.**

| | Kr. |
|---|---|
| Vottorð um útstrikun skips af aðalskipaskrá | 400 |
| Vottorð um lúkningu vélaskipta og viðgerða | 100 |
| Umsögn um vélaskipti | 500 |

9. gr.
**Rannsóknir.**

1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda greiðist kr. 400 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir röntgenfilmur greiðist kr. 150 á hverja mynd.
2. Fyrir þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðist, vegna tækjaleigu og rannsóknaraðstöðu kr. 240 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina.

10. gr.
**Önnur þjónusta.**

Fyrir aðrar skoðanir og þjónustu, skal greitt skv. reikningi. Þurfi skipaskoðunar- og eftirlitsmenn á sérfróðri aðstoð að halda sbr. 9. gr. laga nr. 53/1970, greiðir eigandi skips kostnað við slíka aðstoð.

11. gr.
**Þjónusta utan skrifstofutíma.**

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar fari fram á venjulegum skrifstofutíma.

Sé hins vegar óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.
**Innheimta.**

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum eftir reikningum, er þeir gefa út hver fyrir sitt umdæmi.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra, eftir skrá er hann semur árlega yfir lesta-, vita- og skipaskoðunargjöld, enda láti hann Siglingamálastofnun í té afrit af skránni ár hvert.

Gjöldin skulu greiðast í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett, þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út. Þó skal heimilt að fela sýslumönnum og bæjarfógetum innheimtu gjaldanna ef hagkvæmt þykir.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða skipaskoðunarmönnum laun þau, er þeim ber samkvæmt settum reglum gegn reikningi þeirra í tvíriti.

Gildir þetta einnig fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanns.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 46. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 52 12. maí 1970, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 53 12. maí 1970 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o.fl. nr. 494 20. desember 1984.

*Samgönguráðuneytið, 13. desember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984.**

1. gr.
**Eftirlitsgjöld.**

Sveitarstjórnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er heimilt að innheimta gjöld af eftirlitsskyldri starfsemi í samræmi við flokkun fyrirtækja sem greint er frá í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 109/1984 er heimilt árlega að innheimta eftirlitsgjöld sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1. flokkur | kr. 4 000,00 |
| 2. flokkur | kr. 8 000,00 |
| 3. flokkur | kr. 15 000,00 |
| 4. flokkur | kr. 25 000,00 |

2. gr.
**Leyfisgjöld.**

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 1. gr. skal innheimta leyfisgjöld. Fyrir rekstrarleyfi skv. 31. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs í samræmi við fylgiskjal með reglugerð þessari sem hér greinir:

| | |
|---|---|
| 1. flokkur | kr. 1 500,00 |
| 2. flokkur | kr. 3 000,00 |
| 3. flokkur | kr. 4 500,00 |
| 4. flokkur | kr. 6 000,00 |

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

3. gr.
**Gjöld fyrir vottorð.**

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðiseftirlit gefur út skal innheimta kr. 500,00.

4. gr.
**Innheimta.**

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits í umboði sveitarstjórna innheimtir leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð. Skulu þessi gjöld renna í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

Þær sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Í slíkum tilfellum fer um gjalddaga í samræmi við fasteignagjöld.

5. gr.
**Gildistaka.**

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Suðurlands, sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984, staðfestist hér með samkv. 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1986 að telja.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. desember 1985.*

F. h. r.
**Ingimar Sigurðsson.**

*Soffía Þ. Magnúsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um veitingu leyfa til áætlunarflugs innanlands.**

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur ráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands hf., Egilsstöðum, leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á eftirtöldum leiðum innanlands, tímabilið 1. janúar 1986 til 31. desember 1989:

1. Egilsstaðir — Fáskrúðsfjörður — Höfn — Fáskrúðsfjörður — Egilsstaðir.
2. Egilsstaðir — Fáskrúðsfjörður — Breiðdalsvík — Höfn — Breiðdalsvík — Fáskrúðsfjörður — Egilsstaðir.
3. Egilsstaðir — Fáskrúðsfjörður — Reykjavík — Fáskrúðsfjörður — Egilsstaðir.

*Samgönguráðuneytið, 5. desember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*

Nr. 472 27. desember 1985

# REGLUGERÐ

**um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

1. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum eða lækni er í hans stað kann að koma skv. samningum hlutaðeigandi samlags kr. 100 fyrir hvert viðtal á læknisstofu og kr. 180 fyrir hverja vitjun læknis til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Í vitjunargjaldi eru innifaldar kr. 40 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar samlagslæknis og dragast þær frá umsömdum eða ákveðnum ferðakostnaði samlagslæknis eða flytjenda hans þegar reikningur er greiddur til samlagsmanna, er njóta læknisþjónustu, sem byggist á samningi við heimilislækna.

2. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á lyfjakostnaði.

3. gr. reglugerðar nr. 289/1978 orðist svo:

Af öðrum lyfjakostnaði en um getur í 2. gr. er greiðslutilhögun svo sem hér segir:

1. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá I og af innlendum sérlyfjum greiðir samlagsmaður fyrstu 180 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð.
2. Fyrir hverja afgreiðslu (ordination) samkvæmt Lyfjaverðskrá II (erlend sérlyf) greiðir samlagsmaður fyrstu 310 kr. en sjúkrasamlagið það sem vantar á fullt verð. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 70 og kr. 110 fyrir hverja afgreiðslu.

Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn er svarar til 100—120 daga notkunar, miðað við notkunarfyrirsögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 120 daga

notkun, ber samlagsmanni að greiða eitt gjald, sbr. 1. málsgr. fyrir hvert 120 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar D, R og S).

Sé heildarverð viðkomandi lyfs jafnt og/eða lægra en þau mörk er um getur í þessari grein, greiðir samlagsmaður það verð.

3. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á sérfræðihjálp í rannsóknum og röntgengreiningu.

Greiðslur samlagsmanna fyrir sérfræðingslæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971, skal vera sem hér segir:

1. Samlagsmaður skal greiða kr. 325 fyrir hverja komu til sérfræðings.
2. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 325 hverrar rannsóknar hjá rannsóknarstofu eða sérfræðingi.
3. Samlagsmaður skal greiða fyrstu kr. 325 af kostnaði við hverja röntgengreiningu.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 130 í hvert skipti, fyrstu 12 skiptin árlega, en síðan ekkert.

Þessar greiðslur skulu dragast frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði á læknishjálp, rannsóknum og röntgengreiningu, þegar reikningur er gerður til sjúkrasamlags fyrir þessa þætti.

Aldrei má krefja sjúkling um nema eina greiðslu fyrir hverja komu og skiptir ekki máli hve margar tegundir rannsókna ásamt viðtali er um að ræða.

4. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra í kostnaði við sjúkraflutninga.

1. gr. reglugerðar nr. 94/1983 orðist svo:

Hámarksfjárhæð sem samlagssjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. 1. mgr. i stafl. 43. gr. laga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1982 er kr. 1 100.

5. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra á ferðakostnaði innanlands.

4. gr. reglugerðar nr. 70/1982 orðist svo:

Endurgreiðsla sjúkrasamlaga.

Sjúklingur skal framvísa læknisvottorði eftir hverja ferð. Eftir að önnur ferð er farin endurgreiðir sjúkrasamlag fyrstu ferð að frádregnum 1 000 kr. en síðari ferðir að frádregnum 500 kr. Til endurgreiðslu reiknast fargjald eins og það er með venjulegum áætlunarferðum á hverjum tíma. Ef ætla má, að raunverulegur ferðakostnaður sé lægri, skal miða við hann.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1986. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 94/1983 og reglugerð nr. 436/1984.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 6. desember 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# STOFNSKRÁ

## um Minningarsjóð Gunnars Thoroddsen.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen. Heimili hans og varnarþing er hjá borgarstjóranum í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til einstaklinga eða hópa, stofnana eða félaga, eða veita verðlaun eða lán í sambandi við rannsóknir, tilraunir eða skylda starfsemi á sviði mannúðarmála, heilbrigðismála eða menningarmála, sem Gunnar Thoroddsen lét sérstaklega til sín taka sem borgarfulltrúi og borgarstjóri.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu borgarstjórans í Reykjavík. Hann ákveður úthlutun úr sjóðnum hverju sinni og hefur um það frjálsar hendur. Þó skal hann hafa samráð um úthlutun við Völu Ásgeirsdóttur Thoroddsen meðan hennar nýtur við, en eftir andlát hennar, eitthvert barna Gunnars meðan þeirra nýtur við.

4. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem borgarstjóra finnst tilefni til. Ekki má úthluta meiru en vaxtatekjum hans hverju sinni.

Höfuðstóllinn skal jafnan verðtryggður. Úthlutun skal fara fram á eða sem næst afmælisdegi Gunnars Thoroddsen.

5. gr.

Eftir 50 ár frá stofnun sjóðsins má úthluta honum öllum í einu lagi eða fleiri hlutum. Skal sjóðurinn þá, eða svo fljótt sem auðið er þar á eftir tæmdur og lagður niður.

6. gr.

Ávallt skal borgarstjóri annast um að í fundargerðum borgarráðs verði getið úthlutana úr sjóðnum, fjárhæða og hverjir hlotið hafi og hvort hafi verið um styrk, verðlaun eða lán að ræða.

7. gr.

Sjóðurinn telst vera stofnaður á sjötugasta og fimmta fæðingardegi Gunnars Thoroddsen.

8. gr.

Stofnfé sjóðsins er minningargjöf Bentu og Valgarðs Briem kr. 1 000 000,00 — ein milljón króna — sem greiðist í fernu lagi kr. 500 000,00 á stofndegi en eftirstöðvarnar í þrem greiðslum sama dag árin 1986—1988.

Aðrar tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og gjafir, sem honum kunna að berast.

9. gr.

Stefnt skal að því að gjafir til sjóðsins verði frádráttarbærar frá skatti skv. 36. gr. reglugerðar nr. 245 frá 1963.

10. gr.

Borgarstjórinn í Reykjavík er ábyrgur fyrir ávöxtun sjóðsins innan þeirra marka sem lög heimila hverju sinni. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega og lagðir fram í borgarráði.

11. gr.

Þegar starfsemi sjóðsins hættir, skulu eignir hans, hafi þeim ekki verið ráðstafað, renna til Borgarspítalans í Reykjavík.

12. gr.

Ákvæðum í 2. gr. um tilgang sjóðsins og ákvæðum 11. gr. um lokameðferð fjár hans má aldrei breyta.

19. desember 1985 Nr. 474

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 485/1984 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl. með síðari breytingum.**

1. gr.

a. og b. liðir 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

| Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. | Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. |
|---|---|---|---|
| Allt að 2000 | 46 016 | 3000—3199 | 61 814 |
| 2000—2199 | 48 649 | 3200—3399 | 64 447 |
| 2200—2399 | 51 282 | 3400—3599 | 67 080 |
| 2400—2599 | 53 915 | 3600—3799 | 69 713 |
| 2600—2799 | 56 548 | 3800—3999 | 72 346 |
| 2800—2999 | 59 181 | | |

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

| Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. | Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. |
|---|---|---|---|
| Allt að 2000 | 59 821 | 3000—3199 | 80 358 |
| 2000—2199 | 63 244 | 3200—3399 | 83 781 |
| 2200—2399 | 66 667 | 3400—3599 | 87 204 |
| 2400—2599 | 70 090 | 3600—3799 | 90 627 |
| 2600—2799 | 73 512 | 3800—3999 | 94 050 |
| 2800—2999 | 76 936 | | |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79/1974 með síðari breytingum, öðlast gildi hinn 1. janúar 1986.

*Fjármálaráðuneytið 19. desember 1985.*

F. h. r.
**Höskuldur Jónsson.**

*Lárus Ögmundsson.*

# REGLUR
## um heftibyssur.

### Gildissvið.
1. gr.

Reglur þessar gilda um handstýrðar heftibyssur.

### Skilgreiningar.
2. gr.

Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Heftibyssa: Skotverkfæri sem skýtur inn hefti, nagla eða þess háttar hlutum með öðrum aflgjafa en sprengihleðslu.

Hámarksþyngd: Þyngd heftibyssu með fullu hleðsluhylki af þyngstu gerð ásamt endurkastshlíf eftir því sem við á.

### Gerð heftibyssu.
3. gr.

Heftibyssa skal hafa handstýrðan gikk. Gikkurinn skal vera þannig úr garði gerður að ekki verði hleypt af með honum í ógáti.

4. gr.

Heftibyssa, sem er gerð til þess að skjóta hefti, nagla eða þ. h. hlutum sem eru þyngri en 0,3 grömm eða hlutum sem eru lengri en 25 mm, skal vera með öryggi við hlaupmynnið sbr. 5. gr.

5. gr.

Ekki skal vera hægt að skjóta úr heftibyssu nema þegar tekið hefur verið í gikk hennar samtímis og öryggi hennar hefur verið þrýst inn með ákveðnum lágmarksþrýstikrafti. Þessi þrýstikraftur á öryggið skal vera meiri en hámarksþyngd byssunnar x 1,25 og aldrei minni en hámarksþyngd hennar + 5 N (0,5 kp). Öryggið skal vera þannig úr garði gert að þrýstingu á annað en skotflötinn hafi ekki áhrif.

Ekki skal vera hægt að skjóta inn tveimur heftum, nöglum eða þ. h. hlutum hverjum á eftir öðrum nema að annað hvort öryggið eða gikkurinn hafi verið færður í hlutlausa stöðu á ný.

6. gr.

Þegar þörf krefur skal vera hægt að koma fyrir endurkastshlíf á hefitbyssu til að verja notandann gegn því sem kann að kastast úr fleti sem skotið er í.

7. gr.

Handfang heftibyssu skal vera þannig úr garði gert að byssunni verði haldið á tryggan hátt þegar skotið er og ennfremur að óæskilegt álag á hendi sé sem minnst þegar unnið er með henni.

Ef háþrýst loft er leitt gegnum handfang byssunnar þá skal það einangrað til að koma í veg fyrir óþægindi sem fylgir köldu gegnumstreymi.

**Notkun.**

8. gr.

Auðskildar leiðbeiningar á íslensku um notkun, meðferð og viðhald skulu fylgja með heftibyssu frá framleiðanda eða innflytjanda.

Atvinnurekandi, eigandi, sá sem leigir út heftibyssu eða eftir atvikum leigutaki skal sjá til þess að starfsmenn, sem eiga að vinna með henni, hafi til þess fullnægjandi kunnáttu, þekki rétt vinnubrögð og þá slysahættu sem fylgir notkun hennar.

9. gr.

Sá einn hefur rétt til að nota heftibyssu sem orðinn er fullra 18 ára. Notkun heftibyssu, sem gerð er til þess að skjóta heftum, sem eru 0,3 grömm að þyngd eða léttari, er þó ekki háð þessum aldurstakmörkum (sbr. ennfremur 4. gr).

Nemar, sem orðnir eru fullra 16 ára, hafa rétt til að nota heftibyssu, þegar vinna með henni er liður í námi þeirra og fer fram undir handleiðslu sérstaks leiðbeinanda (t. d. kennara eða iðnmeistara).

10. gr.

Atvinnurekandi, eigandi, sá sem leigir út heftibyssu eða eftir atvikum leigutaki skal sjá til þess að eftirlit og viðhald hennar sé fullnægjandi og að starfsmanni, sem er falið það starf, séu veittar þær leiðbeiningar, áhöld og tími sem nauðsynlegur er.

11. gr.

Aðeins má nota í heftibyssu hefti og nagla sem eru ætluð fyrir og passa í byssuna og fyrir það verk sem framkvæma á með henni.

12. gr.

Velja skal heftibyssu og nota þær vinnuaðferðir sem henta best hverju sinni með tilliti til öryggis og hagkvæmni fyrir það verk sem vinna skal.

Heftibyssu má ekki miða eða beina að mönnum.

13. gr.

Við vinnu með heftibyssu skal nota nauðsynlegar persónuhlífar og hlífabúnað eftir því sem við á.

14. gr.

Þegar skotið er úr heftibyssu þá skal ef þörf krefur koma fyrir aðvörunarskiltum á hentugum stöðum til að draga úr slysahættu.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1987.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1985.*

F.h.r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

# REGLUR

## um naglabyssur

**Gildissvið.**

1. gr.

Reglur þessar gilda um handstýrðar naglabyssur.

**Skilgreiningar.**

2. gr.

Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Naglabyssa: Skotverkfæri sem í er sett og notað skothylki með sprengihleðslu til að skjóta inn nagla, bolta eða þess háttar hlutum.

Hámarksþyngd: Þyngd naglabyssu með endurkastshlíf og kólf ásamt skothylkjum, nöglum eða boltum í þeirri samsetningu sem gefur mestu heildarþynd.

**Gerð naglabyssu.**

3. gr.

Naglabyssa skal hafa handstýrðan gikk. Gikkurinn skal vera þannig úr garði gerður að ekki verði hleypt af með honum í ógáti eða þó byssan verði fyrir höggi.

4. gr.

Naglabyssa skal hafa kólf sem yfirfærir kraft skothylkis til nagla eða bolta. Kólfurinn á ekki að geta losnað frá byssunni þegar skotið er.

5. gr.

Ekki skal vera hægt að skjóta úr naglabyssu nema þegar hlaupmynni hennar hefur verið þrýst að skotfleti með krafti sem er minnst jafn hámarksþyngd hennar x 1,5 og gikk hennar síðan þrýst inn. Ekki skal vera hægt að hleypa af naglabyssu þegar gikk hennar er haldið inni og henni síðan þrýst að skotfleti.

6. gr.

Handfang naglabyssu skal vera þannig úr garði gert að byssunni verði haldið á tryggan hátt þegar skotið er og ennfremur að óæskilegt álag á hendi sé sem minnst þegar unnið er með henni.

7. gr.

Naglabyssu skal vera hægt að hlaða og meðhöndla án þess að hætta sé á að hún hleypi óvænt af. Hleðslurými fyrir skothylki skal vera þannig að því sé ekki hægt að koma fyrir á rangan hátt né hætta sé á að það klemmist fast.

8. gr.

Kveikipinna naglabyssu skal vera þannig fyrir komið að hann geti ekki komist í snertingu við skothylkið fyrr en hleypt er af byssunni.

9. gr.

Á naglabyssu skal vera hægt að koma fyrir endurkastshlíf. Endurkastshlífina skal vera hægt að festa í öruggt sæti á byssunni.

10. gr.

Endurkastshlíf skal veita þeim sem vinnur með naglabyssu fullnægjandi vörn gegn nöglum, flísum og öðrum endurkastshlutum. Endurkastshlíf skal vera auðvelt að setja á og taka af naglabyssu.

**Skothylki.**

11. gr.

Skothylki skal afhenda og geyma í endingargóðum umbúðum. Á umbúðunum skulu vera fullnægjandi upplýsingar um innihald, rétta notkun ásamt greinilegri áletrun þar sem stendur: „Geymist þar sem óviðkomandi ná ekki til.“

Til þess að tryggja rétta notkun skulu skothylki hafa merkingu sem gefur til kynna styrkleika þeirra.

**Naglar og boltar.**

12. gr.

Naglar, boltar, eða þ. h. hlutir sem skotið er úr naglabyssu skulu vera þannig að lögun að þeir hafi góða stýringu í hlaupi byssunnar og þoli það álag sem þeir verða fyrir þegar skotið er.

Umbúðir fyrir nagla og bolta skulu vera greinilega merktar með fullnægjandi upplýsingum um innihald og rétta notkun.

**Leiðbeiningar á íslensku.**

13. gr.

Auðskildar og ítarlegar leiðbeiningar á íslensku um notkun og viðhald skulu fylgja sérhverri naglabyssu. Leiðbeiningarnar skulu fylgja byssunni í geymslukassa hennar, sbr. 14. gr.

Leiðbeiningarnar skulu hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 18. gr.

**Geymslukassi.**

14. gr.

Sérhverri naglabyssu skal fylgja læstur kassi til að geyma hana í. Í kassanum skal vera rými fyrir byssuna með fylgihlutum svo og skothylki, aðvörunarskilti, leiðbeiningar á íslensku um notkun og viðhald og áhöld til að hreinsa byssuna og halda henni við.

**Viðurkennig og prófun.**

15. gr.

Eigi má hafa á boðstólum aðrar gerðir af naglabyssum en þær sem Vinnueftirlit ríkisins hefur viðurkennt.

Fyrir viðurkenningu er gerð sú krafa að naglabyssan hafi verið rannsökuð og prófuð af prófstöð sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í gr. 3—9. Naglabyssan skal m. a. standast prófun samkvæmt ákvæðum í viðauka án þess að skothylki hafi sprungið í henni. Leita skal síðan viðurkenningar hjá Vinnueftirliti ríkisins og heimildar fyir sölu og notkun.

16. gr.

Viðurkenningin gildir aðeins fyrir naglabyssur sem eru af sömu gerð, með sama gerðarheiti og búnaði og úr sama efni og hið prófaða eintak.

17. gr.

Þegar rannsókn og prófun hjá prófunarstöð á að fara fram þurfa eftirfarandi hlutir að sendast í prófunina:

— Naglabyssa með tilheyrandi hlutum í geymslukassa.
— Endurkastshlíf.
— Umbúðir með skothylkjum í.
— Upplýsingar um gerðarheiti byssunnar.
— Upplýsingar um hámarksþyngd byssunnar.
— Eitt eintak af samsetningarteikningum með hlutaheitum og hlutanúmerum. Á samsetningarteikningum skal framleiðandi hafa vottað skriflega að hin innsenda naglabyssa með uppgefnu framleiðslunúmeri sé í samræmi við teikninguna.
— Eitt eintak af leiðbeiningum um notkun og viðhald.

18. gr.

Með umsókn um viðurkenningu hjá Vinnueftirliti ríkisins skal eftirfarandi fylgja með:

— Naglabyssa með fylgihlutum í geymslukassa, þ. m. t. leiðbeiningar á íslensku um notkun og viðhald.
— Eitt eintak af samsetningarteikningum með hlutaheitum og hlutanúmerum. Á samsetningarteikningu skal framleiðandi hafa vottað skriflega að hin prófaða naglabyssa með uppgefnu framleiðsunúmeri sé í samræmi við teikningu.
— Viðurkenningarvottorð um prófunina.
— Upplýsingar um nafn og heimilisfang innflytjanda og framleiðanda.

**Merking.**

19. gr.

Á sérhverri naglabyssu skal eftirfarandi vera merkt á greinilegan og varanlegan hátt:

— Nafn framleiðanda og nafn og heimilisfang innflytjanda.
— Gerðarheiti og framleiðslunúmer.
— Viðurkenningarnúmer.

**Notkun.**

20. gr.

Atvinnurekandi, eigandi, sá sem leigir út naglabyssu eða eftir atvikum leigutaki skal sjá til þess að sá sem á að vinna með hana hafi til þess fullnægjandi kunnáttu og þjálfun og þekki þá slysahættu sem fylgir notkun hennar.

Sá einn hefur rétt til að fá afhenta naglabyssu og nota hana sem orðinn er fullra 18 ára.

21. gr.

Naglabyssu og skothylki skal varðveita og meðhöndla með ítrustu varkárni og umhyggju. Strangt eftirlit skal hafa með byssunni og skothylki í hana skal geyma á læstum stað.

22. gr.

Þegar skotið er með naglabyssu þá skal koma fyrir aðvörunarskiltum á hentugum og greinilegum stöðum ef hætta er á óvæntri umferð við skotstaðinn.

Augn- og heyrnahlífar skal nota þegar unnið er með naglabyssu.

23. gr.

Aðeins má nota í naglabyssu nagla, bolta og skothylki sem eru ætluð fyrir og passa í hana og fyrir það verk sem á að framkvæma með henni.

24. gr.

Þegar skotið er í efni sem hefur mikla mótstöðu skal valin byssa sem er hentug til þeirra hluta og veldur ekki hættulegu bakslagi.

Nota skal endurkastshlíf við verk þar sem hætta er á endurkasti flísa, nagla eða bolta.

25. gr.

Naglabyssu má ekki miða eða beina að mönnum.

26. gr.

Skothylki má ekki þvinga í sæti sitt. Hlaðna byssu, sem ekki er skotið úr þegar í stað, skal tæma af skothylkjum, nöglum eða boltum.

27. gr.

Þegar skothylki virkar ekki þá skal leita orsaka þess. Byssuna skal opna með varfærni. Skothylki sem ekki hafa virkað og eru ónothæf skulu tekin til hliðar og gerð óvirk á tryggilegan hátt.

Ef aðeins kveikja í skothylki hefur sprungið þá skulu óbrunnar leifar hleðslunnar fjarlægðar áður en hleypt er af skoti á ný.

**Viðhald.**

28. gr.

Naglabyssa skal hreinsuð daglega eftir notkun. Strax og þörf er á og minnst annað hvert ár skal naglabyssa skoðuð og yfirfarin nákvæmlega. Slík skoðun skal framkvæmd af manni sem hefur fullnægjandi þekkingu á gerð, notkun og viðhaldi byssunnar.

29. gr.

Naglabyssa skal strax tekin úr notkun ef bilun, sem dregur úr öryggi hennar, kemur í ljós. Byssuna má ekki taka aftur í notkun fyrr en bilunin hefur verið lagfærð.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. ennfremur 29.—34. gr. sömu laga, staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. júní 1986. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 154/1956 um öryggisráðstafanir við notkun naglabyssu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Naglabyssur, sem viðurkenndar eru samkvæmt reglum nr. 154/1956 og eru kólfbyssur með handstýrðum gikk og kólf sem ekki getur losnað frá byssunni þegar skotið er, verða viðurkenndar af Vinnueftirliti ríkisins eftir að þessar reglur taka gildi. Notkun á öðrum naglabyssum, sem viðurkenndar voru samkvæmt reglum nr. 154/1956, er óheimil frá og með gildistöku þessara reglna.

**Viðauki.**

**Höggprófun (sbr. 15. gr.).**

Prófunina skal framkvæma án nagla eða bolta og án kólfs í naglabyssunni á eftirfarandi hátt:

a) Hin hlaðna byssa skal látin falla með hlaupmynninu beindu niður á við á tréklossa úr 0,3 m hæð:
   — 10 sinnum án þess að gikkurinn sé dreginn inn.
   — 10 sinnum með gikkinn dreginn inn að afhlaupsstöðu.
   — 10 sinnum með gikkinn dreginn inn mismunandi mikið þar á milli.

Fyrir hverja prófunarröð skal þess gætt að naglabyssan virki á réttan hátt.

b) Hin hlaðna byssa skal látin falla úr 3,0 m hæð á steinsteypt gólf með hlaupinu beindu:
— 1 sinni lóðrétt niður að gólfi.
— 1 sinni lárétt til hliðar.
— 1 sinni lóðrétt upp.
Fyrir hverja prófun skal þess gætt að naglabyssan virki á réttan hátt.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. desember 1985.*

F.h.r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

Nr. 477 6. desember 1985

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Reyðarfjarðarhöfn.**

## I. KAFLI
**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.
**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Reyðarfjarðarhafnar er fyrir mest allri strandlengjunni í innanverðum Reyðarfirði og er nánar lýst þannig:

1.2 Takmörk á sjó eru:
Reyðarfjarðarhöfn nær yfir Reyðarfjörð innanverðan, vestan línu sem hugsast dregin milli Hrútatanga sunnan í Hólmanesi norðan fjarðar, í Hlaðhamar, vestan ósa Eyrarár, sunnan fjarðar.

1.3 Takmörk á landi eru:
Frá Hlaðhamri sunnan fjarðar að Norðurá, sem fellur í fjarðarbotn ræður stórstraumsflóðborð. Frá Norðurá ræður austurbrún Leiruvogar til norðurs að Nesbraut. Suðurbrún Nesbrautar til austurs að Búðargötu, vesturbrún Búðargötu að Strandgötu. Suðurbrún Strandgötu til austurs að enda hennar austan Búðarár. Þaðan bein lína framlengd að sjó í Oddnýjarhæðarvík, þaðan til norðurs að Austurvegi. Suðurbrún Austurvegar að Merkilæk. Þaðan ræður stórstraumsflóðborð að Hrútatanga norðan fjarðar að undanskilinni Mjóeyri við Sómastaðagerði, en eyrin öll að brekkurótum tilheyri hafnarsvæði.

1.4 Landsvæði hafnarinnar skiptast í:
— Bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.
**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Reyðarfjarðarhreppur er eigandi hafnarinnar.
Sveitarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði sveitarstjórnar.
Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum, er sveitarstjórn kýs og jafnmörgum til vara.
Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í sveitarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og sveitarstjórnar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri, og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

2.4 Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.
Hafnarstjórn skal leita staðfestingar sveitarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða sveitarstjórnar komi til.
Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af sveitarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar.
Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og sveitarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar.
Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og sveitarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI
**Umferð skipa.**

6. gr.
**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.
**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.
7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Reyðarfjarðarhafnar.
7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.
7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjölda farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.
**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju.
Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.
8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.
8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.
8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.
8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.
**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarstjóri skipar svo fyrir.
Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað, er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær.
Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annara orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það **hafnarvörðum.** Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum, er hafnarstjóri leyfir.
Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.
Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda.
Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.
Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé á Reyðarfirði, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

## III. KAFLI

**Afnot hafnarvirkja og landsvæða.**

11. gr.

**Lestun og losun, almennt.**

11.1 Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kosntað og ábyrgð eigenda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

**Meðferð eldfims og hættulegs varnings.**

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýsingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma.

Tilkynningaskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat.

12.2 Losun á vöru, sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.

Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir.

Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.

Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker.

Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI
### Um hafnargjöld á Reyðarfirði.

13. gr.
**Um hafnargjöld.**

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI
### Ýmis ákvæði.

14. gr.
**Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.**

14.1 Lögreglan á Reyðarfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Fólk, sem fer um hafnarsvæðið, er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu.
Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.
**Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.**

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, **bryggjur,** flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.
**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.
Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður haf gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlga frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoð á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.

Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Reyðarfjarðar.

Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hluta eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Reyðarfjörð nr. 277/1968, sbr. 27/1974 og 200/1977.

*Samgönguráðuneytið, 6. desember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

5. desember 1985 937 Nr. 478

# REGLUR

## um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna.

### Markmið.

1. gr.

Reglum þessum er ætlað að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir og skaðleg áhrif af völdum hávaða. Í þeim er að finna ákvæði um ráðstafanir á vinnustöðum sem dragi úr hávaða, tryggi að starfsmenn noti heyrnarhlífar þar sem þess er þörf og að haft verði reglulegt eftirlit með heyrn starfsmanna þar sem við á.

Langtímamarkmið reglnanna er, að hávaði á íslenskum vinnustöðum verði undir 85 dB (A) jafngildishávaða á 8 stunda vinnudegi og í samræmi við hliðstæðar reglur í helstu samkeppnislöndum. Þessu marki verði náð strax eftir gildistöku reglnanna í nýjum fyrirtækjum og með endurbótum og samhliða endurnýjun í starfandi fyrirtækjum.

### Skilgreiningar.

2. gr.

Með hávaða er í reglum þessum átt við óæskilegt heyranlegt hljóð. Styrkur hávaðans er gefinn upp í einingunni desibel A (dB(A)). Er þar átt við hljóðþrýstistig miðað við viðmiðunarþrýsting 20 μPa þegar hljóðið er vegið eftir tíðni samkvæmt A-tíðnisíu.

Með jafngildishávaða er átt við vegið meðaltal orkuinnihalds hávaðans miðað við tíma.

Þau mörk á jafngildishávaða sem fjallað er um í þessum reglum eru miðuð við 8 stunda vinnudag, en sé vinnudagur starfsmanns styttri eða lengri má leiðrétta þessi mörk með eftirfarandi töflu:

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Vinnudagur (klukkustundir): | 1 | 2 | 4 | 6 | 8 | 10 | 12 | 16 |
| Viðbót við hávaðamörk (dB(A)): | 9 | 6 | 3 | 1,2 | 0 | −1 | −1,8 | −3 |

Um nánari skilgreiningu hugtaka í hljóðeðlisfræði er vísað til alþjóðlegra staðla.

3. gr.

„Ný fyrirtæki" teljast öll þau fyrirtæki sem ber að sækja um starfsleyfi til Vinnueftirlits ríkisins eftir gildistöku reglna þessara, sbr. 93. gr. laga nr. 46/1980.

### Almenn ákvæði.

4. gr.

Á vinnustöðum skal fyrirkomulag, framkvæmd vinnu, vélar, tæki og annar búnaður vera þannig að hávaði sé svo lítill sem kostur er, að teknu tilliti til kostnaðar.



Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

**Endurprentað blað.**

Við hönnun og uppbyggingu nýrra fyrirtækja skal við það miðað, að jafngildishávaði sem starfsmenn verða fyrir á 8 stunda vinnudegi verði ekki meiri en 85 dB (A). Sama á við um endurnýjun véla og búnaðar í starfandi fyrirtækjum.

Í fyrirtækjum, sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara skal við það miðað, að jafngildishávaði fari ekki yfir 90 dB (A). Þar sem ljóst er, að unnt er að lækka hávaða niður fyrir þau mörk án verulegs kostnaðar, getur Vinnueftirlitið þó gert kröfu um það, þótt ekki sé um endurnýjun véla eða búnaðar að ræða.

Í einstökum tilvikum, þar sem tæknilegar, fjárhagslegar eða aðrar forsendur krefjast þess, getur Vinnueftirlit ríkisins veitt undanþágur frá ákvæðum 2. og 3. mgr. Viðkomandi fyrirtæki skulu að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins gera áætlun um aðgerðir til að draga úr hávaða þannig að þau uppfylli ákvæði 2. og 3. mgr.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt starfandi fyrirtækjum hæfilegan frest til að uppfylla ákvæði 1.-3. mgr.

5. gr.

Þeir sem hanna, framleiða, selja og setja upp vélar og annan búnað skulu kappkosta að hávaði frá honum sé svo lítill sem kostur er.

Þeir sem selja vélar og vélbúnað skulu láta í té upplýsingar um hávaða þann sem búnaðurinn gefur frá sér Vinnueftirlitið getur krafist þess að vélar og vélbúnaður sem gefur frá sér meiri hávaða en 85 dB (A) sé sérstaklega merktur.

6. gr.

Við vinnu sína skulu starfsmenn gæta þess að hávaði skapist ekki að óþörfu og stuðla að því að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að draga úr hávaða komi að notum.

7. gr.

Atvinnurekandi sér um skipulagningu og framkvæmd heyrnareftirlits, hávaðamælinga og aðgerða til að draga úr hávaða í samráði við öryggisnefnd eða öryggisvörð og öryggistrúnaðarmann eða trúnaðarmann, sbr. reglur nr. 77/1982 um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

Við varnir gegn hávaða skal svo sem unnt er beita þeirri tækni sem nýtileg er við að draga úr hávaða við upptök hans, draga úr útbreiðslu hávaðans og takmarka endurkast.

8. gr.

Þar sem jafngildishávaði er 85 dB (A) eða meiri yfir 8 stunda vinnudag og þar sem hávaði verður 110 dB (A) eða meiri skulu starfsmenn bera heyrnarhlífar af viðurkenndri gerð sem atvinnurekandi lætur starfsmönnum í té að kostnaðarlausu. Þar skulu og vera áberandi aðvaranir um að nauðsyn beri til að nota heyrnarhlífar til þess að draga úr hættu á heyrnarskemmdum af völdum hávaða. Fræða skal starfsmann um hættu á heyrnarskemmdum þegar unnið er við þessar aðstæður.

9. gr.

Í stjórnklefum, verkstjórnarherbergjum og á öðrum stöðum þar sem mikilvægt er að samræður geti átt sér stað skal að því stefnt að utanaðkomandi hávaði sé ekki meiri en 65 dB (A) að jafnaði yfir 8 stundir.

Í mat- og kaffistofum er æskilegt að utanaðkomandi hávaði sé ekki meiri en 60 dB (A) að jafnaði þann tíma sem notkun stendur yfir.

Á skrifstofum og öðrum stöðum þar sem gerðar eru miklar kröfur til einbeitingar og samræður eiga að geta átt sér stað óhindrað skal leitast við að utanaðkomandi hávaði sé ekki meiri en 50 dB (A) að jafnaði yfir 8 stundir.

**Heyrnareftirlit.**

10. gr.

Eftir því sem við verður komið skal árlega mæla heyrn hjá þeim starfsmönnum sem ætla má að verði fyrir hávaða 85 dB (A) eða meiri. Þar sem liggja fyrir mælingar á jafngildishávaða er þó einungis skylt að mæla heyrn hjá þeim sem gegna störfum sem hafa í för með sér jafngildishávaða yfir 8 stunda vinnudag sem nemur 85 dB (A) eða meiri og þeim sem verða fyrir högghávaða 110 dB (A) eða meiri.

Atvinnurekandi skal sjá um að heyrnarmæling fari fram og er starfsmönnum skylt að gangast undir hana. Notkun heyrnarhlífa leysir viðkomandi ekki undan heyrnarmælingu.

Heyrnarmæling skal framkvæmd af Heyrnar- og talmeinastöð Íslands eða heilsugæslustöð sem hefur til þess aðstöðu, í samráði við Heyrnar- og talmeinastöðina.

Heildaryfirlit um niðurstöður mælinga á hverjum vinnustað skal birta atvinnurekanda/öryggisverði og öryggistrúnaðarmanni/trúnaðarmanni. Yfirlitið skal ennfremur sent Vinnueftirliti ríkisins.

11. gr.

Heyrnarmælingu skal gera á tíðnistigunum 500, 1000, 2000, 3000, 4000, 6000 og 8000 rið. Jafnframt heyrnarmælingu skal skrá atvinnusögu viðkomandi síðustu árin.

12. gr.

Greinist breytingar á heyrn viðkomandi eða komi í ljós önnur einkenni heyrnardeyfu skal fara fram nánari athugun á heyrninni. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands skilgreinir hvenær þörf er nánari athugana, og að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins skilgreinir stöðin einnig heyrnartap sem talið er afleiðing hávaða.

13. gr.

Viðkomandi starfsmanni skal greint frá niðurstöðum heyrnarmælinga.

Meint heyrnartap af völdum hávaða á vinnustöðum skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins og landlækni.

**Önnur ákvæði.**

14. gr.

Atvinnurekandi skal láta gera hávaðamælingar á vinnustöðum eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Vinnueftirlit ríkisins getur krafist þess að gerðar séu hávaðamælingar, sbr. 18. gr. laga nr. 46/1980. Þar sem grunur leikur á um að hávaði sé 85 dB (A) eða meiri eða aðstæður gefa að öðru leyti tilefni til getur öryggistrúnaðarmaður eða trúnaðarmaður krafist þess að gerðar séu hávaðamælingar. Aðeins má krefjast víðtækra mælinga hafi einfaldar mælingar sýnt fram á nauðsyn þess. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er heimilt að framkvæma hávaðamælingar í tengslum við heyrnarmælingar.

Hávaðamælingar skulu gerðar eftir viðurkenndum stöðlum samkvæmt ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins.

15. gr.

Samstarfsnefnd sem í eiga sæti fulltrúar Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnueftirlits ríkisins og Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands skal fjalla um framkvæmd heyrnareftirlits og stuðla að nauðsynlegu samstarfi stofnana og samtaka sem þessi mál varða.

16. gr.

Ákvörðun, sem Vinnueftirlit ríkisins tekur samkvæmt reglum þessum, má skjóta til stjórnar stofnunarinnar innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var tilkynnt ákvörðunin, sbr. 98. gr. laga nr. 46/1980.

**Endurprentað blað.**

Um brot gegn reglum þessum fer eftir 84., 85., 87. og 99. gr. laga nr. 46/1980.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt 29., 32., 38., 43., 67. og 69. gr. laga nr. 46/1980 að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið að því er varðar þátt Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands, staðfestast hér með til að öðlast gildi 1. maí 1986.

*Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1985.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

Nr. 479 13. desember 1985

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa nr. 27/1983, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi liðir 1. greinar hljóði svo:

Vesturlandshérað:

3. Ólafsvíkurumdæmi:
   Lyfjabúð
   3.1. Hellissandur:
        Lyfjaútibú
4. Stykkishólmsumdæmi:
   Lyfjabúð.

Vestfjarðarhérað:

1. Patreksfjarðarumdæmi:
   Lyfjabúð
2. Ísafjarðarumdæmi:
   Lyfjabúð
   2.1. Þingeyri:
        Lyfjaútibú
   2.2. Flateyri:
        Lyfjaútibú
   2.3. Suðureyri:
        Lyfjaútibú
   2.4. Bolungarvík:
        Lyfjaútibú
3. Hólmavíkurumdæmi:
   Hólmavík:
   Lyfjaútibú frá Ísafirði

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 2. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Ólafsfjarðarhöfn.**

## I. KAFLI

**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.

**Takmörk hafnarinnar.**

1.1 Hafnarsvæði Ólafsfjarðarhafnar tekur yfir hluta Ólafsfjarðar og er nánar lýst þannig:

1.2 Takmörk á sjó eru:
Innan línu sem hugsast dregin frá Hrafnavogum að vestan í svonefnda Ófærugjá að austan.

1.3 Takmörk á landi eru.
Frá Hrafnavogum vestan fjarðar að ósi Fjarðarár ræður stórstraumsflóðborð. Frá ósi Fjarðarár að gatnamótum Ránargötu og Námuvegar, ræður norðurbrún Strandgötu og Páls Bergsgötu og vesturbrún Ránargötu. Frá nefndum gatnamótum að Ófærugjá austan fjarðar ræður stórstraumsflóðborð.

1.4 Landsvæði hafnarinnar skiptast í:
— Hafnarbakka og bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Baksvæði.

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1 Ólafsfjarðarkaupstaður er eigandi hafnarinnar og bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarnefnd fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarnefnd skal skipuð þrem fulltrúum, er bæjarstjórn kýs og jafn mörgum til vara. Minnst einn aðalmanna í hafnarnefnd skal eiga sæti í bæjarstjórn. Kjörtímabil hafnarnefndar er eitt ár. Það er borgaraleg skyld að taka við kosningu í hafnarnefnd.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga hafnarstjóri og hafnarvörður sæti í hafnarnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

2.4 Hafnarnefnd kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra. Hafnarnefnd skiptir að öðru leyti með sér verkum.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarnefndar.**

3.1 Hafnarnefnd er ábyrg fyrir fjármálum, rekstri og viðhaldi og nýbyggingum hafnarinnar. Hún ákveður gjaldskrá í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnarlaga og gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð sem bæjarstjórn skal staðfesta. Ennfremur skal hún leita staðfestingar bæjarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum til langs tíma.

3.2 Hafnarnefnd hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. þó 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.
— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarnefndar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn. Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarnefndar og/eða bæjarstjórnar komi til. Hafnarnefnd hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1 Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarnefndar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarnefnd og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarnefndar og veitir hafnarnefnd og bæjaryfirvöldum upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarnefndar og bæjarstjórnar.

4.3 Hafnarstjóri sér um, að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans, eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1 Hafnarnefnd ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar aðra en hafnarstjóra, (samanber 3. gr.) svo marga sem þurfa þykir. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna skipaþjónustu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarnefndar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

## II. KAFLI

**Umferð skipa**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip, svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns skal unnin af hafnarverði. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Ólafsfjarðarhafnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarðar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1. klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, heimahöfn, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjölda farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan flutning, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

Reglur þessar gilda ekki um herskip, varðskip, rannsóknarskip og fiskiskip né um áætlunarskip nema eftir því sem við á.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarverði skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna ef þess er óskað.

8. gr.

**Umferð um höfnina.**

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju.
Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem hafnarvörður vísar til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að og frá viðlegu.

8.6 Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á höfninni, nema með leyfi hafnarvarðar.

9. gr.

**Skip í viðlegu.**

9.1 Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fasta viðlegu eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka svo og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarverði þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist umbóta tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka eða bryggju, má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa, eða eru ekki í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarvarðar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum hafnarvarðar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarverði nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs og annarra orsaka.

9.6 Hafnarvörður ákveður legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarverði. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarvarðar samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

**Skip í lægi.**

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum, má aðeins leggja skal í lægi, á þeim stöðum, er hafnarvörður leyfir. Þeim skal lagt undir umsjá hafnarvarðar og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipi, skal hann skriflega tilnefna siglingafróðan mann, sem hafa á umsjón með skipinu. Maðurinn skal búsettur í Ólafsfirði. Beinir hafnarvörður til hans öllum fyrirmælum, varðandi skipið. Verði dráttur á að fyrirmælum sé hlýtt skal hafnarvörður gera viðeigandi ráðstafanir en skipseigandi greiði allan kostnað sem af þeim leiðir.

III. KAFLI

**Afnot hafnarvirkja og landsvæða**

11. gr.

**Lestun og losun, almennt.**

11.1 Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarnefnd ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarvörður getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi, burt á kostnað og ábyrgð eigenda eða umboðsmanns hans.

11.7 Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar, er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því, sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um láta ræsta viðkomandi bryggju eða hafnarbakka. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

**Meðferð eldfims og hættulegs varnings.**

12.1 Skip, sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýsingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskylda nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat.

12.2 Losun á vörum sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast, og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni. Áliti hafnarvörður að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar. Hlíta skal í einu og öllu ákvæðum brunamálasamþykktar fyrir Ólafsfjörð.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarvörður getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarvörður samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI

**Um hafnargjöld á Ólafsfirði**

13. gr.

**Um hafnargjöld.**

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám, er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI

**Ýmis ákvæði**

14. gr.

**Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.**

14.1 Lögreglan í Ólafsfirði hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga um land hafnarinnar, er bannað að dvelja þar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf, sem þar eru unnin. Banna má

ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja þau bótalaust.

14.5 Hafnarverði skal þegar tilkynnt um allt það, sem bjargað er úr höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

**Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.**

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu veldur óþrifnaði og/eða hættu skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1 Engum úrgangi eða rusli má henda í höfnina.

16.2 Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það, sem valdið getur óþrifnaði, umferðatruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarvarðar komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti, skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum. Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um þjónustu og skilyrði fyrir henni.**

17.1 Allir þeir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarverði að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, sbr. gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt því að skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.
**Um skaðabótaskyldu.**

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en mánuður er liðinn frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipsstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar, og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra.
Hvers konar bótakröfum fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.
**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Ólafsfjarðar.
Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Ólafsfjörð nr. 321, 11. október 1974 sbr. 212/1976.

*Samgönguráðuneytið, 6. desember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

20. desember 1985 Nr. 481

# BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1985.

**Grindavík:**
**Brekkubrú** á alifuglabúi í landi Grindavíkur.

**Gullbringusýsla:**
**Heiðarbrú** á loðdýraræktarbúi í landi Breiðagerðis, Vatnsleysustrandarhreppi.

**Hafnarfjörður:**
**Stórhöfði** á loðdýraræktarbúi í landi Hafnarfjarðar.

**Reykjavík:**
**Fífilbrekka** á gróðrarstöð í landi Lambhaga III, Reykjavík.

**Kjósarsýsla:**
**Reykjahvoll II** á þjónustu- og iðnaðarbýli í landi Reykjahvols, Mosfellshreppi.
**Dalsbú** á loðdýraræktarbúi í landi Helgadals, Mosfellshreppi.
**Hlíðargarður** á garðyrkjubýli í landi Skrauthóla, Kjalarneshreppi.

**Borgarfjarðarsýsla:**
**Krókar** á loðdýraræktarbúi í landi Ferstiklu, Hvalfjarðarstrandarhreppi.

**Ísafjörður:**
**Kirkjuból III** á loðdýraræktarbúi í landi Kirkjubóls, Ísafirði.
**Kirkjuból II** á loðdýraræktarbúi í landi Kirkjubóls, Ísafirði.

**Austur-Húnavatnssýsla:**
**Vesturhlíð** á hluta jarðarinnar Litladals, Svínavatnshreppi.

**Skagafjarðarsýsla:**
**Kringlumýri** á loðdýraræktarbúi í landi Djúpadals, Akrahreppi.
**Dýjabekkur** á smábýli í landi Útvíkur, Staðarhreppi.

**Suður-Þingeyjarsýsla:**
**Saltvík II** á loðdýraræktarbúi í landi Saltvíkur, Reykjahreppi.

**Norður-Þingeyjarsýsla:**
**Heiðarbrún** á loðdýraræktarbúi í landi Garðs I, Kelduneshreppi.

**Norður-Múlasýsla:**
**Ljótsstaðir IV** á loðdýraræktarbúi í landi Ljótsstaða I, Vopnafjarðarhreppi.

**Austur-Skaftafellssýsla:**
**Laxárbakki** á iðnaðarbýli í landi Árnaness, Nesjahreppi.

**Rangárvallasýsla:**
**Kastalabrekka II** á loðdýraræktarbúi í landi Kastalabrekku, Ásahreppi.

**Árnessýsla:**
**Ártangi** á garðyrkjubýli í landi Ormsstaða, Grímsneshreppi.
**Birnustaðir II** á býli í landi Birnustaða, Skeiðahreppi.
**Blesastaðir III** á þjónustubýli í landi Blesastaða II, Skeiðahreppi.
**Stórholt** á garðyrkjubýli í landi Úteyjar, Laugardalshreppi.
**Starir** á loðdýraræktarbúi í landi Kjarrs, Ölfushreppi.
**Engi** á garðyrkjubýli í landi Laugaráss, Biskupstungnahreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 20. desember 1985.*

F. h. r.
**Knútur Hallsson.**

*Runólfur Þórarinsson.*

# GJALDSKRÁ

**Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.**

1. gr.

**Löggildingargjöld:**

1. Vogarlóð:

| | | |
|---|---|---|
| Þyngd 1–200 g | Kr. | 95,00 |
| Þyngd ½ kg–20 kg | — | 95,00 |
| Þyngd 50 kg | — | 95,00 |
| Þyngd 4–8 oz | — | 95,00 |
| Þyngd 1 lb–7 lb | — | 95,00 |
| Þyngd 8 lb–20 lb | — | 95,00 |

2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:

| | | |
|---|---|---|
| Burðarþol: allar stærðir | Kr. | 155,00 |

3. Jafnarmavogir:

| | | |
|---|---|---|
| Burðarþol: allar stærðir | Kr. | 155,00 |

4. Tugavogir: hundraðsvogir og rennilóðsvogir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Burðarþol | 10– 100 kg | Kr. | 155,00 |
| Burðarþol | 101– 500 kg | — | 170,00 |
| Burðarþol | 501– 2 000 kg | — | 202,00 |
| Burðarþol | 2 001–15 000 kg | — | 560,00 |
| Burðarþol | 15 000–30 000 kg | — | 615,00 |
| Burðarþol | yfir 30 000 kg | — | 650,00 |

5. Vísavogir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Burðarþol | 1– 5 kg | Kr. | 155,00 |
| Burðarþol | 6– 25 kg | — | 170,00 |
| Burðarþol | 26– 100 kg | — | 190,00 |
| Burðarþol | 101– 500 kg | — | 235,00 |
| Burðarþol | 501– 1 000 kg | — | 335,00 |
| Burðarþol | 1 001– 5 000 kg | — | 465,00 |
| Burðarþol | 5 001–15 000 kg | — | 615,00 |
| Burðarþol | 15 001–30 000 kg | — | 825,00 |
| Burðarþol | yfir 30 000 kg | — | 1 010,00 |

6. Rafmagnsvogir (tölvuvogir):

| | | | |
|---|---|---|---|
| Burðarþol | 1– 10 kg | Kr. | 190,00 |
| Burðarþol | 11– 25 kg | — | 202,00 |
| Burðarþol | 26– 100 kg | — | 280,00 |
| Burðarþol | 101– 500 kg | — | 375,00 |
| Burðarþol | 501– 1 000 kg | — | 435,00 |
| Burðarþol | 1 001– 5 000 kg | — | 515,00 |
| Burðarþol | 5 001–15 000 kg | — | 715,00 |
| Burðarþol | 15 001–30 000 kg | — | 1 210,00 |
| Burðarþol | yfir 30 000 kg | — | 1 320,00 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 7. | Kvarðar og málbönd: | | |
| | Lengd ½–1 m | Kr. | 95,00 |
| | Stálmálbönd allt að 50 m | — | 155,00 |
| | Mælivélar fyrir lengdarmál | — | 170,00 |
| 8. | Mæliker: | | |
| | Rúmtak 1 dl–1 l | Kr. | 95,00 |
| | Rúmtak 10 dl–50 dl | — | 95,00 |
| | Rúmtak vínmæla (veltim. og kúlum.) 3–6 cl. | — | 190,00 |
| 9. | Rennslismælar: | | |
| | Rennslismælar fyrir olíur og bensín | Kr. | 190,00 |
| | Bensín og olíusölumælar | — | 155,00 |
| 10. | Rennslismælar fyrir mjólk | Kr. | 190,00 |

2. gr.

| | | |
|---|---|---|
| Vottorðagjald | Kr. | 155,00 |

3. gr.

Auk löggildingargjalds reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður og iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast gildi 15. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 144/1985.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. desember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

Nr 483 18. desember 1985

# AUGLÝSING

**um umferð í Borgarfjarðarsýslu.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 hefur ráðuneytið ákveðið, að Vesturlandsvegur (1) skuli teljast aðalbraut gagnvart Akranesvegi (51).

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. desember 1985.*

F. h. r.
**Ólafur W. Stefánsson.**

# LÖGREGLUSAMÞYKKT

**fyrir Neskaupstað.**

## I. KAFLI

**Um reglu og velsæmi á almannafæri**

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina eða til óþæginda fyrir viðstadda. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari er átt við götur, vegi og svæði sem almenningur fer um eða ætlað er til almeningsafnota, s. s. leikvelli, sölutorg, bryggjur, íþróttavelli, útivistarsvæði o. s. frv.

Um veitingastaði, almennar knattboðsstofur, afgreiðslustaði birfeiða o. þ. h., kvikmyndahús, leikhús og önnur samkomuhús gilda ákvæði samþykktar þessarar eftir því sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þ. á. m. við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annarra samkomuhúsa eða annars staðar sem almenningur kemur saman skal fólk raða sér þannig, að þeir sem fyrstir koma fái fyrst afgreiðslu og haga sér í öllu eftir þeim fyrirmælum sem lögreglan eða umsjónarmaður setur til að halda uppi röð og reglu.

3. gr.

Þeir sem hyggjast efna til útifunda eða fara í hópgöngur, skulu tilkynna það lögreglustjóra með hæfilegum fyrirvara. Tilkynningu um hópgöngu skal fylgja nákvæm lýsing á fyrirhuguðum gönguleiðum og er lögreglustjóra heimilt að breyta þeim á hvaða stigi sem er, ef hann telur brýna nauðsyn til.

4. gr.

Við sjúkrahús og elliheimili eða annars staðar á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag sem raskar allherjarreglu eða ónáðar vegfarendur, viðstadda eða þá sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ástæðulausu berja á dyr og glugga húsa né heldur hringja dyrabjöllu, dyrasíma eða hafast neitt að sem ónáðar eða móðgar heimilsfólk eða veldur því ótta.

Bannað er að hafast að nokkuð það, sem raskar næturró manna að óþörfu.

6. gr.

Á götum og vegum eða þar sem hætta stafar af, má ekki gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólabrettum, skautum, sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af.

Bannað er að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum, sem eru á ferð eða festa við þau sleða, reiðhjól eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið.

Lögreglustjóri getur heimilað skíða, sleða- eða rennibrautir á alfaravegi og skulu þeir vegir sértaklega merktir sem leik- eða sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal ýtrustu varúðar og tillitssemi gætt.

7. gr.

Hlaðnar byssur má ekki bera á götu bæjarins eða annars staðar á almannafæri. Byssur skal ávallt bera þannig, að hlaupið snúi upp.

Eigi má skjóta af byssu, riffli eða öðrum skotvopnum innan kaupstaðarmarka nema á sérstökum æfingasvæðum sem eru rækilega merkt og lögreglustjóri samþykkir.

Lögreglustjóri getur að fengnu samþykki bæjarstjórnar veitt Náttúrugripasafni Neskaupstaðar leyfi til meðferðar skotvopna í þágu safnsins innan kaupstaðarmarka.

Leyfið skal gefið út til 1 árs í senn og vera veitt ákveðnum einstaklingi í nafni safnsins.

Leyfishafa er skylt að tilkynna alla meðferð skotvopna innan bæjarlandsins til lögrelgustjóra.

Á almannafæri má ekki kveikja í eldfimum efnum eða sprengiefnum. Þó getur lögreglustjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, er sérstaklega stendur á s. s. um áramót.

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins gera með sérstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á að allrar varúðar sé gætt. Sprengjuefni eða önnur slík eldfim efni má kvorki hafa í íbúðarhúsum né annars staðar þar sem hætta stafar af. Sprengiefni má aðeins geyma á stöðum sem lögreglustóri og slökkviliðsstjóri samþykkja.

Að öðru leyti vísast til laga og reglugerða um meðferð og notkun sprengiefna.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri nema hann sé á leið af eða á grímudansleik að álfadans. Einnig er bannað að hafa í frammi hneykslanlegt athæfi á almannafæri svo sem með ósæmilegum orðum eða látbragði, með því að fletta sig klæðum eða gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt.

9. gr.

Menn, sem eru áberandi ölvaðir eða undir áhrifum annarra vímugjafa á almannafæri, skulu vistaðir í fangageymslum lögreglunnar telji hún slíkt heppilegt eða nauðsynlegt. Skulu þeir þá sæta refsiábyrgð skv. samþykkt þessari, áfengislögum eða öðrum viðeigandi lagafyrirmælum.

10. gr.

Hver sá sem staddur er á almannafæri er skyldur að segja til nafns síns og heimilisfangs og sýna persónuskilríki, ef lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlíða skipunum lögreglu sem gefnar eru til þess að stjórna umferð eða halda uppi góðri reglu á almannafæri.

Ef nauðsyn ber til getur lögregla krafið sér til aðstoðar hvern fulltíða mann sem viðstaddur er til þess að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum fyrir tjón eftir almennum reglum er þeir kunna að bíða við það á líkama eða persónulegum munum.

12. gr.

Enginn má án sérstakrar heimildar hrófla við leiðslum eða öðrum búnaði þeirra stofnana, sem starfræktar eru í almenningsþágu svo sem vatnsveitu, orkuveitu, slökkviliðs eða pósts og síma. Verði einhver óviljandi valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað hlutaðeigandi stofnun. Óheimilt er að tálma eða trufla starfsemi lögreglu, slökkviliðs, almannavarna, hjálparsveita eða annarra þeirra, sem annast öryggisþjónustu í þágu almennings.

## II. KAFLI
**Reglur til að bæta öryggi vegfarenda.**

13. gr.

Óheimilt er að stunda á almannafæri atvinnu, sem er til tálmunar fyrir umferðina. Sala hvers konar varnings utan sölubúða er bönnuð með þeim undanþágum, sem taldar eru í þessari grein. Blöð, bæklinga merki, happadrættismiða, dagskrár, aðgöngumiða o. þ. h. má selja á almannafæri. Þó getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað slíka sölu, ef ástæða þykir til. Lögreglustjóri getur veitt heimild til sölu varnings á tilgreindum svæðum utanhúss, til farandsölu og til starfrækslu á útimörkuðum að uppfylltum skilyrðum um verslunaratvinnu og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrir berast á húsalóðum, húsþökum, girðingum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum þar sem inn er gengið í hús eða húsalóðir né heldur fara inn í hýbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Í alfaraleið má ekki leggja eða setja neitt það sem tálmar umferð frekar en nauðsynlegt er vegna vöruflutninga, og skal þess ætíð gætt að af því verði sem minnstur farartálmi.

Að flutningi loknum skal vandlega hreinsa svæðið, sem notað var.

Bifreiðar, vinnuvélar og reiðhjól mega ekki standa á akreinum, torgum eða gangstéttum.

Á alfaravegi má ekki vinna neina þá vinnu, sem tálmar umferð manna eða gerir hana hættulega, nema leyfi lögreglustjóra komi til.

16. gr.

Húseigendur eða umráðamenn húseigna skulu halda tilheyrandi gangstígum, stéttum og tröppum hreinum af snjó og klaka svo sem kostur er svo og hreinsa snjó af húsþökum og fjarlægja grýlukerti, þannig að eigi stafi hætta af fyrir gangandi vegfarendur, sem eiga þar leið um.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum lögreglu um frágang girðinga og trjágróðurs, þar sem svo háttar til, að það tálmar útsýni við gatnamót.

Lögreglustjóri ákveður að fengnum tillögum bæjarstjórnar, hvar á götum eða torgum standa megi bifreiðar eða vagnar, sem ætlaðar eru til fólksflutninga og setar sérstakar reglur þar að lútandi.

Má í þeim reglum ákveða gjald í bæjarsjóð fyrir bifreiðastæði.

17. gr.

Eigi má hengja sjáfsala, aulýsingaspjöld eða annað þess háttar utan á hús, ef það veldur óþægindum á almannafæri að dómi lögreglunnar.

Leyfi byggingarnefndar og umferðanefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar á almannafæri eða ef þær sjást þaðan. Hæð undir gluggaskýlur og auglýsingaspjöld, sem standa út frá húshlið fram yfir gangstétt, skal minnst vera 2,70 m.

Uppfestar auglýsingar skal hlutaðeigandi taka niður, þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum. Sé því eigi sinnt geta bæjaryfirvöld fjarlægt þær á kostnað auglýsenda.

Löglega uppfestar aulýsingar má einginn rífa niður, rissa eða skrifa neitt á þær þeim óviðkomandi, óhreinka eða gera ólæsilegar á annan hátt.

18. gr.

Enginn má gera skurð í götur eða torg kaupstaðarins eða alfaravegi hvar sem er né raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi lögreglu og hlutaðeigandi yfirvalda s. s. tæknideildar bæjarins, hitaveitu, rafveitu eða pósts og síma.

Skal verkið unnið svo skjótt sem kostur er og þannig að sem minnstur farartálmi sé að. Þá skal því, sem raskað var, aftur komið í samt lag og því haldið við í eitt ár.

Dragist frágangur úr hófi geta bæjaryfirvöld eða lögreglustjóri eða báðir aðilar í sameiningu látið ljúka verkinu og sett götur, torg og vegi í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að vinna. Til tryggingar því, að skilmálum ofnagreinds leyfis verði fullnægt, geta bæjaryfirvöld krafist bankatryggingar.

Þeir sem stjórna verki skulu ætíð gæta þess, að skurðir séu afgirtir og að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálma með nægilega greinilegum skiltum, ljósum eða enduskinsmerkjum. Áður en skurðgröftur er hafinn á einkalóð, er skylt að leita upplýsinga um legu jarðstrengja og jarðlagna hjá rafveitu hitaveitu, vatnsveitu og pósti og síma.

Að öðru leyti geta bæjaryfirvöld og lögreglustjóri gert ráðstafanir, er þurfa þykir, til þess að afstýra hættu fyrir vegfarendur.

19. gr.

Þegar hús er byggt, því breytt eða það rifið að fengnu leyfi byggingarnefndar og húsið eða einhver hluti þess liggur að almannafæri, er eiganda þess eða verktaka skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar. Hann skal haga sér eftir þeim fyrirmælum sem lögreglustjórinn setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur.

Verkfæri og efni má ekki leggja frá sér á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur.

Mold, möl og grjót, byggingarefni og því um líkt, er af byggingunni stafar, er óheimilt að geyma á svæði, sem er innan 15 m. frá brunahana.

Griðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burt þegar að framkvæmd lokinni eða þegar lögreglan krefst þess.

20. gr.

Nú er ásigkomulag húss eða mannvirkis, þar á meðal steinveggir eða aðrar girðingar, svo hrörlegt að hætt er við, að það hrynji eða að hætta geti stafað af og getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld þá bannað notkun þess og gert eigendum að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist og innan tiltekins tíma. Að öðrum kosti mega bæjaryfirvöld láta vinna verkið á kostnað eiganda að undangenginni aðvörun.

Nú brennur hús eða mannvirki eða það er flutt burt án þess að annað sé byggt í staðinn og er þá eiganda þess eða umráðamanni skylt að ganga svo frá rústunum, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

Allt það sem eigandi eða umráðamaður vanrækir samkvæmt þessari grein getur lögreglustjóri eða bæjaryfirvöld látið framkvæma á kostnað eiganda.

21. gr.

Vinnupalla sem valdið geta hættu fyrir umferð á gangstéttum eða götum, er einungis heimilt að reisa með leyfi lögrelustjóra. Slíkir vinnupallar skulu fjarlægðir innan tiltekins tíma eða þegar lögreglan krefst þess.

Lausir stigar, sem notaðir eru til viðgerðar á húsum, við málun, gluggaþvott eða þ. h., skulu vera nægilega traustir. Við fjölfarnar götur skal vörður standa við stiga meðan á verki stendur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimmt er orðið.

Við húsbyggingar og aðrar þess háttar framkvæmdir skal þess gætt, að endi á steypustyrktarjárni standi ekki upp í loftið, þannig að börn eða aðrir geti hlotið skaða af.

Beygja skal járnið niður eða byrgja.

Áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður eða öðru við bryggjur eða hús, sem liggja við alfaraveg, skulu vera nægilega traust. Ef slík áhöld eru skilin eftir á vinnustað, þegar vinnustaður er yfirgefinn, skal ganga frá þeim á tryggilegan hátt, svo að ekki hljótist af slys eða hætta fyrir vegfarendur.

Brot gegn ákvæðum þessarar greinar eða fyrirmælum lögreglunnar hér að lútandi eru á ábyrgð þess, er verkið vinnur eða annast, ef hann er ekki tilgreindur, þá á ábyrgð eiganda eða umráðamanna.

## III. KAFLI
## Um umferð bifreiða, bifhjóla o. fl.

### 22. gr.

Fasta afgreiðslu fólksflutningabifreiða, leigubifreiða og vöruflutningabifreiða má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bæjarstjórn hefur samþykkt til slíkra afnota að fengnum tillögum lögreglustjóra.

Bæjarstjórn getur veitt leyfi í óákveðinn tíma eða tiltekinn tíma í senn, takmarkað það við tiltekinn fjölda bifreiða og yfirleitt bundið leyfið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru að hennar dómi. Sé skilyrðum bæjarstjórnar fyrir slíku leyfi ekki fylgt eða ef ástæður breytast verulega að hennar dómi, getur hún fellt leyfið úr gildi fyrirvaralaust.

Lögreglustjóri getur, að fengnum tillögum bæjarsjórnar, takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð telst hættuleg eða er til sérlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Einnig getur lögreglustjóri takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlagi.

### 23. gr.

Bifreiðastjórar skulu gæta þess að valda eigi hávaða að nauðsynjalausu, einkum að kvöld- og næturlagi. Þeim ber og að sjá um, að farþegar í bifreiðum þeirra fari eigi með hávaða, er raski friði. Óheimilt er að haga akstri þannig, er ökutæki er tekið af stað, að af því hljótist óeðlilegur hávaði eða hvinur. Eigendum leigubifreiða og almenningsvagna er skylt að halda bifreiðum sínum hreinum og snyrtilegum.

### 24. gr.

Bannað er að leggja flutningabílum með eldfim efni í íbúarhverfum. eigendum eða umráðamönnum stórra ökutækja s. s. vörubifreiða, sendibifreiða og fólksflutningabíla svo og vinnuvéla er skylt að leggja ökutækjum sínum þannig að ekki stafi hætta af þeim sbr. 51. gr. umferðarlaga. Reynt skal eftir mætti að leggja ekki í íbúaðarhverfum.

Umferð ofangreindra bifreiða og vinnuvéla um íbúðahverfi er óheimil nema í atvinnuskyni eða af öðrum brýnum ástæðum.

Óheimilt er að láta aflvélar kyrrstæðra bifreiða, strætisvagna eða vinnuvéla ganga að óþörfu, svo komast megi hjá loftmengum á almannafæri eða þar sem ætla má að það valdi óþægindum. Eigendum og forráðamönnum ökutækja og annara véla er skylt að gæta þes að ekki stafi óþrifnaður og mengun vegna olíu og bensínleka af ökutækjum þeirra.

Notkun á vélsleðum og óyfirbyggðum vélknúnum smábílum (bílkrílum) er háð leyfi lögreglu.

### 25. gr.

Allur akstur á bifreiðum og vélknúnum ökutækjum er óheimill utan vega eða vegaslóða, þar sem hætta er á spjöllum á gróðri eða náttúru.

Allur akstur vélknúinna ökutækja er óheimill á leikvöngum, leikvöllum, í skrúðgörðum og á öðrum slíkum stöðum.

Bæjarstjórn getur bannað alla umferð vélknúinna ökutækja á tilteknum útivistarsvæðum.

Heimilt er að aka á reiðhjóli og leiða reiðhjól á gangstígum og gangstéttum, ef það er ekki til hættu eða óþæginda fyrir aðra vegfarendur. Hjólreiðamenn, sem fara eftir gangstígum eða gangstéttum, skulu ævinlega víkja og hliðra til fyrir gangandi vegfarendum. Reglur um gangandi vegfarendur gilda að öðru leyti um þá sem leiða reiðhjól.

26. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum umferðarlaga og reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum um notkun bifreiða.

## IV. KAFLI
## Um friðun almennigseigna o. fl.

27. gr.

Mannvirki og hluti, sem ætlaðir eru til almennigsnota eða til prýði á almannafæri svo sem hús, minnisvarða, símaklefa, biðskýli, götuljós, umferðarmerki, nafnspjöld á húsum og við götur, bekki og girðingar má enginn skemma, lýta eða færa úr stað.

Enginn má skemma girðingar sem eru á almannafæri, klifra yfir þær eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem þeir eru girtir eða ógirtir.

Enginn má skemma, lýta, óhreinka eða spilla almenningseignum á annan hátt, hvort heldur eru vegir, vatnsból, vatnsveitumannvirki, byggingar, bryggjuáhöld, brunaboðar, björgunartæki eða annað, sem ætlað er til almenningsnota.

Enginn má raska eða skemma raflínur, síma —, vatns-, hitaveitu- eða skolpleiðslur. Verði einhver valdur að slíku, skal tilkynna það þegar í stað til hlutaðeigandi stofnunar.

Hver sá, sem brýtur gegn ákvæðum þessa kafla, skal auk sekta greiða skaðabætur fyrir það tjón, sem hann veldur.

28. gr.

Í kirkjugörðum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sér stað. Tré eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum, má enginn rífa upp, færa burtu, spilla eða saugra á nokkurn hátt. Skepnum má eigi beita eða sleppa í kirkjugörðum.

## V. KAFLI
## Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

29. gr.

Bæjarstjórn ákveður götunöfn og lætur festa upp nafnspjöld, þar sem þurfa þykir. Húseigendur skulu festa á hús sín töluspjöld, sem tákna húsaröð, og skulu þeir halda þeim við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

30. gr.

Bæjarstjórn ákveður, hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldum og öðrum stjórnvöldum. Aðrar auglýsingar má einungis festa upp með leyfi húsráðenda.

31. gr.

Leyfi byggingarnefndar þarf til að setja upp föst auglýsingaspjöld eða aðrar varanlegar auglýsingar og hluti utanhúss. Lögreglustjóri getur jafnan mælt fyrir um brottnám þesshháttar muna, ef það þykir valda hættu eða óþægindum fyrir umferðina.

32. gr.

Hlutaðeigendur skulu taka niður uppfestar auglýsingar, þegar þær hafa náð tilgangi sínum og hreinsa vel staðinn, þar sem þær voru hafðar.

Sé því ekki sinnt, geta bæjaryfirvöld fjarlægt þær á kostnað auglýsenda.

Egninn má rífa niður löglega uppfestar auglýsingar, krota í þær eða skemma á annan hátt.

## VI. KAFLI
## Um veitingastaði, samkomuhús, skemmtanir o. fl.

33. gr.

Leyfi lögreglustjóra þarf til að reka veitingasölu. Áður en lögreglustjóri veitir slíkt leyfi, skal hann leita álits bæjarstjórnar og heilbrigðisnefndar.

Leyfi lögreglustjóra þarf til hvers konar skemmtanahalds, sem seldur er aðgangur að.

Lögreglustjóri getur bundið skemmtanaleyfi þeirri kvöð, að lögreglumenn og/eða slökkviliðsmenn verði á skemmtistað og haldi uppi löggæslu og eftirliti á staðnum. Leyfishafa er skylt að hlíta fyrirmælum þeirra til að halda uppi góðri reglu, velsæmi og hreinlæti. Kostnað við löggæslu þessa greiðir skemmtanahaldari að því leyti, sem hann er ekki greiddur af almannafé skv. öðrum reglum. Sömu reglur gilda um almennar útisamkomur að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

34. gr.

Hverjum þeim sem hefur á hendi veitingasölu eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að hald uppi góðri reglu og velsæmi.

Hann skal sjá um að fjöldi gesta takmarkist við leyfilegt hámark og að loftræsting og hreinlæti sé í góðu lagi.

35. gr.

Allir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá 23:30—06:00 og allir gestir, sem eigi hafa þar gistingu, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, ef þeir fá gistingu á veitningastaðnum eftir lokunartíma.

Að fengnu leyfi lögreglustjóra er heimilt að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir fram yfir lokunartíma eða til kl. 01:00, en aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags til kl. 03:00.

Þegar sérstaklega stendur á, getur lögreglustjóri leyft samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemmtanir lengur en að framan greinir.

Allir staðir þar sem rekin er veitingasala, spilakassar, knattborð, leiktæki og því líkt og gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sérstöku eftirliti lögreglustjóra og skal lögreglunni heimill aðgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingar, rekstur spilakassa, knattborða og annarra leiktækja.

Á öllum gististöðum skal halda nákvæma gestaskrá.

36. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því, er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórn, hve hátt gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annað hvort árlega eða fyrir hverja sýningu. Lögreglustjóri getur veitt leyfi til að halda einstakar kvikmyndasýningar utan fastra kvikmyndahúsa og ákveður þá í samráði við bæjarstjóra gjald í bæjarsjóð.

37. gr.

Óheimilt er að setja upp og selja aðgang að knattborðum, spilakössum eða öðrum leiktækjum án sérstaks leyfis lögreglustjóra.

Leyfið er háð samþykki bæjarstjórnar.

Umsókn um leyfi skal vera skrifleg og þar skal m. a. tilgreina húsnæði, umfang rekstrar og fjölda og gerð tækja og aðra þjónustu.

Leyfið er ekki veitt lengur en til eins árs í senn. Það skal gefið út á nafn einstaklings, vera staðbundið, ekki framseljanlegt og í því skal greina fjölda og gerð tækja.

Leiktækja- og knattborðsstofur skulu uppfylla kröfur bygginga- og heilbrigðisreglugerða svo og kröfur um eldvarnir.

Starfsmenn á leiktækja- og knattborðsstofum skulu ekki vera yngri en 18 ára.

Heimilt er að opna leiktækja- og knattborðsstofur kl. 15,00 daglega og skal þeim lokað eigi síðar en söluskálum.

Þó skal vera lokað eftirtalda daga: föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag, jóladag, gamlársdag og nýársdag.

Óheimilt er að selja börnum og unglingum innan 14 ára aldurs aðgang að leiktækja- og knattborðsstofum.

Miðað er við fæðingarár.

Leyfishafi skal kappkosta að hafa góða reglu í stofunni, gæta hreinlætis og að starfsemin valdi ekki ónæði í nærliggjandi húsum t. d. vegna hátt stilltra hljómtækja.

Sé á einhvern hátt brotið gegn reglum þessum eða ef starfsemin þykir ekki fara vel úr hendi, má svipta leyfishafa leyfi sínu, en áður skal senda honum skriflega viðvörun.

## VII. KAFLI
### Um útivistartíma barna og unglinga o. fl.

38. gr.

Um útivistartíma barna skal fara eftir gildandi lögum og reglugerðum.

Hvers konar þjónusta við börn og ungmenni eftir löglegan útivistartíma, önnur en heimflutningur, er bönnuð að viðlagðri ábyrgð þess, er þjónustuna veitir.

39. gr.

Unglingum yngri er 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20:00, öðrum en sérstökum unglingaskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Forstöðumönnum dansleikja er skylt að fylgjast með því að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

Eftir kl. 20:00 er ungmennum yngri en 18 ára óheimill aðgangur og dvöl á veitingahúsum, sem hafa leyfi til vínveitinga, nema í fylgd með forráðamönnum. Veitingaleyfishafa er skylt að gæta þess, að ákvæði þetta sé haldið að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til vínveitinga til lengri eða skemmri tíma.

Þeir sem hafa forsjá eða forráð barna og ungmenna skulu gæta þess að ákvæði þessarar greinar séu ekki brotin. Þá má einnig beita sakhæf ungmenni viðurlögum fyrir brot á þessum ákvæðum. Útdráttur úr ákvæði þessarar greinar skal hanga á áberandi stað á öllum almennum veitingahúsum og samkomustöðum og öðrum þeim stöðum, sem félagsmálaráð telur þörf á. Félagsmálaráð ásamt lögreglu sér um að þessu sé framfylgt.

Bannað er að unglingar innan 18 ára aldurs starfi á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Þegar þannig stendur á, getur lögreglustjóri sett til bráðabirgða strangari reglur um útivist banra allt að 16 ára aldri.

Þegar börnum og ungmennum er bannaður aðgangur að þeim skemmtunum, sem að ofan greinir, skal miða aldur þeirra við fæðingarár en ekki fæðingardag.

40. gr.

Óheimilt er að sýna opinberlega, stilla út í sýningarglugga eða á annan hátt að birta myndir, sem að dómi félagmálaráðs eru siðspillandi. Gildir þetta um ljósmyndir, veggauglýsingar eða kvikmyndir og getur lögreglustjóri eða félagsmálaráð bannað sýningu þeirra eða takmarkað aðgang við ákveðinn aldur. Að öðru leyti gilda ákvæði laga um vernd barna og ungmenna, eftir því sem við á.

VIII. KAFLI

**Um samgang við skip.**

41. gr.

Slökkviliðstjóri getur takmarkað samgang við skip sem flytja eldfim efni svo sem olíuskip.

IX. KAFLI

**Almenn ákvæði um hreinlæti og þrifnað.**

42. gr.

Á almannafæri, innan hafnarinnar og í fjörum má eigi kasta hræjum, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi né öðru slíku og ekki skilja neitt slíkt þar eftir. Eigi má heldur á þessum stöðum brjóta flöskur, fleygja eða skilja eftir grjót, mold, möl, sand, slor, ösku, járnarusl, víra, bréf, ávaxtahýði, úrgangssalt, múrbrot, spýtnabrak, bílhræ eða yfirleitt nokkuð það, þótt eigi sé hér með talið sérstaklega, sem valdið getur óheilnæmi, óþrifnaði, tálmunum eða óprýði.

Aðeins er heimilt að henda mold, grjóti, sorpi og úrgangi á staði, sem til þess eru ætlaðir og bæjaryfirvöld vísa á til þeirra nota.

Hver kyns taka og tilfærsla jarðefna eða annað jarðrask svo sem taka á grjóti eða sandi, er óheimil í bæjarlandinu nema með samþykki bæjaryfirvalda.

43. gr.

Tunnur eða öllu ílát með sorpi, slori eða því um líku má ekki láta standa á almannafæri né heldur hafa nokkuð laust eða í ílátum, sem ódaun leggur af eða óþrifnaði veldur.

Þeir sem flytja vörur, fisk, fiskúrgang og annað um götur bæjarins skulu gæta þess vandlega, að fluningstæki séu þannig gerð og hleðslu þannig háttað, að ekki valdi óþrifnaði.

Fokgjörn efni má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum, vel þéttum. Ef eitthvað losnar af við flutninginn, fermingu eða affermingu, skal sá er flytur skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

Pallbifreiðar skulu þannig útbúnar, að auk skjólborða sé traustur gafl eða vör á enda pallsins, þegar flutt eru efni eða varningur, sem hætt er við að hrynji úr.

44. gr.

Eigendur verslana og söluturna skulu annast hreinsun á öllu rusli, sem til fellur af rekstrinum, a. m. k. daglega. Þeir skulu koma upp sorpkössum og tæma þá. Þeir skulu ganga tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl, sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

45. gr.

Öllum er skylt að ganga vel og þrifalega um áningastaði sína og tjaldstæði eða þar sem þeir koma saman á víðavangi hvar sem er innan bæjarlandsins. Ber að hreinsa vandlega slíka staði af öllu rusli, áður en staður er yfirgefinn og grafa ruslið vandlega niður eða flytja það burt. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á slíkum stöðum.

Óheimilt er að kveikja elda eða brenna rusli eða sorpi innan bæjarins, nema með leyfi lögreglustjóra.

46. gr.

Flöskur má aldrei brjóta á almannafæri eða víðavangi. Bannað er að eyða eða spilla gróðri á víðavangi. Óheimilt er að brenna sinu nema með leyfi lögrelgustjóra og skal leyfið aðeins veitt á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí.

47. gr.

Banna er að setja upp girðingar, sem geta valdið vegfarendum hættu eða óþægindum, t. d. úr gaddavír eða öðrum slíkum efnum.

Skylt er hús- eða lóðareigendum að halda vel við girðingum umhverfis lóðir sínar og sjá um, að haldið sé hreinum portum og annarri óbyggðri lóð í kringum hús þeirra.

Enginn má fleygja sorpi eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða stuðla að því, að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt, skal flytja óhreinindin tafarlaust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindi berist af lóð hans.

Eiganda eða umráðamanni húss eða mannvirkis er skylt að halda eigninni vel við, hreinni og snyrtilegri, svo og tilheyrandi lóð og girðingum.

Óheimilt er að geyma hvers kyns drasl, ógangfærar bifreiðar, bílhræ og því um líkt á lóðum, þannig að það snúi að almannafæri.

Óheimilt er að geyma hjólhýsi, báta eða óskrásettar bifreiðar á bifreiðastæðum bæjarins, við götur eða almannafæri. Lögreglu eða bæjaryfirvöldum er heimilt að fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni almennri áskorun, sem birt er í bæjar- eða dagblöðum.

Að undangenginni almennri auglýsingu bæjaryfirvalda er heimilt að framkvæma lóðahreinsun á kostnað eiganda eða umráðamanns. Hreinsunardeild bæjarins er heimilt að halda hlutum, sem fjarlægðir voru til tryggingar því að hreinsunarkostnaður á lóðinni verði greiddur. Bæjarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verður á hlut við framangreinda hreinsun.

Auk ákvæða þessa kafla gilda ákvæði heilbrigðisreglugerðar, eftir því sem við á.

## X. KAFLI
## Um búfjárhald, hundahald o. fl.

48. gr.

Búfjárhald (nautgripa-, hrossa-, svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt) er óheimilt í landi kaupstaðarins, nema með sérstöku leyfi bæjarráðs og með skilmálum, sem það setur.

Að öðru leyti vísast til reglugerðar um búfjárhald í Neskaupstað um skilyrði fyrir leyfi til búfjárhalds.

49. gr.

Hundahald er bannað í Neskaupstað að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki samkvæmt læknisráði. Þó er bæjarstjórn heimilt að veita undanþágur til hundahalds.

Reglur og skilyrði fyrir leyfi til hundahalds eru í sérstakri samþykkt um hundahald í Neskaupstað.

XI. KAFLI
**Um staðgildi samþykktarinnar, gildistöku, hegningarákvæði, kostnað o. fl.**

50. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Neskaupstaðar.

51. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu sektir renna í ríkissjóð. Hagnað af broti, sem enginn á löglegt tilkall til, má gera upptækan í ríkissjóð.

52. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem skylda hans er að framkvæma skv. samþykktinni má lögreglustjóri láta framkvæma það eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra að vanrækslan valdi tjóni.

Kostnaður við þetta og kostnaður sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjóri gerir til þess að hindra brot gegn samþykktinni, greiðist af brotamanninum eða ef hann er eigi um það fær, úr ríkissjóði.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað nr. 103 28. október 1930, ásamt síðari breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1985.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

24. desember 1985 Nr. 485

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.**

1. gr.

Við 6. gr., b-stafllið bætist nýr töluliður XIV, er hljóði svo:

Flunitrazepamum: Hámarksmagn á lyfseðli 100 mg. (Dæmi: Rohypnol 1 mg, 100 töflur).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. desember 1985.*

F. h. r.
**Jón Ingimarsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Áshildarsjóð, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 19. desember 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Áshildarsjóð.**

Í samræmi við viljayfirlýsingu í erfðaskrá Guðmundu heitinnar Guðmundsdóttur, nnr. 3018-5234, Kleppsvegi 28, Reykjavík, sem sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn Hörð Ásgeirsson, nnr. 4461-8516, er stofnað til sjóðs um andvirði dánarbús þeirra með eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Áshildarsjóður.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2 872 172,22 sem haldast skal óskert. Sjóðurinn skal ávallt ávaxta með sem bestum hætti.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé hans og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

4. gr.

Megintilgangur sjóðsins er stuðningur við starfsemi í þágu vangefinna á Íslandi. Meðan Áshildur dóttir Guðmundu og Harðar heitinna lifir, skal eftir þörfum verja allt að helmingi sjóðtekna til framfærslu hennar, en að öðru leyti skulu tekjur sjóðsins renna til starfs í þágu vangefinna. Að Áshildi látinni skal öllum tekjum sjóðsins varið í samræmi við greindan höfuðtilgang hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir þrír menn: Ebenezer Ásgeirsson, Öldugötu 16, Reykjavík, skv. tilnefningu Guðmundu heitinnar í erfðaskrá og er hann formaður. Magnús Kristinsson, Akraseli 24, Reykjavík, skv. tilnefningu Styrktarfélags vangefinna. Gísli Steinsson, Goðalandi 5, Reykjavík, eftir tilnefningu tveggja fyrrnefndra stjórnarmanna.

6. gr.

Sjóðsstjórn semur reikninga sjóðsins árlega og skulu þeir endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

# REGLUR

## um tóbaksvarnir á vinnustöðum.

1. gr.

**Markmið og gildissvið.**

1.1. Markmið reglna þessara er að tryggja að starfsmenn, sem ekki reykja, verði ekki fyrir skaða og óþægindum af völdum tóbaksreyks á vinnustað sínum.

1.2. Reglurnar gilda um atvinnuhúsnæði, sem ekki eru sérstök ákvæði um í 9. og 10. gr. laga nr. 74/1984. Reglurnar gilda um þann hluta slíks húsnæðis sem sérstaklega er ætlaður starfsfólki og ekki fellur undir takmarkanir á reykingum vegna aðgangs almennings sbr. 1. mgr. 9. gr. sbr. og 2. og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 74/1984.

1.3. Um grunnskóla, dagvistir barna, heilsugæslustöðvar, sjúkrahús og um húsakynni ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa gilda sérstakar reglur sbr. 10. gr. laga nr. 74/1984.

2. gr.

**Takmörkun á tóbaksreykingum í atvinnuhúsnæði.**

2.1. Vinni starfsmaður einn í herbergi getur hann, að höfðu samráði við vinnuveitanda, ákveðið hvort reykt sé þar, en taka skal hann tillit til þeirra sem eiga þangað erindi.

2.2. Í vinnurými, þar sem tveir eða fleiri starfsmenn vinna eru tóbaksreykingar óheimilar, nema skv. samkomulagi starfsmanna og vinnuveitenda og skal þannig frá málum gengið að reykingar valdi ekki óþægindum fyrir þá sem ekki reykja.

2.3. Í kaffi- og matstofum má heimila reykingar á sérstökum afmörkuðum svæðum, samkvæmt samkomulagi stjórnenda og starfsmanna. Þar sem því verður við komið skal húsnæði skipt þannig að annars vegar séu reykingar leyfðar en hins vegar ekki. Þannig skal frá málum gengið að reykur berist ekki yfir á reyklausa svæðið.

2.4. Í fundarherbergjum er óheimilt að reykja, nema með samþykki allra viðstaddra.

2.5. Í lyftum eru tóbaksreykingar óheimilar.

2.6. Séu tóbaksreykingar leyfðar í búnings- og fataherbergjum, snyrtiherbergjum og salernum og á göngum og í forstofu sem ekki eru ætluð almenningi til notkunar skal haga þeim samkvæmt samkomulagi starfsmanna og vinnuveitenda. Sé almenningi jafnframt ætlaður aðgangur að snyrtiherbergjum og salernum, göngum og forstofu er óheimilt að reykja þar.

2.7. Forráðamenn húsnæðis, sem almenningur hefur aðgang að, en ekki fellur undir 9. og 10. gr. laga nr. 74/1984 um sérstaka takmörkun á tóbaksreykingum, geta sjálfir ákveðið að takmarka reykingar í húsnæðinu, sbr. 11. gr. laga nr. 74/1984.

2.8. Að öðru leyti en því sem greinir hér á undan fer um reykingar á vinnustöðum skv. samkomulagi starfsmanna og stjórnenda.

2.9. Ágreining, sem upp kann að koma um framkvæmd þessarar greinar skal leitast við að leysa innan vinnustaðanna sjálfra, með viðræðum vinnuveitenda og þeirra starfsmanna sem í hlut eiga.

3. gr.

**Merkingar.**

3.1. Þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar skal það gefið til kynna með merkingum eða á annan greinilegan hátt.

4. gr.

**Loftræsting.**

4.1. Þar sem tóbaksreykingar eru leyfðar skal vera fullnægjandi loftræsting.

5. gr.
**Eftirlit og viðurlög.**

5.1. Telji starfsmaður reglur þessar brotnar og náist ekki að leysa ágreining sbr. 2. gr. 9. tl. getur viðkomandi kært það til öryggistrúnaðarmanns eða öryggisnefndar á viðkomandi vinnustað. Sætti starfsmaður sig ekki við úrlausn getur hann skotið málinu til vinnueftirlits ríkisins. Að öðru leyti fer um brot gegn reglum þessum skv. lögum nr. 74/ 1984.

5.2. Vinnueftirlit ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Vinnueftirlit ríkisins og Hollustuvernd ríkisins geta þó gert með sér samkomulag um það að heilbrigðisnefndir annist eftirlitið á tilteknum vinnustöðum, að höfðu samráði við þær.

6. gr.
**Gildistaka.**

6.1. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. laga nr. 74/1984, um tóbaksvarnir, og að höfðu samráði við Vinnueftirlit ríkisins, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 488 30. desember 1985

# AUGLÝSING

**um tollmeðferð á upprunavörum í viðskiptum Íslands, Portúgal og Spánar.**

Frá og með 1. janúar 1986 ganga Portúgal og Spánn í Efnahagsbandalag Evrópu. Frá sama tíma falla úr gildi fríverslunarsamningar EFTA-landanna og Spánar og aðild Portúgal að EFTA.

Samningaviðræður um bókun við fríverslunarsamning Íslands og EBE varðandi aðlögunartíma vegna aðildar Portúgal og Spánar að EBE er enn ekki lokið. Erindaskipti milli Íslands og EBE hafa hins vegar farið fram þar sem samkomulag er um að óbreytt ástand haldist í viðskiptum Íslands við Portúgal og Spán á tímabilinu 1. janúar til og með 28. febrúar 1986.

Með vísan til framanritaðs svo og 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum tilkynnist hér með að tollmeðferð upprunavara frá Portúgal og Spáni svo og tollmeðferð vegna útflutnings íslenskra upprunavara til þessara landa skal haldast óbreytt til og með 28. febrúar 1986 samkvæmt ákvæðum auglýsinga nr. 267/1980 og 680/1980 með síðari breytingum.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1985.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Sigurgeir A. Jónsson.*

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Bolungarvík.**

## I. KAFLI.

**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.

**Hafnarsvæðið.**

1.1. Hafnarsvæði Bolungarvíkurhafnar er fyrir mest allri strandlengju Bolungarvíkur og er nánar lýst þannig:

1.2. Takmörk á sjó eru:
Bein lína sem hugsast dregin úr Ófærukletti (innst á Stigahlíð) í Hólatá.

1.3. Takmörk á landi eru:
Strandlengjan, miðað við kambbrún, frá Bug að suðurmörkum húslóðar Hafnargötu 108 og þaðan austurkantur Hafnargötu að Hólsárbrú (neðri). Frá Hólsárbrú norðurkantur Grundarstígs að Síldar- og fiskimjölsverksmiðju, lína meðfram henni til norðurs í kambbrún og þaðan strandlengjan að Ós.

1.4. Landsvæði hafnarinnar skiptist í:
— Varnargarða og bryggjur.
— Farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
— Götur.
— Útgerðar-, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

**Stjórn hafnarinnar.**

2.1. Bolungarvíkurkaupstaður er eigandi hafnarinnar. Bæjarstjórn fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2. Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði bæjarstjórnar. Hafnarstjórn skal skipuð fimm fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, og jafnmörgum til vara. Minnst einn aðalmanna í hafnarstjórn skal eiga sæti í bæjarstjórn.
Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og bæjarstjórnar.

2.3. Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga bæjarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarnefnd með málfrelsi og tillögurétt.

2.4. Hafnarstjórn kýs sér formann og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

**Hlutverk og valdssvið hafnarstjórnar.**

3.1. Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn til staðfestingar. Hafnarstjórn skal leita staðfestingar bæjarstjórnar á lántökum og öðrum fjárhagsskuldbindingum.

3.2. Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:
— Ráðningu fastra starfsmanna sbr. 5. gr.
— Rekstur hafnarinnar svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ. m. t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar sem leigt er til skamms tíma.

— Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefir vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða fyrir starfsemi er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til bæjarstjórnar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir bæjarstjórn.
Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp né dýpka út frá landi nema leyfi hafnarstjórnar og/eða bæjarstjórnar komi til. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu með byggingu mannvirkja sem undanþegin eru ákvæðum byggingalaga nr. 54/1978.

4. gr.

**Hlutverk hafnarstjóra.**

4.1. Hafnarstjóri er skipaður af bæjarstjórn að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn, veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og bæjarstjórn upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hans. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2. Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnarlaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og bæjarstjórnar.

4.3. Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.

**Aðrir starfsmenn hafnarinnar.**

5.1. Hafnarstjórn ræður aðra fasta starfsmenn hafnarinnar en hafnarstjóra. Vikukaupsmenn og fólk til afleysinga ræður hafnarstjóri.

5.2. Hafnarstarfsmenn sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmönnum hafnarinnar getur hann kært það fyrir hafnarstjóra en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI

**Umferð skipa.**

6. gr.

**Skilgreining á skipi.**

6.1. Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far sem nota má sem flutningatæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.

**Almennar reglur við komu og brottför.**

7.1. Við komu og brottför að degi til skulu skip önnur en íslensk fiskiskip hafa þjóðfána við hún.

7.2. Þjónusta við skip svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Bolungarvíkurhafnar.

7.3. Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3 klst. fyrirvara.

7.4. Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa skipaþjónustu eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:

— Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
— Nafn skipstjóra.
— Stærð áhafnar og fjölda farþega.
— Tegund og magn farms.
— Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG-flokkun) og magn.
— Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
— Nafn umboðsmanns.

7.5. Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.

**Umferð um höfnina.**

8.1. Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju.
Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2. Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3. Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4. Sérhvert skip sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5. Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.

**Skip í viðlegu.**

9.1. Skip telst í viðlegu er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ. m. t. utan á öðru skipi eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2. Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3. Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt getur hann krafist að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4. Þegar búið er að leggja skipi við bryggju má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra en skyldur er skipstjóri að flytja skipið ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip sem ekki er verið að lesta eða losa eða eru ekki í rekstri mega aldrei liggja svo í höfninni að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5. Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6. Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

**Skip í lægi.**

10.1. Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2. Skipum sem leggja skal í lægi má aðeins leggja á þeim stöðum er hafnarstjóri leyfir. Skipunum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins.

Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaust í lægi skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað og ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er.

Áður en skipstjóri fer af skipinu skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann sem búsettur sé í Bolungarvík sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim en skipseigandi greiði allan kostnað sem af því leiðir.

## III. KAFLI

## Afnot hafnarvirkja og landsvæða.

### 11. gr.

### Lestun og losun, almennt.

11.1. Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2. Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3. Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4. Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er þó hafnarstjóra heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5. Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6. Þeir munir eða vörur sem skipað er upp eða láta á í skip mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni sem geymdir eru í óleyfi burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7. Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt getur hafnarstjóri stöðvað verkið uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.

11.8. Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um lestun eða losun láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka sem notuð hefur verið. Farist það fyrir skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

### 12. gr.

### Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

12.1. Skip sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu mega ekki leggjast að bryggju fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess.

Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningaskyldan nær til efna sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code), flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: Púður, dýnamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoníumnítrat, natriumklorat.

12.2. Losun á vöru sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip hefur lagst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast og skal skip láta úr höfn strax að lestun lokinni.

Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3. Skylt er að hafa öryggisvörð við skip sem lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka þar sem tryggast er talið.
Varningur skal geymdur á svæði sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðum.
Skip sem flytja eldfim efni skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B), á framsiglu en á nóttunni rautt ljósker. Í skipum sem flytja eldfim efni má eigi kveikja eld eða ljós nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI
## Um hafnargjöld í Bolungarvík.
### 13. gr.
### Um hafnargjöld.

13.1. Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI
## Ýmis ákvæði.
### 14. gr.
### Löggæsla á hafnarsvæði, umferð og fleira.

14.1. Lögreglan í Bolungarvík hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2. Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga er bannað að dvelja á landi hafnarinnar ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði.
Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3. Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4. Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjárlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5. Hafnarstjóra skal þegar tilkynnt um allt það sem bjargað er í höfninni en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

15. gr.

**Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.**

15.1. Ef skip lendir á grynningum eða sekkur þar sem það að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar skal færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2. Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

**Varnir gegn mengun og óþrifnaði.**

16.1. Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2. Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3. Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem mengun veldur.

Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari verði óhapp, m. a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

**Beiðni um og skilyrði fyrir þjónustu.**

17.1. Allir þeir sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi.

Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

18. gr.

**Hverjum gefa skal fyrirmæli.**

18.1. Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

**Um skaðabótaskyldu.**

19.1. Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum.
Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur má ákveða þær af tveimur dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats en gera skal það áður en 1 mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 3 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats ef það gengur honum ekki í vil.

19.2. Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur sbr. 38. gr. hafnarlaga.

20. gr.

**Brot, sektarákvæði og meðferð mála.**

20.1. Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.
Sektirnar renna í hafnarsjóð Bolungarvíkur. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar sbr. 39. gr. hafnarlaga.

20.2. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.
Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Bolungarvík, nr. 284/1972, sbr. nr. 137/1975.

*Samgönguráðuneytið, 20. desember 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

Nr. 490 30. desember 1985

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Reykjahlíðar.**

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa, og eru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| a) Fastagjald á ári fyrir hvert hús | kr. | 7 128,00 |
| b) Vatnsgjald á ári pr.m$^3$ húss | kr. | 30,84 |

Þó skal reikna hálft gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.

Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| | | |
|---|---|---|
| Hús allt að 400 m$^3$ | kr. | 101 808,00 |
| Hús 400—2000 m$^3$: | | |
| Fyrir 400 m$^3$ | kr. | 101 808,00 |
| og á hvern rúmmetra þar yfir | kr. | 87,96 |
| Hús stærri en 2000 m$^3$: | | |
| Fyrir 2000 m$^3$ | kr. | 242 928,00 |
| og á hvern rúmmetra þar yfir | kr. | 70,44 |

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 6 437,00

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk 480,00 kr. í hvert skipti.

6. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 433 14. nóvember 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Blönduóss.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Blönduóss selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Blönduósi eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð um hitaveitu og hitalagnir á Blönduósi.

2. gr.

Hitaveita Blöndóss lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | 75,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín. l. í hámarks stillingu hemils | 878,00 |
| c. Vatnsgjald um rennslismæli fyrir hvern rúmmetra vatns | 43,30 |

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranavatnslögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sér skammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

| | |
|---|---|
| A | 1,00/1,0 |
| B | 0,95/1,3 |
| C | 0,90/1,7 |
| D | 0,85/2,8 |

Vatnsskammtur notanda (gjaldsskammtur) er í þessu tilviki reiknaður 1,0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin mánaðarlega og skulu þau greiðast til þeirra innheimtustofnana, sem sveitarstjórn ákveður. Gjalddagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan 20 daga frá útgáfu reiknings er heimilt að reikna dráttarvexti eins og þeir eru ákveðnir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (utanmál) | Heimæðargjald | | |
|---|---|---|---|
| Allt að 300 $m^3$ | 45 021,00 kr. | | |
| 300— 2 000 $m^3$ | 45 021,00 kr. | fyrir 300 $m^3$ | og 41,30 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000— 6 000 $m^3$ | 115 350,00 kr. | fyrir 2 000 $m^3$ | og 32,90 kr/$m^3$ þar yfir |
| 6 000—10 000 $m^3$ | 246 763,00 kr. | fyrir 6 000 $m^3$ | og 26,80 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 10 000 $m^3$ | 353 839,00 kr. | fyrir 10 000 $m^3$ | og 23,10 kr/$m^3$ þar yfir |

Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er kr. 4 867,00.

8. gr.

Gjöld samkvæmt 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunni heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með minnst 5 daga fyrirvara.

Lokunargjald er jafnvirði 1 mínútulítra af heitu vatni, á þeim tíma sem lokunartilkynning er send út, nú kr. 878,00.

Hitaveita Blönduóss hefur rétt til að krefja notanda um innheimtugjald, er nemi hálfu lokunargjaldi, vegna undirbúnings að lokun vegna vanskila. Gjald þetta gjaldfellur fari lokunarmaður á vettvang og afhendi þar skriflega tilkynningu um lokun án þess að til lokunar hafi komið.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Blönduóss skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 281 17. júlí 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Akraness.

### Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

| Númer gjald-skrárl. | Heiti gjaldskrárliða | Orku-verð kr./kWh. | Árs-greiðslur kr. | |
|---|---|---|---|---|
| | **A — Almenn notkun.** | | | |
| A | Með fastagjaldi | 5,72 | 1 610,00 | |
| | **B — Heimilisnotkun o. fl.** | | | |
| B1. | Heimilisnotkun | 4,14 | 1 610,00 | |
| B2. | Mannvirkjagerð og Akraneshöfn | 7,31 | 2 530,00 | |
| | **C — Vélanotkun.** | | | |
| C1. | Með fastagjaldi | 5,72 | 1 610,00 | |
| C3. | Stórnotkun (Afltaxti) | 1,42 | 4 950,00 | kr./kW |
| | Fastagjald | | 17 250,00 | /ár. |
| | **D — Húshitun.** | | | |
| D1. | Án rofs | 2,53 | 1 700,00 | |
| D2. | Rof 1,5 klst. á dag | 1,37 | 1 700,00 | |
| D3. | Rof 2,5 klst. á dag | 1,24 | 1 700,00 | |
| D5. | Rof 14,5 klst. á dag | 0,71 | 1 700,00 | |
| D6. | Sumarh. rof 3 klst. á dag | 0,92 | 1 700,00 | |
| D7. | Rof breytilegt | 1,15 | 1 700,00 | |
| | **E — Annað.** | | | |
| E1. | Sérsamningar | | | |
| E2. | Gatna- og hafnarlýsing | 17 853,00 kVa/ár. | | |
| E3. | Lokun og enduropnun veitu | 725,00 | | |
| | **Mæla og rofaleiga.** | | | |
| 10 | Einfasa | | 280,00 | |
| 11 | Einfasa með liða | | 1 480,00 | |
| 20 | Þrífasa | | 1 090,00 | |
| 21 | Þrífasa með liða | | 2 300,00 | |
| 24 | Þrífasa með str.sp. | | 2 800,00 | |
| 30 | Þrífasa með aflmæli | | 1 750,00 | |
| 31 | Þrífasa með aflmæli og str.sp. | | 3 430,00 | |
| 32 | Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar | | | |

**Ákvæði og skýringar með töflu 1.**

A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.

B2. Til véla- og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaðri flutningsgetu tengla er verða 3×32 A. og 3×50 A. 220 V.

C3. Til atvinnutækja með meira en 40kW. ársafl. Gjaldstofn aflgjalds úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxta, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

**Hitanotkun.**

D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:
 a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
 b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
 c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
 d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
 e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
 f. að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
 g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofin í 14½ klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafn mikið afl órofið.

D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

**E — Annað.**

E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingakerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxta B2.
Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.

E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

**Mæla- og rofaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 28 aura fyrir hvert hundraðhlutastig eða hærri hluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark.

**Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).**

| Gjald-skrár-liður Nr. | Mál-straumur 220 V Amp. | Aðalvara 380 V kerfi Amp. | Flutnings-geta miðuð við stærð aðalvara kVa. | Tengigjald jarðstrengsh. allt að 15 m kr. |
|---|---|---|---|---|
| 2,01 | 2 × 35 | 1 × 35 | 7 | 11 500,00 |
| 2,02 | 2 × 60 | 1 × 60 | 13 | 13 800,00 |
| 2,03 | 3 × 60 | | 22 | 16 000,00 |
| 2,04 | 3 × 100 | 3 × 60 | 38 | 23 500,00 |
| 2,05 | | 3 × 100 | 66 | 34 200,00 |
| 2,06 | 2 × 200 | | 76 | 38 000,00 |
| 2,07 | 3 × 350 | 3 × 200 | 132 | 60 000,00 |
| 2,08 | | 3 × 350 | 231 | 97 000,00 |
| 2,09 | Bráðabirgðarheimtaug | | 1 × 35 Amp. | 4 300,00 |
| 2,10 | Bráðabirgðarheimtaug | | 3 × 35 Amp. | 8 500,00 |
| 2,11 | Bráðabirgðarheimtaug | | 3 × 60 Amp. | 14 400,00 |
| 2,12 | Tenging v/Akranesh. | | | 550,00 |

**Tafla 3. Tenging við veitukerfið.**

| Gjaldskrárliður Nr. | Stærð spennis kVa | Kr. |
|---|---|---|
| 3,01 | 150 | 80 000,00 |
| 3,02 | 300 | 150 000,00 |
| 3,03 | 500 | 240 000,00 |
| 3,04 | 600 | 280 000,00 |
| 3,05 | 800 | 370 000,00 |

**Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.**

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðamörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 m. Þannig: $Yj = (520{,}00 + 0{,}52 \times kVa)$ kr./m og yfirlengd loftlínu umfram fyrstu 30 m. $Yj = (350{,}00 + 0{,}35 \times kVa)$ kr./m að viðbættum kr. 6 200,00 á hvern stólpa umfram línu.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.

e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er aðeins gild að fengnu samþykki iðnaðarráðuneytisins. Sölugjald 25% og verðjöfnunargjald 16% samkvæmt lögum er innifalið í rafmagnsgjöldum samkvæmt töflu 1 í gjaldskrá þessari, nema liður D (rafhitun), sem er undanþeginn gjöldum þessum.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 38 17. janúar 1985.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. desember 1985.*

**Albert Guðmundsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 493 23. desember 1985

# GJALDSKRÁ

**fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins.**

1. gr.

Gjöld fyrir veitta þjónustu vegna gerlarannsókna fyrir heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaga er kr. 500,00 fyrir hvert sýni.

2. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu skulu vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár annarra opinberra rannsóknastofnana.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1986.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. desember 1985.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# SAMÞYKKTIR

## fyrir FJÖLÍS.

### 1. Tilgangur og viðfangsefni.

1.1. FJÖLÍS er hagsmunafélag samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttaverndar og nýtt eru með ljósritun eða annarri hliðstæðri eftirgerð rita. FJÖLÍS hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimili FJÖLÍS og varnarþing er í Reykjavík.

1.2. FJÖLÍS hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi vð tilgang sinn:

1. Safnar upplýsingum og gerir tillögur um aðgerðir til að bæta hagsmuni rétthafanna.
2. Innheimtir og skiptir á greiðslum sem inntar eru af hendi sem endurgjald fyrir ljósritun eða aðra hliðstæða eftirgerð.
3. Annast skipti á greiðslum við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
4. Samhæfir kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og semur fyrir þau á þessu sviði.

1.3. Aðildarfélagi er ekki skylt að fela FJÖLÍS neina aðra hagsmunagæslu en samninga um og innheimtu á endurgjaldi fyrir afnot verndaðra verka í skólum með ljósritun eða á annan hliðstæðan hátt.

### 2. Aðild.

2.1. Sérhvert félag sem umboð hefur til að gera samninga fyrir félagsmenn sína um samþykki og skilyrði fyrir fjölföldun getur sótt um aðild að FJÖLÍS. Rétt til inngöngu í félagið eiga hagsmunasamtök og stofnanir sem réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra verka sbr. grein 1.1., enda sé um verulega hagsmuni að ræða. Fulltrúaráðsfundir fjalla um aðildarumsóknir og þarf samþykki ⅔ aðildarfélaga til að öðlast inngöngu. Synjun fulltrúaráðs á aðildarumsókn má skjóta til gerðardóms sbr. grein 5.2.

2.2. Úrsögn skal tilkynna með minnst 6 mánaða fyrirvara miðað við áramót. Aðili sem tilkynnt hefur úrsögn verður ekki bundinn af samningum FJÖLÍS á úrsagnartímabilinu.

### 3. Skipulag.

3.1 Hvert aðildarfélag tilnefnir einn aðalmann og einn til vara í fulltrúaráð FJÖLÍS. Varamenn hafa rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Aðildarfélögin tilkynna FJÖLÍS skriflega um fulltrúa sína. Tilkynning gildir þar til hún er afturkölluð skriflega.

3.2. Aðalviðfangsefni fulltrúaráðsins eru þessi:

1. að ákveða í aðalatriðum starf og stefnu FJÖLÍS skv. 1. kafla og þarf ¾ atkvæða til ákvarðana.
2. að hafa eftirlit með starfsemi félagsins.
3. að velja stjórn fyrir FJÖLÍS.

3.3. Fulltrúaráðið skal koma saman a. m. k. tvisvar á ári. Halda skal annan fundinn í aprílmánuði og er hann aðalfundur FJÖLÍS. Á aðalfundi skal taka fyrir:
1. skýrslu stjórnar.
2. afgreiðslu endurskoðaðra reikninga.
3. kosningu formanns fulltrúaráðsins.
4. tilnefningu stjórnar og varamanna.
5. kosningu tveggja endurskoðenda.
6. önnur mál.

Fulltrúaráðið skal einnig koma saman á hausti hverju eigi síðar en 1. desember. Sá fundur skal fjalla um fjárhagsáætlun næsta árs. Fulltrúaráðið kemur annars saman þegar stjórnin, endurskoðendur eða a.m.k. þrjú aðildarfélög óska þess.

3.4. Fulltrúaráðið skal boða til fundar með skriflegu fundarboði með minnst 2 vikna fyrirvara. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. febrúar ár hvert.

3.5. Fundinum stjórnar formaður fulltrúaráðsins. Á fulltrúaráðsfundi verður ekki ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði. Ákvarðanir skulu teknar með meirihluta atkvæða, sé annað ekki sérstaklega ákveðið. Halda skal fundargerð.

3.6. Stjórn samtakanna skipa í upphafi fjórir menn og fjórir varamenn þeirra, en þeim skal síðan fjölga í sjö eftir því sem aðildarfélögunum fjölgar. Hvert aðildarfélag skal tilnefnda einn aðalmann og varamann hans. Þegar aðildarfélögin eru orðin fleiri en sjö skulu þau félög er mestra hagsmuna hafa að gæta tilnefna hvert sinn mann í stjórn ásamt varamanni hans, en hin aðildarfélögin kjósi sín á milli um tvo fulltrúa til viðbótar. Stjórnin velur sér formann og varaformann.

3.7. Stjórnin stýrir starfsemi FJÖLÍS. Formaður boðar til stjórnarfunda með 7 daga fyrirvara. Boða má til stjórnarfunda að ósk eins stjórnarmanns. Fundarboð skal vera skriflegt og þar greint fundarefni. Senda skal fundarboð til stjórnarmanna og ennfremur til fulltrúaráðsins og aðildarfélaganna.

3.8. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund eða varamenn þeirra. Meirihluta atkvæða þarf til allra ákvarðana. Atkvæði formanns ræður þegar atkvæði eru jöfn. Rita skal fundargerðir á stjórnarfundum og senda afrit af þeim jafnóðum fulltrúaráði og aðildarfélögum.

3.9. Stjórnin skipuleggur skrifstofu FJÖLÍS og veitir umboð.

3.10. Stjórnarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt í fulltrúaráðinu. Sá sem annast daglega framkvæmdastjórn hefur einnig málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum.

### 4. Meðferð fjármála.

4.1. Fé sem FJÖLÍS innheimtir skal varðveita, skipta og leggja til hliðar samkvæmt samþykktum þessum og þeim meginreglum sem fulltrúaráðið ákveður.

4.2. Samkvæmt ákvörðun í fjárhagsáætlun skal leggja til hliðar af tekjum ákveðna fjárhæð til að greiða rekstrarkostnað FJÖLÍS vegna hvers viðfangsefnis fyrir sig.

4.3. FJÖLÍS ábyrgist allar kröfur sem fram kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar eða höfundaréttarsamtökum sem standa utan FJÖLÍS og réttmætt tilkall eiga til greiðslu fyrir ljósritun verndaðra rita í skólum. Í þessu skyni skal leggja í varasjóð 10% af vergum tekjum FJÖLÍS. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 500 000 miðað við núverandi verðlag falla greiðslur til hans niður. Sé gengið á höfuðstól sjóðsins skulu greiðslur til hans hefjast á ný skv. sömu reglum.

4.4. Greiðslur, sem fallnar eru í gjalddaga, skal innheimta þegar í stað. Endurgjaldi fyrir afnot skal skipta eins fljótt og unnt er. Eftir að lagt hefur verið til hliðar vegna rekstururskostnaðar, skal greiða það sem eftir er þeim aðildarfélögum sem rétt eiga til fjárins í þeim mæli sem félögin eru sammála um skiptinguna. Hafi stjórnin gert samþykkt um skiptingu milli aðildarfélaganna skal ekki inna greiðslur af hendi fyrr en ljóst er að ekki verður óskað gerðardóms skv. 5. kafla um skiptinguna.

4.5. Þegar aðildarfélögin eru ósammála um skiptingu á aðildarfélag rétt á að láta fulltrúa sinn gera grein fyrir málinu fyrir stjórninni.

4.6. Taki FJÖLÍS að sér önnur viðfangsefni en getur í 1.3. skal kostnaður af þeim borinn uppi af tekjum af hinum nýju viðfangsefnum og aldrei má nota tekjur af einu viðfangsefni til að greiða kostnað af öðru viðfangsefni.

## 5. Gerðardómur.

5.1. Fulltrúaráð FJÖLÍS skal koma á fót gerðardómi sem skipaður er þremur dómendum. Tveir dómenda skulu vera lögfræðingar og að minnsta kosti annar þeirra skal vera sérfróður á sviði höfundarréttar. Þriðji dómandinn skal vera kennaramenntaður með yfirsýn yfir skólamál og þekkingu á ljósritun í skólum. Skulu þeir allir skipaðir af yfirborgaradómaranum í Reykjavík til tveggja ára í senn.

5.2. Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna og milli aðildarfélaganna og FJÖLÍS um skilning á samþykktum FJÖLÍS og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð að um hann hafi áður verið fjallað í stjórninni. Gerðardómurinn skal jafnframt úrskurða í málum er lúta að synjun fulltrúaráðs á aðildarumsóknum sbr. grein 2.1. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin eða fulltrúaráðið hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa máli frá. Að öðru leyti gilda reglurnar í lögum um meðferð einkamála í héraði.

Þá skal gerðardómur fjalla um ágreiningsmál milli rétthafa utan FJÖLÍS og stjórnar um greiðslu úr varasjóði fyrir ljósritun verndaðra hugverka sbr. grein 4.3. og úrskurða í því efni, hafi ekki náðst samkomulag þessara aðila um skiptingu fjár úr varasjóði.

## 6. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

6.1. Samþykktir þessar taka gildi þegar ráðherra hefur staðfest þær.

6.2. Til breytinga á samþykktum þarf ¾ hluta atkvæða á aðalfundi, þar sem fulltrúar fyrir að minnsta kosti ⅘ hluta aðildarfélaganna eru mættir.

6.3. Fulltrúaráðið skal slíta FJÖLÍS ef þess er krafist af ¾ hluta aðildafélaganna og krafan samþykkt á fulltrúaráðsfundi með atkvæðum að minnsta kosti ¾ hluta allra aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum FJÖLÍS til hagsbóta fyrir rétthafana.

**7. Ákvæði til bráðabirgða.**

7.1. Stefnt skal að því að ræða og taka ákvörðun um hvort FJÖLÍS skuli taka að sér gæslu annarra hagsmuna aðildarfélaganna á sviði fylgiréttinda höfundaréttinda.

7.2. Stjórn FJÖLÍS skal láta semja tillögur þar um og leggja fyrir fulltrúarráðsfund eigi síðar en þremur árum eftir stofnun félagsins.

7.3. Samþykktir FJÖLÍS skulu teknar til endurskoðunar innan þriggja ára frá gildistöku þeirra.

Í samræmi við 10. grein samnings dags. 6. maí 1983 milli menntamálaráðherra annars vegar og Blaðamannafélags Íslands, Félags íslenskra bókaútgefenda, Rithöfundasambands Íslands og Tónskáldafélags og Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar hins vegar, staðfestast ofangreindar samþykktir hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 30. desember 1985.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Knútur Hallsson.*

# HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands sæmdi eftirtalda menn heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu 1985.

## I. ÍSLENDINGAR

**1. janúar:**

Guðrún J. Halldórsdóttir, forstöðumaður, Reykjavík, riddarakross.
Gunnar M. Magnússon, rithöfundur, Reykjavík, riddarakross.
Dr. Gunnlaugur Snædal, yfirlæknir, Reykjavík, riddarakross.
Gústaf B. Einarsson, yfirverkstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Hans Kr. Eyjólfsson, dyravörður, Reykjavík, riddarakross.
Játvarður Jökull Júlíusson, bóndi, Miðjanesi í Reykhólahreppi, riddarakross.
Magnús Gestsson, safnvörður, Laugum í Hvammssveit, riddarakross.
Ólafur A. Pálsson, fv. borgarfógeti, Reykjavík, riddarakross.
Óskar Ólason, yfirlögregluþjónn, Reykjavík, riddarakross.
Sr. Sigmar I. Torfason, prófastur, Skeggjastöðum, Bakkafirði, riddarakross.
Dr. Sigmundur Guðbjarnason, prófessor, Reykjavík, riddarakross.
Sigrún Ögmundsdóttir, Suðurkoti, Grímsneshreppi, riddarakross.
Þorsteinn Jóhannesson, útgerðarmaður, Reynistað, Garði, riddarakross.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson, forseti sameinaðs Alþingis, Reykjavík, stórriddarakross.

**25. apríl:**

Árnína Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Reykjavík, riddarakross.
Björn Jónsson, deildarstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Guðlaugur Pálsson, kaupmaður, Eyrarbakka, riddarakross.
Ólafur Örn Arnarson, yfirlæknir, Reykjavík, riddarakross.
Ragnheiður Einarsdóttir, Reykjavík, riddarakross.
Sigurður G. Ísólfsson, organisti, Reykjavík, riddarakross.
Vilhelm Þorsteinsson, framkvæmdastjóri, Akureyri, riddarakross.
Þórarinn Sigurjónsson, alþingismaður, Laugardælum, Hraungerðishreppi, riddarakross.
Systir María Hildegard, fv. príórinna, Reykjavík, stórriddarakross.

**17. júní:**

Einar Sveinn Jóhannesson, skipstjóri, Vestmannaeyjum, riddarakross.
Guðmundur Vignir Jósefsson, gjaldheimtustjóri, Reykjavík, riddarakross.
Haraldur Ásgeirsson, fv. forstjóri Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins, riddarakross.

Heiðrún Soffía Steingrímsdóttir, fv. formaður Sjálfsbjargar á Akureyri, riddarakross.
Jóhann Þorvaldsson, fv. framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Jón Emil Guðjónsson, fv. framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross.
Jónas Pétursson, fv. alþingismaður, Fellabæ, N.-Múlasýslu, riddarakross.
Kristján Albertsson, rithöfundur, Reykjavík, stjarna stórriddara.
Ólafur Steinar Valdimarsson, ráðuneytisstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Sveinn Björnsson, forseti Íþróttasambands Íslands, Reykjavík, riddarakross.
Valtýr Guðjónsson, fv. bæjarstjóri, Keflavík, riddarakross.
Þorgerður Ingólfsdóttir, kórstjóri, Reykjavík, riddarakross.
Lena Verbeek, príórinna, Stykkishólmi, riddarakross.

## II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR

**25. janúar:**

Reinhard Freiherr von Schorlemer, þingmaður, Bonn, stórriddarakross.

**11. júní:**

Franco Ferretti, sendiherra Ítalíu á Íslandi, stórkross.
Louis Legendre, sendiherra Frakklands á Íslandi, stórkross.
Dr. Ian Barnett, aðalræðismaður, Sidney, riddarakross.
Kristian Ottosen, fv. formaður Norsk-islandsk Samband, Osló, stórriddarakross.

**27. júlí:**

Marshall Brement, sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, stórkross.

**9. september:**

Dr. Jörg Krieg, sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands á Íslandi, stórkross.

**16. september:**

Juan Carlos 1, konungur Spánar, stórkross með keðju.
Sofía, drottning Spánar, stórkross.
Elena de Borbón, prinsessa, Madrid, stórkross.
Cristian de Borbón, prinsessa, Madrid, stórkross.
Nicolás Cotoner, hirðstjóri, Madrid, stórkross.
Gonzalo Puigcerver, hershöfðingi, Madrid, stórkross.
Sabino Fernandez Campo, Madrid, stórkross.
Manuel Blanco, ofursti, Madrid, stjarna stórriddara.
Alberto Escudero, prótókollstjóri, Madrid, stjarna stórriddara.
Fernando Martinez Valin, ofursti, Madrid, stjarna stórriddara.
José Villegas, deildarstjóri, Madrid, stjarna stórriddara.
Fernando Gutiérrez, blaðafulltrúi, Madrid, stjarna stórriddara.
Joel Casino, ofursti, Madrid, stjarna stórriddara.
Enrique Tierno, borgarstjóri, Madrid, stórkross.
Enrique Gámez, prótókollstjóri, Madrid riddarakross.
Alfonso Pérez Sánchez, safnstjóri, Madrid, stjarna stórriddara.
Felix de la Mata, prótókollstjóri, Madrid, riddarakross.
Ramón Andrada, forstjóri, Madrid, stjarna stórriddara.
Juan Carlos de la Mata, framkvæmdastjóri, Madrid, riddarakross.

Fernando López Pardo, framkvæmdastjóri, Madrid, riddarakross.
Ricardo Medina, lögregluvarðstjóri, Madrid, stjarna stórriddara.
Felipe Bragado, fulltrúi, Madrid, riddarakross.
Joaquin Martinez-Correcher, prótókollstjóri, Madrid, stórkross.
Fernando Perpiná-Robert, ráðuneytisstjóri, Madrid, stórkross.
Mariano Berdejo, skrifstofustjóri, Madrid, stjarna stórriddara.
Alfonso de Borbón, vara-prótókollstjóri, Madrid, stjarna stórriddara.
Carlos Vinuesa, deildarstjóri, Madrid, stórriddarakross.
Juan Mazarredo, siðameistari, Madrid, riddarakross.
Antonio Escudero, fulltrúi, Madrid, riddarakross.
Fidel Fernández Rubio, læknir, Madrid, riddarakross.
Juan Durán-Loriga, sendiherra Spánar á Íslandi, stórkross.
José Antonio de Urbina, prótókollstjóri, Madrid, stórkross.
Ramon Jaudenes, aðmíráll, Madrid, stórkross.
José Antonio Cervera Madrigal, liðsforingi, Madrid, stórriddarakross.
Felipe González Márquez, forsætisráðherra, Madrid, stórkross.
Francisco Fernández Ordónez, utanríkisráðherra, stórkross.
Gregorio Peces-Barba, forseti fulltrúadeildar þingsins, Madrid, stórkross.
José Federico de Carvajal, forseti öldungardeildar þingsins, Madrid, stórkross.
Javier Ballarin, deildarstjóri, Madrid, riddarakross.
Julián Oncina, prótókollstjóri þingsins, Madrid, riddarakross.
Julio A. Blázquez, höfuðsmaður, Madrid, stórriddarakross.
José Molla, höfuðsmaður, Madrid, riddarakross.
Fernando Pérez de Sevilla, kommandant, Madrid, stórriddarakross.
Isías Peral, höfuðsmaður, Madrid, riddarakross.
Fernando Dominguez, höfuðsmaður, Madrid, riddarakross.
Carlos Valverde, undir-ofursti, Madrid, stórriddarakross.
Ambrosio Miralles, höfuðsmaður, Madrid, riddarakross.
Lucas M. Munoz Bronchales, liðsforingi, Madrid, riddarakross.
Fernando del Olmo, liðsforingi, Madrid, riddarakross.
Antonio Frías, undirliðsforingi, Madrid, riddarakross.
Ignacio Centeno, yfir-liðþjálfi, Madrid, riddarakross.
Angelo Arrogante, yfir-liðþjálfi, Madrid, riddarakross.
Jose Maria Pons, blaðafulltrúi, Madrid, stórriddarakross.
María Nieves Gisbert, aðstoðar-framkvæmdastjóri, Madrid, riddarakross.
Jose Salas, yfirmaður lífvarðar, Madrid, riddarakross.
Maximo Cajal, aðalritari stjórnmáladeildar spænska utanríkisráðuneytisins, Madrid, stjarna stórriddara.
Luis Balaguer de Palleja, vararæðismaður, Barcelona, riddarakross.
Francisco Luis Carrera Irmia, ræðismaður, Las Palmas, riddarakross.
J. L. Miralles Celant, vara-ræðismaður, Palma de Mallorca, riddarakross.

**20. september:**

Cornelis Petrus van Muyden, skrifstofustjóri, Rotterdam, riddarakross.

**28. október:**

Mathias Paneth, yfirlæknir, London, riddarakross.
Noel S. C. Rice, yfirlæknir, London, riddarakross.
George Edger Sowton, yfirlæknir, London, riddarakross.

**30. október:**

Roger Hastert, sendiherra Lúxemborgar á Íslandi, stórkross.

**1. nóvember:**

Westley McDonald, flotaforingi, Norfolk, U. S. A., stjarna stórriddara.

**5. desember:**

Björn Eidem, 2. sendiráðsritari, sendiráð Noregs á Íslandi, riddarakross.
Flemming Wiinblad, forstjóri, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

Nr. 496

# EMBÆTTI, SÝSLANIR

**1984:**

19. nóv. var Alexander D. Psychoyos skipaður kjörræðismaður Íslands í Panama.

S. d. var frú Elinor Brammer skipuð kjörræðismaður Íslands í Helsingör.

S. d. var Aage Vestergaard skipaður varakjörræðismaður Íslands í Kolding.

7. des. var Vigdís Aðalsteinsdóttir Taylor skipuð ræðismaður Íslands í Kansas City.

**1985:**

17. jan. afhenti Níels P. Sigurðsson Ólafi V. Noregskonungi trúnaðarbréf sitt, sem sendiherra Íslands í Noregi.

31. jan. afhenti Páll Ásgeir Tryggvason P. G. Gilashvili, varaforseta forsætisnefndar æðstaráðs Sovétríkjanna trúnaðarbréf sitt, sem sendiherra Íslands í Sovétríkjunum.

8. febr. afhenti Tómas Á. Tómasson Jean stórhertoga af Luxembourg trúnaðarbréf sitt, sem sendiherra Íslands í Luxembourg með aðsetur í Brussel.

13. febr. afhenti Haraldur Kröyer forseta franska lýðveldisins Francois Mitterrand trúnaðarbréf sitt, sem sendiherra Íslands í Frakklandi.

14. febr. var Robert P. Senanayake veitt lausn frá störfum sem aðalkjörræðismaður Íslands í Colombo.

20. febr. var Georg-Frank de Montenach veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Genf.

21. febr. var Helgi Gíslason skipaður til þess að vera sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. mars 1985 að telja.

1. mars lét Kjartan Ragnars, sendifulltrúi af störfum í utanríkisþjónustu Íslands fyrir aldurs sakir.

14. mars afhenti Haraldur Kröyer sendiherra Juan Carlos konungi Spánar trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands á Spáni með aðsetur í París.

1. apríl afhenti Pétur Thorsteinsson sendiherra Sukarto forseta Indónesíu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Indónesíu með aðsetur í Reykjavík.

S. d. var Sverrir Haukur Gunnlaugsson skipaður sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands.

29. apríl afhenti Páll Ásgeir Tryggvason Erich Honecker forseta þýska alþýðulýðveldisins trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í þýska alþýðulýðveldinu með aðsetur í Moskvu.

16. maí lést Sashi Bhusan Saran aðalræðismaður Íslands í Nýju Delhi.

1. júní var Alan J. Hofheimer veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Norfolk, Virginia.

13. júní var Poul Mohr skipaður kjörræðismaður Íslands í Þórshöfn í Færeyjum.

19. júní afhenti Haraldur Kröyer forseta Portúgal Antonio Dos Santos Ramhalo Eanes, trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Portúgal með aðsetur í París.

20. júní var Norman Hamilton veitt lausn frá störfum sem kjörræðismaður Íslands í Glasgow.

S. d. var Norman Hamilton jr. skipaður kjörræðismaður Íslands í Glasgow.

26. júní var Gunnar Pálsson skipaður sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

S. d. var Jón Egill Egilsson skipaður sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. júlí 1985 að telja.

5. júlí lést Jean de Gaudemar, kjörræðismaður Íslands í Marseille.

6. ágúst var Lindsay Aitken skipaður kjörræðismaður Íslands í Lerwick, Stóra-Bretlandi.

7. ágúst afhenti Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra Nikolai Ceausescu, forseta Rúmeníu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Rúmeníu með aðsetur í Moskvu.

28. ágúst var Arnór Sigurjónsson ráðinn varnarmálafulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. október 1985 að telja.

1. sept. var Kristinn Árnason ráðinn til reynslu sem sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands.

3. sept. var Sveinn Björnsson skipaður til þess að vera sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1985 að telja.

S. d. var Hjálmar W. Hannesson skipaður til þess að vera sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. september 1985 að telja.

17. sept. afhenti Tómas Á. Tómasson sendiherra Christos Sartzetakis forseta Grikklands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Grikklandi með aðsetur í Brussel.

25. sept. afhenti Níels P. Sigurðsson sendiherra Henryk Jablonski forseta ríksráðs Póllands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Póllandi með aðsetur í Osló.

14. okt. afhenti Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra Todor Zhivkov forseta Búlgaríu trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Búlgaríu með aðsetur í Moskvu.

25. okt. afhenti Páll Ásgeir Tryggvason sendiherra Rezsor Trautman, varaforseta Ungverjalands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Íslands í Ungverjalandi með aðsetur í Moskvu.

28. okt. fékk Jean Baptiste Godts viðurkenningu sem vararæðismaður Íslands í Brussel.

3. nóv. var Knud Andersen skipaður kjörræðismaður Íslands í Fredericia.

7. nóv. lést Walter Seeber vararæðismaður Íslands í Milano.

22. nóv. var Ingvari Nielssyni veitt lausn frá störfum sem aðalkjörræðismanni Íslands í Singapore.

2. des. var Kristinn F. Árnason, settur fyrst um sinn til þess að vera sendiráðsritari í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember 1985 að telja.

10. des. var Björn Björnsson, kjörræðismaður skipaður aðalkjörræðismaður Íslands í Minneapolis, Minnesota.

10. des. var Hilmar Skagfield, kjörræðismaður skipaður aðalkjörræðismaður Íslands í Tallahassee, Florida.

S. d. var Paul Johnson, kjörræðismaður skipaður aðalkjörræðismaður Íslands í Illinois.

20. des. var Gerald L. Parks, varakjörræðismaður skipaður kjörræðismaður Íslands í Norfolk.

S. d. var Atli Björnli, varakjörræðismaður, skipaður kjörræðismaður Íslands í Drammen í Noregi.

20. des. var William Asbjörnsen, varakjörræðismaður skipaður kjörræðismaður Íslands í Moss í Noregi.

# SENDIHERRAR OG RÆÐISMENN

## Sendiherrar:

17. jan. afhenti Hans Andreas Djurhuus forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Danmerkur á Íslandi.

5. febr. afhenti Mariano Fontecilla de Santiago Concha forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Chile á Íslandi með aðsetur í Osló.

4. mars var Jambalyn Banzar veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Mongólíu á Íslandi með aðsetur í London.

12. mars afhenti Paul Denis forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Belgíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

S. d. afhenti Jorge Javier Jenkins-Molieri forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Nicaragua á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S. d. afhenti John Maurice Harrington forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Kanada á Íslandi með aðsetur í Osló.

19. apríl var Giuseppe Scaglia veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Ítalíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

22. apríl var Ahmed Sheikh Mohammoud veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Sómalíu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

2. maí var Liam Rigney veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Írlands á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

7. maí afhenti John Muzhar forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Indónesíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

11. júní afhenti Franciszek Stachowiak forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Póllands á Íslandi með aðsetur í Osló.

S. d. afhenti Muzammel Hussain forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Bangladesh á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S. d. afhenti Abdelaziz Kara forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Alsír á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

27. júní afhenti Yves Mas forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Frakklands á Íslandi.

S. d. afhenti Niels Lauritz Dahl forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Noregs á Íslandi.

8. ágúst var Cornelia Filipas veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Rúmeníu á Íslandi með aðsetur í Kaupmannahöfn.

21. ágúst afhenti Anders Jacob Huldén forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Finnlands á Íslandi.

S. d. afhenti Nicholas Ruwe forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi.

29. ágúst var Said Kalantarnia veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Íran á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

9. sept. var Roop Krishan Anand veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Indlands á Íslandi með aðsetur í Osló.

8. okt. afhenti Luu Quyan forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Vietnam á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

S. d. afhenti Fernando Báez Duarte forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Venezuela á Íslandi með aðsetur í Osló.

10. okt. var Henry Lemaitre erkibiskup veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Vatikanríkisins á Íslandi með aðsetur í Vedbæk í Danmörku.

14. okt. var dr. Ramón Richardo Pasos Marciaq veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Nicaragua á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

23. okt. afhenti Vladimir Zizka forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Tékkóslóvakíu á Íslandi með aðsetur í Osló.

S. d. afhenti Gustavo Eduardo Figueroa forseta Íslands trúnaðarbréf sitt sem sendiherra Argentínu á Íslandi með aðsetur í Osló.

25. okt. var Omar Belkora veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Íslands í Marokkó með aðsetur í Kaupmannahöfn.

S. d. var Alberto Dennys Guymán Pérez veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Kúbu á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

5. nóv. var Stephanos G. Stathatos veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Grikklands á Íslandi með aðsetur í London.

13. nóv. var Sung Han Song veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Lýðveldisins Kórea á Íslandi með aðsetur í Osló.

14. nóv. var Hans Hermann Haferkamp veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands á Íslandi.

30. des. var Chon Yong Jin veitt viðurkenning til þess að vera sendiherra Alþýðulýðveldisins Kórea á Íslandi með aðsetur í Stokkhólmi.

**Ræðismenn:**

7. jan. var Jóni Ármanni Héðinssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Mexíkó í Reykjavík.

8. jan. var Roger V. Lucy veitt viðurkenning, sem ræðismanni Kanada á Íslandi með aðsetur í sendiráði Kanada í Osló.

20. júní var Geir Borg veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Thailands á Íslandi með aðsetur í Reykjavík.

6. ágúst var Magnúsi Sigurðssyni veitt viðurkenning sem kjörræðismanni Sambandslýðveldisins Þýskalands á Selfossi með Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu sem umdæmi.

16. sept. var Michael James Lonsdale veitt viðurkenning sem ræðismanni Bretlands í Reykjavík.

18. okt. lét Sigurður Finnsson af störfum sem vararæðismaður Danmerkur á Siglufirði.

7. nóv. var Ottó A. Michelsen veitt viðurkenning sem aðalkjörræðismanni Bangladesh í Reykjavík.

# SKRÁ

## um hlutafélagatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1985.


| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Áferð hf. | 130 |
| Agnúinn hf. | 157 |
| Akkur hf. | 24 |
| Akropolis hf. | 70 |
| Aldamót hf. | 70 |
| Ál og plast hf. | 157 |
| Altak hf. | 53 |
| Alvarr hf. | 113 |
| Alviðra hf. | 99 |
| Aptó hf. | 53 |
| Ara hf. | 157 |
| Arason & Co. hf. | 22 |
| Arca hf. | 46 |
| Arðsemi hf. | 47 |
| Árlax hf. | 30 |
| Árroði hf. | 116 |
| Artek hf. | 130 |
| Asco hf. | 113 |
| Aseta hf. | 91 |
| Así hf. | 116 |
| Atlantslax hf. | 116 |
| Auglýsingasjónvarp hf. | 91 |
| Auglýsingastofan Nýtt Útlit hf. | 48 |
| Austurlensk matarþjónusta hf. | 25 |
| Ávöxtunarfélagið hf. | 25 |
| | |
| Bananasalan hf. | 91 |
| Bátagerðin Samtak hf. | 74 |
| Bílalakk hf. | 88 |
| Bílalán hf. | 25 |
| Bílaleigan Víkingur hf. | 91 |
| Bílasala Guðfinns hf. | 150 |
| Bílaverkstæðið Virkinn hf. | 157 |
| Bílfell hf. | 113 |
| Bílform hf. | 7 |
| Bílmúli Varahlutaverslun hf. | 47 |
| Bíó hf. | 91 |
| Birta hf. | 150 |
| Björn R. Alfreðsson hf. | 113 |
| Blikksmiðjan hf. | 91 |
| Blikksmiðjan Vík hf. | 150 |
| Bó Bó hf. | 157 |
| Bókabúð Selfoss hf. | 130 |
| Bókaútgáfan Nótt hf. | 150 |
| Bókrún hf. | 156 |
| Bolafótur hf. | 88 |
| Borgarvídeó hf. | 115 |
| Bresk-íslenska verslunarfélagið hf. | 46 |
| Bretti hf. | 157 |
| Bríet hf. | 74 |
| Brynjar Júlíusson hf. | 48 |
| Bræðurnir Ormsson hf. | 46 |
| Búkolla hf. | 25 |
| Bútækni hf. | 74 |
| Byggingavöruverslun Reykjavíkur hf. | 46 |
| Bæjarsamlokur hf. | 130 |
| | |
| Cirkon hf. | 24 |
| | |
| DNG hf. | 24 |
| Darri hf. | 74 |
| Digitalvörur hf. | 113 |
| Doddi hf. | 157 |
| Dorri hf. | 88 |
| Drífandi hf. | 22 |
| | |
| Efnaland hf. | 150 |
| Egill Jónsson hf. | 157 |
| Einval hf. | 157 |
| EL-VER hf. | 91 |
| Eldisfóður hf. | 130 |
| Emma hf. | 129 |
| Engi hf. | 88 |
| Ergasia hf. | 113 |
| Eskfirðingur hf. | 130 |
| | |
| Fagranes hf. | 46 |
| Fantasía hf. | 150 |
| Fasteignalánafélagið Fjárefling hf. | 32 |
| Fata-Spil hf. | 113 |
| Fatalagerinn hf. | 99 |
| Faxi hf. | 70 |
| Félagaþjónustan hf. | 157 |
| Félagsheimili tónlistarmanna hf. | 113 |
| Ferdinand hf. | 116 |
| Fiskeldisfélagið Strönd hf. | 113 |
| Fiskgæði hf. | 116 |
| Fiskiðja Raufarhafnar hf. | 150 |
| Fiskverkunarstöðin S. Æ. R. hf. | 91 |
| Fix hf. | 46 |
| Fjarðablik hf. | 88 |
| Fjölhönnun Sauðárkróki hf. | 91 |
| Fjölkaup hf. | 129 |
| Fljótalax hf. | 32 |
| Flóin hf. | 113 |
| Flott hf. | 150 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Flugfélag Vesturlands hf. | 24 |
| Flugfiskur Flateyri hf. | 115 |
| Flugsport hf. | 113 |
| Fóðurstöðin hf. | 99 |
| Fógetinn hf. | 24 |
| Forlagið hf. | 32 |
| Form & Áferð hf. | 32 |
| Formland hf. | 32 |
| Fossás hf. | 91 |
| Fram hf. | 24 |
| Frostfilm hf. | 30 |
| Frostfragt hf. | 99 |
| Frumkvæði hf. | 129 |
| G. A. G. hf. | 70 |
| G. Á. Pétursson hf. | 99 |
| G. Ö. Dreifing hf. | 46 |
| Gámaþjónustan hf. | 47 |
| Garmar hf. | 47 |
| Garpur hf. | 91 |
| Glefsir hf. | 150 |
| Gluggasel hf. | 157 |
| Glugghús hf. | 55 |
| Grétar Þórarinsson hf. | 99 |
| Gufubaðstofa Jónasar hf. | 113 |
| Gullá hf. | 70 |
| Gunnbjörg hf. | 150 |
| Gym hf. | 115 |
| Haf hf. | 24 |
| Hafeldi hf. | 129 |
| Hafís hf. | 130 |
| Hafnarstræti 83, 85 og 88 hf. | 130 |
| Hafrún hf. | 91 |
| Hagþing hf. | 130 |
| Hagþjónustan hf. | 157 |
| Hamrafell hf. | 88 |
| Hársnyrtistofan Evrópa hf. | 74 |
| Hatturinn hf. | 25 |
| Hátækni hf. | 47 |
| Hauður hf. | 113 |
| Haukafell hf. | 113 |
| Haust hf. | 157 |
| Heildverslunin Gjafar hf. | 55 |
| Heildverslunin Mæra hf. | 74 |
| Heiló hf. | 129 |
| Heilsuhornið hf. | 150 |
| Heilsuræktarstöðin hf. | 53 |
| Heimalist hf., Húsgagnaverslun | 150 |
| Hennes hf. | 32 |
| Henrietta og Rósamunda hf. | 32 |
| „Hewlett-Packard A/S“ | 25 |
| Hitt hf. | 25 |
| Hitt leikhúsið hf. | 32 |
| Hleinar hf. | 24 |
| Hljómbær hf. | 32 |
| Hlutabréfamarkaðurinn hf. | 113 |
| Hnöttur hf. | 74 |
| Hólabúðin hf. | 150 |
| Hótel Stefanía hf. | 130 |
| Hraungerði hf. | 91 |
| Hreinar línur hf. | 74 |
| Hugfang hf. | 113 |
| Hugi hf. | 150 |
| Húsey hf. | 46 |
| Húsfélagið Hengill hf. | 46 |
| Hvaleyri hf. | 99 |
| Hvammsvík hf. | 130 |
| Hvíta húsið hf. | 156 |
| Hvítir hrafnar hf. | 113 |
| Hvoll hf. | 46 |
| Hydraulikþjónustan hf. | 46 |
| Hænsnasláturhúsið hf. | 91 |
| Höfðavík hf. | 130 |
| I. S. rafeindamyndir hf. | 156 |
| Iðntækni hf. | 24 |
| Ísdan hf. | 88 |
| Íseind hf. | 129 |
| Ísfélag Þorlákshafnar hf. | 32 |
| Ísfinn hf. | 46 |
| Ísklass hf. | 150 |
| Íslandslax hf. | 31 |
| Íslandssport hf. | 113 |
| Íslensk Dansk Færeyska Verslunarfélagið hf. | 22 |
| Íslensk fjárfesting hf. | 32 |
| Íslensk framleiðsla hf. | 91 |
| Íslensk gæði hf. | 157 |
| Íslensk-Skandinaviska verslunarfélagið hf. | 32 |
| Íslenska fiskeldisfélagið hf. | 113 |
| Íslenska myndbandaframleiðslan hf. (IMBF Ltd.) | 129 |
| Íslenska útvarpsfélagið hf. | 88 |
| Íslenskar afurðir hf. — Icepro — | 74 |
| Íslenskar fjallaferðir hf. | 91 |
| Íslenskt Hugvit hf. | 99 |
| Íspar hf. | 55 |
| Ístess hf. | 130 |
| Ísþór hf. | 25 |
| J. B. J. myndbandaleiga hf. | 157 |
| Jakobssynir hf. | 115 |
| Jóhann & Eymundur hf. | 32 |
| Jócó hf. | 26 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Júlía hf. | 91 |
| Jöco hf. | 70 |
| K-Kaup hf. | 91 |
| Kaplasjónvarp hf. — Íslenska sjónvarpsfélagið | 88 |
| Kaspía hf. | 55 |
| Kaupás hf. | 91 |
| Kauphúsið hf. | 150 |
| Kínverska veitingahúsið „Shanghai" hf. | 74 |
| Kirkjutorg hf. | 24 |
| Kjörbúð Hraunbæjar hf. | 156 |
| Kjörverk hf. | 150 |
| Klakstöðin hf. | 150 |
| Klettur hf. | 88 |
| Kokkurinn hf. | 22 |
| Kópafiskur hf. | 91 |
| Kóparöst hf. | 53 |
| Kot hf. | 24 |
| Kriffinn hf. | 99 |
| Kökuval hf. | 150 |
| Landkynnir hf. | 99 |
| Landssmiðjan hf. | 25 |
| Lausn hf. | 130 |
| Lavaex hf. | 32 |
| Lax hf. | 7 |
| Laxalón hf. | 46 |
| Laxmenn hf. | 47 |
| Leikfangasmiðjan Alda hf. | 74 |
| Libris hf. | 46 |
| Líftryggingafélagið Vörður hf. | 113 |
| Ljós & Stýri hf. | 47 |
| Lon og Don hf. | 74 |
| Lumex hf. | 113 |
| Löggiltir endurskoðendur hf. | 156 |
| Lögtak hf. | 115 |
| Magnex hf. | 157 |
| Magnússon hf. | 32 |
| Málmsmiðjan hf. | 32 |
| Marin hf. | 157 |
| Marland hf. | 113 |
| Marver hf. | 55 |
| Matbær hf. | 130 |
| Matföng hf. | 46 |
| Matkerinn hf. | 91 |
| Matvælavinnslan hf. | 74 |
| Max hf. | 46 |
| Medico hf. | 70 |
| Medis hf. | 91 |
| Merkimiðar hf. | 91 |
| Merkúr RE 800 hf. | 32 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Mezzmúsik hf. | 47 |
| Milljónafélagið hf. | 156 |
| Mist hf. | 150 |
| Mýflug hf. | 115 |
| Myndbandaleiga J. B. hf. | 150 |
| Myndlíf hf. | 113 |
| Mýrdalsfóður hf. | 22 |
| Neshús hf. | 156 |
| Nidana hf. | 156 |
| Norræna útflutningsfélagið Norrex hf. | 74 |
| Norsk-íslenska verslunarfélagið hf. (Norpak) | 157 |
| Núpur hf. | 130 |
| Nýland hf. | 46 |
| Ofnasmiðja Kópavogs hf. | 30 |
| Ólafsson hf. | 156 |
| Olíufélag útvegsmanna hf. | 25 |
| Orkustofnun erlendis hf. | 150 |
| Óslax hf. | 113 |
| Ósmúli hf. | 130 |
| Ottó Wathne hf. | 24 |
| Pakkning hf. | 46 |
| Par hf. | 70 |
| Pax hf. | 55 |
| Petra hf. | 70 |
| Pólarsær hf. | 157 |
| Póstverslunin Gleim-mér-ei hf. | 99 |
| Pottbraut hf. | 91 |
| Primaprent hf. | 32 |
| Prófun hf. | 55 |
| Pöbbinn hf. | 91 |
| Pökkunarstöð Þykkvabæjar hf. | 91 |
| RST hf. | 74 |
| R. T. hf. | 91 |
| Radíóþjónusta Sigga Harðar hf. | 22 |
| Ráðgarður hf. | 74 |
| Rafco hf. | 99 |
| Rafhúsið hf. | 46 |
| Rafnýting hf. | 31 |
| Rafrún hf. | 7 |
| Rafverkstæði Sigurðar Magnússonar hf. | 99 |
| Raf-x hf. | 129 |
| Rausn hf. | 91 |
| Reyður hf. | 91 |
| Reykhóll hf. | 74 |
| Riddarinn hf. | 130 |
| Ritmál hf. | 99 |
| Rækjunes/Björgvin hf. | 46 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Ræktin hf. | 91 |
| Rökver hf. | 150 |
| Röralagnir hf. | 113 |
| Rörtak hf. | 32 |
| S. A. Sigurjónsson hf. | 150 |
| Safi hf. | 156 |
| Sameinaða líftryggingarfélagið hf. | 91 |
| Samkvæmispáfinn hf. | 116 |
| Samtíminn hf. | 25 |
| Samax hf. | 32 |
| Scan-am hf. | 150 |
| Seljakjör hf. | 46 |
| Sentrum hf. | 116 |
| Sheepa hf. | 91 |
| Silfurlax hf. | 74, 77 |
| Sjóbúðin hf. | 26 |
| Skagaferðir hf. | 75 |
| Skandinaviska verslunarfélagið hf. | 46 |
| Skipa- og togaraafgreiðsla Hafnarfjarðar hf. | 130 |
| Skipaafgreiðslan í Hafnarfirði hf. | 32 |
| Skipanes hf. | 24 |
| Skipeyri hf. | 30 |
| Skor hf. | 130 |
| Skrifstofuvörur hf. | 150 |
| Skrímnir hf. | 55 |
| Snú hf. | 24 |
| Spil hf. | 22 |
| Sportlíf hf. | 47 |
| Staðarstaður hf. | 113 |
| Stakksfjörður hf. | 74 |
| Stál-Orka hf. | 46 |
| Stapavík hf. | 99 |
| Starri hf. | 130 |
| Stefnir hf. | 113 |
| Steinsson hf. | 70 |
| Stirnir hf. | 88 |
| Stjörnukeðjan hf. | 48 |
| Stokkavík hf. | 113 |
| Suðurlands-Vídeó hf. | 88 |
| Suðurverk hf. | 130 |
| Suðurvirki hf. | 24 |
| Sundaval hf. | 157 |
| Suzuki-umboðið hf. | 130 |
| Svanhildur hf. | 129 |
| Sveinborg hf. | 88 |
| Sviðsmyndir hf. | 55 |
| Svona gerum við — Auglýsingastofa hf. | 129 |
| Sæfugl hf. | 91 |
| Sæver hf. | 150 |
| Sögusteinn hf. | 157 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Tk. Vilhjálmsson hf. | 88 |
| Tefli hf. | 91 |
| Tilboð hf. | 99 |
| Tjarnarás hf. | 46 |
| Tjarnarbakki hf. | 113 |
| Tómstundaskólinn hf. | 157 |
| Tréberg hf. | 75 |
| Tréfang hf. | 74 |
| Trefjasteypan hf. | 70 |
| Trog hf. | 113 |
| Trópís hf. | 130 |
| Tækjatækni hf. | 24 |
| Tækniþróun hf. | 150 |
| Tölvumiðlun hf. | 53 |
| Tölvumiðstöð Vestfjarða hf. | 32 |
| Tölvunot hf. | 99 |
| Tölvutak hf. | 88 |
| Tölvuþjónusta Vesturlands hf. | 150 |
| Umboðs- og heildverslunin Ísleið hf. | 157 |
| Útgerðarfélag Hafnfirðinga hf. | 48 |
| Útgerðarfélagið Akkur hf. | 55 |
| Útgerðarfélagið Haförn hf. | 150 |
| Útvegsmiðstöðin hf. — Central Fishing Ltd. — | 91 |
| Valafell hf. | 55 |
| Varmaverk hf. | 130 |
| Veitingahúsið Baldursgötu 14 hf. | 74 |
| Veitingahúsið Haukur í horni hf. | 55 |
| Veitingahúsið Höfðatúni 2 hf. | 113 |
| Veitingahúsið Pósthússtræti 11 hf. | 150 |
| Veitingahúsið Þinghóll hf. | 150 |
| Vélakaup hf. | 129 |
| Vélsmiðja Djúpavogs hf. | 32 |
| Vélsmiðjan Orri hf. | 25 |
| Véltak vélaverslun hf. | 32 |
| Verðbréfasjóðurinn hf. | 32 |
| Verðbréfaþjónustan hf. | 70 |
| Verkafl hf. | 32 |
| Verkfræðistofa Braga Þorsteinssonar og Eyvindar Valdemarssonar hf. | 46 |
| Verkfræðistofa Jóns Friðjónssonar hf. | 99 |
| Verkprýði hf. | 22 |
| Verkvangur hf. | 113 |
| Verslunarfélag Austurlands hf. | 150 |
| Verslunin Sautján hf. | 47 |
| Verslunin Stjarnan hf. | 74 |
| Vesturgata 3 hf. | 113 |
| Vesturgata 4 hf. | 150 |
| Vexa hf. | 46 |
| Vídeóland hf. | 24 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Vídeómeistarinn hf. | 22 |
| Vindás hf. | 70 |
| Vinnuvélaverkstæðið hf. | 88 |
| Vítalía hf. | 129 |
| Vöruflutningar Leifs Guðjónssonar hf. | 53 |
| West End hf. | 24 |
| Willy & Co. hf. | 70 |
| X-Prent hf. | 130 |
| Þétting hf. | 46 |
| Þórslax hf. | 22 |
| Þurrkstöðin Klif hf. | 70 |
| Þykkvabæjarkartöflur hf. | 46 |
| Æti hf. | 70 |
| Öndvegi hf. | 32 |
| Ör hf. | 116 |
| Öryggisvörur hf. | 150 |


Nr. 499

# SKRÁ

**um firmatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1985.**

**Reykjavík:**

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| A5 | 158 |
| ACO hf. | 25 |
| A. N. P. R. O. fasteignasala | 73 |
| A. N. P. R. O. ljósprentunarstofa | 28 |
| A. Jónsson | 140 |
| Áburðarverksmiðja ríkisins | 109 |
| Ábyrgð hf., tryggingafélag bindindismanna | 130 |
| Aða hf. | 76, 150 |
| Aðal-vídeóleigan sf. | 56 |
| Aðall, fjölmiðlaþjónusta | 140 |
| Aðstoð, verðbréfamarkaður | 23 |
| Afsláttarkaup sf. | 39 |
| Agnar Ludvigsson hf. | 32 |
| Ágústa sf. | 160 |
| Al-basar hf. | 92 |
| Alberg sf. | 56 |
| Alfa Beta | 23 |
| Álhús sf. | 113 |
| Almar sf. | 56 |
| Almenna bókafélagið | 109 |
| Almenna kerfisfræðistofan hf. | 53 |
| Almenna verkfræðistofan hf. | 100 |
| Almennar Tryggingar hf. | 66 |
| Alþjóðadanskeppnin í Reykjavík sf. | 76 |
| Alþjóðlegar vörusýningar sf. | 28 |
| Amboð | 34 |
| Anna sf. umboðs- og heildverslun | 26 |
| Annazón | 26 |
| Annetta hf. | 93 |
| Aqua Sport | 132 |
| Árbæjarbakarí sf. | 56 |
| Aristókratinn | 26 |
| Arkitektar G. Ó. B. sf. | 26 |
| Arkitektar Gunnar og Reynir sf. | 160 |
| Ármannsfell hf. | 53 |
| Ármót sf. | 56 |
| Ármúli hf. | 24 |
| Arnar-auglýsingastofa | 124 |
| Arney sf. heildverslun | 109 |
| Arnarungi | 26 |
| Árni Siemsen hf. | 25 |
| ARO umboðið sf. | 76 |
| Ársel, umboðs- og heildverslun | 93 |
| Árvík sf. | 23 |
| Ása | 132 |
| Ásbjörn Ólafsson hf. | 32 |
| Ásborg sf. | 144 |
| Asco sf. | 109 |
| Aseta hf. | 111 |
| Ásgarður hf. | 28 |
| Ásgeir og Tómas sf. | 23 |
| Asiaco hf. | 28, 110 |
| Áskjör | 56 |
| Assa sf. | 109 |
| Ást og umhyggja sf. | 85, 158 |
| Ásvallagata 7 sf. | 56 |
| Augljós sf. | 109 |
| Auglýsingastofan Strik sf. | 76 |
| Auglýsingatækni sf. | 26 |
| Auglýsingaþjónustan 2000 | 59 |
| Augnablik | 109 |
| Austurlensk matarþjónusta hf. | 154 |
| Austurstræti | 28 |
| Avco hf. | 110 |
| Ávöxtun sf. | 44 |
| Ávöxtunarfélagið sf. | 28 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Baader þjónustan hf. | 48 |
| Baðstofan Breiðholti | 28 |
| Bakaramiðstöðin | 144 |
| Bakkaréttir | 111 |
| Bakkavídeó sf. | 28 |
| Baktus sf. | 26 |
| Bananar hf. | 100 |
| Bananasalan sf. | 56 |
| Bankar sf. | 109 |
| Barónskór sf. | 34 |
| Bazar | 85 |
| Beco | 34 |
| Beinteinn Ásgeirsson sf. | 85 |
| Belgjagerðin hf. | 53 |
| Bergdal hf. | 150 |
| Bergvík sf. | 28 |
| Bernhard Petersen hf. | 52 |
| Betri kaup sf. | 56, 93 |
| Bettý sf. | 160 |
| Bifreiðastöð Steindórs sf. | 28 |
| Bifreiðaverkstæði Árna H. Árnasonar | 85 |
| Bifreiðaverkstæði Egils Arnars | 56 |
| Bifreiðaverkstæðið Óskarsson og Harðarson sf. | 85 |
| Bifröst | 158 |
| Bikarbox hf. | 130 |
| Bílaábyrgð sf. | 28 |
| Bílaberg sf. | 56 |
| Bílafl sf. | 56 |
| Bílakjallarinn | 39 |
| Bílaklæðning Harðar Guðjónssonar | 26 |
| Bílaleiga Holt sf. | 34 |
| Bílaleiga Rósu sf. | 140 |
| Bílaleigan Braut sf. | 23 |
| Bílaleigan Bros | 59 |
| Bílaleigan Drif | 132 |
| Bílaleigan Geysir | 56 |
| Bílaleigan Geysir sf. | 56 |
| Bílaleigan Gustur | 126 |
| Bílaleigan Víkingur | 85 |
| Bílanaust hf. | 48 |
| Bílaréttingar Sævars | 34 |
| Bílasalan Bílaborg sf. | 56 |
| Bílasalan Bílatorg sf. | 61 |
| Bílasalan Braut sf. | 23 |
| Bílasalan Start | 109 |
| Bílasímaleigan sf. | 109 |
| Bílasíminn sf. | 109 |
| Bílasprautun Eiríks Harðarsonar | 56 |
| Bílasprautun Hjartar Erlendssonar | 109 |
| Bílasprautun Þórðar Valdimarssonar | 109 |
| Bílatorg | 56 |
| Bílaverkstæðið Óskarsson og Harðarson sf. | 23 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Bílavörur sf. | 109 |
| Bjarg sf. | 28, 44, 56, 59 |
| Bjarmaland umboðs- og heildverslun | 28 |
| Bjarni Stefánsson hf. | 28 |
| Bjórsamlag Ámunnar | 59 |
| Björn og Guðni sf. | 76 |
| Bláfell sf. | 44 |
| Bláskjár sf. | 23 |
| Blástjarna | 26 |
| Blikksmiðjan Brandur | 34 |
| Blóm sf. | 26 |
| Boga rúllur | 59 |
| Bókabúð Fossvogs sf. | 100 |
| Bókabúð Suðurvers | 160 |
| Bókabúð Æskunnar | 34 |
| Bókaútgáfan Helgafell hf. | 153, 160 |
| Bókaútgáfan Skógar | 23 |
| Bókverk | 160 |
| Boltamaðurinn sf. | 76 |
| Bomanite á Íslandi sf. | 85 |
| Bonitas sf. | 140 |
| Bonný sf. | 23 |
| Borgarbílasalan | 34 |
| Borgar-vídeó | 85, 124 |
| Brák sf. | 34 |
| Braut sf. | 44 |
| Brimborg hf. | 28 |
| Brimill sf. | 160 |
| Brimnes sf. | 132 |
| Bræðurnir Ormsson hf. | 32 |
| Búllan sf. | 56 |
| Búrfell hf. | 52 |
| Búskipti | 160 |
| Byggðaverk hf. | 52 |
| Byggingafélag Gylfa og Gunnars sf. | 23 |
| Byggingafélagið Freyr sf. | 76 |
| Byggingafélagið Hagur hf. | 24 |
| Byggingaráðgjöf Helga Ormssonar | 23 |
| Byggingariðjan hf. | 32, 150 |
| Byggingasamvinnan sf. | 26 |
| | |
| Candis sf. | 23 |
| Candis | 23 |
| Corda | 109 |
| Corus | 124 |
| Corus sf. | 124 |
| | |
| Dansskóli Auðar Haraldsdóttur sf. | 160 |
| Dantex sf. | 124 |
| Davíð Sigurðsson hf. | 111 |
| Dieselvélar hf. | 25 |
| Drafnarfell sf. | 158 |
| Drakúla greifi | 26 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Drangar hf. | 92 |
| Drífás | 124 |
| Drífrás sf. | 124 |
| Dropinn sf. | 56 |
| Duus-hús sf. | 26 |
| Dægurlagakeppni Íslands sf. | 56 |
| Dögun sf. | 23 |
| Dömuhúsið sf. | 111 |
| E. B.-bílaþjónustan sf. | 158 |
| Edda og Dollý hárgreiðslustofa sf. | 93 |
| Efnagerð Laugarness | 60 |
| Efnaverksmiðjan Íris sf. | 59 |
| E. G. fasteignasala | 26 |
| E. G. heildverslun | 126 |
| Eggert Kristjánsson hf. | 110 |
| Eimskipafélag Íslands hf. | 92 |
| Eignamarkaðurinn | 26 |
| Eignaþjónustan | 39 |
| Einar Farestveit hf. | 32 |
| Einar J. Skúlason hf. | 111 |
| Einhamar — 1. byggingaflokkur | 28 |
| Einhamar — 2. byggingaflokkur | 28 |
| Einval sf. | 26, 160 |
| Endurskoðunarmiðstöðin hf. — N. Manscher | 154 |
| Endurprent sf. | 114 |
| Engines | 109 |
| Erill sf. | 109 |
| Eskifell hf. | 92 |
| Evelýn, verslun | 160 |
| Evrópa sf. | 56 |
| Eyðublaðatækni hf. | 52, 110, 111 |
| Fag | 109 |
| Fákar sf. | 28 |
| Fálkinn hf. | 28 |
| Fanco sf. | 126 |
| Fang | 118 |
| Farkostur sf. | 100 |
| Fas sf. | 44 |
| Fasteignasala Daníels | 56 |
| Fasteignasala og leigumiðlun sf. | 28, 109 |
| Fasteignasalan Fjárfesting hf. | 52, 156 |
| Fasteignasalan Grund | 56 |
| Fasteignasalan Hátún sf. | 56 |
| Fasteignasalan Spor sf. | 28 |
| Fasteignasalan Ósp | 132 |
| Fasteignasalan Ösp sf. | 132 |
| Fasteignaúrvalið sf. | 44 |
| Fataverksmiðjan hf. | 130 |
| Feðgar sf. | 140 |
| Félagsstofnun stúdenta | 56 |
| Ferskfiskur | 132 |
| Fetill sf. | 56 |
| Fífa | 59 |
| Finnsbúð sf. | 158 |
| Fiskafurðir sf. | 28 |
| Fiskbúðin Álfheimum 2 sf. | 44 |
| Fiskgæði sf. | 44, 124 |
| Fjárfestingar hf. | 52 |
| Fjárfestingarfélag Íslands hf. | 93 |
| Fjarhitun hf. | 92 |
| Fjarkinn | 56, 132 |
| Fjölfang | 56 |
| Fjölprent hf. | 28 |
| Fjölritun hf. | 100 |
| Fjölverk — blaðaútgáfa | 26 |
| Flass sf. | 26 |
| Flugfar sf. | 56 |
| Flugfélag Íslands hf. | 93 |
| Flugfélagið Artic sf. | 56 |
| Flugleiðir hf. | 76, 100, 150 |
| Flugskólinn hf. | 53 |
| Flutningatækni sf. | 144 |
| Forlagið | 34 |
| Formhönnun sf. | 124 |
| Formland hf. | 110 |
| Formstál | 160 |
| Fossvogsvídeó | 56 |
| Fótaaðgerðarstofa Viktoríu B. Viktorsdóttur | 28 |
| Fótaaðgerðarstofa Laugavegi 133 | 114 |
| Fótabót sf. | 85 |
| Fótó-framköllun | 56 |
| Framkvæmdaþjónustan Handverk | 59 |
| Framtak | 44 |
| Framtalsþjónustan | 28 |
| Frétta- og fræðsluþjónustan | 100 |
| Frétta punktar sf. | 132 |
| Fréttaútvarpið sf. | 23 |
| Frico | 28 |
| Frjáls kristileg fjölmiðlun | 59 |
| Frjálst framtak hf. | 52 |
| Frjálst útvarp | 34 |
| Frón — vídeó sf. | 39 |
| Frost hf. | 52 |
| Frost og funi sf. | 109 |
| Fyri hf. | 34 |
| G. M. G. sf. | 109 |
| G. R. Ó. sf. | 109 |
| G. Bergmann hf. | 53 |
| G. G. Gler sf. | 28 |
| G. M. Sigurðsson og co. sf., umboðs- og heildverslun | 34 |
| G. Skúlason & Hlíðberg hf. | 34 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| G. Þorsteinsson & Johnson hf. | 34, 53 |
| Gámaþjónustan | 56 |
| Garða-Héðinn hf. | 154 |
| Geirsprent sf. | 34 |
| Geislaglóð | 109 |
| Gellir hf. | 156 |
| Georg | 158 |
| Gevafótó hf. | 92 |
| Geysir hf. | 34, 154 |
| Gissur Sigurðsson hf. | 28 |
| Gjafablóm sf. | 158 |
| Glasaleigan | 56, 93 |
| Glefsir | 44, 144 |
| Glerslípun og speglagerð | 28 |
| Gljáfell sf. | 124 |
| Glóbal | 124 |
| Glóbus hf. | 123 |
| Glossi sf. | 28 |
| Glymur sf. | 28 |
| Goðá hf. | 32 |
| Goðgá hf. | 111, 114 |
| Góðir punktar sf. | 132 |
| Góðkaup | 109 |
| Gólfprýði | 109 |
| Gólftækni sf. | 26 |
| Gosi | 111 |
| Gotterí sf. | 157 |
| Grandi sf. | 23 |
| Grassláttuþjónustan | 34 |
| Grensásbær sf. | 56 |
| Grensásvídeó | 124 |
| Grill og brauðhúsið sf. | 109 |
| Gróðrarstöðin Valsgarður hf. | 52 |
| Grótta | 109 |
| Guðberg sf. | 26 |
| Guli kafbáturinn sf. | 158 |
| Gullbringa | 109 |
| Gullfiskabúðin sf. | 160 |
| Gullfiskur sf. | 160 |
| Gúmmívörugerðin sf. | 158 |
| Gunnar Ásgeirsson hf. | 32 |
| Gunnar Kvaran hf. | 34 |
| Gustur sf. | 109 |
| Gylmir hf. | 32 |
| Gæðafiskur sf. | 114 |
| H. G. Guðjónsson umboðs- og heildverslun | 28 |
| H. G. Guðjónsson sf. umboðs- og heildverslun | 28 |
| H. Benediktsson hf. | 53 |
| H. P. á Íslandi | 76 |
| H. Jóhannesson | 28 |
| H. Skaftfells | 132 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| H. S. P. varahlutir | 76 |
| Haðaland sf. | 26 |
| Hafskip hf. | 72, 110 |
| Hafsteinn sf. | 158 |
| Hafver hf. | 92 |
| Hagkönnun sf. | 124 |
| Hagtrygging hf. | 111 |
| Hagvangur hf. | 25 |
| Halldór Gíslason arkitekt FAI, Jóhannes Þórðarson arkitekt FAI, vinnustofa sf. | 140 |
| Halldór Jónsson — Vogafell hf. | 32 |
| Hamar hf. | 150 |
| Hampiðjan hf. | 110 |
| Handlist | 56 |
| Hannarr sf. | 23, 31 |
| Hárflikk | 132 |
| Hárgreiðslu- og rakarastofan Galtará sf. | 158 |
| Hárgreiðslustofa Eddu Hinriks | 93 |
| Hárgreiðslustofa Lollu | 109 |
| Hárgreiðslustofan Bardó | 140 |
| Hárgreiðslustofan Dada | 56 |
| Hárgreiðslustofan Kambur sf. | 56 |
| Hárgreiðslustofan Sparta | 109 |
| Hárið sf. | 26 |
| Harpa hf. | 52 |
| Hárskurðarhöllin | 39 |
| Hárstofan Cortex | 132 |
| Hársnyrtistofan Amadeus sf. | 144 |
| Hársnyrtistofan Dandy | 56 |
| Hártískan | 26 |
| Hártoppurinn sf. | 23 |
| Haukshólar hf. | 76 |
| Haust sf. | 93, 160 |
| Héðinsvélar hf. | 154 |
| Heimamynd sf. | 85 |
| Heildsöluval sf. | 85 |
| Heildverslunin Björk | 85 |
| Heildverslunin Esra sf. | 93 |
| Heildverslunin Evelin | 85 |
| Heildverslunin Holt | 28 |
| Heildverslunin J. V. Guðmundsson hf. | 92 |
| Heili sf. | 160 |
| Heilsa og sport sf. | 109 |
| Heimilið hf. | 76 |
| Heimilistæki hf. | 92 |
| Helmingur sf. | 100 |
| Hérinn, veitingar | 93 |
| Herrahúsið hf. | 100 |
| Herraland sf. | 144 |
| Hið íslenska ávöxtunarfélag sf. | 56 |
| Hilda hf. | 28, 100 |
| Hitt | 56 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Hitt og þetta | 39 |
| Hitt leikhúsið hf. | 92 |
| Hjá Sigríði | 132 |
| Hjólbarðaverkstæði Breiðholts | 23 |
| Hlíðavídeó sf. | 140 |
| Hljóðriti hf. | 76 |
| Hljómbær sf. | 34 |
| Hlust hf. | 92 |
| Hlutabréfamarkaðurinn hf. | 150 |
| Holl efni sf. | 23 |
| Hnjúkur hf. | 150 |
| Hópferðamiðstöðin hf. | 110 |
| Hraðfrystistöðin í Reykjavík hf. | 52 |
| Hreinar línur | 59 |
| Hreinar línur sf. | 23, 39 |
| Hreinsun og flutningur | 56 |
| Hressing | 109 |
| Hrif | 114 |
| Hringás hf. | 153 |
| Hrönn — heildverslun | 85 |
| Húðflúrstofa Reykjavíkur | 59 |
| Hugbúnaður sf. | 109 |
| Hugkönnun sf. | 132 |
| Hugmyndabankinn | 157 |
| Hugmyndaflug | 111 |
| Hugræktarskólinn | 140 |
| Hugur sf. | 56 |
| Hugvirki | 100 |
| Hurðir hf. | 24 |
| Húsagæslan | 26 |
| Húseignin Garðastræti 2 sf. | 23 |
| Húsgagnavinnustofa Bjarna B. Matthíassonar | 28 |
| Húsgagnavinnustofa Ingvars og Gylfa sf. | 93 |
| Hústak sf. | 85 |
| Hústré | 93 |
| Húsvernd sf. | 34 |
| Hvalfell hf. | 92 |
| Hvoll hf. | 92, 111 |
| Hýbýli sf. | 59 |
| Hænir sf. | 26 |
| Höfðabær sf. | 85, 132 |
| Höfn hf. | 150 |
| Högun, fasteignamiðlun sf. | 111 |
| Hörður og Jóhann sf. | 109 |
| Hörður Sveinsson & Co hf. | 100 |
| I. Helgason | 76 |
| I. Pálmason hf. | 92 |
| Í takt sf. | 100 |
| Iðavöllur | 56 |
| Iðnverk hf. | 150 |
| Iðunn | 39 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Ígulkerið | 160 |
| Ingi sf. | 140 |
| Ingi Hjörleifsson hf. | 22 |
| Ingólfur Ísebarn sf. | 126 |
| Inn-Pakk sf. | 26 |
| Innréttingamiðstöðin hf. | 93 |
| Innrömmun Gests Bergmann | 23 |
| Ísaga hf. | 100 |
| Ísáll hf. | 154 |
| Ís-berg | 28 |
| Ísbrek hf. | 52 |
| Ísbrot sf. | 132 |
| Íseldi | 85 |
| Ísey hf. | 52 |
| Ísfell hf. | 30 |
| Ísfilm hf. | 110 |
| Ískort sf. | 160 |
| Íslandslax hf. | 110 |
| Íslensk endurtrygging | 114 |
| Íslensk fjárfesting hf. | 154 |
| Íslensk fjölmiðlun sf. | 109 |
| Íslensk Portúgalska verslunarfélagið | 100 |
| Íslenska söngvakeppnin sf. | 56 |
| Íslenska verkþjónustan sf. | 26 |
| Íslenska vörusalan | 140 |
| Íslenskar getraunir | 111 |
| Íslenskar ilmvörur | 28 |
| Íslenski frímerkjabankinn | 56 |
| Íslenski vinsældarlistinn | 109 |
| Íslenskir arkitektar | 157 |
| Ísmann sf. | 23 |
| Ísmynd hf. | 34 |
| Ísól hf. | 32 |
| Ísraf | 28 |
| Ís-Rún | 160 |
| Ísport | 28 |
| Ísskip hf. | 32 |
| Istanbúl — umboðs- og heildverslun | 144 |
| Ístékk hf. | 123 |
| Ístraktor sf. | 109 |
| Ístraktor hf. | 154 |
| Ístækni hf. | 34 |
| Ísull | 140 |
| Ísvirkni sf. | 34 |
| Ítala hf. | 100 |
| Íþróttabúðin | 85 |
| JHM björgunartæki | 76 |
| J. Gíslason og Hansen sf. | 44 |
| J. S. Gunnarsson sf. | 59 |
| J. A. Jónasson hf. | 76 |
| J. R. Ragnarsson | 56 |
| J. A. umboðs- og heildverslun | 59 |
| JHM verkefnastjórnun | 76 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Jarðtæknistofan sf. | 85 |
| Járnalagnir sf. | 76 |
| Jens Árnason hf. | 28 |
| Johan Rönning hf. | 92, 123 |
| Jói og Árni sf. | 160 |
| Jólasveinaþorpið | 26 |
| Jón Lár sf. | 93 |
| Jón og Pálmi hf. | 72 |
| Jón Jóhannesson og co. | 144 |
| Jurtaréttir sf. | 109 |
| | |
| 3K, umboðs- og heildverslun sf. | 56 |
| K. M. Ólafsson sf. | 109 |
| Kaffi Rósenberg sf. | 23 |
| Kaffibrennsla O. Johnson & Kaaber hf. | 92 |
| Kaffibætisverksmiðja O. Johnson & Kaaber hf. | 92 |
| Kántrýbær | 160 |
| Karl Thorsteins & Co. hf. | 130 |
| Karitas | 85 |
| Karnabær hf. | 53 |
| Kassagerð Reykjavíkur hf. | 34 |
| Kaupás | 23, 109 |
| Kaupgarður hf. | 25 |
| Kauphöfn sf. | 26 |
| Kaupstefnan hf. | 76 |
| Kauptún, fasteignasala | 109, 140 |
| Keilir hf. | 92 |
| Keisarinn frá Kína | 23, 113 |
| Kemikalía hf. | 25 |
| Kemverk | 28 |
| Kerfi hf. | 150 |
| Kerfishönnun sf. | 144 |
| Kerfistækni sf. | 28 |
| Kerfisþróun | 39 |
| Kirkjuhvoll sf. | 124 |
| Kjarnaval | 144 |
| Kjörbúðin Laugarás | 109 |
| Kjörbúðin Laugarás sf. | 109 |
| Kjörbækur sf. | 132 |
| Kjötbúð Suðurvers hf. | 93 |
| Kjötbúð Vesturbæjar sf. | 23 |
| Kjötiðnaðarstöð Reykjavíkur | 109 |
| Klif hf. | 25 |
| Klipphús Karólínu | 76 |
| Kolbrún Sæmundsdóttir póstverslun | 28 |
| Kornhlaðan hf. | 28 |
| Kotra sf. | 85 |
| Krákan | 124 |
| Kramhúsið | 34 |
| Krass auglýsingastofa sf. | 109 |
| Kristinn Guðnason hf. | 25, 76 |
| Kristinn S. Kristinsson sf. | 25 |
| Kristján Siggeirsson hf. | 92, 150 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Krít sf. | 114 |
| Kvikmyndablaðið sf. | 85 |
| Kvikmyndafélagið Skínandi hf. | 92 |
| Kvint | 93 |
| Kvörðun hf. | 76 |
| Kælitækjaverkstæðið | 26 |
| | |
| L. M. Jóhannsson og co. | 160 |
| L. M. Jóhannsson og co. sf. | 28 |
| Lagalax sf. | 85 |
| Lagatækni sf. | 76 |
| Landsbyggðarkaupstefnan | 124 |
| Landsverslunin sf. | 158 |
| Langholtsval | 93 |
| Lárus og Þórir sf. | 26, 56 |
| Laufásvídeó | 76 |
| Lauganesti sf. | 28 |
| Laugarásnesti sf. | 56 |
| Laugarnesti | 28 |
| Laugin sf. | 157 |
| Leðurblakan | 109, 132 |
| Leiðsögn sf. | 85 |
| Leiðsögn um landið sf. | 124 |
| Leiftur hf. | 92 |
| Leifur hf. | 22 |
| Leigumáli | 28 |
| Leigumiðlun | 144 |
| Leikbílar | 100 |
| Leikhús kirkjunnar | 56 |
| Lerki hf. | 52 |
| Leysir hf. | 110 |
| Líbera sf. | 76 |
| Líf í tuskunum hf. | 76 |
| Líkams- og heilsuræktin hf. | 76 |
| Liljan | 158 |
| Lista-Kiljan | 130 |
| Listaskemman sf. | 56 |
| Listasmiðjan hf. | 32 |
| Listiðn sf. | 160 |
| Listmunagerð S. J. | 124 |
| Litahúsið sf. | 44 |
| Lítið eitt | 109 |
| Litligarður | 28 |
| Ljóri sf. | 56 |
| Ljósafl sf. | 109 |
| Ljósberi | 140 |
| Ljós og stýri hf. | 52 |
| Ljóshnit | 56 |
| Ljósir punktar sf. | 100 |
| Ljósmyndastofa Kristjáns Magnússonar sf. | 44 |
| Ljósrit hf. | 92 |
| Loftleiðir hf. | 93 |
| Loftur og Barði sf. | 23 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Lokkablik | 109 |
| Lón sf. | 28 |
| Lundur | 109 |
| Lybía sf. | 132 |
| Lyfjaberg | 56 |
| Lykilkort | 124 |
| Lýsi hf. | 130 |
| Lækjargata 6a | 158 |
| Lögmenn Ármúla 3 sf. | 23, 114 |
| Lögmenn við Austurvöll sf. | 23 |
| | |
| MEBA — Magnús E. Baldvinsson sf., umboðs- og heildverslun | 26 |
| M. N. umboðs- og heildverslun sf. | 160 |
| Magnor-Kristall sf. | 56, 85, 144 |
| Magnús Eymundsson og Co. sf. | 109 |
| Málarinn hf. | 150 |
| Malbikun | 132 |
| Malin Örlygsdóttir | 76 |
| Málmsmiðjan Hella hf. | 52 |
| Marel hf. | 92 |
| Maríurnar sf. | 44 |
| Mark-Endurskoðunarstofa James Antony Wilde | 56 |
| Markaðsútgáfan | 160 |
| Markland hf. | 154 |
| Mars trading company hf. | 32 |
| Marval sf. | 28, 56 |
| Matkrákan | 111 |
| Matvæli sf. | 132 |
| Matvöruverslunin Búrið | 76 |
| Mávur sf. | 28 |
| Maxis sf. | 34 |
| Meka hf. | 123 |
| Melanora sf. | 23 |
| Merkilegt | 59 |
| Merkúr RE 800 hf. | 153 |
| Metra sf. | 160 |
| Mexikó sf. | 23 |
| Mico sf. | 26 |
| Miðborg | 56 |
| Miðlun | 160 |
| Miðstöðin | 124 |
| Miklatorg sf. | 111 |
| Mótás sf. | 132 |
| Mótíf-mynd | 140 |
| Múrtækni sf. | 44 |
| Mynd-dreifing | 85 |
| Myndamót hf. | 52 |
| Myndbandaleiga J. B. hf. | 153 |
| Myndbandaleiga kvikmyndahúsahúsanna | 126, 158 |
| Myndbandaleigan Sesar sf. | 160 |
| Myndbandamiðlun sf. | 100 |
| Myndborg sf. | 56 |
| Myndbönd og tæki sf. | 26 |
| Myndráðgjöf | 109 |
| Myndrás | 76 |
| Myndsýn | 132 |
| Myrkraverk | 158 |
| | |
| Nammi sf. | 140 |
| Nathan & Olsen hf. | 25 |
| Nautið | 111 |
| Nes-vídeó | 56 |
| Nidana | 124 |
| Nítján | 85 |
| Nói-Síríus hf. | 53 |
| Nonni hf. | 150 |
| Norri sf. | 23 |
| Norræn-íslensk viðskipti Skanis hf. | 92 |
| Nú sf. | 56, 158 |
| Nuddstofa Elínar | 85 |
| Núpur sf. | 140 |
| Nútíminn hf. | 52 |
| Nýbú | 111 |
| Nýco sf. | 34 |
| Nýhús hf. | 93 |
| Nýi-vídeómarkaðurinn | 109, 158 |
| Nýja-bílaþjónustan | 56 |
| Nýlagnir sf. | 26 |
| Nýtt líf sf. | 56 |
| | |
| O. Johnson & Kaaber hf. | 92 |
| Ofanleiti sf. | 132 |
| Ofnasmiðjan hf. | 25 |
| Oki | 23 |
| Ólafur Gíslason & Co. hf. | 123 |
| Ólafur Guðnason hf. | 25 |
| Ólafur Gústafsson sf. umboðs- og heildsala | 28 |
| Ólafur H. Jónsson hf. heildverslun | 25 |
| Ólafur Kr. Sigurðsson hf. | 154 |
| Olíufélagið hf. | 92, 130 |
| Olíufélagið Skeljungur hf. | 123 |
| Olíuverslun Íslands hf. | 111 |
| Onyx | 111 |
| Orðhagi sf. | 85 |
| Org | 26 |
| Orkubót, líkamsrækt sf. | 157 |
| Óskaland | 140 |
| Óskin | 85 |
| | |
| P. G. co. sf. | 109 |
| Pallaleigan sf. | 39, 158 |
| Palma sf. | 85 |
| Parketgólf sf. | 56 |
| Pasta bakarí sf. | 132 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Pétur Halldórsson og Ólöf Árnadóttir, auglýsingastofa sf. | 56 |
| Pétur Ingólfsson sf. | 23 |
| Pharmaco hf. | 25 |
| Ping Pong | 23 |
| Pípulagnir O. S. | 56 |
| Pípulagnir Heiðdals og Baldurs sf. | 23 |
| Pítuhöllin sf. | 158 |
| Pizza-portið sf. | 26 |
| Plastloft sf. | 26 |
| Plastprent hf. | 32 |
| Pophúsið | 26 |
| Porsche umboðið | 160 |
| Port sf. umboðs- og heidverslun | 26 |
| Póstas hf. | 48 |
| Póstverslun S. R. | 111 |
| Póstverslunin Heimaval hf. | 25 |
| Potturinn og pannan | 34 |
| Prent og hönnun | 132 |
| Prentgarður | 93 |
| Prentstofan | 56 |
| Prentþjónustan Prentlist sf. | 109 |
| Prjónastofan Dröfn | 113 |
| Prjónastofan Dröfn sf. | 113 |
| Prófill sf. | 23 |
| Pústþjónustan | 34, 59 |
| Pústþjónustan sf. | 59 |
| Pylsuhöllin Álfabakka | 100 |
| | |
| R. S. T. hf. | 110 |
| R. Sigmundsson hf. | 48 |
| Radíóstofan hf. | 100 |
| Ráðgjafarhúsið | 56 |
| Ráðgjafaþjónusta Benedikts Gunnarssonar sf. | 26 |
| Ráðgjafaþjónusta Jóns Óttars Ragnarssonar sf. | 26 |
| Rafco sf. | 109 |
| Rafeindahúsið sf. | 124 |
| Rafeindaval | 158 |
| Rafmótun sf. | 39 |
| Rafport sf. | 26 |
| Rafrað | 26 |
| Rafsýn | 85 |
| Rafvar sf. | 26 |
| Rafvélaverkstæðið Elding | 144 |
| Ragnar og Guðjón sf. | 28 |
| Rama sf. | 44 |
| Ramco sf. | 93 |
| Rás 1 | 158 |
| Rás 2 | 158 |
| Rás 3 | 158 |
| Rás 4 | 158 |
| Rás 5 | 158 |
| Rás 6 | 158 |
| Rás 7 | 158 |
| Rás 8 | 158 |
| Rás 9 | 158 |
| Rás 10 | 158 |
| Rás 12 | 158 |
| Rásin sf. | 28 |
| Rata sf. | 59 |
| Raungreinaskólinn | 44 |
| Regina | 160 |
| Reiðhjólið sf. | 76 |
| Reikniver sf. | 109 |
| Rekstrarráðgjöf | 56 |
| Rekstrarstoð | 23 |
| Réttarholtskjör | 85 |
| Rétting sf. | 26 |
| Reykjaberg | 85 |
| Reykjafell hf. | 25 |
| Reynd- umboðs- og heildverslun | 28 |
| Reynisbúð | 109 |
| Reyr sf. | 23 |
| Rikk sf. | 109 |
| Ríó tríóið sf. | 76 |
| Ris, ráðgjöf um iðnþróun og stjórnun | 85 |
| Ritfang | 158 |
| Rittækni | 109 |
| Ritun sf. | 56 |
| Ritur hf. | 48 |
| Ritvinnsluþjónustan | 85 |
| Rokkið | 85 |
| Romis sf. | 132 |
| Rósin sf. | 126 |
| Rúbin | 34 |
| Rúnir sf. | 114 |
| Ruslagámur | 56, 114 |
| Ræktin sf. | 114 |
| Ræsir hf. | 53 |
| Rör- og skolplagnir sf. | 85 |
| | |
| S. Þ. sf. | 56 |
| S. Ármann Magnússon, heildverslun | 124 |
| S. Jónsson og Thorsteins sf. | 85 |
| S. Waage sf. | 144 |
| Scana hf. | 32 |
| Scanco sf. | 28 |
| Safarí hf. | 76 |
| Sagnfræðiþjónustan | 160 |
| Salon VEH sf. | 28 |
| Sameinaðir verktakar hf. | 100 |
| Samvinnubanki Íslands hf. | 52 |
| Samtök myndlistarmanna, arkitekta, rokkara, trúða og alvarlegra raunsærra tónlistarmanna sf. | 132 |
| Sandur sf. | 56 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Saron | 34 |
| Sautján sf. | 56 |
| Seljakjör hf. | 93 |
| Selmúli sf. | 109 |
| Semtak hf. | 92 |
| Sendibílar hf. | 32 |
| Sérsmíði hf. | 110 |
| Sesam hönnunarþjónusta | 114 |
| Sextíu og níu sf. | 23 |
| Siggubúð sf. | 93 |
| Siglingaskólinn Benedikt H. Alfonsson | 23 |
| Sigma hf. | 100, 111 |
| Sigurður og Logi sf. | 114 |
| Sigurður Hannesson & Co. hf. | 25 |
| Sigurður Stefánsson sf. | 160 |
| Sigurplast hf. | 25 |
| Síldar- og fiskimjölsverksmiðjan hf. | 92 |
| Sjálfstýring sf. | 26 |
| Sjávarvörur hf. | 32, 110 |
| Sjóklæðagerð Íslands hf. | 92 |
| Sjóklæðagerðin hf. | 92 |
| Sjóli hf. | 92 |
| Sjólist sf. | 34 |
| Sjónvarpsmiðstöðin hf. | 34 |
| Sjósport sf. | 140 |
| Sjóvátryggingarfélag Íslands hf. | 150 |
| Sjúkraþjálfun hf. | 92 |
| Skantré | 59 |
| Skattaskil sf. | 56 |
| Skeifan, fasteignamiðlun sf. | 85 |
| Skemmtigarðurinn sf. | 56 |
| Skerjaver sf. | 28 |
| Skermaprent sf. | 76 |
| Skerping | 124 |
| Skerpla sf. | 56 |
| Skilagrein sf. | 28 |
| Skinn — gallerí sf. | 132 |
| Skipafélagið Ísafold hf. | 48 |
| Skipahönnun sf. | 111 |
| Skiptatækni hf. | 93 |
| Skipholt 29 hf. | 32, 132 |
| Skjöl sf. | 160 |
| Skóstofan sf. | 59 |
| Skóval | 132 |
| Skóval sf. | 132 |
| Skóvinnustofa Sigurbjörns Þorgeirssonar sf. | 85 |
| Skref umboðs- og heildverslun | 26 |
| Skrifstofuvélar hf. | 92 |
| Skrudda | 109 |
| Skuld | 132 |
| Skyndibitinn sf. | 56 |
| Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar | 59 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Slippfélagið í Reykjavík hf. | 110, 150 |
| Smábær hf. | 76 |
| Smárinn, söluturn | 56 |
| Smiðsás hf. | 111 |
| Smiðshögg sf. | 59 |
| Smjattbrauð sf. | 26 |
| Smjörlíki hf. | 32, 93, 123 |
| Snarafl sf. | 85 |
| Snari | 144 |
| Snyrtistofan N. N. | 56 |
| Snyrtistofan Gimli sf. | 132 |
| Snyrtistofan Gréta | 114 |
| Snyrtistofan Madonna | 132 |
| Snyrtistofan Nóra | 158 |
| Snyrtivöruverslunin Sara sf. | 140 |
| Snyrtivöruverslunin Soffía sf. | 140 |
| Snöggmyndir sf. | 109 |
| Sól hf. | 93, 123 |
| Sólarmegin sf. | 158 |
| Solido | 109 |
| Sólhúsið sf. | 56 |
| Sólning hf. | 76 |
| Sólbaðstofa Ástu B. Vilhjálmsdóttur | 56 |
| Sólbaðstofan Ánanaustum | 111 |
| Sólbaðstofan Brekkubæ sf. | 85 |
| Sólbaðstofan Sólver sf. | 44 |
| Sólprent fjölritunarstofa | 56 |
| Spartakus sf. | 56 |
| Spindill hf. | 34 |
| Sporið | 26 |
| Sportbúð Ómars | 56 |
| Sportmarkaðurinn | 109, 124 |
| Sportver hf. | 100 |
| Stakknes sf. | 160 |
| Stál hf. | 153 |
| Stál og ál sf. | 85 |
| Staldurs vídeó | 109 |
| Stálhúsgagnagerð Steinars hf. | 25 |
| Stálís sf. | 56 |
| Stálvinnslan hf. | 100 |
| Stansa sf. | 23 |
| Stanzið sf. | 28 |
| Stava sf. | 109 |
| Stefán og Ólafur sf. | 93 |
| Stefán Thorarensen hf. | 25 |
| Stefnir hf. | 110 |
| Steina vídeó | 114 |
| Steinhúðun sf. | 158 |
| Steinvernd sf. | 100 |
| Stensill hf. | 92 |
| Stillur sf. | 140 |
| Straumvirkinn sf. | 26 |
| Stúdíó 8 sf. | 56 |
| Stúdíó X sf. | 85 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Stuðlar hf. | 110, 111 |
| Stöðin | 59 |
| Súkkulaði hf. | 34 |
| Sund hf. | 76 |
| Sundagarðar sf. | 144 |
| Sunnubúð Siggu og Sibbu sf. | 124 |
| Sunnubúðin | 109, 124 |
| Sveinn og Ágúst sf., bílaviðgerðir | 56 |
| Sveinn Egilsson hf. | 99 |
| Sælgætis- og tóbaksverslunin Hraunbæ 102 sf. | 39 |
| Sælgætisgerðin Vala sf. | 100, 140 |
| Sæskel sf. | 26 |
| Sætaáklæða- og teppahreinsunin sf. | 56 |
| Söluaukning sf. | 100 |
| Sölumiðstöð bifreiða | 56 |
| Söluturninn sf. | 28 |
| Söluturninn Brekkulæk 1 sf. | 56 |
| Söluturninn Bræðraborgarstíg 43 sf. | 109 |
| Söluturninn Donald | 26 |
| Söluturninn Hagamel 67 | 109 |
| Söluturninn Laugarnesvegi 52 sf. | 76 |
| Söluturninn Leifsgötu 4 | 44 |
| Söluturninn Lóuhólum 2—6 sf. | 85 |
| Söluturninn Óðinsgötu 7 | 111 |
| Söluturninn Skálinn sf. | 85 |
| Söluturninn Skipasundi 51 | 28 |
| Söluturninn Skipasundi 51 sf. | 28 |
| Söluturninn Skutull | 160 |
| Söluturninn Stansið | 126 |
| Söluturninn Suðurlandsbraut 26 sf. | 85 |
| Söluturninn Trítill | 109 |
| Söngvakeppni Íslands sf. | 56 |
| Sörlaskjól 42 sf. | 28 |
| T. H. Magnússon sf. | 160 |
| T. T. verktakar sf. | 132 |
| Tákn sf. | 34, 109 |
| Talnakönnun | 28 |
| Tandy-umboðið | 158 |
| Tania | 85 |
| Teiknistofa Guðmundar og Tryggva hf. | 150 |
| Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur og Knúts Jeppesen arkitekta sf. | 28 |
| Teiknistofa Knúts Jeppesen | 126 |
| Teiknistofan Bankastræti 11 sf. | 56 |
| Teikniþjónustan sf. | 140 |
| Thorson International hf. | 52, 76 |
| Tilveran | 73 |
| Timburlínan og Trélínan | 28 |
| Timburverslun Árna Jónssonar & Co. hf. | 25 |
| Tindaborg sf. | 23 |
| Tískuhúsið | 140 |
| Tískuverslunin Liljan sf. | 158 |
| Tískuverslunin Riss | 85 |
| Tískuverslunin Tangó | 93 |
| Tískuverslunin Viktoría | 26 |
| Tjúllur sf. | 23, 73 |
| Tóbaksmiðstöðin | 56 |
| Tóbakssalan | 56 |
| Tóbaksvörur | 85 |
| Tollskjöl sf. | 23, 114 |
| Tollvörugeymslan hf. | 156 |
| Tommahamborgarar sf. | 23 |
| Tónbönd hf. | 123, 156 |
| Toppskórinn sf. | 34 |
| Toppsögun | 109 |
| Toyota-umboðið hf. | 100, 109 |
| Toyota varahlutaumboðið hf. | 28 |
| Transa | 59 |
| Traust hf. | 92 |
| Tréafl sf. | 56 |
| Tréberg hf. | 130 |
| Trésmiðja Reykjavíkur | 28 |
| Trésmiðjan Smiður hf. | 32 |
| Trésport | 56 |
| Trillan | 109 |
| Triola | 124 |
| Tromp sf. | 39 |
| Trygging hf. | 30, 154 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 25 |
| Tunguljós sf. | 23 |
| Tvennd sf. | 56 |
| Tækni hf. | 32 |
| Tækni- og verkþjónustan sf. | 34 |
| Tækniteiknarinn | 76 |
| Tækniteiknun sf. | 26 |
| Tækniteiknun Sólveig Hinriksdóttir | 23 |
| Tækniprent hf. | 92 |
| Tæknival hf. | 52 |
| Töff sf. | 113 |
| Töggur hf. | 72, 92 |
| Tökum þátt | 144 |
| Tölvuland hf. | 48 |
| Tölvumiðstöðin hf. | 48, 76, 154 |
| Tölvurásin sf. | 158 |
| Tölvuútgáfan hf. | 48 |
| Ull og gjafavörur | 23 |
| Umboðs- og heildverlsun Ásgeirs Einarssonar hf. | 92 |
| Umboðs- og heildverslunin Cobra sf. | 144 |
| Umboðsskifstofan sf. | 26, 56 |
| Útgerðarfélagið Stígandi sf. | 56 |
| Útlit hf. | 93 |
| Útvarp — Reykjavík sf. | 28, 157 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| V. S. bílaleigan | 59 |
| Valafell | 56 |
| Valberg sf. | 109 |
| Valfóður hf. | 123 |
| Valþökur | 26 |
| Valur Helgason sf. | 160 |
| Varmagler | 26 |
| Varmagler sf. | 26 |
| Vatnsrúm sf. | 23 |
| Vatnsvirkinn hf. | 48 |
| Vaxtabanki Íslands | 56 |
| Verðbréf sf. | 85 |
| Vefnaðarvöruverslunin Grundarstíg 2 sf. | 113 |
| Vefta | 124 |
| Vegvísir | 93 |
| Veiðiferðir | 85 |
| Veiðihúsið sf. | 93 |
| Veiti sf. | 144 |
| Veitingahúsið Alex sf. | 59, 144 |
| Veitingahúsið Gestur sf. | 56, 160 |
| Veitingahúsið Laugardalur hf. | 53 |
| Veitingahúsið Sprengisandur sf. | 132 |
| Veitingahúsið Tryggvagötu 26 hf. | 111 |
| Veitingamaðurinn sf. | 23 |
| Vélaleiga E. I. G. | 34 |
| Vélaleiga H. H. sf. | 158 |
| Vélaleiga Halldórs og Magnúsar sf. | 56 |
| Vélaleigan E. B. G. | 109 |
| Vélar hf. | 92 |
| Vélaverkstæðið Funaborg sf. | 56 |
| Vélhjól og sleðar | 23 |
| Vélritun sf. | 44 |
| Vélsmiðja Kjartans og Inga sf. | 23 |
| Vélsmiðjan Héðinn hf. | 154 |
| Vélsmiðjan Týr sf. | 109 |
| Véltak hf. | 34 |
| Veltir hf. | 32 |
| Véltækni hf. | 25 |
| Ventill hf. | 28 |
| Verðbréf sf. | 34 |
| Verðbréfasalan Verðbréf sf. | 28 |
| Verkafl sf. | 34 |
| Verkfræði- og rekstrarráðgjöf sf., (VOR sf.) | 28 |
| Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. | 154 |
| Verkfræðistofa Þráinn Karlsson og Benedikt Skarphéðinsson sf. | 85 |
| Verkfræðistofan Möndull | 23 |
| Verksmiðjan | 56 |
| Verksmiðjan Dúkur hf. | 130 |
| Verksmiðjan Max hf. | 32 |
| Verkstæðið Þingholtsstræti 7b sf. | 160 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Verktak sf. | 44 |
| Verktakafirma Páls Hannessonar | 59 |
| Verktakaþjónustan sf. | 76 |
| Verslun O. Ellingsen hf. | 156 |
| Verslunarbanki Íslands hf. | 25, 76 |
| Verslunin Dalbær | 23 |
| Verslunin Gæjar | 160 |
| Verslunin Hvítt og svart sf. | 109 |
| Verslunin Mína sf. | 34 |
| Verslunin Píur | 160 |
| Veröld hf. | 110 |
| Vesturbúð sf. | 132 |
| Vesturbæjarnesti | 140 |
| Vesturvík sf. | 160 |
| Víðir Finnbogason — Teppaland hf. | 123 |
| Viðvík sf. | 56 |
| Vídeóborg sf. | 85 |
| Vídeógróf sf. | 26 |
| Vídeógull sf. | 132 |
| Vídeó — gæði | 160 |
| Vídeó — gæði sf. | 76 |
| Vídeókjallarinn sf. | 23 |
| Vídeóleisir | 28, 56 |
| Vídeómyndir sf. | 100 |
| Vídeónaust sf. | 160 |
| Vídeósafnið sf. | 26, 56 |
| Vídeó-skeifan sf. | 93 |
| Vídeó sport sf. | 28 |
| Vídeó sport Ægissíðu sf. | 28 |
| Vídeósýn | 56 |
| Vídeótónar sf. | 109 |
| Vídeóturninn sf. | 39, 158 |
| Vídeótækjaleiga | 39 |
| Vík Bílaleiga hf. | 28 |
| Víkingateiti sf. | 109 |
| Viktor sf. | 158 |
| Viktoría | 23 |
| Víkurbraut sf. | 109 |
| Vindlingasalan | 85 |
| Vín- og matarklúbburinn sf. | 28 |
| Vínport sf. | 160 |
| Vinna og ráðningar | 56 |
| Vinnufatagerð Íslands hf. | 34 |
| Vinnustofan Píramíta sf. | 26, 109, 158 |
| Vinsældarlisti Íslands | 109 |
| Virgó sf. | 56 |
| Virkir hf. | 150 |
| Vitund sf. | 76 |
| Vogue hf. | 100 |
| Völuskrín | 158 |
| Vörðufell | 93 |
| Vörubíla- og tækjaverkstæðið sf. | 28 |
| Vöruleiðir hf. | 25 |
| Vörumarkaðurinn hf. | 111 |

Tbl. nr.

Þ. Marelsson sf. .................. 23
Þór og Þorsteinn sf. ................ 23
Þorvaldur Ari Arason hrl. .......... 59
Þumall sf. ........................ 28
Þýðingaþjónusta Boga Arnars ....... 26
Þökuval ........................... 26

Ævintýraferðir .................... 109

Ö. Á. Myndbönd sf. ................ 56
Ögur, heildverslun ................ 132
Öl sf. ............................ 50
Ölkelda ........................... 23
Öryggiskeðjan ..................... 44
Öryggisvörur ...................... 56


**Akranes:**


Bifreiðastöð Akraness hf. .......... 53
Bifreiðaþjónustan sf. .............. 114
Bíla- og vélaverkstæði Sigurðar Guðmundssonar .................... 158
Bílver sf. ........................ 141
Borgarprýði ....................... 49

Eðalsteinninn ..................... 110
Elín sf. .......................... 96

Faxafiskur ........................ 56
Faxafiskur og Skagafiskur .......... 56
Fiskco ............................ 34

Gísli og Pálmi sf. ................. 26

Hjólbarðaviðgerðir sf. ............. 26

Lindin ............................ 77
Lindin sf. ........................ 77
Litur og tónn ..................... 34

Marmorex hf. ...................... 52
Matthías og Kristján sf. ............ 123

Perla ............................. 110
Pípulagnir Karvels Akranesi ........ 104

Renniþjónustan Hafsteinn Baldursson, rennismíðameistari .............. 141

Sérsteypan sf. .................... 77
Sjávarréttagerðin sf. .............. 27
Sjónvarp Akranes .................. 104
Sjúkraþjálfun Georgs V. Janussonar . 110
Skagaberg ......................... 159
Skaga-vídeó ....................... 123

Tbl. nr.

Skagavídeó ........................ 123
Studíóval ......................... 26, 34

Tannsmíðastofan ................... 61

Útvarp Akranes .................... 104

Verslunin Búbót sf. ................ 127
Verslunin Drangey hf. ............. 76
Verslunin Huld .................... 110

Ægir sf. .......................... 56


**Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Dalvíkurkaupstaður:**


Aðalgeir & Viðar hf. ............... 154
Aðalver sf. ....................... 67
AKVA sf. .......................... 78
Alprent ........................... 59
Amaro heildverslun ................ 59
Anpro ............................. 159
Arkitektastofan við Ráðhústorg ...... 59

Baðstofan Björk ................... 104
Bautinn hf. ....................... 32
Betaleigan sf. .................. 28, 104, 149
Bíla- og vélaverkstæði Hjalta Sigfússonar ......................... 59
Bílaleigan Geysir .................. 159
Bílaleigan Geysir sf. ............... 159
Bílasmiðja Heiðars Eyfjörð ......... 149
Bilun ............................. 149
Bílvirki sf. ....................... 27
Biti sf. .......................... 77
Borgarsalan sf. .................... 59
Brekku vídeó ...................... 59
Brynja ............................ 159
Börnin okkar sf. ................... 28

Dekkjahöllin ...................... 59
Dieselverk ........................ 59
Dragi ............................. 59
Dragi sf. ......................... 59
Dreki hf. ......................... 32
Dröfn sf. ......................... 23
Endurskoðun Akureyri hf. ........... 52
Eski .............................. 77

Fasteignasalan hf. ................. 25
Flóin ............................. 149
Flugfélag Norðurlands hf. ........... 25
Form sf. .......................... 28
Forvörn ........................... 27

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Garðshorn | 159 |
| Gísli og Þórarinn sf. | 149 |
| Gistiheimilið Ás sf. | 59 |
| Gerpla sf. | 149 |
| Gúmmíbátaþjónusta Norðurlands sf. | 27 |
| Gúmmívinnslan hf. | 99 |
| Hárgreiðslustofan Adda sf. | 104 |
| Hárgreiðslustofan Kamilla sf. | 96 |
| Herrabúðin | 34 |
| Hestasport | 27 |
| Heykögglar sf. | 149 |
| Hjólbarðaverkstæði Sveinbjörns Sveinbjörnssonar | 149 |
| Hlíðaprent | 96 |
| Hljóðmynd sf. | 159 |
| Hótel Stefanía | 77, 110 |
| Hún og hann sf. | 114, 149 |
| Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar hf. | 92 |
| Jaki sf. | 27 |
| K. S. H. vélaleiga sf. | 27 |
| Kaffibrennsla Akureyrar hf. | 123 |
| Kjarnfæði sf. | 67 |
| Kjötiðjan Búi | 98 |
| Kortið | 114 |
| Kvarts | 104 |
| Köfun sf. | 67 |
| Lakkval | 23 |
| Lorelei hf. | 150 |
| Mata Hari | 59 |
| Matur sf. | 67 |
| Milos hf. | 32 |
| Niels Jónsson sf. | 59 |
| Norðurljós sf. | 96, 104 |
| Norðursíld hf. | 34 |
| Petit sf. | 96 |
| Prentfilma | 34, 149 |
| Prentfilma sf. | 149 |
| Prentsmiðjan Petit sf. | 26 |
| Rafael sf. | 26 |
| Reiðhjólaverkstæði Hannesar Halldórssonar | 67 |
| Ryðvarnarstöðin sf. | 27 |
| Samtak sf. | 44 |
| Securitas Akureyri sf. | 110 |
| Sjakalinn | 114 |
| Skel sf. | 34 |
| Skrofan | 27 |
| Skrúðgarðastöðin | 59 |
| Skutull hf. | 25 |
| Sólbaðstofan Flatasíða | 149 |
| Sólbaðstofan Flatasíða sf. | 80 |
| Spörri sf. | 27 |
| Stálverk | 67 |
| Straumrás sf. | 159 |
| Sunnuhvoll sf. — Sunhill corp. | 34 |
| Svartfugl sf. | 104 |
| Söltunarfélag Dalvíkur hf. | 25 |
| Tactic sf. | 80 |
| Teiknistofa Hauks Haraldssonar sf. | 28 |
| Tískuverslun Steinunnar | 44 |
| Trésmiðja G. É. | 84 |
| Umsjón sf. | 59 |
| Útvarp Akureyri | 98 |
| Valgarð Stefánsson hf. | 48 |
| Veghönnun sf. | 59 |
| Véla- og plöntusmiðjan Atli hf. | 100 |
| Verðbréfasalinn sf. | 104 |
| Verslunin Brynja | 159 |
| Verslunin Dröfn | 23 |
| Verslunin Hjól og vagnar | 59 |
| Vídeó-Akureyri | 149 |
| Vídeó-Akureyri sf. | 149 |
| Vídeóberg | 23, 159 |
| Vídeó-rós sf. | 23 |
| Vídeó-sól | 149 |
| Vinur sf. | 28 |
| Ýr hf. | 92 |
| Yrma sf. | 28 |
| Þ. A. Smiðjan | 159 |
| Þ. Björgúlfsson hf. | 25 |
| Ölunn hf. | 32 |

**Árnessýsla og Selfoss:**

| | |
|---|---|
| A. B. skálinn sf. | 59 |
| Alpan hf. | 76 |
| Aster | 159 |
| Auðbjörg hf. | 123 |
| Bifreiðastöð Selfoss hf. | 123 |
| Bílaleiga Suðurlands | 96 |
| Bjarg sf. | 28 |
| Blikksmiðjan sf. | 96 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Bóka- og gjafabúðin hf. | 153 |
| Búhnykkur sf. | 28 |
| Eden-Borg | 96 |
| Eldberg hf. | 25 |
| Fanco sf. | 34, 159 |
| Ferðaþjónusta Suðurlands | 59 |
| Fiskbúð Selfoss sf. | 96 |
| Gámaflutningar sf. | 130 |
| Gjáin sf. | 159 |
| Hafnarnes hf. | 25 |
| Hengill hf. | 24 |
| Hitaveitufélag Gnúpverja sf. | 67 |
| Hornið sf. | 127, 159 |
| Höfði sf. | 127 |
| Innflutningsverslunin Hellir | 159 |
| Innflutningsverslunin Kambar | 127, 159 |
| Íslenskt grænmeti | 127 |
| K. V. Blöndal sf. | 59 |
| Kumbaravogur hf. | 150 |
| Land og synir sf. | 28 |
| Laugarlax hf. | 110 |
| Límtré hf. | 52 |
| Málmvari sf. | 114 |
| Meitillinn hf. | 25 |
| Ofnasmiðja Suðurlands hf. | 28 |
| Ósgerði sf. | 159 |
| Óson sf. | 67, 77 |
| Plastiðjan Mörk | 48 |
| Sendibílastöð Selfoss | 130 |
| Skartgripaþjónustan Austurvegi 21 | 104 |
| Sunnlenskt framtak | 127 |
| Steypuiðjan sf. Selfossi | 127 |
| Söluskálinn Arnberg | 130 |
| Teiknistofan Hönn sf. | 130 |
| Útfararþjónusta Suðurlands | 34 |
| Vatnalíf sf. fiskeldisstöð | 159 |
| Vélsmiðjan Ylfoss sf. | 159 |
| Verktækni sf. | 28 |
| Vídeósnældan | 127 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| **Barðastrandarsýsla, Patreksfjörður og Bíldudalur:** | |
| Bílaleiga FM | 59 |
| Faxi sf. | 159 |
| Fiskvinnslan á Bíldudal hf. | 110, 123 |
| Gestur hf. | 25 |
| Gróðavon sf. | 27 |
| Hraðfrystihús Patreksfjarðar hf. | 25, 100 |
| Miðill sf. | 77 |
| Oddi hf. | 25 |
| Patrekur hf. | 25 |
| Röf hf. | 25 |
| Sandakaffi sf. | 96 |
| Tálkni hf. | 92 |
| Tölvuþjónusta Vestfjarða sf. | 77 |
| Útgerðarfélagið Freyja hf. | 110 |
| Vatneyri hf. | 123 |
| Vélaverkstæði Gunnars sf. | 23 |
| Vestri hf. | 25 |
| Vesturleið hf. | 93 |
| Þór sf. | 34 |
| **Dalasýsla:** | |
| Karitas hf. | 123 |
| Myndbandaleiga Búðardals | 49 |
| **Húnavatnssýsla:** | |
| Bókaverslun Björgvins Brynjólfssonar | 159 |
| Gifsmynd | 149 |
| Girðingaverk sf. | 127 |
| Hagsýn sf. | 23 |
| Hnausabúið sf. | 148 |
| Hrönn sf. | 27 |
| Kántrýbær | 148 |
| Mark sf. | 23 |
| Meleyri hf. | 76 |

| | Tbl. nr |
|---|---|
| Pólarprjón hf. | 25, 92, 110 |
| Saumastofan Eva | 27 |
| Særún hf. | 154 |
| Trésmiðja Guðmundar Lárussonar hf. | 25, 123 |
| Verslunin Gimli sf. | 59 |
| Verslunin Höfðasport | 59 |

**Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla:**

| | |
|---|---|
| Ál- og kæliþjónustan hf. | 24 |
| Alda hf. | 76 |
| Bílaverkstæði Sigurðar og Stefáns sf. | 127 |
| Brauðval sf. | 34, 118 |
| Bræðurnir Eyjólfsson og bókaverslun Jóns Eyjólfssonar | 127 |
| Búbót sf. | 127 |
| Dagbjartur og Ragnar sf. | 159 |
| Djúpið sf. | 84 |
| Djúptak hf. | 111 |
| Dokkan sf. | 27 |
| Efnalaugin Albert | 159 |
| Eva | 146 |
| Ferðaskrifstofa Vestfjarða hf. | 123 |
| Fiskiðjan Freyja hf. | 100, 123 |
| Fiskiver hf. | 28 |
| Fjarki hf. | 140 |
| Frábær sf. | 127 |
| G. E. Sæmundsson hf. | 154 |
| Gistiheimilið Mánagötu 4 | 84 |
| Grímur hf. | 154, 156 |
| H-Prent sf. | 66 |
| Hraðfrystihúsið hf. | 72 |
| Hraðfrystihúsið Norðurtangi hf. | 130 |
| Hringur hf. | 42 |
| Hugverk sf. | 146 |
| Ísfang | 114 |
| Íshúsfélag Ísfirðinga hf. | 110 |
| Kjörfeldur sf. | 159 |
| LFU sf. | 34 |
| Ljónið sf. | 104 |
| Miðfell hf. | 72 |
| O. N. Olsen hf. | 28 |
| Ok hf. | 28 |
| Olíusamlag útvegsmanna | 27 |
| Pólarvídeó | 59 |
| Pöntunarfélagið Áttan | 77 |
| Rækjustöðin hf. | 25, 154 |
| Rækjuverksmiðjan hf. | 92 |
| Sandfell hf. | 72 |
| Sólbaðstofan Rún | 27 |
| Stakkanes hf. | 25 |
| Topp borgarinn | 27 |
| Torfunes hf. | 72 |
| Útgerðarfélagið Hlaðsvík hf. | 100, 123 |
| Vélsmiðja Bolungarvíkur hf. | 52 |
| Verslun Björns Guðmundssonar hf. | 52 |
| Verslunin Ósk | 42 |
| Verslunin Silfurtorgið sf. | 110 |
| Verslunin Vitinn | 141 |

**Keflavík, Njarðvík, Gullbringusýsla, Grindavíkurkaupstaður:**

| | |
|---|---|
| Aðalstöðin hf. | 25 |
| Álnabær hf. | 153 |
| Ásverk sf. | 61, 158 |
| Baldur hf. | 52, 123 |
| Básendar sf., umboðs- og heildverslun | 56 |
| Básinn sf. | 56 |
| Bílaleiga Suðurnesja hf. | 154 |
| Bílanes sf. | 96 |
| Bílasalan Bílanes sf. | 114 |
| Bílasprautun J. & J. | 56 |
| Bogarúllur | 158 |
| Bókhaldsþjónustan | 56 |
| Bursti hf. | 25 |
| Byggingaval hf. | 25 |
| Eintak sf. | 56 |
| Eldi hf. | 32, 92, 154 |
| Endurskoðunarskrifstofan sf. | 158 |
| Epos sf. | 61 |
| Eyjólfur og Vilhjálmur sf. | 110 |
| Ferskfiskur sf. | 110 |
| Festi hf. | 150 |
| Fiskval sf. | 56 |
| FOM sf. | 96 |
| Frístund sf. | 158 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Garðarshólmi hf. | 93 |
| Glaður hf. | 24 |
| Grófin | 61, 114 |
| Gunnlaugur og Örn sf. | 114 |
| HL Spenna | 61 |
| Hafnir hf. | 52 |
| Hannyrðaverslunin Ingdís sf. | 96, 158 |
| Hárgreiðslustofa Helgu Harðar sf. | 158 |
| Hárgreiðslustofan Elegans sf. | 96 |
| Hóp hf. | 154 |
| Hópsnes hf. | 52 |
| Hraðfrystihús Keflavíkur hf. | 48 |
| Hugvit sf. | 96 |
| Kjúklingahöllin sf. | 114 |
| Kósý sf. | 61 |
| Kvikk sf. | 56 |
| Leiti sf. | 56 |
| Liljur sf. saumastofa | 114 |
| Litabær | 96 |
| Málningarþjónusta Magnúsar og Ólafs sf. | 56 |
| Málningarþjónusta Suðurnesja | 96 |
| Myndbandaleigan Sunna | 158 |
| Myndsel sf. | 96 |
| Ný-Ung | 61 |
| Phoenix-vídeó | 158 |
| Plastverk hf. | 158 |
| Poseidon | 56 |
| Rafmagnsverktakar Keflavík hf. | 150 |
| Raftækjavinnustofa Þorleifs Sigurþórssonar sf. | 56 |
| Rafvirkjadeildin hf. | 110 |
| Rás sf. bílaleiga | 96 |
| Reiðhjólaverkstæði M. J. | 158 |
| Rósalind | 56 |
| Sandvík sf. | 56 |
| Skip og stál sf. | 96 |
| Skipasmiðjan hf. | 70 |
| Skipavík sf. | 61 |
| Snyrtivöruverslun Sigríðar Gunnarsdóttur | 158 |
| Sólhúsið sf. | 158 |
| Stapaprent sf. | 56, 114 |
| Stapaútgáfan sf. | 96 |
| Steinverk sf. | 158 |
| Stoð sf. | 158 |
| Svavar Skúlason hf. | 111 |
| Sveinbjörn Árnason hf. | 140 |
| Sölubúðin Innri-Njarðvík sf. | 61 |
| Talco sf. | 56 |
| Teppahreinsun Suðurnesja | 56 |
| Tros sf. | 158 |
| Umbrot sf. | 158 |
| Útvarp Keflavík | 61 |
| Útvarp Reykjanes | 158 |
| Útvarp Suðurnes | 158 |
| Val | 96 |
| Veghús sf. | 158 |
| Vélaþjónusta Hlyns T. Tómassonar | 61 |
| Verkfræðistofa Keflavíkur | 96 |
| Verkfræðistofa Suðurnesja hf. | 156 |
| Verkfræðistofan Hlýja V. S. H. | 56 |
| Verslunin Kostur | 56 |
| Verslunin Kostur sf. | 56 |
| Verslunin Lísa | 96 |
| Víkurbær, vörumarkaður | 96 |
| Víkurhugbúnaður sf. | 158 |
| Vilhjálmur Eyjólfsson | 110 |
| Vökvatengi | 158 |

**Kjósarsýsla, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes og Garðabær:**

| | |
|---|---|
| A. S. plast | 96 |
| Áhaldaleiga Hafnarfjarðar | 64 |
| Alexía | 123 |
| Álnabúðin | 133 |
| Andrómeda sf. | 26 |
| Anpro | 158 |
| Arctic Trading Company sf. | 26 |
| Ásel hf. | 123 |
| Auto partí | 67 |
| Bergdís | 34 |
| Bergís | 49 |
| Bílaleiga Mosfellssveitar sf. | 67 |
| Bílamálun Guðbergs | 26 |
| Bílamálun Hafnarfjarðar | 158 |
| Bílastál | 96 |
| Bimm-Bamm | 26 |
| Blaka sf. | 96 |
| Blómahornið sf. | 158 |
| Börkur hf. | 25 |
| Cesar sf., iðnaður, umboðs- og heildverslun | 123 |
| D. A. M. sf. | 64 |
| Danco hf. | 154 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Dekkið | 158 |
| Dekkið sf. | 158 |
| | |
| E. Th. Mathiesen hf. | 28 |
| Edda | 26 |
| Eldvarnir sf. | 85 |
| Elektra | 85 |
| Elliði Norðdahl Guðjónsson sf. | 76 |
| | |
| F. I. Friðriksson heildverslun | 34 |
| Fastkaup | 158 |
| Fexa hársnyrting | 64 |
| Fiskhúsið Goðatúni 2 | 34 |
| Fiskmeti sf. | 133 |
| Fiskverkun G. E. | 64 |
| Fjaran sf. | 67 |
| Fjarðarfréttir sf. | 149 |
| Fjarðarkaffi | 34 |
| Fjarðarkaffi sf. | 34 |
| Fjarðarplast sf. | 26 |
| Fóðurgjafar | 133 |
| Framtækni sf. | 26 |
| | |
| G. Á. G. hf. | 110 |
| G. Jónsson og Foss | 158 |
| G. Norðdahl | 77 |
| Galti sf. | 77 |
| Garðakaup | 26 |
| Garðasól sf. | 34 |
| Gnótt sf. | 85 |
| Golfvöllur sf. | 76 |
| Golfvörur sf. | 91 |
| Grillvörur | 64 |
| Grímsnes | 158 |
| Gróðrarstöðin Hraunbrún | 158 |
| Gullkornið hf. | 150 |
| Gæðamat sf. | 26, 133 |
| | |
| H. S. sf. | 76, 133 |
| H-búðin sf. | 64 |
| Hafnarkaffi | 26 |
| Hafnarport sf. | 123 |
| Hafnarvík | 26 |
| Haforka hf. | 111 |
| Hald sf. | 26, 91 |
| Handbragð sf. | 158 |
| Handvirkni sf. | 67, 158 |
| Hársnyrtistofan Pítus | 85 |
| Heimilisbúðin sf. | 26 |
| Hjúkrunarmiðstöðin sf. | 64 |
| Hólar hf. | 100 |
| Holtavídeó sf. | 34 |
| Hraunhamar hf. | 130 |
| Hrístorg | 26 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Hugver | 133 |
| Hugverkaútgáfan sf. | 158 |
| Húsauppsetningar Árna Hrólfssonar | 85 |
| Húsgagnauppsetningar Árna Hrólfssonar | 76 |
| | |
| Íbúðaval hf. | 154 |
| Indus | 34 |
| Innréttingaþjónustan sf. | 26 |
| Ísband sf. | 64 |
| Íshús Hafnarfjarðar hf. | 32 |
| Ísel sf. | 158 |
| Íselco sf. | 158 |
| Íslenska Álfélagið hf. | 92, 154 |
| Ís-Mos sf. | 64 |
| J. B. mynd sf. | 67 |
| | |
| Kanínan sf. | 67 |
| Kanni sf. | 96 |
| Kaplakaffi sf. | 26 |
| Kaupskrá sf. | 34 |
| Kjörbúð Garðabæjar | 26 |
| Knútur og Steingrímur hf. | 32 |
| Komdu á morgun sf. | 158 |
| Kostakaup hf. | 150 |
| | |
| Landhönnun | 34 |
| Listmiðlun | 158 |
| Ljósrún sf. | 96 |
| Loki sf. | 158 |
| Lyf sf. | 158 |
| Lýsi & Mjöl hf. | 52 |
| Lækjarkaffi | 158 |
| Lökkun sf. | 96 |
| | |
| Marmorex | 34 |
| Marmorex sf. | 34 |
| Mars trading co. | 98 |
| Matvörubúðin Smárabarði 2 | 85 |
| Meistarasmiðjan sf. | 34 |
| Mjöt hf. | 92 |
| Móar sf. | 104 |
| Model sf. | 158 |
| Myndbandalagið sf. | 96 |
| Myndbandaleigan Myndbær | 34 |
| Myndvirki | 80 |
| | |
| Nesta | 133 |
| Norðurstjarnan hf. | 110 |
| Næturþjónustan | 144 |
| | |
| Oddný | 34 |
| Ólafur Ólafsson | 123 |
| Olíustöðin í Hafnarfirði hf. | 92 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Orri sf. | 34 |
| Otto Verstand-umboðið sf. | 67 |
| Perma Eiðistorgi sf. | 67 |
| Pétur og Kristinn sf. | 158 |
| Pítuhúsið | 64 |
| Plastgerð Andra Jónssonar | 26 |
| Portland hf. | 32, 140 |
| Póstverslunin Príma | 34 |
| Póstverslunin Príma hf. | 76 |
| Raflux | 26 |
| Raftak | 26 |
| Raftækjaverksmiðjan hf. | 76 |
| Rás sf. | 26 |
| Rásin sf. | 67 |
| Réttingaverkstæði Guðmundar | 26 |
| Reykjagarður hf. | 34 |
| Sandspörtlun og málun sf. | 26 |
| Sendibíllinn Mosfellssveit | 67 |
| Sjóburstinn sf. | 67 |
| Skermagerð Berthu | 34 |
| Skinnasaumastofan E. B. A. S. | 133 |
| Skóhöllin hf. | 150 |
| Skuggsjá — Bókabúð Olivers Steins sf. | 91 |
| Snyrtihöllin | 26 |
| Snyrtistofa Sigríðar Guðjónsdóttur | 123 |
| Sólbaðstofan Dalasól sf. | 26 |
| Stálfélagið hf. | 48, 52 |
| Stálvík hf. | 52 |
| Stefnumót | 64 |
| Stíll sf. | 133 |
| Straumvirkinn sf. | 26 |
| Sælgætis- og vídeóhöllin | 26 |
| Sælgætisgerðin Vala sf. | 96 |
| Sæluhúsið | 96 |
| Söluturninn Melabraut 57 sf. | 67 |
| Th. Svavarsson | 123 |
| Thelma sf. | 149 |
| Tilboð hf. | 42 |
| Tónika hf. | 25 |
| Trésmiðja Guðmundar Baldurs | 34 |
| Tæknigögn | 158 |
| Urta | 34 |
| Útgerðarfélagið Júní STÁ hf. | 92, 157 |
| Valhús sf. | 34 |
| Varmís sf. | 67 |
| Vefnaðarvöruverslunin Edda | 64 |
| Vegmerking sf. | 80 |
| Vélsmiðja Guðmundar og Óskars sf. | 26 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Véltak hf. | 52 |
| Verktakinn sf. | 34 |
| Verslunin Grund | 67 |
| Verslunin Vegamót | 67 |
| Vestri sf. | 85 |
| Vídeóklúbbur Garðabæjar | 77 |
| Vídeó-Star sf. | 34 |
| Vífill | 158 |
| Vörubílasalan | 34 |
| Vörumiðlun B. Jóhannessonar | 26 |
| Zikk Zakk | 158 |
| Þóra Dal Auglýsingastofa sf. | 26 |
| Þorkell hf. | 150 |
| Þrykk sf. | 123 |
| Ö. J. hönnun | 24 |

**Kópavogur:**

| | |
|---|---|
| A. P. Gylfason | 158 |
| Arkitektaþjónustan sf. | 109 |
| Art auglýsingastofa Gunnar R. Bjarnason | 104 |
| Bergplast | 142 |
| Bifreiðaverkstæðið Stimpill | 77 |
| Bifreiðaþjónustan Auðbrekku 23 sf. | 110 |
| Bílaleiga — Trabantleiga | 114 |
| Bílaleigan hf. | 25 |
| Bílaréttingar G. Á. K. | 26 |
| Bílaverk sf. | 26, 104 |
| Bílverk sf. | 31, 67 |
| Blikkás hf. | 28 |
| Blikksmiðjan Vog sf. | 31 |
| Blikkver hf. | 32 |
| Bortækni sf. | 31 |
| Boxið sf. | 31 |
| Búbót sf. sultugerð | 104 |
| Byggingafélagið Höfði hf. | 154 |
| Dósagerðin hf. | 154 |
| Dælur hf. | 32 |
| EG Co. sf. | 110 |
| E. P. járnsmíði hf. | 110 |
| Einar Guðmundsson, innrömmunarstofa | 61 |
| Endurskoðunarskrifstofa Halldórs Valgeirssonar sf. | 142 |
| Eyjastál | 109 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Fiskverkun Jóns Steinþórssonar | 118 |
| Fjárfestingalánasjóður Kópavogskaupstaðar | 158 |
| Formstál | 26 |
| Freyja hf. | 92, 111 |
| Garðaþjónustan | 31 |
| Gígja | 158 |
| Gísli J. Johnsen — skrifstofubúnaður sf. | 158 |
| Glerskálinn hf. | 52 |
| Haflax | 158 |
| Hagverk sf. | 31 |
| Hárgreiðslustofan hjá Matta | 109 |
| Hársnyrting Gauta | 158 |
| Hártískan sf. | 26 |
| Heilsuræktin Heba sf. | 61 |
| Hugvís | 158 |
| Höfði | 158 |
| Inka sf. | 56 |
| Ísel sf. | 158 |
| Íselco sf. | 158 |
| Jeppahlutir sf. | 158 |
| Jöfur hf. | 100 |
| Kaupfang | 104 |
| Kjarakjör | 91 |
| Límmiðaprent | 109 |
| Lögfræðiskrifstofa Þórólfs Kristjáns Beck, hrl. og Friðjóns Arnar Friðjónssonar, hdl. | 158 |
| Lögmenn Hamraborg 12 sf. | 56 |
| Málning hf. | 25 |
| Master sf. | 31 |
| Nýi-vídeómarkaðurinn | 109 |
| Ofnasmiðja Kópavogs sf. | 26, 31 |
| Ora — kjöt og rengi hf. | 28 |
| Óskar og Þorgeir sf. | 26 |
| Óskasteinn | 109 |
| Party Snakk eldhús | 158 |
| Pizzaland sf. | 56, 158 |
| Prentstofan Prentsetur sf. | 158 |
| Prjónastofan Anna sf. | 104 |
| Púl og basl | 56 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Ráðgarður hf. | 100 |
| Ráðgjafaþjónusta Benedikts Gunnarssonar | 26 |
| Rafkó hf. | 70 |
| Raflyft | 109 |
| Rafmagnsþjónustan | 26 |
| Rásmark sf. | 158 |
| Réttingavagninn sf. | 109 |
| Reykofninn hf. | 111 |
| Rjómaísgerðin | 26 |
| Rjómaísgerðin sf. | 26 |
| Rörsteypan hf. | 25 |
| Saumastofan Alis | 114 |
| Sjófrost sf. | 158 |
| Skúffan sf. | 26 |
| Skuldheimtan sf. | 158 |
| Smart sf. | 127 |
| Softver sf. | 67 |
| Sólarland hf. | 92 |
| Sækjör sf. | 91 |
| Sælgætisgerðin Pálminn | 56 |
| Söluturninn Álfhólsvegi 32, Kópavogi | 104 |
| Söluturninn Bláhornið | 127 |
| Söluturninn Snæland | 104 |
| Tinna hf. | 52 |
| Trénýting sf. | 158 |
| Trésmiðjan Ösp sf. | 56 |
| Tækjabúðin | 109 |
| Tækni hf. | 32 |
| Tölvuborg | 127 |
| Ungar sf. | 109 |
| Vélaleigan Álfatúni 18 sf. | 26 |
| Vélsmiðja Heiðars hf. | 48 |
| Verslunin Hamrar sf. | 61 |
| Verslunin Spói | 109 |
| Vídeó-Markaðurinn | 109 |
| Vídeó Sport Nýbýlavegi | 26 |
| Vinnuvélar sf. | 109 |
| Vinnuvélaþjónustan sf. | 109 |
| Þinghólsver hf. | 92 |
| Þöll sf. trésmiðja | 109 |

**Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður:**

| | |
|---|---|
| Kolbeinstangi hf. | 123 |
| Nýtir hf. | 93 |
| Tangi hf. | 123 |
| Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf. | 52, 110 |
| Viðarfell hf. | 93 |

Tbl. nr.

**Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Eskifjörður:**

Bára . . . . . 84
Blikk og bílar . . . . . 67
Búlandstindur hf. . . . . . 123

Dreifingamiðstöð Austurlands . . . . . 28
Dyngja hf. . . . . . 25
Egilsstaðavídeó sf. . . . . . 28

Fjarðarnesti hf. . . . . . 93
Flugfélag Austurlands hf. . . . . . 153

Hag sf. . . . . . 28
Hamrar sf. . . . . . 23
Hluti hf. . . . . . 48
Hraðfrystihús Breiðdælinga hf. . . . . . 48, 92, 156
Hraðfrystihús Eskifjarðar hf. . . . . . 111
Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar hf. . . . . . 92
Húsiðjan hf. . . . . . 76
Hutta sf. . . . . . 23

Krummafótur . . . . . 77

Samtak sf. . . . . . 96
Síldarvinnslan hf. . . . . . 100
Sæberg hf. . . . . . 156

Trémunir sf. . . . . . 96
Trésmiðjan Hvammur sf. . . . . . 84

V. G. hreinsun sf. . . . . . 110
Varðarútgerðin hf. . . . . . 153
Vídeósýn . . . . . 96
Viggó hf. . . . . . 154

**Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:**

Bílaleigan Nes sf. . . . . . 141
Bílasala Vesturlands . . . . . 158
Bitinn sf. . . . . . 49
Blómabúð Dóru . . . . . 158
Borgarblaðið sf. . . . . . 27
Borgarplast hf. . . . . . 100, 111
Borgarsport . . . . . 59
Borgarsport sf. . . . . . 59

Hagtækni . . . . . 49
Hannyrðaverslun Jórunnar Bachmann 27
Hugverk sf. . . . . . 159
Hvalur hf. . . . . . 153

Íslenska járnblendifélagið hf. . . . . . 32

Olíustöðin í Hvalfirði hf. . . . . . 92

Tbl. nr.

Tölvun sf. . . . . . 27

Vírnet hf. . . . . . 92

**Ólafsfjörður:**

Akkur hf. . . . . . 28

Hraðhreinsun Ólafsfjarðar sf. . . . . . 110
Hrönn sf. . . . . . 77

Lín . . . . . 28

Múlatindur sf. . . . . . 160

Sindri sf. . . . . . 28

Vélaverkstæði Árna Sæmundssonar . . 28
Vélsmiðja Einars . . . . . 28
Vin . . . . . 160

**Rangárvallasýsla:**

Bjallaplast hf. . . . . . 32

Hagvirki hf. . . . . . 92
Hópferðir Daníels og Helga sf. . . . . . 59
Hraunvirki hf. . . . . . 32

Jarðsambandið sf. . . . . . 96

K. Richter hf. . . . . . 111, 150

Rangárbakkar sf. . . . . . 159

Sléttfeldur sf. . . . . . 151

Túnverk . . . . . 23

Vegvirki . . . . . 59

**Siglufjörður:**

Bílaleiga Siglufjarðar sf. . . . . . 110
Blóm og föndur sf. . . . . . 159

Emma sf. . . . . . 59

Húseiningar hf. . . . . . 150

Leir og föndurbúðin sf. . . . . . 41

Nývverk sf. . . . . . 28

Saumastofan Salina hf. . . . . . 32
Siglfirðingur hf. . . . . . 28, 111

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Sigló hf. | 48, 148 |
| Siglufjarðarleið hf. | 99 |
| Þormóður Eyjólfsson hf. | 34 |
| Þormóður rammi hf. | 92, 100 |

**Skaftafellssýsla:**

| | |
|---|---|
| Allt á hreinu | 28 |
| Borgey hf. | 52, 150 |
| Fell sf. | 127 |
| Fiskimjölsverksmiðja Hornafjarðar hf. | 52, 150 |
| Grænmetissalan Kirkjubæjarklaustri sf. | 28 |
| Hagur hf. | 34 |
| Hátíðni | 28 |
| Jón Eiríksson hf. | 93 |
| Kím sf. | 28 |
| Kleifar hf. | 123 |
| Málningarþjónustan Höfn sf. | 68 |
| Rafrás hf. | 25 |
| Sporið sf. | 116 |
| Stemma hf. | 25, 130 |
| Söluskáli B. P. sf. | 84 |
| Veiðarfæragerð Hornafjarðar hf. | 76 |
| Vídeóleigan Vík | 28 |
| Víkurbókhald | 110 |

**Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur:**

| | |
|---|---|
| Bílaleigan Höfn sf. | 59 |
| Dúfan sf. | 27 |
| Hótel Sauðárkrókur | 27 |
| Innrömmun Everts | 54 |
| Jökull sf. | 96 |
| Loðskinn hf. | 100 |
| Lyftir hf. | 48 |
| Mótið sf. | 59 |
| Norðurnet | 96 |
| Ós sf. | 59 |
| Óstak sf. | 27 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Pedersen, Ljósmyndaþjónusta | 79 |
| Pylsuvagninn sf. | 59 |
| Raðhús hf. | 110 |
| Raftækjaverkstæði Helga Gunnarssonar | 127 |
| Samverk sf. | 27 |
| Saumastofan Önn sf. | 59 |
| Skagaskel hf. | 111 |
| Skjöldur hf. | 67 |
| Steinullarverksmiðjan hf. | 48 |
| Stjörnubækur | 27 |
| Steypustöð Skagafjarðar hf. | 28 |
| Verkver sf. | 59 |
| Verslunin Hegri | 77 |
| Verslunin Hornið | 127 |

**Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:**

| | |
|---|---|
| Aldan sf. | 158 |
| Alinn sf. | 96 |
| Anna sf. útgerðarfélag | 27 |
| Bára sf. | 130 |
| Björgvin hf. | 52 |
| Breki sf. | 59 |
| Frambúðir sf. | 35 |
| Hamrar hf. | 76 |
| Hárgreiðslu- og sólbaðstofa Grétu | 59 |
| Hergils sf. | 114 |
| Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf. | 93 |
| Hraðfrystihús Ólafsvíkur hf. | 32 |
| Hrappseyjarbúið sf. | 96 |
| Jón og Trausti sf. | 28 |
| Jökulfiskur sf. | 77 |
| Marteinn G. Karlsson hf. | 52 |
| Nýja Vídeóleigan | 77 |
| Nýverk sf. | 28 |
| Rækjunes hf. | 52 |
| Sigurður Elinbergsson | 28 |
| Skipasmíðastöðin Skipavík hf. | 150 |
| Stólpi sf. | 28 |
| Sæfiskur sf. | 59 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Trésmiðja Baldurs Guðmundssonar | 159 |
| Trésmiðja Guðmundar Friðrikssonar | 28 |
| Trésmiðja Stykkishólms hf. | 156 |
| Tölvutak hf. | 123 |
| Verslunin Hvönn | 27 |
| Verslunin Lára sf. | 28 |
| Vídeóleigan Garðaflöt 4 | 67 |
| Viðskiptaþjónustan sf. | 127 |
| Vinnuvélar sf. | 141 |
| Þórsnes hf. | 25 |
| Ösp hf. | 92, 154 |
| **Strandasýsla:** | |
| H. H. — bílaleigan | 96 |
| Hólmadrangur hf. | 154 |
| Hótel Hólmavík | 96 |
| Rækjan hf. | 48, 76 |
| Vídeóleiga Hólmavíkur | 96 |
| **Vestmannaeyjar:** | |
| Áhaldaleigan | 61 |
| Áhaldaleigan sf. | 61 |
| Átak sf. | 77 |
| Bergur-Huginn sf. | 28 |
| Bjössabar sf. | 149 |
| Bílaleiga Ármanns og Óskars | 67 |
| Eyjakaup sf. | 77 |
| Eyjakjör sf. | 104 |
| Eyjastál | 61 |
| Flutningaþjónusta Magnúsar | 96 |
| Gamla Búr | 96 |
| Haförninn hf. | 28 |
| Helga Jóh. hf. | 52 |
| Hraðfrystistöð Vestmanneyja hf. | 52 |
| Kirkos | 84 |
| Kjötiðjan | 34 |
| Matvöruval | 96 |
| Mexikaninn | 28 |
| Músik og myndir sf. | 28 |
| Ófeigur sf. | 23, 28 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Pylsu- og hamborgaravagninn sf. | 23 |
| Rafeind | 96 |
| Rafeindaþjónusta Ómars | 159 |
| Samtog sf. | 28 |
| Siguról | 61 |
| Skipalyftan hf. | 150 |
| Skutlan | 61 |
| Slökkvitækjaþjónusta Vestmannaeyja sf. | 28 |
| Smárabær | 104 |
| Smárabær sf. | 107 |
| Snyrtistofa Kristínar Hrannar | 23 |
| Snyrtivöruverslunin Ninja | 77 |
| Stígandi hf. | 25 |
| Straumur | 67 |
| Sæborg sf. | 67 |
| Tískuverslunin Eyjabær | 28 |
| Tómstund | 159 |
| Trésmíðaverkstæðið Hamar sf. | 96 |
| Trésmiðir Kristinn og Halldór sf. | 23 |
| Trésmiðja G. S. sf. | 149 |
| Útvarp Suðurlands sf. | 110 |
| Útvarp Vestmannaeyjar | 77 |
| Veitingahúsið Kirkjuvegi 21 | 159 |
| Veitingaskálinn Friðarhöfn | 96 |
| Vélsmiðjan Magni hf. | 42 |
| Vélsmiðjan Völundur hf. | 32 |
| Verslunin Kostakjör | 61 |
| Þorsteinn Johnson hf. | 150 |
| **Þingeyjarsýsla og Húsavík:** | |
| A. G. Guðmundsson sf. | 159 |
| Árlax hf. | 100 |
| Ás hf. | 28 |
| Askja hf. | 154 |
| BK bílaverkstæði | 110 |
| Bifreiðaverkstæði Raufarhafnar | 110 |
| Brú sf. | 127 |
| Garðræktarfélag Reykhverfinga hf. | 150 |
| Iðnbær hf. | 28 |
| Jökull hf. | 153 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Kaldbakur hf. | 25 |
| Klemma | 67 |
| Krubbur sf. | 84 |
| Litla kaffihúsið | 110 |
| Málningarþjónustan, Húsavík | 84 |
| Mónakó sf. | 114 |
| Myndval | 67 |
| Mývatnsmarkaður sf. | 79 |
| Norðausturleið | 59 |
| Pólarhestar sf. | 67 |
| Rándýr sf. | 59 |
| STH | 159 |
| Torgið | 159 |
| Trésmiðjan Fjalar hf. | 123 |
| Uggi sf. | 81 |

Nr. 500

# SKRÁ

**um samvinnufélagstilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1985.**

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Byggingasamvinnufélag ungs fólks í Reykjavík (Byggung bsvf.) | 55, 109 |
| Byggingafélag verkamanna í Reykjavík | 56 |
| Kaupfélag Hvammsfjarðar | 27 |
| Kaupfélag Ísfirðinga | 110 |
| Kaupfélag Króksfjarðar | 158 |
| Kaupfélagið Þór | 95, 96 |
| Loðdýraræktarfélag Borgarfjarðar | 24 |
| Pöntunarfélagið Stormur | 161 |
| Samband ísl. samvinnufélaga | 5 |
| Verslunarfélag Vestur-Skaftfellinga | 144 |

Nr. 501

# SKRÁ

**um vátryggingafélagatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1985.**

| **Nýskráningar:** | Tbl. nr. |
|---|---|
| B. Í. Líftrygging g. t. | 40 |
| Líftryggingafélagið Vörður hf. | 85 |
| Sameinaða líftryggingarfélagið hf. | 85 |

**Stjórnartíðindi B 44, nr. 495—501. Útgáfudagur 29. ágúst 1986.**